ÍSLENSK útgáfa

EES-viðbætir

við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins

ISSN 1022-9337

Nr. 63

30. árgangur

7.9.2023

I EES-STOFNANIR

1. Sameiginlega EES-nefndin

2023/EES/63/01 Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1276 frá 29. júlí 2019 um niðurfellingu á framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2012/627/ESB um viðurkenningu á að laga- og eftirlitsrammi Ástralíu jafngildi kröfunum í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1060/2009 um lánshæfismatsfyrirtæki 1

2023/EES/63/02 Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1277 frá 29. júlí 2019 um niðurfellingu á framkvæmdarákvörðun 2012/630/ESB um viðurkenningu á að laga- og eftirlitsrammi Kanada jafngildi kröfunum í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1060/2009 um lánshæfismatsfyrirtæki 4

2023/EES/63/03 Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1278 frá 29. júlí 2019 um niðurfellingu á framkvæmdarákvörðun 2014/248/ESB um viðurkenningu á að laga- og eftirlitsrammi Singapúr jafngildi kröfunum í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1060/2009 um lánshæfismatsfyrirtæki 7

2023/EES/63/04 Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1279 frá 29. júlí 2019 um viðurkenningu á að laga- og eftirlitsrammi Bandaríkjanna jafngildi kröfunum í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1060/2009 um lánshæfismatsfyrirtæki 10

2023/EES/63/05 Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1280 frá 29. júlí 2019 um viðurkenningu á að laga- og eftirlitsrammi Mexíkó jafngildi kröfunum í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1060/2009 um lánshæfismatsfyrirtæki 14

2023/EES/63/06 Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1281 frá 29. júlí 2019 um niðurfellingu á framkvæmdarákvörðun 2014/245/ESB um viðurkenningu á að laga- og eftirlitsrammi Brasilíu jafngildi kröfunum í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1060/2009 um lánshæfismatsfyrirtæki 18

2023/EES/63/07 Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1282 frá 29. júlí 2019 um niðurfellingu á framkvæmdarákvörðun 2014/246/ESB um viðurkenningu á að laga- og eftirlitsrammi Argentínu jafngildi kröfunum í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1060/2009 um lánshæfismatsfyrirtæki 21

2023/EES/63/08 Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1283 frá 29. júlí 2019 um viðurkenningu á að laga- og eftirlitsrammi Japans jafngildi kröfunum í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1060/2009 um lánshæfismatsfyrirtæki 24

2023/EES/63/09 Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1274 frá 29. júlí 2019 um jafngildi laga- og eftirlitsramma fyrir viðmiðanir í Ástralíu í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/1011 27

2023/EES/63/10 Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1275 frá 29. júlí 2019 um jafngildi laga- og eftirlitsramma fyrir viðmiðanir í Singapúr í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/1011 31

2023/EES/63/11 Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/405 frá 21. nóvember 2017 um leiðréttingu á tilteknum tungumálaútgáfum reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 um varfærniskröfur að því er varðar lánastofnanir og verðbréfafyrirtæki og um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 648/2012 35

2023/EES/63/12 Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1689 frá 29. maí 2019 um breytingu á framseldri reglugerð (ESB) 2018/1229 um leiðréttingu á rúmensku tungumálaútgáfunni á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 909/2014 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla um aga í uppgjöri 37

2023/EES/63/13 Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/526 frá 23. október 2020 um leiðréttingu á tékkneskri útgáfu framseldrar reglugerðar (ESB) 2015/35 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/138/EB um stofnun og rekstur fyrirtækja á sviði vátrygginga og endurtrygginga (Gjaldþolsáætlun II) 38

2023/EES/63/14 Ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2020/1782 frá 25. nóvember 2020 um breytingu á ákvörðun nr. 573/2014/ESB um aukið samstarf milli opinberra vinnumiðlana 39

2023/EES/63/15 Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1288 frá 2. ágúst 2021 um frestun að því er varðar lokadag samþykkis fyrir bórsýru til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 8 43

2023/EES/63/16 Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1289 frá 2. ágúst 2021 um frestun að því er varðar lokadag samþykkis fyrir dasómeti til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 8 45

2023/EES/63/17 Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1290 frá 2. ágúst 2021 um frestun að því er varðar lokadag samþykkis fyrir dínatríumtetrabórati til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 8 47

2023/EES/63/18 Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1299 frá 4. ágúst 2021 um frestun að því er varðar lokadag samþykkis fyrir hexaflúmúróni til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 18 49

2023/EES/63/19 Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/985 frá 3. júní 2021 um leiðréttingu á spænsku tungumálaútgáfunni af ákvörðun 2004/842/EB um framkvæmdar-reglur aðildarríkjanna við veitingu leyfis til að setja á markað fræ af yrkjum sem sótt hefur verið um skráningu fyrir í landsskrá yfir yrki nytjaplantna í landbúnaði eða grænmetistegunda 51

2023/EES/63/20 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/185 frá 10. febrúar 2022 um leiðréttingu á tilteknum tungumálaútgáfum framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2021/451 um tæknilega framkvæmdarstaðla fyrir beitingu reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 að því er varðar skýrslugjöf stofnana til eftirlitsyfirvalda og um niðurfellingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 680/2014 52

2023/EES/63/21 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/1407 frá 16. ágúst 2022 um leiðréttingu á tilteknum tungumálaútgáfum framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2017/2382 um tæknilega framkvæmdarstaðla að því er varðar stöðluð eyðublöð, sniðmát og verklagsreglur vegna sendingar upplýsinga í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/65/ESB 54

2023/EES/63/22 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/2383 frá 6. desember 2022 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 582/2011 að því er varðar gerðarviðurkenningu með tilliti til losunar frá þungum ökutækjum sem eru knúin með hreinni lífdísilolíu 56

2023/EES/63/23 Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/545 frá 26. janúar 2022 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/2144 með því að mæla fyrir um ítarlegar reglur sem varða sértækar prófunaraðferðir og tæknilegar kröfur vegna gerðarviðurkenningar vélknúinna ökutækja að því er varðar atvikarita þeirra og vegna gerðarviðurkenningar þeirra kerfa sem aðskildar tæknieiningar og um breytingu á II. viðauka við þá reglugerð 64

2023/EES/63/24 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/1023 frá 28. júní 2022 um breytingu á II. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 og viðaukanum við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 231/2012 að því er varðar notkun á hafralesitíni í kakó- og súkkulaðivörur sem falla undir tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/36/EB 70

2023/EES/63/25 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/1037 frá 29. júní 2022 um breytingu á II. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 og viðaukanum við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 231/2012 að því er varðar notkun á glýkólípíðum sem rotvarnarefni í drykkjarvörur 74

2023/EES/63/26 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/1038 frá 29. júní 2022 um breytingu á II. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 að því er varðar notkun á pólývínýlpýrrólídóni (E1201) í matvæli sem eru notuð í sérstökum, læknisfræðilegum tilgangi í formi taflna og húðaðra taflna 78

2023/EES/63/27 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/965 frá 21. júní 2022 um leyfi til að setja á markað kjarna úr ætu yrki *Jatropha curcas* L. sem nýfæði og um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470 80

2023/EES/63/28 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/966 frá 21. júní 2022 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470 að því er varðar skilyrði fyrir notkun, sértækar kröfur um merkingu og nákvæma skilgreiningu á nýfæðinu olía úr *Calanus finmarchicus* 87

2023/EES/63/29 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/1160 frá 5. júlí 2022 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470 að því er varðar skilyrði fyrir notkun og nákvæma skilgreiningu á nýfæðinu nikótínamíðríbósíðklóríði 92

2023/EES/63/30 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/1365 frá 4. ágúst 2022 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 2017/2470 að því er varðar skilyrði fyrir notkun á nýfæðinu olíu úr *Schizochytrium* sp. sem er auðug af dókósahexensýru og eikósapentensýru 97

2023/EES/63/31 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/1381 frá 8. ágúst 2022 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 2017/2470 að því er varðar skilyrði fyrir notkun á nýfæðinu galaktófásykru 101

2023/EES/63/32 Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/315 frá 17. desember 2021 um breytingu á framseldri reglugerð (ESB) 2016/161 að því er varðar undanþágu frá þeirri skyldu heildsala að afvirkja einkvæmt auðkenni lyfja sem eru flutt út til Breska konungsríkisins 105

2023/EES/63/33 Framseld tilskipun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/171 frá 28. október 2022 um breytingu á III. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/65/ESB, að því er varðar undanþágu fyrir sexgilt króm sem tæringarvarnarefni í gasísogsvarmadælur, í því skyni að laga viðaukann að framförum á sviði vísinda og tækni 109

2023/EES/63/34 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/2315 frá 25. nóvember 2022 um endurnýjun á samþykki fyrir áhættulitla virka efninu heptamaloxýlóglúkani, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 113

2023/EES/63/35 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/2364 frá 2. desember 2022 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 að því er varðar framlengingu á samþykkistímabilinu fyrir virka efnið glýfosat 118

2023/EES/63/36 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/248 frá 15. febrúar 2022 um skráningu landfræðilegrar merkingar fyrir brenndan drykk skv. 2. mgr. 30. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/787 („Pregler“/„Osttiroler Pregler“) 120

2023/EES/63/37 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/380 frá 28. febrúar 2022 um skráningu landfræðilegrar merkingar fyrir brenndan drykk skv. 2. mgr. 30. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/787 („Homokháti oszibarack pálinka“) 122

2023/EES/63/38 Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/502 frá 1. desember 2022 um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/745 að því er varðar tíðni heildarendurmata á tilkynntum aðilum 124

2023/EES/63/39 Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/503 frá 1. desember 2022 um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/746 að því er varðar tíðni heildarendurmata á tilkynntum aðilum 126

2023/EES/63/40 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/424 frá 15. mars 2019 um kröfur varðandi visthönnun netþjóna og gagnageymsluvara samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/125/EB og um breytingu á reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 617/2013 128

2023/EES/63/41 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/2019 frá 1. október 2019 um kröfur varðandi visthönnun á kælitækjum samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/125/EB og um niðurfellingu á reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 643/2009 149

2023/EES/63/42 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/2020 frá 1. október 2019 um kröfur varðandi visthönnun ljósgjafa og aðskilins stýribúnaðar samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/125/EB og um niðurfellingu á reglugerðum framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 244/2009, (EB) nr. 245/2009 og (ESB) nr. 1194/2012 171

2023/EES/63/43 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/2021 frá 1. október 2019 um kröfur varðandi visthönnun rafeindaskjáa samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/125/EB, um breytingu á reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1275/2008 og um niðurfellingu á reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 642/2009 203

2023/EES/63/44 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/2022 frá 1. október 2019 um kröfur varðandi visthönnun uppþvottavéla til heimilisnota samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/125/EB, um breytingu á reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1275/2008 og um niðurfellingu á reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1016/2009 229

2023/EES/63/45 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/2023 frá 1. október 2019 um kröfur varðandi visthönnun þvottavéla til heimilisnota og þvottavéla með þurrkara til heimilisnota samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/125/EB, um breytingu á reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1275/2008 og um niðurfellingu á reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1015/2010 247

2023/EES/63/46 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/2024 frá 1. október 2019 um kröfur varðandi visthönnun kælitækja sem eru notuð við beina sölu samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/125/EB 275

2023/EES/63/47 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/341 frá 23. febrúar 2021 um breytingu á reglugerðum (ESB) 2019/424, (ESB) 2019/1781, (ESB) 2019/2019, (ESB) 2019/2020, (ESB) 2019/2021, (ESB) 2019/2022, (ESB) 2019/2023 og (ESB) 2019/2024 að því er varðar kröfur varðandi visthönnun netþjóna og gagnageymsluvara, rafmagnshreyfla og snúningshraðastýringa, kælitækja, ljósgjafa og aðskilins stýribúnaðar, rafeindaskjáa, uppþvottavéla til heimilisnota, þvottavéla til heimilisnota og þvottavéla með þurrkara til heimilisnota og kælitækja sem eru notuð við beina sölu 297

2023/EES/63/48 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1784 frá 1. október 2019 um kröfur varðandi visthönnun suðubúnaðar samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/125/EB 338

2023/EES/63/49 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/2502 frá 19. desember 2022 um leiðréttingu á frönsku tungumálaútgáfunni af reglugerð (ESB) nr. 965/2012 um tæknilegar kröfur og stjórnsýslumeðferðir er varða flugrekstur samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008 353

2023/EES/63/50 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/452 frá 15. mars 2021 um leiðréttingu á rúmensku tungumálaútgáfunni af reglugerð (ESB) nr. 651/2014 þar sem tilgreindir eru tilteknir flokkar aðstoðar sem samrýmast innri markaðnum til beitingar á 107. og 108. gr. sáttmálans 355

2023/EES/63/51 Framseld tilskipun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/544 frá 16. desember 2022 um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/53/EB að því er varðar undanþágur fyrir notkun blýs í álblendi sem notað er til vinnslu, í koparblendi og í tiltekna rafgeyma ... 357

2023/EES/63/52 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/317 frá 21. febrúar 2022 um að veita heitinu „Dehesa Peñalba“ (VUT) vernd skv. 99. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1308/2013 364

2023/EES/63/53 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/2484 frá 12. desember 2022 um að veita heitinu „Rivierenland“ (VUT) vernd skv. 99. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1308/2013 365

2023/EES/63/54 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/2485 frá 12. desember 2022 um að veita heitinu „Rosalia“ (VUT) vernd skv. 99. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1308/2013 367

II EFTA-STOFNANIR

1. Fastanefnd EFTA-ríkjanna

2. Eftirlitsstofnun EFTA

3. EFTA-dómstóllinn

III ESB-STOFNANIR

1. Framkvæmdastjórnin

EES-STOFNANIR

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN

FRAMKVÆMDARÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2019/1276 **2023/EES/63/01**

frá 29. júlí 2019

um niðurfellingu á framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2012/627/ESB um viðurkenningu á að laga- og eftirlitsrammi Ástralíu jafngildi kröfunum í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1060/2009 um lánshæfismatsfyrirtæki (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1060/2009 frá 16. september 2009 um lánshæfismatsfyrirtæki ([1]), einkum 6. mgr. 5. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Með 6. mgr. 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1060/2009 er framkvæmdastjórninni veitt vald til að samþykkja jafngildisákvörðun, þar sem tekið er fram að laga- og eftirlitsrammi þriðja lands tryggi að lánshæfismatsfyrirtæki sem hafa starfsleyfi eða eru skráð í því þriðja landi fari að lagalega bindandi kröfum sem eru jafngildar kröfunum sem settar eru fram í þeirri reglugerð og sem falla undir skilvirkt eftirlit og framfylgd í því þriðja landi. Til að teljast jafngildur þarf laga- og eftirlitsramminn að uppfylla að lágmarki skilyrðin sem sett eru fram í 6. mgr. 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1060/2009.

2) Þann 5. október 2012 samþykkti framkvæmdastjórnin framkvæmdarákvörðun 2012/627/ESB ([2]) þar sem fram kemur að þessi þrjú skilyrði séu uppfyllt og talið sé að laga- og eftirlitsrammi Ástralíu um lánshæfismatsfyrirtæki jafngildi kröfunum í reglugerð (EB) nr. 1060/2009 sem var í gildi á þeim tíma.

3) Laga- og eftirlitsrammi Ástralíu uppfyllir ennþá skilyrðin þrjú sem upphaflega var mælt fyrir um í 6. mgr. 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1060/2009. Með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 462/2013 ([3]) voru gerðar viðbótarkröfur til lánshæfismatsfyrirtækja sem skráð eru í Sambandinu sem gerir laga- og eftirlitsfyrirkomulagið um þessi lánshæfismatsfyrirtæki strangara. Þessar viðbótarkröfur innihalda m.a. reglur um matshorfur, stýringu hagsmunaárekstra, trúnaðarkvöð, gæði aðferðafræði fyrir lánshæfismat og framsetningu og birtingu lánshæfismata.

4) Samkvæmt b-lið 1. liðar annarrar málsgreinar 2. gr. reglugerðar (ESB) nr. 462/2013 gilda viðbótarkröfurnar í þeim tilgangi að meta jafngildi laga- og eftirlitsramma þriðja lands frá 1. júní 2018.

5) Í ljósi þessa óskaði framkvæmdastjórnin þann 13. júlí 2017 eftir ráðgjöf frá Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni um jafngildi laga- og eftirlitsramma m.a. Ástralíu með þessum viðbótarkröfum sem innleiddar voru með reglugerð (ESB) nr. 462/2013 og álit hennar á verulegu mikilvægi hvers konar munar.

6) Í tækniráðgjöf sinni sem birt var þann 17. nóvember 2017 komst Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin að þeirri niðurstöðu að laga- og eftirlitsrammi Ástralíu innihaldi ekki fullnægjandi ákvæði til að uppfylla viðbótarkröfurnar sem settar eru fram í reglugerð (ESB) nr. 462/2013.

7) Í w-lið 1. mgr. 3. gr. er sett fram skilgreining á matshorfum og í reglugerð (EB) nr. 1060/2009 eru tilteknar kröfur sem gilda um lánshæfismöt rýmkaðar til að ná yfir matshorfur. Laga- og eftirlitsrammi Ástralíu viðurkennir ekki sérstaklega matshorfur, en Verðbréfa- og fjárfestingarnefnd Ástralíu telur að matshorfur falli innan skilgreiningarinnar á „ráðgjöf um fjármálaafurðir“ og þar með undir sömu kröfur og lánshæfismöt.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 201, 30.7.2019, bls. 17. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 310/2019 frá 13. desember 2019 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 14, 5.3.2020, bls. 69.

([1]) Stjtíð. ESB L 302, 17.11.2009, bls. 1.

([2]) Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2012/627/ESB frá 5. október 2012 um viðurkenningu á að laga- og eftirlitsrammi Ástralíu jafngildi kröfunum í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1060/2009 um lánshæfismatsfyrirtæki (Stjtíð. ESB L 274, 9.10.2012, bls. 30).

([3]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 462/2013 frá 21. maí 2013 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1060/2009 um lánshæfismatsfyrirtæki (Stjtíð. ESB L 146, 31.5.2013, bls. 1).

8) Með það fyrir augum að auka skilning á óhæði lánshæfismatsfyrirtækja gagnvart metnu einingunum rýmkar reglugerð (ESB) nr. 462/2013 gildissvið reglnanna um hagsmunaárekstra í 6. gr. (4. mgr.), 6. gr. a og 6. gr. b í reglugerð (EB) nr. 1060/2006 svo þær nái til hagsmunaárekstra af völdum hluthafa eða aðila sem gegna mikilvægri stöðu innan lánshæfismatsfyrirtækisins. Laga- og eftirlitsrammi Ástralíu krefst þess að lánshæfismatsfyrirtæki hafi fullnægjandi fyrirkomulag fyrir stýringu á hagsmunaárekstrum sem koma upp við starfsemi þeirra. Hann tekur þó ekki sérstaklega á hagsmunaárekstrum að því er varðar hluthafa. Af þessum sökum eru engar sambærilegar kröfur um að banna lánshæfismatsfyrirtæki að gefa út lánshæfismat einingar sem á meira en 10% af hlutafé þess eða veita einingu ráðgjöf eða ráðgjafarþjónustu sem á meira en 5% af hlutafé þess.

9) Með reglugerð (ESB) nr. 462/2013 eru innleidd ný ákvæði til að tryggja að trúnaðarupplýsingar séu aðeins notaðar í tilgangi sem tengist lánshæfismatsstarfsemi og séu verndaðar fyrir svikum, þjófnaði eða misnotkun. Í þeim tilgangi er þess krafist, skv. 2. mgr. a í 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1060/2009, að lánshæfismatsfyrirtæki meðhöndli öll lánshæfismöt, matshorfur og tengdar upplýsingar sem innherjaupplýsingar þar til þær eru birtar. Laga- og eftirlitsrammi Ástralíu setur ítarlegar kröfur að því er varðar hvaða skref lánshæfismatsfyrirtæki skuli taka til að vernda trúnaðarupplýsingar sem þau búa yfir í tengslum við útgefendur. Þar af leiðandi er til staðar trúverðugur rammi sem verndar gegn misnotkun trúnaðarupplýsinga.

10) Reglugerð (ESB) nr. 462/2013 miðar að því að auka gagnsæi og gæði aðferðafræði mats. Hún innleiðir í 3. mgr. I. undirþáttar D-þáttar I. viðauka reglugerðar (EB) nr. 1060/2009 skyldu lánshæfismatsfyrirtækis til að veita metinni einingu tækifæri til að tilgreina mögulegar staðreyndavillur fyrirfram áður en lánshæfismat eða matshorfur eru birtar opinberlega. Í laga- og eftirlitsramma Ástralíu er ekki skýr krafa um að lánshæfismatsfyrirtæki upplýsi metna einingu um lánshæfismat áður en það er birt. Þess í stað myndi lánshæfismatsfyrirtæki samkvæmt laga- og eftirlitsramma Ástralíu aðeins tilkynna metinni einingu þegar það er „gerlegt og viðeigandi“ án þess að mælt sé fyrir um lágmarkstíma til að bregðast við.

11) Með reglugerð (ESB) nr. 462/2013 eru innleiddar verndarráðstafanir í 5. mgr. a, aa- og ab-lið 6. mgr. og 7. mgr. 8. gr. reglugerðar (EB) nr. 1060/2009 til að tryggja að hvers konar breytingar á matsaðferðafræði hafi ekki í för með sér vægari aðferðafræði. Laga- og eftirlitsrammi Ástralíu krefst þess að metnar einingar sem verða fyrir áhrifum af breytingu á aðferðafræði verði upplýstar um það. Það er þó engin krafa um að lánshæfismatsfyrirtæki hafi samráð við markaðsaðila áður en veruleg breyting er gerð á aðferðafræði, tilkynni eftirlitsaðila eða birti á vefsetri lánshæfismatsfyrirtækis upplýsingar um villur sem finnast í matsaðferðafræði.

12) Með reglugerð (ESB) nr. 462/2013 eru kröfurnar varðandi framsetningu og birtingu lánshæfismata auknar. Samkvæmt 2. mgr. 8. gr. og 2. mgr. a I. undirþáttar D-þáttar I. viðauka reglugerðar (EB) nr. 1060/2009 skal lánshæfismatsfyrirtæki láta fylgja með við birtingu matsaðferðafræði, matslíkana og helstu lykilforsenda mats skýrar og auðskiljanlegar leiðbeiningar sem skýra allar forsendur, stika, takmarkanir og óvissu varðandi líkönin og matsaðferðafræðina sem beitt er í lánshæfismatsferlinu. Þrátt fyrir að þess sé krafist samkvæmt laga- og eftirlitsramma Ástralíu að lánshæfismatsfyrirtæki birti upplýsingar um hvort óskað hafi verið eftir lánshæfismati og hvort metna einingin hafi tekið þátt og veiti upplýsingar um allar takmarkanir lánshæfismata er engin krafa um að veita slíkar leiðbeiningar til almennings um aðferðafræðina sem lánshæfismat byggist á.

13) Með það að markmiði að styrkja samkeppni og takmarka hagsmunaárekstra innan lánshæfismatsfyrirtækjageirans innleiðir reglugerð (ESB) nr. 462/2013 í II. undirþátt E-þáttar I. viðauka reglugerðar (EB) nr. 1060/2009 kröfur um að gjöld sem lánshæfismatsfyrirtæki innheimta fyrir lánshæfismöt og viðbótarþjónustu ættu að vera án mismununar og á grundvelli raunverulegs kostnaðar. Það krefst þess að lánshæfismatsfyrirtæki birti tilteknar fjárhagsupplýsingar. Laga- og eftirlitsrammi Ástralíu krefst þess að lánshæfismatsfyrirtæki, að frátöldum litlum lánshæfismatsfyrirtækjum, birti almenningi upplýsingar um tekjustreymi og veiti eftirlitsaðilanum tilteknar upplýsingar í formi ársskýrslu. Þar að auki er engin krafa um að lánshæfismatsfyrirtæki birti opinberlega bráðabirgðamat eða tilkynni eftirlitsaðila um gjaldskrá eða gjöld sem innheimt eru af viðskiptavinum. Þar að auki er engin krafa um að gjöld sem innheimt eru af viðskiptavinum skuli vera á kostnaðargrunni og án mismununar.

14) Í ljósi þeirra þátta sem rannsakaðir eru uppfyllir laga- og eftirlitsrammi Ástralíu um lánshæfismatsfyrirtæki ekki öll skilyrði um jafngildi sem mælt er fyrir um í annarri undirgrein 6. mgr. 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1060/2009. Þar af leiðandi telst hann ekki jafngildur laga- og eftirlitsrammanum sem komið er á fót með þeirri reglugerð.

15) Því ætti að fella framkvæmdarákvörðun 2012/627/EB úr gildi.

16) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit evrópsku verðbréfanefndarinnar.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Framkvæmdarákvörðun 2012/627/ESB er felld úr gildi.

2. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.*

Gjört í Brussel 29. júlí 2019.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

FRAMKVÆMDARÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2019/1277 **2023/EES/63/02**

frá 29. júlí 2019

um niðurfellingu á framkvæmdarákvörðun 2012/630/ESB um viðurkenningu á að laga- og eftirlitsrammi Kanada jafngildi kröfunum í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1060/2009 um lánshæfismatsfyrirtæki (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1060/2009 frá 16. september 2009 um lánshæfismatsfyrirtæki ([1]), einkum 6. mgr. 5. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Með 6. mgr. 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1060/2009 er framkvæmdastjórninni veitt vald til að samþykkja jafngildisákvörðun, þar sem tekið er fram að laga- og eftirlitsrammi þriðja lands tryggi að lánshæfismatsfyrirtæki sem hafa starfsleyfi eða eru skráð í því þriðja landi fari að lagalega bindandi kröfum sem eru jafngildar þeim sem settar eru fram í þeirri reglugerð og sem falla undir skilvirkt eftirlit og framfylgd í því þriðja landi. Til að teljast jafngildur þarf laga- og eftirlitsramminn að uppfylla að lágmarki skilyrðin sem sett eru fram í 6. mgr. 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1060/2009.

2) Þann 5. október 2012 samþykkti framkvæmdastjórnin framkvæmdarákvörðun 2012/630/ESB ([2]) þar sem fram kemur að þessi þrjú skilyrði séu uppfyllt og talið sé að laga- og eftirlitsrammi Kanada um lánshæfismatsfyrirtæki jafngildi kröfunum í reglugerð (EB) nr. 1060/2009 sem var í gildi á þeim tíma.

3) Laga- og eftirlitsrammi Kanada uppfyllir ennþá skilyrðin þrjú sem upphaflega var mælt fyrir um í 6. mgr. 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1060/2009. Með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 462/2013 ([3]) voru gerðar viðbótarkröfur til lánshæfismatsfyrirtækja sem skráð eru í Sambandinu sem gerir laga- og eftirlitsfyrirkomulag um þessi lánshæfismatsfyrirtæki strangara. Þessar viðbótarkröfur hafa m.a. að geyma lagalega bindandi reglur fyrir lánshæfismatsfyrirtæki um matshorfur, stýringu hagsmunaárekstra, trúnaðarkvöð, gæði aðferðafræði fyrir lánshæfismat og framsetningu og birtingu lánshæfismata.

4) Samkvæmt b-lið 1. liðar annarrar málsgreinar 2. gr. reglugerðar (ESB) nr. 462/2013 gilda viðbótarkröfurnar í þeim tilgangi að meta jafngildi laga- og eftirlitsramma þriðja lands frá 1. júní 2018.

5) Kanadíska eftirlitsyfirvaldið birti þann 6. júlí 2017 „Tilkynningu um fyrirhugaðar breytingar á innlendum gerningi 25-101 að því er varðar tilgreindar matsstofnanir“ („Notice with proposed amendments to National Instrument 25-101 regarding Designated Rating Organisations“) þar sem tekið var fram að þessara breytinga væri þörf til að endurspegla nýjar kröfur til lánshæfismatsfyrirtækja í Sambandinu til að gera því kleift að halda áfram að viðurkenna reglukerfi Kanada sem jafngilt í eftirlitsskyni í Sambandinu.

6) Þann 13. júlí 2017 óskaði framkvæmdastjórnin eftir ráðgjöf frá Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni um jafngildi laga- og eftirlitsramma m.a. Kanada með þessum viðbótarkröfum sem innleiddar voru með reglugerð (ESB) nr. 462/2013 og áliti hennar á verulegu mikilvægi hvers konar munar.

7) Í tækniráðgjöf sinni sem birt var þann 17. nóvember 2017 gaf Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin til kynna að laga- og eftirlitsrammi Kanada að því er varðar lánshæfismatsfyrirtæki myndi innihalda fullnægjandi ákvæði til að uppfylla viðbótarkröfurnar sem settar eru fram í reglugerð (ESB) nr. 462/2013 ef fyrirhuguð reglubreyting yrði leidd í lög fyrir 1. júní 2018.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 201, 30.7.2019, bls. 20. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 310/2019 frá 13. desember 2019 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 14, 5.3.2020, bls. 69.

([1]) Stjtíð. ESB L 302, 17.11.2009, bls.1.

([2]) Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2012/630/ESB frá 5. október 2012 um viðurkenningu á að laga- og eftirlitsrammi Kanada jafngildi kröfunum í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1060/2009 um lánshæfismatsfyrirtæki (Stjtíð. ESB L 278, 12.10.2012, bls. 17).

([3]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 462/2013 frá 21. maí 2013 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1060/2009 um lánshæfismatsfyrirtæki (Stjtíð. ESB L 146, 31.5.2013, bls. 1).

8) Kanadíska eftirlitsyfirvaldið tilkynnti á vefsetri sínu þann 29. mars 2018 að það væri enn að skoða athugasemdirnar sem það fékk á athugasemdatímabilinu og fyrirhugar að fresta breytingunum á NI 25-101 þar til síðar á árinu 2018. Þrátt fyrir það upplýsti kanadíska eftirlitsyfirvaldið þjónustuaðila framkvæmdastjórnarinnar um að áætlanir um að breyta innlendum gerningi 25-101 að því er varðar tilgreindar matsstofnanir séu á bið án þess að setja fram nýja tímasetningu. Af þessum sökum er í matinu sem liggur til grundvallar þessari ákvörðun litið framhjá fyrirhuguðum breytingum.

9) Með reglugerð ráðsins (ESB) nr. 462/2013 er innleidd skilgreining á matshorfum í w-lið 1. mgr. 3. gr. og í reglugerð (EB) nr. 1060/2009 eru tilteknar kröfur sem gilda um lánshæfismöt nú rýmkaðar til að ná yfir matshorfur. Kanadíski ramminn viðurkennir ekki matshorfur sem aðgreindan og sérstakan lið lánshæfismats þrátt fyrir að þar sé að finna tilteknar tilvísanir í aðgerðir, álit og skýrslur sem hafa nógu breiða skírskotun til að ná yfir matshorfur á óbeinan hátt.

10) Með það fyrir augum að auka skilning á óhæði lánshæfismatsfyrirtækja gagnvart metnu einingunum rýmkar reglugerð (ESB) nr. 462/2013 gildissvið reglnanna um hagsmunaárekstra í 6. gr. (4. mgr.), 6. gr. a og 6. gr. b í reglugerð (EB) nr. 1060/2006 svo þær nái til hagsmunaárekstra af völdum hluthafa eða aðila sem gegna mikilvægri stöðu innan lánshæfismatsfyrirtækisins. Kanadíski ramminn er hvorki jafn ítarlegur né fyrirskipandi og fyrirkomulag Sambandsins. Þrátt fyrir að almenn krafa sé um að hanna skynsamlegt innra verklag, sem yrði vaktað og metið m.t.t. þess hvort það sé fullnægjandi og skilvirkt í þeim tilgangi að ráða bót á annmörkum, er engin nákvæm, skýr krafa um að taka á hagsmunaárekstrum að því er varðar stóra hluthafa. Þar að auki er ekki bannað að gefa út lánshæfismat einingar ef stjórnarmaður lánshæfismatsfyrirtækisins, eða hluthafi, sem á meira en 10% hlut eða atkvæðisrétt í lánshæfismatsfyrirtæki, á einnig meira en 10% af hlutabréfunum í metnu einingunni. Það er heldur ekkert bann við því að einstaklingur eða eining sem á meira en 5% hlutabréfa eða atkvæðisréttar í lánshæfismatsfyrirtæki veiti einingu sem það lánshæfismatsfyrirtæki metur ráðgjöf eða ráðgjafarþjónustu.

11) Með reglugerð (ESB) nr. 462/2013 eru innleidd ný ákvæði til að tryggja að trúnaðarupplýsingar séu aðeins notaðar í tilgangi sem tengist lánshæfismatsstarfsemi og séu verndaðar fyrir svikum, þjófnaði eða misnotkun. Í þeim tilgangi er þess krafist skv. 2. mgr. a í 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1060/2009 að lánshæfismatsfyrirtæki meðhöndli öll lánshæfismöt, matshorfur og tengdar upplýsingar sem innherjaupplýsingar þar til þær eru birtar. Laga- og eftirlitsrammi Kanada inniheldur skilgreiningu á innherjaupplýsingum, en lánshæfismöt og tengdar upplýsingar eru ekki sjálfkrafa viðurkenndar sem slíkar.

12) Reglugerð (ESB) nr. 462/2013 miðar að því að auka gagnsæi og gæði aðferðafræði mats. Hún innleiðir í 3. mgr. I. undirþáttar D-þáttar I. viðauka reglugerðar (EB) nr. 1060/2009 skyldu lánshæfismatsfyrirtækis til að veita metinni einingu tækifæri til að tilgreina mögulegar staðreyndavillur fyrirfram áður en lánshæfismat eða matshorfur eru birtar opinberlega. Laga- og eftirlitsrammi Kanada inniheldur kröfu um að lánshæfismatsfyrirtæki upplýsi metna einingu, án þess að tilgreint sé hvort það skuli vera á opnunartíma, um mikilvægar upplýsingar og helstu álitaefni sem matið mun byggjast á, áður en það er birt, án þess þó að setja tímaramma fyrir metnu einingunna að bregðast við.

13) Með reglugerð (ESB) nr. 462/2013 eru innleiddar verndarráðstafanir í 5. mgr. a, aa- og ab-lið 6. mgr. og 7. mgr. 8. gr. reglugerðar (EB) nr. 1060/2009 til að tryggja að hvers konar breytingar á matsaðferðafræði hafi ekki í för með sér vægari aðferðafræði. Þrátt fyrir að laga- og eftirlitsrammi Kanada krefjist þess að lánshæfismöt séu gefin út í samræmi við aðferðafræði sem er nákvæm, kerfisbundin, stöðug og háð sannprófun, er engin sérstök krafa um að breytingar á lánshæfismati séu gefnar út í samræmi við birta aðferðafræði. Það er engin skylda fyrir lánshæfismatsfyrirtæki að hafa samráð við markaðsaðila um breytingar á aðferðafræði eða að leiðrétta villur í henni. Það er heldur engin krafa um að tilkynna eftirlitsaðilanum, öðrum yfirvöldum eða einingum sem þetta hefur áhrif á um villur í aðferðafræði sem gætu haft áhrif á mat þess.

14) Með reglugerð (ESB) nr. 462/2013 eru kröfurnar varðandi framsetningu og birtingu lánshæfismata auknar. Samkvæmt 2. mgr. 8. gr. og 2. mgr. a I. undirþáttar D-þáttar I. viðauka reglugerðar (EB) nr. 1060/2009 skal lánshæfismatsfyrirtæki láta fylgja með við birtingu matsaðferðafræði, matslíkana og helstu lykilforsenda mats skýrar og auðskiljanlegar leiðbeiningar sem skýra allar forsendur, stika, takmarkanir og óvissu varðandi líkönin og matsaðferðafræðina sem beitt er í lánshæfismatsferlinu. Samkvæmt laga- og eftirlitsramma Kanada er engin ströng krafa um að tryggja að fullnægjandi leiðbeiningar fylgi lánshæfismatsaðgerð og -aðferðafræði. Það er heldur engin sérstök krafa um að lánshæfismatsfyrirtæki leggi áherslu á það í lánshæfismatinu að það sé álit fyrirtækisins og ætti aðeins að treysta á það að takmörkuðu leiti.

15) Með það að markmiði að styrkja samkeppni og takmarka hagsmunaárekstra innan lánshæfismatsfyrirtækjageirans innleiðir reglugerð (ESB) nr. 462/2013 í II. undirþátt E-þáttar I. viðauka reglugerðar (EB) nr. 1060/2009 kröfur um að gjöld sem lánshæfismatsfyrirtæki innheimta fyrir lánshæfismöt og viðbótarþjónustu ættu að vera án mismununar

og á grundvelli raunverulegs kostnaðar. Það krefst þess að lánshæfismatsfyrirtæki birti tilteknar fjárhagsupplýsingar. Laga- og eftirlitsrammi Kanada inniheldur engar kerfisbundnar kröfur til lánshæfismatsfyrirtækja um að leggja fram stefnu í verðlagsmálum til eftirlitsaðila eða metinna eininga, þótt eftirlitsaðilinn geti krafist þessara upplýsinga ef um er að ræða rannsókn. Þar að auki er engin krafa um að gjöld sem innheimt eru af viðskiptavinum skuli vera á kostnaðargrunni og án mismununar.

16) Í ljósi þeirra þátta sem rannsakaðir eru uppfyllir laga- og eftirlitsrammi Kanada um lánshæfismatsfyrirtæki ekki öll skilyrðin um jafngildi sem mælt er fyrir um í annarri undirgrein 6. mgr. 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1060/2009. Þar af leiðandi telst hann ekki jafngildur laga- og eftirlitsrammanum sem komið er á fót með þeirri reglugerð.

17) Því ætti að fella framkvæmdarákvörðun 2012/630/EB úr gildi.

18) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit evrópsku verðbréfanefndarinnar.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Framkvæmdarákvörðun 2012/630/ESB er felld úr gildi.

2. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.*

Gjört í Brussel 29. júlí 2019.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

FRAMKVÆMDARÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2019/1278 **2023/EES/63/03**

frá 29. júlí 2019

um niðurfellingu á framkvæmdarákvörðun 2014/248/ESB um viðurkenningu á að laga- og eftirlitsrammi Singapúr jafngildi kröfunum í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1060/2009 um lánshæfismatsfyrirtæki (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1060/2009 frá 16. september 2009 um lánshæfismatsfyrirtæki ([1]), einkum 6. mgr. 5. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Með 6. mgr. 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1060/2009 er framkvæmdastjórninni veitt vald til að samþykkja jafngildisákvörðun, þar sem tekið er fram að laga- og eftirlitsrammi þriðja lands tryggi að lánshæfismatsfyrirtæki sem hafa starfsleyfi eða eru skráð í því þriðja landi fari að lagalega bindandi kröfum sem eru jafngildar kröfunum sem settar eru fram í þeirri reglugerð og sem falla undir skilvirkt eftirlit og framfylgd í því þriðja landi. Til að teljast jafngildur þarf laga- og eftirlitsramminn að uppfylla að lágmarki skilyrðin sem sett eru fram í 6. mgr. 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1060/2009.

2) Þann 28. apríl 2014 samþykkti framkvæmdastjórnin framkvæmdarákvörðun 2014/248/ESB ([2]) þar sem fram kemur að þessi þrjú skilyrði séu uppfyllt og talið sé að laga- og eftirlitsrammi Singapúr um lánshæfismatsfyrirtæki jafngildi kröfunum í reglugerð (EB) nr. 1060/2009 sem var í gildi á þeim tíma.

3) Laga- og eftirlitsrammi Singapúr uppfyllir ennþá skilyrðin þrjú sem upphaflega var mælt fyrir um í 6. mgr. 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1060/2009. Með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 462/2013 ([3]) voru gerðar viðbótarkröfur til lánshæfismatsfyrirtækja sem skráð eru í Sambandinu sem gerir laga- og eftirlitsfyrirkomulag um þessi lánshæfismatsfyrirtæki strangara. Þessar viðbótarkröfur hafa m.a. að geyma lagalega bindandi reglur fyrir lánshæfismatsfyrirtæki um matshorfur, stýringu hagsmunaárekstra, trúnaðarkvöð, gæði aðferðafræði fyrir lánshæfismat og framsetningu og birtingu lánshæfismata.

4) Samkvæmt b-lið 1. liðar annarrar málsgreinar 2. gr. reglugerðar (ESB) nr. 462/2013 gilda viðbótarkröfurnar í þeim tilgangi að meta jafngildi laga- og eftirlitsramma þriðja lands frá 1. júní 2018.

5) Í ljósi þessa óskaði framkvæmdastjórnin þann 13. júlí 2017 eftir ráðgjöf frá Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni um jafngildi laga- og eftirlitsramma m.a. Singapúr með þessum viðbótarkröfum sem innleiddar voru með reglugerð (ESB) nr. 462/2013 og álit hennar á verulegu mikilvægi hvers konar munar.

6) Í tækniráðgjöf sinni sem birt var þann 17. nóvember 2017 gaf Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin til kynna að laga- og eftirlitsrammi Singapúr innihaldi ekki fullnægjandi ákvæði til að uppfylla markmið viðbótarkrafnanna sem settar eru fram í reglugerð (ESB) nr. 462/2013.

7) Með reglugerð ráðsins (ESB) nr. 462/2013 er innleidd skilgreining á matshorfum í w-lið 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1060/2009 og tilteknar kröfur sem gilda um lánshæfismöt eru rýmkaðar til að ná yfir matshorfur. Matshorfur eru ekki viðurkenndar í laga- og eftirlitsramma Singapúr.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 201, 30.7.2019, bls. 23. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 310/2019 frá 13. desember 2019 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 14, 5.3.2020, bls. 69.

([1]) Stjtíð. ESB L 302, 17.11.2009, bls.1.

([2]) Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2014/248/ESB frá 28. apríl 2014 um viðurkenningu á að laga- og eftirlitsrammi Singapúr jafngildi kröfunum í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1060/2009 um lánshæfismatsfyrirtæki (Stjtíð. ESB L 132, 3.5.2014, bls. 73)

([3]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 462/2013 frá 21. maí 2013 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1060/2009 um lánshæfismatsfyrirtæki (Stjtíð. ESB L 146, 31.5.2013, bls. 1).

8) Með það fyrir augum að auka skilning á óhæði lánshæfismatsfyrirtækja gagnvart metnu einingunum rýmkar reglugerð (ESB) nr. 462/2013 gildissvið reglnanna um hagsmunaárekstra í 6. gr. (4. mgr.), 6. gr. a og 6. gr. b í reglugerð (EB) nr. 1060/2006 svo þær nái til hagsmunaárekstra af völdum hluthafa eða aðila sem gegna mikilvægri stöðu innan lánshæfismatsfyrirtækisins. Laga- og eftirlitsrammi Singapúr er hvorki jafn ítarlegur né fyrirskipandi og fyrirkomulag Sambandsins. Krafa er um að koma á innra eftirliti og innra verklagi til að greina, milda og koma í veg fyrir hagsmunaárekstra. Þó er engin sérstök krafa um að taka á hagsmunaárekstrum í tengslum við hluthafa. Þar af leiðandi er ekki bannað að gefa út lánshæfismat einingar ef stjórnarmaður lánshæfismatsfyrirtækisins, eða hluthafi sem á meira en 10% hlutabréfa eða atkvæðisréttar í lánshæfismatsfyrirtækinu, á meira en 10% af hlutabréfunum í metnu einingunni. Það er heldur ekkert bann við því að einstaklingur eða eining sem á meira en 5% hlutabréfa eða atkvæðisréttar í lánshæfismatsfyrirtæki veiti einingu sem það lánshæfismatsfyrirtæki metur ráðgjöf eða ráðgjafarþjónustu.

9) Með reglugerð (ESB) nr. 462/2013 eru innleidd ný ákvæði til að tryggja að trúnaðarupplýsingar séu aðeins notaðar í tilgangi sem tengist lánshæfismatsstarfsemi og séu verndaðar fyrir svikum, þjófnaði eða misnotkun. Í þeim tilgangi er þess krafist skv. 2. mgr. a í 10. gr. reglugerð (EB) nr. 1060/2009 að lánshæfismatsfyrirtæki meðhöndli öll lánshæfismöt, matshorfur og tengdar upplýsingar sem innherjaupplýsingar þar til þær eru birtar. Laga- og eftirlitsrammi Singapúr inniheldur skilgreiningu á innherjaupplýsingum en lánshæfismöt og tengdar upplýsingar eru ekki sjálfkrafa viðurkenndar sem slíkar.

10) Reglugerð (ESB) nr. 462/2013 miðar að því að auka gagnsæi og gæði aðferðafræði mats. Hún innleiðir í 3. mgr. I. undirþáttar D-þáttar I. viðauka reglugerðar (EB) nr. 1060/2009 skyldu lánshæfismatsfyrirtækis til að veita metinni einingu tækifæri til að tilgreina mögulegar staðreyndavillur fyrirfram áður en lánshæfismat eða matshorfur eru birtar opinberlega. Í laga- og eftirlitsramma Singapúr er þess ekki krafist sérstaklega að lánshæfismatsfyrirtæki upplýsi metna einingu um lánshæfismat áður en það er birt. Lánshæfismatsfyrirtæki skal aðeins upplýsa metna einingu þegar það er gerlegt og viðeigandi.

11) Með reglugerð (ESB) nr. 462/2013 eru innleiddar verndarráðstafanir í 5. mgr. a, aa- og ab-lið 6. mgr. og 7. mgr. 8. gr. reglugerðar (EB) nr. 1060/2009 til að tryggja að hvers konar breytingar á matsaðferðafræði hafi ekki í för með sér vægari aðferðafræði. Laga- og eftirlitsrammi Singapúr krefst þess að lánshæfismatsfyrirtæki komi á og fylgi strangri og formlegri endurskoðunarstarfsemi til að endurskoða reglulega matsaðferðafræðina. Hann inniheldur þó ekki sérstaka kröfu um að lánshæfismatsfyrirtæki leiðrétti villur og hafi samráð um breytingar á aðferðafræði. Þó lánshæfismatsfyrirtæki skuli birta opinberlega allar verulegar breytingar á aðferðafræði sinni er hvorki krafa um að tilkynna eftirlitsaðila né þeim einingum sem breytingin hefur áhrif á í slíkum tilvikum.

12) Með reglugerð (ESB) nr. 462/2013 eru kröfurnar varðandi framsetningu og birtingu lánshæfismata auknar. Samkvæmt 2. mgr. 8. gr. og 2. mgr. a I. undirþáttar D-þáttar I. viðauka reglugerðar (EB) nr. 1060/2009 skal lánshæfismatsfyrirtæki láta fylgja með við birtingu matsaðferðafræði, matslíkana og helstu lykilforsenda mats skýrar og auðskiljanlegar leiðbeiningar sem skýra allar forsendur, stika, takmarkanir og óvissu varðandi líkönin og matsaðferðafræðina sem beitt er í lánshæfismatsferlinu. Samkvæmt laga- og eftirlitsfyrirkomulagi Singapúr er krafa um að tryggja að fullnægjandi leiðbeiningar fylgi lánshæfismatsaðgerð og -aðferðafræði.

13) Með það að markmiði að styrkja samkeppni og takmarka hagsmunaárekstra innan lánshæfismatsfyrirtækjageirans innleiðir reglugerð (ESB) nr. 462/2013 kröfur í II. undirþátt E-þætti I. viðauka reglugerðar (EB) nr. 1060/2009 um að gjöld sem lánshæfismatsfyrirtæki innheimta fyrir lánshæfismöt og viðbótarþjónustu ættu að vera án mismununar og á grundvelli raunverulegs kostnaðar. Það krefst þess að lánshæfismatsfyrirtæki birti tilteknar fjárhagsupplýsingar. Laga- og eftirlitsfyrirkomulag Singapúr inniheldur engar kerfisbundnar kröfur til lánshæfismatsfyrirtækja um að leggja fram stefnu í verðlagsmálum til eftirlitsaðila eða metinna eininga, þó að eftirlitsaðilinn geti krafist þessara upplýsinga í tengslum við eftirlitsstarfsemi sína. Þar að auki er engin krafa um að gjöld sem innheimt eru af viðskiptavinum skuli vera á kostnaðargrunni og án mismununar.

14) Í ljósi þeirra þátta sem rannsakaðir eru uppfyllir laga- og eftirlitsrammi Singapúr um lánshæfismatsfyrirtæki ekki öll skilyrði um jafngildi sem mælt er fyrir um í annarri undirgrein 6. mgr. 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1060/2009. Þar af leiðandi telst hann ekki vera jafngildur laga- og eftirlitsrammanum sem komið er á fót með þeirri reglugerð.

15) Því ætti að fella framkvæmdarákvörðun 2014/248/ESB úr gildi.

16) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit evrópsku verðbréfanefndarinnar.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Framkvæmdarákvörðun 2014/248/ESB er felld úr gildi.

2. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.*

Gjört í Brussel 29. júlí 2019.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

FRAMKVÆMDARÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2019/1279 **2023/EES/63/04**

frá 29. júlí 2019

um viðurkenningu á að laga- og eftirlitsrammi Bandaríkjanna jafngildi kröfunum í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1060/2009 um lánshæfismatsfyrirtæki (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1060/2009 frá 16. september 2009 um lánshæfismatsfyrirtæki ([1]), einkum 6. mgr. 5. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Með 6. mgr. 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1060/2009 er framkvæmdastjórninni veitt vald til að samþykkja jafngildisákvörðun ef laga- og eftirlitsrammi þriðja lands tryggir að lánshæfismatsfyrirtæki sem hafa starfsleyfi eða eru skráð í því þriðja landi fari að lagalega bindandi kröfum sem settar eru fram í þeirri reglugerð og sem falla undir skilvirkt eftirlit og framfylgd í því þriðja landi.

2) Tilgangurinn með slíkri jafngildisákvörðun er að gera lánshæfismatsfyrirtækjum frá Bandaríkjunum kleift, að því marki sem þau eru ekki kerfislega mikilvæg fyrir fjármálastöðugleika eða heilleika fjármálamarkaða í einu eða fleiri aðildarríkjum, að sækja um vottun hjá Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni. Þessi jafngildisákvörðun býður upp á þann möguleika fyrir Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunina að meta þessi lánshæfismatsfyrirtæki í hverju tilviki fyrir sig og til að veita undanþágu frá sumum af þeim skipulagskröfum sem gerðar eru til lánshæfismatsfyrirtækja sem starfa í Evrópusambandinu, þ.m.t. frá kröfunni um raunaðstöðu í Evrópusambandinu.

3) Til að teljast jafngildur þarf laga- og eftirlitsrammi þriðja lands að uppfylla að lágmarki skilyrðin þrjú sem sett eru fram í 6. mgr. 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1060/2009.

4) Þann 5. október 2012 samþykkti framkvæmdastjórnin framkvæmdarákvörðun 2012/628/ESB ([2]) þar sem fram kemur að þessi þrjú skilyrði séu uppfyllt og talið sé að laga- og eftirlitsrammi Bandaríkjanna um lánshæfismatsfyrirtæki jafngildi kröfunum í reglugerð (EB) nr. 1060/2009 sem var í gildi á þeim tíma.

5) Samkvæmt fyrsta skilyrðinu sem mælt er fyrir um í 6. mgr. 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1060/2009 þurfa lánshæfismatsfyrirtæki í þriðja landi að hafa starfsleyfi eða vera skráð og lúta einnig skilvirku eftirliti og framfylgd á viðvarandi grundvelli. Laga- og eftirlitsrammi Bandaríkjanna krefst þess að lánshæfismatsfyrirtæki skrái sig sem tölfræðilegar lánshæfismatsstofnanir viðurkenndar á landsvísu (e. *Nationally Recognized Statistical Ratings Organization (NRSRO)*) hjá verðbréfa- og kauphingsnefnd Bandaríkjanna (Securities and Exchange Commission (SEC)) til að heimilt sé að nota möt þeirra í eftirlitsskyni. Þau falla nú undir viðvarandi eftirlit verðbréfa- og kauphingsnefndar Bandaríkjanna. Verðbréfa- og kauphingsnefnd Bandaríkjanna hefur yfir yfirgripsmiklum eftirlitsheimildum að ráða sem gerir henni kleift að rannsaka hvort lánshæfismatsfyrirtæki uppfylli lagalegar skuldbindingar sínar. Þar á meðal eru heimildir til að fá aðgang að skjölum, framkvæma rannsóknir og framkvæma vettvangsskoðanir auk heimildar til að fá aðgang að upptökum símtala og rafrænum samskiptum. Verðbréfa- og kauphingsnefnd Bandaríkjanna getur beitt þessum heimildum, ekki einungis að því er varðar lánshæfismatsfyrirtæki, heldur einnig að því er varðar aðra aðila sem taka þátt í lánshæfismatsstarfsemi. Laga- og eftirlitsrammi Bandaríkjanna krefst þess að verðbréfa- og kauphingsnefnd Bandaríkjanna framkvæmi athugun á hverri tölfræðilegri lánshæfismatsstofnun sem viðurkennd er á landsvísu a.m.k. árlega og gefi skýrslu um niðurstöðu þessara athugana. Ef verðbréfa- og kauphingsnefnd Bandaríkjanna kemst að þeirri niðurstöðu að tölfræðileg lánshæfismatsstofnun sem viðurkennd er á landsvísu hafi brotið í bága við skyldu sem leiðir af viðkomandi reglum getur hún gripið til margvíslegra eftirlitsráðstafana til að stöðva brotið. Meðal þessara ráðstafana er vald til að afturkalla skráningu, stöðva tímabundið notkun mats í eftirlitsskyni og skipa lánshæfismatsstofnununum að stöðva brotið. Verðbréfa- og kauphingsnefnd Bandaríkjanna getur einnig beitt lánshæfismatsfyrirtæki þungum viðurlögum vegna brota á viðkomandi kröfum. Tölfræðilegar lánshæfismatsstofnanir viðurkenndar á landsvísu lúta því virku eftirliti og framfylgd á áframhaldandi grundvelli. Í samstarfssamningi Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar og verðbréfa- og kauphingsnefndar Bandaríkjanna er kveðið á um upplýsingaskipti að því er varðar framfylgdar- og eftirlitsráðstafanir gegn lánshæfismatsfyrirtækjum sem starfa þvert á landamæri.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 201, 30.7.2019, bls. 26. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 310/2019 frá 13. desember 2019 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 14, 5.3.2020, bls. 69.

([1]) Stjtíð. ESB L 302, 17.11.2009, bls. 1.

([2]) Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2012/628/ESB um viðurkenningu á að laga- og eftirlitsrammi Bandaríkjanna jafngildi kröfunum í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1060/2009 um lánshæfismatsfyrirtæki (Stjtíð. ESB L 274, 9.10.2012, bls. 32)

6) Samkvæmt öðru skilyrðinu sem mælt er fyrir um í 6. mgr. 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1060/2009 skulu lánshæfismatsfyrirtæki í þriðja landi falla undir lagalega bindandi reglur sem eru jafngildar þeim sem settar eru fram í 6. til 12. gr. reglugerðar (EB) nr. 1060/2009 og I. viðauka við þá reglugerð. Bandarískt laga- og eftirlitsramminn telst jafngilda reglugerð um lánshæfismatsfyrirtæki varðandi stýringu hagsmunaárekstra, skipulagsferla og aðferða sem lánshæfismatsfyrirtæki þarf að hafa yfir að ráða, gæði matsins og aðferða við mat, birtingu lánshæfismats og almenna og reglulega birtingu á lánshæfismatsstarfsemi. Því veitir bandarísk laga- og eftirlitsramminn jafngilda vernd með tilliti til heilleika, gagnsæis, góðra stjórnunarhátta lánshæfismatsfyrirtækja og áreiðanleika lánshæfismatsstarfsemi.

7) Samkvæmt þriðja skilyrðinu, sem mælt er fyrir um í 6. mgr. 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1060/2009, verður reglukerfi í þriðja landi að koma í veg fyrir afskipti eftirlitsyfirvalda og annarra opinberra yfirvalda þess þriðja lands af efnisinntaki lánshæfismats og aðferðum. Verðbréfa- og kaupþingsnefnd Bandaríkjanna og öðrum opinberum yfirvöldum í Bandaríkjunum er í þessu tilliti bannað með lögum að skipta sér af efnisinntaki lánshæfismata og aðferðum við lánshæfismat.

8) Laga- og eftirlitsrammi Bandaríkjanna uppfyllir ennþá skilyrðin þrjú sem upphaflega var mælt fyrir um í 6. mgr. 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1060/2009. Með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 462/2013 ([3]) voru þó gerðar viðbótarkröfur til lánshæfismatsfyrirtækja sem skráð eru í Sambandinu sem gerir laga- og eftirlitsfyrirkomulag um þessi lánshæfismatsfyrirtæki strangara. Þessar viðbótarkröfur innihalda lagalega bindandi reglur fyrir lánshæfismatsfyrirtæki um matshorfur, stýringu hagsmunaárekstra, trúnaðarkvöð, breytingar á aðferðafræði fyrir lánshæfismat og framsetningu og birtingu lánshæfismata.

9) Samkvæmt b-lið 1. liðar annarrar málsgreinar 2. gr. reglugerðar (ESB) nr. 462/2013 gilda viðbótarkröfurnar í þeim tilgangi að meta jafngildi laga- og eftirlitsramma þriðja lands frá 1. júní 2018.

10) Í ljósi þessa óskaði framkvæmdastjórnin þann 13. júlí 2017 eftir ráðgjöf frá Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni um jafngildi laga- og eftirlitsramma m.a. Bandaríkjanna með þessum viðbótarkröfum sem innleiddar voru með reglugerð (ESB) nr. 462/2013 og álit hennar á verulegu mikilvægi hvers konar munar.

11) Í tækniráðgjöf sinni sem birt var þann 17. nóvember 2017 gaf Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin til kynna að laga- og eftirlitsrammi Bandaríkjanna að því er varðar lánshæfismatsfyrirtæki innihaldi fullnægjandi ákvæði til að uppfylla viðbótarkröfurnar sem settar eru fram í reglugerð (ESB) nr. 462/2013.

12) Með reglugerð ráðsins (ESB) nr. 462/2013 er innleidd skilgreining á matshorfum í w-lið 1. mgr. 3. gr. og í reglugerð (EB) nr. 1060/2009 eru tilteknar kröfur sem gilda um lánshæfismöt nú rýmkaðar til að ná yfir matshorfur. Laga- og eftirlitsrammi Bandaríkjanna viðurkennir að matsvakt (e. *rating watch*), sem er ein tegund matshorfa í skilningi reglugerðar (EB) nr. 1060/2009, falli innan gildissviðs hans.

13) Með það fyrir augum að auka skilning á óhæði lánshæfismatsfyrirtækja gagnvart metnu einingunum rýmkar reglugerð (ESB) nr. 462/2013 gildissvið reglnanna um hagsmunaárekstra í 6. gr. (4. mgr.), 6. gr. a og 6. gr. b í reglugerð (EB) nr. 1060/2006 svo þær nái til hagsmunaárekstra af völdum hluthafa eða aðila sem gegna mikilvægri stöðu innan lánshæfismatsfyrirtækisins. Á svipaðan hátt inniheldur laga- og eftirlitsrammi Bandaríkjanna ákvæði sem veita vernd við aðstæður þar sem hluthafar í tölfræðilegri lánshæfismatsstofnun sem viðurkennd er á landsvísu gætu skapað hagsmunaárekstra fyrir lánshæfismatsfyrirtæki.

14) Með reglugerð (ESB) nr. 462/2013 eru innleidd ný ákvæði til að tryggja að trúnaðarupplýsingar séu aðeins notaðar í tilgangi sem tengist lánshæfismatsstarfsemi og séu verndaðar fyrir svikum, þjófnaði eða misnotkun. Í þeim tilgangi er þess krafist skv. 2. mgr. a í 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1060/2009 að lánshæfismatsfyrirtæki meðhöndli öll lánshæfismöt, matshorfur og tengdar upplýsingar sem innherjaupplýsingar þar til þær eru birtar. Laga- og eftirlitsrammi Bandaríkjanna viðurkennir að óbirt matsaðgerð geti talist vera innherjaupplýsingar. Tölfræðileg lánshæfismatsstofnun sem viðurkennd er á landsvísu skal hafa stefnur og verklagsreglur til að komast hjá valkvæðri og óviðeigandi birtingu mikilvægra einkaupplýsinga sem hún fær í tengslum við framkvæmd lánshæfismatsþjónustu. Þar af leiðandi er til staðar trúverðugur rammi sem verndar gegn misnotkun trúnaðarupplýsinga.

15) Reglugerð (ESB) nr. 462/2013 miðar að því að auka gagnsæi og gæði aðferðafræði mats. Hún innleiðir í 3. mgr. I. undirþáttar D-þáttar I. viðauka reglugerðar (EB) nr. 1060/2009 skyldu lánshæfismatsfyrirtækis til að veita metinni einingu tækifæri til að tilgreina mögulegar staðreyndavillur fyrirfram áður en lánshæfismat eða matshorfur eru birtar

([3]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 462/2013 frá 21. maí 2013 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1060/2009 um lánshæfismatsfyrirtæki (Stjtíð. ESB L 146, 31.5.2013, bls. 1).

opinberlega. Laga- og eftirlitsrammi Bandaríkjanna setur ekki sömu kröfur en tölfræðileg lánshæfismatsstofnun sem viðurkennd er á landsvísu skal hafa verklag til að upplýsa metna loforðsgjafa og útgefendur metinna verðbréfa eða peningamarkaðsgerninga um lánshæfismatsákvarðanir og áfrýjanir endanlegra og tilvonandi lánshæfismatsákvarðana.

16) Með reglugerð (ESB) nr. 462/2013 eru innleiddar verndarráðstafanir í 5. mgr. a, aa- og ab-lið 6. mgr. og 7. mgr. 8. gr. reglugerðar (EB) nr. 1060/2009 til að tryggja að hvers konar breytingar á matsaðferðafræði hafi ekki í för með sér vægari aðferðafræði. Laga- og eftirlitsrammi Bandaríkjanna krefst þess að sérhver tölfræðileg lánshæfismatsstofnun sem viðurkennd er á landsvísu komi á, viðhaldi, framfylgi og skrái stefnur sem mótaðar eru til að tryggja að verulegar breytingar á verklagi og aðferðafræði séu birtar skjótt á aðgengilegum hluta vefseturs tölfræðilegrar lánshæfismatsstofnunar sem viðurkennd er á landsvísu. Það er engin sérstök skylda til að leiðrétta villu sem greinst hefur í aðferðafræði en hún leiðir af almennari ákvæðum um gæði aðferðafræði.

17) Með reglugerð (ESB) nr. 462/2013 eru kröfurnar varðandi framsetningu og birtingu lánshæfismata auknar. Samkvæmt 2. mgr. 8. gr. og 2. mgr. a I. undirþáttar D-þáttar I. viðauka reglugerðar (EB) nr. 1060/2009 skal lánshæfismatsfyrirtæki láta fylgja með við birtingu matsaðferðafræði, matslíkana og helstu lykilforsenda mats skýrar og auðskiljanlegar leiðbeiningar sem skýra allar forsendur, stika, takmarkanir og óvissu varðandi líkönin og matsaðferðafræðina sem beitt er í lánshæfismatsferlinu. Í laga- og eftirlitsramma Bandaríkjanna er krafa um að tryggja að fullnægjandi leiðbeiningar fylgi lánshæfismatsaðgerð og -aðferðafræði. Einnig er krafa um að tryggja að lánshæfismat endurspegli allar upplýsingar sem teljast skipta máli.

18) Með það að markmiði að styrkja samkeppni og takmarka hagsmunaárekstra innan lánshæfismatsfyrirtækjageirans innleiðir reglugerð (ESB) nr. 462/2013 kröfur í II. undirþátt E-þáttar I. viðauka reglugerðar (EB) nr. 1060/2009 um að gjöld sem lánshæfismatsfyrirtæki innheimta fyrir lánshæfismöt og viðbótarþjónustu ættu að vera án mismununar og á grundvelli raunverulegs kostnaðar. Það krefst þess að lánshæfismatsfyrirtæki birti tilteknar fjárhagsupplýsingar. Í laga- og eftirlitsramma Bandaríkjanna eru almennar skuldbindingar um að skrá og geyma upplýsingar um gjöld og samskipti við viðskiptavini sem stuðla að því að ná markmiðinum um gagnsæi, samkeppni og mildun hagsmunaárekstra og krefst hann þess að tölfræðilegar lánshæfismatsstofnanir sem viðurkenndar eru á landsvísu skili árlega fjölda fjárhagsskýrslna til verðbréfa- og kauphingsnefndar Bandaríkjanna.

19) Meðalhófsreglan og áhættumiðuð nálgun eru leiðarljós framkvæmdastjórnarinnar við mat á reglukerfi þriðja lands. Í ljósi þeirra þátta sem rannsakaðir eru sameiginlega og tækniráðgjafar Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar uppfyllir laga- og eftirlitsrammi Bandaríkjanna fyrir lánshæfismatsfyrirtæki skilyrðin sem mælt er fyrir um í annarri undirgrein 6. mgr. 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1060/2009 og ætti áfram að teljast jafngilda laga- og eftirlitsfyrirkomulaginu sem komið er á með þeirri reglugerð.

20) Vegna réttarvissu ætti að samþykkja nýja framkvæmdarákvörðun og því ætti að fella niður framkvæmdarákvörðun 2012/628/ESB.

21) Framkvæmdastjórnin ætti, með aðstoð Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar, að halda áfram að fylgjast reglulega með þróun fyrirkomulags laga og eftirlits sem gildir um lánshæfismatsfyrirtæki, markaðsþróun og skilvirkni eftirlitssamstarfs í tengslum við eftirlit og framfylgd í Bandaríkjunum til að tryggja viðvarandi reglufylgni.

22) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit evrópsku verðbréfanefndarinnar.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Að því er varðar 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1060/2009 skal telja bandaríska laga- og eftirlitsramma vegna lánshæfismatsfyrirtækja jafngildan kröfum reglugerðar (EB) nr. 1060/2009.

2. gr.

Framkvæmdarákvörðun 2012/628/ESB er felld úr gildi.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.*

Gjört í Brussel 29. júlí 2019.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

FRAMKVÆMDARÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2019/1280 **2023/EES/63/05**

frá 29. júlí 2019

um viðurkenningu á að laga- og eftirlitsrammi Mexíkó jafngildi kröfunum í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1060/2009 um lánshæfismatsfyrirtæki (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1060/2009 frá 16. september 2009 um lánshæfismatsfyrirtæki ([1]), einkum 6. mgr. 5. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Með 6. mgr. 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1060/2009 er framkvæmdastjórninni veitt vald til að samþykkja jafngildisákvörðun ef laga- og eftirlitsrammi þriðja lands tryggir að lánshæfismatsfyrirtæki sem hafa starfsleyfi eða eru skráð í því þriðja landi fari að lagalega bindandi kröfum sem settar eru fram í þeirri reglugerð og sem falla undir skilvirkt eftirlit og framfylgd í því þriðja landi.

2) Tilgangurinn með slíkri jafngildisákvörðun er að gera það kleift fyrir lánshæfismatsfyrirtæki frá Mexíkó, að því marki sem þau eru ekki kerfislega mikilvæg fyrir fjármálastöðugleika eða heilleika fjármálamarkaða í einu eða fleiri aðildarríkjum, að sækja um vottun hjá Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni. Þessi jafngildisákvörðun býður upp á þann möguleika fyrir Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunina að meta þessi lánshæfismatsfyrirtæki í hverju tilviki fyrir sig og til að veita undanþágu frá sumum af þeim skipulagskröfum sem gerðar eru til lánshæfismatsfyrirtækja sem starfa í Evrópusambandinu, þ.m.t. frá kröfunni um raunaðstöðu í Evrópusambandinu.

3) Til að teljast jafngildur þarf laga- og eftirlitsrammi þriðja lands að uppfylla að lágmarki skilyrðin þrjú sem sett eru fram í 6. mgr. 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1060/2009.

4) Þann 28. apríl 2014 samþykkti framkvæmdastjórnin framkvæmdarákvörðun 2014/247/ESB ([2]) þar sem fram kemur að þessi þrjú skilyrði séu uppfyllt og talið sé að laga- og eftirlitsrammi Mexíkó um lánshæfismatsfyrirtæki jafngildi kröfunum í reglugerð (EB) nr. 1060/2009 sem var í gildi á þeim tíma.

5) Samkvæmt fyrsta skilyrðinu sem mælt er fyrir um í 6. mgr. 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1060/2009 þurfa lánshæfismatsfyrirtæki í þriðja landi að hafa starfsleyfi eða vera skráð og lúta skilvirku eftirliti og framfylgd á viðvarandi grundvelli. Samkvæmt ramma Mexíkó er þess krafist að lánshæfismatsfyrirtæki hafi starfsleyfi og lúti eftirliti Mexíkóska banka- og verðbréfaeftirlitsins (Comisión Nacional Bancaria y de Valores, CNBV) til að starfrækja og veita lánshæfismatsþjónustu. Mexíkóska banka- og verðbréfaeftirlitið hefur vald til að rannsaka allar aðgerðir eða málefni sem gætu falið í sér brot á lögunum. Mexíkóska banka- og verðbréfaeftirlitið hefur vald til að krefjast allra upplýsinga og gagna, framkvæma vettvangsskoðanir og kalla fyrir eftirlitið hvern þann aðila sem gæti lagt til rannsóknarinnar. Unnt er að banna til frambúðar eða tímabundið starfsemi lánshæfismatsfyrirtækja, fella tímabundið úr gildi eða afturkalla leyfi þeirra. Mexíkóska banka- og verðbréfaeftirlitið hefur vald til að beita stjórnsýslusektum. Mexíkóska banka- og verðbréfaeftirlitið hefur tekið upp árlega endurskoðun á reglufylgni lánshæfismatsfyrirtækja sem hafa starfsleyfi og, ef þörf krefur, beitt viðurlögum. Í samstarfssamningi Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar og Mexíkóska banka- og verðbréfaeftirlitsins er kveðið á um upplýsingaskipti að því er varðar framfylgdar- og eftirlitsráðstafanir gegn lánshæfismatsfyrirtækjum sem starfa þvert á landamæri.

6) Samkvæmt öðru skilyrðinu sem mælt er fyrir um í 6. mgr. 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1060/2009 skulu lánshæfismatsfyrirtæki í þriðja landi falla undir lagalega bindandi reglur sem eru jafngildar þeim sem settar eru fram í 6. til 12. gr. reglugerðar (EB) nr. 1060/2009 og I. viðauka við þá reglugerð. Laga- og eftirlitsrammi Mexíkó að því er varðar stjórnarhætti fyrirtækja krefst þess að lánshæfismatsfyrirtæki hafi stjórn skipaða að hámarki 21 stjórnarmanni og þar af skulu a.m.k. 25% þeirra uppfylla kröfur um óhæði. Óháðu stjórnarmennirnir skulu m.a. vera hæfir til að þróa lánshæfismatsstefnu og -aðferðafræði, skilvirkni innri eftirlitskerfa og eftirlit með reglufylgni og fyrirkomulagi stjórnarhátta. Greina skal hagsmunaárekstra og eyða þeim og, ef við á, skal upplýsa regluvörðinn um alla mögulega hagsmunaárekstra sem gætu haft áhrif á mat. Ef lánshæfismatsfyrirtæki greinir hagsmunaárekstra sem gætu haft áhrif á mat þess skal það ekki veita þjónustu sína. Laga- og eftirlitsrammi Mexíkó inniheldur ítarlegar skipulagskröfur um

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 201, 30.7.2019, bls. 30. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 310/2019 frá 13. desember 2019 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 14, 5.3.2020, bls. 69.

([1]) Stjtíð. ESB L 302, 17.11.2009, bls. 1.

([2]) Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2014/247/ESB frá 28. apríl 2014 um viðurkenningu á að laga- og eftirlitsrammi Mexíkó jafngildi kröfunum í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1060/2009 um lánshæfismatsfyrirtæki (Stjtíð. ESB L 132, 3.5.2014, bls. 71).

skráahald og trúnaðarkvöð og kveður á um að lánshæfismatsfyrirtækin beri áfram fulla ábyrgð á útvistaðri starfsemi. Einingar sem veita lánshæfismatsfyrirtækjum útvistunarþjónustu falla einnig undir eftirlit Mexíkóska banka- og verðbréfaeftirlitsins. Þess er krafist að lánshæfismatsfyrirtæki komi á formlegri endurskoðunareiningu til að endurskoða aðferðafræði við mat og matslíkön og mexíkóski ramminn inniheldur ýmsar birtingarkröfur að því er varðar lánshæfismats- og matsstarfsemi. Laga- og eftirlitsrammi Mexíkó telst jafngilda reglugerð (EB) nr. 1060/2009 varðandi stýringu hagsmunaárekstra, skipulagskröfur, gæði matsins og aðferð við mat, birtingu lánshæfismats og almenna og reglulega birtingu upplýsinga um lánshæfismatsstarfsemi. Því veitir ramminn jafngilda vernd með tilliti til heilleika, gagnsæis, góðra stjórnunarhátta lánshæfismatsfyrirtækja og áreiðanleika lánshæfismatsstarfsemi.

7) Samkvæmt þriðja skilyrðinu, sem mælt er fyrir um í 6. mgr. 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1060/2009, verður reglukerfi í þriðja landi að koma í veg fyrir afskipti eftirlitsyfirvalda og annarra opinberra yfirvalda þess þriðja lands af efnisinntaki lánshæfismats og aðferðum. Í stjórnarskrá Mexíkó er tekið fram að stjórnvöld megi aðeins bregðast við ef þau hafa skýrt vald eða valdheimildir samkvæmt gildandi lögum. Það eru engin lagaákvæði sem veita Mexíkóska banka- og verðbréfaeftirlitinu eða neinu öðru opinberu yfirvaldi vald til að hafa áhrif á innihald lánshæfismats eða aðferðafræði þeirra.

8) Laga- og eftirlitsrammi Mexíkó uppfyllir ennþá skilyrðin þrjú sem upphaflega var mælt fyrir um í 6. mgr. 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1060/2009. Með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 462/2013 ([3]) voru þó gerðar viðbótarkröfur til lánshæfismatsfyrirtækja sem skráð eru í Sambandinu sem gerir laga- og eftirlitsfyrirkomulag um þessi lánshæfismatsfyrirtæki strangara. Þessar viðbótarkröfur hafa m.a. að geyma lagalega bindandi reglur fyrir lánshæfismatsfyrirtæki um matshorfur, stýringu hagsmunaárekstra, trúnaðarkvöð, gæði aðferðafræði fyrir lánshæfismat og framsetningu og birtingu lánshæfismata.

9) Samkvæmt b-lið 1. liðar annarrar málsgreinar 2. gr. reglugerðar (ESB) nr. 462/2013 gilda viðbótarkröfurnar í þeim tilgangi að meta jafngildi laga- og eftirlitsramma þriðja lands frá 1. júní 2018.

10) Í ljósi þessa óskaði framkvæmdastjórnin þann 13. júlí 2017 eftir ráðgjöf frá Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni um jafngildi laga- og eftirlitsramma m.a. Mexíkó með þessum viðbótarkröfum sem innleiddar voru með reglugerð (ESB) nr. 462/2013 og áliti hennar á verulegu mikilvægi hvers konar munar.

11) Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin gaf í tækniráðgjöf sinni þann 17. nóvember 2017 til kynna að laga- og eftirlitsrammi Mexíkó að því er varðar lánshæfismatsfyrirtæki innihaldi fullnægjandi ákvæði til að uppfylla viðbótarkröfur sem settar eru fram í reglugerð (ESB) nr. 462/2013.

12) Með reglugerð ráðsins (ESB) nr. 462/2013 er innleidd skilgreining á matshorfum í w-lið 1. mgr. 3. gr. og í reglugerð (EB) nr. 1060/2009 eru tilteknar kröfur sem gilda um lánshæfismöt nú rýmkaðar til að ná yfir matshorfur. Í laga- og eftirlitsramma Mexíkó viðurkennir ekki sérstaklega matshorfur sem sérstakan lið sem er aðskilinn frá lánshæfismati, en ef lánshæfismatsfyrirtæki setja fram matshorfur væntir Mexíkóska banka- og verðbréfaeftirlitið þess að þau uppfylli sömu kröfur um gagnsæi, óhæði og upplýsingagjöf og eiga við lánshæfismöt. Þar að auki fylgist Mexíkóska banka- og verðbréfaeftirlitið með því hversu viðeigandi matshorfur eru í tengslum við lánshæfismatið sem tengjast þeim.

13) Með það fyrir augum að auka skilning á óhæði lánshæfismatsfyrirtækja gagnvart metnu einingunum rýmkar reglugerð (ESB) nr. 462/2013 gildissvið reglnanna um hagsmunaárekstra í 6. gr. (4. mgr.), 6. gr. a og 6. gr. b í reglugerð (EB) nr. 1060/2006 svo þær nái til hagsmunaárekstra af völdum hluthafa eða aðila sem gegna mikilvægri stöðu innan lánshæfismatsfyrirtækisins. Laga- og eftirlitsrammi Mexíkó inniheldur almennt bann við því að hluthafar og stjórnarmenn eigi, beint eða óbeint, hlut í metnu einingunni. Þar að auki er lánshæfismatsfyrirtækjum ekki heimilt að veita þjónustu til viðskiptavina sem eiga meira en 5% af hlutafé þeirra.

14) Með reglugerð (ESB) nr. 462/2013 eru innleidd ný ákvæði til að tryggja að trúnaðarupplýsingar séu aðeins notaðar í tilgangi sem tengist lánshæfismatsstarfsemi og séu verndaðar fyrir svikum, þjófnaði eða misnotkun. Í þeim tilgangi er þess krafist skv. 2. mgr. a í 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1060/2009 að lánshæfismatsfyrirtæki meðhöndli öll lánshæfismöt, matshorfur og tengdar upplýsingar sem innherjaupplýsingar þar til þær eru birtar. Laga- og eftirlitsrammi Mexíkó setur ítarlegar kröfur að því er varðar hvaða skref lánshæfismatsfyrirtæki skulu taka til að vernda trúnaðarupplýsingar um útgefendur. Þar af leiðandi er til staðar trúverðugur rammi sem verndar gegn misnotkun trúnaðarupplýsinga.

([3]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 462/2013 frá 21. maí 2013 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1060/2009 um lánshæfismatsfyrirtæki (Stjtíð. ESB L 146, 31.5.2013, bls. 1).

15) Reglugerð (ESB) nr. 462/2013 miðar að því að auka gagnsæi og gæði aðferðafræði mats. Hún innleiðir í 3. mgr. I. undirþáttar D-þáttar I. viðauka reglugerðar (EB) nr. 1060/2009 skyldu lánshæfismatsfyrirtækis til að veita metinni einingu tækifæri til að tilgreina mögulegar staðreyndavillur fyrirfram áður en lánshæfismat eða matshorfur eru birtar opinberlega. Samkvæmt laga- og eftirlitsramma Mexíkó er þess krafist að lánshæfismatsfyrirtæki upplýsi metna einingu um lánshæfismat áður en það er birt. Ramminn gerir það kleift fyrir lánshæfismatsfyrirtækið og metnu eininguna að komast að samkomulagi sín á milli um hvort lánshæfismatsfyrirtæki skuli veita viðskiptavininum fyrirframtilkynningu og, ef svo er, um tímann til að setja fram athugasemdir fyrir birtingu.

16) Með reglugerð (ESB) nr. 462/2013 eru innleiddar verndarráðstafanir í 5. mgr. a, aa- og ab-lið 6. mgr. og 7. mgr. 8. gr. reglugerðar (EB) nr. 1060/2009 til að tryggja að hvers konar breytingar á matsaðferðafræði hafi ekki í för með sér vægari aðferðafræði. Samkvæmt laga- og eftirlitsramma Mexíkó er þess krafist að lánshæfismatsfyrirtæki birti á vefsetri sínu aðferðafræði og vinnulag við rannsóknir, greiningu, álitsgerðir, mat og athuganir á lánshæfi áður en þeim er beitt og birti upplýsingar um allar verulegar breytingar á aðferðafræði svo almennir fjárfestar hafi aðgang að þeim. Að sama skapi er þess krafist að lánshæfismatsfyrirtæki endurskoði aðferðafræði sína og líkön, þó hvorki sé skýr krafa um að haft sé samráð við markaðsaðila fyrir breytingu á aðferðafræði né að tekið sé á villum sem greinast í aðferðafræði þeirra. Ef lánshæfismatsfyrirtækið innleiðir verulegar breytingar á matsaðferðafræði skal það þó tilkynna Mexíkóska banka- og verðbréfaeftirlitinu um breytingarnar sem gerðar eru á matsaðferðafræðinni og birta þær almenningi án þess að gefa upp ástæður fyrir þeim. Ef um er að ræða breytingu á matslíkönum og -aðferðafræði lánshæfismatsfyrirtækisins skal það endurskoða öll möt sem áður hafa verið gefin út.

17) Með reglugerð (ESB) nr. 462/2013 eru kröfurnar varðandi framsetningu og birtingu lánshæfismata auknar. Samkvæmt 2. mgr. 8. gr. og 2. mgr. a I. undirþáttar D-þáttar I. viðauka reglugerðar (EB) nr. 1060/2009 skal lánshæfismatsfyrirtæki láta fylgja með við birtingu matsaðferðafræði, matslíkana og helstu lykilforsenda mats skýrar og auðskiljanlegar leiðbeiningar sem skýra allar forsendur, stika, takmarkanir og óvissu varðandi líkönin og matsaðferðafræðina sem beitt er í lánshæfismatsferlinu. Laga- og eftirlitsrammi Mexíkó krefst þess að lánshæfismatsfyrirtæki taki fram í lánshæfismati að það sé álit fyrirtækisins og inniheldur verndarráðstafanir til að tryggja að eingöngu upplýsingar sem skipta máli fyrir lánshæfismatið séu settar fram í lánshæfismatinu. Einnig eru kröfur til að tryggja að lánshæfismatsfyrirtæki veiti fullnægjandi leiðbeiningar til að gera notendum lánshæfismata kleift að skilja þau.

18) Með það að markmiði að styrkja samkeppni og takmarka hagsmunaárekstra innan lánshæfismatsfyrirtækjageirans innleiðir reglugerð (ESB) nr. 462/2013 kröfur í II. undirþátt E-þáttar I. viðauka reglugerðar (EB) nr. 1060/2009 um að gjöld sem lánshæfismatsfyrirtæki innheimta fyrir lánshæfismöt og viðbótarþjónustu ættu að vera án mismununar og á grundvelli raunverulegs kostnaðar. Það krefst þess að lánshæfismatsfyrirtæki birti tilteknar fjárhagsupplýsingar. Laga- og eftirlitsrammi Mexíkó krefst þess að lánshæfismatsfyrirtæki afhendi Mexíkóska banka- og verðbréfaeftirlitinu gögn um gjöld sem innheimt eru af einstökum viðskiptavinum þar sem tekjur af hverjum og einum þeirra eru teknar fram og veittar upplýsingar um alla þjónustu sem veitt var hverjum og einum þeirra á næstliðnu ári. Lánshæfismatsfyrirtæki skulu birta opinberlega upplýsingar um hvort þau hafa innheimt, frá sömu metnu einingunni, gjöld fyrir aðra þjónustu en matsþjónustu og í hvaða hlutfalli þau voru í samanburði við gjöldin fyrir matsþjónustuna. Þar að auki er almenn krafa um að Mexíkóska banka- og verðbréfaeftirlitið ábyrgist sanngjarna meðferð allra viðskiptavina lánshæfismatsfyrirtækja.

19) Meðalhófsreglan og áhættumiðuð nálgun eru leiðarljós framkvæmdastjórnarinnar við mat á reglukerfi þriðja lands. Í ljósi þeirra þátta sem rannsakaðir eru uppfyllir laga- og eftirlitsrammi Mexíkó fyrir lánshæfismatsfyrirtæki skilyrðin sem mælt er fyrir um í annarri undirgrein 6. mgr. 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1060/2009 og ætti áfram að teljast jafngilda laga- og eftirlitsfyrirkomulaginu sem komið er á með þeirri reglugerð.

20) Vegna réttarvissu ætti að samþykkja nýja framkvæmdarákvörðun og því ætti að fella niður framkvæmdarákvörðun 2014/247/ESB.

21) Framkvæmdastjórnin ætti, með aðstoð Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar, að halda áfram að fylgjast reglulega með þróun fyrirkomulags laga og eftirlits sem gildir um lánshæfismatsfyrirtæki, markaðsþróun og skilvirkni eftirlitssamstarfs í tengslum við eftirlit og framfylgd í Mexíkó til að tryggja viðvarandi reglufylgni.

22) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit evrópsku verðbréfanefndarinnar.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Að því er varðar 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1060/2009 skal telja laga- og eftirlitsramma Mexíkó vegna lánshæfismatsfyrirtækja jafngildan kröfunum í reglugerð (EB) nr. 1060/2009.

2. gr.

Framkvæmdarákvörðun 2014/247/ESB er felld úr gildi.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.*

Gjört í Brussel 29. júlí 2019.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

FRAMKVÆMDARÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2019/1281 **2023/EES/63/06**

frá 29. júlí 2019

um niðurfellingu á framkvæmdarákvörðun 2014/245/ESB um viðurkenningu á að laga- og eftirlitsrammi Brasilíu jafngildi kröfunum í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1060/2009 um lánshæfismatsfyrirtæki (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1060/2009 frá 16. september 2009 um lánshæfismatsfyrirtæki ([1]), einkum 6. mgr. 5. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Með 6. mgr. 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1060/2009 er framkvæmdastjórninni veitt vald til að samþykkja jafngildisákvörðun, þar sem tekið er fram að laga- og eftirlitsrammi þriðja lands tryggi að lánshæfismatsfyrirtæki sem hafa starfsleyfi eða eru skráð í því þriðja landi fari að lagalega bindandi kröfum sem eru jafngildar kröfunum sem settar eru fram í þeirri reglugerð og sem falla undir skilvirkt eftirlit og framfylgd í því þriðja landi. Til að teljast jafngildur þarf laga- og eftirlitsramminn að uppfylla að lágmarki skilyrðin sem sett eru fram í 6. mgr. 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1060/2009.

2) Þann 28. apríl 2014 samþykkti framkvæmdastjórnin framkvæmdarákvörðun 2014/245/ESB ([2]) þar sem fram kemur að þessi þrjú skilyrði séu uppfyllt og talið sé að laga- og eftirlitsrammi Brasilíu um lánshæfismatsfyrirtæki jafngildi kröfunum í reglugerð (EB) nr. 1060/2009 sem var í gildi á þeim tíma.

3) Laga- og eftirlitsrammi Brasilíu uppfyllir ennþá skilyrðin þrjú sem upphaflega var mælt fyrir um í 6. mgr. 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1060/2009. Með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 462/2013 ([3]) voru þó gerðar viðbótarkröfur til lánshæfismatsfyrirtækja sem skráð eru í Sambandinu sem gerir laga- og eftirlitsfyrirkomulag um þessi lánshæfismatsfyrirtæki strangara. Þessar viðbótarkröfur hafa m.a. að geyma lagalega bindandi reglur fyrir lánshæfismatsfyrirtæki um matshorfur, stýringu hagsmunaárekstra, trúnaðarkvöð, gæði aðferðafræði fyrir lánshæfismat og framsetningu og birtingu lánshæfismata.

4) Samkvæmt b-lið 1. liðar annarrar málsgreinar 2. gr. reglugerðar (ESB) nr. 462/2013 gilda viðbótarkröfurnar í þeim tilgangi að meta jafngildi laga- og eftirlitsramma þriðja lands frá 1. júní 2018.

5) Í ljósi þessa óskaði framkvæmdastjórnin þann 13. júlí 2017 eftir ráðgjöf frá Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni um jafngildi laga- og eftirlitsramma m.a. Brasilíu með þessum viðbótarkröfum sem innleiddar voru með reglugerð (ESB) nr. 462/2013 og áliti hennar á verulegu mikilvægi hvers konar munar.

6) Í tækniráðgjöf sinni sem birt var þann 17. nóvember 2017 komst Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin að þeirri niðurstöðu að laga- og eftirlitsrammi Brasilíu innihaldi ekki fullnægjandi ákvæði til að uppfylla viðbótarkröfurnar sem settar eru fram í reglugerð (ESB) nr. 462/2013.

7) Með reglugerð ráðsins (ESB) nr. 462/2013 er innleidd skilgreining á matshorfum í w-lið 1. mgr. 3. gr. og í reglugerð (EB) nr. 1060/2009 eru tilteknar kröfur sem gilda um lánshæfismöt nú rýmkaðar til að ná yfir matshorfur. Brasilíski ramminn viðurkennir ekki sérstaklega matshorfur sem aðgreindan og sérstakan lið lánshæfismats en verðbréfa- og kauphingsnefnd Brasilíu (Comissão de Valores Mobiliários) væntir þess að gerð matshorfa fylgi öllum sömu kröfum og samsvarandi lánshæfismöt.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 201, 30.7.2019, bls. 34. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 310/2019 frá 13. desember 2019 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 14, 5.3.2020, bls. 69.

([1]) Stjtíð. ESB L 302, 17.11.2009, bls.1.

([2]) Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2014/245/ESB frá 28. apríl 2014 um viðurkenningu á að laga- og eftirlitsrammi Brasilíu jafngildi kröfunum í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1060/2009 um lánshæfismatsfyrirtæki (Stjtíð. ESB L 132, 3.5.2014, bls. 65)

([3]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 462/2013 frá 21. maí 2013 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1060/2009 um lánshæfismatsfyrirtæki (Stjtíð. ESB L 146, 31.5.2013, bls. 1).

8) Með það fyrir augum að auka skilning á óhæði lánshæfismatsfyrirtækja gagnvart metnu einingunum rýmkar reglugerð (ESB) nr. 462/2013 gildissvið reglnanna um hagsmunaárekstra í 6. gr. (4. mgr.), 6. gr. a og 6. gr. b í reglugerð (EB) nr. 1060/2006 svo þær nái til hagsmunaárekstra af völdum hluthafa eða aðila sem gegna mikilvægri stöðu innan lánshæfismatsfyrirtækisins. Laga- og eftirlitsrammi Brasilíu krefst þess að lánshæfismatsfyrirtæki komi á fullnægjandi og skilvirkum skipulags- og stjórnsýsluferlum til að koma í veg fyrir, greina, eyða, leiðrétta og birta upplýsingar um hvers konar hagsmunaárekstra. Laga- og eftirlitsrammi Brasilíu krefst þess þó ekki sérstaklega að lánshæfismatsfyrirtæki geri grein fyrir hagsmunaárekstrum í tengslum við hluthafa. Þar af leiðandi er ekki bannað að gefa út lánshæfismat einingar ef stjórnarmaður lánshæfismatsfyrirtækisins, eða hluthafi sem á meira en 10% hlutabréfa eða atkvæðisréttar í lánshæfismatsfyrirtækinu, á meira en 10% af hlutabréfunum í metnu einingunni. Það er heldur ekkert bann við því að einstaklingur eða eining sem á meira en 5% hlutabréfa eða atkvæðisréttar í lánshæfismatsfyrirtæki veiti einingu sem það lánshæfismatsfyrirtæki metur ráðgjöf eða ráðgjafarþjónustu.

9) Með reglugerð (ESB) nr. 462/2013 eru innleidd ný ákvæði til að tryggja að trúnaðarupplýsingar séu aðeins notaðar í tilgangi sem tengist lánshæfismatsstarfsemi og séu verndaðar fyrir svikum, þjófnaði eða misnotkun. Í þeim tilgangi er þess krafist skv. 2. mgr. a í 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1060/2009 að lánshæfismatsfyrirtæki meðhöndli öll lánshæfismöt, matshorfur og tengdar upplýsingar sem innherjaupplýsingar þar til þær eru birtar. Laga- og eftirlitsrammi Brasilíu veitir því vernd gegn misnotkun trúnaðarupplýsinga.

10) Reglugerð (ESB) nr. 462/2013 miðar að því að auka gagnsæi og gæði aðferðafræði mats. Hún innleiðir í 3. mgr. I. undirþáttar D-þáttar I. viðauka reglugerðar (EB) nr. 1060/2009 skyldu lánshæfismatsfyrirtækis til að veita metinni einingu tækifæri til að tilgreina mögulegar staðreyndavillur fyrirfram áður en lánshæfismat eða matshorfur eru birtar opinberlega. Laga- og eftirlitsrammi Brasilíu krefst þess ekki að lánshæfismatsfyrirtæki upplýsi metnu einingunga fyrir birtingu lánshæfismats.

11) Með reglugerð (ESB) nr. 462/2013 eru innleiddar verndarráðstafanir í 5. mgr. a, aa- og ab-lið 6. mgr. og 7. mgr. 8. gr. reglugerðar (EB) nr. 1060/2009 til að tryggja að hvers konar breytingar á matsaðferðafræði hafi ekki í för með sér vægari aðferðafræði. Þrátt fyrir að tekið sé fram í laga- og eftirlitsramma Brasilíu að lánshæfismatsfyrirtæki ættu að veita eftirlitsaðilanum og markaðnum upplýsingar allar verulegar breytingar á aðferðafræði sinni er ekki að finna kröfur til lánshæfismatsfyrirtækja um að hafa samráð um breytingar á aðferðafræði eða að leiðrétta villur í aðferðafræði sinni. Á sama tíma og krafa er um að tilkynna um umfang metinna eininga sem verða fyrir áhrifum af breytingu á aðferðafræði er engin krafa um að gefa ástæðu fyrir henni eða tilkynna eftirlitsaðilanum.

12) Með reglugerð (ESB) nr. 462/2013 eru kröfurnar varðandi framsetningu og birtingu lánshæfismata auknar. Samkvæmt 2. mgr. 8. gr. og 2. mgr. a I. undirþáttar D-þáttar I. viðauka reglugerðar (EB) nr. 1060/2009 skal lánshæfismatsfyrirtæki láta fylgja með við birtingu matsaðferðafræði, matslíkana og helstu lykilforsenda mats skýrar og auðskiljanlegar leiðbeiningar sem skýra allar forsendur, stika, takmarkanir og óvissu varðandi líkönin og matsaðferðafræðina sem beitt er í lánshæfismatsferlinu. Laga- og eftirlitsrammi Brasilíu krefst þess að lánshæfismatsskýrslur innihaldi aðferðafræðina sem notuð er til að ákvarða lánshæfismatið til að tryggja að utanaðkomandi aðilar skilji rökin fyrir mati. Þar að auki er engin krafa um að gefa til kynna að lánshæfismat sé álit fyrirtækisins og að aðeins skuli treysta á það að takmörkuðu leiti.

13) Með það að markmiði að styrkja samkeppni og takmarka hagsmunaárekstra innan lánshæfismatsfyrirtækjageirans innleiðir reglugerð (ESB) nr. 462/2013 kröfur í II. undirþátt E-þáttar I. viðauka reglugerðar (EB) nr. 1060/2009 um að gjöld sem lánshæfismatsfyrirtæki innheimta fyrir lánshæfismöt og viðbótarþjónustu ættu að vera án mismununar og á grundvelli raunverulegs kostnaðar. Það krefst þess að lánshæfismatsfyrirtæki birti tilteknar fjárhagsupplýsingar. Þrátt fyrir að verðbréfa- og kauphingsnefnd Brasilíu geti krafist upplýsinga vegna eftirlitsstarfsemi sinnar þá er þess ekki krafist í laga- og eftirlitsramma Brasilíu að lánshæfismatsfyrirtæki leggi fram verðlagningarstefnu hjá eftirlitsaðila eða birti hana almenningi. Þar að auki er engin krafa um að gjöld sem innheimt eru af viðskiptavinum skuli vera á kostnaðargrunni og án mismununar.

14) Í ljósi þeirra þátta sem rannsakaðir eru uppfyllir laga- og eftirlitsrammi Brasilíu ekki öll þau skilyrði um jafngildi sem mælt er fyrir um í annarri undirgrein 6. mgr. 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1060/2009. Þar af leiðandi telst hann ekki jafngildur laga- og eftirlitsrammanum sem komið er á fót með þeirri reglugerð.

15) Því ætti að fella framkvæmdarákvörðun 2014/245/EB úr gildi.

16) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit evrópsku verðbréfanefndarinnar.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Framkvæmdarákvörðun 2014/245/ESB er felld úr gildi.

2. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.*

Gjört í Brussel 29. júlí 2019.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

FRAMKVÆMDARÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2019/1282 **2023/EES/63/07**

frá 29. júlí 2019

um niðurfellingu á framkvæmdarákvörðun 2014/246/ESB um viðurkenningu á að laga- og eftirlitsrammi Argentínu jafngildi kröfunum í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1060/2009 um lánshæfismatsfyrirtæki (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1060/2009 frá 16. september 2009 um lánshæfismatsfyrirtæki ([1]), einkum 6. mgr. 5. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Með 6. mgr. 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1060/2009 er framkvæmdastjórninni veitt vald til að samþykkja jafngildisákvörðun, þar sem tekið er fram að laga- og eftirlitsrammi þriðja lands tryggi að lánshæfismatsfyrirtæki sem hafa starfsleyfi eða eru skráð í því þriðja landi fari að lagalega bindandi kröfum sem eru jafngildar kröfunum sem settar eru fram í þeirri reglugerð og sem falla undir skilvirkt eftirlit og framfylgd í því þriðja landi. Til að teljast jafngildur þarf laga- og eftirlitsrammi þriðja lands að uppfylla að lágmarki skilyrðin þrjú sem sett eru fram í 6. mgr. 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1060/2009.

2) Þann 28. apríl 2014 samþykkti framkvæmdastjórnin framkvæmdarákvörðun 2014/246/ESB ([2]) þar sem fram kemur að þessi þrjú skilyrði séu uppfyllt og talið sé að laga- og eftirlitsrammi Argentínu um lánshæfismatsfyrirtæki jafngildi kröfunum í reglugerð (EB) nr. 1060/2009 sem var í gildi á þeim tíma.

3) Laga- og eftirlitsrammi Argentínu uppfyllir ennþá skilyrðin þrjú sem upphaflega var mælt fyrir um í 6. mgr. 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1060/2009. Með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 462/2013 ([3]) voru þó gerðar viðbótarkröfur til lánshæfismatsfyrirtækja sem skráð eru í Sambandinu sem gerir laga- og eftirlitsfyrirkomulag um þessi lánshæfismatsfyrirtæki strangara. Þessar viðbótarkröfur hafa m.a. að geyma lagalega bindandi reglur fyrir lánshæfismatsfyrirtæki um matshorfur, stýringu hagsmunaárekstra, trúnaðarkvöð, gæði aðferðafræði fyrir lánshæfismat og framsetningu og birtingu lánshæfismata.

4) Samkvæmt b-lið 1. liðar annarrar málsgreinar 2. gr. reglugerðar (ESB) nr. 462/2013 gilda viðbótarkröfurnar í þeim tilgangi að meta jafngildi laga- og eftirlitsramma þriðja lands frá 1. júní 2018.

5) Í ljósi þessa óskaði framkvæmdastjórnin þann 13. júlí 2017 eftir ráðgjöf frá Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni um jafngildi laga- og eftirlitsramma m.a. Argentínu með þessum viðbótarkröfum sem innleiddar voru með reglugerð (ESB) nr. 462/2013 og áliti hennar á verulegu mikilvægi hvers konar munar.

6) Í tækniráðgjöf sinni sem birt var þann 17. nóvember 2017 komst Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin að þeirri niðurstöðu að laga- og eftirlitsrammi Argentínu innihaldi ekki fullnægjandi ákvæði til að uppfylla viðbótarkröfurnar sem settar eru fram í reglugerð (ESB) nr. 462/2013.

7) Með reglugerð ráðsins (ESB) nr. 462/2013 er innleidd skilgreining á matshorfum í w-lið 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1060/2009 og tilteknar kröfur sem gilda um lánshæfismöt eru rýmkaðar til að ná yfir matshorfur. Þrátt fyrir að matshorfur séu hluti af markaðnum fyrir lánshæfismöt eru engin slík ákvæði í laga- og eftirlitsramma Argentínu. Þar sem matshorfur eru ekki innan eftirlitssviðs verðbréfaeftirlits Argentínu (Commission Nacional de Valores) með lánshæfismatsfyrirtækjum getur það ekki krafist upplýsinga í tengslum við matshorfur.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 201, 30.7.2019, bls. 37. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 310/2019 frá 13. desember 2019 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 14, 5.3.2020, bls. 69.

([1]) Stjtíð. ESB L 302, 17.11.2009, bls. 1.

([2]) Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2014/246/ESB frá 28. apríl 2014 um viðurkenningu á að laga- og eftirlitsrammi Argentínu jafngildi kröfunum í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1060/2009 um lánshæfismatsfyrirtæki (Stjtíð. ESB L 132, 3.5.2014, bls. 68).

([3]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 462/2013 frá 21. maí 2013 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1060/2009 um lánshæfismatsfyrirtæki (Stjtíð. ESB L 146, 31.5.2013, bls. 1).

8) Með það fyrir augum að auka skilning á óhæði lánshæfismatsfyrirtækja gagnvart metnu einingunum rýmkar reglugerð (ESB) nr. 462/2013 gildissvið reglnanna um hagsmunaárekstra í 6. gr. (4. mgr.), 6. gr. a og 6. gr. b í reglugerð (EB) nr. 1060/2006 svo þær nái til hagsmunaárekstra af völdum hluthafa eða aðila sem gegna mikilvægri stöðu innan lánshæfismatsfyrirtækisins. Laga- og eftirlitsrammi Argentínu krefst þess að lánshæfismatsfyrirtæki komi á fullnægjandi og skilvirkum skipulags- og stjórnsýsluferlum til að koma í veg fyrir, greina, eyða, leiðrétta og birta upplýsingar um hvers konar hagsmunaárekstra. Laga- og eftirlitsrammi Argentínu krefst þess þó ekki sérstaklega að lánshæfismatsfyrirtæki geri grein fyrir hagsmunaárekstrum í tengslum við hluthafa. Af þessum sökum eru engar kröfur um að banna lánshæfismatsfyrirtæki að gefa út lánshæfismat einingar sem á meira en 10% af hlutafé þess eða veita einingu ráðgjöf eða ráðgjafarþjónustu sem á meira en 5% af hlutafé þess.

9) Með reglugerð (ESB) nr. 462/2013 eru innleidd ný ákvæði til að tryggja að trúnaðarupplýsingar séu aðeins notaðar í tilgangi sem tengist lánshæfismatsstarfsemi og séu verndaðar fyrir svikum, þjófnaði eða misnotkun. Í þeim tilgangi er þess krafist skv. 2. mgr. a í 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1060/2009 að lánshæfismatsfyrirtæki meðhöndli öll lánshæfismöt, matshorfur og tengdar upplýsingar sem innherjaupplýsingar þar til þær eru birtar. Laga- og eftirlitsrammi Argentínu setur ítarlegar kröfur að því er varðar hvaða skref lánshæfismatsfyrirtæki skuli taka til að vernda trúnaðarupplýsingar sem þau búa yfir í tengslum við útgefendur. Þar af leiðandi er til staðar trúverðugur rammi sem verndar gegn misnotkun trúnaðarupplýsinga.

10) Reglugerð (ESB) nr. 462/2013 miðar að því að auka gagnsæi og gæði aðferðafræði mats. Hún innleiðir í 3. mgr. I. undirþáttar D-þáttar I. viðauka reglugerðar (EB) nr. 1060/2009 skyldu lánshæfismatsfyrirtækis til að veita metinni einingu tækifæri til að tilgreina mögulegar staðreyndavillur fyrirfram áður en lánshæfismat eða matshorfur eru birtar opinberlega. Laga- og eftirlitsrammi Argentínu skyldar ekki lánshæfismatsfyrirtæki til að gefa metnu einingunni tækifæri til að gera athugun á staðreyndum fyrir birtingu þess lánshæfismats. Birta skal mat strax og það hefur hlotið samþykki matsnefndarinnar í ljósi fjárfestaverndar og til að tryggja að markaðurinn sé upplýstur án tafar að því er varðar breytingu á lánshæfismatinu.

11) Með reglugerð (ESB) nr. 462/2013 eru innleiddar verndarráðstafanir í 5. mgr. a, aa- og ab-lið 6. mgr. og 7. mgr. 8. gr. reglugerðar (EB) nr. 1060/2009 til að tryggja að hvers konar breytingar á matsaðferðafræði hafi ekki í för með sér vægari aðferðafræði. Það er nokkur eftirtektarverður mismunur á milli laga- og eftirlitsramma Argentínu og ramma Sambandsins. Þrátt fyrir að laga- og eftirlitsrammi Argentínu innihaldi kröfur um að eingöngu megi gefa út lánshæfismat í samræmi við birta aðferðafræði og að aðferðafræðin sé endurskoðuð reglulega, eru engar skýrar kröfur um að lánshæfismatsfyrirtæki skulu hafa samráð um breytingar eða leiðrétta villur í aðferðafræði sinni. Það eru heldur engar kröfur um að upplýsa allar viðkomandi metnar einingar um villur í aðferðafræði mats.

12) Með reglugerð (ESB) nr. 462/2013 eru kröfurnar varðandi framsetningu og birtingu lánshæfismata auknar. Samkvæmt 2. mgr. 8. gr. og 2. mgr. a I. undirþáttar D-þáttar I. viðauka reglugerðar (EB) nr. 1060/2009 skal lánshæfismatsfyrirtæki láta fylgja með við birtingu matsaðferðafræði, matslíkana og helstu lykilforsenda mats skýrar og auðskiljanlegar leiðbeiningar sem skýra allar forsendur, stika, takmarkanir og óvissu varðandi líkönin og matsaðferðafræðina sem beitt er í lánshæfismatsferlinu. Í laga- og eftirlitsramma Argentínu eru ákvæði til að tryggja að lánshæfismatsfyrirtæki veiti fullnægjandi leiðbeiningar til að gera notendum lánshæfismata kleift að skilja þau. Það er þó engin skýr krafa um að lánshæfismatsfyrirtæki birti aðeins upplýsingar sem varða lánshæfismat einingarinnar í lánshæfismati. Það er heldur engin krafa um að lánshæfismatsfyrirtæki leggi áherslu á það í lánshæfismatinu að það sé álit fyrirtækisins og aðeins ætti að treysta á það að takmörkuðu leyti.

13) Með það að markmiði að styrkja samkeppni og takmarka hagsmunaárekstra innan lánshæfismatsfyrirtækjageirans innleiðir reglugerð (ESB) nr. 462/2013 kröfur í II. undirþátt E-þáttar I. viðauka reglugerðar (EB) nr. 1060/2009 um að gjöld sem lánshæfismatsfyrirtæki innheimta fyrir lánshæfismöt og viðbótarþjónustu ættu að vera án mismununar og á grundvelli raunverulegs kostnaðar. Það krefst þess að lánshæfismatsfyrirtæki birti tilteknar fjárhagsupplýsingar. Í laga- og eftirlitsramma Argentínu er þess aðeins krafist að lánshæfismatsfyrirtæki veiti eftirlitsaðila upplýsingar um gjöld sem þau innheimta fyrir matsþjónustu sína fyrir hvern viðskiptavin og aðgreini einingunа og/eða gerninginn og verðbréfið. Lánshæfismatsfyrirtæki skulu birta á vefsetri sínu lágmarks- og hámarksgjöld fyrir matsþjónustu sína til að tryggja að viðskiptavinir hljóti sanngjarna meðhöndlun en það er engin krafa um að gjöld sem innheimt eru hjá viðskiptavinum skuli vera á kostnaðargrunni og án mismununar.

14) Í ljósi þeirra þátta sem rannsakaðir eru uppfyllir laga- og eftirlitsrammi Argentínu um lánshæfismatsfyrirtæki ekki öll þau skilyrði um jafngildi sem mælt er fyrir um í annarri undirgrein 6. mgr. 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1060/2009. Þar af leiðandi telst hann ekki jafngildur laga- og eftirlitsrammanum sem komið er á fót með þeirri reglugerð.

15) Því ætti að fella framkvæmdarákvörðun 2014/246/ESB úr gildi.

16) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit evrópsku verðbréfanefndarinnar.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Framkvæmdarákvörðun 2014/246/ESB er felld úr gildi.

2. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.*

Gjört í Brussel 29. júlí 2019.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

FRAMKVÆMDARÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2019/1283 **2023/EES/63/08**

frá 29. júlí 2019

um viðurkenningu á að laga- og eftirlitsrammi Japans jafngildi kröfunum í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1060/2009 um lánshæfismatsfyrirtæki (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1060/2009 frá 16. september 2009 um lánshæfismatsfyrirtæki ([1]), einkum 6. mgr. 5. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Með 6. mgr. 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1060/2009 er framkvæmdastjórninni veitt vald til að samþykkja jafngildisákvörðun ef laga- og eftirlitsrammi þriðja lands tryggir að lánshæfismatsfyrirtæki sem hafa starfsleyfi eða eru skráð í því þriðja landi fari að lagalega bindandi kröfum sem settar eru fram í þeirri reglugerð og sem falla undir skilvirkt eftirlit og framfylgd í því þriðja landi.

2) Tilgangurinn með slíkri jafngildisákvörðun er að gera lánshæfismatsfyrirtækjum frá Japan kleift, að því marki sem þau eru ekki kerfislega mikilvæg fyrir fjármálastöðugleika eða heilleika fjármálamarkaða í einu eða fleiri aðildarríkjum, að sækja um vottun hjá Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni. Þessi jafngildisákvörðun býður upp á þann möguleika fyrir Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunina að meta þessi lánshæfismatsfyrirtæki í hverju tilviki fyrir sig og til að veita undanþágu frá sumum af þeim skipulagskröfum sem gerðar eru til lánshæfismatsfyrirtækja sem starfa í Evrópusambandinu, þ.m.t. frá kröfunni um raunaðstöðu í Evrópusambandinu.

3) Til að teljast jafngildur þarf laga- og eftirlitsrammi þriðja lands að uppfylla að lágmarki skilyrðin þrjú sem sett eru fram í 6. mgr. 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1060/2009.

4) Þann 28. september 2010 samþykkti framkvæmdastjórnin ákvörðun 2010/578/ESB ([2]) þar sem fram kemur að þessi þrjú skilyrði séu uppfyllt og talið sé að laga- og eftirlitsrammi Japans um lánshæfismatsfyrirtæki jafngildi kröfunum í reglugerð (EB) nr. 1060/2009 sem voru í gildi á þeim tíma.

5) Samkvæmt fyrsta skilyrðinu sem mælt er fyrir um í 6. mgr. 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1060/2009 þurfa lánshæfismatsfyrirtæki í þriðja landi að hafa starfsleyfi eða vera skráð og lúta einnig skilvirku eftirliti og framfylgd á viðvarandi grundvelli. Laga- og eftirlitsrammi Japans krefst þess að lánshæfismatsfyrirtæki sé skráð hjá Fjármálaeftirliti Japans til að nota megi lánshæfismöt þess í eftirlitsskyni í Japan. Fjármálaeftirlit Japans leggur lagalega bindandi skyldur á lánshæfismatsfyrirtæki og hefur viðvarandi eftirlit með lánshæfismatsfyrirtækjum. Fjármálaeftirlit Japans hefur breitt og yfirgripsmikið valdsvið og getur gripið til fjölda ráðstafana, þ.m.t. beitt viðurlögum gegn lánshæfismatsfyrirtækjum vegna brota á ákvæðum laga um fjármálagerninga og verðbréfamarkaði í tengslum við reglugerðina um lánshæfismatsfyrirtæki.

6) Samkvæmt öðru skilyrðinu sem mælt er fyrir um í 6. mgr. 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1060/2009 skulu lánshæfismatsfyrirtæki í þriðja landi falla undir lagalega bindandi reglur sem eru jafngildar þeim sem settar eru fram í 6. til 12. gr. reglugerðar (EB) nr. 1060/2009 og I. viðauka við þá reglugerð. Laga- og eftirlitsrammi Japans er á grundvelli skyldu til að starfa í góðri trú. Lánshæfismatsfyrirtæki skal koma á fót rekstrarstjórnarkerfum fyrir sanngjarna og viðeigandi framkvæmd lánshæfismatsviðskipta fyrir tilstilli fjölda ítarlegra krafna og forskrifta, víðtækra ákvæða í tengslum við að komast hjá, stýra og birta upplýsingar um hagsmunaárekstra, og skylduna að skrá og veita bæði Fjármálaeftirliti Japans og almenningi upplýsingar. Laga- og eftirlitsrammi Japans telst jafngilda reglugerð (EB) nr. 1060/2009 varðandi stýringu hagsmunaárekstra, skipulagskröfur, verndarráðstafanir til að tryggja gæði mata og matsaðferðafræði, skyldu til að birta lánshæfismöt og skyldu varðandi almenna og reglulega birtingu upplýsinga um lánshæfismatsstarfsemi. Því veitir japanski laga- og eftirlitsramminn jafngilda vernd með tilliti til heilleika, gagnsæis, góðra stjórnunarhátta lánshæfismatsfyrirtækja og áreiðanleika lánshæfismatsstarfsemi.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 201, 30.7.2019, bls. 40. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 310/2019 frá 13. desember 2019 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 14, 5.3.2020, bls. 69.

([1]) Stjtíð. ESB L 302, 17.11.2009, bls. 1.

([2]) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2010/578/ESB frá 28. september 2010 um viðurkenningu á að laga- og eftirlitsrammi Japans jafngildi kröfunum í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1060/2009 um lánshæfismatsfyrirtæki (Stjtíð. ESB L 254, 29.9.2010, bls. 46)

7) Samkvæmt þriðja skilyrðinu, sem mælt er fyrir um í 6. mgr. 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1060/2009, verður reglukerfi í þriðja landi að koma í veg fyrir afskipti eftirlitsyfirvalda og annarra opinberra yfirvalda þess þriðja lands af efnisinntaki lánshæfismats og aðferðum. Fjármálaeftirliti Japans er í þessu tilliti bannað með lögum að skipta sér af efnisinntaki lánshæfismata og aðferðum við lánshæfismat.

8) Laga- og eftirlitsrammi Japans uppfyllir ennþá skilyrðin þrjú sem upphaflega var mælt fyrir um í 6. mgr. 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1060/2009. Með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 462/2013 ([3]) voru þó gerðar viðbótarkröfur til lánshæfismatsfyrirtækja sem skráð eru í Sambandinu sem gerir laga- og eftirlitsfyrirkomulag um þessi lánshæfismatsfyrirtæki strangara. Þessar viðbótarkröfur innihalda m.a. reglur um matshorfur, stýringu hagsmunaárekstra, trúnaðarkvöð, gæði aðferðafræði fyrir lánshæfismat og framsetningu og birtingu lánshæfismata.

9) Samkvæmt b-lið 1. liðar annarrar málsgreinar 2. gr. reglugerðar (ESB) nr. 462/2013 gilda viðbótarkröfurnar í þeim tilgangi að meta jafngildi laga- og eftirlitsramma þriðja lands frá 1. júní 2018.

10) Í ljósi þessa óskaði framkvæmdastjórnin þann 13. júlí 2017 eftir ráðgjöf frá Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni um jafngildi laga- og eftirlitsramma m.a. Japans með þessum viðbótarkröfum sem innleiddar voru með reglugerð (ESB) nr. 462/2013 og áliti hennar á verulegu mikilvægi hvers konar munar.

11) Í tækniráðgjöf sinni sem birt var þann 17. nóvember 2017 gaf Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin til kynna að laga- og eftirlitsrammi Japans að því er varðar lánshæfismatsfyrirtæki innihaldi fullnægjandi ákvæði til að uppfylla viðbótarkröfurnar sem settar eru fram í reglugerð (ESB) nr. 462/2013.

12) Með reglugerð ráðsins (ESB) nr. 462/2013 er innleidd skilgreining á matshorfum í w-lið 1. mgr. 3. gr. og í reglugerð (EB) nr. 1060/2009 eru tilteknar kröfur sem gilda um lánshæfismöt nú rýmkaðar til að ná yfir matshorfur. Matshorfur eru efnislega viðurkenndar í laga- og eftirlitsramma Japans. Samkvæmt honum eru matshorfur hluti af lánshæfismati og hann veitir Fjármálaeftirliti Japans vald til að fylgjast með því hvort matshorfur séu viðeigandi í tengslum við hlutaðeigandi lánshæfismat.

13) Með það fyrir augum að auka skilning á óhæði lánshæfismatsfyrirtækja gagnvart metnu einingunum rýmkar reglugerð (ESB) nr. 462/2013 gildissvið reglnanna um hagsmunaárekstra í 6. gr. (4. mgr.), 6. gr. a og 6. gr. b í reglugerð (EB) nr. 1060/2006 svo þær nái til hagsmunaárekstra af völdum hluthafa eða aðila sem gegna mikilvægri stöðu innan lánshæfismatsfyrirtækisins. Samkvæmt laga- og eftirlitsramma Japans er þess krafist að lánshæfismatsfyrirtæki komi á ráðstöfunum til að tryggja að þau skaði ekki hagsmuni fjárfesta við ákvörðun lánshæfismats, einkum þegar metin eining á 5% eða stærri eignarhlut í lánshæfismatsfyrirtækinu. Þar að auki er lánshæfismatsfyrirtæki alfarið bannað að framkvæma mat ef það hefur hagsmuna að gæta í metnu einingunni.

14) Með reglugerð (ESB) nr. 462/2013 eru innleidd ný ákvæði til að tryggja að trúnaðarupplýsingar séu aðeins notaðar í tilgangi sem tengist lánshæfismatsstarfsemi og séu verndaðar fyrir svikum, þjófnaði eða misnotkun. Í þeim tilgangi er þess krafist skv. 2. mgr. a í 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1060/2009 að lánshæfismatsfyrirtæki meðhöndli öll lánshæfismöt, matshorfur og tengdar upplýsingar sem innherjaupplýsingar þar til þær eru birtar. Laga- og eftirlitsrammi Japans setur ítarlegar kröfur að því er varðar hvaða skref lánshæfismatsfyrirtæki skulu taka til að vernda trúnaðarupplýsingar um útgefendur. Þar af leiðandi er til staðar trúverðugur rammi sem verndar gegn misnotkun trúnaðarupplýsinga.

15) Reglugerð (ESB) nr. 462/2013 miðar að því að auka gagnsæi og gæði aðferðafræði mats. Hún innleiðir í 3. mgr. I. undirþáttar D-þáttar I. viðauka reglugerðar (EB) nr. 1060/2009 skyldu lánshæfismatsfyrirtækis til að veita metinni einingu tækifæri til að tilgreina mögulegar staðreyndavillur fyrirfram áður en lánshæfismat eða matshorfur eru birtar opinberlega. Laga- og eftirlitsrammi Japans krefst þess að lánshæfismatsfyrirtæki komi á fót matsstefnu þar sem sett er fram aðferðafræði við ákvörðun og birtingu lánshæfismata fyrirtækisins. Matsstefnan ætti að hafa að geyma viðmiðunarreglur og aðferðir til að gera metinni einingu kleift að sannreyna hvort um sé að ræða staðreyndavillur í lánshæfismatinu áður en það er birt og að setja fram álit sitt á lánshæfismatinu innan skynsamlegs frests.

16) Með reglugerð (ESB) nr. 462/2013 eru innleiddar verndarráðstafanir í 5. mgr. a, aa- og ab-lið 6. mgr. og 7. mgr. 8. gr. reglugerðar (EB) nr. 1060/2009 til að tryggja að hvers konar breytingar á matsaðferðafræði hafi ekki í för með sér vægari aðferðafræði. Að sama skapi er þess krafist samkvæmt laga- og eftirlitsramma Japans að lánshæfismatsfyrirtæki geri ráðstafanir til að tryggja að upplýsingarnar sem notaðar eru við lánshæfismat séu af fullnægjandi gæðum og að aðferðafræði mats sé traust og kerfisbundin.

([3]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 462/2013 frá 21. maí 2013 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1060/2009 um lánshæfismatsfyrirtæki (Stjtíð. ESB L 146, 31.5.2013, bls. 1).

17) Með reglugerð (ESB) nr. 462/2013 eru kröfurnar varðandi framsetningu og birtingu lánshæfismata auknar. Samkvæmt 2. mgr. 8. gr. og 2. mgr. a I. undirþáttar D-þáttar I. viðauka reglugerðar (EB) nr. 1060/2009 skal lánshæfismatsfyrirtæki láta fylgja með við birtingu matsaðferðafræði, matslíkana og helstu lykilforsenda mats skýrar og auðskiljanlegar leiðbeiningar sem skýra allar forsendur, stika, takmarkanir og óvissu varðandi líkönin og matsaðferðafræðina sem beitt er í lánshæfismatsferlinu. Í laga- og eftirlitsramma Japans eru kröfur til að tryggja að lánshæfismatsfyrirtæki veiti fullnægjandi leiðbeiningar til að gera notendum lánshæfismata kleift að skilja þau. Þar að auki eru kröfur um að tryggja að lánshæfismatsfyrirtæki viðhaldi áreiðanleika upplýsingabirtingar til hagsmunaaðila sinna.

18) Með það að markmiði að styrkja samkeppni og takmarka hagsmunaárekstra innan lánshæfismatsfyrirtækjageirans innleiðir reglugerð (ESB) nr. 462/2013 kröfur í II. undirþátt E-þáttar I. viðauka reglugerðar (EB) nr. 1060/2009 um að gjöld sem lánshæfismatsfyrirtæki innheimta fyrir lánshæfismöt og viðbótarþjónustu ættu að vera án mismununar og á grundvelli raunverulegs kostnaðar. Það krefst þess að lánshæfismatsfyrirtæki birti tilteknar fjárhagsupplýsingar. Að því er varðar verndun viðskiptavina lánshæfismatsfyrirtækja og kröfuna um að gjöld séu á kostnaðargrunni og án mismununar inniheldur laga- og eftirlitsrammi Japans sambærilegar kröfur til að tryggja að lánshæfismatsfyrirtæki stundi viðskipti sín af sanngirni og nákvæmni. Ramminn krefst þess að lánshæfismatsfyrirtæki geri, árlega, viðskiptaskýrslu fyrir eftirlitsaðilann sem inniheldur nöfn 20 stærstu viðskiptavinanna og gjöldin sem hver þeirra greiddi á reikningsárinu og gefur eftirlitsaðilanum vald til að krefjast viðeigandi upplýsinga um verðlagningarstefnu og tiltekin innheimt gjöld.

19) Meðalhófsreglan og áhættumiðuð nálgun eru leiðarljós framkvæmdastjórnarinnar við mat á reglukerfi þriðja lands. Í ljósi þeirra þátta sem rannsakaðir eru uppfyllir laga- og eftirlitsrammi Japans fyrir lánshæfismatsfyrirtæki skilyrðin sem mælt er fyrir um í annarri undirgrein 6. mgr. 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1060/2009 og ætti áfram að teljast jafngilda laga- og eftirlitsfyrirkomulaginu sem komið er á með þeirri reglugerð.

20) Vegna réttarvissu ætti að samþykkja nýja framkvæmdarákvörðun og því ætti að fella ákvörðun 2010/578/ESB úr gildi.

21) Framkvæmdastjórnin ætti, með aðstoð Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar, að halda áfram að fylgjast reglulega með þróun fyrirkomulags laga og eftirlits sem gildir um lánshæfismatsfyrirtæki, markaðsþróun og skilvirkni eftirlitssamstarfs í tengslum við eftirlit og framfylgd í Japan til að tryggja viðvarandi reglufylgni.

22) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit evrópsku verðbréfanefndarinnar.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Að því er varðar 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1060/2009 skal telja japanskan laga- og eftirlitsramma vegna lánshæfismatsfyrirtækja jafngildan kröfum reglugerðar (EB) nr. 1060/2009.

2. gr.

Ákvörðun 2010/578/ESB er felld úr gildi.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.*

Gjört í Brussel 29. júlí 2019.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

FRAMKVÆMDARÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2019/1274 **2023/EES/63/09**

frá 29. júlí 2019

um jafngildi laga- og eftirlitsramma fyrir viðmiðanir í Ástralíu í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/1011 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/1011 frá 8. júní 2016 um vísitölur sem notaðar eru sem viðmiðanir í fjármálagerningum og fjárhagslegum samningum eða til að mæla árangur fjárfestingarsjóða og um breytingu á tilskipunum 2008/48/EB og 2014/17/ESB og reglugerð (ESB) nr. 596/2014 ([1]), einkum 30. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Með reglugerð (ESB) 2016/1011 er innleiddur sameiginlegur rammi til að tryggja nákvæmni og heilleika vísitalna sem notaðar eru sem viðmiðanir í fjármálagerningum og fjárhagslegum samningum eða til að meta árangur fjárfestingarsjóða í Sambandinu.

2) Sú reglugerð gildir frá og með 1. janúar 2018 og stjórnendur utan Sambandsins njóta umbreytingartímabils sem heimilar notkun viðmiðana þriðja lands í Sambandinu. Að loknu umbreytingartímabilinu má aðeins nota viðmiðun eða samsetningu viðmiðana frá stjórnanda sem er staðsettur í þriðja landi í Sambandinu ef viðmiðunin og stjórnandinn eru í skránni sem Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin viðheldur eftir að framkvæmdastjórnin hefur samþykkt ákvörðun um jafngildi eða lögbær yfirvöld hafa samþykkt eða stutt hana.

3) Framkvæmdastjórnin hefur vald til að samþykkja framkvæmdarákvarðanir sem tilgreina að laga- og eftirlitsrammi þriðja lands að því er varðar tiltekna stjórnendur eða tilteknar viðmiðanir eða fjölskyldur viðmiðana jafngildi kröfunum sem settar eru fram í reglugerð (ESB) 2016/1011. Við mat á slíku jafngildi tekur framkvæmdastjórnin tillit til þess hvort lagarammi og eftirlitsvenjur þriðja lands tryggi að farið sé að meginreglum Alþjóðasamtaka eftirlitsaðila á verðbréfamarkaði eða, eftir atvikum, meginreglum Alþjóðasamtaka eftirlitsaðila á verðbréfamarkaði um fyrirtæki sem veita upplýsingar um olíuverð og að slíkir sértækir stjórnendur eða sértækar viðmiðanir eða fjölskyldur viðmiðana falli undir skilvirkt eftirlit og framfylgd á áframhaldandi grundvelli í því þriðja landi.

4) Viðmiðunum eins og Australian Bank Bill Swap Rate og S&P/ASX 200 vísitölunni er stjórnað í Ástralíu og eru notaðar í Sambandinu af fjölda eftirlitsskyldra aðila. Af þessum sökum lagði framkvæmdastjórnin mat á fyrirkomulag viðmiðana í Ástralíu.

5) Lagaramminn um að koma á, hafa eftirlit með og stjórna viðmiðunum í Ástralíu hefur að geyma leyfiskerfi og veitir verðbréfa- og fjárfestingarnefnd Ástralíu (e. *The Australian Securities and Investments Commission (ASIC)*) valdheimildir. Samkvæmt honum skulu stjórnendur mikilvægra viðmiðana einnig fá leyfi frá verðbréfa- og fjárfestingarnefnd Ástralíu til að starfa sem stjórnandi viðmiðunar. Að því er varðar viðmiðanir sem verðbréfa- og fjárfestingarnefnd Ástralíu lítur ekki á sem mikilvægar gerir lagaramminn í Ástralíu stjórnendum kleift að velja landsbundinn regluramma með því að sækja um leyfi frá verðbréfa- og fjárfestingarnefnd Ástralíu í samræmi við þátt 908BD í lögum um fyrirtæki (Corporations Act) og falla þar af leiðandi undir reglur verðbréfa- og fjárfestingarnefndar Ástralíu um stjórnendur og aðila sem leggja fram gögn.

6) Leyfishafar verðbréfa- og fjárfestingarnefndar Ástralíu þurfa að uppfylla skilyrði leyfisins og fjölda lagalegra krafna. Lagalega bindandi kröfur til stjórnenda eru settar fram í lögum um fyrirtæki frá 2001, reglur verðbréfa- og fjárfestinganefndar Ástralíu um fjármálaviðmiðanir (stjórnsýsla) (ASIC Financial Benchmark (Administration) Rules) frá 2018 og reglur verðbréfa- og fjárfestinganefndar Ástralíu um fjármálaviðmiðanir (bindandi) (ASIC Financial Benchmark (Compelled) Rules) frá 2018. Í leiðarvísi verðbréfa- og fjárfestinganefndar Ástralíu um reglur 268 (ASIC Regulatory Guide 268) sem ber yfirskriftina „Reglur um leyfisveitingar til stjórnenda fjármálaviðmiðana“ (Licensing regime for financial benchmark administrators (RG 268)) eru veittar nánari leiðbeiningar fyrir stjórnendur viðmiðana. Með hluta 7.5B í lögum um fyrirtæki (eins og honum var breytt með Treasury Laws Amendment (2017 Measures No 5) Act) frá 2018 er lagaramminn um reglusetningu um fjármálaviðmiðanir innleiddur.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 201, 30.7.2019, bls. 9. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 21/2020 frá 7. febrúar 2020 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 13, 16.2.2023, bls. 44.

([1]) Stjtíð. ESB L 171, 29.6.2016, bls. 1.

7) Í samræmi við þátt 908AC í lögum um fyrirtæki getur verðbréfa- og fjárfestingarnefnd Ástralíu, með lagagerningi, lýst því yfir að fjármálaviðmiðun sé mikilvæg viðmiðun. Aðeins þær viðmiðanir sem uppfylla skilyrðin sem mælt er fyrir um í lagagerðinni má tilgreina sem mikilvægar viðmiðanir. Verðbréfa- og fjárfestingarnefnd Ástralíu skal vera fullviss um að: i. viðmiðunin sé kerfislega mikilvæg fyrir fjármálakerfi Ástralíu eða ii. veruleg hætta sé á fjárhagslegum smitáhrifum eða fjármálaóstöðugleika í Ástralíu ef tiltækileiki eða heilleiki viðmiðunarinnar raskast eða iii. röskun á tiltækileika eða heilleika viðmiðunarinnar myndi hafa veruleg áhrif á almenna fjárfesta eða heildsölufjárfesta í Ástralíu.

8) Verðbréfa- og fjárfestingarnefnd Ástralíu hefur lýst því yfir að fjölmargar fjármálaviðmiðanir séu mikilvægar viðmiðanir með gerningi verðbréfa- og fjárfestinganefndar Ástralíu um fyrirtæki (mikilvægar fjármálaviðmiðanir) 2018/420 (ASIC Corporations (Significant Financial Benchmarks) Instrument). Þessi ákvörðun takmarkast við stjórnendur þeirra viðmiðana sem skráðar eru í síðustu gildandi útgáfu á gerningi verðbréfa- og fjárfestinganefndar Ástralíu um fyrirtæki (mikilvægar fjármálaviðmiðanir) 2018/420. Þessi ákvörðun nær ekki yfir stjórnendur fjármálaviðmiðana sem uppfylla skilyrði um undanþágu frá gildissviði reglugerðar (ESB) 2016/1011 í samræmi við 2. mgr. 2. gr. þeirrar reglugerðar.

9) Verðbréfa- og fjárfestingarnefnd Ástralíu getur veitt stjórnanda viðmiðunar leyfi að því er varðar eina eða nokkrar fjármálaviðmiðanir. Verðbréfa- og fjárfestingarnefnd Ástralíu skal hafa í huga þættina sem settir eru fram í 2. mgr. í þætti 908BO í lögum um fyrirtæki þegar ákvörðun er tekin um að veita leyfi, beita, breyta eða afturkalla skilyrði leyfis, breyta, fella tímabundið niður eða fella úr gildi leyfi. Aðili telst vera brotlegur ef hann stjórnar (eða heldur fram að hann stjórni) mikilvægri viðmiðun en hefur ekki starfsleyfi sem stjórnandi viðmiðunar sem tilgreinir fjármálaviðmiðunina.

10) Verðbréfa- og fjárfestingarnefnd Ástralíu samþykkti reglur um fjármálaviðmiðanir (stjórnsýsla) (ASIC Financial Benchmark (Administration) Rules) frá 2018 („Stjórnvaldsreglurnar“) samkvæmt þætti 908CA í laga um fyrirtæki og reglur verðbréfa- og fjárfestinganefndar Ástralíu um fjármálaviðmiðanir (bindandi) 2018 („Bindandi reglurnar“) samkvæmt þætti 908CD í lögum um fyrirtæki. Í stjórnvaldsreglunum er mælt fyrir um kröfur til þeirra sem hafa leyfi sem stjórnendur viðmiðana og aðila sem leggja gögn til viðmiðana, þ.m.t. kröfur um stjórnarhætti og eftirlit, útvistun, vernd gegn hagsmunaárekstrum, hönnun viðmiðana og aðferðir og ílagsgögn. Bindandi reglurnar eiga við um skyldubundna gerð eða stýringu mikilvægrar viðmiðunar eða skyldubundinnar framlagningar til mikilvægrar fjármálaviðmiðunar.

11) Við gerð stjórnvaldsreglnanna tók verðbréfa- og fjárfestingarnefnd Ástralíu tillit til meginreglna Alþjóðasamtaka eftirlitsaðila á verðbréfamarkaði um fjármálaviðmiðanir eins og krafist er samkvæmt þætti 908CK í lögum um fyrirtæki. Þar að auki tók verðbréfa- og fjárfestingarnefnd Ástralíu tillit til laga- og eftirlitsrammanna að því er varðar viðmiðanir í þriðju löndum, þ.m.t. reglugerð (ESB) 2016/1011, sem og annars fyrirkomulags í Ástralíu um leyfisveitingar í fjármálageiranum.

12) Í skýringunum við stjórnvaldsreglurnar er tekið fram hvernig stjórnvaldsreglur og bindandi reglur verðbréfa- og fjárfestingarnefndar Ástralíu endurspegla meginreglur Alþjóðasamtaka eftirlitsaðila á verðbréfamarkaði. Sérstaklega er tekið fram í stjórnvaldsreglunum að regla 2.1.2 samsvari meginreglum Alþjóðasamtaka eftirlitsaðila á verðbréfamarkaði um fyrirkomulag stjórnarhátta að því er varðar fjármálaviðmiðanir. Regla 2.1.3 samsvarar meginreglum Alþjóðasamtaka eftirlitsaðila á verðbréfamarkaði um eftirlit með þriðju aðilum sem taka þátt í að framleiða eða stjórna hverri fjármálaviðmiðun sem tilgreind er í leyfi leyfishafa til að stjórna viðmiðun. Regla 2.1.4 samsvarar meginreglum Alþjóðasamtaka eftirlitsaðila á verðbréfamarkaði um hagsmunaárekstra stjórnenda fjármálaviðmiðana. Regla 2.2.1 samsvarar meginreglum Alþjóðasamtaka eftirlitsaðila á verðbréfamarkaði um hönnun viðmiðana. Regla 2.2.2 samsvarar meginreglum Alþjóðasamtaka eftirlitsaðila á verðbréfamarkaði um fullnægjandi gögn og innra eftirlit með gagnasöfnunum. Regla 2.2.3 samsvarar meginreglum Alþjóðasamtaka eftirlitsaðila á verðbréfamarkaði um inntak aðferðafræði sem notuð er til að ákvarða fjármálaviðmiðun. Ákvæði 1. mgr. undirreglu 2.2.4 samsvarar meginreglum Alþjóðasamtaka eftirlitsaðila á verðbréfamarkaði um breytingar á aðferðafræðinni sem notuð er til að taka ákvarðanir um fjármálaviðmiðanir. Regla 2.3.1 samsvarar meginreglum Alþjóðasamtaka eftirlitsaðila á verðbréfamarkaði um eftirlitsrammann um stjórnendur þar sem hún varðar áhættustýringu, sem og helstu kröfur annarra laga í Ástralíu um leyfisveitingu. Regla 2.4.1 samsvarar meginreglum Alþjóðasamtaka eftirlitsaðila á verðbréfamarkaði um skipulagningu á umbreytingu eða aflagningu viðmiðunar sem leyfi er fyrir. Regla 2.5.1 samsvarar meginreglum Alþjóðasamtaka eftirlitsaðila á verðbréfamarkaði um hátternisreglur aðila sem leggur fram gögn. Regla 2.6.1 samsvarar meginreglum Alþjóðasamtaka eftirlitsaðila á verðbréfamarkaði um gagnsæi ákvarðana um viðmiðanir.

13) Þar að auki veitir verðbréfa- og fjárfestingarnefnd Ástralíu stofnunum sem falla undir stjórnvaldsreglurnar og bindandi reglurnar leiðbeiningar um eftirlit (RG 268). Þar er sett fram túlkun Verðbréfa- og fjárfestingarnefndar Ástralíu á lögunum og veittar hagnýtar leiðbeiningar um það hvernig stofnanir geta uppfyllt skyldur sínar samkvæmt lögum.

14) Framkvæmdastjórnin hefur því komist að þeirri niðurstöðu að bindandi kröfur að því er varðar stjórnun mikilvægra viðmiðana eins og þær eru tilgreindar í gerningi verðbréfa- og fjárfestingarnefndar Ástralíu um fyrirtæki (mikilvægar fjármálaviðmiðanir) 2018/420 séu jafngildar samsvarandi kröfum í reglugerð (ESB) 2016/1011.

15) Samkvæmt 30. gr. reglugerðar (ESB) 2016/1011 er þess einnig krafist að kröfurnar falli undir skilvirkt eftirlit og framfylgd á áframhaldandi grundvelli í þriðja landinu.

16) Stjórnendur viðmiðana sem hafa starfsleyfi í Ástralíu falla undir áframhaldandi eftirlit og umsjón verðbréfa- og fjárfestingarnefndar Ástralíu. Í þætti 908AF í lögum um fyrirtæki er kveðið á um að verðbréfa- og fjárfestingarnefnd Ástralíu beri ábyrgð á eftirliti með fjármálaviðmiðunum sem hafa leyfi. Verðbréfa- og fjárfestingarnefnd Ástralíu ber einnig ábyrgð á því að framfylgja því að stjórnendur viðmiðana standi við skuldbindingar sínar samkvæmt lögum um fyrirtæki, stjórnvaldsreglunum og bindandi reglunum, og framkvæmi reglulega mat á því að stjórnendur viðmiðana fullnægi skyldum sínum samkvæmt leyfinu.

17) Samkvæmt þætti 908BQ í lögum um fyrirtæki og reglu 2.8.1 í stjórnvaldsreglunum er þess krafist að stjórnendur viðmiðana tilkynni verðbréfa- og fjárfestingarnefnd Ástralíu um tiltekin málefni, þ.m.t. ef leyfishafi uppfyllir ekki eða getur ekki lengur uppfyllt eftirlitsskyldur sínar. Verðbréfa- og fjárfestingarnefnd Ástralíu getur lagt mat á það hvort leyfishafi fari að lögunum um fyrirtæki, í samræmi við þætti 908BR og 908BS í lögunum um fyrirtæki og reglur 2.8.2 og 2.8.3 í stjórnvaldsreglunum. Verðbréfa- og fjárfestingarnefnd Ástralíu getur einnig óskað eftir skýrslu um hvaða málefni sem er í samræmi við þátt 908BV í lögunum um fyrirtæki og óskað eftir yfirlýsingu endurskoðanda um skýrslu leyfishafa um þessi málefni. Samkvæmt þætti 908BW í lögunum um fyrirtæki er verðbréfa- og fjárfestingarnefnd Ástralíu falið vald til að gera matsskýrslur, deila þeim skýrslum með tilteknum stofnunum ríkisstjórnar Ástralíu ef nauðsyn krefur og birta þessar skýrslur.

18) Ef stjórnandi viðmiðunar uppfyllir ekki eftirlitsskyldur sínar getur verðbréfa- og fjárfestingarnefnd Ástralíu samkvæmt þætti 908BT í lögunum um fyrirtæki veitt leyfishafa skriflegar leiðbeiningar um að grípa til sértækra aðgerða sem Verðbréfa- og fjárfestingarnefnd Ástralíu telur að muni tryggja að leyfishafi uppfylli þessar skyldur. Ef leyfishafi fer ekki að þessum skriflegu leiðbeiningum getur verðbréfa- og fjárfestingarnefnd Ástralíu farið með málið fyrir dómstóla, sem geta síðan skipað leyfishafanum að fara að leiðbeiningum verðbréfa- og fjárfestingarnefndar Ástralíu. Samkvæmt þáttum 908CH og 908CI í lögum um fyrirtæki getur verðbréfa- og fjárfestingarnefnd Ástralíu gefið út tilkynningar um brot eða samþykkt skuldbindingar stjórnenda sem hafa ekki uppfyllt eftirlitsskyldur sínar. Í þætti 908CG í lögunum um fyrirtæki er kveðið á um ramma sem stjórnandi sem staðhæft er að hafi farið gegn stjórnvaldsreglunum getur fylgt, í stað einkamáls, til að greiða sekt, framkvæma eða skipa fyrir um ráðstafanir til úrbóta (þ.m.t. fræðsluáætlanir), eða samþykkt viðurlög önnur en greiðslu sektar. Verðbréfa- og fjárfestingarnefnd Ástralíu getur einnig fellt tímabundið úr gildi eða afturkallað leyfi við tilteknar aðstæður samkvæmt þáttum 908BI og 908BJ í lögunum um fyrirtæki.

19) Bindandi reglurnar gera verðbréfa- og fjárfestingarnefnd Ástralíu kleift, ef hún telur það vera til hagsbóta fyrir almenning, að skipa leyfishafa að halda áfram að gera eða stjórna mikilvægri viðmiðun, eða gera eða stjórna mikilvægri viðmiðun með tilteknum hætti, þ.m.t. með því að breyta aðferðinni sem er notuð til að gera eða stjórna mikilvægri viðmiðun. Bindandi reglurnar gera verðbréfa- og fjárfestingarnefnd Ástralíu einnig kleift að knýja aðila til að leggja fram gögn eða upplýsingar til leyfishafa til gerðar eða stjórnunar mikilvægrar viðmiðunar eða til verðbréfa- og fjárfestingarnefndar Ástralíu í þeim tilgangi að gera eða stýra mikilvægri viðmiðun.

20) Framkvæmdastjórnin hefur því komist að þeirri niðurstöðu að hinar bindandi kröfur að því er varðar stjórnendur viðmiðunar sem telst vera mikilvæg fjármálaviðmiðun samkvæmt gerningi verðbréfa- og fjárfestingarnefndar Ástralíu um fyrirtæki (mikilvægar fjármálaviðmiðanir) 2018/420 falli undir skilvirkt eftirlit og framfylgd á áframhaldandi grundvelli.

21) Stjórnendur viðmiðana í Sambandinu þurfa ekki að fá leyfi til að nota viðmiðanir sínar í Ástralíu nema viðmiðun þeirra sé tilgreind sem mikilvæg viðmiðun af verðbréfa- og fjárfestingarnefnd Ástralíu eða ef stjórnandi viðmiðunar óskar af sjálfsdáðum eftir því að fá starfsleyfi í Ástralíu. Verðbréfa- og fjárfestingarnefnd Ástralíu upplýsti framkvæmdastjórnina um að hún hefði enga fyrirætlan um að tilnefna viðmiðanir ESB sem mikilvægar.

22) Til fyllingar þessari ákvörðun mun koma samstarfsfyrirkomulag til að tryggja skilvirk upplýsingaskipti og samræmingu eftirlitsstarfsemi milli Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar og verðbréfa- og fjárfestingarnefndar Ástralíu.

23) Þessi ákvörðun er á grundvelli mats á gildandi lagalega bindandi kröfum að því er varðar viðmiðanir í Ástralíu þegar þessi ákvörðun er samþykkt. Framkvæmdastjórnin mun áfram hafa reglulegt eftirlit með markaðsþróun, þróun laga- og eftirlitsramma um viðmiðanir og skilvirkni eftirlitssamstarfs í tengslum við eftirlit og framfylgd með því hvort skilyrðin um að tryggja viðvarandi uppfyllingu á kröfunum sem þessi ákvörðun byggist á hafi verið uppfyllt.

24) Þessi ákvörðun hefur ekki áhrif á vald framkvæmdastjórnarinnar til að takast á hendur sértæka endurskoðun, hvenær sem er, ef viðeigandi þróun gerir það nauðsynlegt að framkvæmdastjórnin endurmeti þessa ákvörðun.

25) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit evrópsku verðbréfanefndarinnar.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Að því er varðar 30. gr. reglugerðar (ESB) nr. 2016/1011 telst laga- og eftirlitsrammi Ástralíu, sem gildir um stjórnendur fjármálaviðmiðana sem eru yfirlýstar mikilvægar viðmiðanir samkvæmt nýjustu gildandi útgáfu af gerningi verðbréfa- og fjárfestingarnefndar Ástralíu um fyrirtæki (mikilvægar fjármálaviðmiðanir) 2018/420, vera jafngildur kröfunum sem mælt er fyrir um í reglugerð (ESB) 2016/1011 og falla undir skilvirkt eftirlit og framfylgd á áframhaldandi grundvelli.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi 20 dögum eftir að hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

Gjört í Brussel 29. júlí 2019.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

FRAMKVÆMDARÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2019/1275 **2023/EES/63/10**

frá 29. júlí 2019

um jafngildi laga- og eftirlitsramma fyrir viðmiðanir í Singapúr í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/1011 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/1011 frá 8. júní 2016 um vísitölur sem notaðar eru sem viðmiðanir í fjármálagerningum og fjárhagslegum samningum eða til að mæla árangur fjárfestingarsjóða og um breytingu á tilskipunum 2008/48/EB og 2014/17/ESB og reglugerð (ESB) nr. 596/2014 ([1]), einkum 30. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Með reglugerð (ESB) 2016/1011 er innleiddur sameiginlegur rammi til að tryggja nákvæmni og heilleika vísitalna sem notaðar eru sem viðmiðanir í fjármálagerningum og fjárhagslegum samningum eða til að meta árangur fjárfestingarsjóða í Sambandinu.

2) Sú reglugerð gildir frá og með 1. janúar 2018 og stjórnendur utan Sambandsins njóta umbreytingartímabils sem heimilar notkun viðmiðana þriðja lands í Sambandinu. Að loknu umbreytingartímabilinu má aðeins nota viðmiðun eða samsetningu viðmiðana sem látin er í té af stjórnanda sem er staðsettur í þriðja landi í Sambandinu ef viðmiðunin og stjórnandinn eru í skránni sem Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin viðheldur eftir að framkvæmdastjórnin hefur samþykkt ákvörðun um jafngildi eða lögbær yfirvöld hafa samþykkt eða stutt hana.

3) Framkvæmdastjórnin hefur vald til að samþykkja framkvæmdarákvarðanir sem tilgreina að laga- og eftirlitsrammi þriðja lands að því er varðar tiltekna stjórnendur eða tilteknar viðmiðanir eða fjölskyldur viðmiðana jafngildi kröfunum sem settar eru fram í reglugerð (ESB) 2016/1011. Við mat á slíku jafngildi tekur framkvæmdastjórnin tillit til þess hvort lagarammi og eftirlitsvenjur þriðja lands tryggi að farið sé að meginreglum Alþjóðasamtaka eftirlitsaðila á verðbréfamarkaði um fjármálaviðmiðanir eða, eftir atvikum, meginreglum Alþjóðasamtaka eftirlitsaðila á verðbréfamarkaði um fyrirtæki sem veita upplýsingar um olíuverð og að slíkir tilteknir stjórnendur eða tilteknar viðmiðanir eða fjölskyldur viðmiðana falli undir skilvirkt eftirlit og framfylgd á áframhaldandi grundvelli í því þriðja landi.

4) Viðmiðunum eins og millibankavöxtum í Singapúr (e. *Singapore Interbank Offered Rates* (SIBOR)) („Sibor-vextir“) og Singapore Dollar Swap Offer Rate (SOR) er stjórnað í Singapúr og þær eru notaðar í Sambandinu af fjölda eftirlitsskyldra aðila. Af þessum sökum lagði framkvæmdastjórnin mat á fyrirkomulag viðmiðana í Singapúr.

5) Laga- og eftirlitsrammi Singapúr um stjórnendur tilgreindra viðmiðana og aðila sem leggja gögn til þessara viðmiðana samanstendur af lögunum um verðbréf og framtíðarsamninga (e. *Securities and Futures Act*) og reglugerðunum frá 2018 um fjármálaviðmiðanir (e. *Securities and Futures (Financial Benchmarks) Regulations (SFA Benchmarks Regulations)*). Við gerð krafnanna samkvæmt lögunum um verðbréf og framtíðarsamninga og reglugerðunum um fjármálaviðmiðanir hafði peningamálastofnun í Singapúr í huga regluverk um viðmiðanir í löndunum handan hafsins, þ.m.t. reglugerð (ESB) 2016/1011.

6) Hluti VIAA í lögunum um verðbréf og framtíðarsamninga innleiðir reglukerfi þar sem allir stjórnendur viðmiðana og aðilar sem leggja fram gögn í þær að því er varðar tilgreinda viðmiðun skulu sækja um leyfi frá peningamálastofnun Singapúr til að starfa sem viðurkenndur stjórnandi viðmiðunar (ABA) eða aðili sem hefur leyfi til að leggja fram gögn í viðmiðun (ABS). Sérstakar skyldur eru lagðar á viðurkennda stjórnendur viðmiðana og aðila sem hafa leyfi til leggja fram gögn í viðmiðun og kröfur gilda um tilneydda stjórnun á, og framlagningu gagna í, tilgreinda viðmiðun. Þar að auki veita lögin um verðbréf og framtíðarsamninga peningamálastofnun Singapúr vald til að setja reglur. Þessar reglur, eins og þær eru framkvæmdar af peningamálastofnun Singapúr, eru lagalega bindandi.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 201, 30.7.2019, bls. 13. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 21/2020 frá 7. febrúar 2020 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 13, 16.2.2023, bls. 44.

([1]) Stjtíð. ESB L 171, 29.6.2016, bls. 1.

7) Í 2. þætti laganna um verðbréf og framtíðarsamninga er fjármálaviðmiðun skilgreind sem verð, hlutfall, vísitala eða verðgildi, sem er i. ákvarðað með reglulegu millibili með beitingu (hvort sem það er beint eða óbeint) formúlu eða annarrar reikniaðferðar til upplýsingar eða til að sýna álit að því er varðar viðskipti, eða ástand, á markaði að því er varðar einn eða fleiri undirliggjandi hluti, ii. gerð aðgengileg almenningi (hvort sem það er án endurgjalds eða gegn greiðslu) og iii. notuð sem tilvísun við ákvörðun á vaxtagjöldum eða öðrum fjárhæðum til greiðslu vegna innlána eða lánsheimilda, til að ákvarða verð eða virði fjárfestingarafurðar eða til að mæla afkomu afurðar sem aðili býður og mælt er fyrir um í reglum.

8) Peningamálastofnun Singapúr getur, í samræmi við þátt 123B í lögunum um verðbréf og framtíðarviðskipti, tilgreint fjármálaviðmiðun sem tilgreinda viðmiðun með fyrirmælum í stjórnartíðindum. Peningamálastofnun Singapúr getur gert það ef hún er þess fullviss að i. fjármálaviðmiðunin sé kerfislega mikilvæg fjármálakerfinu í Singapúr, ii. röskun á ákvörðun fjármálaviðmiðunarinnar myndi hafa áhrif á traust almennings á viðmiðuninni eða fjármálakerfi Singapúr, iii. auðvelt gæti verið að hagræða ákvörðun á fjármálaviðmiðuninni eða iv. slíkt sé af öðrum ástæðum í þágu almennings.

9) Peningamálastofnun Singapúr hefur tilnefnt fjármálaviðmiðanir með fyrirmælum um verðbréf og framtíðarviðskipti (tilgreindar viðmiðanir) (e. *Securities and Futures (Designated Benchmarks) Order 2018*) sem gefin voru út samkvæmt þætti 123B í lögunum um verðbréf og framtíðarviðskipti. Þessi ákvörðun takmarkast við stjórnendur þeirra viðmiðana sem skráðar eru í síðustu gildandi útgáfu á fyrirmælunum um verðbréf og framtíðarsamninga (tilgreindar viðmiðanir). Þessi ákvörðun nær ekki yfir stjórnendur fjármálaviðmiðana sem uppfylla skilyrði um undanþágu frá gildissviði reglugerðar (ESB) 2016/1011 í samræmi við 2. mgr. 2. gr. þeirrar reglugerðar.

10) Samkvæmt lögunum um verðbréf og framtíðarviðskipti (einkum þáttum 123D og 123ZC) er þess krafist að bæði stjórnendur og aðilar sem leggja fram gögn í viðmiðanir hafi leyfi nema þeir hafi fengið undanþágu. Peningamálastofnun Singapúr getur tekið þá þætti til athugunar sem settir eru fram í þáttum 123F(5), 123F(6), 123F(8), 123J(1) og 123J(6) í lögunum um verðbréf og framtíðarviðskipti og reglugerð 4(1) í reglugerðinni um viðmiðanir er þau taka ákvörðun um að veita leyfi eða fella tímabundið úr gildi eða afturkalla leyfi aðila sem hefur leyfi til að starfa sem stjórnandi viðmiðunar. Peningamálastofnun Singapúr getur einnig beitt, breytt eða afturkallað skilyrði eða takmarkanir að því er varðar aðila sem hefur leyfi til að starfa sem stjórnandi viðmiðunar samkvæmt þáttum 123F(2) og 123F(3) í lögunum um verðbréf og framtíðarviðskipti. Aðili fremur afbrot ef hann stjórnar viðmiðun eða kemur fram sem stjórnandi tilgreindrar viðmiðunar án þess að fá til þess leyfi nema hann hafi fengið undanþágu frá þeirri kröfu.

11) Samkvæmt þætti 123O í lögunum um verðbréf og framtíðarviðskipti skulu stjórnendur viðmiðana gefa út kóða að því er varðar hverja tilgreinda viðmiðun sem fastsetur staðlana sem hver sá aðili sem leggur fram gögn í tilgreindu viðmiðunina skal fara að. Þetta krefst þess einnig að komið sé á eftirlitsnefnd samkvæmt reglu 8 í reglugerðunum um viðmiðanir í lögunum um verðbréf og framtíðarsamninga, sem skal einnig framkvæma reglubundna endurskoðun á gildissviði, hönnun og aðferðafræði tilgreindu viðmiðunarinnar og fyrirkomulagi til að stuðla að stjórnun tilgreindrar viðmiðunar.

12) Þættir 123J(4) og 123ZZB í lögunum um verðbréf og framtíðarviðskipti gera yfirvöldunum á sviði peningamála í Singapúr kleift að knýja stjórnanda viðmiðunar sem hefur leyfi til að halda áfram að stjórna tilgreindri viðmiðun. Þættir 123F(2) og 123F(3) í lögunum um verðbréf og framtíðarviðskipti gera peningamálastofnun Singapúr kleift að setja viðurkenndum stjórnanda viðmiðunar skilyrði í tengslum við ferlið við ákvörðun um tilgreindu viðmiðunina. Þættir 123ZI(1) og 123ZJ(1) í lögunum um verðbréf og framtíðarviðskipti gera peningamálastofnun Singapúr kleift að knýja aðila til að leggja fram gögn í tilgreinda viðmiðun með því að tilgreina aðilann sem aðila sem leggur fram gögn í tilgreinda viðmiðun (e. *designated benchmark submitter (DBS)*). Peningamálastofnun Singapúr skal hafa í huga þættina sem settir eru fram í þáttum 123ZI(2) og 123ZI(3) í lögunum um verðbréf og framtíðarviðskipti við ákvörðun um hvort tilgreina eigi aðila sem aðila sem leggur fram gögn í tilgreinda viðmiðun eða afturkalla slíka tilgreiningu. Aðili sem leggur fram gögn í tilgreinda viðmiðun fellur undir sömu viðvarandi skyldur og aðili sem hefur leyfi til að leggja fram gögn í viðmiðun.

13) Hluti VIAA í lögunum um verðbréf og framtíðarviðskipti og reglugerðirnar um fjármálaviðmiðanir endurspegla almennt meginreglur Alþjóðasamtaka eftirlitsaðila á verðbréfamarkaði um fjármálaviðmiðanir. Stjórnandi ber meginábyrgð á öllum þáttum varðandi stjórnun tilgreindrar viðmiðunar og fellur undir kröfur samkvæmt reglum í lögunum um verðbréf og framtíðarviðskipti og reglugerðinni um fjármálaviðmiðanir. Ef stjórnandi útvistar starfsemi til þriðja aðila er þess krafist að farið sé að viðmiðunarreglunum um útvistun sem peningamálastofnun Singapúr gefur út. Allt þetta endurspeglar meginreglur Alþjóðasamtaka eftirlitsaðila á verðbréfamarkaði um heildarábyrgð stjórnanda og eftirlit með þriðju aðilum.

14) Í þætti 123A í lögunum um verðbréf og framtíðarviðskipti er sett fram að markmiðin með reglukerfinu séu að stuðla að sanngjarnri og gagnsærri ákvörðun á fjármálaviðmiðunum og að draga úr kerfisáhættu. Til samræmis við það er þess krafist í þætti 123P í lögunum um verðbréf og framtíðarviðskipti að viðhaldið sé fyrirkomulagi stjórnunarhátta sem eru fullnægjandi til að ákvarða tilgreinda viðmiðun á sanngjarnan og skilvirkan hátt sem endurspeglar almennar meginreglur um að forðast hagsmunaárekstra stjórnenda. Þar að auki þarf að tryggja að kerfin og eftirlitið varðandi framkvæmd starfsemi við stjórnun tilgreindrar viðmiðunar sé fullnægjandi og viðeigandi með tilliti til umfangs og eðlis starfseminnar, sem endurspeglar meginreglu alþjóðasamtaka eftirlitsaðila á verðbréfamarkaði um eftirlitsramma fyrir stjórnendur.

15) Þar sem þess er einnig krafist í lögunum um verðbréf og framtíðarviðskipti að settur sé fram kóði að því er varðar hverja tilgreinda viðmiðun, sem stjórnandinn þarf að fá skriflegt samþykki peningamálastofnunar Singapúr fyrir, og að koma skuli á eftirlitsnefnd sem skal framkvæma reglubundna endurskoðun á gildissviði og hve fullnægjandi skilgreiningar, hönnun og aðferðafræði tilgreindu viðmiðunarinnar eru, endurspeglast einnig meginreglurnar um gagnsæi, aðferðafræði, innra eftirlit og reglubundna endurskoðun og um siðareglur aðila sem leggur fram gögn.

16) Að teknu tilliti til meginreglna Alþjóðasamtaka eftirlitsaðila á verðbréfamarkaði um umbreytingu gerir þáttur 123J peningamálastofnun Singapúr kleift að hafna því að afturkalla leyfi viðurkennds stjórnanda viðmiðunar ef það er ekki til hagsbóta fyrir almenning. Þáttur 123S í lögunum um verðbréf og framtíðarviðskipti, ásamt reglugerð 13 í reglunum um viðmiðanir og tilkynningin til stjórnenda viðmiðana um framlagningu reglubundinna skýrslna samsvara meginreglum Alþjóðasamtaka eftirlitsaðila á verðbréfamarkaði um endurskoðun. Þáttur 123S í lögunum um verðbréf og framtíðarviðskipti og reglugerð 12 í reglunum um viðmiðanir, að því er varðar stjórnendur viðmiðana, og þáttur 123ZN(1) í lögunum um verðbréf og framtíðarviðskipti og reglugerð 20 í reglunum um viðmiðanir, í tengslum við aðila sem leggja fram gögn í viðmiðanir, samsvara meginreglum Alþjóðasamtaka eftirlitsaðila á verðbréfamarkaði um endurskoðunarslóð. Þættir 123V og 123ZR í lögunum um verðbréf og framtíðarviðskipti samsvara meginreglum Alþjóðasamtaka eftirlitsaðila á verðbréfamarkaði um samstarf við eftirlitsyfirvöld.

17) Það má því ályktа að hinar bindandi kröfur að því er varðar stjórnendur fjármálaviðmiðana sem tilgreindar eru sem „tilgreindar viðmiðanir“ samkvæmt fyrirmælunum um verðbréf og framtíðarsamninga (tilgreindar viðmiðanir) séu jafngildar samsvarandi kröfum í reglugerð (ESB) 2016/1011.

18) Samkvæmt 30. gr. reglugerðar (ESB) 2016/1011 er þess einnig krafist að hinar bindandi kröfur falli undir skilvirkt eftirlit og framfylgd á áframhaldandi grundvelli í þriðja landinu.

19) Eftirlitsskyldir stjórnendur og aðilar sem leggja fram gögn falla undir viðvarandi eftirlit og yfirsýn peningamálastofnunar Singapúr. Peningamálastofnun Singapúr ber ábyrgð á því að framfylgja því að eftirlitsskyldir stjórnendur og aðilar sem leggja fram gögn uppfylli skyldur sínar samkvæmt lögunum um verðbréf og framtíðarviðskipti og reglugerðunum um viðmiðanir og framkvæma í því skyni reglubundið mat á því að stjórnendurnir og aðilarnir sem leggja fram gögn fari að þeim. Við mat sitt getur peningamálastofnun Singapúr tekið tillit til allra upplýsinga og skýrslna sem þau telja viðeigandi. Þættir 123O til 123V í lögunum um verðbréf og framtíðarviðskipti ramma inn almennar skyldur og þættir 123F(4) og 123K(6) í lögunum um verðbréf og framtíðarviðskipti kveða á um skilyrðin sem fylgja leyfi eða undanþágu þeirra. Þættir 123ZZA og 123ZZB í lögunum um verðbréf og framtíðarviðskipti gera peningamálastofnun Singapúr kleift að setja frekari reglur og leiðbeiningar sem stjórnendum er skylt að fara eftir.

20) Þættir 123Q(1) og 123S í lögunum um verðbréf og framtíðarviðskipti og reglugerðir 11, 13(1) og 13(2) í reglugerðunum um viðmiðanir krefjast þess að stjórnendur tilkynni peningamálastofnun Singapúr um tiltekin málefni, þ.m.t. ef stjórnandinn hefur ekki uppfyllt eftirlitsskyldur sínar. Peningamálastofnun Singapúr hefur vald til að safna upplýsingum sem gerir henni kleift að meta hvort leyfishafar uppfylli lögin um verðbréf og framtíðarviðskipti.

21) Þáttur 123ZZB í lögunum um verðbréf og framtíðarviðskipti veitir peningamálastofnun Singapúr vald til að gefa út leiðbeiningar til stjórnenda, sem geta m.a. verið að skipa stjórnandanum að gefa peningamálastofnun Singapúr skýrslu um tiltekið málefni, þ.m.t. endurskoðunarskýrslu um upplýsingar um þessi málefni. Þættir 150 og 150A í lögunum um verðbréf og framtíðarviðskipti veita peningamálastofnun Singapúr vald til að rannsaka stjórnanda og deila skýrslunni með erlendum eftirlitsaðilum, eftir því sem við á.

22) Ef stjórnandi viðmiðunar uppfyllir ekki eftirlitsskyldur sínar getur peningamálastofnun Singapúr gefið út leiðbeiningar samkvæmt þætti 123ZZB í lögunum um verðbréf og framtíðarviðskipti til að framkvæma sértækar ráðstafanir til að leiðrétta málefnið. Peningamálastofnun Singapúr getur áminnt stjórnanda samkvæmt þætti 334 í lögunum um verðbréf og framtíðarviðskipti og/eða sett skilyrði eða takmarkanir að því er varðar viðskipti eða starfsemi stjórnanda viðmiðunar samkvæmt þáttum 123F(3) og 123K(4) í lögunum um verðbréf og framtíðarviðskipti. Peningamálastofnun Singapúr getur einnig fellt tímabundið úr gildi eða afturkallað leyfi eða undanþágu við sérstakar aðstæður [sjá þætti 123J(1), 123J(2), 123J(6), 123N(1) og 123N(3)]. Þar að auki getur peningamálastofnun Singapúr lagt bann á stjórnanda samkvæmt þætti 123ZZC(1) í lögunum um verðbréf og framtíðarviðskipti. Enn fremur telst það brot að uppfylla ekki kröfur samkvæmt lögunum um verðbréf og framtíðarviðskipti. Lögin um verðbréf og framtíðarviðskipti kveða á um viðurlög við brotum gegn kröfunum.

23) Að lokum er þess krafist samkvæmt grein 4(n) í Eyðublaði 7, sem gefið var út samkvæmt þætti 123E(2) í lögunum um verðbréf og framtíðarviðskipti „Umsókn um leyfi sem viðurkenndur stjórnandi viðmiðunar“ (e. „*Application for Authorisation as an Authorised Benchmark Administrator*)“ er það eitt af skilyrðunum fyrir því að vera viðurkenndur stjórnandi viðmiðunar að farið sé að meginreglum Alþjóðasamtaka eftirlitsaðila á verðbréfamarkaði. Peningamálastofnun Singapúr tekur út stefnur og verklagsreglur, ramma og eftirlit stjórnanda viðmiðunar og stýrir, sem hluta af úttektarferlinu við umsókn stjórnanda viðmiðunar um leyfi eða undanþágu. Í a-lið þáttar 123P(1) í lögunum um verðbréf og framtíðarviðskipti er þess einnig krafist að stjórnandi tilgreindrar viðmiðunar stýri allri áhættu í tengslum við viðskipti sín og rekstur af varfærni.

24) Framkvæmdastjórnin hefur því komist að þeirri niðurstöðu að hinar bindandi kröfur að því er varðar stjórnendur fjármálaviðmiðana sem tilgreindar eru sem „tilgreindar viðmiðanir“ samkvæmt fyrirmælunum um verðbréf og framtíðarsamninga (tilnefndar viðmiðanir) falli undir skilvirkt eftirlit og framfylgd á áframhaldandi grundvelli.

25) Stjórnendur viðmiðana í Sambandinu þurfa ekki að fá leyfi til að hægt sé að nota viðmiðanir þeirra í Singapúr, nema viðmiðun sé tilgreind sem tilgreind viðmiðun af peningamálastofnun Singapúr. Peningamálastofnun Singapúr hefur upplýst framkvæmdastjórnina um það mat sitt að engin af viðmiðunum Sambandsins uppfylli skilyrðin til að vera tilgreind viðmiðun í Singapúr.

26) Til fyllingar þessari ákvörðun mun koma samstarfsfyrirkomulag til að tryggja skilvirk upplýsingaskipti og samræmingu eftirlitsstarfsemi milli Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar og peningamálastofnunar Singapúr.

27) Þessi ákvörðun er á grundvelli mats á gildandi lagalega bindandi kröfum að því er varðar viðmiðanir í Singapúr þegar þessi ákvörðun er samþykkt. Framkvæmdastjórnin mun áfram hafa reglulegt eftirlit með markaðsþróun, þróun laga- og eftirlitsramma um viðmiðanir og skilvirkni eftirlitssamstarfs í tengslum við eftirlit og framfylgd með því hvort skilyrðin um að tryggja viðvarandi uppfyllingu á kröfunum sem þessi ákvörðun byggist á hafi verið uppfyllt.

28) Þessi ákvörðun hefur ekki áhrif á vald framkvæmdastjórnarinnar til að takast á hendur sértæka endurskoðun, hvenær sem er, ef viðeigandi þróun gerir það nauðsynlegt að framkvæmdastjórnin endurmeti þessa ákvörðun.

29) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit evrópsku verðbréfanefndarinnar.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Að því er varðar 30. gr. reglugerðar (ESB) nr. 2016/1011 telst laga- og eftirlitsrammi Singapúr, sem gildir um stjórnendur fjármálaviðmiðana sem tilgreindar eru sem tilgreindar viðmiðanir samkvæmt fyrirmælunum um verðbréf og framtíðarsamninga (tilgreindar viðmiðanir) frá 2018, vera jafngildur kröfunum sem mælt er fyrir um í reglugerð (ESB) 2016/1011 og falla undir skilvirkt eftirlit og framfylgd á áframhaldandi grundvelli.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi 20 dögum eftir að hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

Gjört í Brussel 29. júlí 2019.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2018/405 **2023/EES/63/11**

frá 21. nóvember 2017

um leiðréttingu á tilteknum tungumálaútgáfum reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 um varfærniskröfur að því er varðar lánastofnanir og verðbréfafyrirtæki og um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 648/2012 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 frá 26. júní 2013 um varfærniskröfur að því er varðar lánastofnanir og verðbréfafyrirtæki og um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 648/2012 ([1]), einkum j-lið 1. mgr. 456. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í hollenskri tungumálaútgáfu reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 er villa í þriðju undirgrein 3. mgr. 429. gr. a sem felld var inn með framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/62 ([2]) og felst í rangri tilvísun sem þrengir gildissvið skilyrðanna sem rekstraraðilar skulu uppfylla. Þetta hefur ekki áhrif á aðrar tungumálaútgáfur.

2) Í tékkneskri tungumálaútgáfu reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 er villa í 4. mgr. 429. gr. b sem felld var inn með framseldri reglugerð (ESB) 2015/62 og verður til þess að skilyrðið sem gildir um notkun einföldu aðferðarinnar um fjárhagslegar tryggingar fær gagnstæða merkingu miðað við hinar tungumálaútgáfurnar. Þetta hefur ekki áhrif á aðrar tungumálaútgáfur.

3) Í litáískri tungumálaútgáfu reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 er villa í 4. mgr. 429. gr. b sem felld var inn með framseldri reglugerð (ESB) 2015/62 og varðar ákvörðun viðbótarinnar. Þetta hefur ekki áhrif á aðrar tungumálaútgáfur.

4) Því ætti að leiðrétta reglugerð (ESB) nr. 575/2013 til samræmis við það.

5) Til í þágu réttarvissu ætti þessi reglugerð að gilda frá gildistökudegi framseldrar reglugerðar (ESB) 2015/62.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

(Á ekki við um íslensku útgáfuna).

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 18. janúar 2015.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 74, 16.3.2018, bls. 3. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 64/2020 frá 30. apríl 2020 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 19, 9.3.2023, bls. 32.

([1]) Stjtíð. ESB L 176, 27.6.2012, bls. 1.

([2]) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/62 frá 10. október 2014 um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 að því er varðar vogunarhlutfallið (Stjtíð. ESB L 11, 17.1.2015, bls. 37).

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 21. nóvember 2017.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2019/1689 **2023/EES/63/12**

frá 29. maí 2019

um breytingu á framseldri reglugerð (ESB) 2018/1229 um leiðréttingu á rúmensku tungumálaútgáfunni á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 909/2014 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla um aga í uppgjöri (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 909/2014 frá 23. júlí 2014 um bætt verðbréfauppgjör í Evrópusambandinu og um verðbréfamiðstöðvar og um breytingu á tilskipunum 98/26/EB og 2014/65/ESB og reglugerð (ESB) nr. 236/2012 ([1]), einkum 5. mgr. 6. gr. og 15. mgr. 7. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í rúmensku tungumálaútgáfunni af framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1229 ([2]) er villa í 42. gr. sem varðar gildistöku gerðarinnar.

2) Því ætti að leiðrétta framselda reglugerð (ESB) 2018/1229 til samræmis við það. Þetta hefur ekki áhrif á aðrar tungumálaútgáfur.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

(Á ekki við um íslensku útgáfuna).

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 29. maí 2019.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 259, 10.10.2019, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 215/2020 frá 11. desember 2020 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn (síður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 257, 28.8.2014, bls. 1.

([2]) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1229 frá 25. maí 2018 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 909/2014 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla um aga í uppgjöri (Stjtíð. ESB L 230, 13.9.2018, bls. 1).

FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2021/526 **2023/EES/63/13**

frá 23. október 2020

um leiðréttingu á tékkneskri útgáfu framseldrar reglugerðar (ESB) 2015/35 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/138/EB um stofnun og rekstur fyrirtækja á sviði vátrygginga og endurtrygginga (Gjaldþolsáætlun II) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/138/EB frá 25. nóvember 2009 um stofnun og rekstur fyrirtækja á sviði vátrygginga og endurtrygginga (Gjaldþolsáætlun II) ([1]), einkum 111. gr. (c-lið 1. mgr.), 234. gr., 241. gr. (a- og c-lið), 245. gr. (4. mgr.), 248. gr. (7. mgr.) og 260. gr. (2. mgr.),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Tékkneska tungumálaútgáfan af framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/35 ([2]) inniheldur villur í 182. gr. (1. mgr.), 190. gr. (1. og 2. mgr.), 331. gr. (a-lið 1. mgr.), 332. gr. (inngangsmálslið og a-lið 1. mgr.), 333. gr. (inngangsmálslið og a-lið 1. mgr.), 335. gr. (a-, b- og d-lið 1. mgr.), 343. gr. (iv. lið a-liðar 5. mgr.), 346. gr. (a-lið 1. mgr.), 350. gr. (a-lið 1. mgr.), 351. gr. (1. mgr.), 351. gr. (c-lið 2. mgr.), 352. gr. (2. mgr.), 355. gr. (b-lið 4. mgr.), 377. gr. (1. mgr.) og 380. gr. (i. lið b-liðar), sem breyta merkingu textans.

2) Því ætti að leiðrétta tékknesku útgáfuna af framseldri reglugerð (ESB) 2015/35 til samræmis við það. Þetta hefur ekki áhrif á aðrar tungumálaútgáfur.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

(Á ekki við um íslensku útgáfuna).

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.*

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 23. október 2020.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 106, 26.3.2021, bls. 29. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 169/2021 frá 11. Júní 2021 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn (síður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 335, 17.12. 2009, bls. 1.

([2]) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/35 frá 10. október 2014 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/138/EB um stofnun og rekstur fyrirtækja á sviði vátrygginga og endurtrygginga (Gjaldþolsáætlun II) (Stjtíð. ESB L 12, 17.1.2015, bls. 1).

ÁKVÖRÐUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (ESB) 2020/1782 **2023/EES/63/14**

frá 25. nóvember 2020

um breytingu á ákvörðun nr. 573/2014/ESB um aukið samstarf milli opinberra vinnumiðlana (*)

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 149. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins,

eftir að hafa lagt drög að lagagerð fyrir þjóðþingin,

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndar Evrópusambandsins ([1]),

að höfðu samráði við svæðanefndina,

í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð ([2]),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Með ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 573/2014/ESB ([3]) er komið á neti opinberra vinnumiðlana í Evrópu („net opinberra vinnumiðlana“) fyrir tímabilið 17. júní 2014 til 31. desember 2020.

2) Net opinberra vinnumiðlana miðar að því að nútímavæða og efla opinberar vinnumiðlanir með það fyrir augum að auka afköst þeirra, gæði þjónustunnar, árangur þeirra og skilvirkni. Þessu yrði náð fram með því að veita vettvang fyrir samanburð á frammistöðu þeirra á vettvangi Sambandsins, tilgreina bestu starfsvenjur og koma á gagnkvæmu námskerfi, með það fyrir augum að stuðla að mannsæmandi störfum og sjálfbærum störfum og störfum fyrir alla. Það miðar einnig að því að veita opinberum vinnumiðlunum fleiri tækifæri til að styðja við þróun nýskapandi, framtíðarmiðaðra og gagnreyndra stefna í samræmi við viðeigandi stefnufrumkvæði Sambandsins og við þau efnahagslegu og félagslegu markmið og atvinnumarkmið sem sett eru fram í 3. mgr. 3. gr. sáttmálans um Evrópusambandið.

3) Net opinberra vinnumiðlana hefur átt stóran þátt í að hvetja til frekara samstarfs milli aðildarríkja innan ábyrgðarsvæðis opinberra vinnumiðlana sem og stuðlað að nútímavæðingu og styrkingu opinberra vinnumiðlana. Mat á framkvæmd ákvörðunar nr. 573/2014/ESB sýnir að net opinberra vinnumiðlana hefur haft jákvæð áhrif og hvenær má draga lærdóm af mismunandi starfsemi og reynslu. Enn fremur hefur net opinberra vinnumiðlana aukið getu sína og þróað nýskapandi og gagnreyndar ráðstafanir til að framkvæma atvinnustefnur.

4) Til að nýta þann árangur sem náðst hefur hingað til og rækta frekara samstarf milli opinberra vinnumiðlana ætti að framlengja tímabillið fyrir net opinberra vinnumiðlana til 31. desember 2027.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 400, 30.11.2020, bls. 7 Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 224/2021 frá 9. Júlí 2021 um breytingu á bókun 31 við EES-samninginn, um samvinnu á sérstökum sviðum utan marka fjórþætta frelsisins (bíður birtingar).

([1]) Álit frá 30. október 2019 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindunum).

([2]) Afstaða Evrópuþingsins frá 11. nóvember 2020 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindunum) og ákvörðun ráðsins frá 18. nóvember 2020.

([3]) Ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 573/2014/ESB frá 15. maí 2014 um aukið samstarf milli opinberra vinnumiðlana (Stjtíð. ESB L 159, 28.5.2014, bls. 32).

5) Net opinberra vinnumiðlana ætti að styrkja samstarf milli aðila þess og þróa sameiginleg framtaksverkefni í þeim tilgangi að skiptast á upplýsingum og bestu starfsvenjum á öllum aðgerðasvæðum opinberra vinnumiðlana með því að veita samanburðargreiningar og ráð og hvetja til nýskapandi framtaksverkefna á sviði atvinnumiðlunar. Í því samhengi, og eftir því sem við á, ætti að leggja áherslu á samstarf opinberra vinnumiðlana til að auðvelda aðlögun aðila, sem heyra undir reglur Sambandsins um samræmingu almannatryggingakerfa, og þá aðstoð sem þeim er veitt. Starf nets opinberra vinnumiðlana ætti að gera kleift að bera saman allar opinberar vinnumiðlanir á allan hátt, gagnreynt og með áherslu á frammistöðu þeirra, til að hægt sé að ákvarða bestu starfsvenjur á starfssviðum þeirra, sem stuðlar að betri hönnun og veitingu vinnumiðlunar innan tiltekins valdsviðs þeirra. Framtaksverkefni nets opinberra vinnumiðlana ættu að bæta skilvirkni opinberra vinnumiðlana og stuðla að skilvirkari nýtingu á opinberu fjármagni.

6) Net opinberra vinnumiðlana ætti að styðja framkvæmd Evrópustoðar félagslegra réttinda, en meginreglur hennar fela í sér virkan stuðning við atvinnumál. Það ætti einnig að stuðla að samfélagslega réttlátum umskiptum í átt að grænu hagkerfi og framkvæmd viðeigandi meginreglna og markmiða heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun, með því að auka hagvöxt fyrir alla og sjálfbæran hagvöxt og atvinnu, sem og mannsæmandi störf fyrir alla.

7) Net opinberra vinnumiðlana ætti að halda áfram að efla og styrkja kerfisbundið og kerfislægt samstarf við aðra viðeigandi hagsmunaaðila vinnumarkaðarins, þ.m.t. einkum stofnanir Sambandsins á sviði atvinnumála, félagsmálastefnu, kynjajafnréttis, menntunar og þjálfunar, sem og aðila vinnumarkaðarins, þjónustuveitendur á sviði atvinnu- og félagsmála, stofnanir sem starfa í þágu viðkvæmra hópa og staðar- og svæðisyfirvalda, til að stuðla að samlegðaráhrifum, miðla bestu starfsvenjum og tryggja samræmdan regluramma, þar sem við á.

8) Styðja ætti nægilega við hlutverk opinberra vinnumiðlana við að veita fólki í atvinnuleit og fyrirtækjum skilvirkari þjónustu á landsvísu og, ef við á, á svæðisbundnum vettvangi, með nægilegum mannafla og fjárstuðningi fyrir þjálfun starfsfólks og búnað. Aðildarríkin ættu að veita opinberum vinnumiðlunum nauðsynleg úrræði til að gera opinberu vinnumiðlununum kleift, með fullnægjandi hætti, að taka á stafvæðingu hagkerfisins, breyttu vinnumynstri, þ.m.t. nýjum vettvangi hagkerfa, og félagslegri og lýðfræðilegri þróun.

9) Fjárstuðningur Sambandsins við net opinberra vinnumiðlana ætti að vera aðgengilegur í samræmi við fjárhagsrammann til margra ára fyrir tímabilið 2021-2027.

10) Net opinberra vinnumiðlana og framtaksverkefni þess ættu að vera fjármögnuð í samræmi við fjárhagsáætlun Sambandsins og innan marka þeirra fjárheimilda sem Evrópuþingið og ráðið ákveða.

11) Aðildarríki ættu að hafa aðgang að fjármögnun úr viðkomandi áætlunum Sambandsins að því er varðar verkefni sem net opinberra vinnumiðlana þróar eða eru tilgreind í gagnkvæmum lærdómi og einstakar opinberar vinnumiðlanir framkvæma.

12) Til að tryggja snurðulausa samfelldni í starfsemi nets opinberra vinnumiðlana ætti þessi ákvörðun að koma til framkvæmda frá og með 1. janúar 2021.

13) Því ætti að breyta ákvörðun nr. 573/2014/ESB til samræmis við það.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Ákvörðun nr. 573/2014/ESB er breytt sem hér segir:

1) Í stað fyrstu málsgreinar 1. gr. kemur eftirfarandi:

„Hér með er neti opinberra vinnumiðlana í gervöllu Sambandinu („net opinberra vinnumiðlana“) komið á fót fyrir tímabilið frá 1. janúar 2021 til 31. desember 2027. Net opinberra vinnumiðlana skal koma þeim framtaksverkefnum, sem mælt er fyrir um í 4. gr., til framkvæmda.“

2) Ákvæðum 3. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað inngangsorðanna kemur eftirfarandi:

„Markmiðið með þessari ákvörðun er að hvetja til samstarfs milli aðildarríkjanna, á ábyrgðarsviðum opinberra vinnumiðlana, í gegnum net opinberra vinnumiðlana í því skyni að vinna að því að koma atvinnustefnu Sambandsins til framkvæmda. Þetta mun einnig hjálpa til við framkvæmd meginreglna Evrópustoðar félagslegra réttinda, stuðla að markmiðum Græna samkomulagsins í Evrópu og að ná markmiðum heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun og styðja þannig við:“

b) Í stað a-liðar kemur eftirfarandi:

„a) alla viðkvæma hópa samfélagsins þar sem hlutfall atvinnulausra er hátt, einkum eldri starfsmenn og ungt fólk sem hvorki hefur atvinnu né er í námi eða þjálfun, sem og fatlað fólk og fólk sem verður fyrir mismunun á margvíslegum grundvelli,“

c) Í stað c- og d-liðar kemur eftirfarandi:

„c) betri starfsemi vinnumarkaða og vinnumarkaði fyrir alla,

ca) kynjajafnrétti,

d) að greindur sé skortur á tiltekinni færni og upplýsingar veittar um umfang þessa og staðsetningu og einnig að færni atvinnuleitenda og þarfir vinnuveitenda séu betur paraðar saman, þ.m.t. að greindar séu þarfir á starfsþjálfun sem og ráðningarhæfi atvinnuleitenda og að koma í veg fyrir atvinnuleysi, t.d. með starfsráðgjöf og þjálfun,“

3) Ákvæðum 1. mgr. 4. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað i. liðar í a-lið kemur eftirfarandi:

„i. framlag til að draga úr atvinnuleysi hjá öllum aldurshópum, kynjum og hjá viðkvæmum hópum,“

b) Í stað c-liðar kemur eftirfarandi:

„c) stuðla að nútímavæðingu og eflingu opinberra vinnumiðlana á lykilsviðum með tilliti til atvinnu- og félagsmálastefnu Sambandsins og að teknu tilliti til Evrópustoðar félagslegra réttinda, Græns samkomulags í Evrópu og heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun, sem og áskorana í tengslum við stafvæðingu, breytingar á vinnumarkaði og vinnumynstrum og lýðfræðilegar breytingar,“

c) Í stað f- og g-liðar kemur eftirfarandi:

„f) samþykkt og framkvæmd árlegrar starfsáætlunar sinnar þar sem koma fram starfsaðferðir þess, niðurstöður sem vænst er og atriði í tengslum við framkvæmd lærdómsviðmiða, sem og miðlunar- og samstarfsáætlanir,

g) stuðla að og miðla bestu starfsvenjum við að greina ungt fólk sem hvorki hefur atvinnu né er í námi eða þjálfun, við að þróa framtaksverkefni til að tryggja að þetta unga fólk afli sér þeirrar færni sem nauðsynleg er til að komast inn á vinnumarkaðinn og vera þar áfram, og við aðlögun þeirra sem hafa verið atvinnulausir í langan tíma og annarra viðkvæma hópa að vinnumarkaði,“

4) Í stað 5. gr. kemur eftirfarandi:

„5. gr.

Samstarf

Net opinberra vinnumiðlana skal þróa samstarf við viðeigandi hagsmunaaðila vinnumarkaðarins, þ.m.t. aðra þá sem veita vinnumiðlunar- og félagsþjónustu og aðila vinnumarkaðarins og, eftir því sem við á, stofnanir Sambandsins á sviði atvinnumála, félagsmálastefnu, kynjajafnréttis, menntunar og þjálfunar, stofnanir sem starfa í þágu atvinnulausra einstaklinga eða annarra viðkvæmra hópa, jafnréttisstofnanir, starfsmenntunarstofnanir, frjáls félagasamtök sem starfa á sviði atvinnumála og réttlátra umskipta, og svæðis- og staðaryfirvöld, með því að hafa þá með í viðeigandi starfsemi og fundum nets opinberra vinnumiðlana og skiptast á upplýsingum og gögnum við þá. Net opinberra vinnumiðlana getur miðlað bestu starfsvenjum til viðeigandi opinberra vinnumiðlana í þriðja landi.“

5) Í stað 5. mgr. 6. gr. kemur eftirfarandi:

„5. Stjórnin skal njóta aðstoðar skrifstofu sem framkvæmdastjórnin sér henni fyrir og hýsir. Skrifstofan skal, í samstarfi við formann og varaformenn, undirbúa fundi stjórnar, árlegu vinnuáætlunina og ársskýrslu nets opinberra vinnumiðlana. Skrifstofan skal starfa náið með skrifstofu atvinnumálanefndarinnar til að samræma framtaksverkefni og auka samstarf milli nets opinberra vinnumiðlana og atvinnumálanefndarinnar.“

6) Í stað 7. gr. kemur eftirfarandi:

„7. gr.

Fjárstuðningur

Nauðsynlegt heildarfjármagn til framkvæmdar þessari ákvörðun skal gert aðgengilegt í samræmi við fjárhagsrammann til margra ára fyrir tímabilið 2021/2027 og skulu árlegar fjárveitingar hennar háðar samþykki Evrópuþingsins og ráðsins og rúmast innan fjárhagsrammans.“

7) Í stað 2. mgr. 9. gr. kemur eftirfarandi:

„2. Valdaframsalið sem um getur í 8. gr., skal falið framkvæmdastjórninni til 31. desember 2027.“

8) Í stað 10. gr. kemur eftirfarandi:

„10. gr.

Endurskoðun

Eigi síðar en 30. september 2026 skal framkvæmdastjórnin leggja matsskýrslu um framkvæmd þessarar ákvörðunar fyrir Evrópuþingið, ráðið, efnahags- og félagsmálanefndina og svæðanefndina. Í skýrslunni skal m.a. meta að hvaða marki net opinberra vinnumiðlana hefur stuðlað að því að ná markmiðunum sem sett eru fram í 3. gr.“

2. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 1. janúar 2021.

Gjört í Brussel 25. nóvember 2020.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,	*Fyrir hönd ráðsins,*
D. M. SASSOLI	M. ROTH
forseti.	*forseti.*

FRAMKVÆMDARÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2021/1288 **2023/EES/63/15**

frá 2. ágúst 2021

um frestun að því er varðar lokadag samþykkis fyrir bórsýru til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 8 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 frá 22. maí 2012 um að bjóða sæfivörur fram á markaði og um notkun þeirra ([1]), einkum 5. mgr. 14. gr.,

að höfðu samráði við fastanefndina um sæfivörur,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Virka efninu bórsýru var bætt við í I. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB ([2]) til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 8 og telst því samþykkt skv. 86. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012 með fyrirvara um forskriftir og skilyrði sem sett eru fram í I. viðauka við þá tilskipun.

2) Samþykki fyrir bórsýru til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 8 rennur út 31. ágúst 2021. Umsókn um endurnýjun á samþykki fyrir bórsýru var lögð fram 28. febrúar 2020 í samræmi við 1. mgr. 13. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012.

3) Þar eð bórsýra er flokkuð sem efni sem hefur eiturhrif á æxlun í undirflokki 1B í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1272/2008 ([3]) uppfyllir hún viðmiðanir fyrir útilokun sem settar eru fram í c-lið 1. mgr. 5. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012.

4) Hinn 2. júlí 2020 upplýsti lögbært matsyfirvald Hollands framkvæmdastjórnina um ákvörðun sína, skv. 1. mgr. 14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012, um að framkvæma þurfi heildarmat á umsókninni. Samkvæmt 1. mgr. 8. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012 skal lögbæra matsyfirvaldið framkvæma heildarmat á umsókninni innan 365 daga frá fullgildingu hennar.

5) Lögbæru matsyfirvaldi er heimilt, eins og við á, að óska eftir því að umsækjandi leggi fram fullnægjandi gögn fyrir framkvæmd matsins í samræmi við 2. mgr. 8. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012. Í slíku tilviki er 365-daga fresturinn rofinn en rofið skal ekki vara lengur en 180 daga alls nema lengri frestur sé réttlætanlegur vegna eðlis gagnanna sem krafist er eða vegna sérstakra aðstæðna.

6) Innan 270 daga frá viðtöku tilmæla frá lögbæra matsyfirvaldinu skal Efnastofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Efnastofnunin) semja og leggja fyrir framkvæmdastjórnina álit um endurnýjun á samþykkinu fyrir virka efninu í samræmi við 3. mgr. 14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012.

7) Af þessum sökum, af ástæðum sem umsækjandinn fær ekki ráðið við, er líklegt að samþykkið fyrir bórsýru til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 8 renni út áður en ákvörðun um endurnýjun þess hefur verið tekin. Því er viðeigandi að fresta lokadegi samþykkis fyrir bórsýru til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 8 í nægilega langan tíma til að unnt sé að taka umsóknina til meðferðar. Að teknu tilliti til þess tímafrests sem gefinn er fyrir mat af hálfu lögbæra matsyfirvaldsins og

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 279, 3.8.2021, bls. 43. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 65/2022 frá 18. mars 2022 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 45, 7.7.2022, bls. 31.

([1]) Stjtíð. ESB L 167, 27.6.2012, bls. 1.

([2]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB frá 16. febrúar 1998 um markaðssetningu sæfiefna (Stjtíð EB L 123, 24.4.1998, bls. 1).

([3]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1272/2008 frá 16. desember 2008 um flokkun, merkingu og pökkun efna og blandna, um breytingu og niðurfellingu á tilskipunum 67/548/EBE og 1999/45/EB og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1907/2006 (Stjtíð. ESB L 353, 31.12.2008, bls. 1).

fyrir undirbúning og framlagningu álits af hálfu Efnastofnunarinnar og til þess tíma sem þarf til að ákvarða hvort a.m.k. eitt af skilyrðunum í fyrstu undirgrein 2. mgr. 5. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012 sé uppfyllt og hvort endurnýja megi því samþykkið fyrir bórsýru er viðeigandi að fresta lokadagsetningu samþykkisins til 28. febrúar 2024.

8) Samþykki fyrir bórsýru til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 8 ætti að gilda áfram, með fyrirvara um forskriftirnar og skilyrðin sem sett eru fram í I. viðauka við tilskipun 98/8/EB, burtséð frá lokadegi samþykkis.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Lokadegi samþykkis fyrir bórsýru til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 8 er frestað til 28. febrúar 2024.

2. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Gjört í Brussel 2. ágúst 2021.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

FRAMKVÆMDARÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2021/1289 **2023/EES/63/16**

frá 2. ágúst 2021

um frestun að því er varðar lokadag samþykkis fyrir dasómeti til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 8 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 frá 22. maí 2012 um að bjóða sæfivörur fram á markaði og um notkun þeirra ([1]), einkum 5. mgr. 14. gr.,

að höfðu samráði við fastanefndina um sæfivörur,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Virka efninu dasómeti var bætt við í I. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB ([2]) til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 8 og telst því samþykkt skv. 86. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012 með fyrirvara um forskriftir og skilyrði sem sett eru fram í I. viðauka við þá tilskipun.

2) Samþykki fyrir dasómeti til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 8 rennur út 31. júlí 2022. Umsókn um endurnýjun á samþykki fyrir dasómeti var lögð fram 26. janúar 2021 í samræmi við 1. mgr. 13. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012.

3) Hinn 24. mars 2021 upplýsti lögbært matsyfirvald Belgíu framkvæmdastjórnina um ákvörðun sína, skv. 1. mgr. 14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012, um að framkvæma þurfi heildarmat á umsókninni. Samkvæmt 1. mgr. 8. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012 skal lögbæra matsyfirvaldið framkvæma heildarmat á umsókninni innan 365 daga frá fullgildingu hennar.

4) Lögbæru matsyfirvaldi er heimilt, eins og við á, að óska eftir því að umsækjandi leggi fram fullnægjandi gögn fyrir framkvæmd matsins í samræmi við 2. mgr. 8. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012. Í slíku tilviki er 365-daga fresturinn rofinn en rofið skal ekki vara lengur en 180 daga alls nema lengra rof á frestinum sé réttlætanlegt vegna eðlis gagnanna sem krafist er eða vegna sérstakra aðstæðna.

5) Innan 270 daga frá viðtöku tilmæla frá lögbæra matsyfirvaldinu skal Efnastofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Efnastofnunin) semja og leggja fyrir framkvæmdastjórnina álit um endurnýjun á samþykkinu fyrir virka efninu í samræmi við 3. mgr. 14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012.

6) Af þessum sökum, af ástæðum sem umsækjandinn fær ekki ráðið við, er líklegt að samþykkið fyrir dasómeti til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 8 renni út áður en ákvörðun um endurnýjun þess hefur verið tekin. Því er viðeigandi að fresta lokadegi samþykkis fyrir dasómeti til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 8 í nægilega langan tíma til að unnt sé að taka umsóknina til meðferðar. Að teknu tilliti til þeirra tímamarka sem gefin eru fyrir mat af hálfu lögbæra matsyfirvaldsins og fyrir undirbúning og framlagningu álits af hálfu Efnastofnunarinnar þykir rétt að fresta lokadagsetningu samþykkisins til 31. janúar 2025.

7) Samþykki fyrir dasómeti til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 8 ætti að gilda áfram, með fyrirvara um forskriftirnar og skilyrðin sem sett eru fram í I. viðauka við tilskipun 98/8/EB, burtséð frá lokadegi samþykkis.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 279, 3.8.2021, bls. 45. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 65/2022 frá 18. mars 2022 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 45, 7.7.2022, bls. 31.

([1]) Stjtíð. ESB L 167, 27.6.2012, bls. 1.

([2]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB frá 16. febrúar 1998 um markaðssetningu sæfiefna (Stjtíð. EB L 123, 24.4.1998, bls. 1).

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Lokadegi samþykkis fyrir dasómeti til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 8 er frestað til 31. janúar 2025.

2. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Gjört í Brussel 2. ágúst 2021.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

FRAMKVÆMDARÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2021/1290 **2023/EES/63/17**

frá 2. ágúst 2021

um frestun að því er varðar lokadag samþykkis fyrir dínatríumtetrabórati til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 8 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 frá 22. maí 2012 um að bjóða sæfivörur fram á markaði og um notkun þeirra ([1]), einkum 5. mgr. 14. gr.,

að höfðu samráði við fastanefndina um sæfivörur,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Virka efninu dínatríumtetrabórati var bætt við í I. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB ([2]) til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 8 og telst því samþykkt skv. 86. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012 með fyrirvara um forskriftir og skilyrði sem sett eru fram í I. viðauka við þá tilskipun.

2) Samþykki fyrir dínatríumtetrabórati til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 8 rennur út 31. ágúst 2021. Umsókn um endurnýjun á samþykki fyrir dínatríumtetrabórati var lögð fram 28. febrúar 2020 í samræmi við 1. mgr. 13. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012.

3) Þar eð dínatríumtetrabórat er flokkað sem efni sem hefur eiturhrif á æxlun í undirflokki 1B í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1272/2008 ([3]) uppfyllir það viðmiðanir fyrir útilokun sem settar eru fram í c-lið 1. mgr. 5. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012.

4) Hinn 2. júlí 2020 upplýsti lögbært matsyfirvald Hollands framkvæmdastjórnina um ákvörðun sína, skv. 1. mgr. 14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012, um að framkvæma þurfi heildarmat á umsókninni. Samkvæmt 1. mgr. 8. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012 skal lögbæra matsyfirvaldið framkvæma heildarmat á umsókninni innan 365 daga frá fullgildingu hennar.

5) Lögbæru matsyfirvaldi er heimilt, eins og við á, að óska eftir því að umsækjandi leggi fram fullnægjandi gögn fyrir framkvæmd matsins í samræmi við 2. mgr. 8. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012. Í slíku tilviki er 365-daga fresturinn rofinn en rofið skal ekki vara lengur en 180 daga alls nema lengri frestur sé réttlætanlegur vegna eðlis gagnanna sem krafist er eða vegna sérstakra aðstæðna.

6) Innan 270 daga frá viðtöku tilmæla frá lögbæra matsyfirvaldinu skal Efnastofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Efnastofnunin) semja og leggja fyrir framkvæmdastjórnina álit um endurnýjun á samþykkinu fyrir virka efninu í samræmi við 3. mgr. 14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012.

7) Af þessum sökum, af ástæðum sem umsækjandinn fær ekki ráðið við, er líklegt að samþykkið fyrir dínatríumtetrabórati til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 8 renni út áður en ákvörðun um endurnýjun þess hefur verið tekin. Því er viðeigandi að fresta lokadegi samþykkis fyrir dínatríumtetrabórati til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 8 í nægilega langan tíma til að unnt sé að taka umsóknina til meðferðar. Að teknu tilliti til þess tímafrests sem gefinn er fyrir mat af hálfu lögbæra matsyfirvaldsins og fyrir undirbúning og framlagningu álits af hálfu Efnastofnunarinnar og til þess tíma sem þarf til að ákvarða hvort a.m.k. eitt af skilyrðunum í fyrstu undirgrein 2. mgr. 5. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012 sé uppfyllt og hvort endurnýja megi því samþykkið fyrir dínatríumtetrabórati er viðeigandi að fresta lokadagsetningu samþykkisins til 28. febrúar 2024.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 279, 3.8.2021, bls. 47. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 65/2022 frá 18. mars 2022 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 45, 7.7.2022, bls. 31.

([1]) Stjtíð. ESB L 167, 27.6.2012, bls. 1.

([2]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB frá 16. febrúar 1998 um markaðssetningu sæfiefna (Stjtíð. EB L 123, 24.4.1998, bls. 1).

([3]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1272/2008 frá 16. desember 2008 um flokkun, merkingu og pökkun efna og blandna, um breytingu og niðurfellingu á tilskipunum 67/548/EBE og 1999/45/EB og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1907/2006 (Stjtíð. ESB L 353, 31.12.2008, bls. 1).

8) Samþykki fyrir dínatríumtetrabórati til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 8 ætti að gilda áfram, með fyrirvara um forskriftirnar og skilyrðin sem sett eru fram í I. viðauka við tilskipun 98/8/EB, burtséð frá lokadegi samþykkis.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Lokadegi samþykkis fyrir dínatríumtetrabórati til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 8 er frestað til 28. febrúar 2024.

2. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Gjört í Brussel 2. ágúst 2021.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

FRAMKVÆMDARÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2021/1299 **2023/EES/63/18**

frá 4. ágúst 2021

um frestun að því er varðar lokadag samþykkis fyrir hexaflúmúróni til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 18(*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 frá 22. maí 2012 um að bjóða sæfivörur fram á markaði og um notkun þeirra ([1]), einkum 5. mgr. 14. gr.,

að höfðu samráði við fastanefndina um sæfivörur,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Virka efnið hexaflúmúrón var samþykkt sem virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 18 ([2]).

2) Samþykki fyrir hexaflúmúróni til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 18 rennur út 31. mars 2022. Umsókn um endurnýjun á samþykki fyrir hexaflúmúróni var lögð fram 23. september 2020 í samræmi við 1. mgr. 13. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012.

3) Þar eð hexaflúmúrón uppfyllir viðmiðanir fyrir flokkun sem þrávirkt efni sem safnast fyrir í lífverum og er eitrað (PBT-efni) og sem mjög þrávirkt efni sem safnast fyrir í lífverum í miklum mæli (vPvB-efni) í samræmi við XIII. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 ([3]) uppfyllir það viðmiðanir fyrir útilokun sem settar eru fram í e-lið 1. mgr. 5. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012.

4) Hinn 18. febrúar 2021 upplýsti lögbært matsyfirvald Grikklands framkvæmdastjórnina um ákvörðun sína, skv. 1. mgr. 14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012, um að framkvæma þurfi heildarmat á umsókninni. Samkvæmt 1. mgr. 8. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012 skal lögbæra matsyfirvaldið framkvæma heildarmat á umsókninni innan 365 daga frá fullgildingu hennar.

5) Lögbæru matsyfirvaldi er heimilt, eins og við á, að óska eftir því að umsækjandi leggi fram fullnægjandi gögn fyrir framkvæmd matsins í samræmi við 2. mgr. 8. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012. Í slíku tilviki er 365-daga fresturinn rofinn en rofið skal ekki vara lengur en 180 daga alls nema lengri frestur sé réttlætanlegur vegna eðlis gagnanna sem krafist er eða vegna sérstakra aðstæðna.

6) Innan 270 daga frá viðtöku tilmæla frá lögbæra matsyfirvaldinu skal Efnastofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Efnastofnunin) semja og leggja fyrir framkvæmdastjórnina álit um endurnýjun á samþykkinu fyrir virka efninu í samræmi við 3. mgr. 14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012.

7) Af þessum sökum, af ástæðum sem umsækjandinn fær ekki ráðið við, er líklegt að samþykkið fyrir hexaflúmúróni til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 18 renni út áður en ákvörðun um endurnýjun þess hefur verið tekin. Því er viðeigandi að fresta lokadegi samþykkis fyrir hexaflúmúróni til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 18 í nægilega langan tíma til að unnt sé að taka umsóknina til meðferðar.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 282, 5.8.2021, bls. 36. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 65/2022 frá 18. mars 2022 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 45, 7.7.2022, bls. 31.

([1]) Stjtíð. ESB L 167, 27.6.2012, bls. 1.

([2]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1982 frá 4. nóvember 2015 um að samþykkja hexaflúmúrón sem fyrirliggjandi virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 18 (Stjtíð. ESB L 289, 5.11.2015, bls. 13).

([3]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 frá 18. desember 2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir, að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)), um stofnun Efnastofnunar Evrópu, um breytingu á tilskipun 1999/45/EB og um niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 793/93 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1488/94, sem og tilskipun ráðsins 76/769/EBE og tilskipunum framkvæmdastjórnarinnar 91/155/EBE, 93/67/EBE, 93/105/EB og 2000/21/EB (Stjtíð. ESB L 396, 30.12.2006, bls. 1).

8) Að teknu tilliti til þess tímafrests sem gefinn er fyrir mat af hálfu lögbæra matsyfirvaldsins og fyrir undirbúning og framlagningu álits af hálfu Efnastofnunarinnar og til þess tíma sem þarf til að ákvarða hvort a.m.k. eitt af skilyrðunum í fyrstu undirgrein 2. mgr. 5. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012 sé uppfyllt og hvort endurnýja megi því samþykkið fyrir hexaflúmúróni er viðeigandi að fresta lokadagsetningu samþykkisins til 30. september 2024.

9) Samþykki fyrir hexaflúmúróni til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 18 gildir áfram, með fyrirvara um forskriftirnar og skilyrðin sem sett eru fram í framkvæmdarreglugerð (ESB) 2015/1982, burtséð frá lokadegi samþykkis.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Lokadegi samþykkis fyrir hexaflúmúróni til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 18 er frestað til 30. september 2024.

2. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Gjört í Brussel 4. ágúst 2021.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

FRAMKVÆMDARÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2021/985 **2023/EES/63/19**

frá 3. júní 2021

um leiðréttingu á spænsku tungumálaútgáfunni af ákvörðun 2004/842/EB um framkvæmdarreglur aðildarríkjanna við veitingu leyfis til að setja á markað fræ af yrkjum sem sótt hefur verið um skráningu fyrir í landsskrá yfir yrki nytjaplantna í landbúnaði eða grænmetistegunda

(tilkynnt með númeri C(2021) 3869) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 2002/55/EB frá 13. júní 2002 um markaðssetningu grænmetisfræs ([1]), einkum 2. mgr. 23. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í spænskri útgáfu ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 2004/842/EB ([2]) er villa í 1. mgr. 31. gr. að því er varðar framlengingu leyfa sem varða grænmetistegundir.

2) Því ætti að leiðrétta spænsku tungumálaútgáfuna af ákvörðun 2004/842/EB til samræmis við það. Þetta hefur ekki áhrif á aðrar tungumálaútgáfur.

3) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

(Á ekki við um íslensku útgáfuna).

2. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 3. júní 2021.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Johannes HAHN

framkvæmdastjóri.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 216, 18.6.2021, bls. 204. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 103/2022 frá 29. apríl 2022 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 61, 22.9.2022, bls. 27.

([1]) Stjtíð. EB L 193, 20.7.2002, bls. 33.

([2]) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/842/EB frá 1. desember 2004 um framkvæmdarreglur aðildarríkjanna við veitingu leyfis til að setja á markað fræ af yrkjum sem sótt hefur verið um skráningu fyrir í landsskrá yfir yrki nytjaplantna í landbúnaði eða grænmetistegunda (Stjtíð. ESB L 362, 9.12.2004, bls. 21).

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2022/185 **2023/EES/63/20**

frá 10. febrúar 2022

um leiðréttingu á tilteknum tungumálaútgáfum framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2021/451 um tæknilega framkvæmdarstaðla fyrir beitingu reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 að því er varðar skýrslugjöf stofnana til eftirlitsyfirvalda og um niðurfellingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 680/2014 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 frá 26. júní 2013 um varfærniskröfur að því er varðar lánastofnanir og um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 648/2012 ([1]), einkum 7. mgr. 430. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í tékknesku tungumálaútgáfunni af framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/451 ([2]) er villa í 1. mgr. 13. gr. sem breytir skyldunni sem mælt er fyrir um í lögunum með því að breyta tíðni skýrslugjafar.

2) Í spænsku tungumálaútgáfunni af framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/451 eru villur í lið 8.4 í efnisyfirliti í II. viðauka, í II. hluta II. viðauka: línu 0060, lið 3.9.4.2, öðrum dálki töflunnar, fyrstu málsgrein, í línu 0040, lið 3.9.5.1, öðrum dálki töflunnar, stakri málsgrein, í línu 0040, 0120, lið 3.9.6.1, öðrum dálki töflunnar, stakri málsgrein, í c-lið liðar 8.1 í færslu 201, í línu 0010, lið 8.2.1, öðrum dálki töflunnar, fyrstu málsgrein, í línu 0050, lið 8.3.1, öðrum dálki töflunnar, fyrstu málsgrein og í lið 8.4, í XII. viðauka: í öllum tilvikum í línu 0840, þriðja dálki töflunnar, og í öllum tilvikum í línu 0310 með kenni 1.4.3, þriðja dálki töflunnar, í II. hluta XIII. viðauka: 14. línu, 1. lið, öðrum dálki töflunnar og í línu 0840, 3. lið, í öðrum dálki töflunnar, í IV. hluta XIII. viðauka: 13. línu, 1. lið, öðrum dálki töflunnar, ásamt í línu 0310, 3. lið, öðrum dálki töflunnar. Þessar villur geta haft neikvæð áhrif á rekstraraðila að því er varðar gagnaskilakvöð þeirra.

3) Því ætti að leiðrétta tékknesku og spænsku útgáfurnar af framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/451 til samræmis við það. Þetta hefur ekki áhrif á aðrar tungumálaútgáfur.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

(Á ekki við um íslensku útgáfuna).

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 30, 11.2.2022, bls. 5. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 181/2022 frá 10. Júní 2022 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 66, 13.10.2022, bls. 26.

([1]) Stjtíð. ESB L 176, 27.6.2013, bls. 1.

([2]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/451 frá 17. desember 2020 um tæknilega framkvæmdarstaðla fyrir beitingu reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 að því er varðar skýrslugjöf stofnana til eftirlitsyfirvalda og um niðurfellingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 680/2014 (Stjtíð. ESB L 97, 19.3.2021, bls. 1).

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 10. febrúar 2022.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2022/1407 **2023/EES/63/21**

frá 16. ágúst 2022

um leiðréttingu á tilteknum tungumálaútgáfum framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2017/2382 um tæknilega framkvæmdarstaðla að því er varðar stöðluð eyðublöð, sniðmát og verklagsreglur vegna sendingar upplýsinga í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/65/ESB (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/65/ESB frá 15. maí 2014 um markaði fyrir fjármálagerninga og um breytingu á tilskipun 2002/92/EB og tilskipun 2011/61/ESB ([1]), einkum 9. mgr. 34. gr. og 12. mgr. 35. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í búlgörsku, króatísku, tékknesku, dönsku, hollensku, eistnesku, þýsku, grísku, ítölsku, lettnesku, litáísku, maltnesku, pólsku, portúgölsku, rúmensku, slóvensku, spænsku og sænsku tungumálaútgáfu framkvæmdarreglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2382 ([2]) eru villur í 3. lið í bálknum „Kerfi og eftirlit“ í 2. hluta VI. viðauka og 3. lið í bálknum „Kerfi og eftirlit“ í 2. hluta VII. viðauka, að því er varðar þær tilteknu upplýsingar sem rekstraraðilar þurfa til að tilkynna samkvæmt viðkomandi ákvæðum.

2) Því ætti að leiðrétta búlgörsku, króatísku, tékknesku, dönsku, hollensku, eistnesku, þýsku, grísku, ítölsku, lettnesku, litáísku, maltnesku, pólsku, portúgölsku, rúmensku, slóvensku, spænsku og sænsku tungumálaútgáfu framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2017/2382 til samræmis við það. Þetta hefur ekki áhrif á aðrar tungumálaútgáfur.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

(Á ekki við um íslensku útgáfuna).

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 215, 18.8.2022, bls. 27. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 330/2022 frá 9. desember 2022 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 173, 12.6.2014, bls. 349.

([2]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2382 frá 14. desember 2017 um tæknilega framkvæmdarstaðla að því er varðar stöðluð eyðublöð, sniðmát og verklagsreglur vegna sendingar upplýsinga í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/65/ESB (Stjtíð. ESB L 340, 20.12.2017, bls. 6).

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 16. ágúst 2022.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2022/2383 **2023/EES/63/22**

frá 6. desember 2022

um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 582/2011 að því er varðar gerðarviðurkenningu með tilliti til losunar frá þungum ökutækjum sem eru knúin með hreinni lífdísilolíu (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 595/2009 frá 18. júní 2009 um gerðarviðurkenningu vélknúinna ökutækja og hreyfla með tilliti til losunar frá þungum ökutækjum (Euro VI) og um aðgang að upplýsingum um viðgerðir og viðhald ökutækja og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 715/2007 og tilskipun 2007/46/EB og um niðurfellingu á tilskipunum 80/1269/EBE, 2005/55/EB og 2005/78/EB ([1]), einkum 3. mgr. 4. gr., 4. mgr. 5. gr. og 12. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Ökutæki, sem eru gerðarviðurkennd í Evrópusambandinu, þurfa að geta gengið fyrir hreinni lífdísilolíu og mismunandi lífdísilolíublöndum og jarðefnaeldsneyti ef þörf krefur.

2) Í samræmi við 3. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 582/2011 ([2]) krefst gerðarviðurkenning vélknúinna ökutækja og hreyfla, með tilliti til losunar, að framleiðandinn tryggi að farið sé að forskriftum fyrir viðmiðunareldsneyti sem settar eru fram í IX. viðauka við þá reglugerð og sem notaðar eru við gerðarviðurkenningarprófun.

3) Hrein lífdísilolía (FAME (fitusýrumetýlesterar) B100) er ekki skráð í IX. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 582/2011 sem viðmiðunareldsneyti fyrir gerðarviðurkenningu með tilliti til losunar frá þungum ökutækjum. Endurgera verður gerðarviðurkenningarprófun bæði að því er varðar dísilolíu (B7) og hreina dísilolíu (B100) til að sýna fram á að losunarkröfur séu uppfylltar. Til að lágmarka tvíverknað við prófun og auðvelda vottun á notkun hreinnar lífdísilolíu og lífdísilolíublandna (s.s. FAME B20/B30) er nauðsynlegt að innleiða forskriftir fyrir hreina lífdísilolíu sem viðmiðunareldsneyti sem byggjast á viðeigandi alþjóðlegum og evrópskum stöðlum. Leyfa ætti að sýnt sé fram á að kröfur um losunarprófun séu uppfylltar fyrir gerðarviðurkenningu B100 með því að nota prófun á losun stofnhreyfils sem gengur fyrir hreinni lífdísilolíu. Heimilt er að velja hvaða lífeldsneytisblöndu sem er í tengslum við nauðsynlegar prófanir á samræmi ökutækja í notkun.

4) Að því er varðar viðurkenningu ökutækja með viðurkenndan hreyfil er þörf á viðbót við forskriftir fyrir gerðarviðurkenningarvottorðið.

5) Því ætti að breyta reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 582/2011 til samræmis við það.

6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit tækninefndarinnar um vélknúin ökutæki.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum I., II. og IX. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 582/2011 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 315, 7.12.2022, bls. 63. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 144/2023 frá 13. Júní 2023 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 188, 18.7.2009, bls. 1.

([2]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 582/2011 frá 25. maí 2011 um framkvæmd og breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 595/2009 að því er varðar losun frá þungum ökutækjum (Euro VI) og um breytingu á I. og III. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/46/EB (Stjtíð. ESB L 167, 25.6.2011, bls. 1).

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 6. desember 2022.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

VIÐAUKI

1) Ákvæðum I. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 582/2011 er breytt sem hér segir:

a) Í stað inngangsmálsliðar í 1.1.2 kemur eftirfarandi:

„Ef framleiðandi heimilar að hreyflahópur sé knúinn markaðseldsneyti sem uppfyllir hvorki kröfur tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 98/70/EB (*) né staðal Staðlasamtaka Evrópu EN 228:2012, ef um er að ræða blýlaust bensín, eða staðal Staðlasamtaka Evrópu EN 590:2013, ef um er að ræða dísilolíu, eða staðal Staðlasamtaka Evrópu EN 14214:2012+A2:2019, ef um er að ræða FAME B100, s.s. paraffínsk eldsneyti (staðall Staðlasamtaka Evrópu EN 15940) eða önnur eldsneyti, skal framleiðandinn uppfylla eftirfarandi kröfur til viðbótar við kröfurnar í lið 1.1.1:

(*) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/70/EB frá 13. október 1998 um gæði bensíns og dísileldsneytis og breytingu á tilskipun ráðsins 93/12/EBE (Stjtíð. EB L 350, 28.12.1998, bls. 58).“

b) Eftirfarandi lið er bætt við á eftir lið 1.3:

„1.4. **Kröfur um gerðarviðurkenningu**

1.4.1. Rýmka skal gildissvið gerðarviðurkenningar B100-hópsins fyrir stofnhreyfil, sem er prófaður með FAME B100, þannig að hún nái til allra hreyfla í hreyflahópnum og allra lífdísilolíublandna með FAME-innihaldi yfir FAME B30 (staðall Staðlasamtaka Evrópu EN 16709), án frekari prófana. Heimilt er að rýmka gildissvið gerðarviðurkenningarinnar þannig að hún nái til lífdísilolíublandna með minna FAME-innihaldi ef kröfur þessarar reglugerðar eru einnig uppfylltar varðandi þessar blöndur án þess að gerðar séu einhverjar breytingar á ökutækinu. Í slíku tilviki skal framleiðandinn tilgreina lífdísilolíublöndurnar, sem hreyflahópurinn getur gengið fyrir í lið 3.2.2.2.1 í upplýsingaskjalinu eins og sett er fram í 1. hluta 4. viðbætis. Ef viðurkenningaryfirvaldið ákvarðar að framlögð umsókn sé ekki fullkomlega dæmigerð er því heimilt að velja lífdísilolíublöndur, aðrar en FAME B100, og prófa þær.“

c) Eftirfarandi lið 3.2.1.7 er bætt við:

„3.2.1.7. Ef um er að ræða gerðarviðurkenningu B100 skal viðurkenningarmerkið innihalda „B100“ á eftir landsbundna tákninu.“

d) Í stað liðar 3.2.2.2 í 1. hluta 4. viðbætis kemur eftirfarandi:

„3.2.2.2. Þung ökutæki: dísilolía/bensín/fljótandi jarðolíugas/jarðgas í H-flokki/jarðgas í L-flokki/jarðgas í HL-flokki/etanól (ED95)/etanól (E85)/fljótandi jarðgas/fljótandi jarðgas$_{20}$/B100 (1) (6).“

e) Í stað liðar 1.1.5 í viðbótinni við 5. viðbæti kemur eftirfarandi:

„1.1.5. Hreyfilflokkur: dísilolía/bensín/fljótandi jarðolíugas/jarðgas í H-flokki/jarðgas í L-flokki/jarðgas í HL-flokki/etanól (ED95)/etanól (E85)/fljótandi jarðgas/fljótandi jarðgas$_{20}$/B100 (1).“

f) Í stað 8. liðar 6. viðbætis kemur eftirfarandi:

„8. Undirskrift:

Fylgiskjal: Upplýsingasafn.

Prófunarskýrsla.

Viðbót.“

g) Eftirfarandi viðbót er bætt við í 6. viðbæti:

„Viðbót

við EB-gerðarviðurkenningarvottorð nr. ...

1. VIÐBÓTARUPPLÝSINGAR

1.1. Upplýsingar sem fylla á út í tengslum við gerðarviðurkenningu ökutækis með ísettum viðurkenndum hreyfli:

1.1.1. Tegund hreyfils (heiti fyrirtækis):

1.1.2. Gerð og verslunarheiti (nefna skal hugsanleg afbrigði):

1.1.3. Kóði framleiðanda samkvæmt merkingunni á hreyflinum:

1.1.4. Ökutækjaflokkur (ef við á) ([b]):

1.1.5. Hreyfilflokkur: Dísilolía/bensín/fljótandi jarðolíugas/jarðgas í H-flokki/jarðgas í L-flokki/jarðgas í HL-flokki/etanól (ED95)/etanól (E85)/fljótandi jarðgas/fljótandi jarðgas$_{20}$/B100 ([1]):

1.1.5.1. Gerð tvíbrennihreyfils: Gerð 1A/Gerð 1B/Gerð 2A/Gerð 2B/Gerð 3B ([1])([d1]):

1.1.6. Nafn og heimilisfang framleiðanda:

1.1.7. Nafn og heimilisfang viðurkennds fulltrúa framleiðanda (ef einhver):

1.2. Ef hreyfillinn, sem um getur í lið 1.1, hefur hlotið gerðarviðurkenningu sem aðskilin tæknieining:

1.2.1. Gerðarviðurkenningarnúmer hreyfils/hreyflahóps ([1]):

1.2.2. Kvörðunarnúmer hugbúnaðar í stýrieiningu hreyfils:

1.3. Reitir sem á fylla út vegna gerðarviðurkenningar hreyfils/hreyflahóps ([1]) sem aðskilinnar tæknieiningar (aðstæður sem taka á tillit til við ísetningu hreyfils í ökutæki):

1.3.1. Hámarks- og/eða lágmarksundirþrýstingur í inntaki:

1.3.2. Leyfilegur hámarksbakþrýstingur:

1.3.3. Rúmmál útblásturskerfis:

1.3.4. Takmörkun á notkun (ef einhver er):

1.4. Losunargildi hreyfils/stofnhreyfils ([1])

Spillistuðull (DF): reiknaður út/fastákveðinn ([1])

Tilgreina skal spillistuðulsgildin og losunina í WHSC-prófuninni (ef við á) og WHTC-prófuninni í neðangreindri töflu:

1.4.1. WHSC-prófun

Tafla 4

WHSC-prófun

WHSC-prófun (ef við á) ([10])([d5])							
DF	CO	THC	NMHC ([d4])	NO_x	Massi efnisagna	NH_3	Fjöldi efnisagna
Fleiri/viðbót ([1])							
Losun	CO (mg/kWh)	THC (mg/kWh)	NMHC ([d4]) (mg/kWh)	NO_x (mg/kWh)	Massi efnisagna (mg/kWh)	NH_3 Milljónarhlutar (ppm)	Fjöldi efnisagna (#/kWh)
Niðurstaða prófunar							
Reiknuð með spillistuðli							

Massi koltvísýringslosunar: …… g/kWh

Eldsneytisnotkun … g/kWh

1.4.2. WHTC-prófun

Tafla 5

WHTC-prófun

WHTC-prófun ([10])([d5])								
DF	CO	THC	NMHC ([d4])	CH_4 ([d4])	NO_x	Massi efnisagna	NH_3	Fjöldi efnisagna
Fleiri/viðbót ([1])								
Losun	CO (mg/kWh)	THC (mg/kWh)	NMHC ([d4]) (mg/kWh)	CH_4 ([d4]) (mg/kWh)	NO_x (mg/kWh)	Massi efnisagna (mg/kWh)	NH_3 Milljónarhlutar (ppm)	Fjöldi efnisagna (#/kWh)
Kaldræsing								
Heitræsing án endurnýjunar								
Heitræsing með endurnýjun ([1])								
$k_{r,u}$ (fleiri/viðbót) ([1])								
$k_{r,d}$ (fleiri/viðbót) ([1])								
Vegin niðurstaða úr prófun								
Lokaniðurstaða úr prófun með spillistuðli								
Massi koltvísýringslosunar: …… g/kWh								
Eldsneytisnotkun: …… g/kWh								

1.4.3. Prófun í lausagangi

Tafla 6

Prófun í lausagangi

Prófun	*CO-gildi (% rúmmáls)*	*Lambda-gildi ([1])*	*Snúningshraði ($mín^{-1}$)*	*Hitastig smurolíu (°C)*
Prófun við hægan lausagang		Á ekki við		
Prófun við hraðan lausagang				

1.4.4. Tilraunaprófun á færanlegu mælikerfi fyrir losun

Tafla 6a

Tilraunaprófun á færanlegu mælikerfi fyrir losun

Gerð ökutækis (t.d. M_3, N_3) og notkun (t.d. óliðskipt eða liðskipt vörubifreið, borgarstrætisvagn)						
Lýsing á ökutækinu (t.d. undirtegund ökutækis, frumgerð)						
Fullnægjandi-ófullnægjandi niðurstöður (7)	CO	THC	NMHC	CH_4	NO_x	Fjöldi efnisagna
Samræmisstuðull vinnuglugga (11)						
Samræmisstuðull glugga fyrir massa koltvísýrings (11)						

Upplýsingar um ferð	Þéttbýli	Dreifbýli	Hraðbraut
Hlutar ferðarinnar einkennast af akstri í þéttbýli, dreifbýli og á hraðbrautum, eins og lýst er í lið 4.5 í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 582/2011.			
Hlutar ferðarinnar einkennast af hröðun, hraðaminnkun, stöðugum hraða og stöðvun, eins og lýst er í lið 4.5.5 í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 582/2011.			

	Lágmark	Hámark
Vinnugluggi, meðalafl (%)		
Tímalengd glugga fyrir massa koltvísýrings (s)		
Vinnugluggi: hundraðshluti gildra glugga		
Gluggi fyrir massa koltvísýrings: hundraðshluti gildra glugga		
Samkvæmnishlutfall eldsneytisnotkunar		

1.5 Aflmæling

1.5.1. Hreyfilafl mælt í prófunarbekk

Tafla 7

Hreyfilafl mælt í prófunarbekk

Mældur snúningshraði (snún./mín.)							
Mælt eldsneytisstreymi (g/klst.)							
Mælt snúningsvægi (Nm)							
Mælt afl (kW)							
Loftþrýstingur (kPa)							
Gufuþrýstingur vatns (kPa)							

Hitastig inntakslofts (K)							
Aflleiðréttingarstuðull							
Leiðrétt afl (kW),							
Varaafl (kW) (1)							
Nettóafl (kW)							
Nettósnúningsvægi (Nm)							
Leiðrétt, sértæk eldsneytisnotkun (g/kWh)							

1.5.2. Viðbótarupplýsingar, t.d. aflleiðréttingarstuðull fyrir hvert tilgreint eldsneyti (ef við á).“

h) Í stað liðar 1.1.5 í viðbótinni við 7. viðbæti kemur eftirfarandi:

„1.1.5. Hreyfilflokkur: Dísilolía/bensín/fljótandi jarðolíugas/jarðgas í H-flokki/jarðgas í L-flokki/jarðgas í HL-flokki/etanól (ED95)/etanól (E85)/fljótandi jarðgas/fljótandi jarðgas$_{20}$/B100 (1).“

2) Eftirfarandi málslið er bætt við í lið 4.4.2 í II. viðauka:

„Ef um er að ræða gerðarviðurkenningu B100 geta viðurkenningaryfirvöld farið þess á leit að prófa ökutækið með lífdísilolíu með hvaða FAME-innihaldi sem er.“

3) Í IX. viðauka, undir fyrirsögninni „Tæknigögn um eldsneyti fyrir prófun þjöppukveikjuhreyfla og tvíbrennihreyfla“ er eftirfarandi töflu bætt við á eftir töflunni „Gerð: Dísilolía (B7):“

„**Gerð: hrein lífdísilolía (B100)** fyrir þjöppukveikjuhreyfla

Mæliþáttur	Eining	Viðmiðunarmörk		Prófunaraðferð
		Lágmark	Hámark	
Innihald FAME	% (m/m)	96,5	–	EN 14103
Eðlismassi við 15 °C	kg/m$_3$	860	900	EN ISO 3675 EN ISO 12185
Seigja við 40 °C (1)	mm^2/s	3,50	5,00	EN ISO 3104 EN 16896
Blossamark	°C	101	–	EN ISO 2719 EN ISO 3679 (2)
Setantala (3)	–	51,0	–	EN ISO 5165 EN 15195 EN 16715 EN 17155
Tæring koparræmu (3 klst. við 50 °C)	Flokkun	1. flokkur		EN ISO 2160
Stöðugleiki gegn oxun (við 110 °C)	klst.	8,0	–	EN 14112 EN 15751
Sýrutala	mg KOH/g	–	0,50	EN 14104
Joðtala	g joð/100 g	–	120	EN 14111 EN 16300
Línólensýrumetýlester	% (m/m)	–	12,0	EN 14103
Fjölómettaðir (≥ 4 tvítengi) metýlesterar	% (m/m)	–	1,00	EN 15779

Innihald metanóls	% (m/m)	–	0,20	EN 14110
Innihald einglýseríðs	% (m/m)	–	0,70	EN 14105
Innihald tvíglýseríðs	% (m/m)	–	0,20	EN 14105
Innihald þríglýseríðs	% (m/m)	–	0,20	EN 14105
Óbundið glýseról	% (m/m)	–	0,02	EN 14105 EN 14106
Heildarglýseról	% (m/m)	–	0,25	EN 14105
Innihald vatns	% (m/m)	–	0,050	EN ISO 12937
Heildarmengun	mg/kg	–	24	EN 12662
Innihald súlfatösku	% (m/m)	–	0,02	ISO 3987
Innihald brennisteins	mg/kg	–	10,0	EN ISO 20846 EN ISO 20884 EN ISO 13032
I. flokkur, málmar (Na+K)	mg/kg	–	5,0	EN 14108 EN 14109 EN 14538
II. flokkur, málmar (Ca+Mg)	mg/kg	–	5,0	EN 14538
Innihald fosfórs	mg/kg	–	4,0	EN 14107 EN 16294

([1]) Ef stíflunarpunktur síu í kulda er –20 °C eða lægri skal seigjan mæld við –20 °C. Mæligildið skal ekki vera hærri en 48 mm^2/s. Í þessu tilviki gilda staðlaðar prófunaraðferðir án samkvæmnisgagna vegna ó-Newtonskra (e. *non-Newtonian*) viðbragða í tveggja fasa kerfinu.

([2]) Nota skal 2 ml sýni og tæki sem búið er hitaskynjunarbúnaði.

([3]) Ákvörðun afleiddrar setantölu fyrir FAME er ekki hluti af ákvörðunum um samkvæmni sumra prófunaraðferða.“

FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2022/545 **2023/EES/63/23**

frá 26. janúar 2022

um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/2144 með því að mæla fyrir um ítarlegar reglur sem varða sértækar prófunaraðferðir og tæknilegar kröfur vegna gerðarviðurkenningar vélknúinna ökutækja að því er varðar atvikarita þeirra og vegna gerðarviðurkenningar þeirra kerfa sem aðskildar tæknieiningar og um breytingu á II. viðauka við þá reglugerð (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/2144 frá 27. nóvember 2019 um gerðarviðurkenningarkröfur að því er varðar vélknúin ökutæki og eftirvagna þeirra, og kerfi, íhluti og aðskildar tæknieiningar sem ætlaðar eru í slík ökutæki, með tilliti til almenns öryggis þeirra og verndunar farþega í ökutækjum og óvarinna vegfarenda, um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/858 og um niðurfellingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 78/2009, (EB) nr. 79/2009 og (EB) nr. 661/2009 og reglugerðum framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 631/2009, (ESB) nr. 406/2010, (ESB) nr. 672/2010, (ESB) nr. 1003/2010, (ESB) nr. 1005/2010, (ESB) nr. 1008/2010, (ESB) nr. 1009/2010, (ESB) nr. 19/2011, (ESB) nr. 109/2011, (ESB) nr. 458/2011, (ESB) nr. 65/2012, (ESB) nr. 130/2012, (ESB) nr. 347/2012, (ESB) nr. 351/2012, (ESB) nr. 1230/2012 og (ESB) 2015/166 ([1]), einkum 6. mgr. 4. gr. og 6. mgr. 6. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (ESB) 2019/2144 er mælt fyrir um almenna skyldu um að vélknúin ökutæki eigi að vera útbúin tilteknum háþróuðum ökutækjakerfum. Í II. viðauka þeirrar reglugerðar ætti að vera skrá yfir kröfurnar fyrir gerðarviðurkenningu vélknúinna ökutækja að því er varðar atvikarita þeirra og fyrir gerðarviðurkenningu þeirra kerfa sem aðskildar tæknieiningar. Nauðsynlegt er að bæta við þær kröfur með því að setja ítarlegar, samræmdar reglur um sértækar prófunaraðferðir og tæknilegar kröfur fyrir slíkar gerðarviðurkenningar.

2) Tæknilegu kröfurnar og prófunaraðferðirnar, sem settar eru fram í þessari reglugerð, varða vélknúin ökutæki í flokkum M_1 og N_1, í samræmi við gildandi dagsetningar synjunar um að veita ESB-gerðarviðurkenningu að því er varðar þá flokka vélknúinna ökutækja sem settir eru fram í reglugerð (ESB) 2019/2144.

3) Í samræmi við 13. mgr. 3. gr. reglugerðar (ESB) 2019/2144 er atvikaritinn kerfi sem hefur það eina markmið að skrá og geyma áríðandi mæliþætti í tengslum við árekstur og upplýsingar stuttu fyrir árekstur, meðan á honum stendur og eftir árekstur í því skyni að öðlast nákvæmari og ítarlegri gögn um slys til að gera aðildarríkjum kleift að framkvæma greiningu á umferðaröryggi og meta skilvirkni sértækra ráðstafana.

4) Prófunaraðferðirnar og ítarlegu tæknilegu kröfurnar fyrir gerðarviðurkenningu gerða ökutækja að því er varðar atvikarita falla undir ákvæði reglugerðar Sameinuðu þjóðanna nr. 160 ([2]). Því ætti að bæta þeirri reglugerð Sameinuðu þjóðanna við skrána yfir gildandi kröfur sem um getur í 5. mgr. 4. gr. og 3. mgr. 5. gr. reglugerðar (ESB) 2019/2144.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 107, 6.4.2022, bls. 18. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 145/2023 frá 13. Júní 2023 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 325, 16.12.2019, bls. 1.

([2]) Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 160 — Samræmd ákvæði varðandi viðurkenningu vélknúinna ökutækja að því er varðar atvikarita (Stjtíð. ESB L 221, 21.6.2021, bls. 15), reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 160 — Samræmd ákvæði varðandi viðurkenningu vélknúinna ökutækja að því er varðar atvikarita [2021/1215], röð breytinga nr. 01 (Stjtíð. ESB L 265, 26.7.2021, bls. 3).

5) Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 160 inniheldur kröfur varðandi gagnastök sem atvikaritarnir eiga að skrá, snið þeirra gagna, kröfur vegna gagnaöflunar, skráningar og geymslu í ökutækinu, auk krafna um frammistöðu við árekstrarprófun og lífslíkur.

6) Allar tæknilegar kröfur, sem mælt er fyrir um í röð breytinga nr. 01 á reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 160 ([3]), skulu koma til framkvæmda frá og með dagsetningunum sem tilgreindar eru í II. viðauka við reglugerð (ESB) 2019/2144, án þess að hafa áhrif á alþjóðlegar skuldbindingar Sambandsins.

7) Til að sjá til þess að framleiðendur ökutækja geri viðeigandi ráðstafanir til að tryggja að gögn atvikarita verði vernduð gegn því að unnt sé að hagræða þeim og að þau verði aðgengileg með stöðluðum skilfleti ásamt því að tryggja nafnleysi þessara gagna, ættu þessar kröfur að koma til viðbótar við aukakröfurnar um heimt gagna, friðhelgi einkalífs og gagnaöryggi.

8) Til að tryggja að gögnin, sem atvikaritarinn skráir, verði nafnlaus ætti að skylda framleiðendur til að gera viðeigandi ráðstafanir til að koma í veg fyrir að greint verði frá þeim gögnum eða að þau verði sótt ásamt öðrum upplýsingum sem varða einstakling.

9) Þar til staðlaðar samskiptareglur varðandi aðgang og heimt gagna úr atvikarita hafa verið innleiddar með framseldri gerð framkvæmdastjórnarinnar ættu framleiðendur ökutækja að veita viðeigandi aðilum upplýsingar um hvernig eigi að fá aðgang að gögnunum í atvikaritanum og hvernig eigi að sækja þau og túlka.

10) Staðfesta ætti rétta virkni atvikaritans og heilleika hugbúnaðarins ásamt því hvort atvikaritinn starfi rétt með reglubundnum prófunum á akstursháttum ökutækja.

11) Taflan, sem inniheldur skrá yfir kröfur í II. viðauka við reglugerð (ESB) 2019/2144, inniheldur ekki neinar tilvísanir í stjórnvaldsfyrirmæli að því er varðar atvikarita. Þar af leiðandi er nauðsynlegt að setja tilvísun í þessa reglugerð og reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 160 í þeim viðauka.

12) Breyta ætti skránni yfir reglugerðir Sameinuðu þjóðanna, sem um getur í 2. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) 2019/2144 og sem er að finna í I. viðauka við þá reglugerð, þannig að hún innihaldi tilvísun í röð breytinga nr. 01 á reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 160.

13) Því ætti að breyta reglugerð (ESB) 2019/2144 til samræmis við það.

14) Ákvæði þessarar reglugerðar eru nátengd þar sem í þeim ákvæðum eru settar fram reglur um tæknilegar kröfur fyrir gerðarviðurkenningu vélknúinna ökutækja að því er varðar atvikarita þeirra auk gerðarviðurkenningar atvikarita sem aðskilin tæknieining. Vegna reglnanna, sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð, er nauðsynlegt að bæta við tilvísun í þessa reglugerð, reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 160 og röð breytinga nr. 01 á reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 160 í II. viðauka við reglugerð (ESB) 2019/2144. Því er viðeigandi að mæla fyrir um þau ákvæði í einni framseldri reglugerð.

15) Þar eð kröfurnar í reglugerð (ESB) 2019/2144, að því er varðar atvikarita fyrir ökutæki í flokkum M_1 og N_1, eiga að koma til framkvæmda frá og með 6. júlí 2022 ætti þessi reglugerð að koma til framkvæmda frá og með sama degi.

([3]) Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 160 — Samræmd ákvæði varðandi viðurkenningu vélknúinna ökutækja að því er varðar atvikarita [2021/1215], röð breytinga nr. 01 (Stjtíð. ESB L 265, 26.7.2021, bls. 3).

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Gildissvið

Þessi reglugerð gildir um ökutækjaflokka M_1 og N_1, eins og þeir eru skilgreindir í 4. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/858 ([4]).

2. gr.

Gildandi tæknilegar kröfur

1. Atvikaritakerfi ökutækis skal uppfylla tæknilegu kröfurnar sem settar eru fram í:

a) reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 160 og

b) ákvæðum 3., 4. og 5. gr. þessarar reglugerðar.

2. Gerðarviðurkenning atvikarita sem aðskilin tæknieining skal vera með fyrirvara um að aðskilda tæknieiningin uppfylli sömu kröfurnar og þær sem settar eru fram í liðum 5.3 (inngangsliður), 5.3.3, 5.3.4, 5.3.5 og 5.5 í reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 160.

3. Ef vélknúna ökutækið er búið atvikarita sem er gerðarviðurkenndur sem aðskilin tæknieining skal ökutækið og atvikariti þess uppfylla tæknilegu kröfurnar sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar. Hins vegar, að því er varðar 5. lið í reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 160, skulu þau uppfylla kröfurnar sem settar eru fram í liðum 5.1, 5.2, 5.3.1, 5.3.2, og 5.4 í þeirri reglugerð.

3. gr.

Gagnaöryggi

1. Gögn tengd árekstrum, sem atvikaritinn skráir og geymir, skulu vernduð gegn því að unnt sé að hagræða þeim með því að uppfylla viðeigandi tæknilegar kröfur og umbreytingarákvæði í reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 155 ([5]), í upprunalegu röðinni eða í síðari röðum breytinga á henni.

2. Hugbúnaðaruppfærslur, sem gerðar eru á atvikaritanum, skulu verndaðar, með nokkuð öruggum hætti, gegn því að vera stefnt í hættu og að upp komi ógildar uppfærslur.

4. gr.

Heimt gagna

1. Gögn tengd árekstrum, sem atvikaritinn skráir, skulu gerð aðgengileg til heimtar með raðtengi á staðlaða gagnatenglinum, sem um getur í lið 2.9 í X. viðauka við reglugerð (ESB) 2018/858. Ef raðtengið er óvirkt eftir árekstur skal heimt gagna vera möguleg með beinni tengingu við atvikaritann.

2. Framleiðandi ökutækis skal veita gerðarviðurkenningaryfirvaldi og, að beiðni gerðarviðurkenningaryfirvalds, öllum framleiðendum eða viðgerðarverkstæðum íhluta, greiningartækja eða prófunarbúnaðar, sem hagsmuna eiga að gæta, upplýsingar um hvernig aðgangur að gögnum úr atvikarita er fenginn ásamt því hvernig þau eru heimt og túlkuð.

([4]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/858 frá 30. maí 2018 um viðurkenningu á og markaðseftirlit með vélknúnum ökutækjum og eftirvögnum þeirra og á kerfum, íhlutum og aðskildum tæknieiningum sem ætlaðar eru í slík ökutæki, um breytingu á reglugerðum (EB) nr. 715/2007 og (EB) nr. 595/2009 og niðurfellingu tilskipunar 2007/46/EB (Stjtíð. ESB L 151, 14.6.2018, bls. 1).

([5]) Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 155 — Samræmd ákvæði varðandi viðurkenningu ökutækja að því er varðar netöryggi og stjórnunarkerfi netöryggis [2021/387] (Stjtíð. ESB L 82, 9.3.2021, bls. 30).

3. Ökutæki og atvikaritar þeirra skulu hönnuð þannig að tæki til gagnaheimtar geti gert atvikaskýrslur sem innihalda eftirfarandi gagnastök:

a) öll skyldubundin gagnastök eins og krafist er samkvæmt reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 160,

b) nákvæma gerð ökutækis, afbrigði og útfærslu (þ.m.t. virk öryggis- og slysavarnarkerfi sem eru uppsett í ökutækinu) ökutækisins þar sem atvikaritinn er uppsettur.

Gögnin, sem um getur í b-lið hér að framan, skulu einnig vera aðgengileg þegar árekstrarprófuninni, sem um getur í lið 5.4.3 í reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 160, er lokið.

4. Gögnin, sem atvikaritinn skráir, skulu ekki vera aðgengileg til heimtar með skilfleti sem unnt er að nota án þess að opna þurfi ökutækið eða nota verkfæri, eða með skilfleti ökutækis fyrir þráðlausar tengingar.

5. Gögn frá atvikaritanum sem gerð eru aðgengileg skv. 1. mgr.:

a) skulu vera aðgengileg á tölvulæsilegu sniði,

b) skulu hvorki innihalda upplýsingar né gerð aðgengileg ásamt öðrum upplýsingum sem gera kleift að tengja þau gögn við tiltekinn einstakling.

5. gr.

Ákvæði um prófun á akstursháefni

Að því er varðar reglubundnar prófanir á akstursháefni ökutækja skal vera mögulegt að sannprófa eftirfarandi þætti atvikarita-kerfisins:

1) rétta virkni kerfisins með sjónrænni athugun á stöðu bilunarviðvörunarmerkisins eftir að aðalrofi ökutækisins hefur verið virkjaður og með því að skoða allar ljósaperur; ef bilunarviðvörunarmerkið er birt á sameiginlegum fleti (svæði þar sem heimilt er að birta tvær eða fleiri upplýsingaaðgerðir eða -merki, en þó ekki samtímis), verður fyrst að ganga úr skugga um að sameiginlegi flöturinn sé virkur áður en stöðuathugun á bilunarviðvörunarmerkinu fer fram,

2) rétta virkni kerfisins og heilleika hugbúnaðarins, með því að nota rafrænan skilflöt ökutækis á borð við þann sem mælt er fyrir um í 14. lið I. hluta III. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/45/ESB ([6]), ef tæknilegir eiginleikar ökutækisins gera það mögulegt og nauðsynleg gögn eru gerð aðgengileg. Framleiðendur skulu tryggja að tækniupplýsingarnar séu aðgengilegar fyrir rafrænan skilflöt ökutækisins í samræmi við 6. gr. framkvæmdarreglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/621 ([7]).

6. gr.

Tímabundin ákvæði varðandi viðurkenningar samkvæmt reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 160

1. Frá og með 6. júlí 2022 skulu landsyfirvöld synja, af ástæðum er varða atvikarita, um veitingu ESB-gerðarviðurkenningar eða landsbundinnar gerðarviðurkenningar að því er varðar nýjar gerðir ökutækja sem uppfylla ekki kröfur þessarar reglugerðar og tæknilegu kröfurnar í röð breytinga nr. 01 á reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 160. Landsyfirvöld skulu þó, fram til 1. júlí 2024, samþykkja viðurkenningar í samræmi við reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 160, sem eru veittar utan ESB, sem annan kost til viðurkenningar í samræmi við röð breytinga nr. 01 á reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 160 í þeim tilgangi að veita ESB-viðurkenningu í samræmi við þessa reglugerð.

([6]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/45/ESB frá 3. apríl 2014 um reglubundnar prófanir á akstursháefni vélknúinna ökutækja og eftirvagna þeirra og um niðurfellingu á tilskipun 2009/40/EB (Stjtíð. ESB L 127, 29.4.2014, bls. 51).

([7]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/621 frá 17. apríl 2019 um þær tæknilegu upplýsingar sem eru nauðsynlegar fyrir prófun á akstursháefni varðandi þau atriði sem á að prófa, um notkun á þeim prófunaraðferðum sem mælt er með og um að koma á ítarlegum reglum um gagnasnið og málsmeðferðarreglur um aðgang að viðkomandi tæknilegum upplýsingum (Stjtíð. ESB L 108, 23.4.2019, bls. 5).

2. Frá og með 6. júlí 2024 skulu landsyfirvöld, af ástæðum sem varða atvikarita, banna að ný ökutæki séu skráð, seld og tekin í notkun ef slík ökutæki uppfylla ekki kröfurnar í þessari reglugerð og tæknilegu kröfurnar í röð breytinga nr. 01 á reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 160, þar eð samræmisvottorð slíkra ökutækja skulu ekki lengur vera í gildi. Landsyfirvöld skulu þó, fram til 1. júlí 2026, samþykkja viðurkenningar í samræmi við reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 160, sem eru veittar utan ESB, sem annan kost til viðurkenningar í samræmi við röð breytinga nr. 01 á reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 160 að því er varðar skráningu, sölu og það að taka í notkun slík ökutæki í samræmi við 48., 49. og 50. gr. reglugerðar (ESB) 2018/858.

7. gr.

Breyting á reglugerð (ESB) 2019/2144

Ákvæðum I. og II. viðauka við reglugerð (ESB) 2019/2144 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

8. gr.

Gildistaka og dagurinn þegar reglugerðin kemur til framkvæmda

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 6. júlí 2022.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 26. janúar 2022.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

VIÐAUKI

Breyting á reglugerð (ESB) 2019/2144

Ákvæðum I. viðauka við reglugerð (ESB) 2019/2144 er breytt sem hér segir:

„**160**	Atvikariti	Röð breytinga nr. 01	Stjtíð. ESB L 265, 26.7.2021, bls. 3	M_1, N_1“.

Í stað línunnar fyrir kröfu E5 í E-hluta II. viðauka kemur eftirfarandi:

„Viðfangsefni	Stjórnvaldsfyrirmæli	Sértæk tæknileg viðbótarákvæði	M_1	M_2	M_3	N_1	N_2	N_3	O_1	O_2	O_3	O_4	Aðskilin tæknieining	Íhlutur
E5 Atvikariti	Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/545 (*) Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 160		B	D	D	B	D	D					B	

(*) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/545 frá 26. janúar 2022 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/2144 með því að mæla fyrir um ítarlegar reglur sem varða sértækar prófunaraðferðir og tæknilegar kröfur vegna gerðarviðurkenningar vélknúinna ökutækja að því er varðar atvikarita þeirra og vegna gerðarviðurkenningar þeirra kerfa sem aðskildar tæknieiningar og um breytingu á II. viðauka við þá reglugerð (Stjtíð. ESB L 107, 5.4.2022, bls. 18).“

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2022/1023 **2023/EES/63/24**

frá 28. júní 2022

um breytingu á II. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 og viðaukanum við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 231/2012 að því er varðar notkun á hafralesitíni í kakó- og súkkulaðivörur sem falla undir tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/36/EB (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 frá 16. desember 2008 um aukefni í matvælum ([1]), einkum 3. mgr. 10. gr. og 14. gr.,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1331/2008 frá 16. desember 2008 um sameiginlega málsmeðferð við leyfisveitingu fyrir aukefni í matvælum, ensím í matvælum og bragðefni í matvælum ([2]), einkum 5. mgr. 7. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 er sett fram skrá Evrópusambandsins yfir matvælaaukefni sem samþykkt hafa verið til notkunar í matvæli og skilyrði fyrir notkun þeirra.

2) Einungis má setja matvælaaukefni, sem er að finna á skrá Sambandsins í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008, á markað sem slík og nota þau í matvæli samkvæmt þeim notkunarskilyrðum sem þar eru tilgreind.

3) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 231/2012 ([3]) er mælt fyrir um nákvæmar skilgreiningar á aukefnum í matvælum sem eru tilgreind í II. og III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008.

4) Skrá Evrópusambandsins og nákvæmu skilgreiningarnar má uppfæra í samræmi við sameiginlegu málsmeðferðina sem um getur í 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1331/2008, annaðhvort að frumkvæði framkvæmdastjórnarinnar eða í kjölfar umsóknar.

5) Hinn 25. janúar 2018 var lögð fram umsókn um leyfi fyrir notkun á hafralesitíni sem matvælaaukefni í matvælaflokki 5.1 „Kakó- og súkkulaðivörur sem falla undir tilskipun 2000/36/EB“ ([4]) í E-hluta II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 með hámarksgildi sem nemur 20 000 mg/kg. Umsóknin var síðan gerð aðgengileg fyrir aðildarríkin skv. 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1331/2008.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 172, 29.6.2022, bls. 5. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 146/2023 frá 13. Júní 2023 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 354, 31.12.2008, bls. 16.

([2]) Stjtíð. ESB L 354, 31.12.2008, bls. 1.

([3]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 231/2012 frá 9. mars 2012 um nákvæmar skilgreiningar á aukefnum í matvælum sem eru tilgreind í II. og III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 (Stjtíð. ESB L 83, 22.3.2012, bls. 1).

([4]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/36/EB frá 23. júní 2000 um kakó- og súkkulaðivörur til manneldis (Stjtíð. EB L 197, 3.8.2000, bls. 19).

6) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) lagði mat á öryggi hafralesitíns sem matvælaaukefnis og komst að þeirri niðurstöðu í áliti sínu ([5]) frá 10. desember 2019 að enginn öryggisvandi myndi skapast við notkun hafralesitíns sem matvælaaukefnis við tillagða notkun og notkunarmagn.

7) Hafralesitín er þætt hafraolía sem virkar sem ýruefni og auðveldar framleiðslu á kakó- og súkkulaðivörum með því að draga úr seigju og flotmarki (e. *yield value*) súkkulaðivara. Þar með verður auðvelt að dæla bráðnu súkkulaði við vinnslu. Enn fremur kemur hafralesitín í veg fyrir að fitublómi (e. *fat bloom*), gráleit slikja, myndist á yfirborði vara við geymslu.

8) Því er rétt að heimila notkun á hafralesitíni sem ýruefni í matvælaflokknum „kakó- og súkkulaðivörur sem falla undir tilskipun 2000/36/EB“ í notkunarmagni sem nemur að hámarki 20 000 mg/kg og úthluta aukefninu E-númerinu E 322a.

9) Reglugerð (ESB) nr. 231/2012 ætti að innihalda nákvæma skilgreiningu fyrir hafralesitín (E 322a) þegar það er fært í skrá Evrópusambandsins yfir matvælaaukefni, sem mælt er fyrir um í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008, í fyrsta sinn.

10) Því ætti að breyta reglugerðum (EB) nr. 1333/2008 og (ESB) nr. 231/2012 til samræmis við það.

11) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 er breytt í samræmi við I. viðauka við þessa reglugerð.

2. gr.

Viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 231/2012 er breytt í samræmi við II. viðauka við þessa reglugerð.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 28. júní 2022.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

([5]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2020 18(1), 5969.

I. VIÐAUKI

Ákvæðum II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 er breytt sem hér segir:

1) Í 3. lið í B-hluta „Önnur aukefni en litarefni og sætuefni “ er eftirfarandi nýrri færslu bætt við á eftir færslunni fyrir matvælaaukefni E 322:

„E 322a	Hafralesitín“

2) Á eftir færslunni fyrir E 322 í E-hluta, er eftirfarandi nýrri færslu fyrir „Hafralesitín“ bætt við í matvælaflokki 5.1. „Kakó- og súkkulaðivörur sem falla undir tilskipun 2000/36/EB“:

	„E 322a	Hafralesitín	20 000“			

II. VIÐAUKI

Í viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 231/2012 er eftirfarandi færslu bætt við á eftir færslunni fyrir matvælaaukefni E 322:

„**E 322a HAFRALESITÍN**

Samheiti	Þætt hafraolía
Skilgreining	Hafralesitín er þætt hafraolía sem er auðug af skautuðum lípíðum, aðallega galaktólípíðum. Hafralesitín er framleitt úr hafrakjörnum til matvælavinnslu sem eru sigtaðir og dregnir út með etanóli við hátt hitastig til að framleiða óhreinsaðan útdrátt lípíða. Þessi óhreinsaði útdráttur fer í gegnum þrepskipta uppgufun og síun sem gefur óhreinsaða hafraolíu sem er aðskilin, látin gufa upp og síuð til að framleiða lesitín úr höfrum. Einungis má nota etanól sem útdráttarleysi við útdráttinn.
EINECS-númer	281-672-4
Magngreining	Ekki minna en 30% af skautuðum lípíðum sem eru óleysanleg í asetoni
Lýsing	Gulbrúnn seigfljótandi vökvi
Sanngreining	
Kólín	Ekki meira en 2 g/100 g
Fosfór	Ekki minna en 0,5%
Skautuð lípíð	Ekki minna en 35% massahlutfall
Hlutlaus lípíð	55–65% massahlutfall
Mettuð	17–20% massahlutfall
Einómettuð	38–42% massahlutfall
Fjölómettuð	38–42% massahlutfall
Hreinleiki	
Efnistap við þurrkun	Ekki meira en 2%
Efni sem er óleysanlegt í tólúeni:	Ekki meira en 1% massahlutfall
Sýrutala	Ekki meira en 30 mg KOH/g
Peroxíðgildi	Undir 10 meq O2/kg fitu
Leysisleifar	Etanól: ekki meira en 300 mg/kg
Arsen	Ekki meira en 0,1 mg/kg
Blý	Ekki meira en 0,05 mg/kg
Kvikasilfur	Ekki meira en 0,02 mg/kg
Kadmíum	Ekki meira en 0,05 mg/kg
Örverufræðilegar viðmiðanir	
Fjöldi örvera við loftháð skilyrði	Ekki meira en 1000 CFU/g
Gersveppir	Ekki meira en 100 CFU/g
Myglusveppir	Ekki meira en 100 CFU/g
Iðrabakteríur	Ekki meira en 10 CFU/g
Loftháð gró	Ekki meira en 1 CFU/g
Annað	
Glúten	Ekki meira en 20 mg/kg“

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2022/1037 **2023/EES/63/25**

frá 29. júní 2022

um breytingu á II. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 og viðaukanum við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 231/2012 að því er varðar notkun á glýkólípíðum sem rotvarnarefni í drykkjarvörur (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 frá 16. desember 2008 um aukefni í matvælum ([1]), einkum 3. mgr. 10. gr. og 14. gr.,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1331/2008 frá 16. desember 2008 um sameiginlega málsmeðferð við leyfisveitingu fyrir aukefni í matvælum, ensím í matvælum og bragðefni í matvælum ([2]), einkum 5. mgr. 7. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 er sett fram skrá Evrópusambandsins yfir matvælaaukefni sem samþykkt hafa verið til notkunar í matvæli og skilyrði fyrir notkun þeirra.

2) Í viðaukanum við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 231/2012 ([3]) er mælt fyrir um nákvæmar skilgreiningar á aukefnum í matvælum sem eru tilgreind í II. og III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008.

3) Uppfæra má skrá Evrópusambandsins yfir matvælaaukefni og nákvæmar skilgreiningar á aukefnum í matvælum í samræmi við sameiginlegu málsmeðferðina sem um getur í 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1331/2008, annaðhvort að frumkvæði framkvæmdastjórnarinnar eða í kjölfar umsóknar aðildarríkis eða hagsmunaaðila.

4) Í desember 2019 var umsókn lögð fyrir framkvæmdastjórnina um leyfi fyrir notkun á glýkólípíðum sem rotvarnarefni í bragðbættar drykkjarvörur, tilteknar aðrar vörur sem falla undir flokk 14.1 „óáfengir drykkir“ og óáfengur bjór og maltdrykkir.

5) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) lagði mat á öryggi tillagðrar notkunar glýkólípíða sem matvælaaukefni. Í áliti Matvælaöryggisstofnunarinnar ([4]) sem var samþykkt 4. maí 2021 var fastsett ásættanleg dagleg inntaka sem nemur 10 mg/kg líkamsþyngdar á dag. Matvælaöryggisstofnunin tók fram að hæsta mat á váhrifum á smábörn á dag, sem nemur 3,1 mg/kg líkamsþyngdar, sé innan fastsettrar ásættanlegrar, daglegrar inntöku og komst að þeirri niðurstöðu að váhrif frá glýkólípíðum skapi ekki öryggisvanda við þá notkun og notkunarmagn sem umsækjandinn lagði til.

6) Glýkólípíð eru framleidd með sveppnum *Dacropinax spathularia* í gerjunarferli. Þegar glýkólípíð eru notuð sem rotvarnarefni lengja þau geymsluþol drykkjarvara með því að verja þær gegn skemmdum af völdum örvera og hamla vexti sjúkdómsvaldandi örvera. Glýkólípíð eru virk gegn gersveppum, myglusveppum og gramjákvæðum bakteríum og geta verið valkostur í stað annarra rotvarnarefna sem eru sem stendur leyfð í drykkjarvörur.

7) Því er rétt að heimila notkun á glýkólípíðum sem rotvarnarefni í drykkjarvörur sem falla undir umsóknina og úthluta aukefninu E-númerinu E 246.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 173, 30.6.2022, bls. 52. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 146/2023 frá 13. Júní 2023 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 354, 31.12.2008, bls. 16.

([2]) Stjtíð. ESB L 354, 31.12.2008, bls. 1.

([3]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 231/2012 frá 9. mars 2012 um nákvæmar skilgreiningar á aukefnum í matvælum sem eru tilgreind í II. og III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 (Stjtíð. ESB L 83, 22.3.2012, bls. 1).

([4]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2021 19(6), 6609.

8) Færa ætti nákvæmu skilgreiningarnar fyrir glýkólípíð (E 246) inn í viðaukann við reglugerð (ESB) nr. 231/2012 þar eð þetta aukefni er fært á skrá Evrópusambandsins yfir matvælaaukefni, sem mælt er fyrir um í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008, í fyrsta sinn.

9) Því ætti að breyta reglugerðum (EB) nr. 1333/2008 og (ESB) nr. 231/2012 til samræmis við það.

10) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 er breytt í samræmi við I. viðauka við þessa reglugerð.

2. gr.

Viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 231/2012 er breytt í samræmi við II. viðauka við þessa reglugerð.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.*

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 29. júní 2022.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

I. VIÐAUKI

Ákvæðum II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 er breytt sem hér segir:

a) Í 3. lið í B-hluta „Matvælaaukefni önnur en litarefni og sætuefni “ er eftirfarandi nýrri færslu bætt við á eftir færslunni fyrir matvælaaukefni E 243:

„E 246	Glýkólípíð“

b) Ákvæðum E-hluta er breytt sem hér segir:

1) Í flokki 14.1.4 (Bragðbættar drykkjarvörur) er færslu fyrir E 246 (Glýkólípíð) bætt við á eftir færslunni fyrir E 242:

	„E 246	Glýkólípíð	50		Að undanskildum drykkjum sem eru að stofni til úr mjólkur-afurðum“

2) Í flokki 14.1.5.2 (Annað) er færslu fyrir E 246 (Glýkólípíð) bætt við á eftir færslunni fyrir E 242:

	„E 246	Glýkólípíð	20	(93)	Einungis teþykkni í fljótandi formi og fljótandi ávaxta- og jurtaseyðisþykkni“

3) Í flokki 14.2.1 (Bjór og maltdrykkir) er færslu fyrir E 246 (Glýkólípíð) bætt við á eftir færslunni fyrir E 220–228:

	„E 246	Glýkólípíð	50		Einungis óáfengur bjór og malt-drykkir“

II. VIÐAUKI

Í viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 231/2012 er eftirfarandi nýrri færslu bætt við á eftir færslunni fyrir matvælaaukefni E 243:

„E 246 glýkólípíð

Samheiti	
Skilgreining	Glýkólípíð úr náttúrulegu umhverfi fást með gerjunarferli þar sem villigerð MUCL 53181 af stofni sveppsins *Dacryopinax spathularia* er notuð (ætt, sætt osmanthus-skógareyra). Glúkósi er notaður sem kolefnisgjafi. Úrvinnsluferli án leysis felur í sér síun og örsíun til að fjarlægja örverufrumur, útfellingu og þvott með jöfnuðu vatni til hreinsunar. Afurðin er gerilsneydd og úðaþurrkuð. Framleiðsluferlið umbreytir glýkólípíðunum ekki efnafræðilega eða breytir náttúrulegri samsetningu þeirra.
CAS-númer	2205009-17-0
Efnaheiti	Glýkólípíð úr *Dacryopinax spathularia*
Magngreining	Ekki minna en 93% heildarglýkólípíðinnihald miðað við þurrefni.
Lýsing	Drapplitað yfir í ljósbrúnt duft, dauf einkennandi lykt
Sanngreining	
Leysni	Uppfyllir kröfuna (10 g/l í vatni)
pH-gildi	Á bilinu 5,0 til 7,0 (10 g/l í vatni)
Grugg	Ekki meira en 28 NTU (10 g/l í vatni)
Hreinleiki	
Vatnsinnihald	Ekki meira en 5% (aðferð Karls Fischers)
Prótín	Ekki meira en 3% (þáttur N x 6,25)
Fita	Ekki meira en 2% (þyngdarmæling)
Natríum	Ekki meira en 3,3%
Arsen	Ekki meira en 1 mg/kg
Blý	Ekki meira en 0,7 mg/kg
Kadmíum	Ekki meira en 0,1 mg/kg
Kvikasilfur	Ekki meira en 0,1 mg/kg
Nikkel	Ekki meira en 2 mg/kg
Örverufræðilegar viðmiðanir	
Heildarfjöldi örvera við loftháð skilyrði	Ekki meira en 100 þyrpingar í grammi
Ger- og myglusveppir	Ekki meira en 10 þyrpingar í grammi
Kólíbakteríur	Ekki meira en 3 MPN í grammi
Salmonella spp.	Greinist ekki í 25 g“

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2022/1038 **2023/EES/63/26**

frá 29. júní 2022

um breytingu á II. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 að því er varðar notkun á pólývínylpýrrólídóni (E1201) í matvæli sem eru notuð í sérstökum, læknisfræðilegum tilgangi í formi taflna og húðaðra taflna (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 frá 16. desember 2008 um aukefni í matvælum ([1]), einkum 3. mgr. 10. gr.,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1331/2008 frá 16. desember 2008 um sameiginlega málsmeðferð við leyfisveitingu fyrir aukefni í matvælum, ensím í matvælum og bragðefni í matvælum ([2]), einkum 5. mgr. 7. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 er sett fram skrá Evrópusambandsins yfir matvælaaukefni sem samþykkt hafa verið til notkunar í matvæli og skilyrði fyrir notkun þeirra.

2) Þessa skrá má uppfæra í samræmi við sameiginlegu málsmeðferðina sem um getur í 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1331/2008, annaðhvort að frumkvæði framkvæmdastjórnarinnar eða í kjölfar umsóknar.

3) Í samræmi við II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 er pólývínylpýrrólídón (E1201) leyft til notkunar sem matvælaaukefni í borðsætuefni í töfluformi og í fæðubótarefni sem gefin eru í föstu formi, að undanskildum fæðubótarefnum fyrir ungbörn og smábörn.

4) Hinn 29. október 2018 var lögð fram umsókn um leyfi fyrir notkun á pólývínylpýrrólídóni (E1201) sem matvælaaukefni í matvæli sem eru notuð í sérstökum, læknisfræðilegum tilgangi í formi taflna og húðaðra taflna, sem bindiefni í töflur. Umsóknin var gerð aðgengileg fyrir aðildarríkin skv. annarri undirgrein 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1331/2008.

5) Vísindanefndin um matvæli lagði mat á pólývínylpýrrólídón (E 1201) árið 1990 ([3]). í vísindalegu áliti sínu frá 1. júlí 2020 ([4]) endurmat Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) öryggi pólývínylpýrrólídóns (E1201) sem matvælaaukefnis og tók til athugunar rýmkun á notkun þess í matvæli sem eru notuð í sérstökum, læknisfræðilegum tilgangi í formi taflna og húðaðra taflna. Í því áliti komst Matvælaöryggisstofnunin að þeirri niðurstöðu að ekki sé búist við að slík rýmkun á notkun, við tillagt leyfilegt hámarksgildi og ráðlagt neyslumagn, hafi öryggisvanda í för með sér.

6) Það er tæknileg þörf á því að bæta pólývínylpýrrólídóni (E1201) við meðan á framleiðslu á töflum í sérstökum, læknisfræðilegum tilgangi stendur til að binda innihaldsefnin vandlega saman, tryggja samheldni þeirra og hægja á sundrun þeirra. Því er rétt að heimila notkun á þessu aukefni sem bindiefni í matvæli sem eru notuð í sérstökum, læknisfræðilegum tilgangi í formi taflna og húðaðra taflna.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 173, 30.6.2022, bls. 56. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 146/2023 frá 13. Júní 2023 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 354, 31.12.2008, bls. 16.

([2]) Stjtíð. ESB L 354, 31.12.2008, bls. 1.

([3]) Skýrsla vísindanefndarinnar um matvæli, 26. ritröð. Report EUR 13 913.

([4]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2020 18(8), 6215.

7) Leyfið fyrir notkun á pólývínylpýrrólídóni (E1201) sem matvælaaukefni í flokki 13.2 „Sérfæða sem er notuð í sérstökum læknisfræðilegum tilgangi eins og skilgreint er í tilskipun 1999/21/EB (að undanskildum vörum í matvælaflokki 13.1.5)“ í E-hluta II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 felur ekki í sér flokkun vöru sem er unnin með því matvælaaukefni sem matvæli sem eru notuð í sérstökum, læknisfræðilegum tilgangi samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 609/2013 ([5]).

8) Því ætti að breyta reglugerð (EB) nr. 1333/2008 til samræmis við það.

9) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Í E-hluta II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008, í matvælaflokki 13.2. „Sérfæða sem er notuð í sérstökum læknisfræðilegum tilgangi eins og skilgreint er í tilskipun 1999/21/EB (að undanskildum vörum í matvælaflokki 13.1.5)“, er eftirfarandi neðanmálsgrein bætt við:

	„E 1201	Pólývínýlpýrrólídón	*eftir þörfum*		Einungis í formi taflna og húðaðra taflna“

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 29. júní 2022.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

([5]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 609/2013 frá 12. júní 2013 um matvæli sem eru ætluð ungbörnum og smábörnum, matvæli sem eru notuð í sérstökum læknisfræðilegum tilgangi og þyngdarstjórnunarfæði í stað alls annars fæðis og um niðurfellingu á tilskipun ráðsins 92/52/EBE, tilskipunum framkvæmdastjórnarinnar 96/8/EB, 1999/21/EB, 2006/125/EB og 2006/141/EB, tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/39/EB og reglugerðum framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 41/2009 og (EB) nr. 953/2009 (Stjtíð. ESB L 181, 29.6.2013, bls. 35).

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2022/965 **2023/EES/63/27**

frá 21. júní 2022

um leyfi til að setja á markað kjarna úr ætu yrki *Jatropha curcas* L. sem nýfæði og um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2283 frá 25. nóvember 2015 um nýfæði, um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1169/2011 og um niðurfellingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 258/97 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1852/2001 ([1]), einkum 1. mgr. 12. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (ESB) 2015/2283 er kveðið á um að einungis sé heimilt að setja nýfæði, sem er leyft og fært á skrá Sambandsins yfir nýfæði, á markað í Sambandinu.

2) Samkvæmt 8. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283 var skrá Sambandsins yfir leyft nýfæði komið á fót með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2470 ([2]).

3) Hinn 29. ágúst 2016 lagði fyrirtækið „JatroSolutions GmbH“, (hér á eftir nefnt umsækjandinn), umsókn fyrir lögbær yfirvöld í Þýskalandi um að fá að setja kjarna úr ætu yrki *Jatropha curcas* L. á markað í Sambandinu sem nýtt innihaldsefni í matvælum í skilningi c-liðar 2. mgr. 1. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 258/97 ([3]). Umsækjandinn fór fram á að vatnshitameðhöndlaðir heilir og brotnir kjarnar úr ætu yrki *Jatropha curcas* L. yrðu notaðir sem slíkir (eða sykraðir eða varðir skemmdum með sykri) eða sem unnar hnetur sem nasl og sem matvælainnihaldsefni í kornstangir, í morgunkorn og í þurrkuð aldin.

4) Samkvæmt 1. mgr. 35. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283 skal fara með allar beiðnir um að setja nýfæði á markað innan Sambandsins, sem lagðar eru fyrir aðildarríki í samræmi við 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 258/97 um nýfæði og ný innihaldsefni í matvælum og endanleg ákvörðun hefur ekki verið tekin um fyrir 1. janúar 2018, sem umsókn sem lögð er fram samkvæmt reglugerð (ESB) 2015/2283.

5) Þó að umsóknin um að setja kjarna úr ætu yrki *Jatropha curcas* L. á markað sem nýfæði innan Sambandsins hafi verið lögð fyrir aðildarríki í samræmi við 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 258/97 uppfyllir hún einnig kröfurnar sem mælt er fyrir um í reglugerð (ESB) 2015/2283.

6) Hinn 1.mars 2018 fór umsækjandinn þess einnig á leit við framkvæmdastjórnina að gögn sem njóta einkaleyfisverndar nytu verndar í tengslum við stjórnun á ræktun plöntunnar *Jatropha curcas* L. og notkun sameindamarka (e. *molecular marker*) ([4]), gögn um samsetningu, þ.m.t. næringarfræðilegar upplýsingar ([5]) og gögn um ofnæmisvalda ([6]), upplýsingar um líffræðileg aðskotaefni og aðskotaefni úr vinnslu ([7]), greiningaraðferðir, þ.m.t. fullgilding þeirra, til að greina forbólestera í kjörnum *Jatropha curcas* L. ([8]), aðferðir til að sannprófa forbólesterainnihald í kjörnum *Jatropha curcas*

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 166, 22.6.2022, bls. 118. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 146/2023 frá 13. Júní 2023 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 327, 11.12.2015, bls. 1.

([2]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2470 frá 20. desember 2017 um að koma á fót skrá Sambandsins yfir nýfæði í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2283 um nýfæði (Stjtíð. ESB L 351, 30.12.2017, bls. 72).

([3]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 258/97 frá 27. janúar 1997 um ný matvæli og ný innihaldsefni í matvælum (Stjtíð. EB L 43, 14.2.1997, bls. 1).

([4]) JatroSolutions GmbH (2018 og 2019, óbirt

([5]) JatroSolutions GmbH (2021, óbirt)

([6]) JatroSolutions GmbH (2020 og 2021, óbirt

([7]) JatroSolutions GmbH (2021, óbirt)

([8]) JatroSolutions GmbH (2021, óbirt)

L. ([9]), prófun á bakstökkbreytingum hjá bakteríum með ætu og óætu fitusneyddu mjöli og olíu úr kjörnum *Jatropha curcas* L. ([10]) og smákjarnaprófun í glasi á spendýrafrumum með ætu og óætu fitusneyddu mjöli og olíu úr kjörnum *Jatropha curcas* L. ([11]) sem lögð voru fram til stuðnings umsókninni.

7) Hinn 19. október 2018 fór framkvæmdastjórnin þess á leit við Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) að hún framkvæmdi mat á kjörnum úr ætu yrki *Jatropha curcas* L. sem nýfæði.

8) Hinn 24. nóvember 2021 samþykkti Matvælaöryggisstofnunin vísindalegt álit sitt „Safety of hydrothermally treated kernels from edible Jatropha curcas L. ('Chuta') as a novel food pursuant to Regulation (EU) 2015/2283 ([12])“ í samræmi við 11. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283.

9) Í vísindalegu áliti sínu komst Matvælaöryggisstofnunin að þeirri niðurstöðu að kjarnar úr ætu yrki *Jatropha curcas* L. séu öruggir við tillögð notkunarskilyrði. Þess vegna eru tilgreindar nægar forsendur í þessu vísindalega áliti til að ákvarða að nýfæðið kjarnar úr ætu yrki *Jatropha curcas* L., þegar þeir eru notaðir sem slíkir (eða sykraðir eða varðir skemmdum með sykri) eða sem unnar hnetur sem nasl og sem matvælainnihaldsefni í kornstangir, í morgunkorn og í þurrkuð aldin uppfylli skilyrðin fyrir setningu þess á markað í samræmi við 1. mgr. 12. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283.

10) Í vísindalegu áliti sínu komst Matvælaöryggisstofnunin einnig að þeirri niðurstöðu að neysla á þessu nýfæði geti annaðhvort valdið frumnæmingu fyrir kjörnum úr ætu yrki *Jatropha curcas* L. sem geti leitt til ofnæmisviðbragða eða kallað fram ofnæmisviðbrögð hjá einstaklingum sem eru með ofnæmi fyrir hnetum. Hún komst að slíkri niðurstöðu á grundvelli vægis fyrirliggjandi rökstuddra vísbendinga og að teknu tilliti til aukins (32%) prótíninnihalds í kjörnum úr ætu yrki *Jatropha curcas* L. og birtra upplýsinga sem sýna fram á tilvist nokkurra ofnæmisvaldandi prótína í kjörnum úr óætu yrki *Jatropha curcas* L. Að teknu tilliti til þess að sem stendur eru engar faraldsfræðilegar vísbendingar um ofnæmisviðbrögð við kjörnum úr ætu yrki *Jatropha curcas* L. á þeim svæðum í Mexíkó þar sem þeirra er almennt neytt og að teknu tilliti til neikvæðra niðurstaðna úr ELISA-prófunum í glasi á víxlsvörun prótína úr kjörnum úr ætu yrki *Jatropha curcas* L. við prótín úr nokkrum algengum hnetum og neikvæðra kjarnsýrumögnunarprófana fyrir ofnæmisvöldum úr öðrum hnetum, sem voru gerðar með kjörnum úr ætu yrki *Jatropha curcas* L., telur framkvæmdastjórnin þó að ekki ætti að færa sértækar kröfur um merkingu, að því er varðar ofnæmisvirkni þeirra, í skrá Sambandsins yfir leyft nýfæði.

11) Matvælaöryggisstofnunin tók einnig fram í vísindalegu áliti sínu að niðurstöður hennar um öryggi nýfæðisins byggðust á vísindalegum gögnum um stjórnun á ræktun plöntunnar *Jatropha curcas* L. og notkun sameindamarka, gögnum um samsetningu, þ.m.t. næringarfræðilegar upplýsingar og gögn um ofnæmisvalda, upplýsingum um líffræðileg aðskotaefni og aðskotaefni úr vinnslu, greiningaraðferðum þ.m.t. fullgilding þeirra, til að greina forbólestera í kjörnum *Jatropha curcas* L., aðferðum til að sannprófa forbólesterainnihald í kjörnum *Jatropha curcas* L., prófun á bakstökkbreytingum hjá bakteríum með ætu og óætu fitusneyddu mjöli og olíu úr kjörnum *Jatropha curcas* L. og smákjarnaprófun í glasi á spendýrafrumum með ætu og óætu fitusneyddu mjöli og olíu úr kjörnum *Jatropha curcas* L. og án þeirra hefði Matvælaöryggisstofnunin ekki getað lagt mat á nýfæðið og komist að niðurstöðu sinni.

12) Framkvæmdastjórnin fór þess á leit við umsækjandann að hann skýrði nánar framlagðan rökstuðning, að því er varðar kröfu hans um einkaleyfisvernd vegna þessara rannsókna og prófana og að hann skýrði nánar kröfu sína um einkarétt á að vísa til þeirra í samræmi við b-lið 2. mgr. 26. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283.

13) Umsækjandinn lýsti því yfir að hann hafi haft einkaleyfisvernd og einkarétt varðandi tilvísanir í vísindaleg gögn um stjórnun á ræktun plöntunnar *Jatropha curcas* L. og notkun sameindamarka, gögn um samsetningu, þ.m.t. næringarfræðilegar upplýsingar og gögn um ofnæmisvalda, upplýsingar um líffræðileg aðskotaefni og aðskotaefni úr vinnslu, greiningaraðferðir, þ.m.t. fullgildingar þeirra, til að greina forbólestera í kjörnum *Jatropha curcas* L., sýnatökuaðferðir til að sannprófa forbólesterainnihald í kjörnum *Jatropha curcas* L., prófun á bakstökkbreytingum hjá

([9]) JatroSolutions GmbH (2021, óbirt)
([10]) JatroSolutions GmbH (2021, óbirt)
([11]) JatroSolutions GmbH (2021, óbirt)
([12]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2022 20(1), 6998.

bakteríum með ætu og óætu fitusneyddu mjöli og olíu úr kjörnum *Jatropha curcas* L. og smákjarnaprófun í glasi á spendýrafrumum með ætu og óætu fitusneyddu mjöli og olíu úr kjörnum *Jatropha curcas* L. þegar hann lagði umsóknina fram og því gætu þriðju aðilar ekki nálgast, notað eða vísað í þessi gögn með lögmætum hætti.

14) Framkvæmdastjórnin mat allar upplýsingarnar sem umsækjandinn lagði fram og taldi að hann hefði fært fullnægjandi sannanir fyrir því að kröfurnar, sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 26. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283, væru uppfylltar. Því ættu vísindagögn um stjórnun á ræktun plöntunnar *Jatropha curcas* L. og notkun sameindamarka, gögn um samsetningu, þ.m.t. næringarfræðilegar upplýsingar og gögn um ofnæmisvalda, upplýsingar um líffræðileg aðskotaefni og aðskotaefni úr vinnslu, greiningaraðferðir, þ.m.t. fullgilding þeirra, til að greina forbólestera í kjörnum *Jatropha curcas* L., aðferðir til að sannprófa forbólesterainnihald í kjörnum *Jatropha curcas* L., prófun á bakstökkbreytingum hjá bakteríum með ætu og óætu fitusneyddu mjöli og olíu úr kjörnum *Jatropha curcas* L. og smákjarnaprófun í glasi á spendýrafrumum með ætu og óætu fitusneyddu mjöli og olíu úr kjörnum *Jatropha curcas* L. að njóta verndar í samræmi við 1. mgr. 27. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283. Til samræmis við það ætti eingöngu umsækjandanum að vera heimilt að setja kjarna úr *Jatropha curcas* L. á markað innan Sambandsins í 5 ár frá gildistöku þessarar reglugerðar.

15) Hins vegar kemur takmörkun á leyfi fyrir kjörnum úr ætu yrki *Jatropha curcas* L., og á tilvísunum í rannsóknargögnin sem finna má í skrá umsækjandans, eingöngu við notkun umsækjandans ekki í veg fyrir að síðari umsækjendur sæki um leyfi til að setja sama nýfæðið á markað, að því tilskildu að viðkomandi umsókn byggist á upplýsingum sem fengnar eru með lögmætum hætti til stuðnings slíku leyfi.

16) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

1. Heimilt er að setja kjarna úr ætu yrki *Jatropha curcas* L. á markað innan Sambandsins.

Kjarnar úr ætu yrki *Jatropha curcas* L. skulu færðir á skrá Sambandsins yfir nýfæði sem sett er fram í framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470.

2. Viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Einungis fyrirtækinu „JatroSolutions GmbH“ ([13]) er leyfilegt að setja nýfæðið, sem um getur í 1. gr., á markað í Sambandinu nema síðari umsækjanda hlotnist leyfi fyrir nýfæðinu án tilvísunar í vísindagögnin sem eru vernduð skv. 3. gr. eða með samþykki „JatroSolutions GmbH“.

3. gr.

Ekki skal nota vísindagögnin sem eru í umsóknarskránni og sem uppfylla skilyrðin sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 26. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283 í þágu síðari umsækjanda í 5 ár frá 12. júlí 2022 nema „JatroSolutions GmbH“ samþykki það.

4. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

([13]) Heimilisfang: Echterdinger Strasse 30, 70599 Stuttgart, Þýskaland.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 21. júní 2022.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

VIÐAUKI

Viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470 er breytt sem hér segir:

1) Eftirfarandi færslu er bætt við í töflu 1 (Leyft nýfæði):

Leyft nýfæði	Með hvaða skilyrðum er heimilt að nota nýfæðið		Sértækar viðbótarkröfur varðandi merkingu	Aðrar kröfur	Gagnavernd
„**Kjarnar úr *Jatropha curcas* L. (ætt yrki)**	*Tilgreindur matvæla-flokkur*	*Hámarksgildi (g/100 g)*	Heiti nýfæðisins, sem kemur fram á merkimiða matvæla sem innihalda það, skal vera „kjarnar úr ætu yrki *Jatropha curcas* L.“		Leyft 12. júlí 2022. Þessi skráning byggir á einkaleyfisverndaðri vísindaþekkingu og vísindagögnum sem njóta verndar í samræmi við 26. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283. Umsækjandi: „JatroSolutions GmbH“, Echterdinger Strasse 30, 70599 Stuttgart, Þýskaland. Á tímabilinu sem gagnaverndin varir er einungis „JatroSolutions GmbH“ leyfilegt að setja nýfæðið kjarnar úr ætu yrki *Jatropha curcas* L. á markað innan Sambandsins nema síðari umsækjanda hlotnist leyfi fyrir nýfæðinu án tilvísunar til einkaleyfisverndaðrar vísindaþekkingar eða vísindagagna sem njóta verndar í samræmi við 26. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283 eða með samþykki „JatroSolutions GmbH“. Lokadagur gagnaverndar: 12. júlí 2027.”
	Kjarnar sem slíkir, sykraðir eða varðir skemmdum með sykri og sem unnar hnetur				
	Kornstangir	5			
	Morgunkorn	5			
	Þurrkuð aldin	5			

2) Eftirfarandi færslu er bætt við í stafrófsröð í töflu 2 (Nákvæm skilgreining):

Leyft nýfæði	Nákvæm skilgreining
„**Kjarnar úr *Jatropha curcas* L. (ætt yrki)**	**Lýsing:** Kjarnarnir fást úr fræi þroskaðra aldina af ætu yrki plantnanna *Jatropha curcas* L., sem mynda kjarna með ógreinanlegu magni forbólestera, eftir röð þrepa sem fela í sér hreinsun og afhýðingu aldinanna til að fá fræið, þurrkun fræsins, hreinsun fræsins til að fjarlægja óhreinindi og aðrar leifar, vélræna afhýðingu fræsins til að fá kjarnana og vatnshitameðhöndlun (> 120 °C í 40 mínútur) á kjörnunum til að draga úr andnæringarefnum og örverufræðilegu álagi. Þar eð ekki er unnt að aðgreina ætt yrki plantnanna *Jatropha curcas* L., sem mynda kjarna sem innihalda ógreinanlegt magn forbólestera, frá óætu yrki að því er varðar svipfar ætti einungis að nota viðeigandi ætt yrki plantnanna *Jatropha curcas* L. til framleiðslu á nýfæðinu. Í öllu framleiðsluferlinu verður að tryggja að ekki verði blöndun á ætum og óætum kjörnum.

Staðfesta skal með greiningareftirliti með forbólesterum, sem er viðhaft með hverri framleiðslulotu fræs eftir fræþurrkunarþrepið og fyrir afhýðingarþrepið samkvæmt sýnatökuaðferðinni í töflu A, að blöndun á ætum og óætum kjörnum hafi ekki átt sér stað. Fimm rannsóknarsýni, sem eru dregin út úr hverju safnsýni, eru afhýdd, möluð og greind með tilliti til forbólestera með því að nota fullgilta UHPLC-UV-MS-aðferð [(b)]. Einungis framleiðslulotur þar sem forbólesterar greinast ekki í neinu af sýnunum fimm eru unnar enn frekar í þrepunum afhýðing fræs og vatnshitameðhöndlun á kjarna.

Tafla A

Þyngd framleiðslulotu (tonn)	Þyngd eða fjöldi framleiðsluhluta	Fjöldi hlutasýna
≥ 500	100 tonn	100
> 100 og < 500	5 framleiðsluhlutar	100
> 10 og ≤ 100	5 framleiðsluhlutar	100
> 5,0 og ≤ 10	-	80
> 1 og ≤ 5,0	-	60
> 0,1 og ≤ 1,0	-	30
≤ 0,1	-	10

Taka skal sýni úr hverjum framleiðsluhluta aðskilið. Safnsýni eru sett saman úr að lágmarki 10 hlutasýnum. Lágmarksmagn safnsýnis skal vera 3,5 kg. Heimilt er að auka þetta magn hlutfallslega í samræmi við fjölda hlutasýna sem eru tekin.

Eiginleikar/samsetning:

Raki: ≤ 3,0%

Heildarmagn fitu: 54,0–61,0%

Heildarmagn prótína: 21,0–32,0%

Heildarmagn trefja: 6,0–10,0%

Aska: 3,0–5,0%

Aðskotaefni:

Forbólesterar (µg TPA-jafngildi[(a)]/g kjarni)[(b)]: ≤ 0,75 (Greiningarmörk)[(c)]

Blý: ≤ 0,20 mg/kg

Kadmíum: ≤ 0,20 mg/kg

Summa aflatoxína B1, B2, G1, G2: ≤ 4,0 µg/kg

Örverufræðilegar viðmiðanir:

Heildarfjöldi örvera við loftháð skilyrði: ≤ 1 000 CFU/g

Heildarfjöldi ger-/myglusveppa: ≤ 100 CFU/g

	Iðrabakteríur: ≤ 10 CFU/g *Salmonella* sp.: Greinist ekki í 25 g *Listeria monocytogenes*: ≤ 100 CFU/g [a] TPA-jafngildi: 12-O-tetradekanóýlforból-13-asetat-jafngildi,[b]Fullgild aðferð með útháprýstivökvaskiljun með útfjólublárri litrófsmæligreiningu og massagreiningu (UHPLC-UV-MS) til að greina forbólesteratoppa.[c] Greiningarmörk (einungis er hægt að fullvinna framleiðslulotur þar sem styrkur forbólestera er undir greiningarmörkum). CFU: Þyrpingamyndandi einingar“

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2022/966 **2023/EES/63/28**

frá 21. júní 2022

um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470 að því er varðar skilyrði fyrir notkun, sértækar kröfur um merkingu og nákvæma skilgreiningu á nýfæðinu olía úr *Calanus finmarchicus* (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2283 frá 25. nóvember 2015 um nýfæði, um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1169/2011 og um niðurfellingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 258/97 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1852/2001 ([1]), einkum 12. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (ESB) 2015/2283 er kveðið á um að einungis sé heimilt að setja nýfæði, sem er leyft og fært á skrá Sambandsins yfir nýfæði, á markað í Sambandinu.

2) Samkvæmt 8. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283 var skrá Sambandsins yfir leyft nýfæði komið á fót með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2470 ([2]).

3) Skrá Sambandsins sem er sett fram í viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470 inniheldur olíu úr *Calanus finmarchicus* sem leyft nýfæði.

4) Með framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2353 ([3]) var leyft, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 258/97 ([4]), að setja á markað olíu úr *Calanus finmarchicus* sem nýtt innihaldsefni í matvælum til notkunar í fæðubótarefni sem eru ætluð fyrir almenning.

5) Hinn 30. nóvember 2021 lagði fyrirtækið „Calanus A/S“ (hér á eftir nefnt umsækjandinn) umsókn fyrir framkvæmdastjórnina, í samræmi við 1. mgr. 10. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283, um breytingu á nákvæmri skilgreiningu, skilyrðum fyrir notkun og sértækum kröfum um merkingu á nýfæðinu „olía úr *Calanus finmarchicus*“. Umsækjandinn lagði til breytingu á nákvæmri skilgreiningu á olíu úr *Calanus finmarchicus* að því er varðar gildið fyrir astaxantínestra í allt að 0,25%. Hann fór fram á að auka hámarksgildi astaxantínestra í olíu úr *Calanus finmarchicus* í allt að 0,25% fyrir einstaklinga, eldri en fjórtán ára, til viðbótar við hámarksgildið sem er leyft sem stendur, sem nemur < 0,1% af astaxantínestrum í olíu úr *Calanus finmarchicus*, fyrir almenning. Að því er varðar fæðubótarefni, sem eru ætluð fyrir almenning, sem innihalda það gildi fyrir astaxantínestra sem er leyft sem stendur og nemur < 0,1% lagði umsækjandinn til að notkunarmagn olíu úr *Calanus finmarchicus*, sem er leyft sem stendur og nemur 2,3 g/dag, yrði minnkað í 1,0 g/dag og að ungbörn og smábörn yrðu undanskilin.

6) Vegna tillögðu breytinganna á nákvæmu skilgreiningunni á olíu úr *Calanus finmarchicus* og skilyrðum fyrir notkun á þessu nýfæði lagði umsækjandinn til breytingu á merkingunni á því til að tryggja að neytendur noti einungis fæðubótarefni sem eru ætluð fyrir þeirra aldursflokk. Að auki, í ljósi núverandi notkunar á fæðubótarefnum sem innihalda astaxantínestra á markaði Sambandsins, lagði umsækjandinn einnig til sértækar viðbótarmerkingar til að vara neytendur við því að nota ekki fæðubótarefni sem innihalda olíu úr *Calanus finmarchicus* þegar annarra fæðubótarefna sem innihalda astaxantínestra er neytt sama dag.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 166, 22.6.2022, bls. 125. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 146/2023 frá 13. Júní 2023 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 327, 11.12.2015, bls. 1.

([2]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2470 frá 20. desember 2017 um að koma á fót skrá Sambandsins yfir nýfæði í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2283 um nýfæði (Stjtíð. ESB L 351, 30.12.2017, bls. 72).

([3]) Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2353 frá 14. desember 2017 um leyfi til að setja á markað olíu úr *Calanus finmarchicus* sem nýtt innihaldsefni í matvælum samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 258/97 (Stjtíð. ESB L 336, 16.12.2017, bls. 45).

([4]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 258/97 frá 27. janúar 1997 um ný matvæli og ný innihaldsefni í matvælum (Stjtíð. EB L 43, 14.2.1997, bls. 1).

7) Framkvæmdastjórnin lítur svo á að ólíklegt sé að umbeðin uppfærsla á skrá Sambandsins varðandi nákvæma skilgreiningu á olíu úr *Calanus finmarchicus* og breytingar sem af henni leiða á skilyrðunum fyrir notkun hennar fyrir íbúahópa sem eru eldri en 14 ára hafi áhrif á heilbrigði manna og að öryggismat Matvælaöryggisstofnunar Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin), í samræmi við 3. mgr. 10. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283, sé ekki nauðsynlegt. Ekki er búist við að aukning á astaxantínestrum í olíu úr *Calanus finmarchicus* úr < 0,1% í ≤ 0,25% í fæðubótarefnum sem eru ætluð fyrir íbúahópa sem eru eldri en 14 ára leiði til inntöku á astaxantínestrum sem, ásamt inntöku á astaxantíni úr venjulegri fæðu, fara yfir endurskoðaða ásættanlega daglega inntöku, sem nemur 0,2 mg af astaxantíni/kg líkamsþyngdar, sem Matvælaöryggisstofnunin fastsetti ([5]).

8) Framkvæmdastjórnin telur enn fremur að ólíklegt sé að umbeðin uppfærsla á skrá Sambandsins, sem varðar að minnka það notkunarmagn olíu úr *Calanus finmarchicus* sem er leyft sem stendur úr 2,3 g/dag í 1,0 g/dag í fæðubótarefnum sem eru ætluð fyrir almenning sem innihalda < 0,1% af astaxantínestrum, og það að ungbörn og smábörn verði undanskilin hafi áhrif á heilbrigði manna og að öryggismat Matvælaöryggisstofnunarinnar, í samræmi við 3. mgr. 10. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283, sé ekki nauðsynlegt. Það að ungbörn og smábörn verði undanskilin er réttlætanlegt vegna þess að búist er við að áætluð samsett inntaka astaxantínestra úr fæðubótarefnum, sem innihalda olíu úr *Calanus finmarchicus* í magni sem nemur < 0,1% af astaxantínestrum, og úr venjulegri fæðu fari yfir endurskoðaða ásættanlega daglega inntöku sem nemur 0,2 mg af astaxantíni/kg líkamsþyngdar sem Matvælaöryggisstofnunin fastsetti fyrir þessa hópa neytenda.

9) Tillögð breyting á nákvæmri skilgreiningu og skilyrðum fyrir notkun á olíu úr *Calanus finmarchicus*, að því er varðar gildin fyrir astaxantínestra, er í samræmi við niðurstöðurnar úr öryggismatinu á astaxantíni sem Matvælaöryggisstofnunin innti af hendi. Því þykir rétt að breyta nákvæmri skilgreiningu og skilyrðum fyrir notkun á nýfæðinu olía úr *Calanus finmarchicus* í tillögð gildi fyrir astaxantínestra.

10) Tillagðar breytingar á kröfum um merkingu á olíu úr *Calanus finmarchicus* eru í samræmi við niðurstöðurnar úr öryggismatinu á astaxantíni sem Matvælaöryggisstofnunin innti af hendi. Að auki telur framkvæmdastjórnin viðeigandi að mæla fyrir um frekari kröfu um merkingu til að koma í veg fyrir samhliða neyslu fæðubótarefna sem innihalda astaxantín sem líklegt er að fari yfir ásættanlega daglega inntöku sem Matvælaöryggisstofnunin fastsetti. Því er viðeigandi að tilgreina viðbótarkröfur um merkingar varðandi þetta nýfæði.

11) Upplýsingarnar í umsókninni gefa nægar forsendur til að ákvarða að breytingarnar á skilyrðum fyrir notkun, sértækum kröfum um merkingu og nákvæmu skilgreiningunni á nýfæðinu olía úr *Calanus finmarchicus* séu í samræmi við skilyrðin í 12. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283 og það ætti að samþykkja þær.

12) Því ætti að breyta viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470 til samræmis við það.

13) Til að veita rekstraraðilum nægilegan tíma til að breyta starfsvenjum sínum til að uppfylla kröfurnar í þessari reglugerð ætti að mæla fyrir um umbreytingarráðstafanir að því er varðar fæðubótarefni, sem innihalda olíu úr *Calanus finmarchicus,* sem voru sett á markað Sambandsins á löglegan hátt eða send frá þriðju löndum til Sambandsins fyrir gildistökudag þessarar reglugerðar.

14) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

([5]) „Safety of astaxanthin for its use as a novel food in food supplements“, *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2020 18(2):5993.

2. gr.

1. Fæðubótarefni sem innihalda olíu úr *Calanus finmarchicus*, sem voru sett á markað á lögmætan hátt áður en þessi reglugerð tekur gildi, má setja á markað til síðasta dags lágmarksgeymsluþols þeirra eða til síðasta notkunardags.

2. Fæðubótarefni sem innihalda olíu úr *Calanus finmarchicus,* sem voru send frá þriðja landi og voru á leið til Sambandsins fyrir gildistökudag þessarar reglugerðar og eru í samræmi við reglur sem voru í gildi fyrir gildistökudag þessarar reglugerðar, má setja á markað til síðasta dags lágmarksgeymsluþols þeirra eða til síðasta notkunardags.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.*

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 21. júní 2022.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

VIÐAUKI

Viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470 er breytt sem hér segir:

1) Í stað færslunnar fyrir „olía úr *Calanus finmarchicus*“ í töflu 1 (Leyft nýfæði) kemur eftirfarandi:

Leyft nýfæði	Með hvaða skilyrðum er heimilt að nota nýfæðið		Sértækar viðbótarkröfur varðandi merkingu	Aðrar kröfur
„**Olía úr *Calanus finmarchicus***	*Tilgreindur matvælaflokkur*	*Hámarksgildi*	1. Heiti nýfæðisins, sem kemur fram á merkimiða matvæla sem innihalda það, skal vera „olía úr *Calanus finmarchicus* (krabbadýr)“. 2. Á merkimiða fæðubótarefna sem innihalda olíu úr *Calanus finmarchicus* skal vera yfirlýsing þess efnis að ekki skuli neyta þessara fæðubótarefna: a) ef annarra fæðubótarefna sem innihalda astaxantínestra er neytt sama dag, b) ef um er að ræða ungbörn og börn yngri en 3 ára, c) ef um er að ræða börn yngri en 14 ára, ef innihaldsefnið inniheldur ≥ 0,1% astaxantín.“	
	Fæðubótarefni eins og skilgreint er í tilskipun 2002/46/EB, að undanskildum fæðubótarefnum fyrir ungbörn og smábörn	1,0 g/dag (< 0,1% astaxantínestrar, sem leiðir til < 1,0 mg af astaxantíni á dag) fyrir almenning, að undanskildum ungbörnum og smábörnum 2,3 g/dag (frá 0,1% til ≤ 0,25% astaxantínestrar, sem leiðir til ≤ 5,75 mg af astaxantíni á dag) fyrir almenning eldri en 14 ára		

2) Í stað færslunnar fyrir „olía úr *Calanus finmarchicus*“ í töflu 2 (Nákvæm skilgreining) kemur eftirfarandi:

Leyft nýfæði	Nákvæm skilgreining
„**Olía úr *Calanus finmarchicus***	**Lýsing/Skilgreining:** Nýfæðið er rúbínrauð, eilítið seigfljótandi olía með daufri skelfiskangan, útdregin úr krabbadýrunum (sjávardýrasvifinu) *Calanus finmarchicus*. Innihaldsefnið samanstendur aðallega af vaxestrum (> 85%) með minni háttar magni af þríglýseríði og öðrum hlutlausum lípíðum. **Nákvæm skilgreining:** Vatn: < 1,0% Vaxestrar: > 85% Heildarmagn fitusýrna: > 46% Eikósapentensýra (EPA): > 3,0%

	Dókósahexensýra (DHA): > 4,0% Heildarmagn fitualkóhóla: > 28% C20:1 n-9 fitualkóhól: > 9,0% C22:1 n-11 fitualkóhól: > 12% Transfitusýrur: < 1,0% Astaxantínestrar: ≤ 0,25% Peroxíðtala (PV): < 3,0 meq. O_2/kg“

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2022/1160 **2023/EES/63/29**

frá 5. júlí 2022

um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470 að því er varðar skilyrði fyrir notkun og nákvæma skilgreiningu á nýfæðinu nikótínamíðríbósíðklóríði (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2283 frá 25. nóvember 2015 um nýfæði, um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1169/2011 og um niðurfellingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 258/97 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1852/2001 ([1]), einkum 12. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (ESB) 2015/2283 er kveðið á um að einungis sé heimilt að setja nýfæði, sem er leyft og fært á skrá Sambandsins yfir nýfæði, á markað í Sambandinu.

2) Samkvæmt 8. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283 var skrá Sambandsins yfir leyft nýfæði komið á fót með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2470 ([2]).

3) Skrá Sambandsins sem er sett fram í viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470 inniheldur nikótínamíðríbósíðklóríð sem leyft nýfæði.

4) Með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/16 ([3]) var leyft að setja á markað nikótínamíðríbósíðklóríð sem nýfæði til notkunar í fæðubótarefni, eins og skilgreint er í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/46/EB ([4]), fyrir fullorðið fólk.

5) Hinn 2. mars 2020 lagði fyrirtækið ChromaDex Inc. (hér á eftir nefnt umsækjandinn) umsókn fyrir framkvæmdastjórnina, í samræmi við 1. mgr. 10. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283, um breytingu á skilyrðum fyrir notkun á nýfæðinu nikótínamíðríbósíðklóríði. Umsækjandinn fór fram á að notkunin á nikótínamíðríbósíðklóríði yrði rýmkuð þannig að hún nái yfir matvæli sem eru notuð í sérstökum, læknisfræðilegum tilgangi og þyngdarstjórnunarfæði í stað alls annars fæðis, eins og skilgreint er í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 609/2013 ([5]), allt að 500 mg á dag, og staðgöngumáltíðir, allt 300 mg á dag; allir þessir flokkar eru ætlaðir fyrir fullorðið fólk, að undanskildum þunguðum konum og konum með barn á brjósti.

6) Hinn 2. mars 2020 fór umsækjandinn þess einnig á leit við framkvæmdastjórnina að gögn sem njóta einkaleyfisverndar nytu verndar í tengslum við rannsókn sem lögð var fram til stuðnings umsókninni, þ.e.a.s. rannsókn á mönnum þar sem lagt er mat á öryggi og skammtaháð áhrif nikótínamíðríbósíðklóríðviðbótar ([6]).

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 179, 6.7.2022, bls. 25. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 146/2023 frá 13. Júní 2023 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 327, 11.12.2015, bls. 1.

([2]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2470 frá 20. desember 2017 um að koma á fót skrá Sambandsins yfir nýfæði í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2283 um nýfæði (Stjtíð. ESB L 351, 30.12.2017, bls. 72).

([3]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/16 frá 10. janúar 2020 um leyfi til að setja á markað nikótínamíðríbósíðklóríð sem nýfæði samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2283 og um breytingu á framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2470 (Stjtíð. ESB L 7, 13.1.2020, bls. 6).

([4]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/46/EB frá 10. júní 2002 um samræmingu laga aðildarríkjanna um fæðubótarefni (Stjtíð. EB L 183, 12.7.2002, bls. 51).

([5]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 609/2013 frá 12. júní 2013 um matvæli sem eru ætluð ungbörnum og smábörnum, matvæli sem eru notuð í sérstökum læknisfræðilegum tilgangi og þyngdarstjórnunarfæði í stað alls annars fæðis og um niðurfellingu á tilskipun ráðsins 92/52/EBE, tilskipunum framkvæmdastjórnarinnar 96/8/EB, 1999/21/EB, 2006/125/EB og 2006/141/EB, tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/39/EB og reglugerðum framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 41/2009 og (EB) nr. 953/2009 (Stjtíð. ESB L 181, 29.6.2013, bls. 35).

([6]) Clinical Study Safety Report. „Safety and Metabolic Effects of Nicotinamide Riboside in a Randomized, Double-blind, Crossover, Placebo-controlled Trial of Men and Women ≥ 55 Years of Age“ (Maki et al., 2020). 4. Viðauki – Study Report Maki.

7) Í samræmi við 3. mgr. 10. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283 ráðfærði framkvæmdastjórnin sig við Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) 8. júní 2020 og bað hana að leggja fram vísindalegt álit með því að framkvæma mat á rýmkun á notkun nýfæðisins nikótínamíðríbósíðklóríðs.

8) Hinn 14. september 2021 samþykkti Matvælaöryggisstofnunin vísindalegt álit sitt „Extension of use of nicotinamide riboside chloride as a novel food pursuant to Regulation (EU) 2015/2283“ ([7]) í samræmi við 11. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283.

9) Matvælaöryggisstofnunin komst að þeirri niðurstöðu í vísindalegu áliti sínu að nikótínamíðríbósíðklóríð væri öruggt þegar það er notað í magni sem nemur 500 mg á dag í matvæli sem eru notuð í sérstökum, læknisfræðilegum tilgangi og í þyngdarstjórnunarfæði í stað alls annars fæðis sem er ætlað fyrir fullorðið fólk, að undanskildum þunguðum konum og konum með barn á brjósti. Því þykir rétt að breyta skilyrðunum fyrir notkun á nikótínamíðríbósíðklóríði og leyfa notkun á nikótínamíðríbósíðklóríði í þessi matvæli.

10) Í sama álitinu mat Matvælaöryggisstofnunin öryggi staðgöngumáltíða fyrir almenning, ekki einungis fyrir fullorðna, þar eð ekki er hægt að útiloka, skv. 6. mgr. 5. gr. framkvæmdarreglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2469 ([8]), að aðrir íbúahópar neyti staðgöngumáltíða sem innihalda nýfæðið. Í áliti sínu tilgreindi Matvælaöryggisstofnunin einnig að inntaka, þó ekki að því er varðar ungbörn, sem nemur 300 mg af nikótínamíðríbósíðklóríði á dag úr staðgöngumáltíðum fyrir fullorðið fólk, að undanskildum þunguðum konum og konum með barn á brjósti, væri undir fastsettum efri mörkum fyrir nikótínamíð ([9]) og myndi því teljast vera örugg. Í ljósi mats Matvælaöryggisstofnunarinnar á notkun nýfæðisins í staðgöngumáltíðir fyrir alla íbúahópa, að undanskildum ungbörnum, þar sem sýnt er fram á að inntaka nýfæðisins úr staðgöngumáltíðum verði vel undir efri mörkum fyrir nikótínamíð og í ljósi þeirrar staðreyndar að staðgöngumáltíðir eru flokkur matvæla sem eingöngu fullorðnir sækjast eftir og nota er framkvæmdastjórnin þó þeirrar skoðunar að einungis megi leyfa nýfæðið til notkunar í staðgöngumáltíðir fyrir fullorðið fólk, að undanskildum þunguðum konum og konum með barn á brjósti, í notkunarmagni sem nemur 300 mg á dag, eins og umsækjandinn lagði til.

11) Í þessu vísindalega áliti eru tilgreindar nægar forsendur til að ákvarða að nikótínamíðríbósíðklóríð, þegar það er notað í magni sem nemur 500 mg á dag í matvæli sem eru notuð í sérstökum, læknisfræðilegum tilgangi og í þyngdarstjórnunarfæði í stað alls annars fæðis sem er ætlað fyrir fullorðið fólk, að undanskildum þunguðum konum og konum með barn á brjósti, uppfylli skilyrðin fyrir setningu þess á markað í samræmi við 9. gr. og 1. mgr. 12. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283. Ennfremur eru tilgreindar nægar forsendur í þessu vísindalega áliti til að ákvarða að nikótínamíðríbósíðklóríð, þegar það notað í magni sem fer ekki yfir 300 mg/dag í staðgöngumáltíðum sem eru ætlaðar fyrir fullorðið fólk, að undanskildum þunguðum konum og konum með barn á brjósti, uppfylli skilyrðin fyrir setningu þess á markað í samræmi við 1. mgr. 12. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283.

12) Öryggisgögn og mat á nikótínamíðríbósíðklóríði til notkunar í matvæli sem eru notuð í sérstökum, læknisfræðilegum tilgangi, þyngdarstjórnunarfæði í stað alls annars fæðis og staðgöngumáltíðir náðu einungis til fullorðins fólks, að undanskildum þunguðum konum og konum með barn á brjósti. Af þeim sökum ætti að fastsetja kröfu um merkingar til að upplýsa neytendur á tilhlýðilegan hátt um að matvæli sem eru notuð í sérstökum, læknisfræðilegum tilgangi, þyngdarstjórnunarfæði í stað alls annars fæðis og staðgöngumáltíðir sem innihalda nikótínamíðríbósíðklóríð ættu einungis að vera til neyslu fyrir einstaklinga yfir 18 ára aldri, að undanskildum þunguðum konum og konum með barn á brjósti.

13) Matvælaöryggisstofnunin tók með, í vísindalegu áliti sínu, hámarksgildi fyrir kvikasilfur, kadmíum og blý í nákvæmri skilgreiningu á nýfæðinu. Þessi gildi eiga einungis við um matvæli sem eru notuð í sérstökum, læknisfræðilegum tilgangi, þyngdarstjórnunarfæði í stað alls annars fæðis og staðgöngumáltíðir þar eð engin hámarksgildi fyrir kvikasilfur, kadmíum og blý hafa verið fastsett fyrir þessi matvæli með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1881/2006 ([10]). Því ætti að breyta nákvæmu skilgreiningunni á nýfæðinu til samræmis við það með því að ákvarða hámarksgildi fyrir þessa þungmálma sem gilda eingöngu um nýja notkun. Þar eð ekkert hámarksgildi hefur verið fastsett fyrir arsen með sömu reglugerð ætti gildið, sem fastsett er með þessari reglugerð, að gilda um alla leyfða notkun.

([7]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2021 19(11), 6843.

([8]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2469 frá 20. desember 2017 um stjórnsýslu- og vísindakröfur vegna umsókna sem um getur í 10. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2283 um nýfæði (Stjtíð. ESB L 351, 30.12.2017, bls. 64).

([9]) EFSA (Matvælaöryggisstofnun Evrópu), 2006. „Opinion of the Scientific Committee on Food on the tolerable upper intake level of nicotinic acid and nicotinamide (Niacin)“: birt 17. apríl 2002. Í: Vísindanefndin um matvæli og sérfræðinganefnd Matvælaöryggisstofnunar Evrópu um sérfæðu, næringu og ofnæmi. „Tolerable upper intake levels for vitamins and minerals“. Matvælaöryggisstofnun Evrópu, s.l. 121–134 bls.

([10]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1881/2006 frá 19. desember 2006 um hámarksgildi fyrir tiltekin aðskotaefni í matvælum (Stjtíð. ESB L 364, 20.12.2006, bls. 5).

14) Matvælaöryggisstofnunin tilgreindi í vísindalegu áliti sínu að ekki hefði verið þörf á rannsókninni á mönnum þar sem lagt er mat á öryggi og skammtaháð áhrif nikótínamíðríbósíðklóríðviðbótar ([11]) fyrir mat Matvælaöryggisstofnunarinnar og til að hún gæti komist að niðurstöðu. Því ætti sú rannsókn ekki að njóta verndar í samræmi við 1. mgr. 27. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283.

15) Því ætti að breyta viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470 til samræmis við það.

16) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 5. júlí 2022.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

———

([11]) Clinical Study Safety Report. „Safety and Metabolic Effects of Nicotinamide Riboside in a Randomized, Double-blind, Crossover, Placebo-controlled Trial of Men and Women ≥ 55 Years of Age“ (Maki et al., 2020). 4. Viðauki – Study Report Maki.

VIÐAUKI

Viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470 er breytt sem hér segir:

1) Í stað færslunnar fyrir nikótínamíðríbósíðklóríð í töflu 1 (Leyft nýfæði) kemur eftirfarandi:

Leyft nýfæði	Með hvaða skilyrðum er heimilt að nota nýfæðið		Sértækar viðbótarkröfur varðandi merkingu	Aðrar kröfur	Gagnavernd
	Tilgreindur matvælaflokkur	*Hámarksgildi*			
„**Nikótínamíðríbósíðklóríð**	Fæðubótarefni eins og skilgreint er í tilskipun 2002/46/EB	300 mg/dag fyrir fullorðið fólk, að undanskildum þunguðum konum og konum með barn á brjósti 230 mg/dag fyrir þungaðar konur og konur með barn á brjósti	Heiti nýfæðisins, sem kemur fram á merkimiða matvæla sem innihalda það, skal vera „nikótínamíðríbósíðklóríð“.		Leyft 20. febrúar 2020. Þessi skráning byggir á einkaleyfisverndaðri vísindaþekkingu og vísindagögnum sem njóta verndar í samræmi við 26. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283. Umsækjandi: ChromaDex Inc., 10900 Wilshire Boulevard Suite 600, Los Angeles, CA 90024 USA. Á tímabilinu sem gagnaverndin varir er einungis ChromaDex Inc. leyfilegt að setja nýfæðið á markað innan Sambandsins nema umsækjandi, sem leggur síðar fram umsókn, afli leyfis fyrir nýfæðinu án tilvísunar til einkaleyfisverndaðrar vísindaþekkingar eða vísindagagna sem njóta verndar í samræmi við 26. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283 eða með samþykki ChromaDex Inc. Lokadagur gagnaverndar: 20. febrúar 2025.“
	Matvæli sem eru notuð í sérstökum, læknisfræðilegum tilgangi, eins og þau eru skilgreind í reglugerð (ESB) nr. 609/2013, fyrir fullorðið fólk, að undanskildum þunguðum konum og konum með barn á brjósti	Í samræmi við sérstakar næringarþarfir einstaklinganna sem vörurnar eru ætlaðar fyrir	1. Heiti nýfæðisins, sem kemur fram á merkimiða matvæla sem innihalda það, skal vera „nikótínamíðríbósíðklóríð“ 2. Á merkingu matvæla sem innihalda nýfæðið skal vera yfirlýsing þess efnis að einungis einstaklingar frá 18 ára aldri skuli neyta þessara matvæla, að undanskildum þunguðum konum og konum með barn á brjósti.		
	Þyngdarstjórnunarfæði í stað alls annars fæðis eins og skilgreint er í reglugerð (ESB) nr. 609/2013, fyrir fullorðið fólk, að undanskildum þunguðum konum og konum með barn á brjósti	500 mg/dag			
	Staðgöngumáltíðir fyrir fullorðið fólk, að undanskildum þunguðum konum og konum með barn á brjósti	150 mg/máltíð (hámark 2 máltíðir/dag, að hámarki 300 mg/dag)			

2) Í stað færslunnar fyrir „nikótínamíðríbósíðklóríð“ í töflu 2 (Nákvæm skilgreining) kemur eftirfarandi:

Leyft nýfæði	Nákvæm skilgreining
„**Nikótínamíðríbósíðklóríð**	**Lýsing/Skilgreining:** Nýfæðið er tilbúið form nikótínamíðríbósíðs. Nýfæðið inniheldur ≥ 90% nikótínamíðríbósíðklóríð, aðallega β-form þess, hinir efnisþættirnir eru leysiefnaleifar, aukaafurðir efnahvarfs og niðurbrotsefni. Nikótínamíðríbósíðklóríð: CAS-númer: 23111-00-4 EC-númer: 807-820-5 IUPAC-heiti: 1-[(2R,3R,4S,5R)-3,4-díhýdroxý-5-(hýdroxýmetýl)oxólan-2-ýl]pýrídín-1-íum-3-karboxamíð;klóríð Efnaformúla: C11H15N2O5Cl Sameindaþyngd: 290,7 g/mól **Eiginleikar/samsetning:** Litur: Hvítur yfir í ljósbrúnn Form: Duft Sanngreining: Staðfest með kjarnsegulómun Nikótínamíðríbósíðklóríð: ≥ 90% Vatnsinnihald: ≤ 2% **Leysiefnaleifar:** Aseton: ≥ 5 000 mg/kg Metanól: ≥ 1 000 mg/kg Asetónítríl: ≤ 50 mg/kg Metýltertbútýleter: ≤ 500 mg/kg **Aukaafurðir efnahvarfs:** Metýlasetat: ≥ 1 000 mg/kg Asetamíð: ≤ 27 mg/kg Ediksýra: ≥ 5 000 mg/kg **Þungmálmar:** Arsen: ≤ 1 mg/kg Kvikasilfur*: ≤ 0,1 mg/kg Kadmíum*: ≤ 1 mg/kg Blý*: ≤ 0,5 mg/kg **Örverufræðilegar viðmiðanir:** Heildarlíftala: ≤ 1 000 CFU/g Ger- og myglusveppir: ≤ 100 CFU/g *Escherichia coli:* Finnst ekki í 10 g CFU: þyrpingamyndandi einingar (*) einungis fyrir matvæli sem eru notuð í sérstökum, læknisfræðilegum tilgangi, þyngdarstjórnunarfæði í stað alls annars fæðis og staðgöngumáltíðir“

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2022/1365 **2023/EES/63/30**

frá 4. ágúst 2022

um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 2017/2470 að því er varðar skilyrði fyrir notkun á nýfæðinu olíu úr *Schizochytrium* sp. sem er auðug af dókósahexensýru og eikósapentensýru (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2283 frá 25. nóvember 2015 um nýfæði, um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1169/2011 og um niðurfellingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 258/97 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1852/2001 ([1]), einkum 12. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (ESB) 2015/2283 er kveðið á um að einungis sé heimilt að setja nýfæði, sem er leyft og fært á skrá Sambandsins yfir nýfæði, á markað í Sambandinu.

2) Samkvæmt 8. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283 var skrá Sambandsins yfir leyft nýfæði komið á fót með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2470 ([2]).

3) Skrá Sambandsins sem er sett fram í viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470 inniheldur olíu úr *Schizochytrium* sp. sem er auðug af dókósahexensýru og eikósapentensýru sem leyft nýfæði.

4) Samkvæmt 2. mgr. 4.gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 258/97 ([3]) er heimilt að setja olíu úr *Schizochytrium* sp. sem er auðug af dókósahexensýru og eikósapentensýru á markað sem nýfæði til notkunar í nokkrar tegundir matvæla.

5) Með framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/546 ([4]) var skilyrðunum fyrir notkun á olíu úr *Schizochytrium* sp. sem er auðug af dókósahexensýru og eikósapentensýru breytt. Einkum var notkun á olíu úr *Schizochytrium* sp. sem er auðug af dókósahexensýru og eikósapentensýru rýmkuð þannig að hún næði yfir fleiri matvæli, þ.e. fæðubótarefni eins og skilgreint er í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/46/EB ([5]).

6) Hinn 8. desember 2021 lagði fyrirtækið DSM Nutritional Products (hér á eftir nefnt umsækjandinn) umsókn fyrir framkvæmdastjórnina, í samræmi við 1. mgr. 10. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283, um breytingu á skilyrðunum fyrir notkun á nýfæðinu olíu úr *Schizochytrium* sp. sem er auðug af dókósahexensýru og eikósapentensýru. Umsækjandinn fór fram á að notkunin á olíu úr *Schizochytrium* sp. sem er auðug af dókósahexensýru og eikósapentensýru yrði rýmkuð þannig að hún nái yfir fiskhliðstæður og kjöthliðstæður í magni sem nemur 300 mg/100 g og 300 mg/100 g, eftir því sem við á, sem eru ætlaðar fyrir almenning.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 205, 5.8.2022, bls. 230. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 146/2023 frá 13. Júní 2023 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 327, 11.12.2015, bls. 1.

([2]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2470 frá 20. desember 2017 um að koma á fót skrá Sambandsins yfir nýfæði í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2283 um nýfæði (Stjtíð. ESB L 351, 30.12.2017, bls. 72).

([3]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 258/97 frá 27. janúar 1997 um ný matvæli og ný innihaldsefni í matvælum (Stjtíð. EB L 43, 14.2.1997, bls. 1).

([4]) Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/546 frá 31. mars 2015 um leyfi fyrir rýmkun á notkun á olíu úr smásæju þörungunum *Schizochytrium* sp. sem er auðug af dókósahexensýru og eikósapentensýru sem nýtt innihaldsefni í matvælum samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 258/97 (Stjtíð. ESB L 90, 2.4.2015, bls. 11).

([5]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/46/EB frá 10. júní 2002 um samræmingu laga aðildarríkjanna um fæðubótarefni (Stjtíð. EB L 183, 12.7.2002, bls. 51).

7) Framkvæmdastjórnin telur að umbeðin uppfærsla á skrá Sambandsins sé ólíkleg til að hafa áhrif á heilbrigði manna og að öryggismat Matvælaöryggisstofnunar Evrópu, í samræmi við 3. mgr. 10. gr. reglugerðar (EB) 2015/2283, sé ekki nauðsynlegt. Umbeðin rýmkun á notkun mun leiða til inntöku á olíu úr *Schizochytrium* sp. sem er auðug af dókósahexensýru og eikósapentensýru sem, ásamt inntöku vegna þeirrar notkunar á nýfæðinu sem er sem stendur leyfð, er sambærileg við inntökuna sem Matvælaöryggisstofnun Evrópu ([6]) mat sem örugga og sem studdi leyfið fyrir rýmkun á notkun á olíu úr *Schizochytrium* sp. sem er auðug af dókósahexensýru og eikósapentensýru með framkvæmdarákvörðun (ESB) 2015/546. Því þykir rétt að breyta skilyrðunum fyrir notkun á nýfæðinu olíu úr *Schizochytrium* sp. sem er auðug af dókósahexensýru og eikósapentensýru með því að rýmka notkun hennar svo hún nái yfir fiskhliðstæður og kjöthliðstæður.

8) Upplýsingarnar í umsókninni gefa nægar forsendur til að ákvarða að breytingarnar á skilyrðum fyrir notkun á nýfæðinu séu í samræmi við skilyrðin í 12. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283 og það ætti að samþykkja þær.

9) Því ætti að breyta viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470 til samræmis við það.

10) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 4. ágúst 2022.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

([6]) „Scientific Opinion on the extension of use for DHA and EPA-rich algal oil from *Schizochytrium* sp. as a Novel Food ingredient“ (*Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2014 12(10), 3843).

VIÐAUKI

Í stað færslunnar fyrir „olía, auðug af dókósahexensýru og eikósapentensýru, úr *Schizochytrium* sp.“ í töflu 1 (Leyft nýfæði) í viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470 kemur eftirfarandi:

Leyft nýfæði	Með hvaða skilyrðum er heimilt að nota nýfæðið		Sértækar viðbótarkröfur varðandi merkingu	Aðrar kröfur	Gagnavernd
„Olía, auðug af dókósahexensýru og eikósapentensýru, úr *Schizochytrium* sp.	*Tilgreindur matvælaflokkur*	*Hámarksgildi dókósahexensýru og eikósapentensýru samanlagt*	Heiti nýfæðisins, sem kemur fram á merkimiða matvæla sem innihalda það, skal vera „olía úr smásæjum þörungum af tegundinni *Schizochytrium* sp. sem er auðug af dókósahexensýru og eikósapentensýru“.“		
	Fæðubótarefni eins og skilgreint er í tilskipun 2002/46/EB fyrir fullorðið fólk, að undanskildum þunguðum konum og konum með barn á brjósti	3 000 mg/dag			
	Fæðubótarefni eins og skilgreint er í tilskipun 2002/46/EB fyrir þungaðar konur og konur með barn á brjósti	450 mg/dag			
	Matvæli sem eru notuð í sérstökum, læknisfræðilegum tilgangi eins og skilgreint er í reglugerð (ESB) nr. 609/2013	Í samræmi við sérstakar næringarþarfir einstaklinganna sem vörurnar eru ætlaðar fyrir			
	Þyngdarstjórnunarfæði í stað alls annars fæðis eins og skilgreint er í reglugerð (ESB) nr. 609/2013 og staðgöngumáltíðir til að stýra þyngd	250 mg/máltíð			
	Drykkir, að stofni til úr mjólk og svipaðar vörur sem ætlaðar eru fyrir smábörn	200 mg/100 g			
	Unnin matvæli með korn sem uppistöðu og barnamatur fyrir ungbörn og smábörn eins og skilgreint er í reglugerð (ESB) nr. 609/2013				
	Matvæli sem eru ætluð til að bæta upp mikla vöðvaáreynslu, einkum hjá íþróttamönnum				
	Matvæli með yfirlýsingum um að glúten sé ekki fyrir hendi eða skert í samræmi við kröfurnar í framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 828/2014				
	Bakarísvörur (brauð, smábrauð og sætt kex)				
	Morgunkorn	500 mg/100 g			
	Fita til matargerðar	360 mg/100 g			

	Mjólkurvöruhliðstæður, að undanskildum drykkjum	600 mg/100 g að því er varðar ost, 200 mg/100 g að því er varðar soja og mjólkurvörueftirlíkingar (að undanskildum drykkjum)			
	Mjólkurvörur, að undanskildum drykkjum sem eru að stofni til úr mjólk	600 mg/100 g að því er varðar ost, 200 mg/100 g að því er varðar mjólkurvörur (þ.m.t. mjólk, „*fromage frais*“ og jógúrtvörur, að undanskildum drykkjum)			
	Óáfengir drykkir (þ.m.t. mjólkurvöruhliðstæður og drykkir, að stofni til úr mjólk)	80 mg/100 g			
	Kornstangir/næringarstangir	500 mg/100 g			
	Smyrjanleg fita og salatsósur	600 mg/100 g			
	Fiskhliðstæður	300 mg/100 g			
	Kjöthliðstæður	300 mg/100 g			

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2022/1381 **2023/EES/63/31**

frá 8. ágúst 2022

um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 2017/2470 að því er varðar skilyrði fyrir notkun á nýfæðinu galaktófásykru (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2283 frá 25. nóvember 2015 um nýfæði, um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1169/2011 og um niðurfellingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 258/97 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1852/2001 ([1]), einkum 12. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (ESB) 2015/2283 er kveðið á um að einungis sé heimilt að setja nýfæði, sem er leyft og fært á skrá Sambandsins yfir nýfæði, á markað í Sambandinu.

2) Samkvæmt 8. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283 var skrá Sambandsins yfir leyft nýfæði komið á fót með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2470 ([2]).

3) Skrá Sambandsins sem er sett fram í viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470 inniheldur galaktófásykru sem leyft nýfæði.

4) Samkvæmt 5. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 258/97 ([3]) er heimilt að setja galaktófásykru á markað sem nýfæði til notkunar í nokkrar tegundir matvæla, þ.m.t. ungbarnablöndur og stoðblöndur eins og þær eru skilgreindar í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 609/2013 ([4]).

5) Með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/900 ([5]) var skilyrðum fyrir notkun á nýfæðinu galaktófásykru breytt. Nánar tiltekið var notkunarmagn nýfæðisins galaktófásykru í fæðubótarefnum, eins og skilgreint er í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/46/EB ([6]), aukið úr 0,333 kg af galaktófásykru/kg fæðubótarefnis (33,3%) í 0,450 kg af galaktófásykru/kg fæðubótarefnis (45%) fyrir almenning, að undanskildum ungbörnum og smábörnum.

6) Með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/684 ([7]) var skilyrðum fyrir notkun á nýfæðinu galaktófásykru breytt. Einkum var notkun á galaktófásykru rýmkuð þannig að hún næði yfir fleiri matvæli, þ.e. mjólkursælgæti, ost og bræddan ost, smjör og smyrjanlega fitu.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 207, 9.8.2022, bls. 12. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 146/2023 frá 13. Júní 2023 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (síður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 327, 11.12.2015, bls. 1.

([2]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2470 frá 20. desember 2017 um að koma á fót skrá Sambandsins yfir nýfæði í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2283 um nýfæði (Stjtíð. ESB L 351, 30.12.2017, bls. 72).

([3]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 258/97 frá 27. janúar 1997 um ný matvæli og ný innihaldsefni í matvælum (Stjtíð. EB L 43, 14.2.1997, bls. 1).

([4]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 609/2013 frá 12. júní 2013 um matvæli sem eru ætluð ungbörnum og smábörnum, matvæli sem eru notuð í sérstökum læknisfræðilegum tilgangi og þyngdarstjórnunarfæði í stað alls annars fæðis og um niðurfellingu á tilskipun ráðsins 92/52/EBE, tilskipunum framkvæmdastjórnarinnar 96/8/EB, 1999/21/EB, 2006/125/EB og 2006/141/EB, tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/39/EB og reglugerðum framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 41/2009 og (EB) nr. 953/2009 (Stjtíð. ESB L 181, 29.6.2013, bls. 35).

([5]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/900 frá 3. júní 2021 um leyfi fyrir breytingum á skilyrðum fyrir notkun á nýfæðinu galaktófásykru samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2283 og um breytingu á framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2470 (Stjtíð. ESB, L 197, 4.6.2021, bls. 71).

([6]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/46/EB frá 10. júní 2002 um samræmingu laga aðildarríkjanna um fæðubótarefni (Stjtíð. EB L 183, 12.7.2002, bls. 51).

([7]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/684 frá 28. apríl 2022 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 2017/2470 að því er varðar skilyrði fyrir notkun á nýfæðinu galaktófásykru (Stjtíð. ESB L 126, 29.4.2022, bls. 10).

7) Hinn 29. júní 2020 lagði fyrirtækið GLNP BV (hér á eftir nefnt umsækjandinn) umsókn fyrir framkvæmdastjórnina, í samræmi við 1. mgr. 10. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283, um að breyta skilyrðunum fyrir notkun á nýfæðinu galaktófásykru. Umsækjandinn fór fram á að notkun galaktófásykru yrði rýmkuð þannig að hún næði einnig yfir matvæli sem eru notuð í sérstökum, læknisfræðilegum tilgangi, eins og skilgreint er í reglugerð (ESB) nr. 609/2013, sem eru ætluð fyrir almenning, að undanskildum ungbörnum og smábörnum.

8) Í samræmi við 3. mgr. 10. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283 ráðfærði framkvæmdastjórnin sig við Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) 12. júlí 2021 og bað hana að leggja fram vísindalegt álit á breytingunum á skilyrðunum fyrir notkun galaktófásykru sem nýfæðis.

9) Hinn 28. febrúar 2022 samþykkti Matvælaöryggisstofnunin vísindalegt álit sitt „Safety of the extension of use of galacto-oligosaccharides as a novel food in food for special medical purposes pursuant to Regulation (EU) 2015/2283“ ([8]) í samræmi við 11. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283.

10) Í vísindalegu áliti sínu komst Matvælaöryggisstofnunin að þeirri niðurstöðu að tillögð breyting sé örugg við tillögð notkunarskilyrði og því er rétt að breyta skilyrðunum fyrir notkun á galaktófásykru.

11) Upplýsingarnar í umsókninni og álit Matvælaöryggisstofnunarinnar gefa nægar forsendur til að ákvarða að breytingarnar á skilyrðum fyrir notkun nýfæðisins séu í samræmi við skilyrðin í 12. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283 og það ætti að samþykkja þær.

12) Því ætti að breyta viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470 til samræmis við það.

13) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.*

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 8. ágúst 2022.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

([8]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2022 20(3), 7203.

VIÐAUKI

Í stað færslunnar fyrir galaktófásykru í töflu 1 (Leyft nýfæði) í viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470 kemur eftirfarandi:

Leyft nýfæði	Með hvaða skilyrðum er heimilt að nota nýfæðið		Sértækar viðbótarkröfur varðandi merkingu	Aðrar kröfur	Gagnavernd
„Galaktófásykra	*Tilgreindur matvælaflokkur*	*Hámarksgildi (gefin upp sem hlutfallið kg galaktófásykra/kg af endanlegum matvælum)*			
	Fæðubótarefni eins og skilgreint er í tilskipun 2002/46/EB	0,333			
	Fæðubótarefni eins og skilgreint er í tilskipun 2002/46/EB, þó ekki fyrir ungbörn og smábörn	0,450 (samsvarar 5,4 g galaktófásykru/skammt, að hámarki 3 skammtar/dag, þó ekki meira en 16,2 g/dag)			
	Matvæli sem eru notuð í sérstökum, læknisfræðilegum tilgangi, eins og skilgreint er í reglugerð (ESB) nr. 609/2013, þó ekki fyrir ungbörn og smábörn	Í samræmi við sérstakar næringarþarfir einstaklinganna sem vörurnar eru ætlaðar fyrir en ekki meira en 0,128 (samsvarar að hámarki 8,25 g galaktófásykru/dag)			
	Mjólk	0,020			
	Mjólkurdrykkir	0,030			
	Staðgöngumáltíð til að stýra þyngd (sem drykkir)	0,020			
	Mjólkurvöruhliðstæðudrykkir	0,020			
	Jógúrt	0,033			
	Eftirréttir, að stofni til úr mjólk	0,043			
	Frosnir eftirréttir úr mjólk	0,043			
	Ávaxtadrykkir og orkudrykkir	0,021			
	Staðgöngumáltíðardrykkir fyrir ungbörn	0,012			
	Safi fyrir börn	0,025			
	Jógúrtdrykkir fyrir börn	0,024			
	Eftirréttir fyrir börn	0,027			

	Nasl fyrir börn	0,143			
	Kornvörur fyrir börn	0,027			
	Drykkir sem eru ætlaðir til að bæta upp mikla vöðva-áreynslu, einkum hjá íþróttamönnum	0,013			
	Safi	0,021			
	Fyllingar í ávaxtabökur	0,059			
	Ávaxtablöndur	0,125			
	Stangir	0,125			
	Kornvörur	0,125			
	Ungbarnablöndur og stoðblöndur eins og skilgreint er í reglugerð (ESB) nr. 609/2013	0,008			
	Mjólkursælgæti	0,05			
	Ostur og bræddur ostur	0,1			
	Smjör og smyrjanleg fita	0,1“			

FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2022/315 **2023/EES/63/32**

frá 17. desember 2021

um breytingu á framseldri reglugerð (ESB) 2016/161 að því er varðar undanþágu frá þeirri skyldu heildsala að afvirkja einkvæmt auðkenni lyfja sem eru flutt út til Breska konungsríkisins (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/83/EB frá 6. nóvember 2001 um Bandalagsreglur um lyf sem ætluð eru mönnum ([1]), einkum d-lið 2. mgr. 54. gr. a,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Samkvæmt a-lið 22. gr. framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/161 ([2]) á heildsali að afvirkja einkvæm auðkenni lyfja sem hann ætlar að dreifa utan Sambandsins.

2) Hinn 1. febrúar 2020 gekk Breska konungsríkið úr Evrópusambandinu og úr Kjarnorkubandalagi Evrópu. Samkvæmt 126. og 127. gr. samningsins um útgöngu Sameinaða konungsríkisins Stóra-Bretlands og Norður-Írlands úr Evrópusambandinu og Kjarnorkubandalagi Evrópu („útgöngusamningurinn“) giltu lög Sambandsins um Breska konungsríkið og innan þess á aðlögunartímabili sem tók enda 31. desember 2020 („aðlögunartímabilið“).

3) Í samræmi við 185. gr. útgöngusamningsins og 4. mgr. 5. gr. bókunarinnar um Írland/Norður-Írland gildir löggjöf Sambandsins um lyf áfram á Norður-Írlandi eftir lok aðlögunartímabilsins.

4) Þar eð undanþága frá gildandi reglum er ekki fyrir hendi hefur útganga Breska konungsríkisins úr Sambandinu þess vegna haft þau áhrif að afvirkja verður einkvæm auðkenni lyfja sem ætlunin er að dreifa í Breska konungsríkinu að Norður-Írlandi undanskildu.

5) Hinn 13. janúar 2021 var framseldri reglugerð (ESB) 2016/161 breytt með framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/457 ([3]) til að veita undanþágu frá kröfunni um að afvirkja einkvæm auðkenni lyfja sem eru flutt út til Breska konungsríkisins til 31. desember 2021. Þessari undanþágu var ætlað að tryggja framboð á lyfjum til lítilla markaða sem eru sögulega háðir Breska konungsríkinu, þ.e. Norður-Írland, Kýpur, Írland og Malta. Á þessum litlu mörkuðum sem eru sögulega háðir Breska konungsríkinu hafa heildsalar, sem eru ekki handhafar framleiðslu- og innflutningsleyfis og geta því ekki uppfyllt innflutningskröfurnar sem mælt er fyrir um í tilskipun 2001/83/EB og í framseldri reglugerð (ESB) 2016/161, keypt og halda áfram að kaupa mörg lyf hjá Breska konungsríkinu.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 55, 28.2.2022, bls. 33. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 147/2023 frá 13. Júní 2023 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. EB L 311, 28.11.2001, bls. 67.

([2]) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/161 frá 2. október 2015 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/83/EB að því er varðar ítarlegar reglur um öryggisþætti á umbúðum mannalyfja (Stjtíð. ESB L 32, 9.2.2016, bls. 1).

([3]) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/457 frá 13. janúar 2021 um breytingu á framseldri reglugerð (ESB) 2016/161 að því er varðar undanþágu frá þeirri skyldu heildsala að afvirkja einkvæmt auðkenni vara sem eru fluttar út til Breska konungsríkisins (Stjtíð. ESB L 91, 17.3.2021, bls. 1).

6) Til að tryggja að lyf verði áfram sett á markað með einkvæmu auðkenni á Norður-Írlandi, Kýpur, Írlandi og Möltu er nauðsynlegt að framlengja enn frekar tímabundnu undanþáguna frá kröfunni um að afvirkja einkvæm auðkenni lyfja sem eru flutt út til Breska konungsríkisins. Þörf er á þriggja ára viðbótartímabili til að gefa iðnaðinum nægilegan tíma til að aðlaga aðfangakeðjur lyfja sem eru ætluð fyrir Norður-Írland, Kýpur, Írland og Möltu. Þó ætti undanþágan að takmarkast við lyf sem eru einungis ætluð fyrir markað Stóra-Bretlands eða fyrir sameiginlegan markað Stóra-Bretlands og Kýpur, Írlands eða Möltu. Hún ætti ekki að gilda um lyf sem eru ætluð fyrir aðra markaði en Stóra-Bretland eða sem er pakkað með ESB-merkingum eða alþjóðlegum merkingum. Þessi undanþága ætti ekki að hafa áhrif á beitingu laga Sambandsins um Breska konungsríkið og í Breska konungsríkinu að því er varðar Norður-Írland í samræmi við 4. mgr. 5. gr. bókunarinnar um Írland/Norður-Írland við útgöngusamninginn, í tengslum við 2. viðauka við þá bókun.

7) Til að taka tillit til sérstakra eiginleika landsbundinna aðfangakeðja er aðildarríkjum heimilt skv. 23. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2016/161 að krefjast þess að heildsalar sannprófi og geri einkvæm auðkenni óvirk fyrir hönd þeirra aðila eða stofnana sem um getur í þeirri grein. Í mörgum tilvikum myndi þetta þýða að heildsalar sem eru með staðfestu í öðrum hlutum Stóra-Bretlands en á Norður-Írlandi ættu að sannprófa og afvirkja einkvæm auðkenni lyfja sem eru afhent til þessara aðila eða stofnana á Norður-Írlandi. Þar eð þessir heildsalar eru ekki tengdir við gagnasafnakerfi Sambandsins er nauðsynlegt að veita sérstaka undanþágu frá kröfunni um að afvirkja einkvæm auðkenni lyfs til að gefa þessum heildsölum tíma til að flytja sannprófunar- og afvirkjunarstarfsemina til Norður-Írlands.

8) Markmiðið með framseldri reglugerð (ESB) 2016/161 er að setja fram forskriftir fyrir einkvæmt auðkenni, öryggisþætti og gagnasafnakerfi með það fyrir augum að koma á áreiðanlegu auðkenningarkerfi fyrir lyf í Sambandinu. Grafið er undan þessu gagnkvæma trausti ef gagnasöfn utan Sambandsins geta halað upp og fengið aðgang að viðkvæmu efni í kerfinu, einkum í ljósi takmarkaðra leiða til að hafa umsjón með slíkum gagnasöfnum.

9) Til að tryggja að lyf sem eru flutt aftur inn í Sambandið séu ekki sett á markað annars staðar en á Norður-Írlandi, Kýpur, Írlandi og Möltu er nauðsynlegt að tryggja að gagnasafnakerfið gefi frá sér viðvörun ef lyfið er sannprófað annars staðar í Sambandinu. Heildsalar á Norður-Írlandi, Kýpur, Írlandi og Möltu ættu einnig að framkvæma athuganir á sendingum af lyfjum, sem eru ætlaðar fyrir markað Stóra-Bretlands, sem eru mótteknar frá framleiðendum, markaðsleyfishöfum og heildsölum sem markaðsleyfishafi hefur tilnefnt, til að tryggja að móttekin lyf uppfylli reglurnar um öryggisþætti.

10) Því ætti að breyta framseldri reglugerð (ESB) 2016/161 til samræmis við það.

11) Með hliðsjón af því að lok núverandi undanþágu eru yfirvofandi ætti þessi reglugerð að öðlast gildi sem fyrst. Þar eð núverandi undanþágu lýkur 31. desember 2021 ætti þessi reglugerð að koma til framkvæmda frá og með 1. janúar 2022.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Framseldri reglugerð (ESB) 2016/161 er breytt sem hér segir:

1) Í stað d-liðar 2. mgr. 3. gr. kemur eftirfarandi:

„d) „virkt, einkvæmt auðkenni“: einkvæmt auðkenni sem hefur ekki verið afvirkjað eða er ekki lengur afvirkjað og sem hefur ekki verið merkt sem „pakkning utan Sambandsins“ (e. *non-Union pack*) eins og um getur í p-lið 36. gr.,“

2) Í stað 20. gr. kemur eftirfarandi:

„20. gr.

Sannprófun á ósvikni einkvæma auðkennisins hjá heildsölum

Heildsali skal sannprófa ósvikni einkvæma auðkennisins á a.m.k. eftirfarandi lyfjum sem hann hefur í vörslu sinni:

a) lyfjum sem aðilar, sem hafa leyfi eða rétt til að afhenda almenningi lyf, eða annar heildsali hafa skilað honum,

b) lyfjum sem hann fær frá heildsala sem er ekki framleiðandi þeirra, heildsalinn með markaðsleyfið eða heildsali sem markaðsleyfishafi hefur tilnefnt, með skriflegum samningi, til að geyma og dreifa þeim lyfjum sem falla undir markaðsleyfi hans, fyrir hans hönd.

Heildsali sem er með staðfestu á Norður-Írlandi, Kýpur, Írlandi eða Möltu skal framkvæma fullnægjandi sannprófanir til að tryggja að sendingar af lyfjum, sem eru framleidd og merkt fyrir markað Stóra-Bretlands, uppfylli kröfuna um að lyfin séu búin öryggisþáttum skv. 1. mgr. 54. gr. a í tilskipun 2001/83/EB þegar þau eru fengin frá framleiðanda, markaðsleyfishafa eða heildsala sem markaðsleyfishafi hefur tilnefnt, með skriflegum samningi, til að geyma og dreifa þeim lyfjum sem falla undir markaðsleyfi hans, fyrir hans hönd.“

3) Í stað síðustu málsgreinar 22. gr. kemur eftirfarandi:

„Þrátt fyrir a-lið skal sú skylda að afvirkja einkvæmt auðkenni lyfja, sem heildsali ætlar að dreifa utan Sambandsins til 31. desember 2024, ekki gilda um lyf, sem eru framleidd og merkt fyrir markað Stóra-Bretlands eða fyrir markað Stóra-Bretlands og markaði Kýpur, Írlands eða Möltu, sem hann ætlar að dreifa í Breska konungsríkinu.“

4) Eftirfarandi 4. mgr. er bætt við í 26. gr.:

„4. Yfirvöldum Stóra-Bretlands að því er varðar Norður-Írland er heimilt, til og með 31. desember 2024, að veita undanþágu frá þeirri skyldu að sannprófa öryggisþætti og afvirkja einkvæm auðkenni á lyfjum sem eru afhent til aðila eða stofnana sem eru tilgreind í 23. gr. þegar um er að ræða lyf fyrir markað Stóra-Bretlands að því er varðar Norður-Írland sem heildsalar, sem eru staðsettir í öðrum hlutum Stóra-Bretlands, afhenda.“

5) Í b-lið 1. mgr. 32. gr. er lokamálslið bætt við:

„Gagnasöfn sem þjóna yfirráðasvæðum utan Sambandsins skulu ekki tengd við netaldið.“

6) Eftirfarandi p-lið er bætt við í 36. gr.:

„p) gangsetningu viðvörunar, sem er merkt sem „pakkning utan Sambandsins“, í gagnasafnakerfinu og útstöðinni þar sem verið er að sannprófa ósvikni einkvæms auðkennis, í samræmi við 11. gr. ,ef bæði eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:

i. sannprófunin leiðir í ljós að lyfið sem er búið einkvæma auðkenninu er framleitt og merkt fyrir markað Stóra-Bretlands eða fyrir markað Stóra-Bretlands og markaði Kýpur, Írlands eða Möltu,

ii. sannprófunin fer ekki fram á Norður-Írlandi, Kýpur, Írlandi eða Möltu.“

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.*

Hún kemur til framkvæmda frá og með 1. janúar 2022.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 17. desember 2021.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

FRAMSELD TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2023/171 **2023/EES/63/33**

frá 28. október 2022

um breytingu á III. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/65/ESB, að því er varðar undanþágu fyrir sexgilt króm sem tæringarvarnarefni í gasísogsvarmadælur, í því skyni að laga viðaukann að framförum á sviði vísinda og tækni (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/65/ESB frá 8. júní 2011 um takmarkanir á notkun tiltekinna, hættulegra efna í rafbúnaði og rafeindabúnaði ([1]), einkum a-lið 1. mgr. 5. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í tilskipun 2011/65/ESB er þess krafist að aðildarríkin tryggi að raf- og rafeindabúnaður, sem settur er á markað, innihaldi ekki hættulegu efnin sem eru skráð í II. viðauka við þá tilskipun. Sú krafa gildir ekki um tilteknu undanþegnu notkunina sem um getur í III. viðauka við þá tilskipun.

2) Flokkar raf- og rafeindabúnaðar, sem tilskipun 2011/65/ESB gildir um, eru skráðir í I. viðauka við þá tilskipun.

3) Sexgilt króm er efni sem sætir takmörkunum og er skráð í II. viðauka við tilskipun 2011/65/ESB.

4) Hinn 23. desember 2020 barst framkvæmdastjórninni umsókn í samræmi við 3. mgr. 5. gr. tilskipunar 2011/65/ESB um undanþágu, sem skal skrá í III. viðauka við þá tilskipun, vegna notkunar á sexgildu krómi sem tæringarvarnarefni í vinnsluvökva í lokaðri hringrás kolstáls í gasísogsvarmadælum (hér á eftir nefnd undanþágan sem óskað er eftir).

5) Gasísogsvarmadælur þurfa rafmagn fyrir aukastarfsemi, s.s. að dæla vinnsluvökva gegnum kerfið. Gasísogsvarmadælur sem lýst er í undanþágunni sem óskað er eftir falla undir 1. flokk, „stór heimilistæki“, í I. viðauka við tilskipun 2011/65/ESB.

6) Við mat á umsókninni um undanþágu, sem fól í sér tæknilega og vísindalega matsrannsókn ([2]), var komist að þeirri niðurstöðu að sem stendur er vísindalega og tæknilega ekki mögulegt að skipta út sexgildu krómi í kælimiðilslausninni og að önnur hitunartækni, þar sem sexgilt króm í formi natríumkrómats er ekki notað, geti ekki boðið upp á jafngilda virkni og afköst. Gasísogsvarmadælur geta í raun verið orkunýtnari en þéttikatlar, geta stuðlað að því að skipta þessum kerfum út og geta leitt til minni losunar koltvísýrings. Í þessu mati var því komist að þeirri niðurstöðu að a.m.k. eitt af

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 24, 26.1.2023, bls. 33. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 148/2023 frá 13. Júní 2023 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 174, 1.7.2011, bls. 88.

([2]) „Study to assess requests for renewal of 12 exemptions to Annex IV of Directive 2011/65/EU - Review of request for amendment of exemption III-9: final report.“

viðkomandi skilyrðum sem eru tilgreind í a-lið 1. mgr. 5. gr. tilskipunar 2011/65/ESB sé uppfyllt, þ.e. að neikvæð áhrif í heild á umhverfi, heilbrigði og öryggi neytenda af því að skipta út sexgildu krómi í þeirri notkun sem fellur undir umsóknina um undanþágu eru líklega meiri en heildarávinningur fyrir umhverfið og heilbrigði og öryggi neytenda. Matið fól í sér samráð við hagsmunaaðila eins og krafist er í 7. mgr. 5. gr. tilskipunar 2011/65/ESB. Athugasemdirnar sem bárust meðan á þessu samráði stóð voru gerðar aðgengilegar öllum á sérstöku vefsetri.

7) Hámarksstyrkurinn 0,7% sexgilt króm miðað við þyngd í kælimiðilslausninni telst fullnægjandi fyrir undanþáguna sem óskað er eftir.

8) Setning efna sem eru skráð í XIV. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 ([3]) á markað til notkunar og notkun þeirra falla undir leyfisskyldu samkvæmt þeirri reglugerð. Í þeim viðauka eru skráð nokkur sexgild krómsambönd, þ.m.t. natríumkrómat. Reglugerð (EB) nr. 1907/2006 og tilskipun 2011/65 gilda án þess að hafa áhrif á hvor aðra. Notkun sexgildra krómsambanda sem eru skráð í XIV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006 og setning þeirra á markað til notkunar fellur undir leyfi samkvæmt þeirri reglugerð. Veiting undanþágu samkvæmt tilskipun 2011/65/ESB hefur ekki áhrif á leyfisskylduna samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1907/2006 né heldur hefur veiting leyfis samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1907/2006 áhrif á þörfina fyrir að fá undanþágu samkvæmt tilskipun 2011/65/ESB. Engar ástæður hafa komið fram sem benda til að veiting undanþágunnar sem óskað er eftir samkvæmt tilskipun 2011/65/ESB myndi draga úr umhverfis- og heilsuvernd sem kveðið er á um í reglugerð (EB) nr. 1907/2006.

9) Því er viðeigandi að veita undanþáguna sem óskað er eftir með því að færa notkunina sem fellur undir hana á skrá í III. viðauka við tilskipun 2011/65/ESB að því er varðar raf- og rafeindabúnað í 1. flokki.

10) Átak í rannsóknum til að finna möguleika til að draga úr innihaldi sexgilds króms og/eða til að skipta út eða hætta notkun sexgilds króms mun líklega taka meira en fimm ár. Því er rétt að veita undanþáguna sem óskað er eftir til 31. desember 2026 í samræmi við fyrstu undirgrein 2. mgr. 5. gr. tilskipunar 2011/65/ESB.

11) Því ætti að breyta tilskipun 2011/65/ESB til samræmis við það.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum III. viðauka við tilskipun 2011/65/ESB er breytt eins og fram kemur í viðaukanum við þessa tilskipun.

2. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja og birta nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 31. ágúst 2023. Þau skulu þegar í stað senda framkvæmdastjórninni texta þessara ákvæða.

Þau skulu beita þessum ákvæðum frá og með 1. september 2023.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau eru birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

([3]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 frá 18. desember 2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir, að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)), um stofnun Efnastofnunar Evrópu, um breytingu á tilskipun 1999/45/EB og um niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 793/93 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1488/94, sem og tilskipun ráðsins 76/769/EBE og tilskipunum framkvæmdastjórnarinnar 91/155/EBE, 93/67/EBE, 93/105/EB og 2000/21/EB (Stjtíð. ESB L 396, 30.12.2006, bls. 1).

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

3. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.*

4. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 28. október 2022.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

VIÐAUKI

Eftirfarandi færslu 9.a.III er bætt við í III. viðauka við tilskipun 2011/65/ESB:

9.a.III	Allt að 0,7% sexgilt króm miðað við þyngd, notað sem tæringarvarnarefni í vinnsluvökva í lokaðri hringrás kolstáls í gasísogsvarmadælum til rýmis- og vatnshitunar	Gildir um 1. flokk og fellur úr gildi 31. desember 2026.“

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2022/2315 **2023/EES/63/34**

frá 25. nóvember 2022

um endurnýjun á samþykki fyrir áhættulitla virka efninu heptamaloxýlóglúkani, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 frá 21. október 2009 um setningu plöntuverndarvara á markað og um niðurfellingu á tilskipunum ráðsins 79/117/EBE og 91/414/EBE ([1]), einkum 1. mgr. 20. gr. í tengslum við 1. mgr. 22. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Heptamaloxýlóglúkani var bætt við sem virku efni í I. viðauka við tilskipun ráðsins 91/414/EBE ([2]) með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2010/14/EB ([3]).

2) Virk efni sem eru á skrá í I. viðauka við tilskipun 91/414/EBE teljast samþykkt samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1107/2009 og eru skráð í A-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 ([4]).

3) Samþykkið fyrir virka efninu heptamaloxýlóglúkani, eins og fram kemur í A-hluta viðaukans við framkvæmdar-reglugerð (ESB) nr. 540/2011, rennur út 31. maí 2023.

4) Umsókn um endurnýjun á samþykki fyrir virka efninu heptamaloxýlóglúkani var lögð fyrir skýrslugjafaraðildarríkið í samræmi við 1. gr. framkvæmdarreglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 844/2012 ([5]) innan þeirra tímamarka sem kveðið er á um í þeirri grein.

5) Umsækjandinn lagði viðbótarmálsskjölin sem krafist er í samræmi við 6. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) nr. 844/2012 fyrir skýrslugjafaraðildarríkið, meðskýrslugjafaraðildarríkið, framkvæmdastjórnina og Matvælaöryggis-stofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin). Skýrslugjafaraðildarríkið taldi að umsóknin væri fullgerð.

6) Skýrslugjafaraðildarríkið tók saman drög að matsskýrslu um endurnýjun í samráði við meðskýrslugjafaraðildarríkið og lagði hana fyrir Matvælaöryggisstofnunina og framkvæmdastjórnina 29. september 2020.

7) Matvælaöryggisstofnunin gerði samantektina úr viðbótarmálsskjölunum aðgengilega almenningi. Matvælaöryggis-stofnunin sendi einnig drögin að matsskýrslunni um endurnýjun til umsækjandans og aðildarríkjanna til að fá athugasemdir þeirra og hóf samráð við almenning um þau. Matvælaöryggisstofnunin sendi mótteknar athugasemdir til framkvæmdastjórnarinnar.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 307, 28.11.2022, bls. 52. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 150/2023 frá 13. Júní 2023 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 309, 24.11.2009, bls. 1.

([2]) Tilskipun ráðsins 91/414/EBE frá 15. júlí 1991 um markaðssetningu plöntuvarnarefna (Stjtíð. EB L 230, 19.8.1991, bls. 1).

([3]) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2010/14/ESB frá 3. mars 2010 um breytingu á tilskipun ráðsins 91/414/EBE í því skyni að bæta við virka efninu heptamaloxýlóglúkani (Stjtíð ESB L 53, 4.3.2010, bls. 7).

([4]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 frá 25. maí 2011 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 að því er varðar skrána yfir samþykkt, virk efni (Stjtíð. ESB L 153, 11.6.2011, bls. 1).

([5]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 844/2012 frá 18. september 2012 um ákvæði sem eru nauðsynleg til að koma málsmeðferð við endurnýjun í framkvæmd að því er varðar virk efni eins og kveðið er á um í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað (Stjtíð. ESB L 252, 19.9.2012, bls. 26).

8) Matvælaöryggisstofnunin lagði niðurstöðu sína ([6]), að því er varðar hvort búast megi við að heptamaloxýlóglúkan uppfylli viðmiðanir fyrir samþykki, sem kveðið er á um í 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, fyrir framkvæmdastjórnina 2. mars 2022.

9) Að því er varðar viðmiðanirnar til að ákvarða innkirtlatruflandi eiginleika sem settar eru fram í liðum 3.6.5 og 3.8.2 í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1107/2009 var niðurstaða Matvælaöryggisstofnunarinnar sú, á grundvelli vísindaþekkingar, að það sé afar ólíklegt að heptamaloxýlóglúkan sé innkirtlatruflandi efni með estrógenvirkni, andrógenvirkni, skjaldkirtilsvirkni og steramyndunarvirkni.

10) Framkvæmdastjórnin lagði endurnýjunarskýrslu og drög að reglugerð um heptamaloxýlóglúkan fyrir fastanefndina um plöntur, dýr, matvæli og fóður 30. mars 2022 og 13. október 2022, eftir því sem við á.

11) Framkvæmdastjórnin gaf umsækjandanum færi á að leggja fram athugasemdir sínar varðandi niðurstöðu Matvælaöryggisstofnunarinnar og, í samræmi við þriðju undirgrein 1. mgr. 14. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) nr. 844/2012, um endurnýjunarskýrsluna. Umsækjandinn lagði fram athugasemdir sínar sem hafa verið athugaðar vandlega.

12) Staðfest hefur verið, að því er varðar eina dæmigerða notkun eða fleiri á a.m.k. einni plöntuverndarvöru sem inniheldur virka efnið heptamaloxýlóglúkan, að viðmiðanir fyrir samþykki, sem kveðið er á um í 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, eru uppfylltar. Einnig hefur verið sýnt fram á að ekki skuli líta á heptamaloxýlóglúkan sem efni með innkirtlatruflandi eiginleika.

13) Áhættumat vegna endurnýjunar á samþykki fyrir virka efninu heptamaloxýlóglúkani byggist á takmarkaðri dæmigerðri notkun sem takmarkar þó ekki þá notkun, sem leyfa má, á plöntuverndarvörum sem innihalda heptamaloxýlóglúkan. Því er rétt að takmarka ekki notkunina við notkun sem vaxtarstýriefni.

14) Framkvæmdastjórnin telur enn fremur að heptamaloxýlóglúkan sé áhættulítið virkt efni skv. 22. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009. Heptamaloxýlóglúkan er ekki efni sem gefur tilefni til áhyggna og uppfyllir skilyrðin sem sett eru fram í 5. lið II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1107/2009. Enn fremur er heptamaloxýlóglúkan til staðar frá náttúrunnar hendi sem efnisþáttur í plöntum og jarðvegi. Búist er við að aukin váhrif á fólk, dýr og umhverfið vegna notkunarinnar sem hlotið hefur samþykki samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1107/2009 verði óveruleg í samanburði við váhrif sem gera má ráð fyrir við raunhæfar náttúrulegar aðstæður. Því er rétt að endurnýja samþykkið fyrir heptamaloxýlóglúkani sem áhættulitlu virku efni.

15) Því ætti að breyta framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 til samræmis við það.

16) Með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/814 ([7]) var samþykkistímabilið fyrir heptamaloxýlóglúkan framlengt til 31. maí 2023 svo unnt væri að ljúka endurnýjunarferlinu áður en samþykkistímabilið fyrir virka efnið rynni út. Þar eð ákvörðun um endurnýjun var tekin fyrir þá framlengdu lokadagsetningu ætti þessi reglugerð að koma til framkvæmda fyrir þá dagsetningu.

17) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Endurnýjun á samþykki fyrir virku efni

Samþykki fyrir virka efninu heptamaloxýlóglúkani er endurnýjað eins og fram kemur í I. viðauka.

([6]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2022 20(3), 7210. Aðgengilegt á Netinu: https://doi.org/10.2903/j.efsa.2022.7210.

([7]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/814 frá 20. maí 2022 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 að því er varðar framlengingu á samþykkistímabilinu fyrir virka efnið heptamaloxýlóglúkan (Stjtíð. ESB L 146, 25.5.2022, bls. 6).

2. gr.

Breytingar á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011

Viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 er breytt í samræmi við II. viðauka við þessa reglugerð.

3. gr.

Gildistaka og dagurinn þegar reglugerðin kemur til framkvæmda

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.*

Hún kemur til framkvæmda frá og með 1. mars 2023.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 25. nóvember 2022.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

I. VIÐAUKI

Almennt heiti, kenninúmer	IUPAC-heiti	Hreinleiki ([1])	Dagsetning samþykkis	Samþykki rennur út	Sértæk ákvæði
Heptamaloxýlóglúkan CAS-nr.: 870721-81-6 CIPAC-nr.: 851	α-L-fúkópýranósýl-(1→2)-β-D-galaktópýranósýl-(1→2)-α-D-xýlópýranósýl-(1→6)-[α-D-xýlópýranósýl)-(1→6)-β-D-glúkópýranósýl-(1→4)]-β-D-glúkópýranósýl-(1→4)-D-glúsítól	≥ 780 g/kg Eftirfarandi óhreinindi eru varasöm í eiturefnafræðilegu tilliti og frá umhverfissjónarmiði og magn þeirra í tæknilega efninu má ekki vera meira en eftirfarandi: — Patúlín, að hámarki 50 µg/kg	1. mars 2023	28. febrúar 2038	Við framkvæmd samræmdu meginreglnanna sem um getur í 6. mgr. 29. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009 skal taka tillit til niðurstaðnanna í endurskoðunarskýrslunni um heptamaloxýlóglúkan, einkum í I. og II. viðbæti við hana.

([1]) Frekari upplýsingar um auðkenni og forskrift fyrir virka efninu er að finna í endurnýjunarskýrslunni.

II. VIÐAUKI

Viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 er breytt sem hér segir:

1) Í A-hluta fellur færsla 298 um heptamaloxýlóglúkan brott.

2) Í D-hluta er eftirfarandi færslu bætt við:

Nr.	Almennt heiti, kenninúmer	IUPAC-heiti	Hreinleiki ([1])	Dagsetning samþykkis	Samþykki rennur út	Sértæk ákvæði
„40	Heptamaloxýlóglúkan CAS-nr.: 870721-81-6 CIPAC-nr.: 851	α-L-fúkópýranósýl-(1→2)-β-D-galaktópýranósýl-(1→2)-α-D-xýlópýranósýl-(1→6)-[α-D-xýlópýranósýl)-(1→6)-β-D-glúkópýranósýl-(1→4)]-β-D-glúkópýranósýl-(1→4)-D-glúsítól	≥ 780 g/kg Eftirfarandi óhreinindi eru varasöm í eiturefnafræðilegu tilliti og frá umhverfissjónarmiði og magn þeirra í tæknilega efninu má ekki vera meira en eftirfarandi: - Patúlín, að hámarki 50 µg/kg	1. mars 2023	28. febrúar 2038	Við framkvæmd samræmdu meginreglnanna, eins og um getur í 6. mgr. 29. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, skal taka tillit til niðurstaðnanna í endurskoðunar-skýrslunni um hepta-maloxýlóglúkan, einkum í I. og II. viðbæti við hana.“

([1]) Frekari upplýsingar um auðkenni og forskrift fyrir virka efninu er að finna í endurnýjunarskýrslunni.

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2022/2364 **2023/EES/63/35**

frá 2. desember 2022

um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 að því er varðar framlengingu á samþykkistímabilinu fyrir virka efnið glýfosat (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 frá 21. október 2009 um setningu plöntuverndarvara á markað og um niðurfellingu á tilskipunum ráðsins 79/117/EBE og 91/414/EBE ([1]), einkum fyrstu málsgrein 17. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í B-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 ([2]) eru skráð virk efni sem hafa verið samþykkt samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1107/2009.

2) Samþykkið fyrir virka efninu glýfosati rennur út 15. desember 2022. Umsókn um endurnýjun á samþykki fyrir því efni var lögð fram 12. desember 2019 í samræmi við 1. gr. framkvæmdarreglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 844/2012 ([3]).

3) Með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/724 ([4]) voru Frakkland, Ungverjaland, Holland (Niðurland) og Svíþjóð tilnefnd til að vinna í sameiningu sem skýrslugjafaraðildarríki vegna málsmeðferðar við endurnýjun á samþykki fyrir glýfosati. Aðildarríkin fjögur mynduðu matshópinn um glýfosat. Hinn 18. ágúst 2020 staðfesti matshópurinn um glýfosat lögmæti umsóknarinnar um endurnýjun. Matshópurinn um glýfosat lagði upphafleg drög sín að matsskýrslu um endurnýjun fyrir Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) 15. júní 2021.

4) Meðan á samráði við almenning um upphaflegu drögin að matsskýrslunni um endurnýjun vegna glýfosats stóð barst Matvælaöryggisstofnuninni mikill fjöldi athugasemda. Hinn 14. mars 2022 óskaði Matvælaöryggisstofnunin enn fremur eftir umtalsverðu magni af viðbótarupplýsingum frá umsækjandanum sem voru lagðar fram tímanlega. Auk þess bentu matshópurinn um glýfosat og Matvælaöryggisstofnunin á fjölmörg atriði sem sérfræðingarnir þurfa að ræða meðan ritrýnin stendur yfir. Það þarf talsvert lengri tíma til að ljúka við mat matshópsins um glýfosat á viðbótarupplýsingunum og ritrýni Matvælaöryggisstofnunarinnar skv. 1. mgr. 13. gr. reglugerðar (ESB) nr. 844/2012.

5) Til samræmis við það upplýstu Matvælaöryggisstofnunin og Efnastofnun Evrópu framkvæmdastjórnina um það 10. maí 2022 að samþykkt Matvælaöryggisstofnunarinnar á niðurstöðum um ritrýni á áhættumati á glýfosati myndi frestast og að ekki væri gert ráð fyrir að samþykktardagurinn yrði fyrr en í júlí 2023. Þetta þýðir að ekki verður unnt að taka ákvörðun um endurnýjun samþykkis fyrir glýfosati fyrir 15. desember 2022.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 312, 5.12.2022, bls. 99. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 150/2023 frá 13. Júní 2023 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (síður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 309, 24.11.2009, bls. 1.

([2]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 frá 25. maí 2011 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 að því er varðar skrána yfir samþykkt, virk efni (Stjtíð. ESB L 153, 11.6.2011, bls. 1).

([3]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 844/2012 frá 18. september 2012 um ákvæði sem eru nauðsynleg til að koma málsmeðferð við endurnýjun í framkvæmd að því er varðar virk efni eins og kveðið er á um í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað (Stjtíð. ESB L 252, 19.9.2012, bls. 26).
Þótt framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 844/2012 hafi verið felld úr gildi gildir hún áfram um málsmeðferð við endurnýjun á samþykki fyrir glýfosati í samræmi við 17. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2021/1740 (Stjtíð. ESB L 392, 23.11.2020, bls. 20.).

([4]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/724 frá 10. maí 2019 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 686/2012 að því er varðar tilnefningu skýrslugjafaraðildarríkja og meðskýrslugjafaraðildarríkja fyrir virku efnin glýfosat, lambda-sýhalótrín, ímasamox og pendímetalín og um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 844/2012 að því er varðar þann möguleika að hópur aðildarríkja taki sameiginlega að sér hlutverk skýrslugjafaraðildarríkis (Stjtíð. ESB L 124, 13.5.2019, bls. 32).

6) Þar eð mat á virka efninu glýfosati hefur því tafist af ástæðum sem umsækjandinn fær ekki ráðið við er nauðsynlegt að framlengja samþykkistímabilið fyrir þetta virka efni til að veita nægilegan tíma til að ljúka matinu sem krafist er til að taka ákvörðun um umsókn um endurnýjun á samþykki fyrir efninu.

7) Ef framkvæmdastjórnin þarf að samþykkja reglugerð þar sem kveðið er á um að samþykki fyrir glýfosati sé ekki endurnýjað vegna þess að viðmiðanir fyrir samþykki eru ekki uppfylltar skal framkvæmdastjórnin fastsetja lokadagsetningu gildistíma sem sömu dagsetningu og var í gildi fyrir gildistöku þessarar reglugerðar eða þann dag sem reglugerðin tekur gildi, ef sá dagur er síðar, að því tilskildu að samþykki fyrir glýfosati sé ekki endurnýjað. Ef framkvæmdastjórnin þarf að samþykkja reglugerð þar sem kveðið er á um endurnýjun á samþykki fyrir glýfosati mun framkvæmdastjórnin leitast við, eins og við á með tilliti til aðstæðna, að fastsetja gildistökudag eins fljótt og unnt er.

8) Því ætti að breyta framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 til samræmis við það.

9) Þessi reglugerð ætti að öðlast gildi eins fljótt og auðið er þar eð gildandi samþykki fyrir glýfosati rennur út 15. desember 2022.

10) Fastanefndin um plöntur, dýr, matvæli og fóður skilaði ekki áliti innan þeirra tímamarka sem formaðurinn setti. Talin var þörf á framkvæmdargerð og lagði formaðurinn drög að framkvæmdargerð fyrir málskotsnefndina til frekari umfjöllunar. Málskotsnefndin skilaði ekki áliti.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Breyting á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011

Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki í B-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011, „Samþykki rennur út“, í færslu 118, glýfosat, kemur „15. desember 2023“.

2. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.*

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 2. desember 2022.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2022/248 **2023/EES/63/36**

frá 15. febrúar 2022

um skráningu landfræðilegrar merkingar fyrir brenndan drykk skv. 2. mgr. 30. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/787 („Pregler“/„Osttiroler Pregler“) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/787 frá 17. apríl 2019 um skilgreiningu, lýsingu, kynningu og merkingu brenndra drykkja, notkun heita brenndra drykkja í kynningu og merkingu annarra matvæla, vernd landfræðilegra merkinga fyrir brennda drykki, notkun etanóls og eimis úr landbúnaði í áfenga drykki og um niðurfellingu á reglugerð (EB) nr. 110/2008 ([1]), einkum 2. mgr. 30. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Samkvæmt 5. mgr. 17. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 110/2008 ([2]) hefur framkvæmdastjórnin tekið til athugunar umsókn Austurríkis frá 7. júní 2019 um skráningu heitisins „Pregler“/„Osttiroler Pregler“ sem landfræðilegrar merkingar.

2) Reglugerð (ESB) 2019/787, sem kemur í stað reglugerðar (EB) nr. 110/2008, öðlaðist gildi 25. maí 2019. Samkvæmt 1. mgr. 49. gr. þeirrar reglugerðar er III. kafli reglugerðar (EB) nr. 110/2008 um landfræðilegar merkingar felldur úr gildi frá og með 8. júní 2019.

3) Eftir að framkvæmdastjórnin komst að þeirri niðurstöðu að umsóknin væri í samræmi við reglugerð (EB) nr. 110/2008 birti hún meginskilgreiningarnar í tækniskjalinu í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* ([3]) eins og krafist er skv. 6. mgr. 17. gr. þeirrar reglugerðar, í samræmi við fyrstu undirgrein 4. mgr. 50. gr. reglugerðar (ESB) 2019/787.

4) Framkvæmdastjórninni hefur ekki borist nein yfirlýsing um andmæli skv. 1. mgr. 27. gr. reglugerðar (ESB) 2019/787.

5) Því ætti að skrá heitið „Pregler“/„Osttiroler Pregler“ sem landfræðilega merkingu.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Landfræðilega merkingin „Pregler“/„Osttiroler Pregler“ er hér með skráð. Reglugerð þessi veitir landfræðilegu merkingunni „Pregler“/„Osttiroler Pregler“ vernd þá sem um getur í 21. gr. reglugerðar (ESB) 2019/787 í samræmi við 4. mgr. 30. gr. þeirrar reglugerðar.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.*

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 41, 22.2.2022, bls. 14. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 152/2023 frá 13. Júní 2023 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 130, 17.5.2019, bls. 1.

([2]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 110/2008 frá 15. janúar 2008 um skilgreiningu, lýsingu, kynningu, merkingu og vernd landfræðilegra merkinga á brenndum drykkjum og niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1576/89 (Stjtíð. ESB L 39, 13.2.2008, bls. 16).

([3]) Stjtíð. ESB C 430, 25.10.2021, bls. 14.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 15. febrúar 2022.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Fyrir hönd forsetans,

Janusz WOJCIECHOWSKI

framkvæmdastjóri.

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2022/380 **2023/EES/63/37**

frá 28. febrúar 2022

um skráningu landfræðilegrar merkingar fyrir brenndan drykk skv. 2. mgr. 30. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/787 („Homokháti őszibarack pálinka“) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/787 frá 17. apríl 2019 um skilgreiningu, lýsingu, kynningu og merkingu brenndra drykkja, notkun heita brenndra drykkja í kynningu og merkingu annarra matvæla, vernd landfræðilegra merkinga fyrir brennda drykki, notkun etanóls og eimis úr landbúnaði í áfenga drykki og um niðurfellingu á reglugerð (EB) nr. 110/2008 ([1]), einkum 2. mgr. 30. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Samkvæmt 5. mgr. 17. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 110/2008 ([2]) hefur framkvæmdastjórnin tekið til athugunar umsókn Ungverjalands frá 25. maí 2018 um skráningu heitisins „Homokháti őszibarack pálinka“ sem landfræðilegrar merkingar.

2) Reglugerð (ESB) 2019/787, sem kemur í stað reglugerðar (EB) nr. 110/2008, öðlaðist gildi 25. maí 2019. Samkvæmt 1. mgr. 49. gr. þeirrar reglugerðar er III. kafli reglugerðar (EB) nr. 110/2008 um landfræðilegar merkingar felldur úr gildi frá og með 8. júní 2019.

3) Eftir að framkvæmdastjórnin komst að þeirri niðurstöðu að umsóknin væri í samræmi við reglugerð (EB) nr. 110/2008 birti hún meginskilgreiningarnar í tækniskjalinu í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* ([3]) eins og krafist er skv. 6. mgr. 17. gr. þeirrar reglugerðar, í samræmi við fyrstu undirgrein 4. mgr. 50. gr. reglugerðar (ESB) 2019/787.

4) Framkvæmdastjórninni hefur ekki borist nein yfirlýsing um andmæli skv. 1. mgr. 27. gr. reglugerðar (ESB) 2019/787.

5) Því ætti að skrá heitið „Homokháti őszibarack pálinka“ sem landfræðilega merkingu.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 74, 7.3.2022, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 152/2023 frá 13. Júní 2023 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 130, 17.5.2019, bls. 1.

([2]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 110/2008 frá 15. janúar 2008 um skilgreiningu, lýsingu, kynningu, merkingu og vernd landfræðilegra merkinga á brenndum drykkjum og niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1576/89 (Stjtíð. ESB L 39, 13.2.2008, bls. 16).

([3]) Stjtíð. ESB C 464, 17.11.2021, bls. 30.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Landfræðilega merkingin „Homokháti őszibarack pálinka“ er hér með færð inn í skrána. Reglugerð þessi veitir landfræðilegu merkingunni „Homokháti őszibarack pálinka“ vernd þá sem um getur í 21. gr. reglugerðar (ESB) 2019/787 í samræmi við 4. mgr. 30. gr. þeirrar reglugerðar.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 28. febrúar 2022.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Fyrir hönd forsetans,

Janusz WOJCIECHOWSKI

framkvæmdastjóri.

FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2023/502 2023/EES/63/38

frá 1. desember 2022

um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/745 að því er varðar tíðni heildarendurmata á tilkynntum aðilum (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/745 frá 5. apríl 2017 um lækningatæki, um breytingu á tilskipun 2001/83/EB, reglugerð (EB) nr. 178/2002 og reglugerð (EB) nr. 1223/2009 og um niðurfellingu á tilskipunum ráðsins 90/385/EBE og 93/42/EBE ([1]), einkum 11. mgr. 44. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Með reglugerð (ESB) 2017/745 er komið á nýjum regluramma til að tryggja snurðulausa starfsemi innri markaðarins að því er varðar lækningatæki. Með þeirri reglugerð eru eftirlit með tilkynntum aðilum og samræmismatsferli styrkt umtalsvert.

2) Í 10. mgr. 44. gr. reglugerðar (ESB) 2017/745 er kveðið á um að þremur árum eftir að tilkynnt er um tilkynntan aðila og á fjögurra ára fresti eftir það skuli framkvæma heildarendurmat á tilkynntum aðilum til að ákvarða hvort tilkynnti aðilinn uppfylli ennþá kröfurnar sem settar eru fram í VII. viðauka við þá reglugerð.

3) Takmarkaður fjöldi og geta tilkynntra aðila sem eru sem stendur tilnefndir samkvæmt reglugerð (ESB) 2017/745 hefur valdið flöskuhálsum í tengslum við vottun lækningatækja á umbreytingartímabilinu sem kveðið er á um í 3. mgr. 120. gr. þeirrar reglugerðar.

4) Til að gera yfirvöldum, sem bera ábyrgð á tilkynntum aðilum í aðildarríkinu þar sem tilkynnti aðilinn hefur staðfestu, kleift að einbeita sér að mati á nýjum umsóknum um tilnefningu sem tilkynntur aðili og til að gera tilkynntum aðilum kleift að vinna úr miklum fjölda vottana á umbreytingartímabilinu sem kveðið er á um í 3. mgr. 120. gr. reglugerðar (ESB) 2017/745 ætti að fresta tímasetningu fyrsta heildarendurmatsins á tilkynntum aðila eftir tilkynninguna þangað til 5 árum eftir tilkynninguna.

5) Þar eð tilkynntir aðilar falla undir stöðuga vöktun og mat í samræmi við 4. mgr. 44. gr. reglugerðar (ESB) 2017/745 ætti einnig að breyta tíðni síðari heildarendurmata þannig að þau verði á 5 ára fresti.

6) Yfirvaldið sem ber ábyrgð á tilkynntum aðilum ætti að eiga kost á að framkvæma heildarendurmat fyrr en samkvæmt tímasetningunni í hefðbundna ferlinu ef það er réttlætanlegt vegna niðurstaðna úr árlegri matsstarfsemi tilkynnta aðilans eða ef tilkynnti aðilinn fer fram á það.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 70, 8.3.2023, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 153/2023 frá 13. Júní 2023 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 117, 5.5.2017, bls. 1.

7) Að meginreglu til ætti að halda áfram með heildarendurmöt sem hafa hafist í því skyni að hámarka nýtingu þeirra tilfanga sem þegar hafa verið notuð. Þó getur yfirvaldið sem ber ábyrgð á tilkynntum aðilum í aðildarríkinu þar sem tilkynnti aðilinn hefur staðfestu ákveðið, eftir að hafa hlýtt á tilkynnta aðilann sem um er að ræða, að stöðva tímabundið eða binda enda á yfirstandandi heildarendurmat að teknu tilliti til þeirra tilfanga sem þegar hafa verið notuð við endurmatið og niðurstaðna úr árlegum mötum sem þegar hafa verið framkvæmd.

8) Því ætti að breyta reglugerð (ESB) 2017/745 til samræmis við það.

9) Í ljósi þess hversu brýn þörf er á að auka tafarlaust getu tilkynntra aðila í þágu lýðheilsu ætti þessi reglugerð að öðlast gildi sem fyrst.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Í stað 10. mgr. 44. gr. reglugerðar (ESB) 2017/745 kemur eftirfarandi:

„10. Fimm árum eftir að tilkynnt er um tilkynntan aðila, og á fimm ára fresti eftir það, skal yfirvaldið sem ber ábyrgð á tilkynntum aðilum í því aðildarríki þar sem aðilinn hefur staðfestu, ásamt sameiginlegu matsteymi sem er skipað í samræmi við málsmeðferðina sem lýst er í 39. gr., framkvæma heildarendurmat til að ákvarða hvort tilkynnti aðilinn uppfylli ennþá kröfurnar sem settar eru fram í VII. viðauka.

Yfirvaldinu sem ber ábyrgð á tilkynntum aðilum í aðildarríkinu þar sem tilkynnti aðilinn hefur staðfestu er heimilt að framkvæma heildarendurmat fyrir þær dagsetningar sem um getur í fyrstu undirgrein ef tilkynnti aðilinn fer fram á það eða ef, á grundvelli niðurstaðna úr árlegum mötum sem eru framkvæmd í samræmi við 4. mgr. þessarar greinar, yfirvaldið hefur efasemdir varðandi það hvort tilkynnti aðilinn uppfyllir áfram kröfurnar sem settar eru fram í VII. viðauka.

Halda skal áfram með heildarendurmöt sem eru þegar hafin 11. mars 2023 nema yfirvaldið sem ber ábyrgð á tilkynntum aðilum í aðildarríkinu þar sem tilkynnti aðilinn hefur staðfestu ákveði að stöðva tímabundið eða binda enda á yfirstandandi heildarendurmat, að teknu tilliti til eigin tilfanga og tilfanga tilkynnta aðilans sem þegar hafa verið notuð við endurmatið sem og niðurstaðna úr árlegum mötum sem eru framkvæmd í samræmi við 4. mgr. þessarar greinar. Áður en yfirvaldið sem ber ábyrgð á tilkynntum aðilum stöðvar tímabundið eða bindur enda á yfirstandandi heildarendurmat skal yfirvaldið hlýða á hlutaðeigandi tilkynntan aðila.“

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 1. desember 2022.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2023/503 2023/EES/63/39

frá 1. desember 2022

um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/746 að því er varðar tíðni heildarendurmata á tilkynntum aðilum (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/746 frá 5. apríl 2017 um lækningatæki til sjúkdómsgreiningar í glasi og um niðurfellingu á tilskipun 98/79/EB og ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2010/227/ESB ([1]), einkum 11. mgr. 40. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Með reglugerð (ESB) 2017/746 er komið á nýjum regluramma til að tryggja snurðulausa starfsemi innri markaðarins að því er varðar lækningatæki. Með þeirri reglugerð eru eftirlit með tilkynntum aðilum og samræmismatsferli styrkt umtalsvert.

2) Í 10. mgr. 40. gr. reglugerðar (ESB) 2017/746 er kveðið á um að þremur árum eftir að tilkynnt er um tilkynntan aðila og á fjögurra ára fresti eftir það skuli framkvæma heildarendurmat á tilkynntum aðilum til að ákvarða hvort tilkynnti aðilinn uppfylli ennþá kröfurnar sem settar eru fram í VII. viðauka við þá reglugerð.

3) Takmarkaður fjöldi og geta tilkynntra aðila sem eru sem stendur tilnefndir samkvæmt reglugerð (ESB) 2017/746 hefur valdið flöskuhálsum í tengslum við vottun lækningatækja til sjúkdómsgreiningar í glasi á umbreytingartímabilunum sem kveðið er á um í 3. mgr. 110. gr. þeirrar reglugerðar.

4) Til að gera yfirvöldum, sem bera ábyrgð á tilkynntum aðilum í aðildarríkinu þar sem tilkynnti aðilinn hefur staðfestu, kleift að einbeita sér að mati á nýjum umsóknum um tilnefningu sem tilkynntur aðili og til að gera tilkynntum aðilum kleift að vinna úr miklum fjölda vottana á umbreytingartímabilinu sem kveðið er á um í 3. mgr. 110. gr. reglugerðar (ESB) 2017/746 ætti að fresta tímasetningu fyrsta heildarendurmatsins á tilkynntum aðila eftir tilkynninguna þangað til 5 árum eftir tilkynninguna.

5) Þar eð tilkynntir aðilar falla undir stöðuga vöktun og mat í samræmi við 4. mgr. 40. gr. reglugerðar (ESB) 2017/746 ætti einnig að breyta tíðni síðari heildarendurmata þannig að þau verði á 5 ára fresti.

6) Yfirvaldið sem ber ábyrgð á tilkynntum aðilum ætti að eiga kost á að framkvæma heildarendurmat fyrr en samkvæmt tímasetningunni í hefðbundna ferlinu ef það er réttlætanlegt vegna niðurstaðna úr árlegri matsstarfsemi tilkynnta aðilans eða ef tilkynnti aðilinn fer fram á það.

7) Að meginreglu til ætti að halda áfram með heildarendurmöt sem hafa hafist í því skyni að hámarka nýtingu þeirra tilfanga sem þegar hafa verið notuð. Þó getur yfirvaldið sem ber ábyrgð á tilkynntum aðilum í aðildarríkinu þar sem tilkynnti aðilinn hefur staðfestu ákveðið, eftir að hafa hlýtt á tilkynnta aðilann sem um er að ræða, að stöðva tímabundið eða binda enda á yfirstandandi heildarendurmat að teknu tilliti til þeirra tilfanga sem þegar hafa verið notuð við endurmatið og niðurstaðna úr árlegum mötum sem þegar hafa verið framkvæmd.

8) Því ætti að breyta reglugerð (ESB) 2017/746 til samræmis við það.

9) Í ljósi þess hversu brýn þörf er á að auka tafarlaust getu tilkynntra aðila í þágu lýðheilsu ætti þessi reglugerð að öðlast gildi sem fyrst.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 70, 8.3.2023, bls. 3. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 153/2023 frá 13. Júní 2023 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 117, 5.5.2017, bls. 176.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Í stað 10. mgr. 40. gr. reglugerðar (ESB) 2017/746 kemur eftirfarandi:

„10. Fimm árum eftir að tilkynnt er um tilkynntan aðila, og á fimm ára fresti eftir það, skal yfirvaldið sem ber ábyrgð á tilkynntum aðilum í því aðildarríki þar sem aðilinn hefur staðfestu, ásamt sameiginlegu matsteymi sem er skipað í samræmi við málsmeðferðina sem lýst er í 35. gr., framkvæma heildarendurmat til að ákvarða hvort tilkynnti aðilinn uppfylli ennþá kröfurnar sem settar eru fram í VII. viðauka.

Yfirvaldinu sem ber ábyrgð á tilkynntum aðilum í aðildarríkinu þar sem tilkynnti aðilinn hefur staðfestu er heimilt að framkvæma heildarendurmat fyrir þær dagsetningar sem um getur í fyrstu undirgrein ef tilkynnti aðilinn fer fram á það eða ef, á grundvelli niðurstaðna úr árlegum mötum sem eru framkvæmd í samræmi við 4. mgr. þessarar greinar, yfirvaldið hefur efasemdir varðandi það hvort tilkynnti aðilinn uppfyllir áfram kröfurnar sem settar eru fram í VII. viðauka

Halda skal áfram með heildarendurmöt sem eru þegar hafin 11. mars 2023 nema yfirvaldið sem ber ábyrgð á tilkynntum aðilum í aðildarríkinu þar sem tilkynnti aðilinn hefur staðfestu ákveði að stöðva tímabundið eða binda enda á yfirstandandi heildar-endurmat, að teknu tilliti til eigin tilfanga og tilfanga tilkynnta aðilans sem þegar hafa verið notuð við endurmatið sem og niðurstaðna úr árlegum mötum sem eru framkvæmd í samræmi við 4. mgr. þessarar greinar. Áður en yfirvaldið sem ber ábyrgð á tilkynntum aðilum stöðvar tímabundið eða bindur enda á yfirstandandi heildarendurmat skal yfirvaldið hlýða á hlutaðeigandi tilkynntan aðila.“

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 1. desember 2022.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2019/424 **2023/EES/63/40**

frá 15. mars 2019

um kröfur varðandi visthönnun netþjóna og gagnageymsluvara samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/125/EB og um breytingu á reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 617/2013 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/125/EB frá 21. október 2009 um ramma til að setja fram kröfur varðandi visthönnun að því er varðar orkutengdar vörur ([1]), einkum 1. mgr. 15. gr.,

að höfðu samráði á samráðsvettvanginum, sem um getur í 18. gr. tilskipunar 2009/125/EB,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Þess er krafist í tilskipun 2009/125/EB að framkvæmdastjórnin setji fram kröfur varðandi visthönnun, að því er varðar orkutengdar vörur sem eru umtalsverður hluti sölu og viðskipta, hafa veruleg umhverfisáhrif og búa yfir miklum möguleikum til umbóta að því er varðar umhverfisáhrif þeirra, án þess að umbótunum fylgi óhóflegur kostnaður.

2) Framkvæmdastjórnin hefur látið fara fram undirbúningsrannsókn þar sem tækni-, umhverfis- og efnahagsgreining var gerð á netþjónum og gagnageymsluvörum sem venjulega eru notuð í viðskiptalegum tilgangi. Rannsóknin hefur verið þróuð með hagsmunaaðilum og hlutaðeigandi aðilum frá Sambandinu og þriðju löndum og hafa niðurstöðurnar verið gerðar aðgengilegar öllum.

3) Netþjónar og gagnageymsluvörur eru venjulega sett á markað til notkunar í gagnaverum og í skrifstofu- og fyrirtækjaumhverfi.

4) Þeir umhverfisþættir netþjóna og gagnageymsluvara sem taldir eru mikilvægir hvað varðar þessa reglugerð eru orkunotkun á notkunartímanum og auðlindanýtni, sérstaklega varðandi þættina sem tengjast möguleika á viðgerðum, endurnotanleika, möguleika á uppfærslu og endurvinnanleika fyrir afhendingaröryggi.

5) Kröfur varðandi visthönnun ættu að samræma kröfur um orkunotkun og auðlindanýtni fyrir netþjóna og gagnageymsluvörur í öllu Sambandinu og bæta þannig starfsemi innri markaðarins og vistvænleika þessara vara.

6) Gert er ráð fyrir því að árleg orkunotkun sem varðar netþjóna beint verði 48 TWh árið 2030 sem eykst upp í 75 TWh þegar einnig er talin með árleg orkunotkun sem tengist innviðum (t.d. kælikerfi og órjúfanleg aflgjafakerfi). Gert er ráð fyrir því að árleg orkunotkun gagnageymsluvara verði 30 TWh árið 2030 og 47 TWh þegar innviðir eru taldir með. Undirbúningsrannsókn sýnir að mögulegt er að draga verulega úr orkunotkun netþjóna og gagnageymsluvara á notkunartímanum.

7) Gert er ráð fyrir því að áhrifin frá kröfunum varðandi visthönnun sem settar eru fram í þessari reglugerð leiði til þess að áætlaður árlegur orkusparnaður árið 2030 verði u.þ.b. 9 TWh (u.þ.b. árleg raforkunotkun Eistlands árið 2014). Nánar tiltekið er gert ráð fyrir því að áhrifin af kröfunum varðandi visthönnun fyrir netþjóna sem settar eru fram í þessari reglugerð leiði til þess að árið 2030 verði beinn árlegur orkusparnaður u.þ.b. 2,4 TWh og að óbeinn árlegur orkusparnaður (þ.e. sem tengdist innviðum) verði 3,7 TWh, sem samsvarar samanlögðum heildarsparnaði upp á 6,1 TWh, sem samsvarar í heildina 2,1 Mt af koltvísýringsígildum. Gert er ráð fyrir því að áhrifin af kröfunum varðandi visthönnun fyrir gagnageymsluvörur sem settar eru fram í þessari reglugerð leiði til þess að árið 2030 verði beinn árlegur orkusparnaður u.þ.b. 0,8 TWh og að óbeinn árlegur orkusparnaður (þ.e. sem tengdist innviðum) verði 2 TWh, sem samsvarar samanlögðum heildarsparnaði upp á 2,8 TWh, sem samsvarar í heildina 0,9 Mt af koltvísýringsígildum.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 74, 18.3.2019, bls. 46. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 154/2023 frá 13. Júní 2023 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) og IV. viðauka (Orka) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 285, 31.10. 2009, bls. 10.

8) Framkvæmdastjórnin ætti, í samræmi við aðgerðaáætlun Sambandsins fyrir hringrásarhagkerfið ([2]), að tryggja að sérstök áhersla sé lögð á þá þætti sem skipta máli fyrir hringrásarhagkerfið, s.s. endingu og möguleika á viðgerðum, þegar viðmiðanir um visthönnun eru settar eða endurskoðaðar. Því ætti að mæla fyrir um kröfur um þætti sem eru ekki orkutengdir, þ.m.t. úrtöku lykilíhluta og mikilvæg hráefni, tiltækileika virkni fyrir örugga gagnaeyðingu og útvegun nýjustu aðgengilegu útgáfu fastbúnaðar.

9) Gert er ráð fyrir því að krafan um úrtöku lykilíhluta muni ýta undir möguleikann á viðgerðum og uppfærslu á netþjónum og gagnageymsluvörum, sérstaklega af hálfu þriðju aðila (s.s. aðilum sem sinna viðgerðum og viðhaldi á varahlutum).

10) Í nýlegu vinnuskjali framkvæmdastjórnarinnar sem ber yfirskriftina „Skýrsla um mikilvæg hráefni og hringrásar-hagkerfið“ er minnst á möguleikann á að fjalla um mikilvæg hráefni í reglugerðum um visthönnun (þ.m.t. fyrir netþjóna fyrirtækja) ([3]).

11) Koma mætti kröfunni um virkni fyrir örugga gagnaeyðingu til framkvæmda með tæknilegum lausnum, t.d., en þó ekki eingöngu, virkni sem er notuð í fastbúnaði, yfirleitt í ræsikjarna (BIOS), hugbúnaði sem er í sjálfstæðu umhverfi sem hægt er að ræsa af og er á ræsidiski, stafrænum mynddiski eða minnislykli sem fylgir með vöru, eða í hugbúnaði sem hægt er að setja upp í studdum stýrikerfum sem fylgja vöru.

12) Gert er ráð fyrir því að kröfurnar um þætti sem varða ekki orku muni stuðla að lengri endingartíma netþjóna með því að gera það auðveldara að endurnýja og endurnota þá, samtímis því að viðhalda samræmi við meginreglurnar um friðhelgi einkalífs og vernd persónuupplýsinga eins og sett er fram í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/679 ([4]).

13) Mögulegt er að draga úr orkunotkun netþjóna og gagnageymsluvara með því að beita fyrirliggjandi tækni, sem ekki er háð einkaleyfi, án þess að hækka samanlagðan kostnað við að kaupa og nota þessar vörur.

14) Kröfur varðandi visthönnun ættu ekki að hafa áhrif á virkni eða að verð netþjóna og gagnageymsluvara sé viðráðanlegt frá sjónarhóli endanlegs notanda og ættu ekki að hafa neikvæð áhrif á heilbrigði, öryggi eða umhverfið.

15) Þessi reglugerð ætti að gilda með fyrirvara um kröfur í löggjöf Sambandsins um öryggi og heilbrigði, einkum tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/35/ESB ([5]), sem nær yfir alla áhættu er varðar heilbrigði eða öryggi raffanga sem starfa á spennu á bilinu 50 til 1000 V við riðstraum og á bilinu 75 og 1500 V við jafnstraum.

16) Við innleiðingu krafna varðandi visthönnun ætti að gefa framleiðendum nægan tíma til að endurhanna vörur sínar sem falla undir þessa reglugerð. Setja ætti tímamörk, með tilliti til áhrifa á kostnað fyrir framleiðendur, einkum á lítil og meðalstór fyrirtæki, en jafnframt tryggja að markmið þessarar reglugerðar náist tímanlega.

17) Mæliþætti vöru ætti að mæla og reikna út með því að nota áreiðanlegar, nákvæmar og samanburðarnákvæmar aðferðir sem taka mið af viðurkenndum mæli- og reikningsaðferðum, sem byggjast á nýjustu og fullkomnustu tækni, þ.m.t. samhæfðum stöðlum, þar sem þeir eru fyrir hendi, sem eru samþykktir af evrópskum staðlastofnunum í kjölfar beiðni framkvæmdastjórnarinnar í samræmi við málsmeðferðarreglurnar sem mælt er fyrir um í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1025/2012 ([6]).

18) Í þessari reglugerð er tilgreint hvaða aðferðir gilda við samræmismat í samræmi við 8. gr. tilskipunar 2009/125/EB.

([2]) COM(2015) 614, lokagerð.

([3]) SWD(2018) 36, lokagerð.

([4]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/679 frá 27. apríl 2016 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga og niðurfellingu tilskipunar 95/46/EB (almenna persónuverndarreglugerðin) (Stjtíð. ESB L 119, 4.5.2016, bls. 1).

([5]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/35/ESB frá 26. febrúar 2014 um samræmingu laga aðildarríkjanna um að bjóða rafföng fram á markaði sem notuð eru innan ákveðinna spennumarka (Stjtíð. ESB L 96, 29.3.2014, bls. 357).

([6]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1025/2012 frá 25. október 2012 um evrópska stöðlun og breytingu á tilskipunum ráðsins 89/686/EBE og 93/15/EBE og tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 94/9/EB, 94/25/EB, 95/16/EB, 97/23/EB, 98/34/EB, 2004/22/EB, 2007/23/EB, 2009/23/EB og 2009/105/EB og niðurfellingu á ákvörðun ráðsins 87/95/EBE og ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1673/2006/EB (Stjtíð. ESB L 316, 14.11.2012, bls. 12).

19) Til að auðvelda eftirlit með því að farið sé að kröfum ættu framleiðendur að veita upplýsingarnar, sem tilgreindar eru í tæknigögnunum sem um getur í IV. og V. viðauka við tilskipun 2009/125/EB, að því marki sem þær tengjast kröfunum sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð.

20) Til viðbótar við þær lagalega bindandi kröfur sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð ætti að ákvarða leiðbeinandi viðmiðanir fyrir bestu, fáanlegu tækni til að tryggja mikið framboð og greiðan aðgang að upplýsingum um vistvænleika netþjóna og gagnageymsluvara á vistferlinum.

21) Breyta ætti reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 617/2013 ([7]) til að undanskilja netþjóna frá gildissviði hennar til að koma í veg fyrir skörun við sömu vörur sem falla undir gildissvið þessarar reglugerðar.

22) Skilgreiningarnar í þessari reglugerð varðandi gagnageymsluvörur eru í samræmi við íðorðanotkunina sem þróuð er í framtaksverkefninu um græna gagnageymslu (e. *Green Storage Initiative*) af atvinnugreinasamtökunum á sviði gagnavistunar, *(e. Storage Networking Industry Association* (SNIA)), eins og skilgreint er í Emerald-flokkuninni (e. *SNIA Emerald taxonomy*).

23) Skilgreiningin á litlum gagnageymsluvörum samsvarar einkum nettengdum búnaði 1 eins og sett er fram í Emerald-flokkuninni og skilgreiningin á stórum gagnageymsluvörum samsvarar einkum nettengdum búnaði 5 og 6 eins og sett er fram í Emerald-flokkuninni.

24) Skilgreiningarnar í þessari reglugerð sem tengjast vörugerðum netþjóna, orkunýtni netþjóna, afköstum og hámarksafli netþjóna samræmast íðorðanotkuninni sem var samþykkt í EN 303 470:2018. Aðferðir við mælingar og útreikninga á orkunýtni netþjóns samræmast aðferðunum sem voru samþykktar í EN 303 470:2018.

25) Flokkar og einkenni notkunarskilyrðanna samræmast þeirri flokkun sem sett er fram í viðmiðunarreglum um varma fyrir gagnavinnsluumhverfi *(e. Thermal Guidelines for Data Processing Environments)* sem *American Society of Heating, Refridgerating and Air-Conditioning Engineers* (ASHRAE) gefur út. Jaðarskilyrði hvers flokks notkunarskilyrða (eins og hitastig og rakastig) eru einkum í samræmi við leyfileg umhverfisbil í viðmiðunarreglunum um varma fyrir gagnavinnsluumhverfi sem framleiðendur prófa búnað sinn samkvæmt til þess að sannreyna að hægt sé að nota hann innan þeirra marka.

26) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót með 1. mgr. 19. gr. tilskipunar 2009/125/EB.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Efni og gildissvið

1. Með þessari reglugerð eru settar fram kröfur varðandi visthönnun að því er varðar að setja netþjóna og nettengdar gagnageymsluvörur á markað og taka í notkun.

2. Þessi reglugerð gildir ekki um eftirfarandi vörur:

a) netþjóna ætlaða til notkunar fyrir innfelld forrit,

b) netþjóna sem eru flokkaðir sem litlir netþjónar með tilliti til reglugerðar (ESB) nr. 617/2013,

c) netþjóna með fleiri en fjórum gjörvatenglum,

d) netþjónsbúnað,

e) stóra netþjóna,

f) netþjóna sem eru að fullu gallaþolnir,

g) netþjóna innan netkerfis,

h) litlar gagnageymsluvörur,

i) stórar gagnageymsluvörur.

([7]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 617/2013 frá 26. júní 2013 um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/125/EB að því er varðar kröfur varðandi visthönnun tölva og netþjóna (Stjtíð. ESB L 175, 27.6.2013, bls. 13).

2. gr.

Skilgreiningar

1. Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1) „Netþjónn“: vara til tölvuvinnslu sem veitir þjónustu og stjórnar nettengdum tilföngum biðlaratækja, s.s. borðtölvum, fistölvum, léttum borðtölvubiðlurum, netsímum, snjallsímum, spjaldtölvum, fjarskiptabúnaði, sjálfvirkum kerfum eða öðrum þjónum, sem aðgangur er aðallega fenginn að í gegnum nettengingar og ekki með beinum ílagstækjum fyrir notendur eins og lyklaborði eða mús og sem hefur eftirfarandi eiginleika:

   a) hann er hannaður til að styðja stýrikerfi netþjóna og/eða yfirstýrikerfi og ætlaður til að keyra rekstrarforrit sem notendur setja upp,

   b) hann styður leiðréttingarkóða (e. error-correcting code (ECC)) og/eða biðvætt minni (þ.m.t. bæði biðvæddar minniskeðjur (e. *dual in-line memory modules* (DIMM)) og samskipan með einbiðvæddri minniskeðju (e. *buffered on board* (BOB)),

   c) allir gjörvar hafa aðgang að sameiginlegu kerfisminni og eru sýnilegir einu stýrikerfi eða yfirstýrikerfi hver fyrir sig.

2) „Netþjónn með fleiri en fjóra gjörvatengla“: netþjónn sem hefur fleiri en fjóra skilfleti hannaða fyrir uppsetningu gjörva. Fyrir fjölhnúta netþjóna vísar hugtak þetta til netþjóns sem hefur fleiri en fjóra gjörvatengla á hverjum hnút.

3) „Innfellt forrit“: notkunarhugbúnaður sem er varanlega settur upp í iðnaðarvöru eða neytendavöru og er venjulega geymdur í fastheldnu minni eins og lesminni eða leifturminni.

4) „Netþjónsbúnaður“: netþjónn sem er ekki ætlaður til að keyra hugbúnað frá notandanum og veitir þjónustu í gegnum eitt eða fleiri net og er venjulega stjórnað í gegnum vef- eða skipanalínuviðmót og er með fyrir fram uppsettu stýrikerfi og notkunarhugbúnaði sem er notaður til að framkvæma sérhæfðar aðgerðir eða mengi nátengdra aðgerða.

5) „Þolinn netþjónn“: netþjónn sem er hannaður með víðtækum áreiðanleika-, tiltækileika-, þjónustugetu- og stigfrelsiseiginleikum sem eru samþættir í högun kerfisins, miðverksins og kubbasamstæðunnar.

6) „Stór netþjónn“: þolinn netþjónn, afhentur sem fyrir fram samþætt og forprófað kerfi sem er hýst í einum eða fleiri rekkum af fullri stærð og sem er með undirkerfi ílags/frálags með mikla tengingarmöguleika, og með minnst 32 sérhæfðar ílags-/frálagsraufar.

7) „Fjölhnúta netþjónn“: netþjónn sem er hannaður með tveimur eða fleiri sjálfstæðum hnútum sem deila stökum umbúnaði og einum eða fleiri aflgjafaeiningum. Í fjölhnúta netþjónum er afli dreift með um alla hnúta með sameiginlegum aflgjafaeiningum. Hnútar í fjölhnúta netþjóni eru ekki hannaðir til að hægt sé að skipta þeim út með gangþjálum skiptum.

8) „Netþjónn sem er að fullu gallaþolinn“: netþjónn sem er hannaður með algera umfremd í vélbúnaði (til að keyra samtímis og endurtekið stakt vinnuálag til að tryggja samfelldan tiltækileika í ómissandi forritum) þar sem sérhver íhlutur til tölvuvinnslu er endurtekinn á tveimur hnútum sem keyra vinnuálag sem er nákvæmlega eins og samfellt (þ.e. ef einn hnútur bregst eða þarfnast viðgerðar getur annar hnútur keyrt vinnuálagið til að komið sé í veg fyrir niðritíma).

9) „Netþjónn innan netkerfis“: vara fyrir netkerfi sem inniheldur sömu íhluti og netþjónn ásamt fleiri en 11 nettengjum með 12 Gb/s eða hærra gegnumstreymi á línunni í heild, með getu til að gera virka breytingu á tengjum og hraða og stuðningi fyrir sýndargervingu netkerfis gegnum hugbúnaðarstýrt netkerfi.

10) „Gagnageymsluvara“: fullvirkt geymslukerfi sem veitir gagnageymsluþjónustu til biðlara og tækja sem eru tengd með beinum hætti eða í gegnum netkerfi. Íhlutir og undirkerfi sem eru óaðskiljanlegur hluti af högun gagnageymsluvöru (t.d. fyrir innri samskipti milli stjóra og diska) teljast vera hluti af gagnageymsluvörunni. Íhlutir sem venjulega tilheyra geymsluumhverfi á vettvangi gagnavers (t.d. tæki sem þörf er á til að hægt sé að starfrækja ytra geymslunet) teljast hins vegar ekki vera hluti af gagnageymsluvörunni. Gagnageymsluvara getur verið samsett úr samþættum geymslustýringum, gagnageymslubúnaði, innfelldum netstökum, hugbúnaði og öðrum tækjum.

11) „Harðdisksdrif“ (HDD): gagnageymslubúnaður sem les og skrifar gögn á einn eða fleiri seguldiska sem snúast.

12) „Storkudrif“ (SSD): gagnageymslubúnaður sem les og skrifar gögn á fastheldið storkuminni í staðinn fyrir seguldiska sem snúast.

13) „Gagnageymslubúnaður“: tæki sem sér um fastheldna geymslu gagna, en þar eru ekki með taldar samsteyptar geymslueiningar, s.s. undirkerfi af umfrömum fylkjum sjálfstæðra diska (RAID-diskakerfi), segulbandasöfn stýrt með þjörkum, skráageymslutæki, sem og skráaþjónar og gagnageymslur, sem eru ekki aðgengileg með forritum endanlegra notenda og eru þess í stað notuð sem gerð af innra skyndiminni.

14) „Nettengd gagnageymsluvara“: gagnageymsluvara sem er hönnuð fyrir aðgang að gögnum á Netinu með rakleið, sem eru aðgengileg með handahófskenndum hætti eða á raðbundinn hátt, þar sem hámarkstíminn að fyrstu gögnum er undir 80 millisekúndum.

15) „Lítil gagnageymsluvara“: gagnageymsluvara sem inniheldur að hámarki þrjár einingar af gagnageymslubúnaði.

16) „Stór gagnageymsluvara“: gagnageymsluvara sem er háþróuð eða er fyrir stórtölvu sem styður fleiri en 400 einingar af gagnageymslubúnaði í hámarksútfærslu sinni og hefur eftirfarandi nauðsynlegar eigindir: engar einspunkta bilanir, hægt að þjónusta án truflana og samþætta geymslustýringu.

2. Viðbótarskilgreiningar að því er varðar II.–V. viðauka eru settar fram í I. viðauka.

3. gr.

Kröfur varðandi visthönnun og tímaáætlun

1. Kröfur varðandi visthönnun netþjóna og nettengdra gagnageymsluvara eru settar fram í II. viðauka.

2. Frá 1. mars 2020 skulu netþjónar uppfylla kröfur varðandi visthönnun sem settar eru fram í liðum 1.1.1, 1.2.1, 1.2.2, 2.1, 2.2, 3.1, 3.3 og 3.4 í II. viðauka.

3. Frá 1. mars 2020 skulu nettengdar gagnageymsluvörur uppfylla kröfur varðandi visthönnun sem settar eru fram í liðum 1.1.1, 1.2.1, 1.2.2, 3.2, 3.3 og 3.4 í II. viðauka.

a) Frá 1. mars 2021 skulu netþjónar og nettengdar gagnageymsluvörur uppfylla kröfur varðandi visthönnun sem settar eru fram í lið 1.2.3 í II. viðauka.

b) Frá 1. janúar 2023 skulu netþjónar og nettengdar gagnageymsluvörur uppfylla kröfur varðandi visthönnun sem settar eru fram í lið 1.1.2 í II. viðauka.

c) Hvort viðeigandi kröfur varðandi visthönnun séu uppfylltar skal mælt og reiknað í samræmi við aðferðirnar sem settar eru fram í III. viðauka.

4. gr.

Samræmismat

1. Aðferðin við samræmismat, sem um getur í 2. mgr. 8. gr. tilskipunar 2009/125/EB, skal vera innra hönnunareftirlitskerfið, sem sett er fram í IV. viðauka við þá tilskipun, eða stjórnunarkerfið, sem sett er fram í V. viðauka við þá tilskipun.

2. Að því er varðar samræmismat skv. 8. gr. tilskipunar 2009/125/EB skulu tæknigögnin innihalda afrit af vöruupplýsingunum sem veittar eru í samræmi við lið 3.4 í II. viðauka og upplýsingarnar og niðurstöður útreikninganna sem settar eru fram í III. viðauka og, eftir atvikum, í 2. hluta II. viðauka II við þessa reglugerð.

5. gr.

Sannprófunaraðferð vegna markaðseftirlits

Aðildarríkin skulu beita sannprófunaraðferðinni sem sett er fram í IV. viðauka við þessa reglugerð við markaðseftirlit það sem um getur í 2. mgr. 3. gr. tilskipunar 2009/125/EB.

6. gr.

Sniðganga

Framleiðandinn, innflytjandinn eða viðurkenndi fulltrúinn skal ekki setja á markað vörur sem eru þannig hannaðar að þær geti greint að verið sé að prófa þær (t.d. með því að þekkja aftur prófunarskilyrðin eða prófunarlotuna) og sem bregðast sérstaklega við með því að breyta sjálfkrafa frammistöðu sinni meðan á prófun stendur í þeim tilgangi að ná betri gildum fyrir einhvern mæliþátta í tæknigögnunum eða í einhverjum þeim gögnum sem fylgja með vörunni.

7. gr.

Leiðbeinandi viðmiðanir

Leiðbeinandi viðmiðanir um vistvænustu netþjónana og gagnageymsluvörurnar sem eru fáanlegar á markaðnum 7. apríl 2019 eru settar fram í V. viðauka.

8. gr.

Endurskoðun

Framkvæmdastjórnin skal meta þessa reglugerð og kynna niðurstöður þessa mats, þ.m.t., ef við á, drög að tillögu um endurskoðun, á samráðsvettvanginum eigi síðar en í mars 2022. Í þessu mati skulu kröfurnar endurskoðaðar í ljósi tækniframfara og þá skal einkum fjallað um hversu viðeigandi það er að:

a) uppfæra sértækar kröfur varðandi visthönnun að því er varðar orkunýtni netþjóns í virku ástandi,

b) uppfæra sértækar kröfur varðandi visthönnun að því er varðar aflþörf netþjóns í aðgerðalausu ástandi,

c) uppfæra skilgreiningar eða gildissvið reglugerðarinnar,

d) uppfæra kröfur varðandi efnisnýtni fyrir netþjóna og gagnageymsluvörur, þ.m.t. kröfur um upplýsingar að því er varðar mikilvæg hráefni (tantal, gallíum, dysprósíum og palladíum), að teknu tilliti til þarfa endurvinnsluaðila,

e) undanskilja netþjónsbúnað, stóra netþjóna, netþjóna sem eru að fullu gallaþolnir og netþjóna innan netkerfis frá gildissviði reglugerðarinnar,

f) veita undanþágu fyrir þolna netþjóna, netþjóna fyrir stórvirka tölvuvinnslu og netþjóna með samþætta hraðla fyrir viðbótarvinnslu frá kröfunum varðandi visthönnun sem settar eru fram í liðum 2.1 og 2.2 í II. viðauka,

g) setja fram sértækar kröfur varðandi visthönnun að því er varðar orkusparnaðaraðgerð fyrir gjörva netþjóna,

h) setja fram sértækar kröfur varðandi visthönnun að því er varðar flokk notkunarskilyrða,

i) setja fram sértækar kröfur varðandi visthönnun að því er varðar skilvirkni, afkastagetu og aflþörf gagnageymsluvara.

9. gr.

Breyting á reglugerð (ESB) nr. 617/2013

Reglugerð (ESB) nr. 617/2013 er breytt sem hér segir:

1) Ákvæðum 1. gr. er breytt sem hér segir:

   a) Í stað 1. mgr. kemur eftirfarandi:

      „1. Með þessari reglugerð eru settar fram kröfur varðandi visthönnun að því er varðar að setja tölvur á markað.“

   b) Í 2. mgr. fellur h-liður brott.

   c) Í 3. mgr. falla a- til d-liðir brott.

2) Ákvæðum 2. gr. er breytt sem hér segir:

   a) Ákvæði 2. liðar falla brott.

   b) Í stað 4. liðar kemur eftirfarandi:

      „4) „Innri aflgjafi“: íhlutur hannaður til að breyta riðstraumsspennu frá rafkerfinu í jafnstraumsspennu í þeim tilgangi að knýja tölvuna og hefur eftirfarandi eiginleika:

         a) er innan í hlíf tölvunnar en er aðskilinn frá móðurborði tölvunnar,

b) aflgjafinn tengist rafkerfinu með einum kapli þar sem engar rásir eru á milli aflgjafans og rafkerfisins og

c) öll afltengi frá aflgjafanum í íhluti tölvunnar að undanskilinni jafnstraumstengingu í skjá í sambyggðri borðtölvu eru innan í tölvuhlífinni.

Innri jafnstraums-jafnstraumsumriðlar sem eru notaðir til að breyta einni jafnstraumsspennu úr ytri aflgjafa í fjölspennu til notkunar í tölvu teljast ekki innri aflgjafar,“.

c) Ákvæði 12. til 16. liðar falla niður.

d) Í stað 22. liðar kemur eftirfarandi:

„22) „Vörugerð“: borðtölva, sambyggð borðtölva, fistölva, léttur borðtölvubiðlari, vinnustöð, færanleg vinnustöð, lítill netþjónn, leikjatölva, tengikví, innri aflgjafi eða ytri aflgjafi,“.

3) Í stað 3. gr. kemur eftirfarandi:

„3. gr.

Kröfur varðandi visthönnun

Kröfurnar varðandi visthönnun tölva eru settar fram í II. viðauka.

Hvort tölvur uppfylli viðeigandi kröfur varðandi visthönnun skal mælt í samræmi við aðferðirnar sem settar eru fram í III. viðauka.“

4) Í stað annarrar málsgreinar 7. gr. kemur eftirfarandi:

„Athugun á því hvort tölvur uppfylli viðeigandi kröfur varðandi visthönnun skal fara fram í samræmi við sannprófunaraðferðina sem sett er fram í 2. lið III. viðauka við þessa reglugerð.“

5) Ákvæðum II. viðauka er breytt sem hér segir:

a) Liður 5.2 fellur brott.

b) Í stað fyrirsagnar liðar 7.3 kemur eftirfarandi:

„Vinnustöð, færanleg vinnustöð, léttir borðtölvubiðlarar og litlir netþjónar“.

10. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Ákvæði 9. gr. gilda hins vegar frá 1. mars 2020.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 15. mars 2019.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

I. VIÐAUKI

Skilgreiningar sem gilda um II.–V. viðauka

Í II.–V. viðauka er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1) „Netþjónn með einn eða tvo gjörvatengla“: netþjónn sem hefur einn eða tvo skilfleti hannaða fyrir uppsetningu gjörva. Hvað varðar fjölhnúta netþjóna vísar þetta hugtak til netþjóns sem hefur einn eða fleiri gjörvatengla.

2) „Ílags- og frálagstæki“: tæki sem gerir ílag og frálag gagna mögulegt milli netþjóns eða gagnageymsluvöru og annarra tækja. Ílags- og frálagstæki geta verið óaðskiljanlegur hluti af móðurborði netþjóns eða geta verið tengd við móðurborðið í gegnum stækkunarrauf (s.s. PCI-rauf eða PCIe-rauf).

3) „Móðurborð“: aðalprentplata netþjóns eða gagnageymsluvöru. Hvað þessa reglugerð varðar er móðurborð með tengi fyrir viðbótarprentplötur og inniheldur að jafnaði eftirfarandi íhluti: gjörva, minni, ræsikjarna og stækkunarraufar.

4) „Gjörvi“: rökrásir sem svara og vinna úr þeim grunnleiðbeiningum sem keyra netþjón eða gagnageymsluvöru. Að því er varðar þessa reglugerð er gjörvinn miðverk netþjónsins. Dæmigert miðverk er efnisleg eining sem er uppsett í móðurborð netþjóns gegnum tengil eða lóðuð beint í móðurborðið. Miðverkseiningin getur innihaldið gjörva með einn eða fleiri kjarna.

5) „Minni“: hluti netþjóns eða gagnageymsluvöru utan við gjörvann þar sem geymdar eru upplýsingar fyrir gjörvann til tafarlausrar notkunar og gefið er upp í gígabætum (GB).

6) „Tengispjald“: innri íhlutur sem er tengdur með randtengingu við hefðbundinn/staðlaðan skilflöt eins og PCIe-rauf og veitir viðbótarvirkni.

7) „Skjákort“: tengispjald sem inniheldur eina eða fleiri myndvinnslueiningar með stýriskilfleti fyrir staðbundið minni og sérhæfðu, staðbundnu minni fyrir myndvinnslu.

8) „Biðvistuð rás með tvöfaldan gagnayfirfærsluhraða“ (DDR): rás eða minnistengi sem tengir minnisstýringu við skilgreindan fjölda minnistækja í netþjóni. Hefðbundinn netþjónn getur innihaldið margar minnisstýringar sem geta stutt eina eða fleiri biðvistaðar rásir með tvöfaldan gagnayfirfærsluhraða. Sérhver biðvistuð rás með tvöfaldan gagnayfirfærsluhraða þjónustar einungis lítinn hluta af öllu vistfengjanlega minninu í netþjóni.

9) „Sneiðnetþjónn“ (e. *blade server*): netþjónn sem er hannaður til notkunar í sneiðagrind. Sneiðnetþjónn er rammþéttur búnaður sem virkar sem sjálfstæður þjónn og inniheldur minnst einn gjörva og kerfisminni en er háður sameiginlegum tilföngum sneiðagrindar (t.d. aflgjafaeiningar, kæling) fyrir starfrækslu. Gjörvi eða minniseining telst ekki vera sneiðnetþjónn ef tæknigögnin fyrir vöruna gefa ekki til kynna að gjörvinn eða minnið auki við sjálfstæðan netþjón.

10) „Sneiðagrind“ (e. *blade chassis*): umbúnaður sem inniheldur sameiginleg tilföng fyrir rekstur sneiðnetþjóna, sneiðageymslu og annars sneiðabúnaðar. Til sameiginlegra tilfanga sem veitt eru með sneiðagrind geta talist aflgjafaeiningar, gagnageymslur og vélbúnaður fyrir jafnstraumsafldreifingu, hitastýringu, kerfisumsjón og netþjónustu.

11) „Netþjónn fyrir stórvirka tölvuvinnslu“: netþjónn sem er hannaður og bestaður til að keyra margsamhliða vinnslu, fyrir afkastameiri tölvuvinnslu eða fyrir gervigreindarhugbúnað með djúpnámi. Netþjónar fyrir stórvirka tölvuvinnslu þurfa að uppfylla eftirfarandi viðmiðanir:

    a) þeir samanstanda af mörgum hnútum fyrir tölvuvinnslu sem mynda klasa aðallega til að auka getu til útreikninga,

    b) þeir hafa háhraðasamtengingar fyrir gagnavinnslu milli hnúta.

12) „Vöruhópur netþjóns": almenn lýsing sem á við um hóp netþjóna með sömu samsetningu grindar og móðurborðs sem getur innihaldið fleiri útfærslur á vélbúnaði og hugbúnaði. Allar útfærslur innan vöruhóps netþjóns þurfa að hafa sömu eftirfarandi eiginleika:

    a) tilheyra sömu tegundarlínu eða gerð vélar,

b) annaðhvort deila sömu lögun (þ.e. uppsett í rekka, sneið eða turni) eða deila sömu vélrænu hönnun og rafhönnun með einungis yfirborðslegum vélfræðilegum mun til að gera hönnun mögulega sem styður margs konar lögun,

c) annaðhvort deila gjörvum úr einni skilgreindri röð gjörva eða deila gjörvum sem tengjast við sameiginlega gerð tengils,

d) hafa sömu aflgjafaeiningu eða aflgjafaeiningar,

e) hafa sama fjölda af tiltækum gjörvatenglum og þann fjölda af tiltækum gjörvatenglum sem eru í notkun.

13) „Aflgjafaeining": búnaður sem umbreytir riðstraumsinnafli eða jafnstraumsinnafli í jafnstraumsútafl af einni eða fleiri gerðum í þeim tilgangi að knýja netþjón eða gagnageymsluvöru. Aflgjafaeining fyrir netþjón eða gagnageymsluvöru þarf að vera sjálfstæð og aðskilin frá móðurborðinu og þarf að tengjast við kerfið með rafmagnstengingu sem hægt er að fjarlægja eða sem er fasttengd.

14) „Aflstuðull“: hlutfall raunafls sem notað er í vöttum og sýndarafls sem dregið er í voltamperum.

15) „Aflgjafaeining með einni gerð útafls“: aflgjafaeining sem er hönnuð til að veita meirihluta af málútafli sínu til einnar megingerðar jafnstraumsútafls í þeim tilgangi að knýja netþjón eða gagnageymsluvöru. Aflgjafaeiningar með einni gerð útafls geta veitt eina eða fleiri gerðir af reiðuútafli sem helst virkt þegar þær eru tengdar við innaflsgjafa. Heildarmálútafl alls viðbótarútafls aflgjafaeiningar sem er ekki aðalútafl eða reiðuútafl skal ekki vera meira en 20 vött. Aflgjafaeiningar sem eru með margar gerðir útafls á sömu spennu og aðalútaflið teljast vera aflgjafaeiningar með einni gerð útafls nema ef útaflið:

a) kemur úr aðskildum breytum eða hefur aðskilin stig fyrir afriðun útafls eða

b) hefur sjálfstæða straumtakmörkun.

16) „Aflgjafaeining með mörgum gerðum útafls“: aflgjafaeining sem er hönnuð til að veita meirihluta af málútafli sínu til fleiri en einnar megingerðar jafnstraumsútafls í þeim tilgangi að knýja netþjón eða gagnageymsluvöru. Aflgjafaeiningar með mörgum gerðum útafls geta veitt eina eða fleiri gerðir af reiðuútafli sem helst virkt þegar þær eru tengdar við innaflsgjafa. Heildarmálútafl alls viðbótarútafls aflgjafaeiningar sem er ekki aðalútafl eða reiðuútafl skal ekki vera meira en eða jafnt og 20 vött.

17) „Jafnstraumsnetþjónn“: netþjónn sem er hannaður til að vera einungis knúinn með jafnstraumsaflgjafa.

18) „Jafnstraumsgagnageymsluvara“: gagnageymsluvara sem er hönnuð til að vera einungis knúin með jafnstraumsaflgjafa.

19) „Aðgerðalaust ástand“: starfræksluástand þar sem stýrikerfi og annar hugbúnaður hefur lokið við að hlaða, netþjónninn er fær um að ljúka hreyfingum undir vinnuálagi en kerfið hvorki biður um né bíður eftir virku vinnuálagi (þ.e. netþjónninn er starfhæfur en framkvæmir enga nýtanlega vinnu). Aðgerðalaust ástand samsvarar einungis kerfisstigi S0 fyrir netþjóna þar sem staðlar fyrir bætt samskipunar- og orkuskil gilda.

20) „Aflþörf í aðgerðalausu ástandi“ (P_{idle}): aflþörf, í vöttum, í aðgerðalausu ástandi.

21) „Afkastalítil samskipan“: vöruhóps netþjóns er samsetning á tveimur einingum af gagnageymslubúnaði, gjörva með lægsta margfeldi af kjarnafjölda og tíðni (í GHz) og minnisrýmd (í GB) sem er a.m.k. jöfn margfeldinu af fjölda minnisrása og biðvæddu minniskeðjunni (DIMM) með minnstu rýmdina (í GB) sem boðin er á netþjóninum og er vörutegundin með minnstu afköstin innan vöruhóps netþjónsins. Allar minnisrásir skulu fylltar með biðvæddum minniskeðjum með sömu hönnun og getu.

22) „Afkastamikil samskipan“: vöruhóps netþjóns er samsetning á tveimur einingum af gagnageymslubúnaði, gjörva með hæsta margfeldi af kjarnafjölda og tíðni og minnisrýmd (í GB) sem er a.m.k. jöfn eða þrisvar sinnum meiri en margfeldið af fjölda miðverka, kjarna og vélbúnaðarþráðum og er vörutegundin með mestu afköstin innan vöruhóps netþjónsins. Allar minnisrásir skulu fylltar með biðvæddum minniskeðjum með sömu hönnun og getu.

23) „Vélbúnaðarþráður (e. *hardware thread*)“: vélbúnaðartilföng í kjarna miðverks til að keyra straum skipana frá hugbúnaði. Kjarni miðverks getur haft tilföng til að keyra fleiri en einn þráð samtímis.

24) „Orkunýtni í virku ástandi“ (Eff_{server}): tölugildi fyrir orkunýtni netþjóns eins og það er mælt og reiknað út skv. 3. lið í III. viðauka.

25) „Virkt ástand“: notkunarástand þar sem netþjónninn framkvæmir vinnu sem svar við áðurkomnum eða samhliða utanaðkomandi beiðnum (t.d. skipun á netinu). Virk staða tekur til virkrar vinnslu, leitar að gögnum og heimtar þeirra úr minni, skyndiminni, eða innra minni/ytri geymslu meðan frekara ílags yfir netið er beðið.

26) „Afköst netþjóns“: fjöldi hreyfinga á tímaeiningu sem netþjónn framkvæmir við staðlaða prófun á stakrænum kerfisíhlutum (þ.e. gjörvum, minni og geymslu) og undirkerfum (þ.e. vinnsluminni og miðverki).

27) „Hámarksafl“ (P_{max}): mesta aflið í vöttum sem skráð er í ellefu stigum vinnukornsgilda (e. *worklet scores*) samkvæmt staðlinum.

28) „Afköst miðverks“ ($Perf_{CPU}$): fjöldi hreyfinga á tímaeiningu sem netþjónn framkvæmir við staðlaða prófun á undirkerfum miðverksins.

29) „Hraðall fyrir viðbótarvinnslu“: sérhæfður gjörvi og tengd undirkerfi sem veita aukna vinnslugetu, s.s. myndrænar vinnslueiningar eða forritanlegur rásabúnaður. Hraðall fyrir viðbótarvinnslu getur ekki virkað í netþjóni án miðverks. Hægt er að setja upp hraðal fyrir viðbótarvinnslu í netþjóni annaðhvort með íaukakorti, sem er skjákort eða tengispjald og er sett upp í almennri stækkunarrauf fyrir íauka, eða með því að hafa hann samþættan íhlut netþjóns eins og móðurborði.

30) „Stækkunarkort með hraðli fyrir viðbótarvinnslu“: hraðall fyrir viðbótarvinnslu sem er á íaukakorti og er uppsettur í stækkunarrauf fyrir íauka. Stækkunarkort með hraðli fyrir viðbótarvinnslu getur innihaldið einn eða fleiri hraðla fyrir viðbótarvinnslu og/eða aðskilda sérnota rofa sem hægt er að fjarlægja.

31) „Samþættur hraðall fyrir viðbótarvinnslu“: hraðall fyrir viðbótarvinnslu sem er samþættur móðurborðinu eða miðverkinu.

32) „Vörugerð“: hönnun netþjóns eða gagnageymsluvöru, þ.m.t. grindur (rekki, turn eða sneið), fjöldi tengla og, að því er varðar netþjóna, hvort um ræðir þolinn netþjón, sneiðnetþjón, fjölhnúta netþjón, netþjón fyrir stórvirka tölvuvinnslu, netþjón með samþættan hraðal fyrir viðbótarvinnslu, jafnstraumsnetþjón eða enga af framangreindum flokkum.

33) „Sundurtekning“: ferli þegar hlutur er tekinn í sundur á þann hátt að síðar meir megi setja hann aftur saman og gera hann starfhæfan.

34) „Fastbúnaður“: hugbúnaður kerfis, vélbúnaðar, íhlutar eða jaðarbúnaðar sem fylgir vörunni til að veita vélbúnaði grunnleiðbeiningar til að starfa, að meðtöldum öllum viðeigandi hugbúnaðar- og vélbúnaðaruppfærslum.

35) „Örugg gagnaeyðing“: skilvirk eyðing á öllum votti af gögnum úr gagnageymslubúnaði þar sem skrifað er ofan í gögnin á þann hátt að aðgangur að upphaflegu gögnunum, eða hluta þeirra, verður ómögulegur miðað við tiltekna fyrirhöfn.

———

II. VIÐAUKI

Kröfur varðandi visthönnun

1. SÉRTÆKAR KRÖFUR VARÐANDI VISTHÖNNUN NETÞJÓNA OG NETTENGDRA GAGNAGEYMSLUVARA

1.1. **Kröfur varðandi orkunýtni og aflstuðul aflgjafaeiningar**

1.1.1. Frá 1. mars 2020 skal orkunýtni aflgjafaeiningar við 10%, 20%, 50% og 100% af málálagsstigi og aflstuðli við 50% af málálagsstigi ekki vera lægri en gildin sem tilgreind eru í töflu 1 fyrir netþjóna og nettengdar gagnageymsluvörur, að frátöldum jafnstraumsnetþjónum og jafnstraumsgagnageymsluvörum.

Tafla 1

Kröfur varðandi lágmarksorkunýtni og lágmarksaflstuðul aflgjafaeiningar frá 1. mars 2020

	Lágmarksorkunýtni aflgjafaeiningar				Lágmarksaflstuðull
% af málálagi	10%	20%	50%	100	50%
Margar gerðir útafls	—	88%	92%	88%	0,90
Ein gerð útafls	—	90%	94%	91%	0,95

1.1.2. Frá 1. janúar 2023 skal orkunýtni aflgjafaeiningar við 10%, 20%, 50% og 100% af málálagsstigi og aflstuðli við 50% af málálagsstigi ekki vera lægri en gildin sem tilgreind eru í töflu 2 fyrir netþjóna og nettengdar gagnageymsluvörur, að frátöldum jafnstraumsnetþjónum og jafnstraumsgagnageymsluvörum.

Tafla 2

Kröfur varðandi lágmarksorkunýtni og lágmarksaflstuðul aflgjafaeiningar frá 1. janúar 2023

	Lágmarksorkunýtni aflgjafaeiningar				Lágmarksaflstuðull
% af málálagi	10%	20%	50%	100%	50%
Margar gerðir útafls	—	90%	94%	91%	0,95
Ein gerð útafls	90%	94%	96%	91%	0,95

1.2. **Kröfur varðandi efnisnýtni**

1.2.1. Frá 1. mars 2020 skulu framleiðendur tryggja að tækni við samsetningu, festingu eða innsiglun komi ekki í veg fyrir að sundurtekning sé möguleg fyrir viðgerðir eða endurnotkun á eftirfarandi íhlutum ef þeir eru til staðar:

a) gagnageymslubúnaði,

b) minni,

c) miðverki,

d) móðurborði,

e) tengispjaldi/skjákorti,

f) aflgjafaeiningu,

g) grind,

h) rafhlöðum.

1.2.2. Frá 1. mars 2020 skal virknin fyrir örugga gagnaeyðingu gerð aðgengileg til eyðingar gagna sem eru til staðar í öllum gagnageymslubúnaði vörunnar.

1.2.3. Frá 1. mars 2021 skal nýjasta fyrirliggjandi útgáfa fastbúnaðar gerð aðgengileg tveimur árum eftir að fyrsta varan af tiltekinni vörutegund er sett á markað, í minnst átta ár eftir að síðasta vara tiltekinnar vörutegundar er sett á markað án endurgjalds eða á sanngjörnu, gegnsæju kostnaðarverði sem er án mismununar. Nýjasta fyrirliggjandi öryggisuppfærsla fastbúnaðar skal gerð aðgengileg frá þeim tíma sem vörutegund er sett á markað þar til minnst átta árum eftir að síðasta vara tiltekinnar vörutegundar hefur verið sett á markað, án endurgjalds.

2. SÉRTÆKAR KRÖFUR VARÐANDI VISTHÖNNUN SEM EIGA EINUNGIS VIÐ UM NETÞJÓNA MEÐ EINN EÐA TVO GJÖRVATENGLA

2.1. **Aflþörf í aðgerðalausu ástandi**

Frá 1. mars 2020 skal aflþörf netþjóna í aðgerðalausu ástandi (P_{idle}), að frátöldum þolnum netþjónum, netþjónum fyrir stórvirka tölvuvinnslu og netþjónum með samþætta hraðla fyrir viðbótarvinnslu, ekki vera umfram það gildi sem er reiknað út með eftirfarandi jöfnu:

$$P_{idle} = P_{base} + \Sigma P_{add\_i}$$

þar sem P_{base} er grunnaflheimild í aðgerðalausu ástandi í töflu 3 og ΣP_{add_i} er summa aflheimildanna í aðgerðalausu ástandi fyrir viðeigandi viðbótaríhluti eins og ákvarðað er skv. töflu 4. Hvað varðar sneiðnetþjóna er P_{idle} reiknað út sem heildarmagn af mældu afli deilt með fjölda uppsettra sneiðnetþjóna í sneiðagrindinni sem er prófuð. Hvað varðar fjölhnúta netþjóna er fjöldi tengla talinn á hverjum hnút en P_{idle} er reiknað út sem mælda aflið í heild deilt með fjölda uppsettra hnúta í umbúnaðinum sem er prófaður.

Tafla 3

Grunnaflheimild í aðgerðalausu ástandi

Vöruflokkur	Grunnaflheimild í aðgerðalausu ástandi, P_{base} (W)
Netþjónar með einn tengil (hvorki sneiðnetþjónar né fjölhnúta netþjónar)	25
Netþjónar með tvo tengla (hvorki sneiðnetþjónar né fjölhnúta netþjónar)	38
Sneiðnetþjónar eða fjölhnúta netþjónar	40

Tafla 4

Viðbótarheimild fyrir aflþörf í aðgerðalausu ástandi fyrir viðbótaríhluti

Einkennandi hlutar kerfis	Gildir um	Viðbótarheimild fyrir aflþörf í aðgerðalausu ástandi
Afköst miðverks	Alla netþjóna	Einn tengill: 10 × $Perf_{CPU}$ W Tveir tenglar: 7 × $Perf_{CPU}$ W
Viðbótaraflgjafaeining	Aflgjafaeiningu sem er sett upp eingöngu til að veita aflumfremd	10 W á hverja aflgjafaeiningu
Harðdiskur eða storkudrif	Hvern uppsettan harðdisk eða storkudrif	5,0 W á hvern harðdisk eða storkudrif
Viðbótarminni	Uppsett minni sem er meira en 4 GB	0,18 W á hvert GB
Aukaleg biðvistuð rás með tvöfaldan gagnayfirfærsluhraða	Uppsettar biðvistaðar rásir með tvöfaldan gagnayfirfærsluhraða sem hefur fleiri en átta rásir	4,0 W á hverja biðvistaða rás með tvöfaldan gagnayfirfærsluhraða

Einkennandi hlutar kerfis	Gildir um	Viðbótarheimild fyrir aflþörf í aðgerðalausu ástandi
Viðbótar ílags- og frálagstæki	Uppsett tæki með fleiri en tvö tengi með ≥ 1 Gbit og íðnet á móðurborðinu	< 1 Gb/s: Engin aflheimild
		= 1 Gb/s: 2,0 W/virkt tengi
		> 1 Gb/s og < 10 Gb/s: 4,0 W/virkt tengi
		≥ 10 Gb/s og < 25Gb/s: 15,0 W/virkt tengi
		≥ 25 Gb/s og < 50Gb/s: 20,0 W/virkt tengi
		≥ 50 Gb/s 26,0 W/virkt tengi

2.2. **Orkunýtni í virku ástandi**

Frá 1. mars 2020 skal orkunýtni netþjóna í virku ástandi (Eff_{server}) ekki vera lægri en gildin í töflu 5, að frátöldum þolnum netþjónum, netþjónum fyrir stórvirka tölvuvinnslu og netþjónum með samþætta hraðla fyrir viðbótarvinnslu.

Tafla 5

Orkunýtnikröfur í virku ástandi

Vöruflokkur	Lágmarksorkunýtni í virku ástandi
Netþjónar með einn tengil	9,0
Netþjónar með tvo tengla	9,5
Sneiðnetþjónar eða fjölhnúta netþjónar	8,0

3. UPPLÝSINGAR SEM FRAMLEIÐENDUM BER AÐ VEITA

3.1. Frá 1. mars 2020 skulu eftirfarandi vöruupplýsingar um netþjóna, að frátöldum netþjónum sem eru sérsmíðaðir í einu eintaki, koma fram í notendahandbókum fyrir þá sem annast uppsetningu og endanlega notendur (þegar þeir fá vöruna í hendur) og á opnum vefsetrum framleiðenda, viðurkenndra fulltrúa þeirra og innflytjenda frá því að vörutegund er sett á markað þar til að lágmarki átta árum eftir að síðasta vara tiltekinnar vörutegundar er sett á markað:

a) vörutegund,

b) nafn framleiðanda, skráð viðskiptaheiti og skráð viðskiptaheimilisfang þar sem hægt er að hafa samband við hann,

c) tegundarnúmer vöru og, ef við á, tegundarnúmer afkastalitlu samskipanarinnar og afkastamiklu samskipanarinnar,

d) framleiðsluár,

e) orkunýtni aflgjafaeiningar við 10% (ef við á), 20%, 50% og 100% af málútafli, að frátöldum jafnstraumsnetþjónum, gefin upp í prósentum og námunduð að fyrsta tugasæti,

f) aflstuðull við 50% af málálagsstigi, að frátöldum vörum fyrir nettengda skyndigeymslu knúnum með jafnstraumi, námundaður með þremur aukastöfum,

g) málútafl aflgjafaeiningar (í vöttum), námundað að næstu heilu tölu, ef vörutegund er hluti af vöruhópi netþjóns skal greint frá öllum aflgjafaeiningum sem boðnar eru í vöruhópi netþjóns ásamt upplýsingunum sem tilgreindar eru í e- og f-lið,

h) aflþörf í aðgerðalausu ástandi, gefin upp í vöttum og námunduð að fyrsta tugasæti,

i) skrá yfir alla íhluti fyrir viðbótarheimild fyrir aflþörf í aðgerðalausu ástandi ef einhverjir eru (viðbótaraflgjafaeining, harðdisksdrif eða storkudrif, viðbótarminni, aukalegar biðvistaðar rásir með tvöfaldan gagnayfirfærsluhraða, ílags- og frálagstæki til viðbótar),

j) hámarksafl, gefið upp í vöttum og námundað að fyrsta tugasæti,

k) yfirlýstur flokkur notkunarskilyrða eins og tilgreint er í töflu 6,

l) aflþörf í aðgerðalausu ástandi (í vöttum) við efri mörk hitastigs fyrir yfirlýstan flokk notkunarskilyrða,

m) orkunýtni og afköst netþjónsins í virku ástandi,

n) upplýsingar um virknina fyrir örugga gagnaeyðingu sem um getur í lið 1.2.2 í þessum viðauka, að meðtöldum leiðbeiningum um hvernig skal nota þá virkni, tæknina sem er notuð og studda staðla um örugga gagnaeyðingu, ef einhverjir eru,

o) hvað varðar sneiðnetþjóna, skrá yfir samsetningar sem mælt er með í samhæfðri grind,

p) ef vörutegund er hluti af vöruhópi netþjóns skal lögð fram skrá yfir allar tegundarsamskipanir sem tegundin er dæmi um.

Ef vörutegund er hluti af vöruhópi netþjóns skal greint frá þeim vöruupplýsingum sem krafist er í e- til m-lið í lið 3.1 fyrir afkastalitlar og afkastamiklar samskipanir í vöruhópi netþjónsins.

3.2. Frá 1. mars 2020 skulu eftirfarandi vöruupplýsingar um nettengdar gagnageymsluvörur, að frátöldum gagnageymsluvörum sem eru sérsmíðaðar í einu eintaki, koma fram í notendahandbókum fyrir þá sem annast uppsetningu og endanlega notendur (þegar þeir fá vöruna í hendur) og á opnum vefsetrum framleiðenda, viðurkenndra fulltrúa þeirra og innflytjenda frá því að vörutegund er sett á markað þar til að lágmarki átta árum eftir að síðasta vara tiltekinnar vörutegundar er sett á markað:

a) vörutegund,

b) nafn framleiðanda, skráð viðskiptaheiti og skráð viðskiptaheimilisfang þar sem hægt er að hafa samband við hann,

c) tegundarnúmer vöru,

d) framleiðsluár,

e) orkunýtni aflgjafaeiningar við 10% (ef við á), 20%, 50% og 100% af málútafli, að frátöldum nettengdum gagnageymsluvörum knúnum með jafnstraumi, gefin upp í prósentum og námunduð að fyrsta tugasæti,

f) aflstuðull við 50% af málálagsstigi, að frátöldum nettengdum gagnageymsluvörum knúnum með jafnstraumi, námundaður með þremur aukastöfum,

g) yfirlýstur flokkur notkunarskilyrða eins og tilgreint er í töflu 6 og einnig skal tekið fram að þessi vara hafi verið prófuð til að sannreyna að hægt sé að nota hana innan marka (s.s. hitastigs og rakastigs) yfirlýsts flokks notkunarskilyrða,

h) upplýsingar um tól fyrir gagnaeyðingu sem um getur í lið 1.2.2 í þessum viðauka, að meðtöldum leiðbeiningum um hvernig skal nota þá virkni, tæknina sem er notuð og studda staðla um örugga gagnaeyðingu, ef einhverjir eru.

3.3. Frá 1. mars 2020 skulu framleiðendur, viðurkenndir fulltrúar þeirra og innflytjendur gera eftirfarandi vöruupplýsingar um netþjóna og nettengdar gagnageymsluvörur aðgengilegar, án endurgjalds, þriðju aðilum sem starfa við viðhald, viðgerðir, endurnotkun, endurvinnslu og uppfærslu netþjóna (þ.m.t. miðlarar, viðgerðarverkstæði fyrir varahluti, varahlutasöluaðilar, endurvinnsluaðilar og viðhaldsaðilar sem eru þriðju aðilar) eftir að áhugasamir þriðju aðilar hafa skráð sig á vefsetri:

a) leiðbeinandi þyngdarsvið (minna en 5 g, milli 5 g og 25 g, meira en 25 g) fyrir hvern íhlut, fyrir eftirfarandi mikilvæg hráefni:

   a) kóbalt í rafhlöðum,

   b) neódým í harðdisksdrifum,

b) leiðbeiningar um aðgerðirnar við sundurtekningu sem um getur í lið 1.2.1 í þessum viðauka, þ.m.t. fyrir hverja nauðsynlega aðgerð og hvern nauðsynlegan íhlut:

   a) tegund aðgerðar,

   b) gerð þeirrar tækni sem notuð er við festingar sem þarf að opna og hversu margar þær eru,

   c) það verkfæri eða þau verkfæri sem þörf er á.

Ef um er að ræða netþjóna og vörutegund netþjóns er hluti af vöruhópi netþjóns skal greint frá þeim vöruupplýsingum sem krafist er fyrir a- og b-lið í lið 3.3 annaðhvort fyrir vörutegundina eða, að öðrum kosti, fyrir afkastalitlu og afkastamiklu samskipanirnar í vöruhópi netþjónsins.

3.4. Frá 1. mars 2020 skulu eftirfarandi vöruupplýsingar um netþjóna og nettengdar gagnageymsluvörur koma fram í tæknigögnunum að því er varðar samræmismat skv. 4. gr.:

a) Upplýsingar sem taldar eru upp í liðum 3.1 og 3.3 ef um er að ræða netþjóna.

b) Upplýsingar sem taldar eru upp í liðum 3.2 og 3.3 ef um er að ræða gagnageymsluvörur.

Tafla 6

Flokkar notkunarskilyrða

	Þurrhiti, °C		Rakasvið þar sem þétting verður ekki			
Flokkur notkunar-skilyrða	Leyfilegt svið	Ráðlagt svið	Leyfilegt svið	Ráðlagt svið	Hámark daggar-marks (°C)	Hámarkstíðni breytinga (°C/klst.)
A1	15-32	18-27	–12 °C daggarmark og 8% rakastig til 17 °C daggarmarks og 80% rakastigs	–9 °C daggarmark til 15 °C daggarmarks og 60% rakastigs	17	5/20
A2	10-35	18-27	–12 °C daggarmark og 8% rakastig til 21 °C daggarmarks og 80% rakastigs	Eins og í línu A1	21	5/20
A3	5-40	18-27	–12 °C daggarmark og 8% rakastig til 24 °C daggarmarks og 85% rakastigs	Eins og í línu A1	24	5/20
A4	5-45	18-27	–12 °C daggarmark og 8% rakastig til 24 °C daggarmarks og 90% rakastigs	Eins og í línu A1	24	5/20

III. VIÐAUKI

Mælingar og útreikningar

1. Í þeim tilgangi að uppfylla kröfur þessarar reglugerðar og til sannprófunar á því að kröfur þessarar reglugerðar séu uppfylltar skal, við mælingar og útreikninga, nota samhæfða staðla, sem tilvísunarnúmer hafa verið birt fyrir í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins, eða aðrar áreiðanlegar, nákvæmar og samanburðarnákvæmar aðferðir þar sem tillit er tekið til almennt viðurkenndra aðferða sem byggjast á nýjustu og fullkomnustu tækni og gefa niðurstöður með lítilli óvissu.

2. Prófa skal netþjóna í annaðhvort einstakri tegundarsamskipan eða, að því er varðar netþjóna sem eru hluti af vöruhópi netþjóns, í afkastalítilli samskipan og afkastamikilli samskipan eins og tekið er fram í p-lið liðar 3.1 í II. viðauka, sem felur í sér bæði samskipan vélbúnaðar og kerfisstillingar nema annað sé tekið fram.

   Allar samskipanir sem boðnar eru fram innan vöruhóps netþjóns skulu innihalda sama fjölda af notuðum gjörvatenglum til að nota við prófun. Hægt er að skilgreina vöruhóp netþjóns fyrir netþjón með tengla sem eru einungis að hluta til notaðir (t.d. einn gjörvi notaður í netþjóni með tvo tengla) svo lengi sem samskipanin eða samskipanirnar eru prófaðar sem aðskilinn vöruhópur netþjóns, eins og krafist er, og uppfylla sömu kröfur um fjölda notaðra tengla innan þess sérstaka vöruhóps netþjóns.

   Varðandi netþjóna með stækkunarkort með hraðli fyrir viðbótarvinnslu skal fjarlægja stækkunarkortið með hraðli fyrir viðbótarvinnslu úr þeirri einingu þegar mæling fer fram á afli í aðgerðalausu ástandi, orkunýtni í virku ástandi og afköstum netþjónsins í virku ástandi. Fjarlægja skal PCIe-kort eða -kortahækkanir fyrir prófanir í virku ástandi eða aðgerðalausu ástandi í öllum samskipunum ef stækkunarkort með hraðli fyrir viðbótarvinnslu þarfnast aðskilins PCIe-rofa fyrir samskipti milli hraðalsins fyrir viðbótarvinnslu og miðverksins.

   Hvað varðar fjölhnúta netþjóna skal einingin sem er til prófunar vera prófuð m.t.t. aflnotkunar í hverjum hnút í samskipan þar sem grindin er í fullri notkun. Allir fjölhnúta netþjónar í fjölhnúta grindinni skulu deila sömu samskipaninni (eingerð).

   Hvað varðar sneiðnetþjóna skal einingin sem er til prófunar vera prófuð m.t.t. aflnotkunar sneiðnetþjóns í samskipan þar sem helmingur grindarinnar er í notkun og nota skal grindina með eftirfarandi hætti:

   1) Samskipan einstakra sneiðnetþjóna

      a) Allir einstakir sneiðnetþjónar sem eru uppsettir í grindinni skulu vera eins og deila sömu samskipan.

   2) Notkun á hálfri grind

      a) Reikna skal út fjölda sneiðnetþjóna sem þarf til að nota helming raufa fyrir einbreiða sneiðnetþjóna sem eru til staðar í sneiðagrindinni.

      b) Í tilviki sneiðgrinda sem hafa mörg afllén skal velja þann fjölda aflléna sem eru næst því að fylla hálfan hluta grindarinnar. Ef tveir valkostir eru jafn nálægt því að fylla hálfan hluta grindarinnar skal prófunin framkvæmd með því léni eða samsetningu léna sem nota fleiri sneiðnetþjóna.

      c) Fylgja skal öllum notendahandbókum eða tilmælum framleiðenda um að fylla grindina að hluta til, sem getur innifalið það að aftengja einhverjar af aflgjafaeiningunum og kæliviftunum vegna ónotaðra aflléna.

      d) Ef ráðleggingar í notendahandbók eru ekki aðgengilegar eða eru ófullnægjandi skal í staðinn nota eftirfarandi leiðbeiningar:

         i. nota öll afllénin,

         ii. ef slíkt er mögulegt, aftengja aflgjafaeiningarnar og kælivifturnar fyrir ónotuð afllén,

         iii. byrgja fyrir tóm rými með þiljum eða jafngildri leið til að hefta loftstreymi meðan á prófun stendur.

3. Gögnin til að reikna út orkunýtni í virku ástandi (Eff_{server}) og aflnotkun í aðgerðalausu ástandi (P_{idle}) skulu mæld í sömu prófuninni samkvæmt viðeigandi staðli, þar sem aflnotkun í aðgerðalausu ástandi getur verið mæld annað hvort á undan eða eftir keyrslu þess hluta prófunarinnar þegar orkunýtni í virku ástandi er prófuð.

Orkunýtni netþjóna í virku ástandi (Eff_{server}) skal reiknuð út sem:

$$Eff_{server} = \exp\left[W_{cpu} \times \ln\left(Eff_{cpu}\right) + W_{Memory} \times \ln\left(Eff_{Memory}\right) + W_{Storage} \times \ln\left(Eff_{Storage}\right)\right]$$

þar sem: W_{CPU}, W_{Memory} and $W_{Storage}$ er það vægi sem veitt er vinnukorni (e. *worklet*) miðverks, minnis og geymslu, hvert fyrir sig, með eftirfarandi hætti:

— W_{CPU} er vægið sem veitt er vinnukornum miðverksins = 0,65

— W_{Memory} er vægið sem veitt er vinnukornum minnisins = 0,30

— $W_{Storage}$ er vægið sem veitt er vinnukornum geymslunnar = 0,05

og

$$Eff_{CPU} = \left(\prod_{i=1}^{7} Eff_i\right)^{1/7}$$

þar sem:

— i = 1 fyrir worklet*Compress*,

— i = 2 fyrir worklet*LU*,

— i = 3 fyrir worklet*SOR*,

— i = 4 fyrir worklet*Crypto*,

— i = 5 fyrir worklet*Sort*,

— i = 6 fyrir worklet*SHA256*

— i = 7 fyrir worklet*Hybrid SSJ*,

$$Eff_{Memory} = \left(\prod_{i=1}^{2} Eff_i\right)^{1/2}$$

þar sem:

— i = 1 fyrir workletFlood3,

— i = 2 fyrir workletCapacity3,

$$Eff_{Geymsla} = \left(\prod_{i=1}^{2} Eff_i\right)^{1/2}$$

þar sem:

— i = 1 fyrir workletSequential,

— i = 2 fyrir workletRandom,

og

$$Eff_i = 1\,000\frac{Perf_i}{Pwr_i}$$

þar sem

— $Perf_i$: Faldmeðaltal staðlaðra mælinga á afköstum innan bilsins.

— Pwr_i: Faldmeðaltal af mældum aflgildum innan bilsins.

Til þess að búa til eina mælistiku fyrir orkunýtni netþjóns skal sameina nýtnigildin innan bilsins fyrir öll vinnukornin með eftirfarandi aðferð:

a) leggja saman nýtnigildin innan bilsins fyrir einstök vinnukorn með því að nota faldmeðaltal til að fá einstök nýtnigildi vinnukorns fyrir það vinnukorn,

b) leggja saman nýtnistig vinnukorns með því að nota fallið fyrir faldmeðaltal hverrar gerðar vinnuálags (miðverk, minni, geymsla) til að fá gildi fyrir gerð vinnuálags,

c) leggja saman þrjár gerðir vinnuálags með vegnu falli fyrir faldmeðaltal til að fá eitt heildargildi fyrir orkunýtni netþjóns.

———

IV. VIÐAUKI

Sannprófunaraðferð vegna markaðseftirlits

Vikmörk sannprófana, sem skilgreind eru í þessum viðauka, eiga aðeins við um sannprófun yfirvalda aðildarríkis á yfirlýstum gildum og skal framleiðandi, innflytjandi eða viðurkenndur fulltrúi hvorki nota þau sem leyfileg vikmörk til að ákvarða gildin, sem gefin eru upp í tæknigögnunum né við túlkun þessara gilda, með það í huga að ná fram samræmi eða til að gefa til kynna betri nýtingu með neinum hætti.

Ef tegund hefur verið hönnuð til að geta greint að verið sé að prófa hana (t.d. með því að þekkja aftur prófunarskilyrðin eða prófunarlotuna) og sem bregst sérstaklega við með því að breyta sjálfkrafa frammistöðu sinni meðan á prófun stendur í þeim tilgangi að ná betri gildum fyrir einhvern þeirra mæliþátta sem tilgreindir eru í þessari reglugerð eða í tæknigögnunum eða í einhverjum þeim gögnum sem fylgja með, telst tegundin ekki uppfylla kröfurnar.

Sem hluta af sannprófun á því hvort tegund vöru uppfylli kröfurnar, sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð skv. 2. mgr. 3. gr. tilskipunar 2009/125/EB, skulu yfirvöld aðildarríkjanna, að því er varðar kröfurnar sem um getur í þessum viðauka, beita eftirfarandi aðferð:

1. Yfirvöld aðildarríkis skulu sannprófa staka einingu af tegundinni eða, í því tilviki þegar framleiðandi gefur upp vöruhóp netþjóns, tegundarsamskipaninni. Ef sannprófunin er gerð á afkastalítilli samskipan eða afkastamikilli samskipan skulu yfirlýstu gildin vera gildin fyrir viðkomandi samskipan. Ef sannprófunin er gerð á tegundarsamskipan sem er valin af handahófi eða með skipulögðum hætti skulu yfirlýst gildi vera gildin fyrir afkastamiklu samskipanina.

2. Tegundin eða tegundarsamskipanin skal teljast uppfylla viðeigandi kröfur, að því tilskildu að:

   a) gildin, sem gefin eru upp í tæknigögnum skv. 2. lið IV. viðauka við tilskipun 2009/125/EB (yfirlýst gildi), og, eftir atvikum, gildin, sem notuð eru til að reikna út þessi gildi, séu ekki hagstæðari fyrir framleiðandann eða innflytjandann en niðurstöður samsvarandi mælinga, sem gerðar eru samkvæmt g-lið og

   b) yfirlýstu gildin uppfylli allar kröfurnar, sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð, og allar tilskildar vöruupplýsingar, sem framleiðandinn eða innflytjandinn birtir, innihaldi ekki gildi, sem eru hagstæðari fyrir framleiðandann eða innflytjandann en yfirlýstu gildin og

   c) ákvörðuð gildi (gildi viðeigandi mæliþátta eins og þeir eru mældir í prófun og gildin sem eru reiknuð út frá þeim mælingum) séu í samræmi við viðeigandi vikmörk sannprófana eins og tilgreint er í töflu 7 þegar yfirvöld aðildarríkis prófa einingu af tegundinni eða, að öðrum kosti, ef framleiðandinn lýsir því yfir að vöruhópur netþjóns eigi að jafngilda netþjóni, prófa einingu sem hefur afkastalitla samskipan eða afkastamikla samskipan í vöruhópi netþjóns.

3. Ef niðurstöðurnar, sem um getur í a-, b- eða d-lið 2. liðar, fást ekki skal tegundin og allar tegundarsamskipanir, sem falla undir sömu vöruupplýsingar (skv. p-lið liðar 3.1 í II. viðauka), ekki teljast uppfylla ákvæði þessarar reglugerðar.

4. Ef niðurstaðan, sem um getur í c-lið 2. liðar, fæst ekki:

   a) hvað varðar tegundir eða tegundarsamskipanir úr vöruhópi netþjóns, sem eru framleiddar í færri en fimm eintökum á ári, skal sú tegund og allar tegundarsamskipanir sem falla undir sömu vöruupplýsingar (skv. p-lið liðar 3.1 í II. viðauka) ekki teljast uppfylla ákvæði þessarar reglugerðar,

   b) hvað varðar tegundir, sem eru framleiddar í fimm eða fleiri eintökum á ári, skulu yfirvöld aðildarríkis velja þrjár viðbótareiningar af sömu tegund til prófunar eða að öðrum kosti, ef framleiðandi, innflytjandi eða viðurkenndur fulltrúi lýsir því yfir að vöruhópur netþjóns eigi að jafngilda netþjóni, velja einingu með bæði afkastalitla samskipan og afkastamikla samskipan til prófunar.

5. Tegundin eða tegundarsamskipanin skal teljast uppfylla viðeigandi kröfur ef, að því er varðar einingarnar sem um getur í b-lið 4. liðar, meðaltal þessara ákvörðuðu gilda uppfyllir viðkomandi vikmörk sannprófana sem eru tilgreind í töflu 7.

6. Ef niðurstaðan, sem um getur í 5. lið, fæst ekki skal tegundin og allar tegundarsamskipanir, sem falla undir sömu vöruupplýsingar (skv. p-lið liðar 3.1 í II. viðauka), ekki teljast uppfylla ákvæði þessarar reglugerðar.

7. Yfirvöld aðildarríkis skulu gefa yfirvöldum annarra aðildarríkja og framkvæmdastjórninni allar viðeigandi upplýsingar, án tafar, eftir að ákvörðun liggur fyrir um að tegundin uppfylli ekki kröfurnar í 3. lið, 4. lið a, 6. lið eða annarri málsgrein þessa viðauka.

Yfirvöld aðildarríkis skulu nota mæli- og reikningsaðferðirnar sem settar eru fram í III. viðauka.

Yfirvöld aðildarríkis skulu eingöngu beita vikmörkum sannprófana, sem sett eru fram í töflu 7 í þessum viðauka, og eingöngu beita aðferðinni, sem lýst er í 1.–7. lið, að því er varðar kröfurnar sem um getur í þessum viðauka. Ekki skal beita öðrum vikmörkum.

Tafla 7

Vikmörk sannprófana

Mæliþættir	Vikmörk sannprófana
Orkunýtni aflgjafaeiningar (%)	Ákvarðað gildi skal ekki vera lægra en yfirlýsta gildið en sem nemur 2%.
Aflstuðull	Ákvarðað gildi skal ekki vera lægra en yfirlýsta gildið en sem nemur 10%.
Afljörf í aðgerðalausu ástandi, P_{idle}, og hámarksafl (W)	Ákvarðað gildi skal ekki vera hærra en yfirlýsta gildið en sem nemur 10%.
Orkunýtni og afköst í virku ástandi	Ákvarðað gildi skal ekki vera lægra en yfirlýsta gildið en sem nemur 10%.

V. VIÐAUKI

Leiðbeinandi viðmiðanir sem um getur í 6. gr.

Eftirfarandi leiðbeinandi viðmiðanir eru tilgreindar skv. 2. lið 3. hluta I. viðauka við tilskipun 2009/125/EB.

Þær vísa til bestu fáanlegu tækni þann 7. apríl 2019.

Leiðbeinandi viðmiðanir fyrir bestu fáanlegu tækni á markaðnum fyrir netþjóna og nettengdar gagnageymsluvörur eru sem hér segir.

Tafla 8

Viðmiðun fyrir aflþörf í aðgerðalausu ástandi, orkunýtni netþjóna og notkunarskilyrði

Vöruflokkur	Aflþörf í aðgerðalausu ástandi, W	Orkunýtni í virku ástandi	Flokkur notkunarskilyrða
Netþjónn í turni, einn tengill	21,3	17	A3
Netþjónn í rekka, einn tengill	18	17,7	A4
Netþjónn í rekka, tveir tenglar, afkastalítill	49,9	18	A4
Netþjónn í rekka, tveir tenglar, afkastamikill	67	26,1	A4
Netþjónn í rekka, fjórir tenglar	65,1	34,8	A4
Sneiðnetþjónn, tveir tenglar	75	47,3	A3
Sneiðnetþjónn, fjórir tenglar	63,3	21,9	A3
Þolinn netþjónn, tveir tenglar	222	9,6	A3
Gagnageymsluvörur	Á ekki við	Á ekki við	A3

Tafla 9

Viðmiðun fyrir orkunýtni aflgjafaeiningar við 10%, 20%, 50% og 100% álagsstig og aflstuðul við 20% eða 50% álagsstig

Aflþörf aflgjafaeiningar á merkispjaldi	10%	20%	50%	100%
< 750W	91,17%	93,76%	94,72% Aflstuðull > 0,95	94,14%
≥ 750W	95,02%	95,99% Aflstuðull > 0,95	96,09%	94,69%

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2019/2019 **2023/EES/63/41**

frá 1. október 2019

um kröfur varðandi visthönnun á kælitækjum samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/125/EB og um niðurfellingu á reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 643/2009 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af 114. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/125/EB frá 21. október 2009 um ramma til að setja fram kröfur varðandi visthönnun að því er varðar orkutengdar vörur ([1]), einkum 1. mgr. 15. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Samkvæmt tilskipun 2009/125/EB ætti framkvæmdastjórnin að setja kröfur varðandi visthönnun að því er varðar orkutengdar vörur sem eru umtalsverður hluti sölu og viðskipta í Sambandinu, og sem hafa veruleg umhverfisáhrif og búa yfir miklum möguleikum á að draga úr umhverfisáhrifum með vali á hönnun, án þess að það hafi í för með sér óhóflegan kostnað.

2) Í orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar COM(2016) 773 ([2]) (vinnuáætlun um visthönnun), sem framkvæmdastjórnin tók saman við beitingu 1. mgr. 16. gr. tilskipunar 2009/125/EB, eru tilgreind forgangsverkefni samkvæmt rammanum um visthönnun og orkumerkingar fyrir tímabilið 2016-2019. Í vinnuáætluninni um visthönnun eru tilgreindir orkutengdir vöruflokkar sem teljast forgangsmál í tengslum við framkvæmd undirbúningsrannsókna og endanlega samþykkt framkvæmdarráðstöfunar, sem og endurskoðun reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 643/2009 ([3]) og framseldrar reglugerðar (ESB) nr. 1060/2010 ([4]).

3) Áætlað er að aðgerðir vinnuáætlunarinnar um visthönnun gætu samtals skilað endanlegum árlegum orkusparnaði sem nemur meira en 260 TWh árið 2030, sem jafngildir því að dregið sé úr losun gróðurhúsalofttegunda sem nemur u.þ.b. 100 milljónum tonna á ári árið 2030. Kælitæki eru einn þeirra vöruflokka sem tilgreindir eru í vinnuáætluninni um visthönnun með áætlaðan endanlegan árlegan orkusparnað sem nemur 10 TWh árið 2030.

4) Framkvæmdastjórnin setti fram kröfur varðandi visthönnun á kælitækjum til heimilisnota í reglugerð (EB) nr. 643/2009 og samkvæmt þeirri reglugerð ætti framkvæmdastjórnin að endurskoða reglugerðina reglubundið í ljós tækniframfara.

5) Framkvæmdastjórnin hefur endurskoðað reglugerð (EB) nr. 643/2009 og gert tækni- og efnahagsgreiningu á kælitækjum sem og greiningu á hegðun notenda við raunverulegar aðstæður. Endurskoðunin fór fram í nánu samstarfi við hagsmunaaðila og hlutaðeigandi aðila frá Sambandinu og þriðju löndum. Niðurstöður endurskoðunarinnar voru gerðar opinberar og kynntar á samráðsvettvanginum um visthönnun, sem komið var á fót með 18. gr. tilskipunar 2009/125/EB.

6) Endurskoðunin sýnir ávinninginn af áframhaldandi og bættum kröfum sem eru aðlagaðar að tækniframförum í kælitækjum. Hún sýnir einkum að hægt væri að innleiða kröfur um orkunýtni vínkæla og að hægt væri að afnema leiðréttingarstuðla eða minnka þá umtalsvert.

7) Árleg orkunotkun vara sem falla undir þessa reglugerð í Sambandinu var áætluð 86 TWh á árinu 2015, sem samsvarar losun gróðurhúsalofttegunda sem nemur 34 milljónum tonna af koltvísýringsígildum. Búist er við að áætluð orkunotkun kælitækja til heimilisnota verði orðin minni, miðað við óbreyttar aðstæður, árið 2030. Hins vegar er þess vænst að hægar dragi úr henni nema núverandi kröfur varðandi visthönnun verði uppfærðar.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 315, 5.12.2019, bls. 187. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 154/2023 frá 13. Júní 2023 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) og IV. viðauka (Orka) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 285, 31.10.2009, bls. 10.

([2]) Orðsending framkvæmdastjórnarinnar. Vinnuáætlun um visthönnun 2016-2019, COM(2016) 773, lokagerð, 30.11.2016.

([3]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 643/2009 frá 22. júlí 2009 um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2005/32/EB að því er varðar kröfur varðandi visthönnun á kælitækjum til heimilisnota (Stjtíð. ESB L 191, 23.7.2009, bls. 53).

([4]) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1060/2010 frá 28. september 2010 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/30/ESB að því er varðar orkumerkingar kælitækja til heimilisnota (Stjtíð. ESB L 314, 30.11.2010, bls. 17).

8) Þeir umhverfisþættir kælitækja innan gildissviðs þessarar reglugerðar sem taldir eru mikilvægir hvað þessa reglugerð varðar, eru orkunotkun á notkunartímanum, aukin orkunotkun á vistferli vörunnar vegna hurðaþéttinga sem leka, lítilla möguleika á viðgerðum og ófullnægjandi möguleikum á geymslu á mat sem valda matarsóun sem hægt væri að koma í veg fyrir.

9) Orðsendingin frá framkvæmdastjórninni til Evrópuþingsins, ráðsins, efnahags- og félagsmálanefndar Evrópusambandsins og svæðanefndarinnar COM(2015) 614, lokagerð ([5]) (aðgerðaáætlun um hringrásarhagkerfi) og vinnuáætlunin um visthönnun undirstrika mikilvægi þess að nota ramma fyrir visthönnun til að styðja skipti yfir í auðlindanýtnara hringrásarhagkerfi. Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2012/19/ESB ([6]) vísar til tilskipunar 2009/125/EB og gefur til kynna að kröfur varðandi visthönnun ættu að auðvelda endurnotkun, sundurhlutun og endurnýtingu raf- og rafeindabúnaðarúrgangs með því að bregðast við vandamálum á fyrri stigum. Þessi reglugerð ætti því að mæla fyrir um viðeigandi kröfur varðandi þetta.

10) Kælitæki sem notuð eru við beina sölu ættu að falla undir sérstaka reglugerð um visthönnun.

11) Frystikistur, þ.m.t. frystikistur sem notaðar eru í atvinnuskyni, ættu að falla undir gildissvið þessarar reglugerðar þar sem þær eru utan gildissviðs reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1095 ([7]) og hægt er að nota þær í öðrum tilgangi en í atvinnuskyni.

12) Vínkælar og hljóðlát kælitæki (svo sem míníbarir), þ.m.t. þau sem eru með gegnsæjar hurðir, eru ekki notuð við beina sölu. Vínkælar eru venjulega annað hvort notaðir við heimilishald eða á veitingastöðum en míníbarir eru hins vegar venjulega notaðir á hótelherbergjum. Því ættu vínkælar og míníbarir, þ.m.t. þeir sem eru með gegnsæjar hurðir, að falla undir þessa reglugerð.

13) Mæla ætti viðeigandi mæliþætti vara með áreiðanlegum, nákvæmum og samanburðarnákvæmum aðferðum. Þessar mæliaðferðir ættu að taka tillit til viðurkenndra mæliaðferða sem byggja á nýjustu og fullkomnustu tækni og, þar sem þeir liggja fyrir, samhæfðra staðla sem samþykktir hafa verið af evrópskum staðlastofnunum, sem taldar eru upp í I. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1025/2012 ([8]).

14) Í samræmi við 8. gr. tilskipunar 2009/125/EB ætti í þessari reglugerð að tilgreina gildandi aðferðir við samræmismat.

15) Til að auðvelda eftirlit með því að kröfur séu uppfylltar ættu framleiðendur, innflytjendur eða viðurkenndir fulltrúar að veita upplýsingarnar sem tilgreindar eru í tækniskjölunum sem um getur í IV. og V. viðauka við tilskipun 2009/125/EB, að því marki sem þær tengjast kröfunum sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð.

16) Í tengslum við markaðseftirlit ætti framleiðendum, innflytjendum eða viðurkenndum fulltrúum að vera heimilt að vísa til vörugagnagrunnsins ef tæknigögnin samkvæmt framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/2016 ([9]) innihalda sömu upplýsingar.

17) Til að auka skilvirkni þessarar reglugerðar og til að vernda neytendur ætti að banna vörur sem breyta frammistöðu sinni sjálfkrafa við prófunarskilyrði til að bæta tilgreinda mæliþætti.

18) Til viðbótar við þær lagalega bindandi kröfur sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð ætti, í samræmi við 2. lið 3. hluta I. viðauka við tilskipun 2009/125/EB, að veita leiðbeinandi viðmiðanir um bestu, aðgengilegu tækni til að tryggja víðtækan og greiðan aðgang að upplýsingum um vistvænleika á vistferli vara sem falla undir þessa reglugerð.

([5]) Orðsending framkvæmdastjórnarinnar til Evrópuþingsins, ráðsins, efnahags- og félagsmálanefndar Evrópusambandsins og svæðanefndarinnar. Hringnum lokað – aðgerðaráætlun ESB fyrir hringrásarhagkerfi, COM(2015) 614, lokagerð, 2.12.2015.

([6]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2012/19/ESB frá 4. júlí 2012 um raf- og rafeindabúnaðarúrgang (Stjtíð. ESB L 197, 24.7.2012, bls. 38).

([7]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1095 frá 5. maí 2015 um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/125/EB að því er varðar kröfur varðandi visthönnun kæli- eða frystiskápa, sem notaðir eru í atvinnuskyni, blásturskæli- og blástursfrystiskápa, þjöppusamstæðna með eimsvala og vökvakæla fyrir vinnslukerfi (Stjtíð. ESB L 177, 8.7.2005, bls. 19).

([8]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1025/2012 frá 25. október 2012 um evrópska stöðlun og breytingu á tilskipunum ráðsins 89/686/EBE og 93/15/EBE og tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 94/9/EB, 94/25/EB, 95/16/EB, 97/23/EB, 98/34/EB, 2004/22/EB, 2007/23/EB, 2009/23/EB og 2009/105/EB og niðurfellingu á ákvörðun ráðsins 87/95/EBE og ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1673/2006/EB (Stjtíð. ESB L 316, 14.11.2012, bls. 12).

([9]) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/2016 frá 11. mars 2019 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/1369 að því er varðar orkumerkingar kælitækja og um niðurfellingu á framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1060/2010 (Stjtíð. ESB L 315, 5.12.2019, bls. 102).

19) Við endurskoðun á þessari reglugerð ætti að meta hversu viðeigandi og skilvirk ákvæði hennar eru til þess að ná tilskildum markmiðum. Tímasetning endurskoðunarinnar ætti að heimila að öll ákvæðin hafi verið innleidd og haft áhrif á markaðinn.

20) Því ætti að fella reglugerð (EB) nr. 643/2009 úr gildi.

21) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót með 1. mgr. 19. gr. tilskipunar 2009/125/EB,

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Efni og gildissvið

1. Með þessari reglugerð eru settar fram kröfur varðandi visthönnun að því er varðar að setja á markað eða taka í þjónustu kælitæki sem nota rafmagn með heildarrúmmál upp á meira en 10 lítra og minna en eða jafnt og 1500 lítra.

2. Þessi reglugerð gildir ekki um:

a) kæli- eða frystiskápa sem notaðir eru í atvinnuskyni og blásturskæli- og blástursfrystiskápa, að undanskildum frystikistum sem notaðar eru í atvinnuskyni,

b) kælitæki sem notuð eru við beina sölu,

c) færanleg kælitæki,

d) tæki sem hafa það ekki að meginhlutverki að geyma matvæli með kælingu.

2. gr.

Skilgreiningar

Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1) „rafveita“: raforkudreifing frá dreifikerfinu við 230 (±10%) volta riðstraum við 50 Hz,

2) „kælitæki“: einangraður skápur með einu eða fleiri hólfum með tiltekna hitastýringu, kældur með náttúrulegum eða þvinguðum varmaburði og þar sem kæling næst með einu eða fleiri ferlum sem nota orku,

3) „hólf“: lokað rými innan kælitækis, aðskilið frá öðrum hólfum með millivegg, geymi eða álíka smíði sem auðvelt er að komast að í gegnum eina eða fleiri ytri hurðir og hægt er að deila upp í smærri hólf. Að því er varðar þessa reglugerð, ef annað er ekki tekið fram, vísar hólf til bæði hólfa og smærri hólfa,

4) „ytri hurð“: er sá hluti skápsins sem hægt er að færa eða fjarlægja svo hægt sé a.m.k. að færa farminn að utan og inn í skápinn eða að innan og út fyrir skápinn,

5) „smærra hólf“: lokað rými í hólfi sem hefur annað bil ganghita en hólfið sem það er staðsett í,

6) „heildarrúmmál“ (V): rúmmál rýmis innan innri klæðningar kælitækisins, sem jafngildir summu rúmmála hólfa, gefið upp í dm^3 eða lítrum,

7) „rúmmál hólfs“ (V_c): rúmmál rýmis innan innri klæðningar kælitækisins, gefið upp í dm^3 eða lítrum,

8) „kæli- eða frystiskápur sem notaður er í atvinnuskyni“: einangrað tæki til kælingar með einu eða fleiri hólfum, sem eru aðgengileg í gegnum einar eða fleiri dyr eða skúffur, sem getur viðhaldið stöðugu hitastigi matvæla, innan þeirra marka sem tiltekin eru fyrir ganghita kælingar eða frystingar, með því að nota gufuþjöppunarhringrás, og er notað til geymslu matvæla í umhverfi þar sem ekki fer fram heimilishald en ekki í umhverfi þar sem matvælin eru gerð sýnileg eða aðgengileg viðskiptavinum, eins og skilgreint er í reglugerð (ESB) 2015/1095,

9) „blásturskæliskápur og blástursfrystiskápur“: einangrað kæli- eða frystitæki sem er aðallega ætlað að snöggkæla heit matvæli niður fyrir 10 °C að því er varðar kælingu og niður fyrir –18 °C að því er varðar frystingu, eins og skilgreint er í reglugerð (ESB) 2015/1095, eins og skilgreint er í reglugerð (ESB) 2015/1095,

10) „frystikista til nota í atvinnuskyni“: matvælafrystir þar sem hólfið eða hólfin eru aðgengileg ofan á tækinu eða sem er bæði með hólf sem opnast að ofan og að framan en þar sem brúttórúmmál hólfanna, sem opnast að ofan, er meira en 75% af heildarbrúttórúmmáli tækisins, sem er notað til geymslu matvæla í umhverfi þar sem ekki fer fram heimilishald,

11) „frystir“: kælitæki sem er aðeins með 4-stjörnu hólfum,

12) „hólf fyrir frosið“: gerð hólfs með markhitastigi sem er jafnt og eða lægra en 0 °C sem er 0-stjörnu, 1-stjörnu, 2-stjörnu, 3-stjörnu eða 4-stjörnu hólf, eins og sett er fram í töflu 3 í III. viðauka,

13) „gerð hólfs“: yfirlýst gerð hólfs í samræmi við kæliafkastamæliþættina T_{min}, T_{max}, T_c og aðra mæliþætti sem settir eru fram í töflu 3 í III. viðauka,

14) „lágmarkshitastig“ (T_{min}): lágmarkshitastig inni í hólfi á meðan geymsluprófun stendur, eins og sett er fram í töflu 3 í III. viðauka,

15) „hámarkshitastig (T_{max}): hámarkshitastig inni í hólfi á meðan geymsluprófun stendur, eins og sett er fram í töflu 3 í III. viðauka,

16) „markhitastig“ (T_c): viðmiðunarhitastig inni í hólfi á meðan prófun stendur, eins og sett er fram í töflu 3 í III. viðauka, og er hitastigið til að prófa orkunotkun, sem gefið er upp sem meðaltal yfir tíma og tekur til hóps skynjara,

17) 0-stjörnu hólf“ og „klakahólf“: hólf fyrir frosið þar sem markhitastig og geymsluskilyrði eru 0 °C eins og sett er fram í töflu 3 í III. viðauka,

18) „1-stjörnu hólf“: hólf fyrir frosið þar sem markhitastig og geymsluskilyrði eru -6 °C eins og sett er fram í töflu 3 í III. viðauka,

19) „2-stjörnu hólf“: hólf fyrir frosið þar sem markhitastig og geymsluskilyrði eru -12 °C eins og sett er fram í töflu 3 í III. viðauka,

20) „3-stjörnu hólf“: hólf fyrir frosið þar sem markhitastig og geymsluskilyrði eru -18 °C eins og sett er fram í töflu 3 í III. viðauka,

21) „frystihólf“ eða „4-stjörnu hólf“: hólf fyrir frosið þar sem markhitastig og geymsluskilyrði eru -18 °C og uppfyllir kröfurnar fyrir frystigetu,

22) „frystigeta“: magn ferskra matvæla sem hægt er að frysta í frystihólfi á 24 klst., sem skal þó ekki vera minna en 4,5 kg á 24 klst. á 100 lítra rúmmál í frystihólfinu með lágmark 2,0 kg/24 klst.,

23) „kælitæki sem eru notuð við beina sölu“: kælitæki sem notað er í þeim tilgangi að sýna og selja vöru við tiltekin hitastig undir umhverfishita til viðskiptavina, aðgengileg beint með opnum hliðum eða með einni eða fleiri hurðum eða skúffum eða bæði, þ.m.t. einnig skápar með svæði sem notuð eru fyrir geymslu eða eru notuð við beina afgreiðslu sem ekki eru aðgengileg viðskiptavinum og að undanskildum míníbörum og vínkælum, eins og skilgreint er í reglugerð framkvæmda-stjórnarinnar (ESB) 2019/2024 ([10]),

24) „míníbar“: kælitæki með heildarrúmmál sem er að hámarki 60 lítrar, og er fyrst og fremst ætlað fyrir geymslu og sölu matvæla á hótelherbergjum og viðlíka húsnæði,

([10]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/2024 frá 1. október 2019 um kröfur varðandi visthönnun kælitækja sem eru notuð við beina sölu samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/125/EB (Stjtíð. ESB L 315, 5.12.2019, bls. 313).

25) „vínkælir“: kælitæki sem ætlað er sérstaklega fyrir geymslu á víni með nákvæmri hitastýringu fyrir geymsluskilyrði og markhitastig víngeymsluhólfs, eins og skilgreint er í töflu 3 í III. viðauka og búið er titringarvörn,

26) „sérnota kælitæki“: kælitæki með aðeins eina tegund hólfs,

27) „vínkælihólf“: hólf fyrir ófrosið með markhitastig við 12 °C, innra rakasvið frá 50% til 80% og geymsluskilyrði frá 5 °C til 20 °C, eins og skilgreint er í töflu 3 í III. viðauka,

28) „færanlegt kælitæki“: kælitæki sem hægt er að nota þar sem ekki er aðgengi að rafveitukerfi og sem notar mjög lága spennu (< 120V DC) eða eldsneyti eða bæði sem orkugjafa fyrir kælivirknina, þ.m.t. kælitæki sem, til viðbótar við rafmagn við mjög lága spennu eða eldsneyti eða bæði, getur notað rafmagn frá rafveitu. Tæki sem sett er á markað með jafn- og riðstraumbreyti er ekki færanlegt kælitæki,

29) „matvæli“: matur, innihaldsefni, drykkjarvörur, þ.m.t. vín, og aðrir hlutir sem einkum eru ætlaðir til neyslu og þarfnast kælingar við tiltekið hitastig,

30) „orkunýtnistuðull“ (EEI): stuðull sem tilgreinir hlutfallslega orkunýtni kælitækis, gefinn upp í hundraðshlutum, eins og sett er fram í 5. lið í III. viðauka,

31) „hljóðlátt kælitæki": kælitæki án gufuþjöppu og með loftborinni hávaðamengun sem er lægri en 27 A-vegin desíbel miðað við 1 píkóvatt (dB(A) við 1 pW),

32) „hávaðamengun sem berst í lofti“: hljóðaflsstig kælitækis sem er gefið upp í A-vegnum desíbelum miðað við 1 píkóvatt (dB(A) við 1 pW),

33) „samsett tæki“: kælitæki sem hefur fleiri en eina gerð hólfa og þar sem a.m.k. eitt þeirra er hólf fyrir ófrosið,

34) „hólf fyrir ófrosið“: gerð hólfs með markhitastig sem er jafnt og eða hærra en 4 °C, sem er matarbúrhólf, vínkælihólf, búrhólf eða kælihólf með geymsluskilyrði og markhitastig, eins og sett er fram í töflu 3 í III. viðauka,

35) „matarbúrhólf“: hólf fyrir ófrosið með markhitastig við 17 °C og geymsluskilyrði við 14 °C til 20 °C og eins og sett er fram í töflu 3 í III. viðauka,

36) „búrhólf“: hólf fyrir ófrosið með markhitastig við 12 °C og geymsluskilyrði við 2 °C til 14 °C eins og sett er fram í töflu 3 í III. viðauka,

37) „kælihólf“: hólf fyrir ófrosið með markhitastig við 4 °C og geymsluskilyrði við 0 °C til 8 °C eins og sett er fram í töflu 3 í III. viðauka,

38) „umhverfisstýrður hitari til að hindra rakaþéttingu“: hitari til að hindra rakaþéttingu þar sem hitunarafkastageta fer annað hvort eftir umhverfishitanum eða umhverfisrakanum eða hvoru tveggja,

39) „hitari til að hindra rakaþéttingu“: hitari sem hindrar rakaþéttingu á kælitækinu,

40) „aukaorka“ (E_{aux}): sú orka sem umhverfisstýrður hitari til að hindra rakaþéttingu notar, gefin upp í kWh/á ári.

Að því varðar viðaukana eru viðbótarskilgreiningar settar fram í 1. viðauka.

3. gr.

Kröfur varðandi visthönnun

Kröfurnar varðandi visthönnun sem settar eru fram í II. viðauka skulu gilda frá þeim dagsetningum sem þar eru tilgreindar.

4. gr.

Samræmismat

1. Aðferðin við samræmismat sem um getur í 8. gr. tilskipunar 2009/125/EB skal vera innra hönnunareftirlitskerfið, sem sett er fram í IV. viðauka við þá tilskipun, eða stjórnunarkerfið, sem sett er fram í V. viðauka við þá tilskipun.

2. Að því er varðar samræmismat skv. 8. gr. tilskipunar 2009/125/EB skulu tækniskjölin innihalda afrit af vöruupplýsingunum sem veittar eru í samræmi við 4. lið í II. viðauka og upplýsingar og niðurstöður útreikninganna sem settir eru fram í III. viðauka við þessa reglugerð.

3. Þegar upplýsinganna í tæknigögnum tiltekinnar tegundar hefur verið aflað:

a) á grundvelli tegundar með sömu tæknilegu eiginleika sem máli skipta hvað varðar tækniupplýsingarnar sem veita skal, en er framleidd af öðrum framleiðanda eða

b) með útreikningi á grundvelli hönnunar eða framreikningi á grundvelli annarrar tegundar frá sama eða öðrum framleiðanda eða með báðum þessum aðferðum,

skulu tæknigögnin innihalda upplýsingar um þessa útreikninga, hvaða mat framleiðandinn hefur gert til að staðfesta nákvæmni útreikninganna og, þar sem við á, yfirlýsingu sem staðfestir að tegundir frá mismunandi framleiðendum eru eins.

Tæknigögnin skulu innihalda skrá yfir sambærilegar tegundir, þ.m.t. tegundarauðkenni.

4. Tæknigögnin skulu innihalda upplýsingar í þeirri röð eins og sett er fram í VI. viðauka reglugerðar (ESB) 2019/2016. Vegna markaðseftirlits er framleiðendum, innflytjendum eða viðurkenndum fulltrúum heimilt, án þess að hafa áhrif á g-lið 2. liðar IV. viðauka við tilskipun 2009/125/EB að vísa til tæknigagnanna sem halað hefur verið upp í vörugagnagrunninn sem inniheldur sömu upplýsingar og mælt er fyrir um í framseldri reglugerð (ESB) 2019/2016.

5. gr.

Sannprófunaraðferð vegna markaðseftirlits

Aðildarríkin skulu beita sannprófunaraðferðinni sem mælt er fyrir um í IV. viðauka við markaðseftirlit það sem um getur í 2. lið 3. gr. tilskipunar 2009/125/EB.

6. gr.

Sniðganga

Framleiðandinn, innflytjandinn eða viðurkenndi fulltrúinn skal ekki setja á markað vörur sem eru þannig hannaðar að þær geti greint að verið sé að prófa þær (t.d. með því að þekkja aftur prófunarskilyrðin eða prófunarlotuna) og sem bregðast sérstaklega við með því að breyta sjálfkrafa frammistöðu sinni meðan á prófun stendur í þeim tilgangi að ná betri gildum fyrir einhvern þeirra mæliþátta sem framleiðandinn, innflytjandinn eða viðurkenndi fulltrúinn gefur upp í tæknigögnum eða í einhverjum þeim gögnum sem fylgja með vörunni.

Orkunotkun vörunnar og annarra yfirlýstra mæliþátta skal ekki rýrna eftir uppfærslu hugbúnaðar og fastbúnaðar þegar hún er mæld með sama prófunarstaðli sem upphaflega var notaður fyrir samræmisyfirlýsinguna, nema með skýlausu samþykki endanotandans áður en uppfærslan á sér stað.

7. gr.

Leiðbeinandi viðmiðanir

Leiðbeinandi viðmiðanir fyrir vistvænustu vörurnar og tæknina á markaði við gildistöku þessarar reglugerðar eru settar fram í V. viðauka.

8. gr.

Endurskoðun

Framkvæmdastjórnin skal endurskoða þessa reglugerð í ljósi tækniframfara og kynna niðurstöður þessa mats, þ.m.t., ef við á, drög að tillögu um endurskoðun, á samráðsvettvanginum um visthönnun eigi síðar en 25. desember 2025.

Þessi endurskoðun skal einkum meta:

a) kröfurnar um orkunýtnistuðul fyrir hljóðlát kælitæki og fyrir vínkæla, þ.m.t. þá sem eru með gegnsæjar hurðir,

b) hvort fastsetja eigi kröfur um orkunýtnistuðul fyrir hljóðlát samsett tæki með hólf fyrir frosið,

c) meðhöndlun á frystikistum sem notaðar eru í atvinnuskyni,

d) hámarksgildi vikmarka,

e) hvort fastsetja eigi kröfur um lögboðið gaumhljóð ef hurð er opin lengi,

f) jöfnunarstuðla og mæliþætti reiknilíkans,

g) hvort fastsetja eigi viðbótarkröfur um auðlindanýtni fyrir vörur í samræmi við meginreglurnar um hringrásarhagkerfi, þ.m.t. hvort fleiri varahlutir ættu að vera innifaldir,

h) hvort telja eigi með annan aukabúnað eða hlutverk en umhverfisstýrða hitarann til að hindra rakaþéttingu þegar ákvarða skal aukaorkuþörf,

i) aðferðafræði til að taka tillit til sjálfvirkrar og skynvæddrar affrystingar.

9. gr.

Niðurfelling

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 643/2009 fellur úr gildi frá og með 1. mars 2021.

10. gr.

Gildistaka og framkvæmd

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 1. mars 2021. Ákvæði 6. gr. gilda hins vegar frá 25. desember 2019.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 1. október 2019.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

I. VIÐAUKI

Skilgreiningar sem gilda um viðaukana

Eftirfarandi skilgreiningar gilda:

1) „gegnsæjar hurðir“: ytri hurðir sem gerðar eru úr gegnsæju efni sem gerir endanlega notandanum kleift að sjá hluti í gegnum það, a.m.k. 75% af hæð innri skáps og 75% af breidd innri skáps skal vera gegnsætt, mælingar gerðar hvor í sínu lagi á framhlið skápsins,

2) „hraðfrysting“: stilling sem endanlegur notandi getur virkjað í samræmi við leiðbeiningar framleiðanda, innflytjanda eða viðurkennds fulltrúa sem lækkar geymsluhita frystihólfsins eða frystihólfana til að frysta ófrosin matvæli hraðar,

3) „vetrarstilling“: stilling fyrir samsett tæki með einni þjöppu og einum hitastilli sem hægt er að nota við umhverfishita sem er lægri en +16 °C í samræmi við leiðbeiningar framleiðanda, innflytjanda eða viðurkennds fulltrúa og er þannig gerð að rofi eða svipuð virkni tryggir, þó svo þess sé ekki krafist fyrir hólfið þar sem hitastillirinn er staðsettur, að þjappan haldi áfram að starfa til að viðhalda réttum geymsluhita í öðrum hólfum,

4) „svalahólf“: hólf sem getur stýrt meðalhitastigi innan tiltekins sviðs án aðkomu notandans við að stilla, með markhita sem er jafn og 2 °C og geymsluskilyrði frá -3 °C til 3 °C , eins og sett er fram í töflu 3 í III. viðauka,

5) „lofttæmd einangrunarklæðning“: einangrunarklæðning sem samanstendur af þéttu, mjög gropnu efni umlukið þunnri, loftþéttri ytri himnu sem leiðir lofttegundirnar burt og er þéttlokuð til að koma í veg fyrir að utanaðkomandi loftegundir komist í gegnum klæðninguna,

6) „2-stjörnu hluti“: hluti 3-stjörnu eða 4-stjörnu hólfs sem er ekki með sér hurð eða loki og þar sem markhitastigið og geymsluskilyrðin eru -12 °C,

7) „hurðaþétting“: kraftrænn þéttir sem fyllir plássið milli hurðar og skáps í kælitækinu til að koma í veg fyrir leka frá skápnum í loftið utandyra,

8) „varahlutur“: aðskilinn hlutur sem getur komið stað hlutar með sömu eða álíka virkni í vöru,

9) „faglærður viðgerðaraðili“: rekstraraðili eða fyrirtæki sem veitir viðgerðarþjónustu og faglegt viðhald á kælitækjum,

10) „frístandandi tæki“: kælitæki sem er ekki innbyggt tæki,

11) „innbyggt tæki“: kælitæki sem er sérstaklega hannað, prófað og markaðssett til að:

    a) vera uppsett í innréttingu eða umlukið (að ofan, undir og til hliðar) klæðningu og

    b) vera fest á öruggan hátt við hliðar, topp eða á botn innréttingar eða klæðningar og

    c) vera útbúið sambyggðri verksmiðjuframleiddri framhlið eða uppsett með sérsmíðaðri klæðningu að framan,

12) „ábyrgð“: allar skuldbindingar smásala eða framleiðanda, innflytjanda eða viðurkennds fulltrúa gagnvart neytandanum varðandi:

    a) að endurgreiða það verð sem greitt er eða

    b) að skipta út, gera við eða meðhöndla kælitæki á einn eða annan hátt ef þau uppfylla ekki þær forskriftir sem settar eru fram í ábyrgðaryfirlýsingu eða í viðeigandi auglýsingu,

13) „loftslagsflokkur“: svið umhverfishita, eins og sett er fram í i-lið 1. liðar III. viðauka þar sem ætlað er að nota kælitækin og þar sem tilskilið geymsluhitastig er uppfyllt samtímis í öllum hólfum eins og tilgreint er í töflu 3 í III. viðauka,

14) „vörugagnagrunnur“: safn gagna um vörur sem er sett saman á kerfisbundinn hátt og samanstendur af opnum hluta sem miðast við þarfir neytanda þar sem upplýsingar varðandi einstaka mæliþætti vöru eru aðgengilegar með rafrænum hætti, og vefgátt fyrir aðgengi og hluta er varðar reglufylgni þar sem kröfur um aðgengi og öryggi eru tilgreindar með skýrum hætti, eins og mælt er fyrir um í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/1369 ([1]),

15) „árleg orkunotkun“ (*AE*): dagleg orkunotkun margfölduð með 365 (dögum á ári), gefin upp í kílóvattstundum á ári (kWh/á ári), eins og reiknað er út í samræmi við 3. lið í III. viðauka,

16) „dagleg orkunotkun“ (E_{daily}): sú raforka sem kælitæki notar á 24 klukkustundum við viðmiðunarskilyrði, gefin upp í kílóvattstundum á ári (kWh/á ári), eins og reiknað er út í samræmi við 3. lið í III. viðauka,

17) „skammtari“: tæki sem skammtar kældum eða frystum farmi frá kælitæki, svo sem klakavél eða skammtarar fyrir kælt vatn,

18) „hólf með breytilegum hita“: hólf sem ætlað er til notkunar sem tvær (eða fleiri) gerðir hólfa (t.d. hólf sem getur verið hvort sem er kælihólf eða frystihólf) og sem notandi getur stillt til að viðhalda stöðugt því ganghitabili sem við á fyrir hverja yfirlýsta gerð hólfa. Hólf sem ætlað er til notkunar sem ein tegund hólfs en getur einnig uppfyllt geymsluskilyrði annarra gerða hólfa (t.d. kælihólf sem einnig getur uppfyllt 0-stjörnu kröfur) er ekki hólf með breytilegum hita,

19) „net“: fjarskiptavirki með tengingaskipan, högun, þ.m.t. raunlægum þáttum, skipulagslegum grunnreglum, samskipta-aðferðum og -sniði (samskiptareglur),

20) „aflnotkun við stöðugt ástand“ (P_{ss}): meðalaflnotkun við stöðug skilyrði, gefin upp í vöttum (W),

21) „viðbótarorkunotkun við affrystingu og endurkælingu“ ($\Delta E_{d\text{-}f}$): meðaltal viðbótarorkunotkunar við affrystingu og endurkælingu, gefin upp í vattstundum (Wh),

22) „sjálfvirk affrysting“: aðgerð þar sem affrysting hólfa fer fram án íhlutunar notanda í því skyni að hefja fjarlægingu klakasöfnunar á öllum hitastillingum eða til að endurheimta eðlilega virkni, og vatnið úr affrystingunni er losað sjálfkrafa,

23) „affrystingarbil“ ($t_{d\text{-}f}$): dæmigert meðaltalsbil, gefið upp í klukkustundum (klst.), yfir tvær hringrásir affrystingar og endurkælingar, frá því að kviknar á affrystingarhitaranum eða, ef enginn affrystingarhitari er til staðar, yfir tvær hringrásir affrystingar og endurkælingar frá því að slökknar á þjöppunni,

24) „tímabil affrystingar og endurkælingar“: tímabilið frá upphafi affrystingarlotu þar til að stöðugum vinnsluskilyrðum hefur verið komið á aftur,

25) „tegund affrystingar“: aðferðin við að fjarlægja klakasöfnun á eiminum, þ.e. sjálfvirk affrysting eða handvirk affrysting,

26) „handvirk affrysting“: sjálfvirk affrysting er ekki til staðar,

27) „álagsstuðull“ (L): stuðull sem stendur fyrir aukalegt (út yfir það sem þegar er áætlað með hærri meðaltalsumhverfishita fyrir prófanir) kæliálag við að færa inn heit matvæli með gildi eins og sett er fram í a-lið 3. liðar III. viðauka,

28) „stöðluð, árleg orkunotkun“ (S*AE*): árleg viðmiðunarorkunotkun kælitækis, gefin upp í kílóvattstundum á ári (kWh/á), eins og reiknað er út í samræmi við 4. lið í III. viðauka,

([1]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/1369 frá 4. júlí 2017 um setningu ramma fyrir orkumerkingar og um niðurfellingu tilskipunar 2010/30/ESB (Stjtíð. ESB L 198, 28.7.2001, bls. 1).

29) „samsettur mæliþáttur“ (*C*): mæliþáttur reiknilíkans sem tekur tillit til samvirkniáhrifa þegar mismunandi tegundir hólfa eru settar saman í eitt tæki með gildi eins og sett er fram í töflu 4 í III. viðauka,

30) „varmatapsstuðull hurðar“ (*D*): jöfnunarstuðull fyrir samsett tæki samkvæmt fjölda hólfa með mismunandi hita eða fjölda ytri hurða, hvort sem er lægra eins og sett er fram í töflu 5 í III. viðauka. Að því er varðar þennan stuðul vísar „hólf“ ekki til smærri hólfa,

31) „affrystingarstuðull“ (A_c): jöfnunarstuðull sem tekur tillit til hvort kælitækið hafi sjálfvirka eða handvirka affrystingu með gildum eins og sett er fram í töflu 5 í III. viðauka,

32) „innbyggður stuðull“ (B_c): jöfnunarstuðull sem tekur tillit til þess hvort kælitækið sé innbyggt eða frístandandi með gildum eins og sett er fram í töflu 5 í III. viðauka,

33) „M_c“ og „N_c“: mæliþættir reiknilíkans sem taka tillit til að hvaða marki orkunotkunin er háð rúmmálinu með gildum eins og sett er fram í töflu 4 í III. viðauka,

34) „varmafræðilegur mæliþáttur“ (r_c): mæliþáttur reiknilíkans sem leiðréttir staðlaða, árlega orkunotkun að umhverfishita sem nemur 24 °C með gildum eins og sett er fram í töflu 4 í III. viðauka,

35) „sambærileg tegund“: tegund með sömu tæknilegu eiginleika sem máli skipta hvað varðar tækniupplýsingar sem veita skal, en er sett á markað eða tekin í notkun af sama framleiðanda, innflytjanda eða viðurkennda fulltrúa sem önnur tegund með annað tegundarauðkenni,

36) „tegundarauðkenni“: þ.e. kóði, venjulega alstafa, sem greinir tiltekna vörutegund frá öðrum tegundum með sama vörumerki eða nafni birgis,

37) „kæli- og frystiskápur“: samsett tæki sem hefur a.m.k. eitt frystihólf og a.m.k. eitt kælihólf.

II. VIÐAUKI

Kröfur varðandi visthönnun

1. Orkunýtnikröfur:

a) Frá 1. mars 2021 skal orkunýtnistuðull kælitækja ekki vera yfir þeim gildum sem sett eru fram í töflu 1.

Tafla 1

Hámarksorkunýtnistuðull (EEI) fyrir kælitæki, gefinn upp í %

	EEI
sérnota hljóðlát kælitæki með kælihólf	375
hljóðlát kælitæki með gegnsæjar hurðir	380
önnur hljóðlát kælitæki að undanþegnum hljóðlátum samsettum tækjum með hólf fyrir frosið	300
vínkælar með gegnsæjar hurðir	190
aðrir vínkælar	155
öll önnur kælitæki að undanskildum hljóðlátum samsettum tækjum með hólf fyrir frosið	125

b) Frá 1. mars 2024 skal orkunýtnistuðull kælitækja ekki vera yfir þeim gildum sem sett eru fram í töflu 2.

Tafla 2

Hámarksorkunýtnistuðull (EEI) fyrir kælitæki, gefinn upp í %

	EEI
sérnota hljóðlát kælitæki með kælihólf	312
hljóðlát kælitæki með gegnsæja hurð/gegnsæjar hurðir	300
önnur hljóðlát kælitæki að undanþegnum hljóðlátum samsettum tækjum með hólf fyrir frosið	250
vínkælar með gegnsæja hurð/gegnsæjar hurðir	172
aðrir vínkælar	140
öll önnur kælitæki að undanskildum hljóðlátum samsettum tækjum með hólf fyrir frosið	100

2. Kröfur um virkni:

Frá 1. mars 2021 skulu kælitæki uppfylla eftirfarandi kröfur:

a) Allur hraðfrystingarbúnaður í frystihólfum, eða önnur svipuð virkni sem fæst með breytingu á hita, skal hverfa sjálfkrafa aftur að venjulegum geymsluhita eigi síðar en 72 klukkustundum eftir að endanlegur notandi hefur virkjað hana í samræmi við leiðbeiningar framleiðanda, innflytjenda eða viðurkennds fulltrúa.

b) Vetrarstilling skal virkjuð sjálfkrafa eða slökkt á henni í samræmi við þörfina á að halda hólfinu fyrir frosið við rétt hitastig.

c) Hvert hólf skal merkt með viðeigandi auðkennistákni. Að því er varðar hólf fyrir frosið skal þetta vera fjöldi stjarna fyrir hólfið. Að því er varðar svalahólfið og hólfið fyrir ófrosið ætti þetta að vera leiðbeinandi viðmiðun sem valin er af framleiðanda, innflytjanda eða viðurkenndum fulltrúa fyrir þá tegund matvæla sem geyma ætti í hólfinu.

d) Ef kælitækið er með lofttæmda einangrunarklæðningu skal kælitækið merkt með stöfunum „VIP“ á vel sýnilegan og auðlesinn hátt.

e) Fyrir 2-stjörnu smærri hólf eða 2-stjörnu hluta:

— 2-stjörnu smærri hólf eða 2-stjörnu hlutar eru aðskildir frá 3-stjörnu eða 4-stjörnu rúmmálinu með millivegg, geymi eða álíka smíði,

— rúmmál 2-stjörnu smærri hólfs eða 2-stjörnu hluta fer ekki umfram 20% af heildarrúmmáli hólfsins.

f) Fyrir 4-stjörnu hólf skal sértæk frystigeta vera þannig að frystitíminn sem þarf til að lækka hitastigið á léttum farmi (3,5 kg/100 l) frá +25 til -18 °C við umhverfishita sem er 25 °C, vera styttri en eða jafngildur 18,5 klst.

Fram til 1. mars 2024 skulu kröfurnar sem mælt er fyrir um í a- og b-lið 2. liðar ekki gilda um samsett tæki með einum rafvélrænum hitastilli og einni þjöppu sem eru ekki búin rafrænni stjórntölvu.

3. Kröfur um auðlindanýtni:

Frá 1. mars 2021 skulu kælitæki uppfylla eftirfarandi kröfur:

a) Tiltækileiki varahluta:

1) framleiðendur, innflytjendur eða viðurkenndir fulltrúar kælitækja skulu gera a.m.k. eftirfarandi varahluti tiltæka fyrir faglærða viðgerðaraðila: hitastilla, hitaskynjara, prentplötur og ljósgjafa, í minnst sjö ár eftir að síðasta eining tegundarinnar er sett á markað,

2) framleiðendur, innflytjendur eða viðurkenndir fulltrúar kælitækja skulu gera a.m.k. eftirfarandi varahluti tiltæka fyrir faglærða viðgerðaraðila og endanlega notendur: hurðarhúna, hurðarlamir, bakka og körfur í sjö ár að lágmarki og hurðaþéttingar í minnst 10 ár eftir að síðasta eining tegundarinnar er sett á markað,

3) framleiðendur skulu tryggja að hægt sé að skipta út varahlutum með notkun algengra verkfæra og án þess að valda varanlegum skemmdum á tækinu,

4) skrá yfir viðkomandi varahluti í 1. lið sem og aðferðin við að panta þá skulu vera aðgengileg öllum á opnu vefsetri framleiðandans, innflytjandans eða viðurkennds fulltrúa eigi síðar en tveimur árum eftir að fyrsta eining tegundarinnar er sett á markað og þar til tímabilinu, sem þessir varahlutir eru tiltækir, lýkur.

5) skrá yfir viðkomandi varahluti í 2. lið sem og aðferðin við að panta þá og leiðbeiningar um viðgerðir skulu vera aðgengilegar öllum á opnu vefsetri framleiðandans, innflytjandans eða viðurkennds fulltrúa um leið og fyrsta eining tegundarinnar er sett á markað og þar til tímabilinu, sem þessir varahlutir eru tiltækir, lýkur.

b) Aðgangur að upplýsingum um viðgerðir og viðhald:

Að loknu tveggja ára tímabili eftir að fyrsta eining tegundarinnar eða eining sem jafngildir þeirri tegund hefur verið sett á markað og að loknu tímabilinu sem um getur í a-lið skal framleiðandinn, innflytjandinn eða viðurkenndi fulltrúinn veita faglærðum viðgerðaraðilum aðgang að upplýsingum um viðgerðir og viðhald tækisins með eftirfarandi skilyrðum:

1) á vefsetri framleiðandans, innflytjandans eða viðurkennda fulltrúans skal lýsa því hvernig faglærðir viðgerðaraðilar eigi að skrá sig til að fá aðgang að upplýsingum, en til þess að samþykkja slíka beiðni er framleiðendum, innflytjendum og viðurkenndum fulltrúum heimilt að fara fram á það að faglærði viðgerðaraðilinn sýni fram á að:

i) hann búi yfir tæknilegri færni til að gera við kælitæki og uppfylli gildandi reglur um viðgerðaraðila rafbúnaðar í aðildarríkinu þar sem hann starfar. Skráning faglærðs viðgerðaraðila í opinbert skráningarkerfi, ef slíkt kerfi er fyrir hendi í hlutaðeigandi aðildarríki, skal vera fullnægjandi sönnun þess að farið sé að þessum lið,

ii) hann hafi tryggingu sem tekur til bótaábyrgðar í tengslum við starfsemi hans, án tillits til hvort þess sé krafist af aðildarríkinu,

2) framleiðendur, innflytjendur eða viðurkenndir fulltrúar skulu samþykkja eða hafna skráningunni innan fimm virkra daga frá því að faglærður viðgerðaraðili leggur fram beiðnina,

3) framleiðendur, innflytjendur eða viðurkenndir fulltrúar mega innheimta sanngjarnt og hóflegt gjald fyrir aðgang að upplýsingum um viðgerðir og viðhald eða fyrir að fá reglulegar uppfærslur. Gjald telst sanngjarnt ef það hindrar ekki faglærðan viðgerðaraðila í að nýta sér aðgang að upplýsingum og að það miðist ekki við umfang upplýsinganna sem eru notaðar,

Þegar faglærður viðgerðaraðili hefur verið skráður skal hann hafa aðgang að umbeðnum upplýsingum um viðgerðir og viðhald innan eins virks dags frá því óskað var eftir þeim. Tiltækar upplýsingar um viðgerðir og viðhald ættu að innihalda:

— ótvírætt auðkenni tækisins,

— mynd af sundurhlutun tækis eða sundurgreindar teikningar,

— skrá yfir nauðsynlegan viðgerðar- og prófunarbúnað,

— upplýsingar um íhluti og greiningar (t.d. lægstu og hæstu fræðileg gildi mælinga),

— skýringarmynd fyrir raflagnir og tengi,

— bilana- og villugreiningarkóða (þ.m.t. sérkóðar framleiðanda, eftir atvikum) og

— gagnaskrár yfir tilkynntar villur sem eru geymdar í kælitækinu (eftir atvikum).

c) Hámarkstími fyrir afhendingu varahluta:

1) á tímabilinu, sem um getur í 1. lið a-liðar 3. liðar og 2. lið a-liðar 3. liðar, skal framleiðandinn, innflytjandinn eða viðurkenndir fulltrúar tryggja afhendingu varahluta fyrir kælitæki innan 15 virkra daga eftir að pöntunin hefur verið móttekin,

2) ef um er að ræða varahluti sem einungis eru tiltækir faglærðum viðgerðaraðilum getur þessi tiltækileiki takmarkast við faglærða viðgerðaraðila sem skráðir eru í samræmi við b-lið.

d) Kröfur um sundurhlutun fyrir endurnýtingu og endurvinnslu efnis en forðast jafnframt umhverfismengun:

1) framleiðendur, innflytjendur eða viðurkenndir fulltrúar skulu tryggja að kælitæki séu hönnuð á þann hátt að hægt sé að fjarlægja efni og íhluti sem um getur í VII. viðauka við tilskipun 2012/19/ESB með því að nota algeng verkfæri,

2) framleiðendur, innflytjendur og viðurkenndir fulltrúar skulu uppfylla skuldbindingarnar sem mælt er fyrir um í 1. lið 15. gr. tilskipunar 2012/19/ESB.

4. Kröfur um upplýsingar:

Frá 1. mars 2021 skulu eftirfarandi upplýsingar koma fram í notendahandbókum fyrir þá sem sjá um uppsetningu og endanlega notendur og á opnum vefsetrum framleiðenda, innflytjenda eða viðurkenndra fulltrúa:

a) hvaða samsetning af skúffum, körfum og hillum leiðir til skilvirkustu orkunýtingar kælitækisins,

b) skýr leiðsögn um hvar og hvernig eigi að geyma matvæli í kælitæki svo þau geymist best og í sem lengstan tíma til að koma í veg fyrir matarsóun,

c) hitastilling sem mælt er með í hverju hólfi fyrir bestu mögulegu matvælageymslu. Þessar stillingar skulu ekki stangast á við þau geymsluskilyrði sem sett eru fram í töflu 3 í III. viðauka,

d) mat á áhrifum hitastillinga á matarsóun,

e) lýsing á áhrifum sérstakra hama og eiginleika og einkum hvað hefur áhrif á hitastig í hverju hólfi og hversu lengi,

f) fyrir vínkæla: „þetta tæki er einungis ætlað til geymslu á víni“. Þetta skal ekki gilda um kælitæki sem ekki eru sérstaklega hönnuð fyrir geymslu á víni en hægt er að nota í þessum tilgangi eða um kælitæki sem hafa víngeymsluhólf sem sameinað er annarri tegund hólfs,

g) leiðbeiningar um rétta uppsetningu og viðhald endanlegs notanda, þ.m.t. þrif, á kælitækinu,

h) fyrir frístandandi tæki: „þetta kælitæki er ekki ætlað til notkunar sem innbyggt tæki“,

i) fyrir tæki án 4-stjörnu hólfs: „þetta kælitæki hentar ekki til að frysta matvæli“,

j) aðgangur að faglegri viðgerð, svo sem vefsíður, netföng, samskiptaupplýsingar,

k) viðeigandi upplýsingar til að panta varahluti, beint eða með öðrum leiðum sem veittar eru af framleiðanda, innflytjanda eða viðurkenndum fulltrúa,

l) lágmarkstímabilið sem varahlutir, sem nauðsynlegir eru fyrir viðgerð á tækinu, eru tiltækir,

m) lágmarkstímalengd ábyrgðar á kælitækinu sem framleiðandi, innflytjandi eða viðurkenndur fulltrúi veitir,

n) fyrir kælitæki með loftslagsflokk:

— víkkaður tempraður loftslagsflokkur: „þetta kælitæki er ætlað til notkunar við umhverfishita frá 10 °C til 32 °C“,

— tempraður: „þetta kælitæki er ætlað til notkunar við umhverfishita frá 16 °C til 32 °C“,

— heittempraður: „þetta kælitæki er ætlað til notkunar við umhverfishita frá 16 °C til 38 °C“,

— hitabeltisflokkur: „þetta kælitæki er ætlað til notkunar við umhverfishita frá 16 °C til 43 °C“,

o) leiðbeiningar um hvernig eigi að finna upplýsingar um tegundina í vörugagnagrunni eins og skilgreint er í reglugerð (ESB) 2019/2016 með veftengli sem tengir á upplýsingar um tegundina í vörugagnagrunni eða með tengli að vörugagnagrunninum og upplýsingum um hvernig eigi að finna tegundarauðkenni vörunnar.

III. VIÐAUKI

Mæliaðferðir og útreikningar

Í þeim tilgangi að uppfylla kröfur þessarar reglugerðar og til sannprófunar á því að kröfur þessarar reglugerðar séu uppfylltar skal, við mælingar og útreikninga, nota samhæfða staðla, eða aðrar áreiðanlegar, nákvæmar og samanburðarnákvæmar aðferðir þar sem tillit er tekið til almennt viðurkenndra aðferða sem byggjast á nýjustu tækni. Þær skulu vera í samræmi við ákvæðin sem sett eru fram hér á eftir. Tilvísunarnúmer þessara samhæfðu staðla hafa verið birt í þessum tilgangi í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*:

1. Almenn prófunarskilyrði:

a) fyrir kælitæki með hitara sem hindrar rakaþéttingu sem endanlegur notandi getur kveikt og slökkt á, skal kveikt á hitaranum og ef hann er stillanlegur skal hann stilltur á mesta hita og hann talinn með í árlegri orkunotkun (*AE*) sem dagleg orkunotkun (E_{daily}),

b) fyrir kælitæki með umhverfisstýrðum hiturum sem hindra rakaþéttingu, skal slökkva á umhverfisstýrðum rafmagnshiturum sem hindra rakaþéttingu eða þeir gerðir óvirkir með öðrum hætti, ef slíkt er hægt, meðan á mælingu orkunotkunar stendur,

c) fyrir kælitæki með skammtara sem endanlegur notandi getur kveikt eða slökkt á, skal kveikt á skammtaranum meðan á mælingu á orkunotkun stendur en hann ekki notaður,

d) meðan á mælingu á orkunotkun stendur skulu hólf með breytilegu hitastigi ganga á lægsta hitastiginu sem endanlegur notandi getur stillt svo þau haldist stöðugt á hitasviði, eins og sett er fram í töflu 3, þeirrar tegundar af hólfi sem er með lægsta hitastigið,

e) fyrir kælitæki sem hægt er að tengja við net, skal samskiptaeiningin virkjuð en þó er ekki þörf á að virkja tiltekna tegund samskipta eða gagnaskipta eða bæði meðan á mælingu á orkunotkun stendur. Á meðan prófun á orkunotkun stendur skal tryggja að einingin sé tengd við net,

f) að því er varðar frammistöðu svalahólfa:

   1) fyrir hólf með breytilegum hita sem flokkað er sem kælihólf eða svalahólf, skal orkunýtnistuðullinn (EEI) ákvarðaður fyrir hvert hitaskilyrði og hæsta gildi skal notað,

   2) svalahólf skal geta stýrt meðalhitastigi innan tiltekins sviðs án aðkomu notandans við að stilla og hægt er að sannreyna þetta á meðan prófunum á orkunotkun stendur við 16 °C and 32 °C umhverfishita,

g) að því er varðar hólf með stillanlegt rúmmál, þar sem endanlegur notandi getur stillt rúmmál beggja hólfa í hlutfalli við hvort annað, skal prófa orkunotkunina þegar rúmmál þess hólfs sem er með hærra markhitastig hefur verið aðlagað að lágmarksrúmmáli,

h) sértæk frystigeta er reiknuð sem 12 sinnum þyngdin á léttum farmi deilt með frystitímanum sem þarf til að færa hitastig létta farmsins frá +25 til -18 °C við umhverfishita upp á +25 °C, gefið upp í kg/12 klst. og námunduð með einum aukastaf (þyngd létta farmsins er 3,5 kg á 100 lítra af rúmmáli hólfsins í hólfum fyrir frosið og skal vera a.m.k. 2,0 kg),

i) að því er varðar ákvörðun á loftslagsflokkum nær upphafsstafaorðið fyrir umhverfishitasvið, þ.e. SN, N, ST eða T, yfir eftirfarandi:

   1) víkkaður tempraður loftslagsflokkur (SN) hefur hitasvið frá 10 °C til 32 °C,

   2) tempraður loftslagsflokkur (N) hefur hitasvið frá 16 °C til 32 °C,

   3) loftslagsflokkur sem varðar heittempruðu beltin (ST) hefur hitasvið frá 16 °C til 38 °C og

   4) hitabeltisloftslagsflokkur (T) hefur hitasvið frá 16 °C til 43 °C.

2. Geymsluskilyrði og markhitastig fyrir tegund hólfa:

í töflu 3 eru geymsluskilyrði og markhitastig fyrir tegund hólfa sett fram:

3. Ákvörðun árlegrar orkunotkunar:

a) Fyrir öll kælitæki, að undanskildum hljóðlátum kælitækjum:

Prófanirnar skulu gerðar við umhverfishita á bilinu 16 °C til 32 °C.

Til að ákvarða orkunotkun skal meðallofthiti í hverju hólfi vera jafn eða lægri en markhitastigið sem tilgreint er í töflu 3 fyrir hverja gerð hólfs samkvæmt fullyrðingum framleiðanda, innflytjanda eða viðurkennds fulltrúa. Nota má gildi sem eru yfir eða undir markhitastigum til að meta orkunotkun við markhitastig fyrir hvert viðeigandi hólf með innreikningi, eins og við á.

Helstu þættir orkunotkunar sem ákvarða skal eru:

— gildi fyrir aflnotkun í stöðugu ástandi (P_{ss}), gefin upp í vöttum og námunduð með einum aukastaf, hvert gildi við tiltekinn umhverfishita og hitastigamengi hólfa sem eru ekki endilega þau sömu og markhitastigin,

— dæmigerð viðbótarorkunotkun við affrystingu og endurkælingu ($\Delta E_{d\text{-}f}$) gefin upp í vattstundum og námunduð með einum aukastaf fyrir vörur með eitt eða fleiri sjálfvirk affrystingarkerfi (hvert og eitt með eigin affrystingarlotu) mælt við umhverfishita upp á 16 °C ($\Delta E_{d\text{-}f16}$) og 32 °C ($\Delta E_{d\text{-}f32}$),

— affrystingarbil ($t_{d\text{-}f}$), gefið uppí klst. og námundað með þremur aukastöfum, fyrir vörur með eitt eða fleiri affrystingarkerfi (hvert og eitt með eigin affrystingarlotu) mælt við umhverfishita upp á 16 °C ($\Delta E_{d\text{-}f16}$) og 32 °C ($\Delta E_{d\text{-}f32}$), skal ákvarðað fyrir hvert kerfi við tiltekið svið skilyrða,

— fyrir hvert próf sem framkvæmt er skal leggja gildin P_{ss} and $\Delta E_{d\text{-}f}$ saman til að mynda daglega orkunotkun við tiltekinn umhverfishita $E_T = 0{,}001 \times 24 \times (P_{ss} + \Delta E_{d\text{-}f}/t_{d\text{-}f})$, gefin upp í kWh/24 klst. sérstaklega fyrir þá stillingu sem notuð er,

— gildið E_{aux} gefið upp í kWh/á ári og námundað með þremur aukastöfum. gildið E_{aux} er takmarkað við umhverfisstýrða hitarann til að hindra rakaþéttingu og ákvarðað út frá aflnotkun hitarans við fjölda umhverfishita- og rakaskilyrða, margfaldað með líkunum á að þessi umhverfishita- og rakaskilyrði myndist og þau lögð saman og þessi niðurstaða er svo margfölduð með varmatapsstuðli í hólfinu til að taka tillit til þess að hiti leki inn í hólfið og þess að kælikerfið útrými honum í kjölfarið.

Tafla 3

Geymsluskilyrði og markhitastig fyrir tegund hólfa

Hópur	Gerðir hólfa	Athugasemd	Geymsluskilyrði		T_c
			T_{min}	T_{max}	
Heiti	*Heiti*	*nr.*	*°C*	*°C*	*°C*
Hólf fyrir ófrosið	Matarbúrhólf	(1)	+14	+20	+17
	Vínkælihólf	(2) (6)	+5	+20	+12
	Búrhólf	(1)	+2	+14	+12
	Kælihólf	(1)	0	+8	+4

Hópur	Gerðir hólfa	Athugasemd	Geymsluskilyrði		T_c
			T_{min}	T_{max}	
Heiti	*Heiti*	*nr.*	*°C*	*°C*	*°C*
Svalahólf	Svalahólf	(3)	-3	+3	+2
Hólf fyrir frosið	0-stjörnu og klakahólf	(4)	*á.e.v.*	0	0
	1-stjörnu	(4)	*á.e.v.*	-6	-6
	2-stjörnu	(4) (5)	*á.e.v.*	-12	-12
	3-stjörnu	(4) (5)	*á.e.v.*	-18	-18
	frystir (4-stjörnu)	(4) (5)	*á.e.v.*	-18	-18

Athugasemdir:

(1) T_{min} og T_{max} eru meðalgildi sem mæld eru á prófunartímabilinu (meðaltal yfir tíma fyrir hóp skynjara).

(2) Meðalfrávik á hitastigi á prófunartímabilinu fyrir hvern skynjara skal ekki vera meira en ± 0,5 kelvin (K). Á meðan affrystingar- og endurkælingartímabili stendur má meðaltal allra skynjara ekki hækka meira en 1,5 K yfir meðalgildi hólfsins.

(3) T_{min} og T_{max} eru augnabliksgildi á meðan prófunartímabilinu stendur.

(4) T_{max} er hámarksgildið sem mælt er á meðan prófunartímabilinu stendur (hámark til lengri tíma og tekur til hóps skynjara).

(5) Ef hólfið er með sjálfvirka affrystingu má hitastigið (skilgreint sem hámark allra skynjara) ekki hækka meira en 3,0 K á meðan affrystingar- og endurkælingartímabili stendur.

(6) gildin T_{min} og T_{max} eru meðalgildi sem mæld eru á prófunartímabilinu (meðaltal yfir tíma fyrir hvern skynjara) og skilgreina leyfilegt hámarkshitastigssvið.

á.e.v. = á ekki við

Hver þessara mæliþátta skal ákvarðaður með aðskildu prófi eða röð prófana. Meðalgildið er reiknað út frá gögnum úr mælingum á prófunartímabili eftir að tækið hefur starfað í tiltekinn tíma. Til að bæta skilvirkni prófunar skal lengd prófunartímabilsins ekki fastsett, en vera þannig að tækið sé í stöðugu ástandi á meðan á þessu prófunartímabili stendur. Þetta er sannreynt með því að bera saman öll gögn innan þessa prófunartímabils við stöðugleikakröfur og hvort hægt hafi verið að safna nægilegum gögnum í þessu stöðuga ástandi.

Árlega orkunotkun (*AE*), gefin upp í kWh/á ári og námunduð með tveimur aukastöfum, skal reiknuð út á eftirfarandi hátt:

$$AE = 365 \times E_{daily}/L + E_{aux}$$

með

— álagsstuðlinum L = 0,9 fyrir kælitæki sem aðeins eru með hólf fyrir frosið og L = 1,0 fyrir öll önnur tæki og

— gildinu E_{daily}, gefið upp í kWh/24 klst. og námundað með þremur aukastöfum reiknað út frá gildinu E_T við umhverfishita upp á 16 °C (E_{16}) og við umhverfishita upp á 32 °C (E_{32}) sem hér segir:

$$E_{daily} = 0{,}5 \times (E_{16} + E_{32})$$

þar sem gildin E_{16} og E_{32} eru fengin með innreikningi orkuprófunarinnar við markhitastigið sem sett er fram í töflu 3.

b) Fyrir hljóðlát kælitæki:

Orkunotkunin skal ákvörðuð eins og kveðið er á um í a-lið 3. liðar en við umhverfishita sem er 25 °C í stað 16 °C og 32 °C.

Gildið E_{daily}, gefið upp í kWh/24 klst. og námundað með þremur aukastöfum fyrir útreikning á árlegri orkunotkun (*AE*) er þá sem hér segir:

$$E_{daily} = E_{25}$$

þar sem gildið E_{25} er E_T við umhverfishita upp á 25 °C og reiknað út með innreikningi á orkuprófunum við þau markhitastig sem skráð eru í töflu 3.

4. Ákvörðun staðlaðrar árlegrar orkunotkunar (*SAE*):

a) Fyrir öll kælitæki:

Árleg orkunotkun, gefin upp í kWh/á ári og námunduð með tveimur aukastöfum, er reiknuð út á eftirfarandi hátt:

$$SAE = C \times D \times \sum_{c=1}^{n} A_c \times B_c \times [V_c/V] \times (N_c + V \times r_c \times S_c)$$

þar sem

— c er skrárnúmer fyrir gerð hólfs á bilinu 1 til n þar sem n er heildarfjöldi gerða hólfa,

— V_c gefið upp í dm^3 eða lítrum og námundað með einum aukastaf er rúmmál hólfs,

— V gefið upp í dm^3 eða lítrum og námundað að næstu heilu tölu er heildarrúmmálið með $V \leq \sum_{c=1}^{n} V_c$,

— r_c, N_c, M_c og C eru mæliþættir reiknilíkans sem eiga sérstaklega við um hvert hólf með gildi eins og sett eru fram í töflu 4 og

— A_c, B_c og D eru jöfnunarstuðlar með gildi eins og sett eru fram í töflu 5.

Við útreikning á ofangreindu, að því er varðar hólf með breytilegum hita, skal velja þá gerð hólfa sem eru með lægsta markhita sem talinn er henta hólfinu.

b) Mæliþættir reiknilíkans fyrir gerð hólfs fyrir útreikning á staðlaðri, árlegri orkunotkun:

Mæliþættir reiknilíkansins eru settir fram í töflu 4,

Tafla 4

Gildi mæliþátta reiknilíkans fyrir gerð hólfa

Gerð hólfs	r_c (a)	N_c	M_c	C
Matarbúrhólf	0,35	75	0,12	milli 1,15 og 1,56 fyrir samsett tæki með 3- eða 4-stjörnu hólfum (b) 1,15 fyrir önnur samsett tæki, 1,00 fyrir önnur kælitæki
Vínkælihólf	0,60			
Búrhólf	0,60			
Kælihólf	1,00			
Svalahólf	1,10	138	0,12	
0-stjörnu og klakahólf	1,20	138	0,15	
1-stjörnu	1,50			
2-stjörnu	1,80			
3-stjörnu	2,10			
Frystir (4-stjörnu)	2,10			

(a) $r_c = (T_a - T_c)/20$, *með* T_a = 24 °C og T_c með gildi eins og sett er fram í töflu 3.

(b) C fyrir samsett tæki með 3- eða 4-stjörnu hólf er ákvarðað sem hér segir:
þar sem *frzf* er rúmmálið V_{fr} í 3- eða 4- stjörnu hólfum sem hluti af V með *frzf* = V_{fr}/V:
— ef *frzf* ≤ 0,3 þá $C = 1,3 + 0,87 \times frzf$;
— annars ef 0,3 < *frzf* < 0,7 þá $C = 1,87 - 1,0275 \times frzf$,
— annars C = 1,15.

c) Jöfnunarstuðlar fyrir gerð hólfa í útreikningi á staðlaðri, árlegri orkunotkun:

Jöfnunarstuðlar eru settir fram í töflu 5.

Tafla 5

Gildi jöfnunarstuðla eftir gerð hólfa

Gerð hólfa	A_c		B_c		D			
	Handvirk affrysting	Sjálfvirk affrysting	Frístandandi tæki	Innbyggt tæki	≤ 2 ([a])	3 ([a])	4 ([a])	> 4 ([a])
Matarbúrhólf	1,00		1,00	1,02	1,00	1,02	1.035	1,05
Vínkælihólf								
Búrhólf								
Kælihólf								
Svalahólf				1,03				
0-stjörnu og klakahólf	1,00	1,10		1,05				
1-stjörnu								
2-stjörnu								
3-stjörnu								
Frystir (4-stjörnu)								

([a]) fjöldi ytri hurða eða hólfa, eftir því hvor fjöldinn er lægri.

5. Ákvörðun orkunýtnistuðuls:

Orkunýtnistuðullinn skal gefinn upp sem hundraðshluti og námundaður með einum aukastaf, reiknaður út sem hér segir:

$$EEI = AE/SAE.$$

IV. VIÐAUKI

Sannprófunaraðferð vegna markaðseftirlits

Vikmörk sannprófana, sem sett eru fram í þessum viðauka, eiga aðeins við um sannprófun yfirvalda aðildarríkis á mældum mæliþáttum og skal framleiðandi, innflytjandi eða viðurkenndur fulltrúi ekki nota þá sem leyfileg vikmörk til að ákvarða gildin, sem gefin eru upp í tæknigögnunum, eða við túlkun þessara gilda, með það fyrir augum að ná fram samræmi eða til að sýna fram á betri frammistöðu með einhverjum hætti.

Ef tegund hefur verið hönnuð til að geta greint að verið sé að prófa hana (t.d. með því að bera kennsl á prófunarskilyrðin eða prófunarlotuna) og að bregðast sérstaklega við með því að breyta sjálfkrafa frammistöðu sinni á meðan prófun stendur í þeim tilgangi að ná hagstæðari gildum fyrir einhvern þeirra mæliþátta sem tilgreindir eru í þessari reglugerð eða í tæknigögnunum eða í einhverjum af þeim gögnum sem fylgja með, telst tegundin og allar jafngildar tegundir ekki uppfylla kröfurnar.

Við sannprófun á því hvort tegund vöru uppfylli kröfurnar, sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð skv. 2. mgr. 3. gr. tilskipunar 2009/125/EB, skulu yfirvöld aðildarríkjanna beita eftirfarandi aðferð að því er varðar kröfurnar sem um getur í II. viðauka:

1. Yfirvöld aðildarríkis skulu sannprófa staka einingu af tegundinni.

2. Tegundin skal teljast uppfylla viðeigandi kröfur að því tilskildu að:

   a) gildin, sem gefin eru upp í tæknigögnum skv. 2. lið IV. viðauka við tilskipun 2009/125/EB (yfirlýst gildi), og, eftir atvikum, gildin, sem notuð eru til að reikna út þessi gildi, séu ekki hagstæðari fyrir framleiðandann, innflytjandann eða viðurkennda fulltrúann en niðurstöður samsvarandi mælinga, sem gerðar eru samkvæmt g-lið í téðum lið og

   b) yfirlýstu gildin uppfylli allar kröfurnar, sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð, og allar tilskildar vöruupplýsingar, sem framleiðandinn, innflytjandinn eða viðurkenndi fulltrúinn birtir, innihaldi ekki gildi, sem eru hagstæðari fyrir framleiðandann, innflytjandann eða viðurkennda fulltrúann en yfirlýstu gildin og

   c) þegar yfirvöld aðildarríkis prófa einingu af tegundinni sannprófi þau hvort framleiðandinn, innflytjandinn eða viðurkenndi fulltrúinn hafi komið á fót kerfi sem uppfyllir kröfurnar í annarri málsgrein 6. greinar og

   d) þegar yfirvöld aðildarríkis prófa einingu af tegundinni uppfylli hún virknikröfurnar í a- til f-lið í 2. lið II. viðauka og kröfurnar um auðlindanýtni í 3. lið II. viðauka og

   e) þegar yfirvöld aðildarríkis prófa einingu af tegundinni, uppfylli hún ákvörðuð gildi (gildi viðeigandi mæliþátta, eins og þau mælast við prófanir, og gildin sem eru reiknuð út frá þessum mælingum) viðkomandi vikmörk sannprófana sem sett eru fram í töflu 6.

3. Ef niðurstöðurnar, sem um getur í a-, b-, c- eða d-lið 2. liðar, fást ekki telst tegundin og allar sambærilegar tegundir ekki uppfylla ákvæði þessarar reglugerðar.

4. Ef niðurstöðurnar, sem um getur í e-lið 2. liðar, fást ekki skulu yfirvöld aðildarríkis velja þrjár viðbótareiningar af sömu tegund til prófunar. Að öðrum kosti mega þessar þrjár viðbótareiningar vera af einni eða fleiri sambærilegum tegundum.

5. Tegundin skal teljast uppfylla viðeigandi kröfur ef meðaltal þessara ákvörðuðu gilda fyrir einingarnar þrjár uppfyllir viðkomandi vikmörk sannprófana sem eru tilgreind í töflu 6.

6. Ef niðurstaðan sem um getur í 5. lið fæst ekki telst tegundin og allar sambærilegar tegundir ekki uppfylla ákvæði þessarar reglugerðar.

7. Yfirvöld aðildarríkis skulu gefa yfirvöldum annarra aðildarríkja og framkvæmdastjórninni allar viðeigandi upplýsingar, án tafar, eftir að ákvörðun um að tegundin uppfylli ekki ákvæði 3. eða 6. liðar liggur fyrir.

Yfirvöld aðildarríkis skulu nota mæli- og reikningsaðferðirnar sem settar eru fram í III. viðauka.

Yfirvöld aðildarríkis skulu eingöngu beita vikmörkum sannprófana, sem sett eru fram í töflu 6 og eingöngu beita aðferðinni, sem lýst er í 1.–7. lið, að því er varðar kröfurnar sem settar eru fram í þessum viðauka. Öðrum vikmörkum, á borð við þau sem eru sett fram í samhæfðum stöðlum eða einhverri annarri mæliaðferð, skal ekki beitt að því er varðar mæliþættina í töflu 6.

Tafla 6

Vikmörk við sannprófun

Mæliþættir	Vikmörk við sannprófun
Heildarrúmmál og rúmmál hólfs	Ákvarðað gildi ([a]) skal ekki vera meira en 3% eða 1 lítra lægra — hvort heldur gildið er hærra — en yfirlýst gildi.
Frystigeta	Ákvarðað gildi ([a]) skal ekki vera meira en 10% lægra en yfirlýst gildi.
E_{16}, E_{32}	Ákvarðað gildi ([a]) skal ekki vera meira en 10% hærra en yfirlýst gildi.
E_{aux}	Ákvarðað gildi ([a]) skal ekki vera meira en 10% hærra en yfirlýst gildi.
Árleg orkunotkun	Ákvarðað gildi ([a]) skal ekki vera meira en 10% hærra en yfirlýst gildi.
Innra rakastig í vínkælum (%)	Ákvarðað gildi ([a]) skal ekki víkja frá takmörkum bilsins sem mælt er fyrir um um meira en 10%.
Hávaðamengun sem berst í lofti	Ákvarðað gildi ([a]) skal ekki vera meira en 2 dB(A) við 1 pW meira en yfirlýst gildi.

([a]) ef þrjár viðbótareiningar eru prófaðar, eins og mælt er fyrir um í 4. lið, er ákvarðað gildi meðaltal gildanna sem ákvörðuð eru fyrir þessar þrjár viðbótareiningar.

V. VIÐAUKI

Viðmiðanir

Við gildistöku þessarar reglugerðar var besta, fáanlega tækni á markaðinum hvað varðar orkunýtnistuðul og hávaða kælitækja með tilliti til orkunýtnistuðuls þeirra og hávaðamengun sem berst í lofti skilgreind eins og lýst er hér á eftir.

Tölurnar hér á eftir voru fengnar með því að nota einfaldaðan umreikning frá orkunýtnistuðlunum eins og ákvarðað er samkvæmt reglugerð (EB) nr. 643/2009. Tölurnar innan sviga tilgreina gildin fyrir orkunýtnistuðulinn eins og ákvarðað er samkvæmt (EB) nr. 643/2009.

Kælitæki:

Kælitæki sem er sérstaklega fyrir fersk matvæli („kæliskápur“):

Stór:	EEI = 57% [18%],	V = 309 lítrar	AE = 70 kWh/á ári
Borðtæki:	EEI = 63% [22%],	V = 150 lítrar	AE = 71 kWh/á ári

Vínkælar:

Einangruð ytri hurð:	EEI = 113% [33%],	V = 499 lítrar	AE = 111 kWh/á ári
Gegnsæ hurð:	EEI = 140% [42%],	V = 435 lítrar	AE = 133 kWh/á ári

Kæliskápur/frystir:

EEI = 59% [18%],	V = 343 lítrar (223/27/93 lítrar fyrir kælihólf/svalahólf/ frystihólf),	AE = 146 kWh/á ári

Frystir:

Lítill skápur:	EEI = 52% [20%],	V = 103 lítrar	AE = 95 kWh/á ári
Meðalstór skápur:	EEI = 63% [22%],	V = 206 lítrar	AE = 137 kWh/á ári
Kista:	EEI = 55% [22%],	V = 230 lítrar	AE = 116 kWh/á ári

Hljóðlátasta tegundin sem skráð er (af öllum tegundum) 34-35 dB(A) við 1 pW

Hljóðlátt kælitæki (kælitæki sem ætlað er sem búrkælitæki eða matarbúrkælitæki)

Einangruð ytri hurð:	EEI = 233% [73%],	V = 30 lítrar	AE = 182 kWh/á ári
Gegnsæ hurð:	EEI = 330% [102%],	V = 40 lítrar	AE = 255 kWh/á ári

Hljóðlát tæki ættu samkvæmt núverandi prófunarstöðlum að búa yfir minni hávaðamengun sem berst í lofti en 15 dB(A) við 1 pW

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2019/2020 **2023/EES/63/42**

frá 1. október 2019

um kröfur varðandi visthönnun ljósgjafa og aðskilins stýribúnaðar samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/125/EB og um niðurfellingu á reglugerðum framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 244/2009, (EB) nr. 245/2009 og (ESB) nr. 1194/2012 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af 114. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/125/EB frá 21. október 2009 um ramma til að setja fram kröfur varðandi visthönnun að því er varðar orkutengdar vörur ([1]), einkum 1. mgr. 15. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Samkvæmt tilskipun 2009/125/EB ætti framkvæmdastjórnin að setja kröfur varðandi visthönnun að því er varðar orkutengdar vörur sem eru umtalsverður hluti sölu og viðskipta í Sambandinu, og sem hafa veruleg umhverfisáhrif og búa yfir miklum möguleikum á að draga úr umhverfisáhrifum með vali á hönnun, án þess að það hafi í för með sér óhóflegan kostnað.

2) Í vinnuáætluninni um visthönnun 2016-2019 ([2]), sem framkvæmdastjórnin tók saman við beitingu 1. mgr. 16. gr. tilskipunar 2009/125/EB, eru tilgreind forgangsverkefni samkvæmt rammanum um visthönnun og orkumerkingar fyrir tímabilið 2016-2019. Í vinnuáætluninni eru tilgreindir orkutengdir vöruflokkar sem teljast forgangsmál í tengslum við framkvæmd undirbúningsrannsókna og endanlega samþykkt framkvæmdarráðstafana, sem og endurskoðun á núverandi reglugerðum.

3) Áætlað er að aðgerðir vinnuáætlunarinnar gætu samtals skilað endanlegum árlegum orkusparnaði sem nemur meira en 260 TWh árið 2030, sem jafngildir því að dregið sé úr losun gróðurhúsalofttegunda sem nemur u.þ.b. 100 milljónum tonna á ári árið 2030. Lýsing er einn þeirra vöruflokka sem tilgreindir eru í vinnáætluninni með áætlaðan árlegan orkusparnað sem nemur 41,9 TWh árið 2030.

4) Framkvæmdastjórnin setti fram kröfur varðandi visthönnun á vörum til lýsingar í reglugerðum framkvæmdastjórnarinnar nr. 244/2009 ([3]), (EB) nr. 245/2009 ([4]) og (ESB) nr. 1194/2012 ([5]). Samkvæmt þeim reglugerðum ætti framkvæmdastjórnin að endurskoða þær í ljósi tækniframfara.

5) Framkvæmdastjórnin hefur endurskoðað þessar reglugerðir og gert tækni-, umhverfis- og efnahagsgreiningu á vörum til lýsingar sem og greiningu á hegðun raunverulegs notanda. Endurskoðunin fór fram í nánu samstarfi við hagsmunaaðila og hlutaðeigandi aðila frá Sambandinu og þriðju löndum. Niðurstöður endurskoðunarinnar voru gerðar opinberar og kynntar á samráðsvettvanginum um visthönnun, sem komið var á fót með 18. gr. tilskipunar 2009/125/EB.

6) Endurskoðunin sýnir ávinninginn af því að uppfæra kröfurnar fyrir vörur til lýsingar og ávinninginn af að einfalda kröfurnar sem beita skal varðandi vörur til lýsingar, einkum með því að hafa eina reglugerð fyrir þennan vöruflokk. Þetta er í samræmi við stefnu framkvæmdastjórnarinnar sem kallast „bætt reglusetning“ og ætti að draga út stjórnsýsluálagi fyrir framleiðendur og innflytjendur og greiða fyrir sannprófunum af hálfu markaðseftirlitsyfirvalda, m.a. með því að skilgreina betur gildissvið og undanþágur, með því að fækka mæliþáttum fyrir samræmisprófanir og stytta tímann fyrir tilteknar prófunaraðferðir.

7) Í samræmi við endurskoðunina ættu í stórum dráttum allar vörur til lýsingar, sem heyra undir gildissvið hinna þriggja núverandi reglugerða, að falla undir þessa reglugerð. Enn fremur ætti að setja fram samræmda reiknireglu til að reikna út orkunýtni slíkra vara til lýsingar.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 315, 5.12.2019, bls. 209. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 154/2023 frá 13. Júní 2023 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) og IV. viðauka (Orka) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 285, 31.10.2009, bls. 10.

([2]) COM(2016) 773, lokagerð, 30.11.2016.

([3]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 244/2009 frá 18. mars 2009 um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2005/32/EB að því er varðar kröfur varðandi visthönnun óstefnuvirkra ljósapera til heimilisnota (Stjtíð. ESB L 76, 24.3.2009, bls. 3).

([4]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 245/2009 frá 18. mars 2009 um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2005/32/EB að því er varðar kröfur varðandi visthönnun flúrpera án innbyggðrar straumfestu, háþrýstra úrhleðslupera og varðandi straumfestur og lampa fyrir slíkar ljósaperur og um niðurfellingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/55/EB (Stjtíð. ESB L 76, 24.3.2009, bls. 17).

([5]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1194/2012 frá 12. desember 2012 um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/125/EB að því er varðar kröfur varðandi visthönnun stefnuvirkra ljósapera, ljósdíóðupera og tengds búnaðar (Stjtíð. ESB L 342, 14.12.2012, bls. 1).

8) Árleg raforkunotkun vara sem falla undir þessa reglugerð í Sambandinu var áætluð 336 TWh á árinu 2015. Þetta nemur 12,4% af heildarnotkun rafmagns aðildarríkjanna 28 og samsvarar losun gróðurhúsalofttegunda sem nemur 132 milljónum tonna af koltvísýringsígildum. Búist er við að áætluð orkunotkun vara til lýsingar verði orðin minni, miðað við óbreyttar aðstæður, árið 2030. Hins vegar er þess vænst að hægar dragi úr henni nema núverandi kröfur varðandi visthönnun verði uppfærðar.

9) Þeir umhverfisþættir vara til lýsingar sem taldir eru mikilvægir hvað þessa reglugerð varðar eru orkunotkun á notkunartímanum ásamt kvikasilfursinnihaldi.

10) Notkun hættulegra efna, þ.m.t. kvikasilfurs í ljósgjöfum, fellur undir tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/65/ESB ([6]). Ekki ætti að setja sértækar kröfur um visthönnun varðandi kvikasilfursinnihald í þessari reglugerð.

11) Í orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar um hringrásarhagkerfið ([7]) og vinnuáætluninni er lögð áhersla á mikilvægi þess að nota rammann um visthönnun til að styðja skipti yfir í auðlindanýtnara hringrásarhagkerfi. Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2012/19/ESB ([8]) vísar til tilskipunar 2009/125/EB og bent á að kröfur um visthönnun ættu að auðvelda endurnotkun, sundurhlutun og endurnýtingu raf- og rafeindabúnaðarúrgangs með því að bregðast við vandamálum á fyrri stigum. Tilskipunin um raf- og rafeindabúnaðarúrgang setur fram kröfur um sérstaka söfnun og endurvinnslu vara til lýsingar með nýjum ákvæðum frá ágúst 2018. Þessi reglugerð ætti því ekki að mæla fyrir um frekari kröfur varðandi þetta. Á sama tíma styður reglugerðin að hægt sé að gera við vörur sem innihalda ljósgjafa.

12) Í ljósi þess að nauðsynlegt er að stuðla að hringrásarhagkerfi og áframhaldandi staðlasetningu varðandi efnisnýtni í tengslum við orkutengdar vörur, ætti staðlasetning í framtíðinni einnig að taka til einingaskiptingar í ljósdíóðuvörum til lýsingar, þ.m.t. þátta svo sem ljósstreymis, tíðnirófs geislunar og ljósdreifingar.

13) Mæla ætti fyrir um sértækar kröfur fyrir raforkuþörf vara til lýsingar í reiðuham og nettengdum reiðuham. Því ættu kröfur reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1275/2008 ([9]) ekki að gilda um vörur til lýsingar sem falla undir gildissvið þessarar reglugerðar.

14) Lögboðnar kröfur varðandi visthönnun gilda um vörur sem settar eru á markað í Sambandinu óháð því hvar þær eru settar upp eða notaðar og því ætti ekki að gera slíkar kröfur háðar notkun vörunnar.

15) Gera ætti undanþágur frá kröfunum sem settar eru fram í þessari reglugerð fyrir ljósgjafa með sérstaka tæknilega eiginleika sem nota skal í ákveðnum tilgangi, þ.m.t. notkun sem varðar heilbrigði og öryggi og þar sem staðgöngukostir með aukinni orkunýtni eru ekki tiltækir eða ekki kostnaðarhagkvæmir.

16) Mæla ætti viðeigandi mæliþætti vara með áreiðanlegum, nákvæmum og samanburðarnákvæmum mæliaðferðum. Þessar mæliaðferðir ættu að taka tillit til viðurkenndra mæliaðferða sem byggja á nýjustu og fullkomnustu tækni og, þar sem þeir liggja fyrir, samhæfðra staðla sem samþykktir hafa verið af evrópskum staðlastofnunum, sem taldar eru upp í I. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1025/2012 ([10]).

([6]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/65/ESB frá 8. júní 2011 um takmarkanir á notkun tiltekinna, hættulegra efna í rafbúnaði og rafeindabúnaði (Stjtíð. ESB L 174, 1.7.2011, bls. 88).

([7]) COM/2015/0614, lokagerð, 2.12.2015.

([8]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2012/19/ESB frá 4. júlí 2012 um raf- og rafeindabúnaðarúrgang (Stjtíð. ESB L 197, 24.7.2012, bls. 38).

([9]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1275/2008 frá 17. desember 2008 um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2005/32/EB að því er varðar kröfur varðandi visthönnun raf- og rafeindatækja til heimilis- og skrifstofunota með tilliti til aflþarfar þeirra í reiðuham og þegar slökkt er á þeim sem og í nettengdum reiðuham (Stjtíð. ESB L 339, 18.12.2008, bls. 45).

([10]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1025/2012 frá 25. október 2012 um evrópska stöðlun og breytingu á tilskipunum ráðsins 89/686/EBE og 93/15/EBE og tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 94/9/EB, 94/25/EB, 95/16/EB, 97/23/EB, 98/34/EB, 2004/22/EB, 2007/23/EB, 2009/23/EB og 2009/105/EB og niðurfellingu á ákvörðun ráðsins 87/95/EBE og ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1673/2006/EB (Stjtíð. ESB L 316, 14.11.2012, bls. 12).

17) Í samræmi við 8. gr. tilskipunar 2009/125/EB ætti í þessari reglugerð að tilgreina gildandi aðferðir við samræmismat.

18) Til að auðvelda eftirlit með því að kröfur séu uppfylltar ættu framleiðendur, innflytjendur eða viðurkenndir fulltrúar að veita upplýsingarnar sem tilgreindar eru í tækniskjölunum sem um getur í IV. og V. viðauka við tilskipun 2009/125/EB, að því marki sem þær tengjast kröfunum sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð. Mæliþættir tæknigagnanna í samræmi við þessa reglugerð sem eru nákvæmlega eins og mæliþættir vöruupplýsingablaðsins í samræmi við framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/2015 ([11]) og hafa verið færðir inn í vörugagnagrunninn sem komið var á fót með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/1369 ([12]) ættu ekki lengur að vera hluti af tæknigögnum þessarar reglugerðar.

19) Í þessari reglugerð ætti að tilgreina gildi vikmarka fyrir mæliþætti lýsingar að teknu tilliti til aðferðarinnar við að gefa upp upplýsingar sem mælt er fyrir um í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/2282 ([13]).

20) Til að auka skilvirkni þessarar reglugerðar og til að vernda neytendur ætti að banna vörur sem breyta frammistöðu sinni sjálfkrafa við prófunarskilyrði til að bæta tilgreinda mæliþætti.

21) Til viðbótar við þær lagalega bindandi kröfur sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð ætti, í samræmi við 2. lið 3. hluta I. viðauka við tilskipun 2009/125/EB, að veita leiðbeinandi viðmiðanir um bestu, aðgengilegu tækni til að tryggja víðtækan og greiðan aðgang að upplýsingum um vistvænleika á vistferli vara sem falla undir þessa reglugerð.

22) Við endurskoðun á þessari reglugerð ætti að meta hversu viðeigandi og skilvirk ákvæði hennar eru til þess að ná tilskildum markmiðum. Endurskoðunin ætti að fara fram þegar öllum ákvæðum hefur verið hrint í framkvæmd og þau hafa haft merkjanleg áhrif á markaðinn.

23) Því ætti að fella reglugerðir (EB) nr. 244/2009, (EB) nr. 245/2009 og (ESB) nr. 1194/2012 úr gildi.

24) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót með 1. mgr. 19. gr. tilskipunar 2009/125/EB.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Efni og gildissvið

1. Með þessari reglugerð eru settar fram kröfur varðandi visthönnun að því er varðar að setja á markað

a) ljósgjafa,

b) aðskilinn stýribúnað.

Kröfurnar gilda einnig um ljósgjafa og aðskilinn stýribúnað sem settir eru á markað í umlykjandi vöru.

2. Þessi reglugerð skal ekki gilda um ljósgjafa og aðskilinn stýribúnað sem tilgreindir eru í 1. og 2. lið III. viðauka.

([11]) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/2015 frá 11. mars 2019 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/1369 að því er varðar orkumerkingar ljósgjafa og um niðurfellingu á framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 874/2012 (Stjtíð. ESB L 315, 5.12.2019, bls. 68).

([12]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/1369 frá 4. júlí 2017 um setningu ramma fyrir orkumerkingar og um niðurfellingu tilskipunar 2010/30/ESB (Stjtíð. ESB L 198, 28.7.2001, bls. 1).

([13]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/2282 frá 30. nóvember 2016 um breytingu á reglugerðum (EB) nr. 1275/2008, (EB) nr. 107/2009, (EB) nr. 278/2009, (EB) nr. 640/2009, (EB) nr. 641/2009, (EB) nr. 642/2009, (EB) nr. 643/2009, (ESB) nr. 1015/2010, (ESB) nr. 1016/2010, (ESB) nr. 327/2011, (ESB) nr. 206/2012, (ESB) nr. 547/2012, (ESB) nr. 932/2012, (ESB) nr. 617/2013, (ESB) nr. 666/2013, (ESB) nr. 813/2013, (ESB) nr. 814/2013, (ESB) nr. 66/2014, (ESB) nr. 548/2014, (ESB) nr. 1253/2014, (ESB) 2015/1095, (ESB) 2015/1185, (ESB) 2015/1188, (ESB) 2015/1189 og (ESB) 2016/2281 að því er varðar beitingu vikmarka í sannprófunaraðferðum (Stjtíð. ESB L 346, 20.12.2016, bls. 51).

3. Ljósgjafar og aðskilinn stýribúnaður sem tilgreindir eru í 3. lið III. viðauka skulu aðeins uppfylla kröfurnar í e-lið 3. liðar II. viðauka.

2. gr.

Skilgreiningar

Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1) „ljósgjafi“: rafknúin vara sem ætlað er að gefa frá sér ljós eða, ef ljósgjafinn er ekki glóðarpera, sem hægt er að stilla til að gefa frá sér ljós, eða bæði, með öllum eftirfarandi ljósfræðilegu eiginleikum:

   a) liskuhnit x og y á sviðinu

      $0{,}270 < x < 0{,}530$ og

      $-2{,}3172\ x^2 + 2{,}3653\ x\ -0{,}2199 < y < -2{,}3172\ x^2 + 2{,}3653\ x\ -0{,}1595$,

   b) ljósstreymi < 500 lúmen á hvern mm^2 yfirborðs flatar sem varpar ljósi eins og skilgreint er í I. viðauka,

   c) ljósstreymi á milli 60 og 82 000 lúmen,

   d) litendurgjafarstuðull (CRI) > 0,

   sem notast við glóð, flúrljómun, háþrýsta úrhleðslu, ólífrænar ljósdíóður (LED) eða lífrænar ljósdíóður (OLED) eða samsetningar þeirra sem lýsingartækni og sem hægt er að sannreyna sem ljósgjafa samkvæmt aðferðinni í IV. viðauka.

   Háþrýstir natríumljósgjafar (HPS) sem ekki uppfylla skilyrði a) teljast ljósgjafar að því er varðar þessa reglugerð.

   Eftirfarandi teljast ekki ljósgjafar:

   a) ljósdíóðukubbar eða ljósdíóðuflögur,

   b) ljósdíóðuhylki,

   c) vörur sem innihalda ljósgjafa sem hægt er að fjarlægja úr þeim til sannprófunar,

   d) hlutar sem gefa frá sér ljós sem eru í ljósgjafa sem ekki er hægt að fjarlægja úr ljósgjafanum til að sannprófa sem ljósgjafa,

2) „stýribúnaður“: eitt eða fleiri tæki sem eru felld efnislega inn í ljósgjafa eða ekki, ætluð til að umbreyta rafmagni frá rafveitu yfir í það form sem þörf er á í einum eða fleiri tilteknum ljósgjöfum innan þeirra jaðarskilyrða sem sett eru vegna rafmagnsöryggis og rafsegulsviðssamhæfis. Þetta getur falist í því að breyta fæði- og kveikispennu, takmarka notkunar- og forhitunarstraum, koma í veg fyrir kaldræsingu, leiðrétta aflstuðul og/eða draga úr radíótruflun.

   Hugtakið „stýribúnaður“ tekur ekki til aflgjafa innan gildissviðs reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 278/2009 ([14]). Hugtakið nær heldur ekki yfir hluta stýribúnaðar lýsingar og hluta sem hafa ekki með lýsingu að gera (eins og skilgreint er í I. viðauka), þótt slíkur búnaður kunni að vera felldur efnislega inn í stýribúnað eða markaðsettur með honum sem ein vara.

   Íðnetsaflrofi er ekki stýribúnaður í skilningi þessarar reglugerðar. „Íðnetsaflrofi“ eða „PoE-rofi“: búnaður fyrir aflgjafa og meðhöndlun gagna sem settur er upp á milli dreifinetsins og skrifstofubúnaðarins og/eða ljósgjafa í þeim tilgangi að flytja gögn og veita afl,

([14]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 278/2009 frá 6. apríl 2009 um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2005/32/EB að því er varðar kröfur varðandi visthönnun ytri aflgjafa með tilliti til aflþarfar þeirra í lausagangi og meðalnýtni við álag (Stjtíð. ESB L 93, 7.4.2009, bls. 3).

3) „aðskilinn stýribúnaður“: stýribúnaður sem er ekki felldur efnislega inn í ljósgjafa og er settur á markað sem aðskilin vara eða sem hluti af umlykjandi vöru,

4) „umlykjandi vara“: vara sem inniheldur einn eða fleiri ljósgjafa eða aðskilinn stýribúnað eða bæði. Dæmi um umlykjandi vörur eru lampar sem hægt er að taka í sundur svo hægt sé að framkvæma aðskilda sannprófun á umlykjandi ljósgjafa (ljósgjöfum), heimilistæki sem innihalda ljósgjafa, húsgögn (hillur, speglar, útstillingarskápar) sem innihalda ljósgjafa. Ef ekki er hægt að taka umlykjandi vöru í sundur til að sannprófa ljósgjafann og aðskilda stýribúnaðinn skal hún í heild teljast ljósgjafi,

5) „ljós“: rafsegulgeislun með bylgjulengd milli 380 nm og 780 nm,

6) „rafveita“ eða „rafveituspenna“: raforkudreifing við 230 (± 10%) volta riðstraum við 50 Hz,

7) „ljósdíóðukubbur“ eða „ljósdíóðuflaga“: lítill kubbur úr hálfleiðandi efni sem gefur frá sér ljós og virk ljósdíóðurás er byggð á,

8) „ljósdíóðupakki“: stakur rafhluti sem samanstendur fyrst og fremst af a.m.k. einum ljósdíóðukubb. Í honum er ekki stýribúnaður eða hlutar stýribúnaðar, sökkull eða rafeindaíhlutir og hann er ekki beintengdur rafveitunni. Í ljósdíóðupakka getur verið eitt eða fleira af eftirfarandi: optískir hlutir, ljósbreytir (ljómefni), varmafræðilegir, aflrænir og rafrænir skilfletir eða hlutar til að taka á rafstöðuafhleðslu. Allur búnaður sem gefur frá sér ljós sem er ætlaður til notkunar beint í ljósdíóðulampa er talinn vera ljósgjafi.

9) „liska“: eiginleiki litörvunar sem skilgreindur er með liskuhnitum (x og y),

10) „ljósstreymi“ eða „streymi“ (Φ): stærð, gefin upp í lúmenum (lm), sem leidd er af geislunarstreymi (geislunarafli) með mati á rafsegulgeislun samkvæmt litrófsnæmi mannsaugans. Það vísar til þess heildarstreymis sem ljósgjafi gefur frá sér í rúmhorni sem nemur 4π steradíönum við skilyrði (t.d. straum, spennu, hitastig) sem tilgreind eru í viðeigandi stöðlum. Það vísar til upphaflegs streymis fyrir ljósgjafa sem ekki eru deyfðir eftir stuttan notkunartíma nema tilgreint sé með skýrum hætti að ætlað sé að streymið sé við deyfð skilyrði eða notkunartími sé tiltekinn. Að því er varðar ljósgjafa sem hægt er að stilla til að gefa frá sér mismunandi ljósróf og/eða mismunandi hámarksljósstyrk, vísar það til streymisins í „viðmiðunar-stillingunum“, eins og skilgreint er í I. viðauka,

11) „litendurgjafarstuðull“ (CRI): mælistika sem magngreinir áhrif ljósgjafa á hvernig litur hlutar er skynjaður með meðvituðum eða ómeðvituðum samanburði við lit hlutarins undir viðmiðunarljósgjafa og er meðaltal litendurgjafar (Ra) fyrstu átta prófunarlitana (R1-R8) sem skilgreindir eru í stöðlum,

12) „glóð“: það fyrirbæri þegar ljós er myndað úr hita, í ljósgjöfum er það yfirleitt myndað með þráðlaga leiðara („glóðar-þræði“) sem er hitaður með því að leiða rafstraum í gegnum hann,

13) „halógenljósgjafi“ ljósgjafi með glóðarperu með þráðlaga leiðara úr volframi sem er umlukinn lofttegund sem inniheldur halógen eða halógensambönd,

14) „flúrljómi“ eða „flúrljósgjafi“ (FL): það fyrirbæri eða ljósgjafi sem notast við úrhleðslu lofttegundar fyrir tilstilli lágþrýstrar kvikasilfursúrhleðslu þar sem mesta ljósið kemur frá einu eða fleiri lögum af ljómefnum sem eru örvuð með útfjólublárri geislun frá úrhleðslunni. Flúrljósgjafar geta verið með einni („einum sökkli“) eða tveimur („tveim sökklum“) tengingum („sökklum“) við rafveitu þeirra. Að því er varðar þessa reglugerð teljast segulspanljósgjafar einnig flúrljós-gjafar,

15) „háþrýst úrhleðsla“: (HID) gasúrhleðsla þar sem vegghitastig gerir ljósbogann stöðugri og veldur álagi á móti og í gegnum vegg úrhleðslupípunnar sem er meira en 3 W á fersentimetra. Ljósgjafar með háþrýsta úrhleðslu takmarkast við tegundir með málmhalógenperur, háþrýstar natríum- og kvikasilfursperur, eins og skilgreint er í I. viðauka,

16) „gasúrhleðsla“: fyrirbæri þar sem ljós er myndað beint eða óbeint með úrhleðslu rafmagns í gegnum lofttegund, rafgas, málmgufu eða blöndu af lofttegundum og gufum,

17) „ólífræn ljósdíóða“ (LED): tækni þar sem ljós er framleitt af hálfleiðara með p-n samskeyti úr ólífrænu efni. Samskeytin gefa frá sér ljósgeislun þegar þau eru örvuð með rafstraumi,

18) „lífræn ljósdíóða“: (OLED)“ tækni þar sem ljós er framleitt af hálfleiðara með p-n samskeyti úr lífrænu efni. Samskeytin gefa frá sér ljósgeislun þegar þau eru örvuð með rafstraumi,

19) „háþrýstur natríumljósgjafi“: (HPS) háþrýstur úrhleðsluljósgjafi þar sem ljósið er aðallega myndað með geislun frá natríumgufu sem við notkun er með hlutþrýsting nálægt 10 kílópaskölum. Háþrýstir natríumljósgjafar geta verið með einni („einum sökkli“) eða tveimur („tveim sökklum“) tengingum („sökklum“) við rafveitu þeirra.

20) „sambærileg tegund“: tegund með sömu tæknilegu eiginleika sem máli skipta hvað varðar kröfur um visthönnun sem veita skal, en er sett á markað eða tekin í notkun af sama framleiðanda, innflytjanda eða viðurkennda fulltrúa sem önnur tegund með annað tegundarauðkenni,

21) „tegundarauðkenni“: kóði, venjulega alstafa, sem greinir tiltekna vörutegund frá öðrum tegundum með sama vörumerki eða nafni sama framleiðanda eða sama innflytjanda,

22) „endanlegur notandi“: einstaklingur sem kaupir eða er talinn líklegur til að kaupa vöru í tilgangi sem liggur utan við atvinnugrein, fyrirtæki, iðju eða sérgrein hans.

Að því varðar viðaukana eru viðbótarskilgreiningar settar fram í I. viðauka.

3. gr.

Kröfur varðandi visthönnun

Kröfurnar varðandi visthönnun sem settar eru fram í II. viðauka skulu gilda frá þeim dagsetningum sem þar eru tilgreindar.

4. gr.

Fjarlæging ljósgjafa og aðskilins stýribúnaðar

1. Framleiðendur, innflytjendur eða viðurkenndir fulltrúar umlykjandi vara skulu tryggja að hægt sé skipta út ljósgjöfum og aðskildum stýribúnaði með því að nota algeng verkfæri og án þess að valda varanlegum skemmdum á vörunni, nema uppgefin séu rökstudd tæknileg sjónarmið í tæknigögnum í tengslum við starfhæfni vörunnar sem útskýrir af hverju útskipti ljósgjafa og aðskilins stýribúnaðar sé ekki viðeigandi.

Tæknigögnin skulu einnig veita leiðbeiningar um hvernig fjarlægja megi ljósgjafa og aðskilinn stýribúnað án þess að valda varanlegum skaða fyrir sannprófun markaðseftirlitsyfirvalda.

2. Framleiðendur, innflytjendur eða viðurkenndir fulltrúar umlykjandi vara skulu einnig veita upplýsingar um hvort endanlegur notandi eða aðilar sem hafa til þess réttindi geti skipt út eða ekki skipt út ljósgjöfum og stýribúnaði án þess að valda varanlegum skemmdum á umlykjandi vörunni. Slíkar upplýsingar skulu vera tiltækar á vefsetri með opnum aðgangi. Fyrir vörur sem seldar eru beint til endanlegra notenda skulu þessar upplýsingar vera á umbúðunum, a.m.k. í formi táknmyndar og í notendaleiðbeiningunum.

3. Framleiðendur, innflytjendur eða viðurkenndir fulltrúar umlykjandi vara skulu tryggja að hægt sé taka ljósgjafa og aðskilinn stýribúnað úr vörunum við lok vistferilsins. Upplýsingar um sundurhlutun skulu vera tiltækar á vefsetri með opnum aðgangi.

5. gr.

Samræmismat

1. Aðferðin við samræmismat sem um getur í 8. gr. tilskipunar 2009/125/EB skal vera innra hönnunareftirlitskerfið, sem sett er fram í IV. viðauka við þá tilskipun, eða stjórnunarkerfið, sem sett er fram í V. viðauka við þá tilskipun.

2. Að því er varðar samræmismat skv. 8. gr. tilskipunar 2009/125/EB skulu tæknigögnin innihalda upplýsingarnar sem settar eru fram í d-lið 3. liðar í II. viðauka við þessa reglugerð og upplýsingar og niðurstöður útreikninganna sem settar eru fram í samræmi við 1. og 2. lið í II. viðauka og V. viðauka við þessa reglugerð.

3. Þegar upplýsinganna í tæknigögnum tiltekinnar tegundar hefur verið aflað:

a) á grundvelli tegundar með sömu tæknilegu eiginleika sem máli skipta hvað varðar tækniupplýsingarnar sem veita skal en er framleidd af öðrum framleiðanda eða

b) með útreikningi á grundvelli hönnunar eða framreikningi á grundvelli annarrar tegundar frá sama eða öðrum framleiðanda eða með báðum þessum aðferðum,

skulu tæknigögnin innihalda upplýsingar um þessa útreikninga eða framreikninga, hvaða mat framleiðandinn hefur gert til að staðfesta nákvæmni útreikninganna og, þar sem við á, yfirlýsingu sem staðfestir að tegundir frá mismunandi framleiðendum eru eins.

Tæknigögnin skulu innihalda skrá yfir sambærilegar tegundir, þ.m.t. tegundarauðkenni.

4. Tæknigögnin skulu innihalda upplýsingar í þeirri röð eins og sett er fram í VI. viðauka reglugerðar (ESB) 2019/2015. Vegna markaðseftirlits er framleiðendum, innflytjendum eða viðurkenndum fulltrúum heimilt, án þess að hafa áhrif á g-lið 2. liðar IV. viðauka við tilskipun 2009/125/EB að vísa til tæknigagnanna sem halað hefur verið upp í vörugagnagrunninn sem inniheldur sömu upplýsingar og mælt er fyrir um í framseldri reglugerð (ESB) 2019/2015.

6. gr.

Sannprófunaraðferð vegna markaðseftirlits

Aðildarríkin skulu beita sannprófunaraðferðinni sem mælt er fyrir um í IV. viðauka við þessa reglugerð við markaðseftirlit það sem um getur í 2. lið 3. gr. tilskipunar 2009/125/EB.

7. gr.

Sniðganga

Framleiðandinn, innflytjandinn eða viðurkenndi fulltrúinn skal ekki setja á markað vörur sem eru þannig hannaðar að þær geti greint að verið sé að prófa þær (t.d. með því að þekkja aftur prófunarskilyrðin eða prófunarlotuna) og sem bregðast sérstaklega við með því að breyta sjálfkrafa frammistöðu sinni meðan á prófun stendur í þeim tilgangi að ná betri gildum fyrir einhvern þeirra mæliþátta sem framleiðandinn, innflytjandinn eða viðurkenndi fulltrúinn gefur upp í tæknigögnum eða í einhverjum þeim gögnum sem fylgja með vörunni.

Í kjölfar uppfærslu á hugbúnaði eða fastbúnaði skal hvorki orkunotkun vörunnar né aðrir tilgreindir mæliþættir rýrna þegar þeir eru mældir með sama prófunarstaðli og upprunalega var notaður fyrir samræmisyfirlýsinguna, nema þegar endanotandinn gefur afdráttarlaust samþykki sitt áður en uppfærslan á sér stað.

8. gr.

Leiðbeinandi viðmiðanir

Leiðbeinandi viðmiðanir fyrir vistvænustu vörurnar og tæknina á markaði við gildistöku þessarar reglugerðar eru settar fram í VI. viðauka.

9. gr.

Endurskoðun

Framkvæmdastjórnin skal endurskoða þessa reglugerð í ljósi tækniframfara og kynna niðurstöður endurskoðunarinnar, þ.m.t., ef við á, drög að tillögu um endurskoðun, á samráðsvettvanginum eigi síðar en 25. desember 2024.

Við endurskoðunina skal einkum meta:

a) hvort setja eigi strangari kröfur um orkunýtni fyrir allar gerðir ljósgjafa, einkum fyrir gerðir ljósgjafa sem ekki eru ljósdíóður og fyrir aðskilinn stýribúnað,

b) hvort setja eigi kröfur um stjórnbúnað fyrir lýsingu,

c) hvort setja eigi strangari kröfur um flökt og snúningssjárvirkni, sem og rýmka gildissvið þeirra svo þær taki til aðskilins stýribúnaðar,

d) hvort setja eigi kröfur um stillingu ljósa, þ.m.t. samspilið við flökt,

e) hvort setja eigi strangari kröfur um (nettengdan) reiðuham,

f) hvort lækka eigi eða leggja niður aflauka fyrir ljósgjafa sem hægt er að litastilla og fella niður undanþáguna um mikinn litahreinleika,

g) hvort setja eigi kröfur um endingartíma,

h) hvort setja eigi kröfur um bættar upplýsingar varðandi endingartíma, þ.m.t. fyrir stýribúnað,

i) hvort skipta eigi út litendurgjafarstuðlinum með mælistiku sem hæfir betur,

j) hvort sannreyna eigi hvort lúmen sé fullnægjandi sem sjálfstæð mælistika fyrir sýnilegt ljós,

k) undanþágurnar,

l) hvort viðeigandi sé að setja viðbótarkröfur um auðlindanýtni vara í samræmi við meginreglurnar um hringrásarhagkerfi, einkum varðandi hvort hægt sé að fjarlægja og skipta út ljósgjöfum og stýribúnaði.

10. gr.

Niðurfelling

Reglugerðir (EB) nr. 244/2009, (EB) nr. 245/2009 og (ESB) nr. 1194/2012 falla úr gildi frá og með 1. september 2021.

11. gr.

Gildistaka og framkvæmd

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 1. september 2021. Ákvæði 7. gr. gilda hins vegar frá 25. desember 2019.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 1. október 2019.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

I. VIÐAUKI

Skilgreiningar sem gilda um viðaukana

Eftirfarandi skilgreiningar gilda:

1) „rafveituljósgjafi“ (MLS): ljósgjafi sem hægt er að tengja beint við rafveituna. Ljósgjafar sem tengjast beint við rafveituna og geta einnig tengst rafveitunni óbeint með því að nota aðskilinn stýribúnað skulu taldir rafveituljósgjafar,

2) „ljósgjafi sem er ekki tengdur rafveitu“ (NMLS): ljósgjafi þar sem þörf er á aðskildum stýribúnaði til að geta tengst rafveitunni,

3) „stefnuvirkur ljósgjafi“ (DLS): ljósgjafi sem er með a.m.k. 80% af heildarljósstreymi innan rúmhorns π sr (sem samsvarar keilu með 120° horn),

4) „óstefnuvirkur ljósgjafi“ (NDLS): ljósgjafi sem ekki er stefnuvirkur ljósgjafi,

5) „tengdur ljósgjafi“ (CLS): ljósgjafi, þ.m.t. gagnatengihlutar sem eru efnislega óaðskiljanlegur hluti, eða óaðskiljanlegur hluti að því er varðar virkni, af þeim hlutum sem gefa frá sér ljós í því skyni að viðhalda „viðmiðunarstillingu“. Ljósgjafi getur verið með gagnatengihluta sem eru felldir efnislega í eitt óaðskiljanlegt hlífðarhús eða hann getur verið samtengdur gagnatengihlutum sem eru efnislega aðskildir en sem eru settir á markað með ljósgjafa sem ein vara,

6) „tengdur aðskilinn stýribúnaður“ (CSCG): aðskilinn stýribúnaður, þ.m.t. gagnatengihlutar sem eru efnislega óaðskiljanlegur hluti, eða óaðskiljanlegur hluti að því er varðar virkni, af þeim hlutum stýribúnaðar í raun, í því skyni að viðhalda „viðmiðunarstillingu“. Aðskilinn stýribúnaður getur verið með gagnatengihluta sem eru felldir efnislega í eitt óaðskiljanlegt hlífðarhús eða aðskildi stýribúnaðurinn getur verið samtengdur gagnatengihlutum sem eru efnislega aðskildir en sem eru settir á markað með stýribúnaði sem ein vara,

7) „gagnatengihlutar“: hlutar sem framkvæma eina af eftirfarandi aðgerðum:

   a) móttöku eða sendingu gagnamerkja, um rafþráð eða þráðlaust, og úrvinnslu þeirra (til að stýra virkni ljósgjafa og mögulega annarri virkni),

   b) skynjun og úrvinnslu skynjaðra merkja (til að stýra virkni ljósgjafa og mögulega annarri virkni),

   c) sambland af þessu,

8) „litastillanlegur ljósgjafi“ (e. *colour-tuneable light source* (CTLS)): ljósgjafi sem hægt er að stilla þannig að hann gefi frá sér ljós í margskonar litum utan sviðsins sem skilgreint er í 2. gr. en sem einnig má stilla þannig að hann gefi frá sér hvítt ljós innan sviðsins sem skilgreint er í 2. gr. og ljósgjafinn er innan samkvæmt gildissviði þessarar reglugerðar.

   Stillanlegir hvítir ljósgjafar sem er eingöngu hægt að stilla þannig að þeir gefi frá sér ljós með mismunandi samsvarandi litarhitastig, innan sviðsins sem er skilgreint í 2. gr., og ljósgjafar með daufa til hlýja lýsingu sem breyta hvítu ljósi sínu í lægra samsvarandi litarhitastig við deyfingu, og líkja eftir hegðun ljósgjafa með glóðarperu, teljast ekki litastillanlegir ljósgjafar,

9) „rófbundinn hreinleiki“: hundraðshluti sem er reiknaður út fyrir litastillanlegan ljósgjafa sem er stilltur til að gefa frá sér ljós með tiltekinn lit, með aðferð sem er nánar skilgreind í stöðlum, með því að draga beina línu á litrúmsgraf (x- og y-ás) frá punkti með litahnitin x = 0,333 og y = 0,333 (litleysisörvunarpunktur), í gegnum punkt sem stendur fyrir litahnit ljósgjafans (x og y) (punktur 2) og endar á ytri jaðri litrúmsins (leg, punktur 3). Rófbundinn hreinleiki er reiknaður út sem lengdin milli punkta 1 og 2 deilt með lengdinni milli punkta 1 og 3. Lengd línunnar í heild stendur fyrir 100% lithreinleika (punktur á legi). Litleysisörvunarpunkturinn stendur fyrir 0% lithreinleika (hvítt ljós),

10) „háljóma ljósgjafi“ (e. *high-luminance light source* (HLLS)): ljósgjafi með ljósdíóðum með meðalljóma sem nemur yfir 30 cd/mm^2 í stefnu hámarksljósstyrks,

11) „ljómi“ (í tiltekna átt, á tiltekinn punkt á raunverulegu eða ímynduðu yfirborði): ljósstreymi sem ferðast með frumgeisla gegnum tiltekinn punkt og breiðist út í rúmhorni í tiltekna átt deilt með flatarmáli þversniðs geislans sem inniheldur tiltekna punktinn (cd/m^2),

12) „meðalljómi“ (ljómi háljóma ljósgjafa) fyrir ljósgjafa með ljósdíóðum: meðalljómi á lýsandi svæði þar sem ljómi er meiri en 50% af hámarksljóma (cd/mm^2),

13) „hlutar stýribúnaðar lýsingar“: hlutar sem eru innbyggðir í ljósgjafa eða í aðskilinn stýribúnað eða alveg aðskildir hlutar sem eru þó markaðssettir með ljósgjafa eða með aðskildum stýribúnaði sem ein vara, strangt til tekið ekki nauðsynlegir til að ljósgjafi gefi frá sér ljós við fullt álag eða til að aðskilinn stýribúnaður veiti raforku sem gerir ljósgjafa kleift að gefa frá sér ljós við fullt álag, en bjóða upp á handvirka eða sjálfvirka, beina eða fjarstýrða, stýringu á ljósstyrk, lisku, samsvarandi litarhitastigi, ljósrófi og/eða geislahorni. Ljósdeyfar skulu einnig teljast til hluta stýribúnaðar lýsingar.

    Heitið nær einnig yfir gagnatengihluta en ekki vörur sem falla undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 1275/2008,

14) „hlutar sem hafa ekki með lýsingu að gera“: hlutar sem eru innbyggðir í ljósgjafa eða aðskilinn stýribúnað eða alveg aðskildir hlutar sem eru þó markaðssettir með ljósgjafa eða aðskildum stýribúnaði sem ein vara, strangt til tekið ekki nauðsynlegir til að ljósgjafi gefi frá sér ljós við fullt álag eða fyrir aðskilinn stýribúnað til að veita raforku sem gerir ljósgjafa kleift að gefa frá sér ljós við fullt álag og eru ekki hlutar stýribúnaðar lýsingar. Dæmi um slíka hluta fela í sér en takmarkast ekki við: hátalara, myndavélar, endurvaka fyrir samskiptamerki til að auka drægið (t.d. WiFi), hluta sem stuðla að stöðugleika nets (sem skipta yfir í eigin rafhlöður þegar þörf krefur), búnað til að hlaða rafhlöður, búnað sem gefur sjónræna tilkynningu um atburði (þegar póstur berst, dyrabjöllu er hringt, viðvörunarmerki), notkun á LiFi-tækni (Light Fidelity, tvíátta, háhraða og fyllilega nettengd, þráðlaus fjarskiptatækni).

    Heitið nær einnig yfir gagnatengihluta sem eru notaðir í aðra virkni en til að stýra ljósgjafa,

15) „nothæft ljósstreymi“ (Φ_{use}): sá hluti ljósstreymis ljósgjafa sem tekið er mið af þegar orkunýtni hans er ákvörðuð:

    — að því er varðar óstefnuvirka ljósgjafa, heildarstreymi ljósgjafa sem nemur rúmhorni 4π sr (sem samsvarar 360° kúlu),

    — að því er varðar stefnuvirka ljósgjafa með geislahorn ≥ 90°, streymi ljósgjafa sem nemur rúmhorni π sr (samsvarar keilu með 120° horn),

    — að því er varðar stefnuvirka ljósgjafa með geislahorn < 90°, streymi ljósgjafa sem nemur rúmhorni $0{,}586\pi$ sr (samsvarar keilu með 90° horn),

16) „geislahorn“ stefnuvirks ljósgjafa: horn milli tveggja ímyndaðra lína á plani í gegnum ljósásinn, þannig að línurnar fara í gegnum miðjan framhluta ljósgjafans og í gegnum punkta þar sem ljósstyrkurinn er 50% af styrk í miðju geislans, þar sem styrkurinn í miðju geislans er gildi ljósstyrks mælt á ljósgeislaásnum.

    Að því er varðar ljósgjafa sem hafa mismunandi geislahorn í mismunandi flötum skal stærsti geislinn vera sá sem tekið er tillit til.

    Að því er varðar ljósgjafa með geislahorn sem notandi getur stjórnað skal tekið mið af geislahorninu sem samsvarar „viðmiðunarstillingu“,

17) „fullt álag“:

    — ástand ljósgjafa, innan yfirlýstra notkunarskilyrða, þar sem hann gefur frá sér (ódeyft) hámarksljósstreymi eða

    — starfræksluskilyrði og álag stýribúnaðar við skilvirknimælingar eins og tilgreint er í viðeigandi stöðlum,

18) „hamur án álags“ ástand aðskilins stýribúnaðar þar sem inntakið er tengt rafkerfinu og úttakið er vísvitandi aftengt ljósgjöfum og ef við á, frá hlutum stýribúnaðar fyrir lýsingu og hlutum sem hafa ekki með lýsingu að gera. Ef ekki er mögulegt að aftengja þessa hluta skal slökkt á þeim og aflnotkun þeirra lágmörkuð samkvæmt leiðbeiningum framleiðanda. Hamur án álags gildir aðeins um aðskilinn stýribúnað þar sem framleiðandinn eða innflytjandinn hefur gefið upp í tæknigögnunum að hann sé hannaður fyrir þennan ham,

19) „reiðuhamur“: ástand ljósgjafa eða aðskilins stýribúnaðar þar sem hann er tengdur aflgjafa en gefur ekki frá sér ljós og ljósgjafinn eða stýribúnaðurinn bíður eftir stýrimerki til að hverfa aftur í ástand þar sem hann gefur frá sér ljós. Hlutar stýribúnaðar lýsingar sem bjóða upp á reiðuham skulu stilltir á stýriham. Hlutar sem hafa ekki með lýsingu að gera eru aftengdir, slökkt á þeim eða þeir stilltir á lágmarksaflnotkun samkvæmt leiðbeiningum framleiðanda.

20) „nettengdur reiðuhamur“: ástand tengds ljósgjafa eða tengds aðskilins stýribúnaðar þar sem hann er tengdur aflgjafa en gefur ekki frá sér ljós eða stýribúnaðurinn veitir ekki raforku sem gerir ljósgjafanum kleift að gefa frá sér ljós og bíður eftir fjarstýrðri kveikju til að hverfa aftur í ástand þar sem hann gefur frá sér ljós. Hlutar stýribúnaðar lýsingar sem skulu stilltir á stýriham. Hlutar sem hafa ekki með lýsingu að gera eru aftengdir, slökkt á þeim eða þeir stilltir á lágmarks-aflnotkun samkvæmt leiðbeiningum framleiðanda,

21) „stýrihamur“: ástand hluta stýribúnaðar lýsingar þar sem þeir eru tengdir ljósgjafa og/eða aðskildum stýribúnaði og gegna hlutverki sínu á þann hátt að hægt er að mynda stjórnmerki innan búnaðarins eða að þeir geta tekið á móti fjarstýrðri kveikju, um rafþráð eða þráðlaust, og unnið úr þeim þannig að það leiði til breytingar á ljósmagni frá ljósgjafa eða til samsvarandi breytingar sem sóst er eftir í veitingu afls með aðskilda stýribúnaðinum,

22) „fjarstýrð kveikja“: merki sem verður til utan ljósgjafa eða aðskilins stýribúnaðar og er sent í hann í gegnum net,

23) „stýrimerki“: hliðrænt eða stafrænt merki sem sent er til ljósgjafa eða í aðskilinn stýribúnað þráðlaust eða um rafþráð annað hvort með fæðispennu í aðskildum stýriköplum eða mótuðu merki í fæðispennunni. Merkjasendingin fer ekki fram gegnum net heldur t.d. innan úr tækinu sjálfu eða frá fjarstýringu sem fylgir með vörunni,

24) „net“: fjarskiptavirki með tengingaskipan, högun, þ.m.t. raunlægum þáttum, skipulagslegum grunnreglum, samskipta-aðferðum og -sniði (samskiptareglur),

25) „aflnotkun þegar kveikt er á ljósgjafa“ (P_{on}): raforkunotkun ljósgjafa við fullt álag þegar allir hlutar stýribúnaðar lýsingar og hlutar sem hafa ekki með lýsingu að gera eru aftengdir, gefin upp í vöttum. Ef ekki er mögulegt að aftengja þessa hluta skal slökkt á þeim eða aflnotkun þeirra lágmörkuð samkvæmt leiðbeiningum framleiðanda. Ef ljósgjafi sem ekki er tengdur rafveitu þarf aðskilinn stýribúnað svo hægt sé að nota hann, er hægt að mæla P_{on} beint við inntak ljósgjafans, eða P_{on} er ákvarðað með því að nota stýribúnað með þekkta orkunýtni þar sem raforkunotkun stýribúnaðarins er svo dregin frá mælda inngangsaflsgildinu,

26) „afl án álags“ (P_{sb}): raforkunotkun aðskilins stýribúnaðar í ham án álags, gefin upp í vöttum,

27) „aflnotkun í reiðuham“ (P_{sb}): raforkunotkun ljósgjafa eða aðskilins stýribúnaðar í reiðuham, gefin upp í vöttum,

28) „aflnotkun í nettengdum reiðuham“ (P_{net}): raforkunotkun tengds ljósgjafa eða tengds aðskilins stýribúnaðar í nettengdum reiðuham, gefin upp í vöttum,

29) „viðmiðunarstillingar“ (RCS): stilling eða samsetning stillinga sem eru notaðar til að sannreyna hvort að ljósgjafi uppfylli ákvæði þessarar reglugerðar. Þessar stillingar eiga við ljósgjafa sem gera endanlegum notanda kleift að stýra, handvirkt eða sjálfvirkt, beint eða fjarstýrt, ljósstyrk, lit, samsvarandi litarhitastigi, ljósrófi og/eða geislahorni ljóssins sem ljósgjafinn gefur frá sér.

Viðmiðunarstillingarnar eru að jafnaði þær sem framleiðandi skilgreinir fyrirfram sem sjálfgildi frá verksmiðju og þau gildi sem koma upp hjá notanda við fyrstu uppsetningu (verksmiðjusjálfgildi). Ef uppsetningarferlið býður upp á sjálfvirka hugbúnaðaruppfærslu við fyrstu uppsetningu eða ef notandi hefur kost á að framkvæma slíka uppfærslu, skal taka tillit til þeirra breytinga á stillingum sem verða (ef einhverjar eru).

Ef verksmiðjusjálfgildi er vísvitandi stillt á annað en viðmiðunarstillingu (t.d. stillt á lágaflsham í öryggisskyni), skal framleiðandi tilgreina í tæknigögnunum hvernig endurheimta megi viðmiðunarstillingu til að sannprófa hvort farið sé að tilskildum ákvæðum og leggja fram tæknileg rök fyrir því hvers vegna verksmiðjusjálfgildið er stillt á annað en viðmiðunarstillingu.

Framleiðandi ljósgjafa skal skilgreina viðmiðunarstillingarnar þannig að:

— ljósgjafi sé innan gildissviðs þessarar reglugerðar samkvæmt ákvæðum 1. gr. og að engin skilyrði fyrir undanþágu eigi við,

— hlutar stýribúnaðar lýsingar og hlutar sem hafa ekki með lýsingu að gera séu aftengdir eða slökkt á þeim eða, ef það er ekki mögulegt, að aflnotkun þeirra sé í lágmarki,

— fullu álagi sé náð,

— ef endanlegur notandi kýs að endurstilla sjálfgildi frá verksmiðju fáist viðmiðunarstillingarnar.

Að því er varðar ljósgjafa sem gera framleiðendum umlykjandi vöru kleift að taka framkvæmdaákvarðanir sem hafa áhrif á eiginleika ljósgjafans (t.d. notkunarspennu eða varmafræðilega hönnun) sem endanlegur notandi hefur ekki stjórn á, er ekki þörf á að skilgreina viðmiðunarstillingar. Í því tilviki gilda nafnprófunarskilyrði eins og þau eru skilgreind af framleiðanda ljósgjafans,

30) „háþrýstur kvikasilfursljósgjafi“: háþrýstur úrhleðsluljósgjafi þar sem megnið af ljósinu er myndað, beint eða óbeint, með geislun frá kvikasilfri sem er aðallega í gufuformi og við notkun er með hlutþrýsting yfir 100 kílópasköl,

31) „málmhalógenljósgjafi“ (MH): háþrýst úrhleðsluljósgjafi þar sem ljósið er myndað með geislun frá blöndu af málmgufum, málmhalíðum og myndefnum sem myndast við klofnun málmhalíða. Málmhalógenljósgjafar geta verið með einni („einum sökkli“) eða tveimur („tveim sökklum“) tengingum („sökklum“) við rafveitu þeirra. Efnið í bogapípunni í málmhalógenljósgjafanum getur verið kvars (QMH) eða keramík (CMH),

32) „sambyggður flúrljósgjafi“ (sparpera, CFL): flúrljósgjafi með einum sökkli með sveigðri pípu, hannaður til að passa í lítið rými. Sparperur eru einkum gormlaga eða með mörgum tengdum samhliða pípum, með eða án perulaga aukahjúps. Sparperur eru fáanlegar með (CFLi) eða án (CFLni) efnislega innbyggðum stýribúnaði,

33) „T2“, „T5“, „T8“, „T9“ og „T12“ eru pípulaga ljósgjafar, u.þ.b. 7, 16, 26, 29 og 38 mm að þvermáli eftir því sem við á, eins og skilgreint er í stöðlum. Pípan getur verið bein (ílöng) eða bogin (u-laga, hringlaga),

34) „LFL T5-HE“: ílangur T5 flúrljósgjafi með góða orkunýtni og rekstrarstraum lægri en 0,2 A,

35) „LFL T5-HO“: háljómandi ílangur T5 fljúrljósgjafi með rekstrarstraum 0,2 A eða hærri,

36) „LFL T8 2-fet“, „LFL T8 4-fet“ eða „LFL T8 5-fet“: ílangur T8 flúrljósgjafi með lengd upp á u.þ.b. 600 mm (2 fet), 1 200 mm (4 fet) eða 1 500 mm (5 fet) eftir því sem við á, eins og skilgreint er í stöðlum,

37) „segulspanljósgjafi“: ljósgjafi sem notar flúrljómunartækni, þar sem orka er yfirfærð í gasúrhleðslu með örvuðu hátíðnisegulsviði, í stað þess að nota rafskaut sem staðsett eru inni í gasúrhleðslunni. Segulspangjafinn getur verið fyrir utan eða innan úrhleðslupípuna,

38) „G4“, „GY6.35“ og „G9“: rafrænn skilflötur ljósgjafa sem samanstendur af tveimur litlum pinnum með 4, 6,35 og 9 mm fjarlægð eftir því sem við á, eins og skilgreint er í stöðlum,

39) „HL R7s“: halógenljósgjafi fyrir rafveituspennu með tveimur sökklum sem eru 7 mm að þvermáli,

40) „K39d“: rafrænn skilflötur fyrir ljósgjafa sem samanstendur af 2 vírum með kósa sem festa má með skrúfum,

41) „G9.5“, „GX9.5“, „GY9.5“, „GZ9.5“, „GZX9.5“, „GZY9.5“, „GZZ9.5“ „G9.5HPL“, „G16“, „G16d“, „GX16d“, „GY16“, „G22“, „G38“, „GX38“ og „GX38Q“: rafrænn skilflötur ljósgjafa sem samanstendur af tveimur pinnum með 9,5, 16, 22 og 38 mm fjarlægð eftir því sem við á, eins og skilgreint er í stöðlum. „G9.5HPL“: er með varmasvelg í sérstökum málum eins og er notaður á halógenperum með mikla afkastagetu og getur innihaldið viðbótarpinna fyrir jarðtengingu,

42) „P28s“, „P40s“, „PGJX28“, „PGJX36“ og „PGJX50“: rafrænn skilflötur ljósgjafa sem notar kragatengi til að staðsetja ljósgjafann rétt (stilla fyrirfram) í endurkastara, eins og skilgreint er í stöðlum,

43) „QXL-pera (e. *Quick eXchange Lamp*)“: rafrænn skilflötur ljósgjafa sem samanstendur af tveimur hliðartengdum flipum með rafsnertufleti ljósgjafamegin og útstæðum hluta á gagnstæðri hlið (aftari hlið) sem gerir kleift að ná taki á ljósgjafanum með tveimur fingrum. Peran er sérstaklega hönnuð til notkunar í tiltekinni gerð lampa til sviðslýsingar þar sem ljósgjafinn er settur inn aftan frá á lampanum og festur eða losaður með fjórðungssnúningi,

44) „rafhlöðuknúinn“: vara sem gengur eingöngu á jafnstraum (DC) frá aflgjafa sem er að finna í sömu vöru án þess að vera tengd með beinum eða óbeinum hætti við rafveituna,

45) „aukahjúpur“: annar, ytri hjúpur ljósgjafa með háþrýsta úrhleðslu (HID), sem er ekki nauðsynlegur fyrir myndun ljóss, t.d. ytri hulsa til að koma í veg fyrir losun kvikasilfurs og glers í umhverfið ef peran brotnar. Við ákvörðun á því hvort að aukahjúpur sé til staðar, teljast bogapípur með háþrýsta úrhleðslu ekki til aukahjúps,

46) „mattur hjúpur“: ógagnsær ytri hjúpur ljósgjafa með háþrýsta úrhleðslu (HID) eða ytri pípa þar sem úrhleðslupípan sést ekki,

47) „glampavörn“: vélræn eða ljósfræðileg ógagnsæ þynna með eða án endurskins, sem er hönnuð til að útiloka beina, sýnilega geislun frá stefnuvirkum ljósgjafa, í því skyni að koma í veg fyrir tímabundna blindu (sjóndeyfiglýju) ef horft er beint á hana. Það felur ekki í sér húðun stefnuvirka ljósgjafans,

48) „skilvirkni stýribúnaðar“: útafl sem veitir ljósgjafa afl deilt með innafli aðskilins stýribúnaðar við skilyrðin og með aðferðum sem skilgreindar eru í stöðlum. Allir hlutar stýribúnaðar lýsingar og allir hlutar sem hafa ekki með lýsingu að gera eru aftengdir, slökkt á þeim eða þeir stilltir á lágmarksaflnotkun samkvæmt leiðbeiningum framleiðanda og þessi aflnotkun dregin frá heildarinnafli,

49) „virkni eftir þolprófun“: virkni LED- eða OLED-ljósgjafa eftir þolprófun eins og skilgreint er í V. viðauka,

50) „flökt“: óstöðug sjónskynjun kyrrstæðs áhorfanda við ljósörvun í kyrrstæðu umhverfi, þar sem ljómi eða rófdreifing sveiflast yfir tíma. Sveiflurnar geta verið reglubundnar eða óreglubundnar og geta orsakast af sjálfum ljósgjafanum, orkugjafanum eða öðrum áhrifaþáttum.

Mælieiningin fyrir flökt sem notuð er í þessari reglugerð er mæliþátturinn „P_{st} LM“, þar sem „st“ er skammtíma- (short term) og „LM“ ljósflöktmæliaðferðin, eins og skilgreint er í stöðlum. Gildið P_{st} LM = 1 þýðir að 50% líkur eru á að meðaláhorfandi verði var við flökt,

51) „blikhrif“: breyting á hreyfiskynjun kyrrstæðs áhorfanda við ljósörvun í umhverfi sem er á hreyfingu, þar sem ljómi eða rófdreifing sveiflast yfir tíma. Sveiflurnar geta verið reglubundnar eða óreglubundnar og geta orsakast af sjálfum ljósgjafanum, orkugjafanum eða öðrum áhrifaþáttum.

Mælieiningin fyrir blikhrif sem notuð er í þessari reglugerð er „SVM“ (e. *stroboscopic visibility measure*), eins og skilgreint er í stöðlum. SVM = 1 eru sýnileikamörk fyrir meðaláhorfanda,

52) „yfirlýst gildi“ fyrir mæliþátt: gildi sem gefið er upp af framleiðanda eða innflytjanda í tæknigögnunum skv. 2. lið IV. viðauka við tilskipun 2009/125/EB,

53) „virkt UV-geislunarafl“ (mW/klm): raungildi virks afls útfjólublárrar geislunar ljósgjafa, sem vegið er samkvæmt litrófsleiðréttingarstuðlum og í hlutfalli við ljósstreymi hennar,

54) „ljósstyrkur“ (kandela eða cd): hlutfall milli ljósstreymis frá ljósgjafanum sem breiðist út í rúmhorni í tiltekna átt, og rúmhornsins,

55) „samsvarandi litarhitastig“ (CCT [K]): hitastig Plancks-geislara (svarthlutar), en skynjaður litur hans er líkastur gefnu áreiti við sama birtustig og við tilgreind sjónskilyrði,

56) „litarsamræmi“: hámarksfrávik reiknaðs rýmismeðalgildis upphaflegra (að stuttum tíma liðnum) liskuhnita (x og y) eins ljósgjafa frá liskumiðpunkti (cx og cy), sem framleiðandi eða innflytjandi gefur upp sem stærð MacAdam-sporbaugs (í þrepum) umhverfis liskumiðpunktinn (cx og cy),

57) „aflstuðull (kósínus φ1)“: kósínus fasahornsins φ1 milli grunnsveiflu fæðispennu frá rafveitu og grunnsveiflu straums frá rafveitu. Aflstuðullinn er notaður að því er varðar rafveituljósgjafa þar sem notast er við LED- eða OLED-tækni. Aflstuðullinn er mældur við fullt álag, á viðmiðunarstillingu eftir atvikum, þar sem stýribúnaður fyrir lýsingu er í stýriham og hlutar sem hafa ekki með lýsingu að gera eru aftengdir, slökkt á þeim eða þeir stilltir á lágmarksaflþörf samkvæmt leiðbeiningum framleiðanda,

58) „ljósstreymisheldni“ (X_{LMF}): hlutfall ljósstreymis ljósgjafans á tilteknum tíma á líftíma hans á móti upphaflegu ljósstreymi hans,

59) „lifunarhlutfall“ (SF): skilgreint hlutfall af heildarfjölda ljósgjafa sem halda virkni sinni á tilteknum tíma við skilgreindar aðstæður og á-af-tíðni (e. *switching frequency*),

60) „endingartími“ LED- og OLED-ljósgjafa: tími í klukkustundum frá upphafi notkunar þeirra að þeirri stundu þegar ljósstyrkur 50% af tilteknum fjölda ljósgjafa hefur smám saman minnkað í gildi sem er undir 70% af upphaflega ljósstreyminu. Gengur einnig undir heitinu $L_{70}B_{50}$-endingartími,


61) „sjúklingar sem eru viðkvæmir fyrir ljósi“: fólk sem upplifir sérstakt heilsufarsástand sem veldur ljósnæmieinkennum og sem upplifir aukaverkanir vegna náttúrulegra og/eða tiltekinna gerða gervilýsingartækni,

62) „yfirborð flatar sem varpar ljósi“ (A): yfirborðsflötur í mm^2 (fermillimetrum) sýndur sem hornrétt ofanvarp á ljósvarps-flötinn á mesta ljósstyrkinn þar sem flöturinn sem varpar ljósi er yfirborðsflötur ljósgjafans sem gefur frá sér ljós með tilgreindu ljósfræðilegu eiginleikana, s.s. hið um það bil kúlulaga yfirborð ljósboga (a), sívala yfirborð glóðarþráðar (b) eða gasúrhleðslulampa (c,d), hinn flati eða hálf kúpti hjúpur ljósdíóðu (e).

Að því er varðar ljósgjafa með mattan hjúp eða glampavörn er yfirborð ljósflatarins allt yfirborðið sem ljósið skín gegnum þegar þar fer frá ljósgjafanum.

Að því er varðar ljósgjafa með fleiri en einn hluta sem gefur frá sér ljós skal miðast við að ljósflöturinn sé minnsta heildarrúmmál allra hluta sem gefa frá sér ljós.

Að því er varðar ljósgjafa með háþrýsta úrhleðslu (HID) gildir skilgreiningin við mynd a, nema ef málin sem eru tilgreind í mynd d eigi við þar sem L>D, þar sem L er lengdin milli enda rafskautanna og D er innra þvermál bogapípunnar.



(a) $A=\frac{1}{4}\pi D^2$

(b) $A=L\cdot D$

(c) $A=L\cdot D$

(d) $A=L\cdot D$

(e) $A=\frac{1}{4}\pi D^2$

II. VIÐAUKI

Kröfur varðandi visthönnun

Í þeim tilgangi að uppfylla kröfur þessarar reglugerðar og til sannprófunar á því að kröfur þessarar reglugerðar séu uppfylltar skal, við mælingar og útreikninga, nota samhæfða staðla, sem tilvísunarnúmer hafa verið birt fyrir í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins, eða aðrar áreiðanlegar, nákvæmar og samanburðarnákvæmar aðferðir sem taka tillit til almennt viðurkenndra aðferða sem byggjast á nýjustu og fullkomnustu tækni.

1. Orkunýtnikröfur:

a) Frá 1. september 2021 skal yfirlýst aflnotkun ljósgjafa P_{on} ekki fara umfram hámarks leyfilegt afl P_{onmax} (í *W*), skilgreint sem fall yfirlýsts ljósstreymis Φ_{use} (í *lm*) og yfirlýsts litendurgjafarstuðuls CRI (-) sem hér segir:

$P_{onmax} = C \times (L + \Phi_{use}/(F \times \eta)) \times R;$

þar sem:

— Gildi viðmiðunarmarka fyrir skilvirkni (η í *lm/W*) og endanlegan tapsstuðul (L í *W*) eru tilgreind í töflu 1 með hliðsjón af gerð ljósgjafa. Þau eru fastar sem notaðir eru fyrir útreikninga og endurspegla ekki raunverulegar breytur ljósgjafanna. Viðmiðunarmörk fyrir skilvirkni er ekki sú lágmarksskilvirkni sem krafist er, hið síðarnefnda er hægt að reikna út með því að deila ljósstreyminu með reiknuðu leyfilegu hámarksafli.

— Grunngildi fyrir leiðréttingarstuðul (C) með hliðsjón af gerð ljósgjafa og viðbætur við C fyrir sérstaka ljósgjafaþætti eru tilgreindir í töflu 2.

— Skilvirknistuðull (F) er:

1,00 fyrir óstefnuvirka ljósgjafa (NDLS, með því að nota heildarstreymi)

0,85 fyrir stefnuvirka ljósgjafa (DLS, með því að nota streymi í keilu)

— litendurgjafarstuðull (R) er:

0,65 fyrir litendurgjafarstuðul (CRI) ≤ 25,

(CRI+80)/160 fyrir litendurgjafarstuðul (CRI) > 25, námundaður með tveimur aukastöfum.

Tafla 1

Viðmiðunarmörk fyrir skilvirkni (η) og endanlegan tapsstuðul (L)

Lýsing á ljósgjafa	η	L
	[*lm/W*]	[W]
LFL T5-HE	98,8	1,9
LFL T5-HO, 4 000 ≤ Φ ≤ 5 000 *lm*	83,0	1,9
LFL T5-HO, önnur gildi fyrir ljósstreymi (*lm*)	79,0	1,9
FL T5 hringlaga	79,0	1,9
FL T8 (þ.m.t. FL T8 U-laga)	89,7	4,5
Frá 1. september 2023 að því er varðar FL T8 upp á 2-, 4- og 5-fet	120,0	1,5
Þéttleiki segulflæðis ljósgjafa, allar lengdir/streymi	70,2	2,3
CFLni	70,2	2,3
FL T9 hringlaga	71,5	6,2
HPS með einum sökkli	88,0	50,0

Lýsing á ljósgjafa	η	L
	[*lm/W*]	[W]
HPS með tveimur sökklum	78,0	47,7
MH ≤ 405 *W* með einum sökkli	84,5	7,7
MH ≤ 405 *W* með einum sökkli	79,3	12,3
MH keramik með tveimur sökklum	84,5	7,7
MH kvars með tveimur sökklum	79,3	12,3
Lífræn ljósdíóða (OLED)	65,0	1,5
Til 1. september 2023: HL G9, G4 og GY6.35	19,5	7,7
HL R7s ≤ 2 700 lm	26,0	13,0
Aðrir ljósgjafar sem falla undir gildissvið sem ekki er nefnt hér að framan	120,0	1,5 (*)

(*) Að því er varðar tengda ljósgjafa (CLS) skal beita stuðlinum L = 2,0.

Tafla 2

Leiðréttingarstuðull C með hliðsjón af eiginleikum ljósgjafa

Gerð ljósgjafa	Grunngildi fyrir C
Óstefnuvirkur (NDLS), ekki tengdur rafveitu (NMLS)	1,00
Óstefnuvirkur (NDLS), tengdur rafveitu (MLS)	1,08
Stefnuvirkur (DLS), ekki tengdur rafveitu (NMLS)	1,15
Stefnuvirkur (DLS), tengdur rafveitu (MLS)	1,23
Sérstakir eiginleikar ljósgjafa	Uppbót við gildi C
FL eða HID með CCT > 5 000 *K*	+0,10
FL með CRI > 90	0,10
HID með aukahjúp	+0,10
MH NDLS > 405 W með mattan hjúp	+0,10
DLS með glampavörn	+0,20
Litastillanlegur ljósgjafi (CTLS)	+0,10
Háljóma ljósgjafi (HLLS)	+0,0058 · ljómi - háljóma ljósgjafi - 0,0167

Uppbót við leiðréttingarstuðul C safnast upp, eftir atvikum.

Ekki skal sameina uppbót fyrir gildi háljóma ljósgjafa við grunngildi C fyrir stefnuvirkan ljósgjafa (grunngildi C fyrir óstefnuvirkan ljósgjafa skal notað fyrir háljóma ljósgjafa).

Ljósgjafar sem heimila endanlegum notanda að aðlaga tíðnirófið og/eða geislahorn ljóssins og breyta þannig gildunum fyrir nothæft ljósstreymi, litendurgjafarstuðulinn (CRI) og/eða samsvarandi litarhitastig (CCT) og/eða breyta stefnuvirkri/óstefnuvirkri stöðu ljósgjafans skulu metnir með því að nota viðmiðunarstillingar.

Aflnotkun P_{sb} ljósgjafa í reiðuham skal ekki fara umfram 0,5 W.

Aflnotkun P_{sb} tengds ljósgjafa í nettengdum reiðuham skal ekki fara umfram 0,5 W.

Ekki skal leggja leyfileg gildi fyrir P_{sb} og P_{net} saman.

b) Frá 1. september 2021 skulu gildin sem sett eru fram í töflu 3 fyrir lágmarkskröfur um orkunýtni aðskilins stýribúnaðar við fullt álag gilda:

Tafla 3

Lágmarksorkunýtni fyrir aðskilinn stýribúnað við fullt álag

Yfirlýst útafl stýribúnaðarins (P_{cg}) eða yfirlýst afl ljósgjafans (P_{ls}) í *W,* eftir því sem við á	Lágmarksorkunýtni
Stýribúnaður fyrir háljóma ljósgjafa	
allt orkuinntak í vöttum P_{cg}	0,91
Stýribúnaður fyrir flúrljósgjafa	
$P_{ls} \leq 5$	0,71
$5 < P_{ls} \leq 100$	$P_{ls}/(2 \times \sqrt{(P_{ls}/36)} + 38/36 \times P_{ls}+1)$
$100 < P_{ls}$	0,91
Stýribúnaður fyrir ljósgjafa með háþrýsta úrhleðslu	
$P_{ls} \leq 30$	0,78
$30 < P_{ls} \leq 75$	0,85
$75 < P_{ls} \leq 105$	0,87
$105 < P_{ls} \leq 405$	0,90
$405 < P_{ls}$	0,92
Stýribúnaður fyrir LED- eða OLED-ljósgjafa	
allt orkuinntak í vöttum P_{cg}	$P_{cg}^{0,81}/(1,09 \times P_{cg}^{0,81}+2,10)$

Aðskilinn stýribúnaður með fleiri en eitt orkuinntak í vöttum skal uppfylla kröfurnar í töflu 3 samkvæmt tilgreindu hámarksafli sem hann getur starfað á.

Aflnotkun án álags P_{no} aðskilins stýribúnaðar skal ekki fara umfram 0,5 W. Þetta gildir aðeins um aðskilinn stýribúnað þar sem framleiðandinn eða innflytjandinn hefur gefið upp í tæknigögnunum að hann sé hannaður fyrir ham án álags.

Aflnotkun í reiðuham P_{sb} aðskilins stýribúnaðar skal ekki fara umfram 0,5 W.

Aflnotkun í nettengdum reiðuham P_{net} í tengdum aðskildum stýribúnaði skal ekki fara umfram 0,5 W. Ekki skal leggja leyfileg gildi fyrir P_{sb} og P_{net} saman.

2. Virknikröfur

Frá 1. september 2021 skulu þær virknikröfur sem tilgreindar eru í töflu 4 gilda um ljósgjafa:

Tafla 4

Virknikröfur fyrir ljósgjafa

Litendurgjöf	Litendurgjafarstuðull (CRI) ≥ 80 (nema fyrir háþrýsta úrhleðslu (HID) með Φ_{use} > 4 klm og fyrir ljósgjafa sem ætlaðir eru til notkunar utandyra, notkunar í iðnaði eða annarrar notkunar þar sem lýsingarstaðlar heimila litendurgjafarstuðul (CRI) < 80, ef skýr vísbending þess efnis er sýnd á ljósgjafaumbúðunum og í öllum viðeigandi prentuðum og rafrænum gögnum.
Aflstuðull (DF, cos φ_1) við inngangsafl P_{on} fyrir LED- og OLED-rafveituljósgjafa	Engin viðmiðunarmörk við $P_{on} \leq 5$ W, DF ≥ 0,5 við 5 W < $P_{on} \leq 10$ W, DF ≥ 0,7 við 10 W < $P_{on} \leq 25$ W, DF ≥ 0,9 við 25 W < P_{on}
Ljósstreymisheldni (LED- og OLED-ljósgjafa)	Ljósstreymisheldni X_{LMF}% eftir þolprófun skv. V. viðauka skal vera a.m.k. $X_{LMF,MIN}$ % sem reiknað er út sem hér segir: $X_{LMF,MIN}\% = 100 \times e^{\frac{(3000 \times \ln(0.7))}{L_{70}}}$ þar sem L_{70} er yfirlýstur $L_{70}B_{50}$ endingartími (í klst.) Ef útreiknað gildi fyrir $X_{LMF,MIN}$ fer umfram 96,0%, skal nota $X_{LMF,MIN}$ gildi sem nemur 96,0%
Lifunarhlutfall (LED- og OLED-ljósgjafa)	Ljósgjafar skulu vera í nothæfu ástandi eins og tilgreint er í línunni „Lifunarhlutfall (LED- og OLED-ljósgjafa)“ í IV. viðauka, töflu 6, í kjölfar þolprófunarinnar sem kveðið er á um í V. viðauka.
Litasamræmi fyrir LED- og OLED-ljósgjafa	Frávik frá liskuhnitum innan sex þrepa MacAdam-sporbaugs eða minna.
Flökt fyrir LED- og OLED-rafveituljósgjafa	P_{st} LM ≤ 1,0 við fullt álag
Blikhrif fyrir LED- og OLED-rafveituljósgjafa	Mælieining fyrir blikhrif (SVM) ≤ 0,4 við fullt álag (að undanskilinni háþrýstri úrhleðslu (HID) með Φ_{use} > 4 klm og fyrir ljósgjafa sem ætlaðir eru til notkunar utandyra, notkunar í iðnaði eða annarrar notkunar þar sem lýsingarstaðlar heimila litendurgjafarstuðul (CRI) < 80)

3. Kröfur um upplýsingar

Eftirfarandi kröfur um upplýsingar gilda frá 1. september 2021:

a) Upplýsingar sem birta skal á ljósgjafanum sjálfum

Að því er varðar alla ljósgjafa, að undanskildum CTLS, LFL, CFLni, öðrum FL og HID, skal gildi og efnisleg eining nothæfs ljósstreymis (*lm*) og samsvarandi litarhitastig (*K*) vera sýnileg með læsilegu letri á yfirborðinu ef fyrir hendi er nægilegt rými fyrir það ásamt öryggistengdum upplýsingum án þess að hindra ljósið.

Að því er varðar stefnuvirka ljósgjafa skal einnig tilgreina geislahornið (°).

Ef rúm er fyrir tvö gildi skal sýna upplýsingar um nothæft ljósstreymi og samsvarandi litarhitastig. Ef aðeins er rúm fyrir eitt gildi skal sýna upplýsingar um nothæft ljósstreymi.

b) Upplýsingar sem skulu vera sýnilegar á umbúðunum

1) Ljósgjafi sem settur er á markað, ekki í umlykjandi vöru

Ef ljósgjafi er settur á markað, ekki í umlykjandi vöru, í umbúðum sem innihalda upplýsingar sem skulu vera sýnilegar á sölustað fyrir kaupin, skulu upplýsingarnar vera skýrt og áberandi tilgreindar á umbúðunum.

a) nothæft ljósstreymi (Φ_{use}) með a.m.k. tvöfalt stærra letri en sýnt er fyrir aflnotkun þegar kveikt er á ljósgjafa (P_{on}), þar sem tilgreint er greinilega hvort ljósstreymið sé í kúlu (360°), víðri keilu (120°) eða þröngri keilu (90°),

b) samsvarandi litarhitastig, námundað að næsta 100 K, einnig gefið upp myndrænt eða með orðum, eða svið samsvarandi litarhitastigs, sem hægt er að stilla,

c) geislahorn í gráðum (að því er varðar stefnuvirka ljósgjafa) eða svið geislahorna sem hægt er að stilla,

d) upplýsingar um rafrænan skilflöt, t.d. gerð sökkuls eða tengingar, gerð aflgjafa (t.d. 230 V AC 50 Hz, 12 V DC),

e) endingartími $L_{70}B_{50}$ fyrir LED- og OLED-ljósgjafa, gefinn upp í klst.,

f) aflnotkunin þegar kveikt er á ljósgjafa (P_{on}), gefin upp í W,

g) aflþörf í reiðuham (P_{sb}), gefin upp í W og námunduð að öðrum aukastaf. Ef gildið er núll má sleppa því á umbúðunum,

h) aflþörf í nettengdum reiðuham (P_{net}), gefin upp í W og námunduð að öðrum aukastaf. Ef gildið er núll má sleppa því á umbúðunum,

i) litendurgjafarstuðull, námundaður að næstu heilu tölu, eða svið gilda fyrir litendurgjafarstuðul sem hægt er að stilla á,

j) ef litendurgjafarstuðullinn < 80 og ljósgjafinn er ætlaður til notkunar utandyra, notkunar í iðnaði eða annarrar notkunar þar sem lýsingarstaðlar heimila litendurgjafarstuðul < 80, skal taka það skýrt fram. Fyrir HID ljósgjafa með nothæft ljósstreymi > 4 000 lm er ekki skyldubundið að taka það fram,

k) ef ljósgjafinn er hannaður fyrir aðrar aðstæður en staðalaðstæður (t.d. ef umhverfishiti Ta ≠ 25 °C eða sérstök hitastýring er nauðsynleg), skal veita upplýsingar um þær aðstæður,

l) viðvörun ef ekki er hægt að deyfa ljósið frá ljósaperunni eða ef aðeins er hægt að deyfa hana með sérstökum ljósastillum eða með sérstökum fasttengdum eða þráðlausum aðferðum. Í síðari tilvikunum skal birta skrá yfir samhæfða ljósastilla og/eða aðferðir á vefsetri framleiðandans,

m) ef ljósgjafinn inniheldur kvikasilfur: viðvörun þess efnis, þ.m.t. um kvikasilfursinnihald í mg námundað með einum aukastaf,

n) ef ljósgjafinn fellur undir gildissvið tilskipunar 2012/19/ESB, án þess að hafa áhrif á merkingarskyldu skv. 4. mgr. 14 gr. tilskipunar 2012/19/ESB eða inniheldur kvikasilfur: viðvörun þess efnis að honum sé ekki fargað sem óflokkuðu húsasorpi.

Birta skal a- til d-lið á umbúðunum á þeirri hlið sem ætlað er að snúi að væntanlegum kaupanda, einnig er mælt með því fyrir aðra liði ef rými leyfir.

Að því er varðar ljósgjafa sem má stilla þannig að þeir gefa frá sér ljós með mismunandi eiginleikum skulu upplýsingarnar gefnar upp fyrir viðmiðunarstillingarnar. Að auki má tilgreina svið gilda sem völ er á.

Upplýsingarnar sem tilgreindar eru hér að neðan þurfa ekki að vera með nákvæmlega sama orðalagi og í listanum hér að ofan. Að öðrum kosti má setja upplýsingarnar fram í línuritum, teikningum eða táknum.

2) Aðskilinn stýribúnaður:

Ef aðskilinn stýribúnaður er settur á markað sem sjálfstæð vara og ekki sem hluti af umlykjandi vöru, í umbúðum sem innihalda upplýsingar sem birta skal á skýran hátt fyrir væntanlega kaupendur, fyrir kaup, skulu eftirfarandi upplýsingar birtar með skýrum og áberandi hætti á umbúðunum:

a) hámarksafköst stýribúnaðarins (fyrir háljóma-, LED- og OLED-ljósgjafa) eða afl ljósgjafa sem stýribúnaðurinn er ætlaður fyrir (fyrir flúrljóma og háþrýsta úrhleðslu),

b) tegund ljósgjafa sem búnaðurinn er ætlaður fyrir,

c) skilvirkni við fullt álag, gefið upp sem hundraðshluti,

d) aflnotkun án álags (P_{no}), gefin er upp í W og námunduð að öðrum aukastaf eða að fram kemur að búnaðurinn er ekki ætlaður til nota í ham án álags. Ef gildið er núll má sleppa því á umbúðunum en skal engu að síður gefið upp í tæknigögnunum og á vefsetrum,

e) aflþörf í reiðuham (P_{sb}), gefin upp í W og námunduð að öðrum aukastaf. Ef gildið er núll má sleppa því á umbúðunum en skal engu að síður gefið upp í tæknigögnunum og á vefsetrum,

f) eftir atvikum, aflþörf í nettengdum reiðuham (P_{net}), gefin upp í W og námunduð að öðrum aukastaf. Ef gildið er núll má sleppa því á umbúðunum en skal engu að síður gefið upp í tæknigögnunum og á vefsetrum,

g) viðvörun ef stýribúnaðurinn hentar ekki til að deyfa ljósgjafa eða aðeins er hægt að nota hann með tilteknum gerðum deyfanlegra ljósgjafa eða með því að nota sérstakar fasttengdar eða þráðlausar aðferðir. Í síðara tilvikinu skal veita ítarlegar upplýsingar á vefsetri framleiðanda eða innflytjanda um þau skilyrði sem hægt er að nota stýribúnaðinn við til að deyfa ljósið,

h) QR-kóði sem beinir áfram á opið vefsetur framleiðanda, innflytjanda eða viðurkennds fulltrúa eða veffang fyrir slíkt vefsetur þar sem finna má allar upplýsingar um stýribúnaðinn.

Upplýsingarnar sem tilgreindar eru hér að neðan þurfa ekki að vera með nákvæmlega sama orðalagi og í listanum hér að ofan. Að öðrum kosti má setja upplýsingarnar fram í línuritum, teikningum eða táknum.

c) Upplýsingar sem skulu vera sýnilegar á opnu vefsetri framleiðanda, innflytjanda eða viðurkennds fulltrúa

1) Aðskilinn stýribúnaður:

Fyrir allan aðskilinn stýribúnað sem settur er á markað í ESB skulu eftirfarandi upplýsingar birtar á a.m.k. einu opnu vefsetri:

a) upplýsingarnar sem tilgreindar eru í 2. lið b-liðar 3. liðar, að undanskildum h-lið 2. liðar b-liðar 3. liðar,

b) ytri mál í mm,

c) massi stýribúnaðar í grömmum, án umbúða og án hluta stýribúnaðar lýsingar og hluta sem hafa ekki með lýsingu að gera, ef einhverjir eru og hvort hægt sé að aðskilja þá efnislega frá stýribúnaðinum,

d) leiðbeiningar um það hvernig eigi að fjarlægja stýribúnað fyrir lýsingu og hluta sem hafa ekki með lýsingu að gera, ef þeir eru fyrir hendi, eða hvernig eigi að slökkva á þeim eða lágmarka aflnotkun þeirra meðan prófun á stýribúnaði stendur yfir vegna markaðseftirlits,

e) ef hægt er að nota stýribúnaðinn með deyfanlegum ljósgjöfum, skrá yfir lágmarkseiginleika sem ljósgjafarnir ættu að búa yfir til að vera fyllilega samhæfðir stýribúnaðinum við deyfingu, og mögulega skrá yfir samhæfða, deyfanlega ljósgjafa,

f) ráðleggingar um hvernig skuli farga ljósgjafanum þegar hann er úr sér genginn í samræmi við tilskipun 2012/19/ESB.

Upplýsingarnar sem tilgreindar eru hér að neðan þurfa ekki að vera með nákvæmlega sama orðalagi og í listanum hér að ofan. Að öðrum kosti má setja upplýsingarnar fram í línuritum, teikningum eða táknum.

d) Tæknigögn

1) Aðskilinn stýribúnaður:

Upplýsingarnar sem tilgreindar eru í 2. lið c-liðar 3. liðar í þessum viðauka skulu einnig vera í tækniskjölunum sem búin eru til vegna samræmismats skv. 8. gr. tilskipunar 2009/125/EB.

e) Upplýsingar um vörur sem tilgreindar eru í 3. lið í III. viðauka

Að því er varðar ljósgjafa og aðskildan stýribúnað sem tilgreindur er í 3. lið III. viðauka skal tilgreina fyrirhugaða notkun þeirra í tæknigögnunum fyrir mat á reglufylgni skv. 5. gr. þessarar reglugerðar og á öllum gerðum umbúða, vöruupplýsinga og auglýsinga, þar að auki skal koma fram með skýrum hætti að ljósgjafinn eða aðskildi stýribúnaðurinn sé ekki ætlaður til annars konar notkunar.

Í tækniskjölunum sem búin eru til vegna samræmismats skv. 5. gr. þessarar reglugerðar skal telja upp tæknilega mæliþætti sem gera hönnun vörunnar sérhæfða þannig að hún falli undir undanþáguna.

Að því er varðar ljósgjafa sem tilgreindir eru í p-lið 3. liðar III. viðauka skal sérstaklega taka fram: „Þessi ljósgjafi skal einungis notaður af ljósnæmum sjúklingum. Notkun þessa ljósgjafa mun leiða til aukins orkukostnaðar miðað við jafngilda orkunýtnari vöru.“

III. VIÐAUKI

Undanþágur

1. Þessi reglugerð gildir ekki um ljósgjafa og aðskildan stýribúnað sem hafa sérstaklega verið prófaðir og fengið samþykki fyrir notkun:

a) á sprengihættustað eins og hann er skilgreindur í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/34/ESB ([1]),

b) í neyðartilvikum, eins og sett er fram í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/35/ESB ([2]),

c) í búnaði fyrir geislalækningar og geislalæknisfræði eins og skilgreint er í 3. gr. tilskipunar ráðsins 2009/71/KBE ([3]),

d) í eða á herstöðvum eða starfstöðvum almannavarna, búnaði, landökutækjum, búnaði um borð í skipum eða loftförum eins og sett er fram í reglugerðum aðildarríkjanna eða skjölum sem Varnarmálastofnun Evrópu hefur gefið út,

e) í eða á vélknúnum ökutækjum, eftirvögnum þeirra og kerfum, útskiptanlegum dregnum búnaði, íhlutum og aðskildum tæknieiningum eins og sett er fram í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 661/2009 ([4]), (ESB) nr. 167/2013 ([5]) og (ESB) nr. 168/2013 ([6]),

f) í eða á færanlegum vélbúnaði til nota utan vega eins og sett er fram í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/1628 ([7]) og í eða á eftirvögnum þeirra,

g) í eða á útskiptanlegum búnaði eins og sett er fram í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/42/EB ([8]) sem er ætlaður til að vera dreginn eða festur á ökutæki og lyft að fullu frá jörðu eða sem ekki snýst á lóðréttum ási þegar ökutækið sem búnaðurinn er festur á er í notkun á vegi eins og sett er fram í reglugerð (ESB) nr. 167/2013,

h) í eða á loftförum í almenningsflugi eins og sett er fram í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 748/2012 ([9]),

i) í lýsingu járnbrautarvagna eins og sett er fram í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/57/EB ([10]),

([1]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/34/ESB frá 26. febrúar 2014 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi búnað og verndarkerfi sem eru ætluð til notkunar í hugsanlega sprengifimu lofti (Stjtíð. ESB L 96, 29.3.2014, bls. 309).

([2]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/35/ESB frá 26. febrúar 2014 um samræmingu laga aðildarríkjanna um að bjóða rafföng fram á markaði sem notuð eru innan ákveðinna spennumarka (Stjtíð. ESB L 96, 29.3.2014, bls. 357).

([3]) Tilskipun ráðsins 2009/71/KBE frá 25. júní 2009 um ramma Bandalagsins um öryggi kjarnorkuvirkja með tilliti til kjarnorku (Stjtíð. ESB L 172, 2.7.2009, bls. 18).

([4]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 661/2009 frá 13. júlí 2009 um gerðarviðurkenningarkröfur að því er varðar vélknúin ökutæki og eftirvagna þeirra og kerfi, íhluti og aðskildar tæknieiningar sem ætlaðar eru í slík ökutæki, með tilliti til almenns öryggis (Stjtíð ESB L 200, 31.7.2009, bls. 1).

([5]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 167/2013 frá 5. febrúar 2013 um viðurkenningu á og markaðseftirlit með ökutækjum fyrir landbúnað eða skógrækt (Stjtíð. ESB L 60, 2.3.2013, bls. 1).

([6]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 168/2013 frá 15. janúar 2013 um viðurkenningu á og markaðseftirlit með vélknúnum ökutækjum á tveimur eða þremur hjólum og fjórhjólum (Stjtíð. ESB L 60, 2.3.2013, bls. 52).

([7]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/1628 frá 14. september 2016 um kröfur varðandi losunarmörk mengandi lofttegunda og efnisagna og gerðarviðurkenningu brunahreyfla fyrir færanlegan vélbúnað til nota utan vega, um breytingu á reglugerðum (ESB) nr. 1024/2012 og (ESB) nr. 167/2013 og um breytingu og niðurfellingu tilskipunar 97/68/EB (Stjtíð. ESB L 252, 16.9.2016, bls. 53).

([8]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/42/EB frá 17. maí 2006 um vélarbúnað og um breytingu á tilskipun 95/16/EB (endursamin) (Stjtíð. ESB L 157, 9.6.2006, bls. 24).

([9]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 748/2012 frá 3. ágúst 2012 um framkvæmdarreglur varðandi lofthæfi- og umhverfisvottun loftfara og tilheyrandi framleiðsluvara, hluta og búnaðar og varðandi vottun hönnunar- og framleiðslufyrirtækja (Stjtíð. ESB L 224, 21.8.2012, bls. 1).

([10]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/57/EB frá 17. júní 2008 um rekstrarsamhæfi járnbrautakerfisins í Bandalaginu (endursamin) (Stjtíð ESB L 191, 18.7.2008, bls. 1).

j) í búnaði um borð í skipum eins og sett er fram í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/90/ESB ([11]),

k) í lækningatækjum, eins og sett er fram í tilskipun 93/42/EBE ([12]) eða í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/745 ([13]) og í lækningatækjum til sjúkdómsgreiningar í glasi eins og sett er fram í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/79/EB ([14]).

Að því er varðar þennan lið þýðir „sérstaklega prófað og fengið samþykki“ að ljósgjafinn eða aðskildi stýribúnaðurinn:

— hafi verið sérstaklega prófaður fyrir umrædd notkunarskilyrði eða notkun, samkvæmt umræddri Evrópulöggjöf eða tengdum framkvæmdarráðstöfunum, eða viðeigandi evrópskum eða alþjóðlegum stöðlum eða, ef ekki er um slíkt að ræða, samkvæmt viðeigandi löggjöf aðildarríkja og

— honum fylgi sönnunargögn, sem eiga að koma fram í tæknigögnum, í formi vottorðs, gerðarviðurkenningarmerkis eða prófunarskýrslu, þess efnis að varan hafi verið sérstaklega samþykkt fyrir umrædd notkunarskilyrði eða notkun og

— sé settur á markað sérstaklega fyrir umrædd notkunarskilyrði eða notkun, eins og fram kemur a.m.k. í tæknigögnum og, nema í d-lið, upplýsingum á umbúðum og öllu auglýsinga- eða markaðsefni.

2. Að auki skal þessi reglugerð ekki gilda um:

a) T5 flúrljósgjafa með tveimur sökklum með afl $P \leq 13$ W,

b) rafeindaskjái (t.d. sjónvörp, tölvuskjái, fistölvur, spjaldtölvur, farsíma, lestölvur, leikjatölvur), þ.m.t. skjái sem falla undir gildissvið reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/2021 ([15]) og reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 617/2013 ([16]),

c) ljósgjafa og aðskildan stýribúnað í rafhlöðuknúnum vörum, þ.m.t. en ekki einskorðað við vasaljós, farsíma með innbyggðu vasaljósi, leikföng með ljósgjafa, borðlampa sem ganga eingöngu fyrir rafhlöðum, armbandsljós fyrir reiðhjólamenn, garðlampa sem ganga fyrir sólarljósi,

d) ljósgjafa til notkunar við litrófsgreiningar og ljósmælingar, t.d. litrófsgreiningu á útfjólubláu-sýnilegu ljósi, sameindalitrófsgreiningu, atómgleypnimælingu, ódreifna innroðagreiningu (NDIR), innroðagreiningu með Fourier-vörpun (FTIR), læknisfræðilega greiningu, örfilmugreiningu með sporöskjupóluðu ljósi (e. *ellipsometry*), lagþykktargreiningu, við eftirlit með vinnslu eða umhverfisvöktun,

e) ljósgjafa og aðskilinn stýribúnað fyrir reiðhjól og önnur óvélknúin ökutæki.

3. Ljósgjafi eða aðskilinn stýribúnaður innan gildissviðs þessarar reglugerðar skal undanþeginn frá kröfum þessarar reglugerðar, að undanskildum kröfunum um upplýsingar sem settar eru fram í e-lið 3. liðar II. viðauka, ef hann er hannaður og markaðssettur vegna fyrirhugaðrar notkunar í a.m.k. eitt af eftirfarandi:

a) vegna merkjasendinga (þ.m.t. en ekki takmarkað við, merkjasendingar á vegum, fyrir járnbrautir, í tengslum við siglingar eða flugumferð, umferðarljós eða flugbrautarljós),

([11]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/90/ESB frá 23. júlí 2014 um búnað um borð í skipum og niðurfellingu á tilskipun ráðsins 96/98/EB (Stjtíð. ESB L 257, 28.8.2014, bls. 146).

([12]) Tilskipun ráðsins 93/42/EBE frá 14. júní 1993 um lækningatæki (Stjtíð. EB L 169, 12.7.1993, bls. 1).

([13]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/745 frá 5. apríl 2017 um lækningatæki, um breytingu á tilskipun 2001/83/EB, reglugerð (EB) nr. 178/2002 og reglugerð (EB) nr. 1223/2009 og um niðurfellingu á tilskipunum ráðsins 90/385/EBE og 93/42/EBE (Stjtíð. ESB L 117, 5.5.2017, bls. 1).

([14]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/79/EB frá 27. október 1998 um lækningabúnað til sjúkdómsgreiningar í glasi (Stjtíð. EB L 331, 7.12.1998, bls. 1).

([15]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/2021 frá 1. október 2019 um kröfur varðandi visthönnun rafeindaskjáa samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/125/EB, um breytingu á reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1275/2008 og um niðurfellingu á reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 642/2009 (Stjtíð. ESB L 315, 5.12.2019, bls. 241).

([16]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 617/2013 frá 26. júní 2013 um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/125/EB að því er varðar kröfur varðandi visthönnun tölva og netþjóna (Stjtíð. ESB L 175, 27.6.2013, bls. 13).

b) vegna myndatöku og myndvörpunar (þ.m.t. en ekki takmarkað við, ljósritun, prentun (beint eða í tengslum við forvinnslu) litógrafíu, vörpun kvikmynda af filmu og með skjávarpa, heilmyndun),

c) í ljósgjöfum með virkt útfjólublátt geislunarafl sem nemur > 2 mW/klm og eru ætlaðir til notkunar þar sem þörf er á miklu magni útfjólublárrar geislunar,

d) í ljósgjöfum með toppgildi geislunar í kringum 253,7 nm sem eru ætlaðir til örverueyðingar (eyðileggingu á DNA),

e) í ljósgjöfum sem gefa frá sér 5% eða meira af heildargeislun á sviðinu 250-800 nm á sviðinu 250-315 nm og/eða 20% eða meira af heildargeislun á sviðinu 250-800 nm á sviðinu 315-400 nm og eru ætlaðir til sótthreinsunar eða til að fanga flugur,

f) í ljósgjöfum með þann megintilgang að gefa frá sér geislun í kringum 185,1 nm og eru ætlaðir til að mynda óson,

g) í ljósgjöfum sem gefa frá sér 40% eða meira af heildargeislun á sviðinu 250-800 nm á sviðinu 400-480 nm og eru ætlaðir fyrir samlífi kórals og ljóstillífandi þörunga (zooxanthellae),

h) í flúrljósgjöfum sem gefa frá sér 80% eða meira af heildargeislun á sviðinu 250-800 nm á sviðinu 250-400 nm og eru ætlaðir til notkunar í ljósabekki,

i) í ljósgjöfum með háþrýsta úrhleðslu sem gefa frá sér 40% eða meira af heildargeislun á sviðinu 250-800 nm á sviðinu 250-400 nm og eru ætlaðir til notkunar í ljósabekki,

j) í ljósgjöfum með ljóstillífunarskilvirkni sem nemur yfir 1,2 µmól/J og/eða gefa frá sér 25% eða meira af heildargeislun á sviðinu 250-800 nm á sviðinu 700-800 nm og eru notaðir í tengslum við garðyrkju,

k) í ljósgjöfum með háþrýsta úrhleðslu með samsvarandi litarhitastig CCT > 7 000 K og ætlað til notkunar þar sem þörf er á svo háu samsvarandi litarhitastigi,

l) í ljósgjöfum með geislahorni sem er minna en 10° og ætlað til notkunar í kastlýsingu þar sem þörf er á mjög mjóum ljósgeisla,

m) í halógenljósgjöfum með sökkulgerð G9.5, GX9.5, GY9.5, GZ9.5, GZX9.5, GZY9.5, GZZ9.5, K39d, G9.5HPL, G16d, GES/E40 (lágspenna (24V) aðeins speglaperur), GX16, GX16d, GY16, G22, G38, GX38, GX38Q, P28s, P40s, PGJX28, PGJX 36, PGJX50, R7s með ljósstreymi > 12 000 lm, QXL-pera, sem er hönnuð og markaðssett sérstaklega til notkunar við sviðslýsingu í kvikmyndaverum, sjónvarpsverum og ljósmyndaverum eða til sviðslýsingar í leikhúsum, dansstöðum og á meðan tónleikum eða öðrum skemmtiviðburðum stendur,

n) í litastillanlegum ljósgjöfum sem hægt er að stilla a.m.k. að þeim litum sem skráðir eru í þessum lið og sem hafa fyrir hvern þessara lita, mælda við ríkjandi bylgjulengd, rófbundinn hreinleika sem er að lágmarki:

Blár	440nm — 490nm	90%
Grænn	520nm — 570nm	65%
Rauður	610nm — 670nm	95%

og eru ætlaðir til notkunar þar sem þörf er á hágæða lituðu ljósi,

o) í ljósgjöfum sem fylgja sérstakt kvörðunarvottorð ásamt ítarlegum upplýsingum um nákvæmt streymi og/eða tíðniróf geislunar við sértæk skilyrði og sem ætlaðir eru til notkunar við ljósmælingarkvörðun (á t.d. bylgjulengd, ljósstreymi, litarhitastigi, litendurgjafarstuðli) eða til notkunar á rannsóknarstofu eða til gæðaeftirlits við mat á lituðu yfirborði og efnum samkvæmt stöðluðum skoðunarskilyrðum (t.d. ljósstaðlar),

p) í ljósgjöfum sem eru sérstaklega hannaðir fyrir sjúklinga sem eru viðkvæmir fyrir ljósi, til sölu í apótekum og á öðrum viðurkenndum sölustöðum (t.d. hjá birgjum með vörur fyrir fatlaða) gegn framvísun lyfseðils,

q) í ljósgjöfum með glóðarperu (þó ekki halógenljósgjafar) sem uppfylla öll eftirfarandi skilyrði: afl ≤ 40 W, lengd ≤ 60 mm, þvermál ≤ 30 mm, sem taldir eru henta fyrir starfrækslu við umhverfishita ≥ 300 °C og ætlaðir eru til notkunar við háan hita svo sem í ofnum,

r) í halógenljósgjöfum sem uppfylla eftirfarandi skilyrði: gerð sökkuls G4, GY6.35 eða G9, afl ≤ 60 W, sem taldir eru hentugir fyrir starfrækslu við umhverfishita ≥ 300 °C og ætlaðir til notkunar við háan hita svo sem í ofnum,

s) í halógenljósgjöfum með rafrænan skilflöt með blaðsnertu, strengskó úr málmi, kapal, litz-rafþráð eða með óstaðlaðan sérsniðinn rafrænan skilflöt, sem er sérstaklega hannaður og markaðssettur fyrir rafhitunarbúnað í iðnaðar- eða atvinnuskyni (t.d. strekkiblástursmótunarferli í PET-iðnaði, þrívíddarprentun, líming, blek, málning og herðing yfirborðsmeðferðarefnis),

t) í halógenljósgjöfum sem uppfylla eftirfarandi skilyrði: R7s sökkull, samsvarandi litarhitastig ≤ 2 500 K, lengd ekki á bilinu 75-80 mm eða á bilinu 110-120 mm, sérstaklega hannaður og markaðssettur fyrir rafhitunarbúnað í iðnaðar- eða atvinnuskyni (t.d. strekkiblástursmótunarferli, þrívíddarprentun, líming, blek, málning og herðing yfirborðsmeðferðarefnis),

u) flúrperur (CFLni) með einum sökkli sem er 16 mm að þvermáli (T5), 2G11 4 pinna, með samsvarandi litarhitastigi = 3 200 K og með liskuhnitin x = 0,415 y = 0,377 eða með samsvarandi litarhitastigi = 5 500 K og með liskuhnitin x = 0,330 y = 0,335, sérstaklega hannaðar og markaðssettar fyrir hljóðvers- og myndbúnað fyrir hefðbundna kvikmyndagerð,

v) í LED- eða OLED-ljósgjafa sem falla undir skilgreininguna „frumgerð listaverks“ eins og skilgreint er í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/84/EB ([17]), búið til af listamanninum sjálfum í takmörkuðu upplagi sem er undir 10 eintökum,

w) hvítir ljósgjafar sem

1) eru hannaðir og markaðssettir sérstaklega til notkunar við sviðslýsingu í kvikmyndaverum, sjónvarpsverum og -tökustöðum og ljósmyndaverum og -tökustöðum eða til notkunar við sviðslýsingu í leikhúsum, á meðan tónleikum eða öðrum skemmtanaviðburðum stendur,

og sem:

2) hafa tvær eða fleiri af eftirfarandi forskriftum:

a) LED-ljós með háan litendurgjafastuðul > 90,

b) GES/E40, K39d-tengill með breytanlegu litarhitastigi niður í 1 800 K (ódeyft), notað með lágspennuaflgjafa,

c) LED með málgildi 180 W og hærra og staðsett þannig að ljósið beinist að svæði sem er minna en ljósvarpsflöturinn,

d) pera af DWE-gerð sem er volframpera sem er skilgreind út frá orkuinntaki hennar í vöttum (650 W) spennu (120 V) og gerð tengils (þrýstiróartengill),

e) hvítir tvílita LED-ljósgjafar,

f) flúrperur: Min BI Pin T5 og Bi Pin T12 með CRI ≥ 85 og CCT 2 900, 3 000, 3 200, 5 600 eða 6 500 K.

([17]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/84/EB frá 27. september 2001 um rétt höfundar til þóknunar við endursölu frumgerðar listaverks (Stjtíð. ESB L 272, 13.10.2001, bls. 32).

4. tengdir ljósgjafar og tengdur aðskilinn stýribúnaður hannaðir og markaðssettir sérstaklega til notkunar við sviðslýsingu í kvikmyndaverum, sjónvarpsverum og -tökustöðum og ljósmyndaverum og -tökustöðum eða til notkunar við sviðslýsingu í leikhúsum, á meðan tónleikum eða öðrum skemmtanaviðburðum stendur, til að tengja háhraðastýringarnet (með því að nota merkjasendingarhraða sem nemur 250 000 bitum á sekúndu og meira) í stöðugum hlustunarham, skulu undanþegnir kröfunum um reiðuham (P_{sb}) og um nettengdan reiðuham (P_{net}) í a-lið 1.liðar og b-lið 1. liðar í II. viðauka.

IV. VIÐAUKI

Sannprófunaraðferð vegna markaðseftirlits

Vikmörk sannprófana, sem skilgreind eru í þessum viðauka, eiga aðeins við um sannprófun yfirvalda aðildarríkis á mældum mæliþáttum. Framleiðandi, innflytjandi eða viðurkenndur fulltrúi skulu ekki nota þessi vikmörk sem leyfileg vikmörk til að ákvarða gildin, sem gefin eru upp í tæknigögnunum, eða við túlkun þessara gilda, með það fyrir augum að ná fram samræmi eða til að sýna fram á betri frammistöðu með einhverjum hætti.

Ef tegund hefur verið hönnuð til að geta greint að verið sé að prófa hana (t.d. með því að bera kennsl á prófunarskilyrðin eða prófunarlotuna) og að bregðast sérstaklega við með því að breyta sjálfkrafa frammistöðu sinni á meðan prófun stendur í þeim tilgangi að ná hagstæðari gildum fyrir einhvern þeirra mæliþátta sem tilgreindir eru í þessari reglugerð eða í tæknigögnunum eða í einhverjum af þeim gögnum sem fylgja með, telst tegundin og allar jafngildar tegundir ekki uppfylla kröfurnar.

Við sannprófun á því hvort tegund vöru uppfylli kröfurnar, sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð skv. 2. mgr. 3. gr. tilskipunar 2009/125/EB, skulu yfirvöld aðildarríkjanna beita eftirfarandi aðferð:

1. Yfirvöld aðildarríkis skulu sannprófa staka einingu af tegundinni að því er varðar a-lið 2. liðar og b-lið 2. liðar í þessum viðauka.

   Yfirvöld aðildarríkisins skulu framkvæma sannprófun á 10 einingum af tegund ljósgjafans eða 3 einingum af tegund aðskilda stýribúnaðarins. Mælt er fyrir um vikmörk sannprófana í töflu 6 í þessum viðauka.

2. Tegundin skal teljast uppfylla viðeigandi kröfur, að því tilskildu að:

   a) gildin, sem gefin eru upp í tæknigögnum skv. 2. lið IV. viðauka við tilskipun 2009/125/EB (yfirlýst gildi), og, eftir atvikum, gildin, sem notuð eru til að reikna út þessi gildi, eru ekki hagstæðari fyrir framleiðandann, innflytjandann eða viðurkenndan fulltrúa en niðurstöður samsvarandi mælinga sem gerðar eru samkvæmt g-lið og

   b) yfirlýstu gildin uppfylli allar kröfurnar, sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð, og allar tilskildar vöruupplýsingar, sem framleiðandinn, innflytjandinn eða viðurkenndi fulltrúinn birtir, innihaldi ekki gildi, sem eru hagstæðari fyrir framleiðandann, innflytjandann eða viðurkennda fulltrúann en yfirlýstu gildin og

   c) þegar yfirvöld aðildarríkis prófa einingar af tegundinni, uppfylli ákvörðuð gildi viðkomandi vikmörk sannprófana sem eru tilgreind í töflu 6 í þessum viðauka, þar sem „ákvarðað gildi“ er meðaltal tiltekins mæligildis fyrir prófaðar einingar eða meðaltal gilda mæliþátta sem er reiknað út frá mæligildum.

3. Ef niðurstöðurnar, sem um getur í a-, b- eða c-lið 2. liðar, fást ekki telst tegundin og allar sambærilegar tegundir ekki uppfylla ákvæði þessarar reglugerðar.

4. Yfirvöld aðildarríkis skulu gefa yfirvöldum annarra aðildarríkja og framkvæmdastjórninni allar viðeigandi upplýsingar, án tafar, eftir að ákvörðun um að tegundin uppfylli ekki ákvæði 3. liðar þessa viðauka liggur fyrir.

Yfirvöld aðildarríkis skulu eingöngu beita vikmörkum sannprófana, sem sett eru fram í töflu 6, og eingöngu beita aðferðinni sem lýst er í þessum viðauka. Að því er varðar mæliþættina í töflu 6 skal ekki beita öðrum vikmörkum á borð við þau sem eru sett fram í samhæfðum stöðlum eða í einhverri annarri mæliaðferð.

Tafla 6

Vikmörk við sannprófun

Mæliþáttur	Úrtaksstærð	Vikmörk við sannprófun
Aflnotkun við fullt álag þegar kveikt er á ljósgjafa P_{on} [W]:		
$P_{on} \leq 2W$	10	Ákvarðað gildi skal ekki vera hærra en yfirlýsta gildið en sem nemur 0,20 W.

Mæliþáttur	Úrtaksstærð	Vikmörk við sannprófun
$2W < P_{on} \leq 5W$	10	Ákvarðað gildi skal ekki vera hærra en yfirlýsta gildið en sem nemur 10%.
$5W < P_{on} \leq 25W$	10	Ákvarðað gildi skal ekki vera hærra en yfirlýsta gildið en sem nemur 5%.
$25W < P_{on} \leq 100W$	10	Ákvarðað gildi skal ekki vera hærra en yfirlýsta gildið en sem nemur 5%.
$100W < P_{on}$	10	Ákvarðað gildi skal ekki vera hærra en yfirlýsta gildið en sem nemur 2,5%.
Aflstuðull [*0-1*]	10	Ákvarðað gildi skal ekki vera lægra en yfirlýsta gildið að frádreginni 0,1 einingu.
Nothæft ljósstreymi Φ_{use} [*lm*]	10	Ákvarðað gildi skal ekki vera lægra en yfirlýsta gildið að frádregnum 10%.
Aflþörf án álags P_{no}, aflþörf í reiðuham P_{sb} og nettengdum reiðuham P_{net} [*W*]	10	Ákvarðað gildi skal ekki vera hærra en yfirlýsta gildið en sem nemur 0,10 W.
Litendurgjafarstuðull (CRI) [*0-100*]	10	Ákvarðað gildi skal ekki vera lægra en yfirlýsta gildið en sem nemur 2,0 einingum.
Flökt [P_{st} *LM*] og blikhrif [*SVM*]	10	Ákvarðað gildi skal ekki vera hærra en yfirlýsta gildið en sem nemur 10%.
Litasamræmi [*þrep MacAdam-sporbaugs*]	10	Ákvarðaður fjöldi skrefa skal ekki vera hærri en yfirlýstur fjöldi skrefa. Miðja MacAdam-sporbaugs er sú miðja sem birgir gefur upp með vikmörkum sem nema 0,005 einingum.
Geislahorn (gráður)	10	Ákvarðað gildi skal ekki víkja frá yfirlýsta gildinu með meira en 25%.
Skilvirkni stýribúnaðar [0-1]	3	Ákvarðað gildi skal ekki vera lægra en yfirlýsta gildið að frádreginni 0,05 einingu.
Ljósstreymisheldni (LED- og OLED-ljósgjafa)	10	Ákvarðað hlutfall ljósstreymisheldni (X_{LMF}%) sýnisins í kjölfar prófunarinnar í V. viðauka þessarar reglugerðar skal ekki vera minna en $X_{LMF, MIN}$% ([1]).
Lifunarhlutfall (LED- og OLED-ljósgjafa)	10	Að minnsta kosti 9 ljósgjafar prófunarsýnisins verða að vera í nothæfu ástandi að lokinni prófuninni sem um getur í V. viðauka við þessa reglugerð.
Rófbundinn hreinleiki [%]	10	Ákvarðað gildi skal ekki vera lægra en yfirlýsta gildið að frádregnum 5%.
Samsvarandi litarhitastig [K]	10	Ákvarðað gildi skal ekki víkja frá yfirlýsta gildinu um meira en 10%.

([1]) Það eru engin vikmörk í tengslum við þessa mælistiku þar sem hún er föst krafa og það er framleiðandans að gefa upp $L_{70}B_{50}$ sem uppfyllir kröfuna.

Að því er varðar afar langa, ílanga ljósgjafa með breytanlegri lengd, s.s. LED-borða eða -seríur, skal prófun miðast við 50 cm eða, ef ljósgjafinn er ekki með breytanlega lengd, þeirri lengd sem er næst 50 cm. Framleiðandi eða innflytjandi ljósgjafa skal tilgreina hvaða stýribúnaður hentar þessari lengd.

Við sannprófun á því hvort að vara teljist ljósgjafi, skulu markaðseftirlitsyfirvöld bera mæligildi fyrir liskuhnit (x og y), ljósstreymi, þéttleika ljósstreymis og litendurgjafarstuðul beint saman við viðmiðunarmörkin sem eru sett fram í skilgreiningu á ljósgjafa í 2. gr. þessarar reglugerðar, án þess að beita vikmörkum. Ef einhver af einingunum 10 í úrtakinu uppfyllir skilyrðin til að teljast ljósgjafi skal vörutegundin teljast ljósgjafi.

Meta skal ljósgjafa sem gera endanlegum notanda kleift að stýra, handvirkt eða sjálfvirkt, beint eða fjarstýrt, ljósstyrk, lit, samsvarandi litarhitastigi, ljósrófi og/eða geislahorni ljóssins sem ljósgjafinn gefur frá sér, með því að nota viðmiðunar-stillingarnar.

V. VIÐAUKI

Virkni eftir þolprófun

Tegundir LED- og OLED-ljósgjafa skulu gangast undir þolprófanir til að sannreyna ljósstreymisheldni þeirra og lifunarhlutfall. Þessi þolprófun samanstendur af þeirri prófunaraðferð sem lýst er hér á eftir. Yfirvöld aðildarríkis skulu prófa a.m.k. 10 einingar af tegundinni í þessu prófi.

Framkvæma skal þolprófunina fyrir LED- og OLED-ljósgjafa sem hér segir:

a) Umhverfisskilyrði og uppstilling prófunar:

   i. Framkvæma skal á-af-lotur í rými með umhverfishita upp á 25 ± 10 °C og meðallofthraða sem er minni en 0,2 m/s.

   ii. Framkvæma skal á-af-lotur sýnisins í frílofti með ljósgjafann í lóðréttri stöðu og sökkullinn upp. Hins vegar ef framleiðandi eða innflytjandi hefur lýst því yfir að ljósgjafinn henti aðeins til notkunar í tiltekinni stöðu þá skal sýnið sett upp í þeirri stöðu.

   iii. Spennan sem notuð er á meðan á-af-lotum stendur skal hafa vikmörk innan 2%. Heildaryfirsveifluhluti fæðispennunnar skal ekki fara umfram 3%. Staðlar veita leiðbeiningar um fæðispennu. Ljósgjafar sem hannaðir eru til að tengjast við rafveitu skulu prófaðir við 230 V, 50 Hz, jafnvel þó hægt sé að tengja vörurnar við aðra aflgjafa.

b) Þolprófunaraðferð:

   i. Upphafleg streymismæling: mælið ljósstreymi ljósgjafa áður en á-af-lota þolprófunar hefst.

   ii. Á-af-lotur: látið ljósgjafann ganga í 1200 lotur af endurteknum, samfelldum, á-af-lotum án hlés. Ein heil á-af-lota samanstendur af 150 mínútum með kveikt á ljósgjafanum við fullt afl og 30 mínútum í kjölfarið með slökkt á ljósgjafanum. Þær klukkustundir notkunar sem skráðar eru (þ.e. 3000 klst.) taka aðeins til þeirra tímabila á-af-lotunnar þar sem kveikt er á ljósgjafanum, þ.e. heildarprófunartíminn er 3 600 klst.

   iii. Mæling á lokastreymi: athugið við lok 1200 á-af-lota hvort einhverjir ljósgjafar hafi brugðist (sjá „Lifunarhlutfall“ í töflu 6 í IV. viðauka við þessa reglugerð) og mælið ljósstreymi ljósgjafanna sem hafa ekki brugðist.

   iv) Fyrir hverja einingu í úrtakinu sem hefur ekki brugðist deilið mældu lokastreymi með mældu upphaflegu streymi. Reiknið meðaltal þeirra gilda sem myndast fyrir allar einingar sem brugðust ekki til að reikna út ákvarðað gildi fyrir ljósstreymisheldnistuðulinn X_{LMF}%.

VI. VIÐAUKI

Viðmiðanir

Við gildistöku þessarar reglugerðar var besta, aðgengilega tækni á markaðnum fyrir umhverfisþætti, sem voru taldir mikilvægir og mælanlegir, eins og segir hér á eftir.

Besta, aðgengilega tæknin á markaðnum fyrir ljósgjafa með tilliti til skilvirkni þeirra á grundvelli nothæfs ljósstreymis var auðkennd sem hér segir:

— Óstefnuvirkir ljósgjafar með rafveituspennu: 120-140 lm/W

— Stefnuvirkir ljósgjafar með rafveituspennu: 90-100 lm/W

— Stefnuvirkir ljósgjafar sem ekki starfa á rafveitu: 85- 95 lm/W

— Ílangir ljósgjafar (pípur): 140-160 lm/W

Besta, aðgengilega tæknin á markaðinum fyrir aðskildan stýribúnað hefur orkunýtni upp á 95%.

Þættir sem krafist er við tiltekna notkun (svo sem há litendurgjöf) gæti komið í veg fyrir að vörur með þá eiginleika nái þeim viðmiðunum.

Besta, aðgengilega tæknin á markaðinum fyrir ljósgjafa og aðskildan stýribúnað inniheldur ekki kvikasilfur.

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2019/2021 **2023/EES/63/43**

frá 1. október 2019

um kröfur varðandi visthönnun rafeindaskjáa samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/125/EB, um breytingu á reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1275/2008 og um niðurfellingu á reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 642/2009 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af 114. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/125/EB frá 21. október 2009 um ramma til að setja fram kröfur varðandi visthönnun að því er varðar orkutengdar vörur ([1]), einkum 1. mgr. 15. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Samkvæmt tilskipun 2009/125/EB ætti framkvæmdastjórnin að setja fram kröfur varðandi visthönnun að því er varðar orkutengdar vörur sem eru umtalsverður hluti sölu og viðskipta í Sambandinu, sem hafa veruleg umhverfisáhrif og búa yfir miklum möguleikum á að draga úr umhverfisáhrifum með vali á hönnun, án þess að það hafi í för með sér óhóflegan kostnað.

2) Í reglugerð (EB) nr. 642/2009 ([2]) setti framkvæmdastjórnin fram kröfur varðandi visthönnun sjónvarpa og samkvæmt þeirri reglugerð ætti framkvæmdastjórnin að endurskoða reglugerðina í ljósi tækniframfara.

3) Í orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar COM(2016) 773 ([3]) (vinnuáætlun um visthönnun), sem framkvæmdastjórnin tók saman við beitingu 1. mgr. 16. gr. tilskipunar 2009/125/EB, eru tilgreind forgangsverkefni samkvæmt rammanum um visthönnun og orkumerkingar fyrir tímabilið 2016-2019. Í vinnuáætluninni um visthönnun eru tilgreindir orkutengdir vöruflokkar, sem teljast forgangsmál í tengslum við framkvæmd undirbúningsrannsókna og endanlega samþykkt framkvæmdarráðstafana, sem og endurskoðun á reglugerð (EB) nr. 642/2009.

4) Áætlað er að aðgerðir vinnuáætlunarinnar um visthönnun gætu samtals skilað árlegum frumorkusparnaði árið 2030 sem nemur meira en 260 TWh árið 2030 sem jafngildir því að dregið sé úr losun gróðurhúsalofttegunda sem nemur u.þ.b. 100 milljónum tonna á ári árið 2030. Rafeindaskjáir eru einn af þeim vöruflokkum sem eru tilgreindir í vinnuáætluninni.

5) Í ljósi tækniframfara hefur framkvæmdastjórnin endurskoðað reglugerðina, skv. 6. gr. reglugerðar (EB) nr. 642/2009, og gert tækni-, umhverfis- og efnahagsgreiningu á sjónvörpum og öðrum rafeindaskjáum. Endurskoðunin fór fram í nánu samstarfi við hagsmunaaðila og hlutaðeigandi aðila frá Sambandinu og þriðju löndum. Niðurstöður endurskoðunarinnar voru gerðar opinberar og kynntar á samráðsvettvanginum um visthönnun sem komið var á fót með 18. gr. tilskipunar 2009/125/EB.

6) Endurskoðunin leiddi í ljós að nauðsynlegt væri að innleiða nýjar orkutengdar kröfur varðandi visthönnun sjónvarpa og að sömu kröfur ættu einnig að gilda um aðra skjái, s.s. tölvuskjái, vegna sívaxandi skörunar á milli virkni mismunandi tegunda skjáa. Myndsýningartæki nota mjög mismunandi tækni og ættu því ekki að falla undir gildissvið þessarar reglugerðar.

7) Stafrænir upplýsingaskjáir eru notaðir á opinberum svæðum, s.s. á flugvöllum, neðanjarðarlestarstöðvum og lestarstöðvum, í smávöruverslunum, búðargluggum, á veitingastöðum, söfnum, hótelum, ráðstefnumiðstöðvum eða á áberandi stöðum utan bygginga, og eru dæmi um mikilvægan, nýjan markað. Orkuþörf þeirra er önnur og almennt meiri en annarra rafeindaskjáa vegna þess að þeir eru oft notaðir á upplýstum stöðum og alltaf kveikt á þeim. Meta ætti lágmarkskröfur fyrir stafræna upplýsingaskjái sem kveikt er á þegar viðbótargögn verða fyrir hendi en nú þegar ættu a.m.k. að vera fyrir hendi lágmarkskröfur fyrir upplýsingaskjái sem slökkt er á, sem eru í reiðuham og í nettengdum reiðuham sem og varðandi efnisnýtni þeirra.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 315, 5.12.2019, bls. 241. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 154/2023 frá 13. Júní 2023 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) og IV. viðauka (Orka) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 285, 31.10.2009, bls. 10.

([2]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 642/2009 frá 22. júlí 2009 um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2005/32/EB að því er varðar kröfur varðandi visthönnun á sjónvörpum (Stjtíð. ESB L 191, 23.7.2009, bls. 42).

([3]) Orðsending framkvæmdastjórnarinnar. Vinnuáætlun um visthönnun 2016-2019 COM(2016) 773, lokagerð, 30.11.2016.

8) Árið 2016 nam árleg orkunotkun sjónvarpa í Sambandinu meira en 3% af raforkunotkun í Evrópusambandinu. Árið 2030 er búist við því að áætluð orkunotkun sjónvarpa, myndskjáa og stafrænna upplýsingaskjáa verði nálægt 100 TWh á ári. Gert er ráð fyrir að þessi reglugerð, ásamt meðfylgjandi reglugerð um orkumerkingar, dragi úr heildarnotkun um 39 TWh á ári eigi síðar en 2030.

9) Mæla ætti fyrir um sértækar kröfur fyrir raforkuþörf rafeindaskjáa í reiðuham, nettengdum reiðuham og þegar slökkt er á þeim. Því ættu kröfur reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1275/2008 ([4]), sem gilda ekki um sjónvörp, ekki að gilda lengur um aðrar tegundir rafeindaskjáa sem falla undir gildissvið þessarar reglugerðar. Því ætti að breyta reglugerð (EB) nr. 1275/2008 til samræmis við það.

10) Rafeindaskjáir til nota í atvinnuskyni, s.s. fyrir myndvinnslu, tölvustudda hönnun, myndræna útfærslu eða fyrir útsendingargeirann, búa yfir háþróuðum eiginleikum og mjög sértækri virkni og ættu ekki að falla undir kröfur um orkunýtni, sem settar eru um almennari vörur þegar kveikt er á þeim, jafnvel þótt notkun rafeindaskjáanna feli í sér almennt meiri orkunotkun.

11) Í orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar um hringrásarhagkerfið ([5]) og orðsendingunni um vinnuáætlunina um visthönnun ([6]) er lögð áhersla á mikilvægi þess að nota rammann um visthönnun til að styðja skipti yfir í hagkerfi sem er auðlindanýtnara og meira hringlaga. Í 11. forsendu og 4. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2012/19/ESB ([7]) er einnig vísað til tilskipunar 2009/125/EB og bent á að kröfur um visthönnun ættu að auðvelda endurnotkun, sundurhlutun og endurheimt raf- og rafeindabúnaðarúrgangs með því að bregðast við vandamálum á fyrri stigum og stuðla þannig að því að markmið um forvarnir gegn myndun úrgangs og endurheimt í aðildarríkjum náist, eins og tilgreint er í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/851 ([8]). Þar að auki felur ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1386/2013/ESB ([9]) um að koma á fót almennri aðgerðaáætlun Sambandsins á sviði umhverfismála til ársins 2020 í sér markmiðið um „að breyta Sambandinu í auðlindanýtið, grænt og samkeppnishæft hagkerfi sem einkennist af lítilli koltvísýringslosun“. Innleiðing krafna á hönnunarstigi vöru, sem bæði er unnt að framkvæma og framfylgja, getur mögulega stuðlað að því að hámarka aðfanga- og efnisnýtni úr sér genginna vara. Að lokum ætti framkvæmdastjórnin, í samræmi við aðgerðaáætlun Sambandsins fyrir hringrásarhagkerfið ([10]), að tryggja að sérstök áhersla sé lögð á þá þætti sem skipta máli fyrir hringrásarhagkerfið þegar viðmiðanir um visthönnun eru settar eða endurskoðaðar. Í þessari reglugerð ætti því að mæla fyrir um viðeigandi kröfur sem eru ekki orkutengdar og stuðla að markmiðum fyrir hringrásarhagkerfið, þ.m.t. kröfur til að auðvelda viðgerðir og tiltækileika varahluta.

12) Vökvakristalsskjáir með skjáflöt sem er meiri en 100 fersentimetrar falla undir gildissvið krafnanna, sem settar eru fram í 8. gr. og VII. viðauka við tilskipun 2012/19/ESB, í tengslum við sértæka meðhöndlun efna og íhluta raf- og rafeindabúnaðarúrgangs sem þýðir að aðskilja þarf slíka skjái frá vörunni sem þeir eru hluti af. Að teknu tilliti til þess að skjáir með skjáflöt sem er 100 fersentimetrar eða minni nota mjög litla orku ættu allir slíkir rafeindaskjáir að falla utan gildissviðs þessarar reglugerðar bæði að því er varðar orku og kröfur sem stuðla að því að markmið hringrásar-hagkerfisins náist.

13) Þegar úr sér gengin sjónvörp, tölvuskjáir, stafrænir upplýsingaskjáir, skjáir í atvinnuskyni, útsendingaskjáir, öryggis-skjáir sem og skjáir sem eru samþættir spjaldtölvum, sambyggðum borðtölvum eða fartölvum hafa verið send til söfnunarstöðvar fyrir raf- og rafeindabúnaðarúrgang er yfirleitt ekki hægt að aðgreina vörurnar hverja frá annarri. Þessar úr sér gengnu vörur ættu því allar að falla undir sömu kröfurnar um viðeigandi meðhöndlun og þær ættu einnig að greiða fyrir því að markmið hringrásarhagkerfisins náist. Hins vegar ættu rafeindaskjáir sem eru samþættir tölvum, s.s.

([4]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1275/2008 frá 17. desember 2008 um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2005/32/EB að því er varðar kröfur varðandi visthönnun raf- og rafeindatækja til heimilis- og skrifstofunota með tilliti til aflþarfar þeirra í reiðuham og þegar slökkt er á þeim sem og í nettengdum reiðuham (Stjtíð. ESB L 339, 18.12.2008, bls. 45).

([5]) Orðsending framkvæmdastjórnarinnar til Evrópuþingsins, ráðsins, efnahags- og félagsmálanefndar Evrópusambandsins og svæðanefndar-innar: Hringrásinni lokað – aðgerðaráætlun ESB fyrir hringrásarhagkerfið (COM(2015) 614, lokagerð, 2.12.2015).

([6]) Orðsending framkvæmdastjórnarinnar: Vinnuáætlun um visthönnun 2016-2019 (COM(2016) 773, lokagerð, 30.11.2016).

([7]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2012/19/ESB frá 4. júlí 2012 um raf- og rafeindabúnaðarúrgang (Stjtíð. ESB L 197, 24.7.2012, bls. 38).

([8]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/851 frá 30. maí 2018 um breytingu á tilskipun 2008/98/EB um úrgang (Stjtíð. ESB L 150, 14.6.2018, bls. 109).

([9]) Ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1386/2013/ESB frá 20. nóvember 2013 um að koma á fót almennri aðgerðaáætlun Sambandsins á sviði umhverfismála til ársins 2020 „Gott líf innan marka plánetunnar okkar“ (Stjtíð. ESB L 354, 28.12.2013, bls. 171).

([10]) COM(2015) 614, lokagerð.

spjaldtölvum, fartölvum eða sambyggðum borðtölvum, þó svo erfitt sé að aðgreina þá frá öðrum rafeindaskjám, að falla undir endurskoðun á reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 617/2013 ([11]) um tölvur.

14) Tæting rafeindaskjáa veldur miklu tapi á aðföngum og kemur í veg fyrir að markmið hringrásarhagkerfis náist, s.s. endurheimt fágætra og verðmætra efna. Í ákvæðum 1. og 2. mgr. 8. gr. tilskipunar 2012/19/ESB er þess einnig krafist að aðildarríkin tryggi að allur úrgangur, sem safnað er sérstaklega, sé meðhöndlaður sérstaklega, þ.m.t. að lágmarki sértæk meðhöndlun ýmissa íhluta sem er almennt að finna í skjáum, sem undirbúningur fyrir endurheimt eða endurvinnslu og áður en tæting á sér stað. Því ætti a.m.k. að auðvelda sundurhlutun sértæku íhlutanna sem taldir eru upp í VII. viðauka við þá tilskipun. Enn fremur er kveðið á um í 15. gr. að framleiðendur eigi að veita upplýsingar án endurgjalds, með því að nota valkvæðan rafrænan vettvang, til að auðvelda undirbúning endurnotkunar og réttrar og umhverfisvænnar meðhöndlunar raf- og rafeindabúnaðarúrgangs ([12]).

15) Tilvist halógenaðra eldtefjandi efna hefur í för með sér umtalsverð vandamál að því er varðar endurvinnslu plasts í rafeindaskjáum. Með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/65/ESB ([13]) hafa verið innleiddar takmarkanir að því er varðar sum þessara halógenuðu efnasambanda sökum mikilla eituráhrifa þeirra en þau má þó enn finna í gömlum skjáum og önnur eru enn leyfð. Eftirlit með hámarksinnihaldi efnasambanda, sem ekki eru leyfð í endurunnu plasti, er ekki kostnaðarhagkvæmt sem veldur því að öll varan er brennd. Önnur lausn gæti fundist fyrir megnið af plasthluta rafeindaskjáa, s.s. umbúnaðinn og standinn, sem myndi auka magn endurunnins plasts. Takmarka ætti notkun halógenaðra eldtefjandi efna í þessum hlutum.

16) Tilvist kadmíums, sem er mjög eitrað og krabbameinsvaldandi efni í skjáum, stendur þar að auki í vegi fyrir skilvirkri stjórnun úrgangs. Notkun tiltekinna hættulegra efna í raf- og rafeindabúnaði, þ.m.t. kadmíums, er takmörkuð með tilskipun 2011/65/ESB. Notkun kadmíums í rafeindaskjáum er hins vegar meðal þeirra nýtingarleiða sem eru undanþegnar takmörkunum í afmarkaðan tíma. Framleiðendur ættu því að merkja sérstaklega skjái sem innihalda kadmíum til að auðvelda rétta og umhverfisvæna meðhöndlun úr sér genginna skjáa.

17) Mæla ætti viðeigandi mæliþætti vara með áreiðanlegum, nákvæmum og samanburðarnákvæmum aðferðum þar sem tillit er tekið til viðurkenndra mæliaðferða, sem byggjast á nýjustu tækni, og, ef þeir eru fyrir hendi, samhæfðra staðla, sem evrópskar staðlastofnanir hafa samþykkt og taldar eru upp í I. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1025/2012 ([14]).

18) Í samræmi við 8. gr. tilskipunar 2009/125/EB ætti í þessari reglugerð að tilgreina gildandi aðferðir við samræmismat.

19) Til að auðvelda eftirlit með því að kröfur séu uppfylltar ættu framleiðendur, innflytjendur eða viðurkenndir fulltrúar að veita upplýsingarnar, sem tilgreindar eru í tækniskjölunum, sem um getur í IV. og V. viðauka við tilskipun 2009/125/EB, að því marki sem þær tengjast kröfunum sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð. Í tengslum við markaðseftirlit ætti framleiðendum, innflytjendum eða viðurkenndum fulltrúum að vera heimilt að vísa til vörugagnagrunnsins ef tæknigögnin samkvæmt framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/2013 ([15]) innihalda sömu upplýsingar.

20) Til að auka skilvirkni þessarar reglugerðar og til að vernda neytendur ætti að banna að vörur, sem breyta frammistöðu sinni sjálfkrafa við prófunarskilyrði til að bæta tilgreinda mæliþætti, séu settar á markað.

([11]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 617/2013 frá 26. júní 2013 um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/125/EB að því er varðar kröfur varðandi visthönnun tölva og netþjóna (Stjtíð. ESB L 175, 27.6.2013, bls. 13).

([12]) „Upplýsingar fyrir endurvinnsluaðila — I4R“ er vettvangur fyrir upplýsingaskipti milli framleiðenda raf- og rafeindabúnaðar og endurvinnsluaðila raf- og rafeindabúnaðarúrgangs: http://www.i4r-platform.eu.

([13]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/65/ESB frá 8. júní 2011 um takmarkanir á notkun tiltekinna, hættulegra efna í rafbúnaði og rafeindabúnaði (Stjtíð. ESB L 174, 1.7.2011, bls. 88).

([14]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1025/2012 frá 25. október 2012 um evrópska stöðlun og breytingu á tilskipunum ráðsins 89/686/EBE og 93/15/EBE og tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 94/9/EB, 94/25/EB, 95/16/EB, 97/23/EB, 98/34/EB, 2004/22/EB, 2007/23/EB, 2009/23/EB og 2009/105/EB og niðurfellingu á ákvörðun ráðsins 87/95/EBE og ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1673/2006/EB (Stjtíð. ESB L 316, 14.11.2012, bls. 12).

([15]) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/2013 frá 11. mars 2019 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/1369 að því er varðar orkumerkingar rafeindaskjáa og um niðurfellingu á framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1062/2010 (Stjtíð. ESB L 315, 5.12.2019, bls. 1).

21) Til viðbótar við þær lagalega bindandi kröfur sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð ætti, í samræmi við 2. lið 3. hluta I. viðauka við tilskipun 2009/125/EB, að veita leiðbeinandi viðmiðanir um bestu, aðgengilegu tækni til að tryggja víðtækan og greiðan aðgang að upplýsingum um vistvænleika á vistferli vara sem falla undir þessa reglugerð.

22) Við endurskoðun á þessari reglugerð ætti að meta hversu viðeigandi og skilvirk ákvæði hennar eru til þess að ná tilskildum markmiðum. Við tímasetningu endurskoðunarinnar ætti að taka tillit til mikils hraða tækniframfara í tengslum við vörurnar sem falla undir þessa reglugerð.

23) Því ætti að fella reglugerð (EB) nr. 642/2009 úr gildi.

24) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót með 19. gr. tilskipunar 2009/125/EB.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Efni og gildissvið

1. Með þessari reglugerð eru settar fram kröfur varðandi visthönnun að því er varðar að setja rafeindaskjái á markað og taka þá í notkun, þ.m.t. sjónvörp, myndskjái og stafræna upplýsingaskjái.

2. Þessi reglugerð gildir ekki um eftirfarandi:

a) rafeindaskjái sem hafa skjáflöt sem er minni en eða jafngildir 100 fersentimetrum,

b) skjávarpa,

c) sambyggð kerfi fyrir fjarfundahald í mynd,

d) skjái sem notaðir eru í lækningaskyni,

e) sýndarveruleikagleraugu,

f) skjái sem eru samþættir eða sem á að samþætta vörunum sem eru taldar upp í a-lið 3. mgr. og 4. mgr. 2. gr. tilskipunar 2012/19/ESB,

g) skjái sem eru íhlutir eða undireiningar vara sem falla undir framkvæmdarráðstafanir sem samþykktar eru samkvæmt tilskipun 2009/125/EB.

3. Kröfurnar í A- og B-lið II. viðauka skulu ekki gilda um eftirfarandi skjái:

a) útsendingarskjái,

b) skjái sem notaðir eru í atvinnuskyni,

c) öryggisskjái,

d) stafrænar, gagnvirkar skriftartöflur,

e) stafræna myndaramma,

f) stafræna upplýsingaskjái.

4. Kröfurnar í A-, B- og C-hluta II. viðauka skulu ekki gilda um eftirfarandi skjái:

a) stöðuvísa,

b) stjórnborð.

2. gr.

Skilgreiningar

Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1) „*rafeindaskjár*“: skjár og tilheyrandi rafeindabúnaður sem hefur það meginhlutverk að birta sjónrænar upplýsingar sem eru sendar í gegnum fasttengda eða þráðlausa tengingu,

2) „*sjónvarp*“: rafeindaskjár sem er fyrst og fremst hannaður til að sýna og taka á móti hljóð- og myndmerkjum og sem samanstendur af rafeindaskjá og einum eða fleiri rásveljurum/móttökubúnaði,

3) „*rásveljari/móttökubúnaður*“: rafrás sem nemur sjónvarpsútsendingarmerki, s.s. jarðbundin stafræn merki eða merki frá gervihnetti, en ekki einvarp á netinu, og greiðir fyrir því að velja sjónvarpsrás úr fjölda útsendingarása,

4) „mynd*skjár*“ eða „*tölvumyndskjár*“ eða „tölvuskjár“: rafeindaskjár sem er ætlaður til skoðunar af stuttu færi fyrir einn einstakling, t.d. við skrifborð,

5) „*stafrænn upplýsingaskjár*“: rafeindaskjár sem er aðallega hannaður til að margir geti horft á hann í öðru umhverfi en á skrifstofu eða heimili. Nákvæm lýsing á honum skal fela í sér eftirfarandi atriði:

   a) sérstakt auðkenni sem veitir aðgang að tilteknum skjá,

   b) aðgerð sem kemur í veg fyrir óheimilan aðgang að sjástillingum og myndinni sem er sýnd,

   c) nettengingu (sem nær yfir fasttengdan eða þráðlausan skilflöt) til að stjórna, vakta eða taka á móti upplýsingunum til að sýna frá fjarlægum einvarpsgjafa (e. *unicast source*) eða margvarpsgjafa (e. *multicast source*) en ekki frá útsendingargjafa (e. *broadcast source*),

   d) hannaður til að vera hengdur upp, uppstilltur eða festur á fastan flöt svo margir geti horft á hann og ekki settur á markað með gólfstandi,

   e) hafi ekki samþættan rásveljara til að sýna útsendingarmerki,

6) „*skjáflötur*“: sýnilegt svæði rafeindaskjás sem reiknað er út með því að margfalda hámarksbreidd sýnilegrar myndar með hámarkshæð sýnilegrar myndar meðfram yfirborði skjásins (á bæði við um flata eða bogadregna skjái),

7) „*stafrænn myndarammi*“: rafeindaskjár sem sýnir eingöngu upplýsingar í formi kyrrmynda,

8) „*skjávarpi*“: sjóntæki sem vinnur úr hliðrænum eða stafrænum myndupplýsingum, á hvaða sniði sem er, og er notað til að móta ljósgjafa og varpa myndum á ytra yfirborð,

9) „*stöðuvísir*“: skjár til að sýna einfaldar upplýsingar sem breytast, eins og t.d. valin stöð, tími eða aflnotkun; einfalt gaumljós telst ekki vera stöðuvísir.

10) „*stjórnborð*“: rafeindaskjár sem hefur þá meginvirkni að sýna myndir í tengslum við rekstrarstöðu vörunnar og sem gerir aðgerðir notanda mögulegar með snertingu eða öðrum leiðum til að stjórna rekstri vörunnar; það má samþætta það vörum eða sérstaklega hanna það og markaðsetja til nota eingöngu með viðkomandi vöru,

11) „*sambyggt kerfi fyrir fjarfundahald í mynd*“: sérhæft kerfi sem er hannað fyrir fjarfundahald og samstarf, sambyggt í einn umbúnað og nákvæm lýsing á því skal fela í sér alla eftirfarandi þætti:

   a) stuðning við sérstakar samskiptareglur fyrir myndfundi, ITU-T H.323 eða IETF SIP sem koma frá framleiðanda,

   b) myndavél eða myndavélar, skjá- og vinnslugetu fyrir tvíátta myndskeið á rauntíma, þ.m.t. takmörkun á pakkatapi,

   c) hátalara- og hljóðvinnslugetu fyrir tvíátta hljóðsendingu á rauntíma með handfrjálsum búnaði, þ.m.t. bergmálsbætingu,

d) dulkóðunaraðgerð,

e) nettengdan búnað með fjölþætta netvirkni (HiNA-búnað),

12) „HiNA“: búnaður með fjölþætta netvirkni (HiNA-virkni), eins og skilgreint er í 2. gr. reglugerðar (EB) nr. 1275/2008,

13) „*útsendingarskjár*“: rafeindaskjár sem útvarpsrekendur og framleiðslufyrirtæki hanna og markaðssetja í atvinnuskyni til framleiðslu myndefnis; nákvæm lýsing á honum skal fela í sér alla eftirfarandi þætti:

a) litakvörðunaraðgerð,

b) aðgerðir til vöktunar og greiningar ílagsmerkis og til villuskynjunar, s.s. framsetning ílagsmerkis með bylgjusjá/vigursjá, frumlitaskerming, aðgerð til að prófa myndmerkisstöðuna í raunverulegri myndupplausn, samfléttunarhamur og aðgerð fyrir skjámörkun,

c) stafrænt raðtengi (SDI) eða myndþjónustu á netinu sem er samþætt vörunni,

d) ekki ætlaður til notkunar á opinberum svæðum,

14) „*stafræn, gagnvirk skriftartafla*“: rafeindaskjár sem leyfir beinar aðgerðir notanda við myndina sem er birt; stafræna, gagnvirka skriftartaflan er aðallega hönnuð til að nota við kynningar, kennslu eða til fjarsamvinnu, þ.m.t. sending hljóð- og myndmerkja; nákvæm lýsing á henni skal fela í sér alla eftirfarandi þætti:

a) aðallega hönnuð til að vera hengd upp, komið fyrir á gólfstandi, sett á hillu eða borð eða fest á fastan flöt svo margir geti horft á hana,

b) nauðsynlegt er að nota hana með tölvuhugbúnaði með sérstakri virkni til að stjórna efni og gagnvirkni,

c) samþætt eða hönnuð til að vera notuð sérstaklega með tölvu til að keyra hugbúnaðinn í b-lið,

d) skjáflöt sem er stærri en 40 dm^2,

e) gagnvirkar aðgerðir notanda með snertingu fingurs eða penna eða með öðrum leiðum, eins og með hreyfingu handar eða handleggjar eða með því að nota röddina,

15) „*skjár sem er notaður í atvinnuskyni“*: rafeindaskjár sem er hannaður og markaðssettur til nota í atvinnuskyni til myndbands- og myndvinnslu; nákvæm lýsing á honum skal fela í sér alla eftirfarandi þætti:

a) birtuskilahlutfall er a.m.k. 1000:1, mælt hornrétt á lóðréttan flöt skjásins, og a.m.k. 60:1, mælt við lárétt sjónarhorn sem er a.m.k. 85° miðað við það rétta horn og a.m.k. 83° frá rétta horninu á bogadregnum skjá með eða án skjáhlífar úr gleri,

b) föst skjáupplausn er a.m.k. 2,3 milljónir myndeinda,

c) litaskali er 38,4% af CIE LUV-litrúmi eða þar yfir (jafngildir meira en 99% af Adobe-frumlit (RGB) og yfir 100% af RGB-litrúmi); frávik í litrúmi eru leyfileg svo framarlega sem litrúmið sem af því leiðir sé a.m.k. 38,4% af CIE LUV-litrúminu; einsleitni litar og ljóma skal vera eins og krafist er fyrir myndskjái í fyrsta flokki,

16) „*öryggisskjár*“: rafeindaskjár þar sem nákvæm lýsing hans skal fela í sér alla eftirfarandi þætti:

a) sjálfsvöktun sem getur sent a.m.k. eina tegund eftirfarandi upplýsinga til fjarþjóns:

— orkumötun,

— innra hitastig frá hitanema til að forðast ofhitnun,

— myndefnisgjafa,

— hljóðgjafa og stöðu hljóðs (hljóðstyrkur/hljóðlaus),

— tegund og útgáfu fastbúnaðar,

b) notendastýrðar sérhæfðar sniðupplýsingar sem auðvelda uppsetningu skjásins í hylki eða stjórnborð til faglegra nota,

17) „*samþættur*“: þegar vísað er til skjás sem er hluti af annarri vöru sem virkur íhlutur, rafeindaskjár sem getur ekki virkað einn og sér án vörunnar og er háður henni til að framkvæma aðgerðir sínar, þ.m.t. að því er varðar afl,

18) „skjár sem notaður er í lækningaskyni“: rafeindaskjár sem fellur undir gildissvið:

a) tilskipunar ráðsins 93/42/EBE ([16]) um lækningatæki eða

b) reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/745 ([17]) um lækningatæki eða

c) tilskipunar ráðsins 90/385/EBE ([18]) um samræmingu laga aðildarríkjanna um virk, ígræðanleg lækningatæki eða

d) tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 98/79/EB ([19]) um lækningabúnað til sjúkdómsgreiningar í glasi eða

e) reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/746 ([20]) um lækningatæki til sjúkdómsgreiningar í glasi,

19) „*myndskjár í fyrsta flokki*“: myndskjár fyrir hátæknilegt gæðamat mynda á helstu tímapunktum í verkflæði framleiðslu eða útsendingar, eins og við myndatöku, eftirvinnslu, útsendingu og geymslu,

20) „*sýndarveruleikagleraugu*“: höfuðborinn búnaður sem veitir þeim sem hann ber gagntekningu í sýndarveruleika með því að sýna þrívíddarmyndir fyrir hvort auga sem byggjast á skráningum höfuðhreyfinga.

Að því varðar viðaukana eru viðbótarskilgreiningar settar fram í I. viðauka.

3. gr.

Kröfur varðandi visthönnun

Kröfurnar varðandi visthönnun, sem settar eru fram í II. viðauka, skulu gilda frá þeim dagsetningum sem þar eru tilgreindar.

4. gr.

Samræmismat

1. Aðferðin við samræmismat, sem um getur í 8. gr. tilskipunar 2009/125/EB, skal vera innra hönnunareftirlitskerfið, sem sett er fram í IV. viðauka við þá tilskipun, eða stjórnunarkerfið sem sett er fram í V. viðauka við þá tilskipun.

2. Að því er varðar samræmismat, skv. 8. gr. tilskipunar 2009/125/EB, skulu tækniskjölin innihalda skýringu á því hví tilteknir plasthlutar, ef einhverjir eru, eru ekki merktir í samræmi við undanþáguna, sem sett er fram 2. lið D-hluta II. viðauka, og upplýsingarnar og niðurstöður útreikninganna sem settir eru fram í III. viðauka við þessa reglugerð.

([16]) Tilskipun ráðsins 93/42/EBE frá 14. júní 1993 um lækningatæki (Stjtíð. EB L 169, 12.7.1993, bls. 1).

([17]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/745 frá 5. apríl 2017 um lækningatæki, um breytingu á tilskipun 2001/83/EB, reglugerð (EB) nr. 178/2002 og reglugerð (EB) nr. 1223/2009 og um niðurfellingu á tilskipunum ráðsins 90/385/EBE og 93/42/EBE (Stjtíð. ESB L 117, 5.5.2017, bls. 1).

([18]) Tilskipun ráðsins 90/385/EBE frá 20. júní 1990 um samræmingu laga aðildarríkjanna um virk, ígræðanleg lækningatæki (Stjtíð. EB L 189, 20.7.1990, bls. 17).

([19]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/79/EB frá 27. október 1998 um lækningabúnað til sjúkdómsgreiningar í glasi (Stjtíð. EB L 331, 7.12.1998, bls. 1).

([20]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/746 frá 5. apríl 2017 um lækningatæki til sjúkdómsgreiningar í glasi og um niðurfellingu á tilskipun 98/79/EB og ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2010/227/ESB (Stjtíð. ESB L 117, 5.5.2017, bls. 176).

3. Þegar upplýsinganna í tæknigögnum tiltekinnar tegundar hefur verið aflað:

a) á grundvelli tegundar með sömu tæknilegu eiginleika sem máli skipta hvað varðar tækniupplýsingarnar, sem veita skal, en er framleidd af öðrum framleiðanda eða

b) með útreikningi á grundvelli hönnunar eða framreikningi á grundvelli annarrar tegundar frá sama framleiðanda eða öðrum framleiðanda, eða með báðum þessum aðferðum,

skulu tæknigögnin innihalda upplýsingar um þessa útreikninga, hvaða mat framleiðandinn hefur gert til að staðfesta nákvæmni útreikninganna og, þar sem við á, yfirlýsingu sem staðfestir að tegundir frá mismunandi framleiðendum eru eins.

Tæknigögnin skulu innihalda skrá yfir jafngildar tegundir, þ.m.t. tegundarauðkenni.

4. Tæknigögnin skulu innihalda upplýsingar í þeirri röð eins og sett er fram í VI. viðauka reglugerðar (ESB) 2019/2013. Vegna markaðseftirlits er framleiðendum, innflytjendum eða viðurkenndum fulltrúum heimilt, án þess að hafa áhrif á g-lið 2. liðar IV. viðauka við tilskipun 2009/125/EB, að vísa til tæknigagnanna sem halað hefur verið upp í vörugagnagrunninn sem inniheldur sömu upplýsingar og mælt er fyrir um í framseldri reglugerð (ESB) 2019/2013.

5. gr.

Sannprófunaraðferð vegna markaðseftirlits

Yfirvöld aðildarríkjanna skulu beita sannprófunaraðferðinni, sem sett er fram í IV. viðauka við þessa reglugerð, við markaðseftirlit það sem um getur í 2. lið 3. gr. tilskipunar 2009/125/EB.

6. gr.

Sniðganga og uppfærsla hugbúnaðar

Framleiðandinn, innflytjandinn eða viðurkenndi fulltrúinn skal ekki setja á markað vörur sem eru þannig hannaðar að þær geti greint að verið sé að prófa þær (t.d. með því að þekkja aftur prófunarskilyrðin eða prófunarlotuna) og sem bregðast sérstaklega við með því að breyta sjálfkrafa frammistöðu sinni meðan á prófun stendur í þeim tilgangi að ná betri gildum fyrir einhvern þeirra mæliþátta sem framleiðandinn, innflytjandinn eða viðurkenndi fulltrúinn gefur upp í tæknigögnum eða í einhverjum þeim gögnum sem fylgja með vörunni

Í kjölfar uppfærslu á hugbúnaði eða fastbúnaði skal hvorki orkunotkun vörunnar né aðrir tilgreindir mæliþættir rýrna þegar þeir eru mældir með sama prófunarstaðli og upprunalega var notaður fyrir samræmisyfirlýsinguna, nema þegar endanotandinn gefur afdráttarlaust samþykki sitt áður en uppfærslan á sér stað. Ef uppfærslu er hafnað skal það ekki hafa í för með sér breytingar á frammistöðu.

Hugbúnaðaruppfærsla skal aldrei hafa þau áhrif að hún breyti frammistöðu vörunnar á þann hátt að varan uppfylli ekki kröfurnar varðandi visthönnun sem gilda fyrir samræmisyfirlýsinguna.

7. gr.

Leiðbeinandi viðmiðanir

Leiðbeinandi viðmiðanir fyrir vistvænustu vörurnar og tæknina á markaði við gildistöku þessarar reglugerðar eru settar fram í V. viðauka.

8. gr.

Endurskoðun

Framkvæmdastjórnin skal endurskoða þessa reglugerð í ljósi tækniframfara og kynna niðurstöður matsins, þ.m.t., ef við á, drög að tillögu um endurskoðun, á samráðsvettvanginum eigi síðar en 25. desember 2022.

Við endurskoðunina skal einkum meta:

a) þörfina á að uppfæra skilgreiningar eða gildissvið reglugerðarinnar,

b) hvort viðeigandi jafnvægi sé milli strangleika krafna fyrir stærri og minni vörur,

c) þörfina á að aðlaga kröfur samkvæmt reglum vegna nýrrar, tiltækrar tækni, s.s. útvíkkað styrksvið, þrívíddarhamur, há rammatíðni, upplausn sem er meiri en UHD-8K,

d) hvort frávikin séu tilhlýðileg,

e) hvort tilhlýðilegt sé að setja kröfur um orkunýtni stafrænna upplýsingaskjáa, sem kveikt er á, eða annarra skjáa sem falla ekki undir slíkar kröfur,

f) hvort tilhlýðilegt sé að setja mismunandi kröfur eða viðbótarkröfur til að auka endingu, til að auðvelda viðgerð og endurnotkun, þ.m.t. tímaramminn til að gera varahluti tiltæka, og setja kröfur um staðlaðan ytri aflgjafa,

g) hvort tilhlýðilegt sé að setja mismunandi kröfur eða viðbótarkröfur til að bæta sundurhlutun vara, þegar þær eru úr sér gengnar, og endurvinnanleika þeirra, þ.m.t. í tengslum við mikilvæg hráefni og sendingu upplýsinga til endurvinnsluaðila,

h) kröfur um nýtni aðfanga fyrir skjái sem eru samþættir vörum, sem falla undir tilskipun 2009/125/EB, og öllum vörum sem falla undir gildissvið tilskipunar 2012/19/ESB.

9. gr.

Breyting á reglugerð (EB) nr. 1275/2008

Ákvæðum I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1275/2008 er breytt sem hér segir:

a) í stað 2. liðar kemur eftirfarandi:

„2. Upplýsingatæknibúnaður sem fyrst og fremst er ætlaður til notkunar á heimilum, að undanskildum borðtölvum, sambyggðum borðtölvum og fistölvum, eins og þær eru skilgreindar í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 617/2013, sem og rafeindaskjáir sem falla undir reglugerð (ESB) 2019/2021 (*).

(*) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/2021 frá 1. október 2019 um kröfur varðandi visthönnun rafeindaskjáa samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/125/EB, um breytingu á reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1275/2008 og um niðurfellingu á reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 642/2009 (Stjtíð. ESB L 315, 5.12.2019, bls. 241).“

b) Í stað síðustu færslu í 3. lið kemur eftirfarandi:

„og annar búnaður sem er notaður til hljóð- eða myndupptöku eða -flutnings, þ.m.t. merki eða annars konar tækni við dreifingu hljóðs og myndar en með fjarskiptum, að undanskildum rafeindaskjám sem falla undir reglugerð (ESB) 2019/2021.“

10. gr.

Niðurfelling

Reglugerð (EB) nr. 642/2009 er felld úr gildi frá og með 1. mars 2021.

11. gr.

Gildistaka og beiting

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 1. mars 2021. Þó skulu ákvæði fyrstu málsgreinar 6. gr. gilda frá og með 25. desember 2019.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 1. október 2019.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

I. VIÐAUKI

Skilgreiningar sem gilda um viðaukana

Eftirfarandi skilgreiningar gilda:

1) „*kveikt á búnaði*“ eða „*virkur hamur*“: ástand þar sem rafeindaskjár er tengdur við aflgjafa, hefur verið virkjaður og ein eða fleiri aðgerðir á skjá eru virkar,

2) „*slökkt á búnaði*“: ástand þar sem rafeindskjár er tengdur rafkerfinu en engin aðgerð er virk; eftirfarandi telst enn fremur falla undir að slökkt sé á búnaði:

   1) ástand sem gefur einungis til kynna að slökkt sé á búnaði,

   2) ástand þar sem einungis er fyrir hendi virkni sem ætlað er að tryggja rafsegulsviðssamhæfi í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/30/ESB ([1]),

3) „*reiðuhamur*“: ástand þar sem rafeindaskjár er tengdur aflgjafa, er háður raforku frá þeim aflgjafa til þess að geta starfað eins og til er ætlast og gerir eingöngu kleift að framkvæma eftirfarandi aðgerðir, sem geta varað ótímabundið:

   — endurvirkjunaraðgerð eða endurvirkjunaraðgerð auk merkis sem eingöngu gefur til kynna að endurvirkjunaðgerð sé virk og/eða

   — birting upplýsinga eða stöðu,

4) „*lífræn ljósdíóða* (OLED)“: tækni þar sem ljós er framleitt af hálfleiðara með p-n samskeyti úr lífrænu efni; samskeyti gefa frá sér ljósgeislun þegar þau eru örvuð með rafstraumi,

5) „*örljósdíóðuskjár*“: rafeindaskjár þar sem kveikt er á stökum myndeindum sem nota smásæja GaN-ljósdíóðutækni,

6) „*venjuleg skipan*“: stilling fyrir skjá sem framleiðandinn mælir með fyrir endalega notandann á fyrstu uppsetningar-valmyndinni eða verksmiðjustilling rafeindaskjásins fyrir fyrirhugaða notkun vörunnar. Hún verður að veita endanlega notandanum eins góð gæði og mögulegt er í fyrirhuguðu umhverfi og við fyrirhugaða notkun; venjuleg skipan er ástandið þar sem gildin fyrir reiðuham og nettengdan reiðuham eru mæld sem og þegar kveikt og slökkt er á búnaði,

7) „*ytri aflgjafi*“ (EPS): búnaður eins og hann er skilgreindur í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1782 ([2]),

8) „USB“ (Universal Serial Bus): alhliða raðtengi,

9) „sjálfvirk birtustilling (ABC)“: sjálfvirkur búnaður sem, þegar hann er virkur, stýrir birtustigi rafeindaskjás miðað við stig umhverfislýsingar sem lýsir upp framhlið skjásins,

10) „*sjálfgildi*“: þegar vísað er til sérkennis eða stillingar, gildi sérkennis eins og það er stillt í verksmiðjunni og er tiltækt þegar viðskiptavinurinn notar vöruna í fyrsta skipti og eftir að endurstillt hefur verið á verksmiðjustillingu, ef sá valmöguleiki er í boði á vörunni,

11) „*ljómi*“: ljósmæling á ljósstyrk á hverja flatareiningu ljóss sem ferðast í tiltekna átt, tilgreindur í einingum kandela á fermetra (cd/m^2); hugtakið „birtustig“ er oft notað til að flokka ljóma skjás á huglægan hátt,

12) „*skoðun af stuttu færi*“: skoðun af stuttu færi sem svarar til þeirrar fjarlægðar sem notuð er við að skoða rafeindaskjá í hendi eða þegar setið er við skrifborð,

([1]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/30/ESB frá 26. febrúar 2014 um samhæfingu laga aðildarríkjanna varðandi rafsegulsviðs-samhæfi (Stjtíð. ESB L 96, 29.3.2014, bls. 79).

([2]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1782 frá 1. október 2019 um kröfur varðandi visthönnun ytri aflgjafa samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/125/EB og um niðurfellingu á reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 278/2009 (Stjtíð. ESB L 272, 25.10.2019, bls. 95).

13) „*skylduvalmynd*“: sérstök valmynd, sem birtist þegar kveikt er á skjánum í fyrsta skipti eða þegar endurstillt hefur verið á verksmiðjustillingu, þar sem boðið er upp á safn skjástillinga sem framleiðandinn hefur ákveðið fyrir fram,

14) „*net*“: fjarskiptavirki með tengingaskipan og högun sem nær yfir raunlæga þætti, skipulagslegar grunnreglur, samskipta-aðferðir- og snið (samskiptareglur),

15) „*netskilflötur*“ eða „*nettengi*“: raunlægur skilflötur, annaðhvort fasttengdur eða þráðlaus, sem veitir nettengingu, þar sem hægt er að virkja aðgerðir rafeindaskjás með fjarstýringu og hægt er að taka á móti gögnum eða senda þau; skilfletir fyrir ílagsgögn, eins og mynd- og hljóðmerki, sem eiga ekki upptök sín á netinu og nota ekki netnúmer, teljast ekki vera netskilfletir,

16) „*tiltækileiki nets*“: geta rafeindaskjás til að virkja aðgerðir eftir að netskilflötur hefur greint fjarstýrða kveikju,

17) „*nettengdur skjár*“: rafeindaskjár sem getur tengst neti með því að nota einn af netskilflötum sínum ef þeir eru gerðir virkir,

18) „*nettengdur reiðuhamur*“: ástand þar sem rafeindaskjár getur hafið aðgerð á ný með fjarstýrðri kveikju í gegnum netskilflöt,

19) „endurvirkjunaraðgerð“: aðgerð sem með fjarstýrðum rofa, fjarstýringu, innbyggðum nema, tímamæli eða, að því er varðar nettengda skjái í nettengdum reiðuham, netkerfi, veitir möguleika á að skipta úr reiðuham eða nettengdum reiðuham í annan ham en að slökkva á búnaði, sem gefur möguleika á frekari aðgerðum,

20) „viðveruskynjari“ eða „hreyfiskynjari“: skynjari sem vaktar og bregst við hreyfingum í rýminu umhverfis vöruna og merki frá honum getur kveikt á búnaðinum; ef engin hreyfing greinist í fyrirframákveðinn tíma er hægt að stilla á reiðuham eða nettengdan reiðuham,

21) „*myndeind (díll)*“: svæði minnstu myndeindarinnar sem hægt er að aðgreina frá aðliggjandi eindum,

22) „*snertiskjáaðgerð*“: möguleikinn á að gefa skipanir með því að nota ílagstæki, venjulega í formi snertinæmrar gegnsærrar filmu sem sett er á rafeindaskjáinn,

23) „*skipan í bjartasta ham*“: skipan rafeindaskjásins, stilltur af framleiðandanum, sem veitir viðunandi mynd með bjartasta mælda hvíta hámarksljómanum,

24) „*skipan í verslun*“: skipan rafeindaskjásins sem er sérstaklega notuð þegar rafeindaskjár er hafður til sýnis, t.d. í mikilli lýsingu (í verslun), og felur ekki í sér að búnaðurinn slökkvi sjálfkrafa á sér þegar hvorki greinist notkunaraðgerð né viðvera; þessi skipan er ekki alltaf aðgengileg í gegnum sýnilega valmynd,

25) „*sundurhlutun“:* hluta í sundur samsetta vöru í smíðaefni sín og/eða íhluti, mögulega þannig að ekki sé hægt að setja vöruna saman aftur,

26) „*sundurtekt*“: sundurhlutun samsettrar vöru í smíðaefni sín og/eða íhluti án þess að valda skemmdum á virkni hennar sem kæmi í veg fyrir að unnt væri að setja vöruna aftur saman, endurnota hana eða endurnýja,

27) „skref“: þegar vísar er til sundurhlutunar eða sundurtektar, aðgerð sem lýkur með því að skipt er um verkfæri eða að íhlutur eða hluti er fjarlægður,

28) „*prentplata*“ (PCB): samsett eining sem ber rafeinda- eða rafmagnsíhluti og tengir þá rafrænt með því að nota rafleiðandi brautir, rafskaut og aðrar einingar sem eru ættar úr einu eða fleiri leiðandi málmlögum og pressaðar á eða á milli laga úr hvarfefni sem er ekki leiðandi,

29) „*PMMA*“: pólýmetýlmetakrýlat,

30) „eldtefjandi efni“: efni sem tefur merkjanlega útbreiðslu elds,

31) „halógenað eldtefjandi efni“: eldtefjandi efni sem inniheldur hvers konar halógena,

32) „*ósamsett efni*“: eitt efni með eins samsetningu eða efni sem er samsett úr efnum, sem ekki er hægt að taka í sundur eða aðskilja í önnur efni með kraftrænu álagi, eins og með því að skrúfa og saga í sundur, mylja, mala og slípa,

33) „*vörugagnagrunnur*“: safn gagna um vörur sem er sett saman á kerfisbundinn hátt og samanstendur af opnum hluta, sem miðast við þarfir neytanda, þar sem upplýsingar varðandi einstaka mæliþætti vöru eru aðgengilegar með rafrænum hætti, vefgátt fyrir aðgengi og hluta er varðar reglufylgni þar sem kröfur um aðgengi og öryggi eru tilgreindar með skýrum hætti eins og mælt er fyrir um í reglugerð (ESB) 2017/1369,

34) „*sambærileg tegund*“: tegund með sömu tæknilegu eiginleika, sem máli skipta hvað varðar tækniupplýsingar sem veita skal, en er sett á markað eða tekin í notkun af sama framleiðanda, innflytjanda eða viðurkennda fulltrúa sem önnur tegund með annað tegundarauðkenni,

35) „*tegundarauðkenni*“: kóði, venjulega alstafa, sem greinir tiltekna vörutegund frá öðrum tegundum með sama vörumerki eða sama nafni framleiðanda, innflytjanda eða viðurkennds fulltrúa,

36) „*varahlutur*“: aðskilinn hlutur sem getur komið í stað hlutar með sömu virkni í vöru,

37) „*faglærður viðgerðarmaður*“: rekstraraðili eða fyrirtæki sem veitir viðgerðarþjónustu og annast faglegt viðhald á rafeindaskjáum.

II. VIÐAUKI

Kröfur varðandi visthönnun

A. ORKUNÝTNIKRÖFUR

1. **VIÐMIÐUNARMÖRK ORKUNÝTNISTUÐULS ÞEGAR KVEIKT ER Á BÚNAÐI**

Orkunýtnistuðull (EEI) fyrir rafeindaskjá skal reiknaður út með eftirfarandi jöfnu:

$$EEI = \frac{(\mathrm{P}_{measured}+1)}{(3\times[90\times tanh(0{,}02+0{,}004\times(\mathrm{A}-11))+4]+3)+corr},$$

Þar sem:

A stendur fyrir sýnilegan skjáflöt í dm^2

$P_{measured}$ er mæld aflþörf í vöttum, þegar kveikt er á búnaði í venjulegri skipan, á staðalstyrksviði (SDR)

corr er leiðréttingarstuðull 10 fyrir OLED-rafeindaskjái sem beita ekki ABC-fráviki í 1. lið B-hluta Þetta gildir til 28. febrúar 2023. *corr* skal vera núll í öllum öðrum tilvikum.

Orkunýtnistuðull rafeindaskjás skal ekki fara yfir hámarksorkunýtnistuðulinn (EEI_{max}), samkvæmt takmörkunum í töflu 1, frá og með tilgreindum dagsetningum.

Tafla 1

Viðmiðunarmörk fyrir orkunýtnistuðul þegar kveikt er á búnaði

	$\boldsymbol{EEI_{max}}$ fyrir rafeindaskjái með upplausn að 2 138 400 myndeindum (háskerpuupplausn)	$\boldsymbol{EEI_{max}}$ fyrir rafeindaskjái með meiri upplausn en 2 138 400 myndeindir (háskerpuupplausn) og að 8 294 400 myndeindum (ofurháskerpa-4k)	$\boldsymbol{EEI_{max}}$ fyrir rafeindaskjái með meiri upplausn en 8 294 400 myndeindir (ofurháskerpa-4k) og fyrir örljósdíóðuskjái
1. mars 2021	0,90	1,10	á ekki við
1. mars 2023	0,75	0,90	0,90

B. FRÁVIK OG AÐLAGANIR AÐ ÞVÍ ER VARÐAR ÚTREIKNINGA Á ORKUNÝTNISTUÐLI OG VIRKNIKRÖFUM

Frá 1. mars 2021 skulu rafeindaskjáir uppfylla eftirfarandi kröfur:

1. **Rafeindaskjáir með sjálfvirka birtustillingu (ABC)**

$P_{measured}$ fyrir rafeindaskjái minnkar um 10% ef þeir uppfylla allar eftirfarandi kröfur:

a) sjálfvirk birtustilling er gerð virk í venjulegri skipan rafeindaskjás og viðhelst virk í allri annarri skipan staðalstyrksviðs sem tiltæk er endanlegum notanda,

b) gildi $P_{measured}$, í venjulegri skipan er mælt þegar sjálfvirka birtustillingin er óvirk eða, ef ekki er hægt að gera sjálfvirku birtustillinguna óvirka, í 100 lúxa umhverfislýsingu sem er mæld með skynjara fyrir sjálfvirka birtustillingu (ABC-skynjara),

c) gildi $P_{measured}$, þar sem sjálfvirk birtustilling hefur verið gerð óvirk, ef við á, skal vera jafnt og eða meiri en aflþörfin þegar kveikt er á búnaði þar sem sjálfvirk birtustilling hefur verið virkjuð í 100 lúxa umhverfislýsingu sem er mæld með ABC-skynjara,

d) þegar sjálfvirk birtustilling er virk verður mæligildi aflþarfarinnar, þegar kveikt er á búnaði, að minnka um 20% eða meira þegar umhverfislýsing, sem mæld er með ABC-skynjara, er minnkuð úr 100 lúxum í 12 lúx og

e) sjálfvirk birtustilling ljóma skjás uppfyllir alla eftirfarandi eiginleika þegar umhverfislýsingin, sem er mæld með ABC-skynjaranum, breytist:

— mældur ljómi skjás við 60 lúx er á bilinu 65% til 95% af ljóma skjás sem mældur er við 100 lúx,

— mældur ljómi skjás við 35 lúx er á bilinu 50% til 80% af ljóma skjás sem mældur er við 100 lúx og

— mældur ljómi skjás við 12 lúx er á bilinu 35% til 70% af ljóma skjás sem mældur er við 100 lúx.

2. **Skylduvalmynd og uppsetningarvalmyndir**

Heimilt er að setja rafeindaskjái á markað með skylduvalmynd sem birtist þegar kveikt er á skjánum í fyrsta skipti þar sem boðið er upp á aðrar stillingar. Ef boðið er upp á skylduvalmynd skal venjulega skipanin vera sjálfgefna stillingin, að öðrum kosti skal venjulega skipanin vera verksmiðjustillingin.

Ef notandinn velur aðra skipan en venjulegu skipanina og þessi skipan reynist orkufrekari en venjulega skipanin skulu viðvörunarskilaboð birtast um að orkunotkunin muni líklega aukast ásamt skýrri beiðni um að staðfesta skuli aðgerðina.

Ef notandinn velur aðra stillingu en þær sem eru hluti af venjulegri skipan og þessi stilling reynist orkufrekari en venjulega skipanin skulu viðvörunarskilaboð birtast um að orkunotkunin muni líklega aukast ásamt skýrri beiðni um að staðfesta skuli aðgerðina.

Ef notandinn breytir einum mæliþætti, innan hvaða stillingar sem er, skal það ekki hafa í för með sér breytingar á öðrum orkutengdum mæliþáttum, nema hjá því verði ekki komist. Í slíku tilviki skulu viðvörunarskilaboð birtast um breytingu á öðrum mæliþáttum ásamt skýrri beiðni um að staðfesta skuli breytinguna.

3. **Hlutfall hvíts hámarksljóma**

Í venjulegri skipan skal hvítur hámarksljómi rafeindaskjásins til skoðunar við 100 lúxa umhverfislýsingu vera að lágmarki 220 cd/m^2 eða, ef rafeindaskjárinn er fyrst og fremst ætlaður til skoðunar af stuttu færi fyrir einn einstakling, vera að lágmarki 150 cd/m^2.

Ef hvítur hámarksljómi rafeindaskjásins í venjulegri skipan er stilltur á lægri gildi skal hann vera að lágmarki 65% af hvítum hámarksljóma skjásins til skoðunar við 100 lúxa umhverfislýsingu við skipan í bjartasta ham.

C. KRÖFUR UM AÐ SLÖKKT SÉ Á BÚNAÐI, HANN SÉ Í REIÐUHAM OG NETTENGDUM REIÐUHAM

Frá 1. mars 2021 skulu rafeindaskjáir uppfylla eftirfarandi kröfur:

1. **Viðmiðunarmörk fyrir aflþörf nema þegar kveikt er á búnaði**

Aflþörf rafeindaskjáa skal ekki fara yfir viðmiðunarmörkin í mismunandi hömum og við mismunandi skilyrði sem talin eru upp í töflu 2.

Tafla 2

Viðmiðunarmörk fyrir aflþörf í vöttum nema þegar kveikt er á búnaði

	Þegar slökkt er á búnaði	Reiðuhamur	Nettengdur reiðuhamur
Hámarksgildi	0,30	0,50	2,00
Svigrúm fyrir viðbótaraðgerðir þegar þær eru fyrir hendi og virkar			
Stöðuvísir	0,0	0,20	0,20
Það að gera búnað óvirkan með því að nota viðveruskynjara	0,0	0,50	0,50
Snertivirkni, ef unnt er að nota hana til að virkja búnað	0,0	1,00	1,00
HiNA-virkni	0,0	0,0	4,00
Samanlögð hámarksaflþörf með öllum viðbótaraðgerðum ef þær eru til staðar og kveikt á þeim	*0,30*	*2,20*	*7,70*

2. **Möguleiki á hömum þar sem slökkt er á búnaði, hann er í reiðuham eða nettengdum reiðuham**

Rafeindaskjáir skulu gefa kost á hömum þar sem slökkt er á búnaði, hann er í reiðuham eða nettengdum reiðuham eða í öðrum hömum þar sem aflþörf þeirra fer ekki yfir viðeigandi kröfur um aflþörf fyrir búnað í reiðuham.

Á valmyndinni fyrir skipan, í notendahandbókum og öðrum gögnum, ef einhver eru, skal vísað til þess að slökkt sé á búnaðinum, hann sé í reiðuham eða í nettengdum reiðuham.

Sjálfvirk skipting yfir í ham sem slekkur á búnaði og/eða stillir á reiðuham og/eða annan ham þar sem aflþörfin fer ekki yfir viðeigandi kröfur um aflþörf fyrir búnað í reiðuham, skal vera sjálfgefin þ.m.t. nettengdir skjáir þar sem netskilflötur virkjast þegar kveikt er á búnaði.

Nettengdur reiðuhamur í „venjulegri skipan“ nettengds sjónvarps skal gerður óvirkur. Endanlegur notandi skal staðfesta að nettengdur reiðuhamur hafi verið virkjaður, ef þessi hamur er nauðsynlegur fyrir valda aðgerð fjarstýrðrar kveikju, og skal hann hafa möguleika á að slökkva á honum.

Nettengdir rafeindaskjáir skulu uppfylla kröfurnar um reiðuham þegar slökkt er á nettengdum reiðuham.

3. **Sjálfvirkur reiðuhamur í sjónvörpum**

a) Sjónvörp skulu hafa innbyggða orkustjórnunaraðgerð, sem framleiðandinn virkjar þegar hann afhendir þau, og skal stilling sjónvarpsins, innan fjögurra klukkustunda frá síðustu notendasamskiptum, breytast úr því að kveikt sé á tækinu yfir í reiðuham eða nettengdan reiðuham eða í annan ham sem fer ekki yfir gildandi kröfur um aflþörf fyrir reiðuham eða nettengdan reiðuham. Áður en slík sjálfvirkni skiptir yfir í annan ham skal sjónvarpið sýna notanda í a.m.k. 20 sekúndur viðvörunarmerki um yfirvofandi skipti með möguleika á að fresta þeim eða afturkalla þau tímabundið.

b) Ef sjónvarpið býður upp á aðgerð sem gefur notandanum færi á að stytta, lengja eða slökkva á fjögurra klukkustunda tímabilinu fyrir sjálfvirka hamskiptingu, sem tilgreind er í a-lið, skal viðvörunartilkynning birtast um mögulega aukningu á orkunotkun og óska verður eftir staðfestingu á nýrri stillingu þegar framlenging umfram fjögurra klukkustunda tímabilið er valin eða valið er að slökkva á henni.

c) Ef sjónvarpið er búið viðveruskynjara skiptir sjálfvirka aðgerðin úr því að kveikt sé á tækinu yfir í annan ham, eins og fram kemur í a-lið, ef ekki verður vart við neina viðveru í meira en eina klukkustund.

d) Í sjónvörpum með mismunandi valkvæða ílagsgjafa skulu samskiptareglur um orkustjórnun merkisgjafans, sem valinn er og sýndur, settar í forgang umfram sjálfvirku orkustjórnunarvirknina sem lýst er í a- til d-lið hér að framan.

4. **Sjálfvirkur reiðuhamur í öðrum skjáum en sjónvörpum**

Rafeindaskjáir aðrir en sjónvörp með mismunandi valkvæða ílagsgjafa skulu, í venjulegri skipan, skipta yfir í reiðuham, nettengdan reiðuham eða annan ham sem ekki fer yfir gildandi kröfur um aflþörf fyrir reiðuham eða nettengdan reiðuham, eftir því sem við á, ef ílagsgjafi greinir ekkert ílagsmerki í meira en 10 sekúndur og að því er varðar stafrænar, gagnvirkar skriftartöflur og útsendingarskjái í meira en 60 mínútur.

Áður en slík skipti eru sett í gang skal viðvörunarmerki birtast og skiptunum skal vera lokið innan 10 mínútna.

D. KRÖFUR UM EFNISNÝTNI

Frá 1. mars 2021 skulu rafeindaskjáir uppfylla kröfurnar sem tilgreindar eru hér á eftir.

1. **Hönnun varðandi sundurhlutun, endurvinnslu og endurheimt**

Framleiðendur, innflytjendur eða viðurkenndir fulltrúar þeirra skulu tryggja að tækni við samsetningu, festingu eða innsiglun komi ekki í veg fyrir að hægt sé að fjarlægja, með því að nota algeng verkfæri, íhluti, sem tilgreindir eru í 1. lið VII. viðauka við tilskipun 2012/19/ESB um raf- og rafeindabúnaðarúrgang eða í 11. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2006/66/EB ([1]) um rafhlöður og rafgeyma og notaðar rafhlöður og rafgeyma, ef þeir eru fyrir hendi í vörunum.

Framleiðendur, innflytjendur eða viðurkenndir fulltrúar þeirra skulu, með fyrirvara um 1. lið 15. gr. tilskipunar 2012/19/ESB, gera tiltækar á opnum vefsetrum upplýsingar um sundurhlutun sem eru nauðsynlegar til að fá aðgang að vöruíhlutunum sem um getur í 1. lið VII. viðauka við tilskipun 2012/19/ESB.

Upplýsingar um sundurhlutun skulu fela í sér röð sundurhlutunarþrepa, verkfæra eða tækniaðgerða sem eru nauðsynlegar til að fá aðgang að markíhlutunum.

Upplýsingar um úr sér gengnar vörur skulu vera tiltækar í a.m.k. 15 ár eftir að síðasta eining vörutegundarinnar hefur verið sett á markað.

2. **Merking plastíhluta**

Plastíhlutir sem eru þyngri en 50 gr.:

a) skulu merktir með því að tilgreina tegund fjölliðu með viðeigandi staðaltáknum eða skammstöfuðum heitum sem sett eru á milli greinarmerkjanna „>“ og „<“, eins og tilgreint er í tiltækum stöðlum. Merkingin skal vera auðlæsileg.

   Plastíhlutir eru undanþegnir kröfum um merkingar í eftirfarandi tilvikum:

   i. merkingin er ekki möguleg vegna lögunar eða stærðar,

   ii. merkingin myndi hafa áhrif á nothæfi eða virkni plastíhlutarins og

   iii. merkingin er ekki tæknilega möguleg vegna mótunaraðferðarinnar.

([1]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/66/EB frá 6. september 2006 um rafhlöður og rafgeyma og notaðar rafhlöður og rafgeyma og um niðurfellingu tilskipunar 91/157/EBE (Stjtíð. ESB L 266, 26.9.2006, bls. 1).

Ekki er krafist merkingar fyrir eftirfarandi plastíhluti:

i. umbúðir, límband, merkimiða og plastfilmu,

ii. leiðslur, kaðla og tengibúnað, gúmmíhluta og alls staðar þar sem ekki er nægilega stór yfirborðsflötur fyrir merkingu af læsilegri stærð,

iii. samsetningar fyrir prentplötur, pólýmetýlmetakrýlatplötur, ljósfræðilega íhluti, íhluti varðandi rafstöðuafhleðslu, íhluti varðandi rafsegultruflun, hátalara,


iv. gegnsæja hluta þar sem merkingin myndi hindra virkni viðkomandi hlutar,

b) Íhlutir sem innihalda eldtefjandi efni skulu þar að auki vera merktir með skammstöfunarheiti fjölliðunnar, síðan með bandstriki og svo með tákninu „FR“ ásamt kenninúmeri eldtefjandi efnisins í sviga þar á eftir. Merking á íhlutum umbúnaðarins og standsins skal vera auðsýnileg og auðlæsileg.


3. **Kennimerki kadmíums**

Rafeindaskjáir með skjáflöt þar sem styrkgildi kadmíums (Cd), miðað við þyngd í einsleitum efnum, fer yfir 0,01%, eins og skilgreint er í tilskipun 2011/65/ESB um takmarkanir á notkun tiltekinna hættulegra efna í raf- og rafeindabúnaði, skulu merktir með kennimerkinu „Inniheldur kadmíum“. Kennimerkið skal vera auðsýnilegt, varanlegt, auðlæsilegt og óafmáanlegt. Kennimerkið skal vera í formi eftirfarandi myndrænnar útfærslu:

Inniheldur kadmíum



Inniheldur ekki kadmíum



Hlið „a“ skal mælast lengri en 9 mm og leturgerðin sem nota skal er „Gill Sans“.

Viðbótarkennimerkið „Inniheldur kadmíum“ skal tryggilega fest á innanverðan skjáinn eða mótað á stað sem er auðsýnilegur starfsfólki þegar ytri bakklæðningin, þar sem ytra kennimerkið er að finna, hefur verið fjarlægð.

Kennimerkið „inniheldur ekki kadmíum“ skal notað ef styrkgildi kadmíums (Cd), miðað við þyngd í hvaða hluta ósamsetta efnis skjásins sem er, fer ekki yfir 0,01%, eins og skilgreint er í tilskipun 2011/65/ESB.

4. **Halógenuð eldtefjandi efni**

Notkun halógenaðra eldtefjandi efna er ekki heimiluð í umbúnaði og standi rafeindaskjáa.

5. **Hönnun varðandi viðgerð og endurnotkun**

a) Tiltækileiki varahluta:

1) framleiðendur, innflytjendur eða viðurkenndir fulltrúar rafeindaskjáa skulu að lágmarki gera eftirfarandi varahluti tiltæka fyrir faglærða viðgerðarmenn: innri aflgjafa, búnað til tengingar við ytri búnað (kapal, loftnet, USB-tengi, DVD-tengi og Blue-Ray-tengi), þétta, rafhlöður og rafgeyma, DVD/Blue-Ray-einingu, ef við á, og HD/SSD-einingu, ef við á, í sjö ár hið minnsta eftir að síðasta eining tegundarinnar er sett á markað,

2) framleiðendur, innflytjendur eða viðurkenndir fulltrúar rafeindaskjáa skulu að lágmarki gera eftirfarandi varahluti tiltæka fyrir faglærða viðgerðarmenn og endanlega notendur: ytri aflgjafa og fjarstýringu í að lágmarki sjö ár eftir að síðasta eining tegundarinnar er sett á markað,

3) framleiðendur skulu tryggja að hægt sé að skipta út varahlutum með notkun algengra verkfæra og án varanlegra skemmda á tækinu,

4) skrá yfir viðkomandi varahluti í 1. lið og aðferðin við að panta þá skulu vera aðgengileg öllum á opnu vefsetri framleiðandans, innflytjandans eða viðurkennds fulltrúa eigi síðar en tveimur árum eftir að fyrsta eining tegundarinnar er sett á markað og þar til tímabilinu, sem þessir varahlutir eru tiltækir, lýkur og

5) skrá yfir viðkomandi varahluti í 2. lið og aðferðin við að panta þá sem og leiðbeiningar um viðgerðir skulu vera aðgengileg öllum á opnu vefsetri framleiðandans, innflytjandans eða viðurkennds fulltrúa um leið og fyrsta eining tegundarinnar er sett á markað og þar til tímabilinu, sem þessir varahlutir eru tiltækir, lýkur.

b) Aðgangur að upplýsingum um viðgerðir og viðhald

Að loknu tveggja ára tímabili eftir að fyrsta eining tegundarinnar eða eining sem jafngildir þeirri tegund hefur verið sett á markað og að loknu tímabilinu, sem um getur í a-lið, skal framleiðandinn, innflytjandinn eða viðurkenndi fulltrúinn veita faglærðum viðgerðarmönnum aðgang að upplýsingum um viðgerðir og viðhald tækisins með eftirfarandi skilyrðum:

1) á vefsetri framleiðandans, innflytjandans eða viðurkennda fulltrúans skal lýsa því hvernig faglærðir viðgerðarmenn eigi að skrá sig til að fá aðgang að upplýsingum en til þess að samþykkja slíka beiðni er framleiðendum, innflytjendum eða viðurkenndum fulltrúa heimilt að fara fram á það að faglærði viðgerðarmaðurinn sýni fram á að:

   i. hann búi yfir tæknilegri færni til að gera við rafeindaskjái og uppfylli gildandi reglur um viðgerðarmenn rafbúnaðar í aðildarríkinu þar sem hann starfar; skráning faglærðs viðgerðarmanns í opinbert skráningarkerfi, ef slíkt kerfi er fyrir hendi í hlutaðeigandi aðildarríki, skal vera fullnægjandi sönnun þess að farið sé að þessum lið,

   ii. hann hafi tryggingu, sem tekur til bótaábyrgðar í tengslum við starfsemi hans, án tillits til þess hvort þess sé krafist af aðildarríkinu,

2) framleiðendur, innflytjendur eða viðurkenndir fulltrúar skulu samþykkja eða hafna skráningunni innan fimm virkra daga frá því að faglærður viðgerðarmaður leggur fram beiðnina,

3) framleiðendur, innflytjendur eða viðurkenndir fulltrúar mega innheimta sanngjarnt og hóflegt gjald fyrir aðgang að upplýsingum um viðgerðir og viðhald eða til að fá reglulegar uppfærslur. Gjald telst sanngjarnt ef það hindrar ekki faglærðan viðgerðarmann að nýta sér aðgang að upplýsingum og að það miðist ekki við umfang upplýsinganna sem eru notaðar.

Þegar faglærður viðgerðarmaður hefur verið skráður skal hann hafa aðgang að umbeðnum upplýsingum um viðgerðir og viðhald innan eins virks dags frá því óskað var eftir þeim. Tiltækar upplýsingar um viðgerðir og viðhald ættu að innihalda:

— ótvírætt auðkenni tækisins,

— mynd af sundurhlutun tækis eða sundurgreindar teikningar,

— skrá yfir nauðsynlegan viðgerðar- og prófunarbúnað,

— upplýsingar um íhluti og greiningar (t.d. lægstu og hæstu fræðileg gildi mælinga),

— skýringarmynd fyrir raflagnir og tengi,

— bilana- og villugreiningarkóða (þ.m.t. sérkóðar framleiðanda, eftir atvikum) og

— gagnaskrár yfir tilkynntar villur sem eru geymdar í rafeindaskjánum (eftir atvikum).

c) Hámarktími fyrir afhendingu varahluta

1) Á tímabilinu, sem um getur í 1. lið a-liðar 5. liðar og 2. lið a-liðar 5. liðar, skal framleiðandinn, innflytjandinn eða viðurkenndir fulltrúar tryggja afhendingu varahluta fyrir rafeindaskjái innan 15 virkra daga eftir að pöntunin hefur verið móttekin.

2) Ef um er að ræða varahluti sem eru einungis tiltækir faglærðum viðgerðarmönnum getur þessi tiltækileiki takmarkast við faglærða viðgerðarmenn sem eru skráðir í samræmi við b-lið.

E. KRÖFUR UM TILTÆKILEIKA UPPLÝSINGA

Frá 1. mars 2021 skal vöruframleiðandinn, innflytjandinn eða viðurkenndur fulltrúi gera upplýsingarnar, sem settar eru fram hér á eftir, tiltækar þegar fyrsta eining tegundar eða jafngildi hennar er sett á markað.

Upplýsingarnar skulu vera án endurgjalds fyrir þriðju aðila sem starfa við faglegar viðgerðir og endurnotkun rafeindaskjáa (þ.m.t. viðhaldsaðilar sem eru þriðju aðilar, miðlarar og veitendur varahluta).

1. **Tiltækileiki uppfærslu hugbúnaðar og fastbúnaðar**

a) Nýjasta tiltæka útgáfa fastbúnaðar skal gerð aðgengileg að lágmarki átta árum eftir að síðasta eining tiltekinnar vörutegundar er sett á markað án endurgjalds eða á sanngjörnu og gagnsæju verði sem er án mismununar. Nýjasta tiltæka öryggisuppfærsla fastbúnaðar skal gerð aðgengileg að lágmarki átta árum eftir að síðasta vara tiltekinnar vörutegundar er sett á markað, án endurgjalds.

b) Upplýsingar um tryggingu fyrir lágmarksaðgangi að uppfærslu hugbúnaðar og fastbúnaðar, tiltækileika varahluta og vöruþjónustu skulu tilgreindar á vöruupplýsingablaðinu samkvæmt V. viðauka við reglugerð (ESB) 2019/2013.

III. VIÐAUKI

Mæliaðferðir og útreikningar

Í þeim tilgangi að uppfylla kröfur þessarar reglugerðar og til sannprófunar á því að kröfur þessarar reglugerðar séu uppfylltar skal, við mælingar og útreikninga, nota samhæfða staðla, sem tilvísunarnúmer hafa verið birt fyrir í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*, eða aðrar áreiðanlegar, nákvæmar og samanburðarnákvæmar aðferðir þar sem tillit er tekið til almennt viðurkenndra aðferða sem byggjast á nýjustu tækni og eru í samræmi við eftirfarandi ákvæði.

Mælingar og útreikningar skulu uppfylla tæknilegar skilgreiningar, skilyrði, jöfnur og mæliþætti sem sett eru fram í þessum viðauka. Rafeindaskjáir, sem hægt er að nota bæði í tví- og þrívíddarham, skulu prófaðir í tvívíddarham.

Meðhöndla skal rafeindaskjá sem er skipt í tvær eða fleiri efnislega aðskildar einingar, en er settur á markað í einni pakkningu, sem einn rafeindaskjá til að staðfesta samræmi við kröfurnar í þessum viðauka. Þegar margir rafeindaskjáir, sem hægt er að setja á markað sem aðgreindar einingar, eru sameinaðir í eitt kerfi, skal meðhöndla einstaka rafeindaskjái sem staka skjái.

1. **Almenn skilyrði**

Mælingar skulu gerðar við umhverfishita sem er 23 °C +/– 5 °C.

2. **Mælingar á aflþörf þegar kveikt er á tæki**

Mælingar á aflþörfinni, sem um getur í 1. lið A-hluta II. viðauka, skulu uppfylla öll eftirfarandi skilyrði:

a) mælingar á aflþörf ($P_{measured}$) skulu fara fram í venjulegri skipan,

b) mælingar skulu gerðar með því að nota virkt myndmerki sem svarar til efnis dæmigerðar sjónvarpsútsendingar fyrir rafeindaskjái á staðalstyrksviði (SDR); mæla skal meðalaflþörf í 10 mínútur samfellt,

c) mælingar skulu gerðar eftir að slökkt hefur verið á rafeindaskjánum eða hann hefur verið í reiðuham, ef ekki er hægt að slökkva á honum, í a.m.k. eina klukkustund og strax þar á eftir er haft kveikt á honum í a.m.k. eina klukkustund og skal mælingum lokið þegar kveikt hefur verið á rafeindaskjánum í að hámarki þrjár klukkustundir. Viðeigandi myndmerki skal sýnt allan tímann meðan kveikt er á tækinu; hvað varðar rafeindaskjái, sem vitað er að nái stöðugu ástandi innan einnar klukkustundar, má stytta þennan tíma ef hægt er að sýna fram á að niðurstöður mælinganna víkja ekki meira en 2% frá þeim niðurstöðum sem annars fengjust á þeim tíma sem hér er lýst;

d) ef sjálfvirk birtustilling er tiltæk skulu mælingarnar gerðar þegar slökkt er á henni. Ef ekki er hægt að slökkva á sjálfvirku birtustillingunni skulu mælingarnar gerðar í 100 lúxa umhverfislýsingu sem mæld er með ABC-skynjara.

Mælingar á hvítum hámarksljóma

Mælingar á hvítum hámarksljóma, sem um getur í 3. lið B-hluta II. viðauka, skulu gerðar:

a) með ljómamæli sem mælir þann hluta skjásins sem sýnir (100%) hvíta mynd og er hluti af prófunarmynstri, sem notað er fyrir heilskjásprófun (e. *full screen test*), sem fer ekki yfir meðalmyndgildið (APL) þar sem afltakmörkun eða önnur truflun á sér stað í ljómastýrikerfi rafeindaskjásins sem hefur áhrif á ljóma rafeindaskjásins,

b) án þess að breyta mælipunkti ljómamælisins á rafeindaskjánum á meðan skipt er á milli einhverra þeirra stillinga sem um getur í 3. lið B-hluta II. viðauka.

IV. VIÐAUKI

Sannprófunaraðferð vegna markaðseftirlits

Vikmörk sannprófana, sem skilgreind eru í þessum viðauka, eiga aðeins við um sannprófun yfirvalda aðildarríkis á mældum mæliþáttum og skal framleiðandi, innflytjandi eða viðurkenndur fulltrúi ekki nota þau sem leyfileg vikmörk til að ákvarða gildin, sem gefin eru upp í tæknigögnunum, eða við túlkun þessara gilda, með það fyrir augum að ná fram samræmi eða til að sýna fram á betri frammistöðu með einhverjum hætti.

Ef tegund hefur verið hönnuð til að geta greint að verið sé að prófa hana (t.d. með því að þekkja aftur prófunarskilyrðin eða prófunarlotuna) og sem bregst sérstaklega við með því að breyta sjálfkrafa frammistöðu sinni meðan á prófun stendur í þeim tilgangi að ná betri gildum fyrir einhvern þeirra mæliþátta sem tilgreindir eru í þessari reglugerð eða í tæknigögnunum eða í einhverjum þeim gögnum sem fylgja með, telst tegundin og allar jafngildar tegundir ekki uppfylla kröfurnar.

Við sannprófun á því hvort tegund vöru uppfylli kröfurnar, sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð skv. 2. mgr. 3. gr. tilskipunar 2009/125/EB, skulu yfirvöld aðildarríkjanna, að því er varðar kröfurnar sem um getur í þessum viðauka, beita neðangreindum aðferðum varðandi kröfurnar sem um getur í II. viðauka.

1. **Almenn aðferð**

Yfirvöld aðildarríkjanna skulu framkvæma sannprófun á stakri einingu af tegundinni.

Tegundin skal teljast uppfylla viðeigandi kröfur, ef:

a) gildin, sem gefin eru upp í tæknigögnum skv. 2. lið IV. viðauka við tilskipun 2009/125/EB (yfirlýst gildi), og, eftir atvikum, gildin, sem notuð eru til að reikna út þessi gildi, eru ekki hagstæðari fyrir framleiðandann, innflytjandann eða viðurkenndan fulltrúa en niðurstöður samsvarandi mælinga sem gerðar eru samkvæmt g-lið,

b) yfirlýstu gildin, sem uppfylla allar kröfurnar sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð og allar vöruupplýsingar sem framleiðandinn, innflytjandinn eða viðurkenndi fulltrúinn birtir, innihalda ekki gildi sem eru hagstæðari fyrir framleiðandann, innflytjandann eða viðurkennda fulltrúann en yfirlýstu gildin,

c) ákvörðuð gildi (gildi viðeigandi mæliþátta, eins og þau mælast við prófanir, og gildin sem eru reiknuð út frá þessum mælingum), þegar yfirvöld aðildarríkis prófa einingu af tegundinni, uppfylla viðkomandi vikmörk sannprófana sem eru tilgreind í töflu 3,

d) hún uppfyllir virknikröfurnar og kröfurnar varðandi viðgerð og úr sér gengnar vörur þegar yfirvöld aðildarríkis prófa einingu af tegundinni.

1.1. **Sannprófunaðferð fyrir kröfur sem eru settar í 1. lið B-hluta í II. viðauka**

Tegundin skal teljast uppfylla viðeigandi kröfur ef:

a) sjálfvirk birtustilling vörunnar er virkjuð sem sjálfgildi í öllum hömum staðalstyrksviðs, nema við skipan í verslun,

b) þegar kveikt er á vörunni, mælt gildi aflþarfar hennar minnkar um 20% eða meira þegar umhverfislýsingin, sem er mæld með ABC-skynjara, er minnkuð úr 100 lúxum í 12 lúx,

c) stýring sjálfvirkrar birtustillingar á ljóma skjás uppfyllir kröfurnar í e-lið 1. liðar B-hluta í II. viðauka.

1.2. **Sannprófunaðferð fyrir kröfur sem eru settar í 2. lið B-hluta í II. viðauka**

Tegundin skal teljast uppfylla viðeigandi kröfur ef:

a) boðið er upp á venjulega skipan sem sjálfgildi þegar kveikt er á rafeindaskjánum í fyrsta sinn og

b) annað valferli fer í gang til að staðfesta val notandans þegar notandinn velur annan ham en venjulega skipan.

1.3. **Sannprófunaðferð fyrir kröfur sem eru settar í 3. lið B-hluta í II. viðauka**

Tegundin skal teljast uppfylla gildandi kröfur ef ákvarðað gildi fyrir hvítan hámarksljóma eða, ef við á, hvíta hámarksljómahlutfallið uppfyllir gildið sem krafist er í 3. lið B-hluta.

1.4. **Sannprófunaðferð fyrir kröfur sem eru settar í 1. lið C-hluta í II. viðauka**

Tegundin, þegar hún er tengd við aflgjafann, skal teljast uppfylla viðeigandi kröfur ef:

a) það að slökkt er á tækinu og/eða það er í reiðuham og/eða í öðrum ham, þar sem ekki er farið yfir gildandi kröfur um aflþörf þegar slökkt er á tæki og/eða það er í reiðuham, er gefið sem sjálfgildi,

b) þegar einingin veitir möguleika á nettengdum reiðuham með HiNA-virkni, einingin fer ekki yfir gildandi kröfur um aflþörf fyrir HiNA-virkni þegar nettengdur reiðuhamur er virkjaður og

c) þegar einingin veitir möguleika á nettengdum reiðuham án HiNA-virkni, einingin fer ekki yfir gildandi kröfur um aflþörf án HiNA-virkni þegar nettengdur reiðuhamur er virkjaður.

1.5. **Sannprófunaðferð fyrir kröfur sem eru settar í 2. lið C-hluta í II. viðauka**

Tegundin skal teljast uppfylla viðeigandi kröfur ef:

a) einingin veitir möguleikana á að slökkt sé á tæki og/eða það sé í reiðuham og/eða í öðrum ham þar sem ekki er farið yfir viðeigandi kröfur um aflþörf þegar slökkt er á tæki og/eða það er í reiðuham þegar rafeindaskjárinn er tengdur við aflgjafann og

b) virkni tiltækileika nets krefst inngrips endanlegs notanda og

c) endanlegur notandi getur afvirkjað tiltækileika nets og

d) einingin uppfyllir kröfurnar um reiðuham þegar nettengdur reiðuhamur er ekki virkjaður.

1.6. **Sannprófunaðferð fyrir kröfur sem eru settar í 3. lið C-hluta í II. viðauka**

Tegundin skal teljast uppfylla viðeigandi kröfur ef:

a) innan fjögurra klukkustunda frá því að kveikt er á sjónvarpi eftir síðustu notendasamskipti eða innan einnar klukkustundar, ef kveikt er á viðveruskynjara og engin hreyfing greinist, skiptir sjónvarpið sjálfvirkt úr því að kveikt sé á því yfir í reiðuham eða að slökkt sé á því eða í nettengdan reiðuham, ef hann er virkjaður, eða í annan ham þar sem ekki er farið yfir viðeigandi kröfur um aflþörf fyrir reiðuham; yfirvöld aðildarríkis skulu nota viðeigandi aðferð til að mæla aflþörf eftir að sjálfvirka skiptingin í aflminni ham hefur skipt sjónvarpinu í viðeigandi aflham og

b) virknin er sett á sjálfvirka stillingu og

c) þegar kveikt er á sjónvarpinu, það sýnir viðvörunarmerki áður en það skiptir sjálfvirkt úr því að kveikt sé á því yfir í viðeigandi ham og

d) viðvörun birtist um að orkunotkun hafi mögulega aukist, ef sjónvarpið býður upp á aðgerð sem gerir notandanum kleift að breyta fjögurra klukkustunda tímabilinu, sem tilgreint er í a-lið, í sjálfvirka hamskiptingu og óskað er eftir staðfestingu á nýrri stillingu um hvort notandinn velji að framlengja eða afvirkja fjögurra klukkustunda tímabilið og

e) þegar sjónvarpið er búið viðveruskynjara, fyrir hendi er sjálfvirk skipting úr því að kveikt sé á tækinu yfir í einhvern annan ham, eins og tilgreint er í a-lið, ef ekki verður vart við neina viðveru í meira en eina klukkustund og

f) í sjónvörpum með mismunandi valkvæða ílagsgjafa, samskiptareglum um orkustjórnun merkisgjafans, sem valinn er, er forgangsraðað fram yfir sjálfvirka orkustjórnunarvirkni sem lýst er í a-lið hér að framan.

1.7. **Sannprófunaðferð fyrir kröfur sem eru settar í 4. lið C-hluta í II. viðauka**

Tegundin skal prófuð fyrir hverja gerð skilflatar valkvæðs ílagsmerkis endanlegs notanda sem getur flutt aflstýringarmerki eða -gögn. Þar sem um er að ræða tvo eða fleiri eins skilfleti fyrir merki, sem ekki eru merktir fyrir sértæka vörutegund hýsils (t.d. HDMI-1, HDMI-2, o.s.frv.) er nægilegt að prófa einn af þessum skilflötum fyrir merki sem valinn er af handahófi. Þar sem skilfletir fyrir merki, sem eru merktir eða ákvarðaðir með valmynd (t.d. tölva, aðgangskassi eða sambærilegt), ætti viðeigandi tæki sem hýsir merkisgjafann að vera tengt þeim skilfleti fyrir merki sem ætlaður er fyrir prófið. Tegundin skal teljast uppfylla viðeigandi kröfu ef ílagsgjafarnir greina ekkert merki og tegundin skiptir yfir í reiðuham, slekkur á sér eða skiptir yfir í nettengdan reiðuham.

1.8. **Sannprófunaðferð fyrir kröfur sem eru settar í D- og E-hluta í II. viðauka**

Tegundin skal teljast uppfylla viðeigandi kröfur ef, þegar yfirvöld aðildarríkis prófa einingu af tegundinni, hún uppfyllir kröfurnar um nýtni aðfanga í D- og E-hluta II. viðauka.

2. **Aðferð ef kröfur eru ekki uppfylltar**

Ef niðurstöðurnar, sem um getur í c- og d-lið 1. liðar, varðandi kröfur sem ekki taka til mæligilda, fást telst tegundin og allar sambærilegar tegundir ekki uppfylla ákvæðin.

Ef niðurstöðurnar, sem um getur í c- og d-lið 1. liðar, varðandi kröfur sem ekki taka til mæligilda, fást ekki skulu yfirvöld aðildarríkis velja þrjár viðbótareiningar sömu tegundar eða sambærilegra tegunda til prófunar. Tegundin skal teljast uppfylla viðeigandi kröfur ef meðaltal þessara ákvörðuðu gilda fyrir einingarnar þrjár uppfyllir viðkomandi vikmörk sannprófana sem eru tilgreind í töflu 3. Að öðrum kosti telst tegundin og allar sambærilegar tegundir ekki uppfylla kröfurnar.

Yfirvöld aðildarríkis skulu gefa yfirvöldum annarra aðildarríkja og framkvæmdastjórninni allar viðeigandi upplýsingar, án tafar, eftir að ákvörðun liggur fyrir um að tegundin uppfylli ekki kröfurnar.

Yfirvöld aðildarríkis skulu nota mæli- og reikningsaðferðirnar, sem settar eru fram í III. viðauka, og eingöngu beita aðferðinni, sem lýst er í 1. og 2. lið, að því er varðar kröfurnar sem um getur í þessum viðauka.

3. **Vikmörk við sannprófun**

Yfirvöld aðildarríkis skulu aðeins beita þeim vikmörkum við sannprófun sem sett eru fram í töflu 3. Ekki skal beita öðrum vikmörkum á borð við þau sem sett eru fram í samhæfðum stöðlum eða í einhverri annarri mæliaðferð.

Vikmörk sannprófana, sem skilgreind eru í þessum viðauka, eiga aðeins við um sannprófun yfirvalda aðildarríkis á mældum mæliþáttum og skal framleiðandinn ekki nota þau sem leyfileg vikmörk fyrir gildin í tæknigögnunum til að ná því að uppfylla kröfurnar. Yfirlýst gildi skulu ekki vera hagstæðari fyrir framleiðandann en tilkynnt gildi í tækniskjölunum.

Tafla 3

Vikmörk við sannprófun

Mæliþáttur	*Vikmörk við sannprófun*
Aflþörf þegar kveikt er á tæki ($P_{measured}$, vött), að undanskildum frávikum og aðlögunum í B-hluta II. viðauka að því er varðar útreikning á orkunýtnistuðli sem settur er fram í A-hluta II. viðauka.	Ákvarðað gildi (*) skal ekki vera hærra en yfirlýsta gildið en sem nemur 7%
Aflþörf (vött) þegar slökkt er á búnaði, hann er í reiðuham og nettengdum reiðuham, eftir því sem við á.	Ákvarðað gildi (*) skal ekki vera hærra en yfirlýsta gildið en sem nemur 0,10 vöttum ef yfirlýsta gildið er 1,00 vött eða minna, eða hærra en sem nemur 10% ef yfirlýsta gildið er meira en 1,00 vött.
Hlutfall hvíts hámarksljóma	Ákvarðað gildi skal, eftir atvikum, ekki vera undir 60% af hámarksljóma rafeindaskjásins í skipan í sínum bjartasta ham þegar kveikt er á honum.

Mæliþáttur	*Vikmörk við sannprófun*
Hvítur hámarksljómi (cd/m^2)	Ákvarðað gildi (*) skal ekki vera lægra en yfirlýsta gildið en sem nemur 8%.
Hornalína sýnilegs skjás í cm (og tommum ef það er tilgreint)	Ákvarðað gildi (*) skal ekki vera lægra en yfirlýsta gildið en sem nemur 1 cm (eða 0,4 tommum).
Skjáflötur í dm^2	Ákvarðað gildi (*) skal ekki vera lægra en yfirlýsta gildið en sem nemur 0,1 dm^2.
Tímasett virkni eins og sett er fram í 3. og 4. lið C-hluta í II. viðauka.	Skiptingunni skal lokið innan 5 sekúndna frá því yfirlýstum gildum er náð.
Þyngd plastíhlutanna eins og tilgreint er í 2. lið D-hluta í II. viðauka.	Ákvarðað gildi (*) skal ekki víkja meira frá yfirlýsta gildinu en sem nemur 5 grömmum.

(*) Ef þrjár viðbótareiningar eru prófaðar, eins og mælt er fyrir um í a-lið 2. liðar í IV. viðauka, er ákvarðað gildi meðaltal gildanna sem ákvörðuð eru fyrir þessar þrjár viðbótareiningar.

V. VIÐAUKI

Viðmiðanir

Við gildistöku þessarar reglugerðar var besta, aðgengilega tækni á markaðnum fyrir umhverfisþætti, sem voru taldir mikilvægir og mælanlegir, eins og segir hér á eftir.

Eftirfarandi leiðbeinandi viðmiðanir eru tilgreindar skv. 2. lið 3. hluta I. viðauka við tilskipun 2009/125/EB. Þegar þessi reglugerð er samin vísa þær til bestu, aðgengilegu tækni fyrir rafeindaskjái á markaðinum.

Hornlína skjáflatarins		HD	UHD
(cm)	(tommur)	W	W
55,9	22	15	
81,3	32	25	
108,0	43	33	47
123,2	49	43	57
152,4	60	62	67
165,1	65	56	71

Aðrir virknihamir:	
Slökkt á tæki (sýnilegur rofi)	0,0 W
Slökkt á tæki (enginn sýnilegur rofi)	0,1 W
Reiðuhamur	0,2 W
Nettengdur reiðuhamur (án HiNA-virkni)	0,9 W

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2019/2022 **2023/EES/63/44**

frá 1. október 2019

um kröfur varðandi visthönnun uppþvottavéla til heimilisnota samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/125/EB, um breytingu á reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1275/2008 og um niðurfellingu á reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1016/2009 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af 114. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/125/EB frá 21. október 2009 um ramma til að setja fram kröfur varðandi visthönnun að því er varðar orkutengdar vörur ([1]), einkum 1. mgr. 15. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Samkvæmt tilskipun 2009/125/EB ætti framkvæmdastjórnin að setja fram kröfur varðandi visthönnun, að því er varðar orkutengdar vörur sem eru umtalsverður hluti sölu og viðskipta í Sambandinu og sem hafa veruleg umhverfisáhrif og búa yfir miklum möguleikum á að draga úr umhverfisáhrifum með vali á hönnun, án þess að það hafi í för með sér óhóflegan kostnað.

2) Í orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar COM(2016) 773 ([2]) (vinnuáætlun um visthönnun), sem framkvæmdastjórnin tók saman við beitingu 1. mgr. 16. gr. tilskipunar 2009/125/EB, eru tilgreind forgangsverkefni samkvæmt rammanum um visthönnun og orkumerkingar fyrir tímabilið 2016-2019. Í vinnuáætluninni um visthönnun eru tilgreindir orkutengdir vöruflokkar sem teljast forgangsmál í tengslum við framkvæmd undirbúningsrannsókna og endanlega samþykkt framkvæmdarráðstafana, sem og endurskoðun reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1016/2010 ([3]) og framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1059/2010 ([4]).

3) Áætlað er að aðgerðir vinnuáætlunarinnar um visthönnun gætu samtals skilað endanlegum árlegum orkusparnaði sem nemur meira en 260 TWh árið 2030 sem jafngildir því að dregið er úr losun gróðurhúsalofttegunda sem nemur u.þ.b. 100 milljónum tonna á ári árið 2030. Uppþvottavélar til heimilisnota eru á meðal vöruflokkanna sem skráðir eru í vinnuáætluninni, með áætlaðan 2,1 TWh árlegan raforkusparnað, sem leiðir til skerðingar á losun gróðurhúsalofttegunda sem nemur 0,7 milljón tonnum af koltvísýringsjafngildum á ári og áætlaðs vatnssparnaðar sem nemur 16 milljón m^3 árið 2030.

4) Í reglugerð (ESB) nr. 1016/2010 setti framkvæmdastjórnin fram kröfur varðandi visthönnun uppþvottavéla til heimilisnota og samkvæmt þeirri reglugerð ætti framkvæmdastjórnin að endurskoða reglugerðina í ljósi tækniframfara.

5) Framkvæmdastjórnin hefur endurskoðað reglugerð (ESB) nr. 1016/2010 og gert tækni-, umhverfis- og efnahagsgreiningu á uppþvottavélum til heimilisnota sem og greiningu á hegðun notenda við raunverulegar aðstæður. Endurskoðunin fór fram í nánu samstarfi við hagsmunaaðila og hlutaðeigandi aðila frá Sambandinu og þriðju löndum. Niðurstöður endurskoðunarinnar voru gerðar opinberar og kynntar á samráðsvettvanginum um visthönnun, sem komið var á fót með 18. gr. tilskipunar 2009/125/EB.

6) Endurskoðunin leiddi í ljós að þörf er á að endurskoða kröfur varðandi visthönnun uppþvottavéla til heimilisnota, kröfur sem tengjast notkun mikilvægra auðlinda á borð við orku og vatn auk þess að innleiða kröfur í tengslum við auðlindanýtni eins og möguleika á viðgerðum og endurvinnanleika.

7) Þeir umhverfisþættir uppþvottavéla til heimilisnota sem taldir eru mikilvægir hvað þessa reglugerð varðar eru orku- og vatnsnotkun á notkunartímanum, myndun úrgangs við lok endingartíma og losun í andrúmsloft og vatn á framleiðslustigi (vegna náms og vinnslu hráefna) og á notkunartímanum (vegna raforkunotkunar).

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 315, 5.12.2019, bls. 267. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 154/2023 frá 13. Júní 2023 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) og IV. viðauka (Orka) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 285, 31.10. 2009, bls. 10.

([2]) Orðsending framkvæmdastjórnarinnar. Vinnuáætlun um visthönnun 2016-2019 COM(2016) 773, lokaútgáfa, 30.11.2016.

([3]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1016/2010 frá 10. nóvember 2010 um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/125/EB að því er varðar kröfur varðandi visthönnun uppþvottavéla til heimilisnota (Stjtíð. ESB L 293, 11.11.2010, bls. 31).

([4]) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1059/2010 frá 28. september 2010 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/30/ESB að því er varðar orkumerkingar uppþvottavéla til heimilisnota (Stjtíð. ESB L 314, 30.11.2010, bls. 1).

8) Árleg orkunotkun vara sem falla undir þessa reglugerð í Sambandinu var áætluð 31,3 TWh í Sambandinu á árinu 2015, sem samsvarar losun á 11,1 milljónum tonna af koltvísýringsígildum. Miðað við óbreyttar aðstæður er reiknað með að orkunotkun uppþvottavéla til heimilisnota aukist í 49,0 TWh árið 2030, einkum vegna aukningu á heildarfjölda uppþvottavéla í notkun. Þó er mögulegt að takmarka þessa aukningu á orkunotkun ef núverandi kröfur varðandi visthönnun verða uppfærðar. Á sama hátt var áætlað að vatnsnotkun uppþvottavéla til heimilisnota næmi 318 milljón m^3 árið 2015 og reiknað er með að hún aukist í 531 milljón m^3 árið 2030 ef núverandi kröfur verða ekki uppfærðar. Loks er áætlað að endingartími uppþvottavéla til heimilisnota hafi á undanförnum árum dregist saman niður í u.þ.b. 12,5 ár og að þessi þróun sé líkleg til að halda áfram ef engir hvatar eru til staðar.

9) Orðsendingin frá framkvæmdastjórninni til Evrópuþingsins, ráðsins, Efnahags- og félagsmálanefndar Evrópusambandsins og svæðanefndarinnar COM(2015) 614, lokagerð ([5]) (aðgerðaáætlun um hringrásarhagkerfi) og orðsendingin um vinnuáætlun um visthönnun ([6]) undirstrika mikilvægi þess að nota ramma fyrir visthönnun til að styðja hreyfingu í átt að auðlindanýtnara hringrásarhagkerfi. Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2012/19/ESB ([7]) vísar til tilskipunar 2009/125/EB og gefur til kynna að kröfur varðandi visthönnun ættu að auðvelda endurnotkun, sundurhlutun og endurnýtingu raf- og rafeindabúnaðarúrgangs með því að leysa vandamálin á fyrri stigum. Þessi reglugerð ætti því að mæla fyrir um viðeigandi kröfur sem stuðla að markmiðum um hringrásarhagkerfi.

10) Uppþvottavélar sem eru ekki til heimilisnota búa yfir sérstökum eiginleikum og notkunarmöguleikum. Þær falla undir aðra löggjöf, einkum tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/42/EB ([8]) um vélarbúnað og ættu ekki að falla undir gildissvið þessarar reglugerðar. Ákvæði varðandi uppþvottavélar til heimilisnota ættu að gilda um uppþvottavélar með sömu tæknilegu eiginleika, óháð í hvaða umhverfi þær eru notaðar. Allar uppþvottavélar til heimilisnota ættu að uppfylla lágmarkskröfur um hreinsun og þurrkun, burtséð frá aðferðunum sem notaðar eru.

11) Mæla ætti fyrir um sértækar kröfur um lágaflsham uppþvottavéla til heimilisnota. Kröfur reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1275/2008 ([9]) ættu ekki að gilda um uppþvottavélar til heimilisnota sem falla undir gildissvið þessarar reglugerðar. Því ætti að breyta reglugerð (EB) nr. 1275/2008 til samræmis við það.

12) Mæla ætti viðeigandi mæliþætti vara með áreiðanlegum, nákvæmum og samanburðarnákvæmum mæliaðferðum. Þessar mæliaðferðir ættu að taka tillit til viðurkenndra mæliaðferða sem byggja á nýjustu og fullkomnustu tækni og, þar sem þeir liggja fyrir, samhæfðra staðla sem samþykktir hafa verið af evrópskum staðlastofnunum, sem taldar eru upp í I. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1025/2012 ([10]).

13) Í samræmi við 8. gr. tilskipunar 2009/125/EB ætti í þessari reglugerð að tilgreina gildandi aðferðir við samræmismat.

14) Til að auðvelda eftirlit með því að kröfur séu uppfylltar ættu framleiðendur, innflytjendur eða viðurkenndir fulltrúar að veita upplýsingarnar sem tilgreindar eru í tækniskjölunum sem um getur í IV. og V. viðauka við tilskipun 2009/125/EB, að því marki sem þær tengjast kröfunum sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð.

15) Ef mæliþættir tæknigagnanna, eins og þeir eru skilgreindir í þessari reglugerð, eru eins og mæliþættir vöruupplýsingablaðsins sem skilgreint er í framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/2017 ([11]), ættu framleiðendur, innflytjendur eða viðurkenndir fulltrúar að færa inn samsvarandi gögn í vörugagnagrunninn sem skilgreindur er í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/1369 ([12]) og ættu ekki lengur að þurfa að leggja þau fyrir markaðseftirlitsyfirvöld sem hluta af tæknigögnunum.

([5]) Orðsending framkvæmdastjórnarinnar til Evrópuþingsins, ráðsins, efnahags- og félagsmálanefndar Evrópusambandsins og svæðanefndarinnar, Hringrásinni lokað – aðgerðaráætlun ESB fyrir hringrásarhagkerfið (COM(2015) 614, lokagerð, 2.12.2015).

([6]) COM(2016) 773, lokagerð, 30.11.2016.

([7]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2012/19/ESB frá 4. júlí 2012 um raf- og rafeindabúnaðarúrgang (Stjtíð. ESB L 197, 24.7.2012, bls. 38).

([8]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/42/EB frá 17. maí 2006 um vélarbúnað og um breytingu á tilskipun 95/16/EB (Stjtíð. ESB L 157, 9.6.2006, bls. 24)

([9]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1275/2008 frá 17. desember 2008 um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2005/32/EB að því er varðar kröfur varðandi visthönnun raf- og rafeindatækja til heimilis- og skrifstofunota með tilliti til aflþarfar þeirra í reiðuham eða þegar slökkt er á þeim (Stjtíð. ESB L 339, 18.12.2008, bls. 45).

([10]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1025/2012 frá 25. október 2012 um evrópska stöðlun og breytingu á tilskipunum ráðsins 89/686/EBE og 93/15/EBE og tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 94/9/EB, 94/25/EB, 95/16/EB, 97/23/EB, 98/34/EB, 2004/22/EB, 2007/23/EB, 2009/23/EB og 2009/105/EB og niðurfellingu á ákvörðun ráðsins 87/95/EBE og ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1673/2006/EB (Stjtíð. ESB L 316, 14.11.2012, bls. 12).

([11]) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/2017 frá 11. mars 2019 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/1369 að því er varðar orkumerkingar uppþvottavéla til heimilisnota og um niðurfellingu á framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1059/2010 (Stjtíð. ESB L 315, 5.12.2019, bls. 134).

([12]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/1369 frá 4. júlí 2017 um setningu ramma fyrir orkumerkingar og um niðurfellingu tilskipunar 2010/30/ESB (Stjtíð. ESB L 198, 28.7.2001, bls. 1).

16) Til að tryggja skilvirkni og trúverðugleika reglugerðarinnar og til að vernda neytendur ætti að banna að vörur, sem breyta frammistöðu sinni sjálfkrafa við prófunarskilyrði til að bæta tilgreinda mæliþætti, séu settar á markað.

17) Til viðbótar við þær kröfur sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð ætti, í samræmi við 2. lið 3. hluta I. viðauka tilskipunar 2009/125/EB, að veita leiðbeinandi viðmiðanir um bestu fáanlegu tækni til að tryggja víðtækan og greiðan aðgang að upplýsingum um vistvænleika á vistferli vara sem falla undir þessa reglugerð.

18) Þessa reglugerð ætti að endurskoða til þess að meta hversu viðeigandi og skilvirk ákvæði hennar eru til þess að ná tilskildum markmiðum. Endurskoðunin ætti að fara fram þegar öllum ákvæðum hefur verið hrint í framkvæmd og þau hafa haft merkjanleg áhrif á markaðinn.

19) Fella ætti reglugerð (ESB) nr. 1016/2010 úr gildi.

20) Til að greiða fyrir umskiptunum frá reglugerð (ESB) nr. 1016/2010 yfir í þessa reglugerð ætti að leyfa notkun á heitinu „eco“ í stað heitisins „staðlað kerfi“ frá og með gildistöku þessarar reglugerðar.

21) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót með 1. mgr. 19. gr. tilskipunar 2009/125/EB,

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Efni og gildissvið

1. Með þessari reglugerð eru settar fram kröfur varðandi visthönnun að því er varðar að setja á markað eða að taka í notkun uppþvottavélar til heimilisnota sem nota rafmagn, þ.m.t. innbyggðar uppþvottavélar til heimilisnota og uppþvottavélar til heimilisnota sem nota rafmagn sem geta einnig gengið fyrir rafhlöðum.

2. Þessi reglugerð gildir ekki um:

a) uppþvottavélar sem falla undir gildissvið tilskipunar 2006/42/EB,

b) uppþvottavélar til heimilisnota sem ganga fyrir rafhlöðum en tengja má við rafkerfið með jafn- og riðstraumbreyti sem keyptur er sérstaklega.

2. gr.

Skilgreiningar

Í reglugerð þessari er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1) „rafveita“: raforkudreifing frá dreifikerfinu við 230 (± 10%) volta riðstraum við 50 Hz,

2) „uppþvottavél til heimilisnota“: vél sem þvær og skolar borðbúnað, og sem framleiðandinn hefur lýst yfir í samræmisyfirlýsingunni að samræmist tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/35/ESB ([13]) eða tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/53/ESB ([14]),

3) „innbyggð uppþvottavél“: uppþvottavél sem er sérstaklega hönnuð, prófuð og markaðssett til að:

   a) vera uppsett í innréttingu eða umlukin (að ofan, undir og til hliðar) klæðningu,

   b) vera fest á öruggan hátt við hliðar, topp eða á botn innréttingarinnar eða klæðningarinnar og

   c) vera útbúin sambyggðri verksmiðjuframleiddri framhlið eða uppsett með sérsmíðaðri klæðningu að framan,

([13]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/35/ESB frá 26. febrúar 2014 um samræmingu laga aðildarríkjanna um að bjóða rafföng fram á markaði sem notuð eru innan ákveðinna spennumarka (Stjtíð. ESB L 96, 29.3.2014, bls. 357).

([14]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/53/ESB frá 16. apríl 2014 um samræmingu laga aðildarríkjanna um að bjóða þráðlausan fjarskiptabúnað fram á markaði og niðurfellingu á tilskipun 1999/5/EB (Stjtíð. ESB L 153, 22.5.2014, bls. 62).

4) „sambærileg tegund“: tegund með sömu tæknilegu eiginleika sem máli skipta hvað varðar tækniupplýsingar sem veita skal, en er sett á markað eða tekin í notkun af sama framleiðanda, innflytjanda eða viðurkennda fulltrúa sem önnur tegund með annað tegundarauðkenni,

5) „tegundarauðkenni“: kóði, venjulega alstafa, sem greinir tiltekna vörutegund frá öðrum tegundum með sama vörumerki eða heiti framleiðanda, innflytjanda eða viðurkennds fulltrúa,

6) „vörugagnagrunnur“: safn gagna um vörur sem er sett saman á kerfisbundinn hátt og samanstendur af opnum hluta sem miðast við þarfir neytanda þar sem upplýsingar varðandi einstaka mæliþætti vöru eru aðgengilegar með rafrænum hætti, vefgátt fyrir aðgengi, og hluta er varðar reglufylgni þar sem kröfur um aðgengi og öryggi eru tilgreindar með skýrum hætti, eins og mælt er fyrir um í reglugerð (ESB) 2017/1369,

7) „kerfi“: röð aðgerða sem eru skilgreindar fyrir fram og framleiðandi, innflytjandi eða viðurkenndur fulltrúi hefur tilgreint að séu viðeigandi fyrir tiltekið magn óhreininda eða tegundir uppþvottar, eða hvort tveggja,

8) „eco“: heiti á kerfi í uppþvottavél til heimilisnota sem samkvæmt yfirlýsingu framleiðanda, innflytjanda eða viðurkennds fulltrúa hæfir til að þrífa eðlilega óhreinan borðbúnað, og sem visthönnunarkröfur um orkunýtni, hreinsi- og þurrkunarhæfni eiga við um.

Að því varðar viðaukana eru viðbótarskilgreiningar settar fram í I. viðauka.

3. gr.

Kröfur varðandi visthönnun

Kröfurnar varðandi visthönnun sem settar eru fram í II. viðauka skulu gilda frá þeim dagsetningum sem þar eru tilgreindar.

4. gr.

Samræmismat

1. Aðferðin við samræmismat sem um getur í 8. gr. tilskipunar 2009/125/EB skal vera innra hönnunareftirlitskerfið, sem sett er fram í IV. viðauka við þá tilskipun, eða stjórnunarkerfið, sem sett er fram í V. viðauka við þá tilskipun.

2. Að því er varðar samræmismat skv. 8. gr. tilskipunar 2009/125/EB skulu tækniskjölin innihalda yfirlýst gildi mæliþáttanna sem eru tilgreindir í 2., 3. og 4. lið í II. viðauka og upplýsingar og niðurstöður útreikninganna sem gerðir eru í samræmi við III. viðauka.

3. Þegar upplýsinganna í tæknigögnum tiltekinnar tegundar hefur verið aflað:

a) á grundvelli tegundar með sömu tæknilegu eiginleika sem máli skipta hvað varðar tækniupplýsingarnar sem veita skal, en er framleidd af öðrum framleiðanda eða

b) með útreikningi á grundvelli hönnunar eða framreikningi á grundvelli annarrar tegundar frá sama eða öðrum framleiðenda, eða með báðum þessum aðferðum,

skulu tæknigögnin innihalda upplýsingar um þessa útreikninga, hvaða mat framleiðandinn hefur gert til að staðfesta nákvæmni útreikninganna og, þar sem við á, yfirlýsingu sem staðfestir að tegundir frá mismunandi framleiðendum eru eins.

Tæknigögnin skulu innihalda skrá yfir jafngildar tegundir, þ.m.t. tegundarauðkenni.

4. Tæknigögnin skulu innihalda upplýsingar í þeirri röð og eins og sett er fram í VI. viðauka reglugerðar (ESB) 2019/2017. Vegna markaðseftirlits er framleiðendum, innflytjendum eða viðurkenndum fulltrúum heimilt, án þess að hafa áhrif á g-lið 2. liðar IV. viðauka við tilskipun 2009/125/EB, að vísa til tæknigagnanna sem halað hefur verið upp í vörugagnagrunninn sem inniheldur sömu upplýsingar og mælt er fyrir um í reglugerð (ESB) 2019/2017.

5. gr.

Sannprófunaraðferð vegna markaðseftirlits

Yfirvöld aðildarríkja skulu beita sannprófunaraðferðinni, sem sett er fram í IV. viðauka, við markaðseftirlit það sem um getur í 2. lið 3. gr. tilskipunar 2009/125/EB.

6. gr.

Sniðganga

Framleiðandinn, innflytjandinn eða viðurkenndi fulltrúinn skal ekki setja á markað vörur sem eru þannig hannaðar að þær geti greint að verið sé að prófa þær (t.d. með því að þekkja aftur prófunarskilyrðin eða prófunarlotuna) og sem bregðast sérstaklega við með því að breyta sjálfkrafa frammistöðu sinni meðan á prófun stendur í þeim tilgangi að ná betri gildum fyrir einhvern þeirra mæliþátta sem framleiðandinn, innflytjandinn eða viðurkenndi fulltrúinn gefur upp í tæknigögnum eða í einhverjum þeim gögnum sem fylgja með vörunni.

Í kjölfar uppfærslu á hugbúnaði eða fastbúnaði skal hvorki orku- eða vatnsnotkun vörunnar né aðrir tilgreindir mæliþættir rýrna þegar þeir eru mældir með sama prófunarstaðli og upprunalega var notaður fyrir samræmisyfirlýsinguna, nema þegar endanotandinn gefur afdráttarlaust samþykki sitt áður en uppfærslan á sér stað. Ef uppfærslu er hafnað skal það ekki hafa í för með sér breytingar á frammistöðu.

7. gr.

Leiðbeinandi viðmiðanir

Leiðbeinandi viðmiðanir fyrir vistvænustu vörurnar og tæknina á markaði við gildistöku þessarar reglugerðar eru settar fram í V. viðauka.

8. gr.

Endurskoðun

Framkvæmdastjórnin skal endurskoða þessa reglugerð í ljósi tækniframfara og kynna niðurstöður þessarar endurskoðunar, þ.m.t., ef við á, drög að tillögu um endurskoðun, á samráðsvettvanginum um visthönnun eigi síðar en 25. desember 2025.

Endurskoðunin skal einkum beinast að eftirfarandi:

a) möguleikanum á umbótum með tilliti til orkunýtingar og vistvænleika uppþvottavéla til heimilisnota, m.a. að teknu tilliti til þurrkunarhæfni,

b) því hvort vikmörk sannprófana séu viðeigandi,

c) mati á þróun á hegðun neytenda og útbreiðsluhlutfall uppþvottavéla til heimilisnota í aðildarríkjum Evrópusambandsins,

d) skilvirkni gildandi krafna um auðlindanýtni,

e) hvort viðeigandi sé að fastsetja viðbótarkröfur um auðlindanýtni fyrir vörur í samræmi við markmið hringrásarhagkerfisins, þ.m.t. hvort fleiri varahlutir ættu að vera innifaldir.

9. gr.

Breyting á reglugerð (EB) nr. 1275/2008

Í 1. lið I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1275/2008 fellur færslan „Uppþvottavélar“ brott.

10. gr.

Niðurfelling

Reglugerð (ESB) nr. 1016/2010 er felld úr gildi frá og með 1. mars 2021.

11. gr.

Umbreytingarráðstafanir

Frá og með 25. desember 2019 til 28. febrúar 2021, er leyfilegt, þrátt fyrir körfurnar í 1. lið 1. liðar í I. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 1016/2010, að nota heitið „eco“ fyrir staðlað kerfi, í samræmi við 1. lið í II. viðauka við þessa reglugerð, í stað heitisins „staðlað kerfi“.

12. gr.

Gildistaka og framkvæmd

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 1. mars 2021. Þó skulu ákvæði 1. mgr. 6. gr. og 11. gr. koma til framkvæmda frá og með 25. desember 2019.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 1. október 2019.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

I. VIÐAUKI

Skilgreiningar sem gilda um viðaukana

Eftirfarandi skilgreiningar gilda:

1) „Orkunýtnistuðull“ (EEI): hlutfallið á milli orkunotkunar eco-kerfisins og orkunotkunar staðlaðs kerfis,

2) „orkunotkun eco-kerfisins“ (EPEC): orkunotkun uppþvottavélar til heimilisnota miðað við eco-kerfið, gefin upp í kílóvattstundum á hverja lotu,

3) „orkunotkun staðlaðs kerfis“ (SPEC): orkunotkun sem notuð er sem viðmiðun með hliðsjón af nafnafköstum, gefin upp í kílóvattstundum á hverja lotu,

4) „borðbúnaður“: samstæða borðbúnaðar fyrir einn, að undanskildum framreiðslubúnaði,

5) „framreiðslubúnaður“: hlutir sem eru notaðir við undirbúning og framreiðslu matvæla, til að mynda pottar, skálar, framreiðsluáhöld og -diskar,

6) „nafnafköst“: hámarksfjöldi borðbúnaðareininga ásamt framreiðslubúnaði sem hægt er að þrífa, skola og þurrka í uppþvottavél til heimilisnota í einni lotu þegar hún er hlaðin samkvæmt leiðbeiningum framleiðanda, innflytjanda eða viðurkennds fulltrúa,

7) „uppþvottahæfnistuðull“ (I_C): hlutfallið milli uppþvottahæfni uppþvottavélar til heimilisnota og uppþvottahæfni viðmiðunaruppþvottavélar til heimilisnota,

8) „þurrkunarhæfnistuðull“ (I_D): hlutfallið milli þurrkunarhæfni uppþvottavélar til heimilisnota og þurrkunarhæfni viðmiðunaruppþvottavélar til heimilisnota,

9) „lengd kerfis“ (T_t): tíminn frá upphafi þess að valið kerfi er sett af stað, að undanskilinni seinkun sem stýrt er af endanlegum notanda, þar til að gefið er til kynna að kerfinu sé lokið og notandi hefur aðgang að hlutum í uppþvottavélinni,

10) „lota“: heilt þvotta-, skolunar- og þurrkunarferli eins og það er skilgreint fyrir valið kerfi sem samanstendur af röð aðgerða þar til allri virkni er lokið,

11) „slökkt á vél“: ástand þar sem uppþvottavél til heimilisnota er tengd rafkerfinu en engin aðgerð er virk; eftirfarandi telst enn fremur falla undir að slökkt sé á vél:

    a) ástand sem gefur einungis til kynna að slökkt sé á vél,

    b) ástand þar sem einungis er fyrir hendi virkni sem ætlað er að tryggja rafsegulsviðssamhæfi í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/30/ESB ([1]),

12) „reiðuhamur“: ástand þar sem uppþvottavél til heimilisnota er tengd rafkerfinu og gerir eingöngu kleift að framkvæma eftirfarandi aðgerðir, sem geta varað ótímabundið:

    a) endurvirkjunaraðgerð eða endurvirkjunaraðgerð auk merkis sem gefur til kynna að endurvirkjunaraðgerð sé virk og/eða

    b) endurvirkjunarðgerð í gegnum nettengingu og/eða

    c) birtingu upplýsinga eða stöðu og/eða

    d) skynjaravirkni fyrir neyðarráðstafanir,

13) „net“: fjarskiptavirki með tengingaskipan, högun, þ.m.t. raunlægum þáttum, skipulagslegum grunnreglum, samskiptaaðferðum og -sniði (samskiptareglur).

14) „frestun á upphafi kerfis“: ástand þar sem notandinn velur tiltekna frestun á upphafi og enda lotu valins kerfis,

([1]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/30/ESB frá 26. febrúar 2014 um samhæfingu laga aðildarríkjanna varðandi rafsegulsviðssamhæfi (Stjtíð. ESB L 96, 29.3.2014, bls. 79).

15) „varahlutur“: aðskilinn hlutur sem getur komið stað hlutar með sömu eða álíka virkni í vöru,

16) „faglærður viðgerðaraðili“: rekstraraðili eða fyrirtæki sem veitir viðgerðarþjónustu og faglegt viðhald á uppþvottavélum til heimilisnota,

17) „vatnsnotkun eco-kerfisins“ (EPWC): vatnsnotkun uppþvottavélar til heimilisnota miðað við eco-kerfið, gefin upp í kílóvattstundum á hverja lotu,

18) „ábyrgð“: allar skuldbindingar smásala eða framleiðanda gagnvart neytandanum varðandi:

    a) að endurgreiða það verð sem greitt er eða

    b) að skipta út, gera við eða meðhöndla uppþvottavélar til heimilisnota á einn eða annan hátt ef þær uppfylla ekki þær forskriftir sem settar eru fram í ábyrgðaryfirlýsingu eða í viðeigandi auglýsingu.

II. VIÐAUKI

Kröfur varðandi visthönnun

1. KRÖFUR UM KERFI

Frá 1. mars 2021 skulu uppþvottavélar til heimilisnota bjóða upp á eco-kerfi sem uppfyllir eftirfarandi kröfur:

a) þetta kerfi skal:

— bera heitið „eco“ á búnaði til að velja uppþvottakerfi uppþvottavélar til heimilisnota, á skjá uppþvottavélar til heimilisnota, ef hann er fyrir hendi, og í viðkomandi nethugbúnaði, ef hann er fyrir hendi.

— vera sjálfgefið kerfi í uppþvottavélum til heimilisnota sem eru útbúnar með sjálfvirku kerfisvali eða í allri virkni sem viðheldur vali á kerfi eða, ef sjálfvirkt kerfisval er ekki fyrir hendi, tiltækt með beinu vali án þess að nauðsynlegt sé að velja tiltekið hitastig eða hvað sett er í vélina,

b) heitið „eco“ skal eingöngu notað fyrir þetta kerfi. Sniðið á „eco“ er ekki takmarkað hvað varðar leturgerð, leturstærð, há- eða lágstafi eða lit. Einu viðbótarupplýsingarnar sem má nota með hugtakinu „eco“ eru hitastig eco-kerfisins,

c) upplýsingarnar „venjulegt“, „daglegt“, „reglulegt“ og „staðlað“ og þýðingar þeirra á öll opinber tungumál ESB, skulu ekki notaðar á heiti kerfa uppþvottavéla til heimilisnota, hvorki einar sér né í samsetningu með öðrum upplýsingum.

2. ORKUNÝTNIKRÖFUR

Frá 1. mars 2021 skulu uppþvottavélar til heimilisnota uppfylla eftirfarandi kröfur:

a) orkunýtnistuðullinn (EEI) skal vera lægri en 63.

Frá 1. mars 2024 skulu uppþvottavélar til heimilisnota uppfylla eftirfarandi kröfu:

b) orkunýtnistuðullinn skal vera lægri en 56 fyrir uppþvottavélar til heimilisnota með nafnafköst sem nema borðbúnaði fyrir 10 eða fleiri.

Orkunýtnistuðullinn skal reiknaður út í samræmi við III. viðauka.

3. KRÖFUR UM VIRKNI

Frá 1. mars 2021 skulu uppþvottavélar til heimilisnota uppfylla eftirfarandi kröfur:

a) uppþvottahæfnistuðull (I_C) skal vera hærri en 1,12,

b) þurrkunarhæfnistuðull (I_D) skal vera hærri en 1,06 fyrir uppþvottavélar til heimilisnota með nafnafköst sem nema borðbúnaði fyrir 7 eða fleiri,

c) þurrkunarhæfnistuðull (I_D) skal vera hærri en 0,86 fyrir uppþvottavélar til heimilisnota með nafnafköst sem nema borðbúnaði fyrir 7 eða færri.

Gildi fyrir I_C og I_D skulu reiknuð út í samræmi við III. viðauka.

4. LÁGAFLSHAMUR

Frá 1. mars 2021 skulu uppþvottavélar til heimilisnota uppfylla eftirfarandi kröfur:

a) uppþvottavélar til heimilisnota skulu hafa möguleikann slökkt á vél eða reiðuham eða bæði. Aflnotkun við þessar stillingar skal ekki fara yfir 0,50 W,

b) ef reiðuhamur felur í sér upplýsinga- eða stöðuvísi skal aflnotkun í þessum ham ekki fara yfir 1,00 W,

c) ef reiðuhamur býður upp á tengingu við netkerfi og nettengdan reiðuham eins og skilgreint er í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 801/2013 ([1]), skal aflnotkun í þessum ham ekki fara yfir 2,00 W,

d) eigi síðar en 15 mínútum eftir að kveikt er á uppþvottavél til heimilisnota eða eftir að kerfi og tengdum aðgerðum lýkur eða að loknum hvers konar gagnvirkum samskiptum við búnaðinn, ef enginn annar hamur er virkjaður, þ.m.t. neyðarráðstafanir, skal búnaðurinn sjálfkrafa slökkva á sér eða fara í reiðuham,

e) ef uppþvottavél til heimilisnota býður upp á frestun á upphafi kerfis skal aflnotkun í því ástandi, þ.m.t. reiðuham, ekki fara yfir 4,00 W. Notandi skal ekki geta forritað frestun á upphafi lengur en sem nemur 24 klst.,

f) allar uppþvottavélar til heimilisnota sem hægt er að tengja við net skulu bjóða upp á þann möguleika að gera nettenginguna virka og óvirka. Sjálfgefna stillingin skal vera að nettengingin sé óvirk.

5. KRÖFUR UM AUÐLINDANÝTNI

Frá 1. mars 2021 skulu uppþvottavélar til heimilisnota uppfylla eftirfarandi kröfur:

1) tiltækileiki varahluta:

   a) framleiðendur, innflytjendur eða viðurkenndir fulltrúar uppþvottavéla til heimilisnota skulu gera a.m.k. eftirfarandi varahluti tiltæka fyrir faglærða viðgerðaraðila í minnst sjö ár eftir að síðasta eining tegundarinnar er sett á markað:

      — hreyfil,

      — hringrásar- og frárennslisdælu,

      — hitara og hitöld, þ.m.t. varmadælur (stakar eða í samstæðum),

      — lagnir og tilheyrandi búnað, að meðtöldum öllum vatnsslöngum, lokum, síum og vatnslekavörn,

      — burðarvirki og innri hlutar hurðarsamsetninga (stakir eða í samstæðum),

      — prentplötur,

      — rafræna skjái,

      — þrýstirofa,

      — hitastilla og skynjara,

      — hugbúnað og fastbúnað, þ.m.t. endurstillingarhugbúnað,

   b) framleiðendur, innflytjendur eða viðurkenndir fulltrúar uppþvottavéla til heimilisnota skulu gera a.m.k. eftirfarandi varahluti tiltæka fyrir faglærða viðgerðaraðila og endanlega notendur í minnst 10 ár eftir að síðasta eining tegundarinnar er sett á markað: hurðir, hurðarlamir og þéttilista á hurð, aðra þéttilista, þvottaarma (e. *spray arm*), frárennslissíur, grindur innan í vélina og jaðarbúnað úr plasti s.s. körfur og lok,

   c) framleiðendur, innflytjendur eða viðurkenndir fulltrúar uppþvottavéla til heimilisnota skulu tryggja að hægt sé að skipta út varahlutunum sem um getur í a- og b-lið með því að nota algeng verkfæri og án þess að valda varanlegum skemmdum á tækinu,

([1]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 801/2013 frá 22. ágúst 2013 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1275/2008 að því er varðar kröfur varðandi visthönnun raf- og rafeindatækja til heimilis- og skrifstofunota með tilliti til aflþarfar þeirra í reiðuham eða þegar slökkt er á þeim og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 642/2009 að því er varðar kröfur varðandi visthönnun á sjónvörpum (Stjtíð. ESB L 225, 23.8.2013, bls. 1).

d) skrá yfir viðkomandi varahluti í a-lið og aðferðin við að panta þá skal vera aðgengileg öllum á opnu vefsetri framleiðandans, innflytjandans eða viðurkennds fulltrúa eigi síðar en tveimur árum eftir að fyrsta eining tegundarinnar er sett á markað og þar til tímabilinu, sem þessir varahlutir eru tiltækir, lýkur,

e) skrá yfir viðkomandi varahluti í b-lið og aðferðin við að panta þá sem og leiðbeiningar um viðgerðir skulu vera aðgengilegar öllum á opnu vefsetri framleiðandans, innflytjandans eða viðurkennds fulltrúa um leið og fyrsta eining tegundarinnar er sett á markað og þar til tímabilinu, sem þessir varahlutir eru tiltækir, lýkur,

2) hámarkstími fyrir afhendingu varahluta:

a) á tímabilinu, sem um getur í 1. lið skal framleiðandi, innflytjandi eða viðurkenndur fulltrúi tryggja afhendingu varahluta innan 15 virkra daga eftir að pöntunin hefur verið móttekin,

b) ef um er að ræða varahluti sem um getur í a-lið 1. liðar getur tiltækileiki varahluta takmarkast við faglærða viðgerðaraðila sem skráðir eru í samræmi við a- og b-lið 3. liðar,

3) aðgangur að upplýsingum um viðgerðir og viðhald:

að loknu tveggja ára tímabili eftir að fyrsta eining tegundarinnar er sett á markað og að loknu tímabilinu sem um getur í 1. lið skal framleiðandi, innflytjandi eða viðurkenndur fulltrúi veita faglærðum viðgerðaraðilum aðgang að upplýsingum um viðgerðir og viðhald tækisins með eftirfarandi skilyrðum:

a) á vefsetri framleiðandans, innflytjandans eða viðurkennda fulltrúans skal lýsa því hvernig faglærðir viðgerðaraðilar eigi að skrá sig til að fá aðgang að upplýsingum, en til þess að samþykkja slíka beiðni er framleiðendum, innflytjendum eða viðurkenndum fulltrúum heimilt að fara fram á það að faglærði viðgerðaraðilinn sýni fram á að:

i. hann búi yfir tæknilegri færni til að gera við uppþvottavélar til heimilisnota og uppfylli gildandi reglur um viðgerðarmenn rafbúnaðar í aðildarríkinu þar sem hann starfar; skráning faglærðs viðgerðaraðila í opinbert skráningarkerfi, ef slíkt kerfi er fyrir hendi í hlutaðeigandi aðildarríki, skal vera fullnægjandi sönnun þess að farið sé að þessum lið,

ii. hann hafi tryggingu sem tekur til bótaábyrgðar í tengslum við starfsemi hans, án tillits til þess hvort þess sé krafist af aðildarríkinu,

b) framleiðendur, innflytjendur eða viðurkenndir fulltrúar skulu samþykkja eða hafna skráningunni innan fimm virkra daga frá því að beiðnin er lögð fram,

c) framleiðendur, innflytjendur eða viðurkenndir fulltrúar mega innheimta sanngjarnt og hóflegt gjald fyrir aðgang að upplýsingum um viðgerðir og viðhald eða til að fá reglulegar uppfærslur. Gjald telst sanngjarnt ef það hindrar ekki faglærðan viðgerðaraðila í að nýta sér aðgang að upplýsingum og að það miðist ekki við umfang upplýsinganna sem eru notaðar.

Þegar faglærður viðgerðaraðili hefur verið skráður skal hann hafa aðgang að umbeðnum upplýsingum um viðgerðir og viðhald innan eins virks dags frá því óskað var eftir þeim. Heimilt er að leggja fram upplýsingar fyrir sambærilega tegund eða tegund sem tilheyrir sama hópi, ef við á,

tiltækar upplýsingar um viðgerðir og viðhald ættu að innihalda:

— ótvírætt auðkenni tækisins,

— mynd af sundurhlutun tækis eða sundurgreindar teikningar,

— skrá yfir nauðsynlegan viðgerðar- og prófunarbúnað,

— upplýsingar um íhluti og greiningar (t.d. lægstu og hæstu fræðileg gildi mælinga),

— skýringarmynd fyrir raflagnir og tengi,

— bilana- og villugreiningarkóða (þ.m.t. sérkóðar framleiðanda, eftir atvikum),

— leiðbeiningar um uppsetningu á viðeigandi hugbúnaði og fastbúnaði, þ.m.t. endurstillingarhugbúnaði, og

— upplýsingar um hvernig nálgast megi gagnaskrár yfir tilkynntar villur sem eru geymdar í uppþvottavél til heimilisnota (eftir atvikum),

4) upplýsingakröfur varðandi kæligös:

með fyrirvara um reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 517/2014 ([2]), að því er varðar uppþvottavélar til heimilisnota sem eru útbúnar með varmadælu, skal efnaheiti kæligassins sem er notað, eða jafngild tilvísun á borð við algengt og auðskiljanlegt tákn, merkimiða eða kennimerki, varanlega fest á vel sýnilegan og auðlæsilegan hátt á ytra byrði tækisins, t.d. á bakhlið. Nota má fleiri en eina tilvísun í sama efnaheitið,

5) kröfur um að taka í sundur til endurnýtingar efnis og endurvinnslu og forðast mengun samtímis:

— framleiðendur, innflytjendur eða viðurkenndir fulltrúar skulu tryggja að uppþvottavélar til heimilisnota séu hannaðar á þann hátt að hægt sé að fjarlægja efni og íhluti sem um getur í VII. viðauka við tilskipun 2012/19/ESB með því að nota algeng verkfæri,

— framleiðendur, innflytjendur eða viðurkenndir fulltrúar skulu uppfylla skuldbindingarnar sem mælt er fyrir um í 1. lið 15. gr. tilskipunar 2012/19/ESB.

6. KRÖFUR UM UPPLÝSINGAR

Leiðbeiningar fyrir notendur og uppsetningaraðila skulu lagðar fram í formi notendahandbókar á opnu vefsetri framleiðandans, innflytjandans eða viðurkennds fulltrúa, og skulu innihalda:

1) upplýsingar um að eco-kerfið hæfi til að hreinsa eðlilega óhreinan borðbúnað, að við slíka notkun sé það nýtnasta kerfið að því er varðar sameinaða orku- og vatnsnotkun, og að það sé notað til að meta reglufylgni við löggjöf ESB um visthönnun,

2) upplýsingar um að hleðsla uppþvottavélar til heimilisnota upp að þeirri getu sem framleiðandi tilgreinir stuðli að orku- og vatnssparnaði og upplýsingar um rétta hleðslu borðbúnaðar og helstu afleiðingar af rangri hleðslu,

3) upplýsingar um að forskolun borðbúnaðar í höndum leiði til aukinnar vatns- og orkunotkunar og ekki sé mælt með henni,

4) upplýsingar um að uppþvottavél til heimilisnota noti venjulega minni orku og vatn á notkunartíma en uppþvottur í höndunum þegar uppþvottavélin er notuð samkvæmt leiðbeiningum framleiðanda,

5) gildi fyrir lengd kerfis, orku- og vatnsnotkun fyrir öll kerfi sem hafa í boði lotu,

6) upplýsingar þess efnis að uppgefin gildi fyrir önnur kerfi en eco-kerfið séu aðeins til upplýsingar,

7) leiðbeiningar um hvernig eigi að finna upplýsingar um tegundina sem geymd er í vörugagnagrunni eins og sett er fram í reglugerð (ESB) 2019/2017 með veftengli sem tengir á upplýsingar um tegundina í vörugagnagrunni eða með tengli að vörugagnagrunninum og upplýsingum um hvernig eigi að finna tegundarauðkenni vörunnar.

Í notendaleiðbeiningunum skulu einnig vera leiðbeiningar til notenda um viðhald. Slíkar leiðbeiningar skulu a.m.k. fela í sér leiðbeiningar í tengslum við:

8) rétta uppsetningu (þ.m.t. lárétta uppsetningu á láréttum fleti, tengingu við rafveitu, tengingu við vatnsinntak, kalt og/eða heitt ef við á),

9) rétta notkun á þvotta- og hreinsiefni, salti og öðrum íblöndunarefnum og helstu afleiðingar af rangri skammtastærð,

10) fjarlægingu aðskotahlutar úr uppþvottavél til heimilisnota,

([2]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 517/2014 frá 16. apríl 2014 um flúoraðar gróðurhúsalofttegundir og um niðurfellingu reglugerðar (EB) nr. 842/2006 (Stjtíð. ESB L 150, 20.5.2014, bls. 195).

11) reglulega hreinsun, þ.m.t. ákjósanleg tíðni og hvernig koma má í veg fyrir og bregðast við útfellingu á kalki,

12) reglubundin skoðun á síum, þ.m.t. ákjósanleg tíðni, og hvernig að henni er staðið,

13) auðkenningu á villum, merkingu villna og hvaða aðgerða þarf að grípa til, þ.m.t. auðkenningu á villum þar sem þörf er á faglegri aðstoð,

14) aðgengi að faglegri viðgerð (vefsíður, netföng, samskiptaupplýsingar).

Slíkar leiðbeiningar skulu einnig taka til upplýsinga um:

15) mögulegar afleiðingar eigin viðgerðar eða viðgerðar einstaklings sem er ekki fagmaður á öryggi endanlegs notanda og ábyrgð,

16) lágmarkstímabilið sem varahlutir, sem nauðsynlegir eru fyrir viðgerð á uppþvottavél til heimilisnota, eru tiltækir.

III. VIÐAUKI

Mæliaðferðir og útreikningar

Í þeim tilgangi að uppfylla kröfur þessarar reglugerðar og til sannprófunar á því að kröfur þessarar reglugerðar séu uppfylltar skal, við mælingar og útreikninga, nota samhæfða staðla, sem tilvísunarnúmer hafa verið birt fyrir í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins, eða aðrar áreiðanlegar, nákvæmar og samanburðarnákvæmar aðferðir sem taka tillit til almennt viðurkenndra aðferða sem byggjast á nýjustu tækni og eru í samræmi við eftirfarandi ákvæði.

Nota skal eco-kerfið við nafnafköst við mælingu og útreikning á orkunýtnistuðli (EEI), vatnsnotkun, lengd kerfis, hreinsi- og þurrkunarhæfni uppþvottavélar til heimilisnota auk hávaðamengunar sem berst í lofti. Orkunotkun, vatnsnotkun, lengd kerfis, hreinsi- og þurrkunarhæfni skulu mældar samhliða.

Vatnsnotkun eco-kerfisins (EPWC) er gefin upp í lítrum á hverja lotu og námunduð með einum aukastaf.

Lengd eco-kerfisins (T_t) er gefin upp í klukkustundum og mínútum og námunduð að næstu mínútu.

1. ORKUNÝTNISTUÐULL

Við útreikning á orkunýtnistuðli (EEI) tegundar uppþvottavélar til heimilisnota er orkunotkun eco-kerfis (EPEC) uppþvottavélar til heimilisnota borin saman við staðlaða orkunotkun lotu uppþvottavélarinnar (SPEC).

a) EEI er reiknaður út á eftirfarandi hátt og námundaður með einum aukastaf:

$$EEI = (EPEC/SPEC) \times 100$$

þar sem:

EPEC er orkunotkun eco-kerfis uppþvottavélar til heimilisnota mæld í kWst/lotu og námunduð með þremur aukastöfum.

SPEC er orkunotkun staðlaðrar lotu uppþvottavélar til heimilisnota.

b) SPEC er reiknuð í kWst/lotu og námunduð með þremur aukastöfum á eftirfarandi hátt:

i. fyrir uppþvottavélar til heimilisnota með nafnafköstin $ps \geq 10$ og breidd > 50 cm:

$$SPEC = 0{,}025 \times ps + 1{,}350$$

ii. fyrir uppþvottavélar til heimilisnota með nafnafköstin $ps \leq 9$ og breidd ≤ 50 cm:

$$SPEC = 0{,}090 \times ps + 0{,}450$$

þar sem ps er fjöldi borðbúnaðareininga.

2. UPPÞVOTTAHÆFNISTUÐULL

Við útreikning á uppþvottahæfnistuðli (I_C) uppþvottavélar til heimilisnota er uppþvottahæfni eco-kerfisins borin saman við uppþvottahæfni viðmiðunaruppþvottavélar.

I_C er reiknaður út á eftirfarandi hátt og námundaður með tveimur aukastöfum:

$$I_C = \exp(\ln I_C)$$

og

$$\ln I_C = (1/n) \times \sum_{i=1}^{n} \ln\left(C_{T,i}/C_{R,i}\right)$$

þar sem:

$C_{T,i}$ er uppþvottahæfni eco-kerfis uppþvottavélar til heimilisnota við prófun í eina prófunarlotu (i), námunduð með tveimur aukastöfum,

$C_{R,i}$ er uppþvottahæfni viðmiðunaruppþvottavélar í einni prófunarlotu (i) námunduð með tveimur aukastöfum,

n er fjöldi prófunarlota.

3. ÞURRKUNARHÆFNISTUÐULL

Við útreikning á þurrkunarhæfnistuðli (I_D) uppþvottavélar til heimilisnota er þurrkunarhæfni eco-kerfisins borin saman við þurrkunarhæfni viðmiðunaruppþvottavélar.

I_D er reiknaður út á eftirfarandi hátt og námundaður með tveimur aukastöfum:

$$I_D = \exp(\ln I_D)$$

og

$$\ln I_D = (1/n) \times \sum_{i=1}^{n} \ln(I_{D,i})$$

þar sem:

$I_{D,i}$ er þurrkunarhæfni eco-kerfis uppþvottavélar til heimilisnota við prófun í eina prófunarlotu (i),

n er fjöldi sameinaðra prófunarlota fyrir þvott og þurrkun.

$I_{D,i}$ er reiknuð út á eftirfarandi hátt og námunduð með tveimur aukastöfum:

$$\ln I_{D,i} = \ln (D_{T,i}/D_{R,t})$$

þar sem:

$D_{T,i}$ er meðalþurrkunarhæfni eco-kerfis uppþvottavélar til heimilisnota við prófun í eina prófunarlotu (i), námunduð með tveimur aukastöfum,

$D_{R,t}$ er markþurrkunarhæfni viðmiðunaruppþvottavélarinnar, námunduð með tveimur aukastöfum.

4. LÁGAFLSHAMUR

Aflnotkunin í ham þegar slökkt er á vél (P_o), þegar hún er í reiðuham (P_{sm}) og eftir atvikum við frestun á upphafi kerfis (P_{ds}). Mæld gildi eru gefin upp í W og námunduð með tveimur aukastöfum.

Við mælingar á aflnotkun í lágaflsham skal athuga og skrásetja eftirfarandi:

— hvort upplýsingaskjár sé virkur eða ekki,

— hvort nettenging sé virk eða ekki.

IV. VIÐAUKI

Sannprófunaraðferð vegna markaðseftirlits

Vikmörk sannprófana, sem skilgreind eru í þessum viðauka, eiga aðeins við um sannprófun yfirvalda aðildarríkis á uppgefnum mæliþáttum og skal framleiðandi, innflytjandi eða viðurkenndur fulltrúi ekki nota þau sem leyfileg vikmörk til að ákvarða gildin, sem gefin eru upp í tæknigögnunum, eða við túlkun þessara gilda, með það fyrir augum að ná fram samræmi eða til að sýna fram á betri frammistöðu með einhverjum hætti.

Ef tegund hefur verið hönnuð til að geta greint að verið sé að prófa hana (t.d. með því að þekkja aftur prófunarskilyrðin eða prófunarlotuna) og sem bregst sérstaklega við með því að breyta sjálfkrafa frammistöðu sinni meðan á prófun stendur í þeim tilgangi að ná betri gildum fyrir einhvern þeirra mæliþátta sem tilgreindir eru í þessari reglugerð eða í tæknigögnunum eða í einhverjum þeim gögnum sem fylgja með, telst tegundin og allar jafngildar tegundir ekki uppfylla kröfurnar.

Við sannprófun á því hvort tegund vöru uppfylli kröfurnar, sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð skv. 2. mgr. 3. gr. tilskipunar 2009/125/EB, skulu yfirvöld aðildarríkjanna, að því er varðar kröfurnar sem um getur í þessum viðauka, beita eftirfarandi aðferð:

1) yfirvöld aðildarríkisins skulu sannprófa staka einingu af tegundinni,

2) tegundin skal teljast uppfylla viðeigandi kröfur, að því tilskildu að:

   a) gildin, sem gefin eru upp í tæknigögnunum skv. 2. lið IV. viðauka við tilskipun 2009/125/EB (yfirlýst gildi), og, eftir atvikum, gildin, sem notuð eru til að reikna út þessi gildi, séu ekki hagstæðari fyrir framleiðandann, innflytjandann eða viðurkenndan fulltrúa en niðurstöður samsvarandi mælinga, sem gerðar eru samkvæmt g-lið og

   b) yfirlýstu gildin uppfylli allar kröfurnar, sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð, og allar tilskildar vöruupplýsingar, sem framleiðandinn, innflytjandinn eða viðurkenndi fulltrúinn birtir, innihaldi ekki gildi, sem eru hagstæðari fyrir framleiðandann, innflytjandann eða viðurkennda fulltrúann en yfirlýstu gildin og

   c) þegar yfirvöld aðildarríkis prófa einingu af tegundinni og komast að því að framleiðandinn, innflytjandinn eða viðurkenndi fulltrúinn hafi komið á fót kerfi sem uppfyllir kröfurnar í annarri málsgrein 6. greinar og

   d) þegar yfirvöld aðildarríkis prófa einingu af tegundinni uppfylli hún kröfurnar um kerfi í 1. lið, kröfurnar um auðlindanýtni í 5. lið og kröfurnar um upplýsingar í 6. lið II. viðauka og

   e) þegar yfirvöld aðildarríkis prófa einingu af tegundinni, uppfylli ákvörðuð gildi (gildi viðeigandi mæliþátta, eins og þau mælast við prófanir, og gildin sem eru reiknuð út frá þessum mælingum) viðkomandi vikmörk sannprófana sem eru tilgreind í töflu 1,

3) ef niðurstöðurnar, sem um getur í a-, b-, c- eða d-lið 2. liðar, fást ekki telst tegundin og allar sambærilegar tegundir ekki uppfylla ákvæði þessarar reglugerðar,

4) ef niðurstöðurnar sem um getur í e-lið 2. liðar fást ekki, skulu yfirvöld aðildarríkis velja þrjár viðbótareiningar af sömu tegund til prófunar. Að öðrum kosti mega þessar þrjár viðbótareiningar vera af einni eða fleiri sambærilegum tegundum,

5) tegundin skal teljast uppfylla viðeigandi kröfur ef meðaltal þessara ákvörðuðu gilda fyrir einingarnar þrjár uppfyllir viðkomandi vikmörk sannprófana sem eru tilgreind í töflu 1,

6) ef niðurstaðan sem um getur í 5. lið fæst ekki telst tegundin og allar sambærilegar tegundir ekki uppfylla ákvæði þessarar reglugerðar,

7) yfirvöld aðildarríkis skulu gefa yfirvöldum annarra aðildarríkja og framkvæmdastjórninni allar viðeigandi upplýsingar, án tafar, eftir að ákvörðun um að tegundin uppfylli ekki ákvæði 3. eða 6. liðar liggur fyrir.

Yfirvöld aðildarríkis skulu nota mæli- og reikningsaðferðirnar sem settar eru fram í III. viðauka.

Yfirvöld aðildarríkis skulu eingöngu beita vikmörkum sannprófana, sem sett eru fram í töflu 1, og eingöngu beita aðferðinni, sem lýst er í 1.–7. lið, að því er varðar kröfurnar sem um getur í þessum viðauka. Að því er varðar mæliþættina í töflu 1 skal ekki beita öðrum vikmörkum á borð við þau sem eru sett fram í samhæfðum stöðlum eða einhverri annarri mæliaðferð.

Tafla 1

Vikmörk við sannprófun

Mæliþáttur	Vikmörk við sannprófun
Orkunotkun eco-kerfis (EPEC)	Ákvarðað gildi (*) skal ekki vera hærra en yfirlýsta gildið EPEC en sem nemur 5%.
Vatnsnotkun eco-kerfisins (EPWC)	Ákvarðað gildi (*) skal ekki vera hærra en yfirlýsta gildið EPWC en sem nemur 5%.
Upptvottahæfnistuðull (I_C)	Ákvarðað gildi (*) skal ekki vera lægra en yfirlýsta gildið I_C en sem nemur 14%.
Þurrkunarhæfnistuðull (I_D)	Ákvarðað gildi (*) skal ekki vera lægra en yfirlýsta gildið I_D en sem nemur 12%.
Tímalengd kerfis (T_t)	Ákvarðað gildi (*) skal ekki vera hærra en yfirlýsta gildið en því sem nemur 5% eða en því sem nemur meira en 10 mínútum, eftir því hvort er lengra.
Aflnotkun þegar slökkt er á búnaði (P_o)	Ákvarðað gildi (*) aflnotkunar P_o skal ekki vera hærra en yfirlýsta gildið en sem nemur 0,10 W.
Aflnotkun í reiðuham (P_{sm})	Ákvarðað gildi (*) aflnotkunar P_{sm} skal ekki vera hærra en yfirlýsta gildið en sem nemur 10% ef yfirlýsta gildið er hærra en 1,00 W, eða hærra en 0,10 W ef yfirlýsta gildið er lægra eða jafnt og 1,00 W.
Aflnotkun við frestun á upphafi kerfis (P_{ds})	Ákvarðað gildi (*) aflnotkunar P_{ds} skal ekki vera hærra en yfirlýsta gildið en sem nemur 10% ef yfirlýsta gildið er hærra en 1,00 W, eða hærra en 0,10 W ef yfirlýsta gildið er lægra eða jafnt og 1,00 W.

(*) Ef þrjár viðbótareiningar eru prófaðar, eins og mælt er fyrir um í 4. lið, er ákvarðað gildi meðaltal gildanna sem ákvörðuð eru fyrir þessar þrjár viðbótareiningar.

V. VIÐAUKI

Viðmiðanir

1. LEIÐBEINANDI VIÐMIÐANIR FYRIR UPPÞVOTTAVÉLAR TIL HEIMILISNOTA AÐ ÞVÍ ER VARÐAR VATNS- OG ORKUNOTKUN, HÁVAÐAMENGUN SEM BERST Í LOFTI OG LENGD KERFIS

Við gildistöku þessarar reglugerðar var besta fáanlega tækni á markaðinum hvað varðar orkunýtni, orku- og vatnsnotkun, hávaðamengun sem berst í lofti og lengd eco-kerfis uppþvottavéla til heimilisnota skilgreind sem hér segir:

1) uppþvottavélar til heimilisnota fyrir borðbúnað fyrir 14 (án varmadælutækni):
   a) orkunotkun: 0,67 kWst/lotu,
   b) vatnsnotkun: 9,9 L/lotu,
   c) hávaðamengun sem berst í lofti: 44 dB(A),
   d) tímalengd kerfis: 222 mínútur (3 klukkustundir og 42 mínútur)
2) uppþvottavélar til heimilisnota fyrir borðbúnað fyrir 13 (með varmadælutækni):
   a) orkunotkun: 0,55 kWst/lotu,
   b) vatnsnotkun: 8,8 L/lotu,
   c) hávaðamengun sem berst í lofti: 46 dB(A),
   d) tímalengd kerfis: 295 mínútur (4 klukkustundir og 55 mínútur)
3) uppþvottavélar til heimilisnota fyrir borðbúnað fyrir 10:
   a) orkunotkun: 0,66 kWst/lotu,
   b) vatnsnotkun: 9,5 L/lotu,
   c) hávaðamengun sem berst í lofti: 44 dB(A),
   d) tímalengd kerfis: 195 mínútur (3 klukkustundir og 15 mínútur)
4) uppþvottavélar til heimilisnota fyrir borðbúnað fyrir 6:
   a) orkunotkun: 0,62 kWst/lotu,
   b) vatnsnotkun: 8,0 L/lotu,
   c) hávaðamengun sem berst í lofti: 48 dB(A),
   d) tímalengd kerfis: 225 mínútur (3 klukkustundir og 45 mínútur).

2. LEIÐBEINANDI VIÐMIÐANIR FYRIR UPPÞVOTTAVÉLAR TIL HEIMILISNOTA AÐ ÞVÍ ER VARÐAR AFLNOTKUN Í LÁGAFLSHAM

Við gildistöku þessarar reglugerðar var besta, fáanlega tækni á markaðinum hvað varðar orkunýtingu uppþvottavéla til heimilisnota í lágaflsham skilgreind sem hér segir:

1) í reiðuham: 0,20 W,
2) í nettengdum reiðuham: íðnet 0,60 W, þráðlaust net (Wi-Fi) 0,70 W.

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2019/2023 **2023/EES/63/45**

frá 1. október 2019

um kröfur varðandi visthönnun þvottavéla til heimilisnota og þvottavéla með þurrkara til heimilisnota samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/125/EB, um breytingu á reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1275/2008 og um niðurfellingu á reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1015/2010 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af 114. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/125/EB frá 21. október 2009 um ramma til að setja fram kröfur varðandi visthönnun að því er varðar orkutengdar vörur ([1]), einkum 1. mgr. 15. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Samkvæmt tilskipun 2009/125/EB ætti framkvæmdastjórnin að setja fram kröfur varðandi visthönnun, að því er varðar orkutengdar vörur sem eru umtalsverður hluti sölu og viðskipta í Sambandinu og sem hafa veruleg umhverfisáhrif og búa yfir miklum möguleikum á að draga úr umhverfisáhrifum með vali á hönnun, án þess að það hafi í för með sér óhóflegan kostnað.

2) Í orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar COM(2016) 773 ([2]) (vinnuáætlun um visthönnun), sem framkvæmdastjórnin tók saman við beitingu 1. mgr. 16. gr. tilskipunar 2009/125/EB, eru tilgreind forgangsverkefni samkvæmt rammanum um visthönnun og orkumerkingar fyrir tímabilið 2016-2019. Í vinnuáætluninni um visthönnun eru tilgreindir orkutengdir vöruflokkar sem teljast forgangsmál í tengslum við framkvæmd undirbúningsrannsókna og endanlega samþykkt framkvæmdarráðstafana, sem og endurskoðun reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1015/2010 ([3]), framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1061/2010 ([4]) og tilskipunar framkvæmdastjórnarinnar 96/60/EB ([5]).

3) Áætlað er að aðgerðir vinnuáætlunarinnar um visthönnun gætu samtals skilað endanlegum árlegum orkusparnaði sem nemur meira en 260 TWh árið 2030 sem jafngildir því að dregið er úr losun gróðurhúsalofttegunda sem nemur u.þ.b. 100 milljónum tonna á ári árið 2030. Þvottavélar til heimilisnota og þvottavélar með þurrkara til heimilisnota eru á meðal vöruflokkanna sem skráðir eru í vinnuáætluninni, með áætlaðan 2,5 TWh árlegan raforkusparnað, sem leiðir til skerðingar á losun gróðurhúsalofttegunda sem nemur 0,8 milljón tonnum af koltvísýringsjafngildum á ári og áætlaðs vatnssparnaðar sem nemur 711 milljón m^3 árið 2030.

4) Framkvæmdastjórnin setti fram kröfur varðandi visthönnun þvottavéla til heimilisnota í reglugerð (ESB) nr. 1015/2010 og samkvæmt þeirri reglugerð ætti framkvæmdastjórnin að endurskoða þær í ljósi tækniframfara.

5) Framkvæmdastjórnin hefur endurskoðað reglugerð (ESB) nr. 1015/2010 og gert tækni-, umhverfis- og efnahagsgreiningu á þvottavélum til heimilisnota og þvottavélum með þurrkara til heimilisnota sem og greiningu á hegðun notenda við raunverulegar aðstæður. Endurskoðunin fór fram í nánu samstarfi við hagsmunaaðila og hlutaðeigandi aðila frá Sambandinu og þriðju löndum. Niðurstöður endurskoðunarinnar voru gerðar opinberar og kynntar á samráðsvettvanginum um visthönnun, sem komið var á fót með 18. gr. tilskipunar 2009/125/EB.

6) Endurskoðunin hefur leitt í ljós að þörf er á að endurskoða kröfur varðandi visthönnun þvottavéla til heimilisnota og að setja fram kröfur varðandi visthönnun þvottavéla með þurrkara til heimilisnota. Kröfurnar tengjast notkun mikilvægra auðlinda á borð við orku og vatn. Einnig er þörf á að innleiða kröfur í tengslum við auðlindanýtni eins og möguleika á viðgerðum og endurvinnanleika.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 315, 5.12.2019, bls. 285. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 154/2023 frá 13. Júní 2023 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) og IV. viðauka (Orka) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 285, 31.10.2009, bls. 10.

([2]) Orðsending framkvæmdastjórnarinnar. Vinnuáætlun um visthönnun 2016-2019 COM(2016) 773, lokagerð, 30.11.2016.

([3]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1015/2010 frá 10. nóvember 2010 um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/125/EB að því er varðar kröfur varðandi visthönnun þvottavéla til heimilisnota (Stjtíð. ESB L 293, 11.11.2010, bls. 21).

([4]) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1061/2010 frá 28. september 2010 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/30/ESB að því er varðar orkumerkingar þvottavéla til heimilisnota (Stjtíð. ESB L 314, 30.11.2010, bls. 47).

([5]) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 96/60/EB frá 19. september 1996 um framkvæmd tilskipunar ráðsins 92/75/EBE að því er varðar orkumerkingar sambyggðra þvottavéla og þurrkara til heimilisnota (Stjtíð. EB L 266, 18.10.1996, bls. 1).

7) Þeir umhverfisþættir þvottavéla til heimilisnota og þvottavéla með þurrkara til heimilisnota sem taldir eru mikilvægir hvað þessa reglugerð varðar eru orku- og vatnsnotkun á notkunartímanum, myndun úrgangs við lok endingartíma og losun í andrúmsloft og vatn á framleiðslustigi (vegna náms og vinnslu hráefna) og á notkunartímanum (vegna raforkunotkunar og þess vatns sem er losað).

8) Árleg orku- og vatnsnotkun vara sem falla undir þessa reglugerð var áætluð 35,3 milljón TWh annars vegar og 2496 milljón m^3 hins vegar í Sambandinu á árinu 2015. Búist er við að áætluð raforkunotkun þvottavéla til heimilisnota og þvottavéla með þurrkara til heimilisnota við óbreyttar aðstæður muni dragast saman niður í 33,5 TWh árið 2030 og vatnsnotkun minnka niður í 1764 milljón m^3 árið 2030. Mögulegt er að flýta fyrir þessari minnkun á orku- og vatnsnotkun ef núverandi kröfur varðandi visthönnun verða uppfærðar. Loks er áætlað að endingartími þvottavéla til heimilisnota og þvottavéla með þurrkara til heimilisnota hafi á undanförnum árum dregist saman niður í u.þ.b. 12,5 ár og að þessi þróun sé líkleg til að halda áfram ef engir hvatar eru til staðar.

9) Orðsendingin frá framkvæmdastjórninni til Evrópuþingsins, ráðsins, Efnahags- og félagsmálanefndar Evrópusambandsins og svæðanefndarinnar COM(2015) 614, lokagerð ([6]) (aðgerðaáætlun um hringrásarhagkerfi) og orðsendingin um vinnuáætlun um visthönnun ([7]) undirstrika mikilvægi þess að nota ramma fyrir visthönnun til að styðja við hreyfingu í átt að auðlindanýtnara hringrásarhagkerfi. Í tilskipun 2012/19/ESB ([8]) er vísað til tilskipunar 2009/125/EB og bent á að kröfur um visthönnun ættu að auðvelda endurnotkun, sundurhlutun og endurnýtingu raf- og rafeindabúnaðarúrgangs með því að bregðast við vandamálum á fyrri stigum. Þessi reglugerð ætti því að mæla fyrir um viðeigandi kröfur sem stuðla að markmiðum um hringrásarhagkerfi.

10) Þvottavélar og þvottavélar með þurrkara sem eru ekki ætlaðar til heimilisnota búa yfir sérstökum eiginleikum og notkunarmöguleikum. Þær falla undir aðra löggjöf, einkum tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/42/EB um vélarbúnað ([9]) og ættu ekki að falla undir gildissvið þessarar reglugerðar. Ákvæði varðandi þvottavélar til heimilisnota og þvottavélar með þurrkara til heimilisnota ættu að gilda um þvottavélar og þvottavélar með þurrkara með sömu tæknilega eiginleika, óháð í hvaða umhverfi þær eru notaðar.

11) Þvottavélar til heimilisnota og þvottavélar með þurrkara til heimilisnota með fleiri en eina tromlu ættu eingöngu að falla undir sértækar reglur ef allar tromlurnar gegna sama hlutverki. Að öðrum kosti ætti hver tromla að teljast vera aðskilin þvottavél til heimilisnota eða aðskilin þvottavél með þurrkara til heimilisnota.

12) Mæla ætti fyrir um sértækar kröfur um lágaflsham þvottavéla til heimilisnota og þvottavéla með þurrkara til heimilisnota. Kröfur reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1275/2008 ([10]) ættu ekki að gilda um vörur sem falla undir gildissvið þessarar reglugerðar. Því ætti að breyta reglugerð (EB) nr. 1275/2008 til samræmis við það.

13) Mæla ætti viðeigandi mæliþætti vara með áreiðanlegum, nákvæmum og samanburðarnákvæmum mæliaðferðum. Þessar mæliaðferðir ættu að taka tillit til viðurkenndra mæliaðferða sem byggja á nýjustu og fullkomnustu tækni og, þar sem þeir liggja fyrir, samhæfðra staðla sem samþykktir hafa verið af evrópskum staðlastofnunum, sem taldar eru upp í I. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1025/2012 ([11]).

14) Í samræmi við 8. gr. tilskipunar 2009/125/EB ætti í þessari reglugerð að tilgreina gildandi aðferðir við samræmismat.

15) Til að auðvelda eftirlit með því að kröfur séu uppfylltar ættu framleiðendur, innflytjendur eða viðurkenndir fulltrúar að veita upplýsingarnar sem tilgreindar eru í tækniskjölunum sem um getur í IV. og V. viðauka við tilskipun 2009/125/EB, að því marki sem þær tengjast kröfunum sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð.

([6]) Orðsending framkvæmdastjórnarinnar til Evrópuþingsins, ráðsins, efnahags- og félagsmálanefndar Evrópusambandsins og svæðanefndarinnar, Hringnum lokað – aðgerðaráætlun ESB fyrir hringrásarhagkerfi (COM(2015) 614, lokagerð, 2.12.2015).

([7]) COM(2016) 773, lokagerð, 30.11.2016.

([8]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2012/19/ESB frá 4. júlí 2012 um raf- og rafeindabúnaðarúrgang (Stjtíð. ESB L 197, 24.7.2012, bls. 38).

([9]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/42/EB frá 17. maí 2006 um vélarbúnað og um breytingu á tilskipun 95/16/EB (Stjtíð. ESB L 157, 9.6.2006, bls. 24)

([10]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1275/2008 frá 17. desember 2008 um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2005/32/EB að því er varðar kröfur varðandi visthönnun raf- og rafeindatækja til heimilis- og skrifstofunota með tilliti til aflþarfar þeirra í reiðuham eða þegar slökkt er á þeim (Stjtíð. ESB L 339, 18.12.2008, bls. 45)

([11]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1025/2012 frá 25. október 2012 um evrópska stöðlun og breytingu á tilskipunum ráðsins 89/686/EBE og 93/15/EBE og tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 94/9/EB, 94/25/EB, 95/16/EB, 97/23/EB, 98/34/EB, 2004/22/EB, 2007/23/EB, 2009/23/EB og 2009/105/EB og niðurfellingu á ákvörðun ráðsins 87/95/EBE og ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1673/2006/EB (Stjtíð. ESB L 316, 14.11.2012, bls. 12).

16) Ef mæliþættir tæknigagnanna, eins og þeir eru skilgreindir í þessari reglugerð, eru eins og mæliþættir vöruupplýsingablaðsins sem skilgreint er í framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/2014 ([12]), ættu framleiðendur, innflytjendur eða viðurkenndir fulltrúar að færa inn samsvarandi gögn í vörugagnagrunninn sem skilgreindur er í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/1369 ([13]) og ættu ekki lengur að þurfa að leggja þau fyrir markaðseftirlitsyfirvöld sem hluta af tæknigögnunum.

17) Til að tryggja skilvirkni og trúverðugleika reglugerðarinnar og til að vernda neytendur ætti að banna að vörur, sem breyta frammistöðu sinni sjálfkrafa við prófunarskilyrði til að bæta tilgreinda mæliþætti, séu settar á markað.

18) Til viðbótar við þær kröfur sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð ætti, í samræmi við 2. lið 3. hluta I. viðauka tilskipunar 2009/125/EB, að veita leiðbeinandi viðmiðanir um bestu fáanlegu tækni til að tryggja víðtækan og greiðan aðgang að upplýsingum um vistvænleika á vistferli vara sem falla undir þessa reglugerð.

19) Þessa reglugerð ætti að endurskoða til þess að meta hversu viðeigandi og skilvirk ákvæði hennar eru til þess að ná tilskildum markmiðum. Endurskoðunin ætti að fara fram þegar öllum ákvæðum hefur verið hrint í framkvæmd og þau hafa haft merkjanleg áhrif á markaðinn.

20) Fella ætti reglugerð (ESB) nr. 1015/2010 úr gildi.

21) Til að greiða fyrir umskiptunum frá reglugerð (ESB) nr. 1015/2010 yfir í þessa reglugerð ætti að leyfa notkun á nýja heitinu „eco 40-60“ frá og með gildistöku þessarar reglugerðar.

22) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót með 19. gr. tilskipunar 2009/125/EB.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Efni og gildissvið

1. Með þessari reglugerð eru settar fram kröfur varðandi visthönnun að því er varðar að setja á markað eða að taka í notkun þvottavélar til heimilisnota og þvottavélar með þurrkara til heimilisnota sem nota rafmagn, þ.m.t. innbyggðar þvottavélar til heimilisnota og þvottavélar með þurrkara til heimilisnota og þvottavélar til heimilisnota og þvottavélar með þurrkara til heimilisnota sem nota rafmagn sem geta einnig gengið fyrir rafhlöðum.

2. Þessi reglugerð gildir ekki um:

a) þvottavélar og þvottavélar með þurrkara sem falla undir gildissvið tilskipunar 2006/42/EB ([*1]),

b) þvottavélar til heimilisnota og þvottavélar með þurrkara til heimilisnota sem ganga fyrir rafhlöðum en tengja má við rafkerfið með jafn- og riðstraumbreyti sem keyptur er sérstaklega,

3. Kröfurnar í 1. til 6. lið, a- og c-lið 1. mgr. 9. gr. og i. og vii. lið 2. mgr. 9. gr. í II. viðauka skulu ekki gilda um:

a) þvottavélar til heimilisnota með nafnafköst undir 2 kg,

b) þvottavélar með þurrkara til heimilisnota með nafnþvottaafköst undir 2 kg.

2. gr.

Skilgreiningar

Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1) „rafveita“: raforkudreifing frá dreifikerfinu við 230 (± 10%) volta riðstraum við 50 Hz,

([12]) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/2014 frá 11. mars 2019 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/1369 að því er varðar orkumerkingar þvottavéla til heimilisnota og þvottavéla með þurrkara til heimilisnota og um niðurfellingu á framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1061/2010 og tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 96/60/EB (Stjtíð. ESB L 315, 5.12.2019, bls. 29).

([13]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/1369 frá 4. júlí 2017 um setningu ramma fyrir orkumerkingar og um niðurfellingu tilskipunar 2010/30/ESB (Stjtíð. ESB L 198, 28.7.2017, bls. 1).

2) „sjálfvirk þvottavél“ : þvottavél þar sem þvotturinn er meðhöndlaður að fullu í þvottavélinni án þess að þörf sé fyrir íhlutun notanda á meðan kerfið er í gangi,

3) „þvottavél til heimilisnota“: sjálfvirk þvottavél sem þvær og skolar þvott á heimilum með vatni, efnafræðilegum og vélrænum aðferðum eða varma, og er einnig búin útdrætti með þeytivindu, og sem framleiðandinn hefur lýst yfir í samræmisyfirlýsingunni að samræmist tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/35/ESB ([14]) eða tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/53/ESB ([15]),

4) „þvottavélar með þurrkara til heimilisnota“: þvottavél til heimilisnota sem getur í sömu tromlu, auk aðgerða sjálfvirkrar þvottvélar, þurrkað textílefni með hitun og snúningi, og sem framleiðandinn hefur lýst yfir í samræmisyfirlýsingunni að samræmist tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/35/ESB eða tilskipun 2014/53/ESB,

5) „innbyggð þvottavél til heimilisnota“: þvottavél til heimilisnota sem er sérstaklega hönnuð, prófuð og markaðssett til að:

   a) vera uppsett í innréttingu eða umlukin (að ofan og/eða undir og til hliðar) klæðningu,

   b) vera fest á öruggan hátt við hliðar, topp eða botn innréttingarinnar eða klæðningarinnar og

   c) vera útbúin með sambyggðri verksmiðjuframleiddri framhlið eða uppsett með sérsmíðaðri klæðningu að framan,

6) „innbyggð þvottavél með þurrkara til heimilisnota“: þvottavél með þurrkara til heimilisnota sem er sérstaklega hönnuð, prófuð og markaðssett til að:

   a) vera uppsett í innréttingu eða umlukin (að ofan og/eða undir og til hliðar) klæðningu,

   b) vera fest á öruggan hátt við hliðar, topp eða botn innréttingarinnar eða klæðningarinnar og

   c) vera útbúin sambyggðri verksmiðjuframleiddri framhlið eða uppsett með sérsmíðaðri klæðningu að framan,

7) „þvottavél til heimilisnota með fleiri en eina tromlu“: þvottavél til heimilisnota sem er útbúin með fleiri en einni tromlu, annað hvort í aðskildum einingum eða í sama vélarhúsi,

8) „þvottavél með þurrkara til heimilisnota með fleiri en eina tromlu“: þvottavél með þurrkara til heimilisnota sem er útbúin með fleiri en einni tromlu, annað hvort í aðskildum einingum eða í sama vélarhúsi,

9) „sambærileg tegund“: tegund með sömu tæknilegu eiginleika sem máli skipta hvað varðar tækniupplýsingar sem veita skal, en er sett á markað eða tekin í notkun af sama framleiðanda, innflytjanda eða viðurkennda fulltrúa sem önnur tegund með annað tegundarauðkenni,

10) „tegundarauðkenni“: kóði, venjulega alstafa, sem greinir tiltekna vörutegund frá öðrum tegundum með sama vörumerki eða heiti framleiðanda, innflytjanda eða viðurkennds fulltrúa,

11) „vörugagnagrunnur“: safn gagna um vörur sem er sett saman á kerfisbundinn hátt og samanstendur af opnum hluta sem miðast við þarfir neytanda þar sem upplýsingar varðandi einstaka mæliþætti vöru eru aðgengilegar með rafrænum hætti, vefgátt fyrir aðgengi, og hluta er varðar reglufylgni þar sem kröfur um aðgengi og öryggi eru tilgreindar með skýrum hætti, eins og mælt er fyrir um í reglugerð (ESB) 2017/1369,

12) „eco 40-60“: heiti kerfis sem samkvæmt yfirlýsingu framleiðanda, innflytjanda eða viðurkennds fulltrúa getur þrifið eðlilega óhreinan baðmullarþvott, sem lýst er yfir að þoli þvott við 40 °C eða 60 °C, saman í sömu þvottalotu, og sem kröfurnar varðandi visthönnun um orkunýtni, þvottavirkni, skilvirkni skolunar, lengd kerfis og vatnsnotkun tengjast,

([14]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/35/ESB frá 26. febrúar 2014 um samræmingu laga aðildarríkjanna um að bjóða rafföng fram á markaði sem notuð eru innan ákveðinna spennumarka (Stjtíð. ESB L 96, 29.3.2014, bls. 357).

([15]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/53/ESB frá 16. apríl 2014 um samræmingu laga aðildarríkjanna um að bjóða þráðlausan fjarskiptabúnað fram á markaði og niðurfellingu á tilskipun 1999/5/EB (Stjtíð. ESB L 153, 22.5.2014, bls. 62).

13) „kerfi“: röð aðgerða sem eru skilgreindar fyrir fram og framleiðandi, innflytjandi eða viðurkenndur fulltrúi hefur tilgreint að séu viðeigandi fyrir þvott, þurrkun eða samfelldan þvott og þurrkun á tilteknum tegundum textílefna,

14) „þvottalota“: heilt þvottaferli eins og það er skilgreint fyrir valið kerfi sem samanstendur af röð ólíkra aðgerða, þ.m.t. þvotti, skolun og þeytivindingu.

Að því varðar viðaukana eru viðbótarskilgreiningar settar fram í I. viðauka.

3. gr.

Kröfur varðandi visthönnun

Kröfurnar varðandi visthönnun sem settar eru fram í II. og VI. viðauka skulu gilda frá þeim dagsetningum sem þar eru tilgreindar.

4. gr.

Samræmismat

1. Aðferðin við samræmismat sem um getur í 8. gr. tilskipunar 2009/125/EB skal vera innra hönnunareftirlitskerfið, sem sett er fram í IV. viðauka við þá tilskipun, eða stjórnunarkerfið, sem sett er fram í V. viðauka við þá tilskipun.

2. Að því er varðar samræmismat skv. 8. gr. tilskipunar 2009/125/EB skulu tækniskjölin innihalda yfirlýst gildi mæliþáttanna sem eru tilgreindir í 3. til 7. lið í II. viðauka og upplýsingar og niðurstöður útreikninganna sem gerðir eru í samræmi við III. viðauka.

3. Þegar upplýsinganna í tæknigögnum tiltekinnar tegundar hefur verið aflað:

a) á grundvelli tegundar með sömu tæknilegu eiginleika sem máli skipta hvað varðar tækniupplýsingarnar sem veita skal, en er framleidd af öðrum framleiðanda eða

b) með útreikningi á grundvelli hönnunar eða framreikningi á grundvelli annarrar tegundar frá sama eða öðrum framleiðenda, eða báðum þessum aðferðum,

skulu tæknigögnin innihalda upplýsingar um þessa útreikninga, hvaða mat framleiðandinn hefur gert til að staðfesta nákvæmni útreikninganna og, þar sem við á, yfirlýsingu sem staðfestir að tegundir frá mismunandi framleiðendum eru eins.

Tæknigögnin skulu innihalda skrá yfir jafngildar tegundir, þ.m.t. tegundarauðkenni.

4. Tæknigögnin skulu innihalda upplýsingar í þeirri röð og eins og sett er fram í VI. viðauka framseldrar reglugerðar (ESB) 2019/2014. Vegna markaðseftirlits er framleiðendum, innflytjendum eða viðurkenndum fulltrúum heimilt, án þess að hafa áhrif á g-lið 2. liðar IV. viðauka við tilskipun 2009/125/EB, að vísa til tæknigagnanna sem halað hefur verið upp í vörugagnagrunninn sem inniheldur sömu upplýsingar og mælt er fyrir um í framseldri reglugerð (ESB) 2019/2014.

5. gr.

Sannprófunaraðferð vegna markaðseftirlits

Yfirvöld aðildarríkja skulu beita sannprófunaraðferðinni, sem sett er fram í IV. viðauka, við markaðseftirlit það sem um getur í 2. lið 3. gr. tilskipunar 2009/125/EB.

6. gr.

Sniðganga

Framleiðandinn, innflytjandinn eða viðurkenndi fulltrúinn skal ekki setja á markað vörur sem eru þannig hannaðar að þær geti greint að verið sé að prófa þær (t.d. með því að þekkja aftur prófunarskilyrðin eða prófunarlotuna) og sem bregðast sérstaklega við með því að breyta sjálfkrafa frammistöðu sinni meðan á prófun stendur í þeim tilgangi að ná betri gildum fyrir einhvern þeirra mæliþátta sem framleiðandinn, innflytjandinn eða viðurkenndi fulltrúinn gefur upp í tæknigögnum eða í einhverjum þeim gögnum sem fylgja með vörunni.

Í kjölfar uppfærslu á hugbúnaði eða fastbúnaði skal hvorki orku- eða vatnsnotkun vörunnar né aðrir tilgreindir mæliþættir rýrna þegar þeir eru mældir með sama prófunarstaðli og upprunalega var notaður fyrir samræmisyfirlýsinguna, nema þegar endanotandinn gefur afdráttarlaust samþykki sitt áður en uppfærslan á sér stað. Ef uppfærslu er hafnað skal það ekki hafa í för með sér breytingar á frammistöðu.

7. gr.

Leiðbeinandi viðmiðanir

Leiðbeinandi viðmiðanir fyrir vistvænustu vörurnar og tæknina á markaði við gildistöku þessarar reglugerðar eru settar fram í V. viðauka.

8. gr.

Endurskoðun

Framkvæmdastjórnin skal endurskoða þessa reglugerð í ljósi tækniframfara og kynna niðurstöður þessarar endurskoðunar, þ.m.t., ef við á, drög að tillögu um endurskoðun, á samráðsvettvanginum um visthönnun eigi síðar en 25. desember 2025.

Endurskoðunin skal einkum beinast að eftirfarandi:

a) möguleikanum á umbótum með tilliti til orkunýtingar og vistvænleika þvottavéla til heimilisnota og þvottavéla með þurrkara til heimilisnota,

b) þróun á hegðun neytenda og framkvæmanleika skyldubundins endurgjafarkerfis varðandi hleðslu vélarinnar og orkunotkun kerfisins sem valið er,

c) skilvirkni gildandi krafna um auðlindanýtni,

d) hvort viðeigandi sé að fastsetja viðbótarkröfur um auðlindanýtni fyrir vörur í samræmi við markmið hringrásarhagkerfisins, þ.m.t. hvort fleiri varahlutir ættu að vera innifaldir,

e) hagkvæmni þess og hve viðeigandi það er að ákvarða nýjar kröfur um sjálfvirka skömmtun þvotta- og hreinsiefna og annarra viðbótarefna,

f) hagkvæmni þess og hve viðeigandi það er að ákvarða nýjar kröfur um að draga úr örplasti í vatnsfrárás, t.d. með síum.

9. gr.

Breyting á reglugerð (EB) nr. 1275/2008

Í 1. lið I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1275/2008:

— fellur færslan „Þvottavélar“ brott,

— í stað færslunnar „Önnur tæki til eldunar og annarrar vinnslu matvæla, þrifa og viðhalds á fatnaði“ kemur „Önnur tæki til eldunar og annarrar vinnslu matvæla, þrifa og viðhalds á fatnaði að undanskildum þvottavélum til heimilisnota og þvottavélum með þurrkara til heimilisnota“.

10. gr.

Niðurfelling

Reglugerð (ESB) nr. 1015/2010 er felld úr gildi frá og með 1. mars 2021.

11. gr.

Umbreytingarráðstafanir

Frá og með 25. desember 2019 til 28. febrúar 2021, þarf ekki, þrátt fyrir körfurnar í 1. lið I. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 1015/2010, að tilgreina upplýsingar um „60 °C staðalbaðmullarkerfi“ og „40 °C staðalbaðmullarkerfi“ á búnaði til að velja þvottakerfi þvottavéla til heimilisnota eða á skjá þvottavéla til heimilisnota, að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

— „60 °C staðalbaðmullarkerfi“ og „40 °C staðalbaðmullarkerfi“ eru auðkennd með greinilegum hætti í leiðbeiningunum og í tæknigögnunum í skilningi 2. liðar 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1015/2010, og

— „eco 40-60“ kerfið er sýnt greinilega á búnaði til að velja þvottakerfi þvottavéla til heimilisnota eða á skjá þvottavéla til heimilisnota í samræmi við 3. mgr. 1. liðar II. viðauka við þessa reglugerð.

12. gr.

Gildistaka og framkvæmd

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 1. mars 2021. Þó skulu ákvæði 1. mgr. 6. gr. og 11. gr. koma til framkvæmda frá og með 25. desember 2019.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 1. október 2019.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

I. VIÐAUKI

Skilgreiningar sem gilda um viðaukana

Eftirfarandi skilgreiningar gilda:

1) „Orkunýtnistuðull“: hlutfallið á milli veginnar orkunotkunar og orkunotkunar staðlaðrar lotu,

2) „þurrkunarlota“: heilt þurrkunarferli eins og það er skilgreint fyrir valið kerfi sem samanstendur af röð ólíkra aðgerða, þ.m.t. upphitun og þeytivindingu,

3) „heil lota“: þvotta- og þurrkunarferli sem samanstendur af þvotta- og þurrkunarlotu,

4) „samfelld lota“: heil lota án þess að hlé verði á ferlinu og án þess að þörf sé fyrir íhlutun notanda á meðan kerfið er í gangi,

5) „nafnafköst“: hámarksmassi í kílógrömmum, sem framleiðandi, innflytjandi eða viðurkenndur fulltrúi gefur upp, á 0,5 kg bili fyrir þurr textílefni af tiltekinni tegund, sem hægt er að meðhöndla í einni þvottalotu þvottavélar til heimilisnota eða í einni heilli lotu þvottavélar með þurrkara til heimilisnota, eftir því sem við á, á völdu kerfi, þegar hún er hlaðin samkvæmt leiðbeiningum framleiðanda, innflytjanda eða viðurkennds fulltrúa,

6) „nafnþvottaafköst“: hámarksmassi í kílógrömmum, sem framleiðandi, innflytjandi eða viðurkenndur fulltrúi gefur upp, á 0,5 kg bili fyrir þurr textílefni af tiltekinni tegund, sem hægt er að meðhöndla í einni þvottalotu þvottavélar til heimilisnota eða einni þvottalotu þvottavélar með þurrkara til heimilisnota, á völdu kerfi, þegar hún er hlaðin samkvæmt leiðbeiningum framleiðanda, innflytjanda eða viðurkennds fulltrúa,

7) „nafnþurrkunarafköst“: hámarksmassi í kílógrömmum, sem framleiðandi, innflytjandi eða viðurkenndur fulltrúi gefur upp, á 0,5 kg bili fyrir þurr textílefni af tiltekinni tegund, sem hægt er að meðhöndla í einni þurrkunarlotu þvottavélar með þurrkara til heimilisnota á völdu kerfi, þegar hún er hlaðin samkvæmt leiðbeiningum framleiðanda, innflytjanda eða viðurkennds fulltrúa,

8) „vegin orkunotkun (E_W)“: vegið meðaltal orkunotkunar í þvottalotu þvottavélar til heimilisnota eða þvottavélar með þurrkara til heimilisnota miðað við eco 40-60-kerfið við nafnþvottaafköst, og við helming eða fjórðung nafnþvottaafkasta, gefin upp í kílóvattstundum á hverja lotu,

9) „vegin orkunotkun (E_{WD})“: vegið meðaltal orkunotkunar þvottavélar með þurrkara til heimilisnota og í þvotta- og þurrklotu við nafnafköst, og við helming eða fjórðung nafnafkasta, gefin upp í kílóvattstundum á hverja lotu,

10) „þvottur og þurrkun“: heiti heillar lotu þvottavélar með þurrkara til heimilisnota sem samanstendur af eco 40-60 kerfi fyrir þvottalotu og þurrkunarlotu þar sem þvotturinn verður skápaþurr,

11) „orkunotkun staðlaðrar lotu“: orkunotkun sem notuð er sem viðmiðun með hliðsjón af nafnafköstum þvottavélar til heimilisnota eða þvottavélar með þurrkara til heimilisnota, gefin upp í kílóvattstundum á hverja lotu,

12) „vegin vatnsnotkun (W_W)“: vegið meðaltal vatnsnotkunar þvottalotu þvottavélar til heimilisnota eða þvottavélar með þurrkara til heimilisnota miðað við eco 40-60-kerfið við nafnþvottaafköst, og við helming eða fjórðung nafnþvottaafkasta, gefin upp í lítrum á hverja lotu,

13) „vegin vatnsnotkun (W_{WD})“: vegið meðaltal vatnsnotkunar þvottavélar með þurrkara til heimilisnota í þvotta- og þurrklotu við nafnafköst, og við helming eða fjórðung nafnafkasta, gefin upp í lítrum á hverja lotu,

14) „þvottavirknistuðull“: hlutfallið á milli þvottavirkni þvottalotu þvottavélar til heimilisnota eða þvottavélar með þurrkara til heimilisnota (I_W), eða heillar lotu þvottavélar með þurrkara til heimilisnota (J_W), og þvottavirkni viðmiðunarþvottavélar til heimilisnota,

15) „skilvirkni skolunar“: styrkur leifa af línulegum alkýlbensensúlfónötum í meðhöndluðum textílefnum að lokinni þvottalotu þvottavélar til heimilisnota eða þvottavélar með þurrkara til heimilisnota (I_R) eða eftir heila lotu þvottavélar með þurrkara til heimilisnota (J_R), gefin upp í grömmum á hvert kíló af þurru textílefni,

16) „rakainnihald sem eftir er“: rakamagn í þvotti við lok þvottalotu þvottavéla til heimilisnota og þvottalotu þvottavéla með þurrkara til heimilisnota,

17) „endanlegt rakainnihald“: rakamagn í þvotti við lok þurrkunarlotu þvottavélar með þurrkara til heimilisnota,

18) „skápaþurrt“: ástand meðhöndlaðra textílefna sem eru þurrkuð í þurrkunarlotu að endanlegu rakainnihaldi sem nemur 0%,

19) „lengd kerfis“ (t_W): tíminn frá upphafi þess að valið kerfi er sett af stað, að undanskilinni seinkun sem stýrt er af endanlegum notanda, þar til að gefið er til kynna að kerfinu sé lokið og notandi hefur aðgang að þvottinum,

20) „lengd lotu“ (t_{WD}): heil lota þvottavélar með þurrkara til heimilisnota, tíminn frá upphafi þess að valið kerfi þvottalotu er sett af stað, að undanskilinni seinkun sem stýrt er af endanlegum notanda, þar til að gefið er til kynna að þurrkunarlotu sé lokið og notandi hefur aðgang að þvottinum,

21) „Slökkt á vél“ (P_o): ástand þar sem þvottavél til heimilisnota eða þvottavél með þurrkara til heimilisnota er tengd rafkerfinu en engin aðgerð er virk og telst eftirfarandi enn fremur falla undir að slökkt sé á búnaði:

    a) ástand sem gefur einungis til kynna að slökkt sé á vél,

    b) ástand þar sem einungis er fyrir hendi virkni sem ætlað er að tryggja rafsegulsviðssamhæfi í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/30/ESB ([1]),

22) „reiðuhamur“ (P_{sm}) : ástand þar sem þvottavél til heimilisnota eða þvottavél með þurrkara til heimilisnota er tengd rafkerfinu og gerir eingöngu kleift að framkvæma eftirfarandi aðgerðir, sem geta varað ótímabundið:

    a) endurvirkjunaraðgerð eða endurvirkjunaraðgerð auk merkis sem gefur til kynna að endurvirkjunaraðgerð sé virk og/eða

    b) endurvirkjunarðgerð í gegnum nettengingu og/eða

    c) birtingu upplýsinga eða stöðu og/eða

    d) skynjaravirkni fyrir neyðarráðstafanir,

23) „net“: fjarskiptavirki með tengingaskipan, högun, þ.m.t. raunlægum þáttum, skipulagslegum grunnreglum, samskipta-aðferðum og -sniði (samskiptareglur).

24) „krumpuvörn“: aðgerð þvottavélar til heimilisnota eða þvottavélar með þurrkara til heimilisnota eftir að kerfi lýkur til að koma í veg fyrir óhóflega krumpumyndun í þvottinum,

25) „frestun á upphafi kerfis“ (P_{ds}): ástand þar sem notandinn velur tiltekna frestun á upphafi og enda lotu valins kerfis,

26) „varahlutur“: aðskilinn hlutur sem getur komið stað hlutar með sömu eða álíka virkni í vöru,

([1]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/30/ESB frá 26. febrúar 2014 um samhæfingu laga aðildarríkjanna varðandi rafsegulsviðs-samhæfi (Stjtíð. ESB L 96, 29.3.2014, bls. 79).

27) „faglærður viðgerðaraðili“: rekstraraðili eða fyrirtæki sem veitir viðgerðarþjónustu og faglegt viðhald á þvottavélum til heimilisnota eða þvottavélum með þurrkara til heimilisnota,

28) „ábyrgð“: allar skuldbindingar smásala eða framleiðanda gagnvart neytandanum varðandi:

a) að endurgreiða það verð sem greitt er,

b) að skipta út, gera við eða meðhöndla þvottavél til heimilisnota og þvottavél með þurrkara til heimilisnota, á einn eða annan hátt ef þær uppfylla ekki þær forskriftir sem settar eru fram í ábyrgðaryfirlýsingu eða í viðeigandi auglýsingu.

II. VIÐAUKI

Kröfur varðandi visthönnun

1. KRÖFUR UM KERFI

Frá 1. mars 2021 skulu þvottavélar til heimilisnota og þvottavélar með þurrkara til heimilisnota uppfylla eftirfarandi kröfur:

1) í þvottavélum til heimilisnota og þvottavélum með þurrkara til heimilisnota skal vera hægt að velja eftirfarandi kerfi:

   a) þvottalotu sem kallast „eco 40-60“ sem getur þrifið eðlilega óhreinan baðmullarþvott, sem lýst er yfir að þoli þvott við 40 °C eða 60 °C, saman í sömu þvottalotu,

   b) þvottalotu sem kallast „20 °C“ sem getur þrifið lítið óhreinan baðmullarþvott við 20 °C nafnhitastig,

   loturnar skulu auðgreinanlegar á búnaði til að velja þvottakerfi, á skjá eða gegnum nettengingu, með hliðsjón af þeirri virkni sem þvottavélin til heimilisnota eða þvottavélin með þurrkara til heimilisnota býður upp á,

2) að því er varðar kröfurnar sem settar eru fram í 3. lið (1. mgr.), 3. lið (3. mgr.), 4. lið (1. mgr.), 4. lið (2. mgr.), 4. lið (5. mgr.), 5. lið og 6. lið (1. mgr.), skal nota kerfið „eco 40-60“,

3) eco 40-60 kerfið skal bera heitið „eco 40-60“ á búnaði til að velja þvottakerfi, á skjá eða gegnum nettengingu, með hliðsjón af þeirri virkni þvottavélin til heimilisnota eða þvottavélin með þurrkara til heimilisnota býður upp á,

   heitið „eco 40-60“ skal eingöngu notað fyrir þetta kerfi. Sniðið á „eco 40-60“ er ekki takmarkað hvað varðar leturgerð, leturstærð, há- eða lágstafi eða lit. Ekkert annað kerfi skal hafa heitið „eco“ í heiti sínu,

   eco 40-60-kerfið skal vera það kerfi sem er sjálfgefið í sjálfvirku kerfisvali eða í allri virkni sem viðheldur vali á kerfi eða, ef sjálfvirkt kerfisval er ekki fyrir hendi, tiltækt með beinu vali án þess að nauðsynlegt sé að velja tiltekið hitastig eða hvað er sett í vélina,

   upplýsingarnar „venjulegt“, „daglegt“, „reglulegt“ og „staðlað“ og þýðingar þeirra á öll opinber tungumál ESB, skulu ekki notaðar á heiti kerfa þvottavéla til heimilisnota eða þvottavéla með þurrkara til heimilisnota, hvorki einar sér né í samsetningu með öðrum upplýsingum.

2. ÞVOTTA- OG ÞURRKLOTA

Frá 1. mars 2021 skulu þvottavélar með þurrkara til heimilisnota uppfylla eftirfarandi kröfur:

1) þvottavélar með þurrkara til heimilisnota skulu bjóða upp á heila lotu fyrir baðmullarþvott undir heitinu „þvottur og þurrkun“:

   — sem er samfelld ef þvottavélin með þurrkara til heimilisnota býður upp á samfellda lotu,

   — þar sem þvottalotan er eco 40-60-kerfi eins og skilgreint er í 1. lið og

   — þar sem þurrklotan gerir þvottinn skápaþurran,

2) þvotta- og þurrklotan skal auðkennd með skýrum hætti í notendaleiðbeiningunum sem um getur í 9. lið í þessum viðauka,

3) ef þvottavél með þurrkara til heimilisnota býður upp á samfellda þvottalotu skulu nafnafköst þvotta- og þurrklotunnar jafngilda nafnafköstum þessarar lotu,

4) ef þvottavél með þurrkara til heimilisnota býður ekki upp á samfellda þvottalotu, skulu nafnafköst þvotta- og þurrklotunnar jafngilda lægra gildinu fyrir nafnþvottaafköst eco 40-60-kerfisins og nafnþurrkunarafköst þurrkunarlotunnar sem gerir þvottinn skápaþurran,

5) að því er varðar kröfurnar sem settar eru fram í 3. lið (2. mgr.), 3. lið (4. mgr.), 4. lið (3. mgr.), 4. lið (4. mgr.), 4. lið (6. mgr.) og 6. lið (2. mgr.), skal nota þvotta- og þurrklotuna.

3. ORKUNÝTNIKRÖFUR

Frá 1. mars 2021 skulu þvottavélar til heimilisnota og þvottavélar með þurrkara til heimilisnota uppfylla eftirfarandi kröfur:

1) orkunýtnistuðull (EEI_W) þvottavéla til heimilisnota og þvottalotu þvottavéla með þurrkara til heimilisnota skal vera undir 105,

2) orkunýtnistuðull (EEI_{WD}) þvotta- og þurrklotu þvottavéla með þurrkara til heimilisnota skal vera undir 105.

Frá 1. mars 2024 skulu þvottavélar til heimilisnota með nafnafköst yfir 3 kg og þvottavélar með þurrkara til heimilisnota með nafnafköst yfir 3 kg uppfylla eftirfarandi kröfur:

3) orkunýtnistuðull þvottavéla til heimilisnota og þvottalotu þvottavéla með þurrkara til heimilisnota skal vera undir 91,

4) orkunýtnistuðull þvotta- og þurrklotu þvottavéla með þurrkara til heimilisnota skal vera undir 88.

Gildi fyrir EEI_W og EEI_{WD} skulu reiknuð út í samræmi við III. viðauka.

4. KRÖFUR UM VIRKNI

Frá 1. mars 2021 skulu þvottavélar til heimilisnota og þvottavélar með þurrkara til heimilisnota uppfylla eftirfarandi kröfur:

1) að því er varðar þvottavélar til heimilisnota með nafnafköst yfir 3 kg og þvottalotu þvottavéla með þurrkara til heimilisnota með nafnafköst yfir 3 kg, skal þvottavirknistuðull (I_W) eco 40-60-kerfisins vera hærri en 1,03 fyrir hverja eftirtalda hleðslustærð: við nafnþvottaafköst, helming nafnþvottaafkasta og fjórðung nafnþvottaafkasta,

2) að því er varðar þvottavélar til heimilisnota með 3 kg nafnafköst eða minni og þvottalotu þvottavéla með þurrkara til heimilisnota með 3 kg nafnafköst eða minni, skal þvottavirknistuðull (I_w) eco 40-60-kerfisins vera hærri en 1,00 við nafnþvottaafköst,

3) að því er varðar þvottavélar með þurrkara til heimilisnota með nafnafköst yfir 3 kg, skal þvottavirknistuðull (I_w) þvotta- og þurrklotu vera hærri en 1,03 við nafnafköst og við helming nafnafkasta,

4) að því er varðar þvottavélar til heimilisnota með 3 kg nafnafköst eða minni, skal þvottavirknistuðull (J_w) þvotta- og þurrklotu vera hærri en 1,00 við nafnafköst,

5) að því er varðar þvottavélar til heimilisnota með nafnafköst yfir 3 kg og þvottalotu þvottavéla með þurrkara til heimilisnota með nafnafköst yfir 3 kg, skal skilvirkni skolunar (I_R) eco 40-60-kerfisins vera lægri eða jöfn 5,0 g/kg á hverja eftirtalda hleðslustærð: við nafnþvottaafköst, helming nafnþvottaafkasta og fjórðung nafnþvottaafkasta,

6) að því er varðar þvottavélar með þurrkara til heimilisnota með nafnafköst yfir 3 kg, skal skilvirkni skolunar (J_R) þvotta- og þurrklotu vera lægri eða jöfn 5,0 g/kg við nafnafköst og við helming nafnafkasta.

Gildi fyrir I_w, J_w, I_R og J_R skulu reiknuð út í samræmi við III. viðauka.

5. KRÖFUR UM TÍMALENGD

Frá 1. mars 2021 skulu þvottavélar til heimilisnota og þvottavélar með þurrkara til heimilisnota uppfylla eftirfarandi kröfur:

lengd eco 40-60-kerfisins (t_W), gefin upp í klukkustundum og mínútum og námunduð að næstu mínútu, skal vera minni eða jöfn tímamörkunum t_{cap}, sem eru háð nafnafköstunum sem hér segir:

1) fyrir nafnþvottaafköst eru tímamörkin gefin upp með eftirfarandi jöfnu:

$$t_{cap}(\text{í mínútum}) = 137 + c \times 10{,}2$$

að hámarki 240 mínútur,

2) fyrir helming nafnþvottaafkasta og fjórðung nafnþvottaafkasta eru tímamörkin gefin upp með eftirfarandi jöfnu:

$$t_{cap}(\text{í mínútum}) = 120 + c \times 6$$

að hámarki 180 mínútur,

þar sem c eru nafnafköst þvottavélar til heimilisnota eða nafnþvottaafköst þvottavélar með þurrkara til heimilisnota miðað við eco 40-60-kerfið.

6. KRÖFUR UM VEGNA VATNSNOTKUN

Frá 1. mars 2021 skulu þvottavélar til heimilisnota og þvottavélar með þurrkara til heimilisnota uppfylla eftirfarandi kröfur:

1) að því er varðar þvottavélar til heimilisnota og þvottalotu þvottavéla með þurrkara til heimilisnota, er vegin vatnsnotkun (W_W, í lítrum/lotu) eco 40-60-kerfisins:

$$W_W \leq 2{,}25 \times c + 30$$

þar sem c eru nafnafköst þvottavélar til heimilisnota eða nafnþvottaafköst þvottavélar með þurrkara til heimilisnota miðað við eco 40-60-kerfið,

2) fyrir þvottavélar með þurrkara til heimilisnota, er vegin vatnsnotkun (W_W, í lítrum/lotu) miðað við þvotta- og þurrklotu:

$$W_{WD} \leq 10 \times d + 30$$

þar sem d eru nafnafköst þvottavélar með þurrkara til heimilisnota í þvotta- og þurrklotu.

Gildi fyrir W_W og W_{WD} skulu reiknuð út í samræmi við III. viðauka.

7. LÁGAFLSHAMUR

Frá 1. mars 2021 skulu þvottavélar til heimilisnota og þvottavélar með þurrkara til heimilisnota uppfylla eftirfarandi kröfur:

1) þvottavélar til heimilisnota og þvottavélar með þurrkara til heimilisnota skulu hafa möguleikann slökkt á vél eða reiðuham innbyggðan eða bæði. Aflnotkun við þessar stillingar skal ekki fara yfir 0,50 W,

2) ef reiðuhamur felur í sér upplýsinga- eða stöðuvísi skal aflnotkun í þessum ham ekki fara yfir 1,00 W,

3) ef reiðuhamur býður upp á tengingu við netkerfi og nettengdan reiðuham eins og skilgreint er í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 801/2013 ([1]), skal aflnotkun í þessum ham ekki fara yfir 2,00 W,

([1]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 801/2013 frá 22. ágúst 2013 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1275/2008 að því er varðar kröfur varðandi visthönnun raf- og rafeindatækja til heimilis- og skrifstofunota með tilliti til aflþarfar þeirra í reiðuham eða þegar slökkt er á þeim og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 642/2009 að því er varðar kröfur varðandi visthönnun á sjónvörpum (Stjtíð. ESB L 225, 23.8.2013).

4) eigi síðar en 15 mínútum eftir að kveikt er á þvottavél til heimilisnota eða þvottavél með þurrkara til heimilisnota eða eftir að kerfi og tengdum aðgerðum lýkur eða að gert er hlé á krumpuvörn eða að loknum hvers konar gagnvirkum samskiptum við þvottavél til heimilisnota eða þvottavél með þurrkara til heimilisnota, ef enginn annar hamur er virkjaður, þ.m.t. neyðarráðstafanir, skal þvottavél til heimilisnota eða þvottavél með þurrkara til heimilisnota sjálfkrafa slökkva á sér eða fara í reiðuham,

5) ef þvottavél til heimilisnota og þvottavél með þurrkara til heimilisnota býður upp á frestun á upphafi kerfis skal aflnotkun í því ástandi, þ.m.t. reiðuhamur, ekki fara yfir 4,00 W. Notandi skal ekki geta forritað frestun á upphafi lengur en sem nemur 24 klst.,

6) allar þvottavélar til heimilisnota og þvottavélar með þurrkara til heimilisnota sem hægt er að tengja við net skulu bjóða upp á þann möguleika að gera nettenginguna eða -tengingarnar virkar og óvirkar. Sjálfgefna stillingin skal vera að nettengingin eða nettengingarnar séu óvirkar.

8. KRÖFUR UM AUÐLINDANÝTNI

Frá 1. mars 2021 skulu þvottavélar til heimilisnota og þvottavélar með þurrkara til heimilisnota uppfylla eftirfarandi kröfur:

1) tiltækileiki varahluta:

   a) framleiðendur, innflytjendur eða viðurkenndir fulltrúar þvottavéla til heimilisnota og þvottavéla með þurrkara til heimilisnota skulu gera a.m.k. eftirfarandi varahluti tiltæka fyrir faglærða viðgerðaraðila í minnst 10 ár eftir að síðasta eining tegundarinnar er sett á markað:

      — hreyfil og bursta fyrir hreyfil,

      — yfirfærslu milli hreyfils og tromlu,

      — dælur,

      — höggdeyfa og fjaðrir,

      — þvottatromlu, legukross og tilheyrandi kúlulegur (stakar eða í samstæðum),

      — hitara og hitöld, þ.m.t. varmadælur (stakar eða í samstæðum),

      — lagnir og tilheyrandi búnað, að meðtöldum öllum vatnsslöngum, lokum, síum og vatnslekavörn (stakar eða í samstæðum),

      — prentplötur,

      — rafræna skjái,

      — þrýstirofa,

      — hitastilla og skynjara,

      — hugbúnað og fastbúnað, þ.m.t. endurstillingarhugbúnað,

   b) framleiðendur, innflytjendur eða viðurkenndir fulltrúar þvottavéla til heimilisnota og þvottavéla með þurrkara til heimilisnota skulu gera a.m.k. eftirfarandi varahluti tiltæka fyrir faglærða viðgerðaraðila og endanlega notendur í minnst 10 ár eftir að síðasta eining tegundarinnar er sett á markað: hurðir, hurðarlamir og þéttilistar á hurð, aðrir þéttilistar, hurðarlæsing og jaðarbúnaður úr plasti s.s. sápuhólf,

   c) framleiðendur, innflytjendur eða viðurkenndir fulltrúar þvottavéla til heimilisnota og þvottavéla með þurrkara til heimilisnota skulu tryggja að hægt sé að skipta út varahlutunum sem um getur í a- og b-lið með því að nota algeng verkfæri og án þess að valda varanlegum skemmdum á vélinni,

d) skrá yfir viðkomandi varahluti í a-lið og aðferðin við að panta þá skal vera aðgengileg öllum á opnu vefsetri framleiðandans, innflytjandans eða viðurkennds fulltrúa eigi síðar en tveimur árum eftir að fyrsta eining tegundarinnar er sett á markað og þar til tímabilinu, sem þessir varahlutir eru tiltækir, lýkur,

e) skrá yfir hlutaðeigandi varahluti í b-lið og aðferðin við að panta þá og leiðbeiningar um viðgerðir skulu vera aðgengilegar öllum á opnu vefsetri framleiðandans, innflytjandans eða viðurkennds fulltrúa þegar fyrsta eining tegundarinnar er sett á markað og þar til tímabilinu sem þessir varahlutir eru tiltækir er lokið,

2) hámarkstími fyrir afhendingu varahluta:

á tímabilinu, sem um getur í 1. lið skal framleiðandinn, innflytjandinn eða viðurkenndur fulltrúi tryggja afhendingu varahluta innan 15 virkra daga eftir að pöntunin hefur verið móttekin,

ef um er að ræða varahluti sem um getur í a-lið 1. liðar getur tiltækileiki varahluta takmarkast við faglærða viðgerðaraðila sem skráðir eru í samræmi við a- og b-lið 3. liðar,

3) aðgangur að upplýsingum um viðgerðir og viðhald:

að loknu tveggja ára tímabili eftir að fyrsta eining tegundarinnar er sett á markað og að loknu tímabilinu sem um getur í 1. lið skal framleiðandinn, innflytjandinn eða viðurkenndi fulltrúinn veita faglærðum viðgerðaraðilum aðgang að upplýsingum um viðgerðir og viðhald þvottavéla til heimilisnota og þvottavéla með þurrkara til heimilisnota með eftirfarandi skilyrðum:

a) á vefsetri framleiðandans, innflytjandans eða viðurkennda fulltrúans skal lýsa því hvernig faglærðir viðgerðaraðilar eigi að skrá sig til að fá aðgang að upplýsingum, en til þess að samþykkja slíka beiðni er framleiðendum, innflytjendum eða viðurkenndum fulltrúum heimilt að fara fram á það að faglærði viðgerðaraðilinn sýni fram á að:

i. hann búi yfir tæknilegri færni til að gera við þvottavélar til heimilisnota og þvottavélar með þurrkara til heimilisnota og uppfylli gildandi reglur fyrir viðgerðarmenn rafbúnaðar í aðildarríkinu þar sem hann starfar; skráning faglærðs viðgerðaraðila í opinbert skráningarkerfi, ef slíkt kerfi er fyrir hendi í hlutaðeigandi aðildarríki, skal vera fullnægjandi sönnun þess að farið sé að þessum lið,

ii. hann hafi tryggingu sem tekur til bótaábyrgðar í tengslum við starfsemi hans, án tillits til þess hvort þess sé krafist af aðildarríkinu,

b) framleiðendur, innflytjendur eða viðurkenndir fulltrúar skulu samþykkja eða hafna skráningu innan 5 virkra daga frá því að beiðnin er lögð fram,

c) framleiðendur, innflytjendur eða viðurkenndir fulltrúar mega innheimta sanngjarnt og hóflegt gjald fyrir aðgang að upplýsingum um viðgerðir og viðhald eða fyrir að fá reglulegar uppfærslur. Gjald telst sanngjarnt ef það hindrar ekki faglærðan viðgerðaraðila í að nýta sér aðgang að upplýsingum og að það miðist ekki við umfang upplýsinganna sem eru notaðar.

d) Þegar faglærður viðgerðaraðili hefur verið skráður skal hann hafa aðgang að umbeðnum upplýsingum um viðgerðir og viðhald innan eins virks dags frá því óskað var eftir þeim. Heimilt er að leggja fram upplýsingar fyrir sambærilega tegund eða tegund sem tilheyrir sama hópi, ef við á,

e) upplýsingar um þvottavél til heimilisnota eða þvottavél með þurrkara til heimilisnota sem um getur í a-lið skulu fela í sér:

— ótvíræða auðkenningu þvottavélar til heimilisnota eða þvottavélar með þurrkara til heimilisnota,

— mynd af sundurhlutun tækis eða sundurgreindar teikningar,

— tæknihandbók með viðgerðarleiðbeiningum,

— skrá yfir nauðsynlegan viðgerðar- og prófunarbúnað,

— upplýsingar um íhluti og greiningar (t.d. lægstu og hæstu fræðileg gildi mælinga),

— skýringarmynd fyrir raflagnir og tengi,

— bilana- og villugreiningarkóðar (þ.m.t. sérkóðar framleiðanda, eftir atvikum),

— leiðbeiningar um uppsetningu á viðeigandi hugbúnaði og fastbúnaði, þ.m.t. endurstillingarhugbúnaði og

— upplýsingar um hvernig nálgast megi gagnaskrár yfir tilkynntar villur sem eru geymdar í þvottavél til heimilisnota eða þvottavél með þurrkara til heimilisnota (eftir atvikum),

4) upplýsingakröfur varðandi kæligös:

með fyrirvara um reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 517/2014 ([2]), að því er varðar þvottavélar til heimilisnota og þvottavélar með þurrkara til heimilisnota sem eru útbúnar með varmadælu, skal efnaheiti kæligassins sem er notað, eða jafngild tilvísun á borð við algengt og auðskiljanlegt tákn, merkimiða eða kennimerki, varanlega fest á vel sýnilegan og auðlæsilegan hátt á ytra byrði þvottavélar til heimilisnota eða þvottavélar með þurrkara til heimilisnota, t.d. á bakhlið. Nota má fleiri en eina tilvísun í sama efnaheitið,

5) kröfur um að taka í sundur til endurnýtingar efnis og endurvinnslu og forðast mengun samtímis:

— framleiðendur, innflytjendur og viðurkenndir fulltrúar skulu tryggja að þvottavélar til heimilisnota og þvottavélar með þurrkara til heimilisnota séu hannaðar á þann hátt að hægt sé að fjarlægja efni og íhluti sem um getur í VII. viðauka við tilskipun 2012/19/ESB með því að nota algeng verkfæri,

— framleiðendur, innflytjendur eða viðurkenndir fulltrúar skulu uppfylla skuldbindingarnar sem mælt er fyrir um í 1. lið 15. gr. tilskipunar 2012/19/ESB.

9. KRÖFUR UM UPPLÝSINGAR

Frá 1. mars 2021 skulu þvottavélar til heimilisnota og þvottavélar með þurrkara til heimilisnota uppfylla eftirfarandi kröfur:

leiðbeiningar fyrir notendur og uppsetningaraðila skulu lagðar fram í formi notendahandbókar á opnu vefsetri framleiðandans, innflytjandans eða viðurkennds fulltrúa, og skulu innihalda:

1) eftirfarandi almennar upplýsingar:

a) upplýsingar um að eco 40-60-kerfið geti þrifið eðlilega óhreinan baðmullarþvott, sem lýst er yfir að þoli þvott við 40 °C eða 60 °C, saman í sömu þvottalotu, og að þetta kerfi sé notað til að meta reglufylgni við löggjöf ESB um visthönnun,

b) upplýsingar um að skilvirkustu kerfin hvað varðar orkunotkun eru almennt þau sem keyrð eru á lægra hitastigi og í lengri tíma,

c) fyrir þvottavélar með þurrkara til heimilisnota: upplýsingar um að þvotta- og þurrklota geti þrifið eðlilega óhreinan baðmullarþvott, sem lýst er yfir að þoli þvott við 40 °C eða 60 °C, saman í sömu þvottalotu, og þurrka þvottinn þannig að hann megi tafarlaust geyma í skáp, og að þetta kerfi sé notað til að meta reglufylgni við löggjöf ESB um visthönnun,

d) upplýsingar um að hleðsla þvottavélar til heimilisnota eða þvottavélar með þurrkara til heimilisnota upp að getu viðkomandi kerfis sem framleiðandi tilgreinir stuðli að orku- og vatnssparnaði,

e) ráðleggingar um gerð þvottaefnis miðað við mismunandi hitastig og þvottakerfi,

f) upplýsingar um að hávaði og rakainnihald sem eftir er í þvottinum ráðist af hraða þeytivindunnar: því hærri hraði við þeytivindingu því meiri hávaði og því minna rakainnihald sem eftir er,

g) upplýsingar um hvernig eigi að gera nettenginguna virka og óvirka (ef við á) og áhrif þess á orkunotkun,

([2]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 517/2014 frá 16. apríl 2014 um flúoraðar gróðurhúsalofttegundir og um niðurfellingu reglugerðar (EB) nr. 842/2006 (Stjtíð. ESB L 150, 20.5.2014, bls. 195).

h) leiðbeiningar um hvernig eigi að finna upplýsingar um tegundina sem geymd er í vörugagnagrunni eins og skilgreint er í reglugerð (ESB) 2019/2014 með veftengli sem tengir á upplýsingar um tegundina í vörugagnagrunninum eða með tengli í vörugagnagrunninn og upplýsingum um hvernig eigi að finna tegundarauðkenni vörunnar,

2) gildi fyrir eftirfarandi mæliþætti:

a) nafnafköst í kg,

b) lengd kerfis, gefin upp í klukkustundum og mínútum,

c) orkunotkun, gefin upp í kWh/lotu,

d) vatnsnotkun, gefin upp í lítrum/lotu,

e) hámarkshitastig sem næst í a.m.k. 5 mínútur innan í þvottinum sem er meðhöndlaður í þvottalotu, gefið upp í gráðum á selsíus og

f) rakainnihald sem eftir er að lokinni þvottalotu, gefið upp sem hundraðshluti vatnsinnihalds og hraði þeytivindingar sem notaður var til að ná þessu rakainnihaldi,

fyrir hvert eftirfarandi kerfi (að minnsta kosti):

i) eco 40-60-kerfið við nafnafköst, helming nafnafkasta og fjórðung nafnafkasta,

ii) 20 °C-kerfið við nafnafköst þessa kerfis,

iii) eitt baðmullarkerfi við nafnhitastig sem er hærra eða jafnt og 60 °C (ef það er fyrir hendi) við nafnafköst fyrir þetta kerfi,

iv) eitt kerfi fyrir önnur textílefni en baðmull eða blöndu textílefna (ef það er fyrir hendi) við nafnafköst fyrir þetta kerfi,

v) eitt kerfi fyrir hraðþvott á lítið óhreinum þvotti (ef það er fyrir hendi) við nafnafköst fyrir þetta kerfi,

vi) eitt kerfi fyrir mjög óhrein textílefni (ef það er fyrir hendi) við nafnafköst fyrir þetta kerfi,

vii) fyrir þvottavélar með þurrkara til heimilisnota: þvotta- og þurrklota við nafnafköst og helming nafnafkasta og

upplýsingar þess efnis að uppgefin gildi fyrir önnur kerfi en eco 40-60-kerfið og þvotta- og þurrklotuna séu aðeins til upplýsingar,

3) í notendaleiðbeiningunum skulu einnig vera leiðbeiningar til notenda um viðhald. Slíkar leiðbeiningar skulu a.m.k. fela í sér leiðbeiningar í tengslum við:

a) rétta uppsetningu (þ.m.t. láréttа uppsetningu á láréttum fleti, tengingu við rafveitu, tengingu við vatnsinntak, kalt og/eða heitt ef við á),

b) rétta notkun á þvotta- og hreinsiefni, mýkingarefni og öðrum íblöndunarefnum og helstu afleiðingar af rangri skammtastærð,

c) fjarlægingu aðskotahlutar úr þvottavél til heimilisnota eða þvottavélar með þurrkara til heimilisnota,

d) reglulega hreinsun, þ.m.t. ákjósanleg tíðni og hvernig koma má í veg fyrir og bregðast við útfellingu á kalki,

e) opnun hurðar milli þvottalota, ef við á,

f) reglubundin skoðun á síum, þ.m.t. ákjósanleg tíðni, og hvernig að henni er staðið,

g) auðkenningu á villum, merkingu villna og hvaða aðgerða þarf að grípa til, þ.m.t. auðkenningu á villum þar sem þörf er á faglegri aðstoð,

h) aðgengi að faglegri viðgerð (vefsíður, netföng, samskiptaupplýsingar),

slíkar leiðbeiningar skulu einnig taka til upplýsinga um:

i) mögulegar afleiðingar eigin viðgerðar eða viðgerðar einstaklings sem er ekki fagmaður á öryggi endanlegs notanda og ábyrgð,

j) lágmarkstímabilið sem varahlutir í þvottavél til heimilisnota eða þvottavél með þurrkara til heimilisnota eru tiltækir.

III. VIÐAUKI

Mæliaðferðir og útreikningar

Í þeim tilgangi að uppfylla kröfur þessarar reglugerðar og til sannprófunar á því að kröfur þessarar reglugerðar séu uppfylltar skal, við mælingar og útreikninga, nota samhæfða staðla, sem tilvísunarnúmer hafa verið birt fyrir í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*, eða aðrar áreiðanlegar, nákvæmar og samanburðarnákvæmar aðferðir sem taka tillit til almennt viðurkenndra aðferða sem byggjast á nýjustu tækni og eru í samræmi við eftirfarandi ákvæði.

Við mælingu á mæliþáttunum sem eru skilgreindir í II. viðauka og í þessum viðauka fyrir eco 40-60-kerfið og þvotta- og þurrklotuna, skal nota hæsta mögulegan snúningshraða þeytivindu eco 40-60-kerfisins við nafnafköst, við helming nafnafkasta og fjórðung nafnafkasta.

Að því er varðar þvottavélar til heimilisnota með 3 kg nafnafköst eða minni og þvottalotu þvottavéla með þurrkara til heimilisnota með 3 kg nafnafköst eða minni, skal eingöngu mæla mæliþætti eco 40-60-kerfisins og þvotta- og þurrklotunnar við nafnafköst.

Lengd eco 40-60-kerfisins (t_W) og lengd þvotta- og þurrklotu (t_{WD}) skal gefin upp í klukkustundum og mínútum og námunduð að næstu mínútu.

1. ORKUNÝTNISTUÐULL

1.1. Orkunýtnistuðull (EEI_W) þvottavéla til heimilisnota og þvottalotu þvottavéla með þurrkara til heimilisnota

Við útreikning á EEI_W er vegin orkunotkun eco 40-60-kerfisins við nafnþvottaafköst, helming nafnaþvottafkasta og fjórðung nafnþvottaafkasta borin saman við staðlaða orkunotkun lotunnar.

a) Orkunýtnistuðullinn (EEI_W) er reiknaður út á eftirfarandi hátt og námundaður með einum aukastaf:

$$EEI_W = (E_W/SCE_W) \times 100$$

þar sem:

E_W er vegin orkunotkun þvottavélar til heimilisnota eða í þvottalotu þvottavélar með þurrkara til heimilisnota,

SCE_W er orkunotkun staðlaðrar lotu þvottavélar til heimilisnota eða í þvottalotu þvottavélar með þurrkara til heimilisnota.

b) Orkunotkun staðlaðrar lotu er reiknuð út í kílóvattstundum á þvottalotu og námunduð með þremur aukastöfum sem hér segir:

$$SCE_W = -0{,}0025 \times c^2 + 0{,}0846 \times c + 0{,}3920$$

þar sem c eru nafnafköst þvottavélar til heimilisnota eða nafnþvottaafköst þvottavélar með þurrkara til heimilisnota miðað við eco 40-60-kerfið.

c) Vegin orkunotkun er reiknuð út í kílóvattstundum á þvottalotu og námunduð með þremur aukastöfum sem hér segir:

$$E_W = A \times E_{W,full} + B \times E_{W,\frac{1}{2}} + C \times E_{W,\frac{1}{4}}$$

þar sem:

$E_{W,full}$ er orkunotkun þvottavélar til heimilisnota eða í þvottalotu þvottavélar með þurrkara til heimilisnota miðað við eco 40-60-kerfið við nafnþvottaafköst og námunduð með þremur aukastöfum,

$E_{W,½}$ er orkunotkun þvottavélar til heimilisnota eða í þvottalotu þvottavélar með þurrkara til heimilisnota miðað við eco 40-60-kerfið við helming nafnþvottaafkasta og námunduð með þremur aukastöfum,

$E_{W,1/4}$ er orkunotkun þvottavélar til heimilisnota eða í þvottalotu þvottavélar með þurrkara til heimilisnota miðað við eco 40-60-kerfið við fjórðung nafnþvottaafkasta og námunduð með þremur aukastöfum,

A er vægisstuðull fyrir nafnþvottaafköst námundaður með þremur aukastöfum,

B er vægisstuðull fyrir helming nafnþvottaafkasta námundaður með þremur aukastöfum,

C er vægisstuðull fyrir fjórðung nafnþvottaafkasta námundaður með þremur aukastöfum,

að því er varðar þvottavélar til heimilisnota með 3 kg nafnafköst eða minni og þvottavélar með þurrkara til heimilisnota með nafnafköst 3 kg eða minna, skal A jafngilda 1, B og C jafngilda 0,

að því er varðar aðrar þvottavélar til heimilisnota og þvottavélar með þurrkara til heimilisnota byggjast gildi vægisstuðla á nafnafköstum samkvæmt eftirfarandi jöfnum:

$$A = -0{,}0391 \times c + 0{,}6918$$

$$B = -0{,}0109 \times c + 0{,}3582$$

$$C = 1 - (A + B)$$

þar sem c eru nafnafköst þvottavélar til heimilisnota eða nafnþvottaafköst þvottavélar með þurrkara til heimilisnota.

1.2. Orkunýtnistuðull (EEI_{WD}) heillar lotu þvottavélar með þurrkara til heimilisnota

Við útreikning á EEI_{WD} tegundar þvottavélar með þurrkara til heimilisnota, er vegin orkunotkun í þvotta- og þurrklotu við nafnafköst og helming nafnafkasta borin saman við staðlaða orkunotkun lotunnar.

a) EEI_{WD} er reiknaður út á eftirfarandi hátt og námundaður með einum aukastaf:

$$EEI_{WD} = (E_{WD}/SCE_{WD}) \times 100$$

þar sem:

E_{WD} er vegin orkunotkun í heilli lotu þvottavélar með þurrkara til heimilisnota,

SCE_{WD} er orkunotkun staðlaðrar lotu þvottavélar í heilli lotu þvottavélar með þurrkara til heimilisnota.

b) SCE_{WD} er reiknuð út í kílóvattstundum á þvottalotu og námunduð með þremur aukastöfum sem hér segir:

$$SCE_{WD} = -0{,}0502 \times d^2 + 1{,}1742 \times d - 0{,}644$$

þar sem d eru nafnafköst þvottavélar með þurrkara til heimilisnota í þvotta- og þurrklotu.

c) Að því er varðar þvottavélar með þurrkara til heimilisnota með nafnafköst 3 kg eða minna, er vegin orkunotkun orkunotkunin við nafnafköst og námunduð með þremur aukastöfum.

d) Að því er varðar þvottavélar með þurrkara til heimilisnota er vegin orkunotkun (E_{WD}) reiknuð í kílóvattstundum á þvottalotu og námunduð með þremur aukastöfum sem hér segir:

$$E_{WD} = \frac{\left[3 \times E_{WD,full} + 2 \times E_{WD,\frac{1}{2}}\right]}{5}$$

þar sem:

$E_{WD,full}$ er orkunotkun þvotta og þurrklotu þvottavélar með þurrkara til heimilisnota við nafnafköst og námunduð með þremur aukastöfum,

$E_{WD,½}$ er orkunotkun þvotta og þurrklotu þvottavélar með þurrkara til heimilisnota við helming nafnafkasta og námunduð með þremur aukastöfum.

2. ÞVOTTAVIRKNISTUÐULL

Þvottavirknistuðull þvottavéla til heimilisnota og þvottalotu þvottavélar með þurrkara til heimilisnota (I_W) og þvottavirknistuðull heillar lotu þvottavélar með þurrkara til heimilisnota (J_W) skal reiknaður út með því að nota samhæfða staðla sem tilvísunarnúmer hafa verið birt fyrir í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins, eða aðrar áreiðanlegar, nákvæmar og samanburðarnákvæmar aðferðir sem taka tillit til nýjustu og fullkomnustu tækni og námundaður með tveimur aukastöfum.

3. SKILVIRKNI SKOLUNAR

Skilvirkni skolunar þvottavéla til heimilisnota og þvottalotu þvottavélar með þurrkara til heimilisnota (I_R) og skilvirkni skolunar heillar lotu þvottavélar með þurrkara til heimilisnota (J_R) skal reiknuð út með því að nota samhæfða staðla sem tilvísunarnúmer hafa verið birt fyrir í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins, eða annari áreiðanlegri, nákvæmri og samanburðarnákvæmri aðferð sem byggist á greiningu á merkiefnum fyrir línuleg alkýlbensensúlfónöt, og námunduð með einum aukastaf.

4. HÁMARKSHITASTIG

Hámarkshitastigið sem næst í 5 mínútur innan í þvotti sem er meðhöndlaður í þvottavél til heimilisnota og þvottalotu þvottavélar með þurrkara til heimilisnota skal ákvarðað með því að nota samhæfða staðla, sem tilvísunarnúmer hafa verið birt fyrir í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins, eða aðrar áreiðanlegar, nákvæmar og samanburðarnákvæmar aðferðir og námundað að næstu heilu tölu.

5. VEGIN VATNSNOTKUN

1) Vegin vatnsnotkun (W_W) þvottavélar til heimilisnota eða þvottalotu þvottavélar með þurrkara til heimilisnota er reiknuð í lítrum sem hér segir og námunduð að næstu heilu tölu:

$$W_t = (A \times W_{W,full} + B \times W_{W,1/2} + C \times W_{W,1/4})$$

þar sem:

$W_{W,full}$ er vatnsnotkun þvottavélar til heimilisnota eða í þvottalotu þvottavélar með þurrkara til heimilisnota miðað við eco 40-60-kerfið við nafnþvottaafköst, í lítrum og námunduð með einum aukastaf,

$W_{W,½}$ er vatnsnotkun þvottavélar til heimilisnota eða í þvottalotu þvottavélar með þurrkara til heimilisnota miðað við eco 40-60-kerfið við helming nafnþvottaafkasta, í lítrum og námunduð með einum aukastaf,

$W_{W,1/4}$ er vatnsnotkun þvottavélar til heimilisnota eða í þvottalotu þvottavélar með þurrkara til heimilisnota miðað við eco 40-60-kerfið við fjórðung nafnþvottaafkasta, í lítrum og námunduð með einum aukastaf,

A, B og C eru vægisstuðlar eins og lýst er í c-lið liðar 1.1.

2) Að því er varðar þvottavélar með þurrkara til heimilisnota með nafnafköst 3 kg eða minna, er vegin vatnsnotkun vatnsnotkunin við nafnafköst og námunduð að næstu heilu tölu.

Að því eru varðar þvottavélar með þurrkara til heimilisnota, er vegin vatnsnotkun (W_{WD}) þvottalotu þvottavélar með þurrkara til heimilisnota reiknuð í lítrum sem hér segir og námunduð að næstu heilu tölu:

$$W_{WD} = \frac{\left[3 \times W_{WD,full} + 2 \times W_{WD,\frac{1}{2}}\right]}{5}$$

þar sem:

$W_{WD,full}$ er vatnsnotkun þvotta- og þurrklotu þvottavélar með þurrkara til heimilisnota við nafnafköst, í lítrum og námunduð með einum aukastaf.

$W_{WD,½}$ er vatnsnotkun þvotta- og þurrklotu þvottavélar með þurrkara til heimilisnota við helming nafnafkasta, í lítrum og námunduð með einum aukastaf.

6. RAKAINNIHALD SEM EFTIR ER

Vegið rakainnihald sem eftir er að loknum þvotti (D) í þvottavél til heimilisnota og þvottalotu þvottavélar með þurrkara til heimilisnota er reiknað út sem hundraðshluti og námundað að næstu heilu prósentu sem hér segir:

$$D = \left[A \times D_{full} + B \times D_{\frac{1}{2}} + C \times D_{\frac{1}{4}}\right]$$

þar sem:

D_{full} er rakainnihald sem eftir er miðað við eco 40-60-kerfið við nafnþvottaafköst, í hundraðshlutum og námundað með einum aukastaf,

$D_{1/2}$ er rakainnihald sem eftir er miðað við eco 40-60-kerfið við helming nafnþvottaafkasta, í hundraðshlutum og námundað með einum aukastaf,

$D_{1/4}$ er rakainnihald sem eftir er miðað við eco 40-60-kerfið við fjórðung nafnþvottaafkasta, í hundraðshlutum og námundað með einum aukastaf,

A, B og C eru vægisstuðlar eins og lýst er í c-lið liðar 1.1.

7. ENDANLEGT RAKAINNIHALD

Að því er varðar þurrkunarlotu þvottavélar með þurrkara til heimilisnota samsvarar skápaþurrt til 0% endanlegs rakainnihalds sem er varmafræðilegt jafnvægi þvottarins við andrúmsloftsskilyrði hitastigs (prófað við 20 ± 2 °C) og rakastigs (prófað við 65 ± 5%).

Endanlegt rakainnihald er reiknað út í samræmi við samhæfða staðla, sem tilvísunarnúmer hafa verið birt fyrir í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* og námundað með einum aukastaf.

8. LÁGAFLSHAMUR

Aflnotkunin í ham þegar slökkt er á vél (P_o), þegar hún er í reiðuham (P_{sm}) og eftir atvikum við frestun á upphafi kerfis (P_{ds}). Mæld gildi eru gefin upp í W og námunduð með tveimur aukastöfum.

Við mælingar á aflnotkun í lágaflsham skal athuga og skrásetja eftirfarandi:

— hvort upplýsingaskjár sé virkur eða ekki,

— hvort nettenging sé virk eða ekki.

Ef þvottavél til heimilisnota eða þvottavél með þurrkara til heimilisnota býður upp á krumpuvörn skal gert hlé á þeirri aðgerð með því að opna hurð þvottavélarinnar eða með annarri viðeigandi íhlutun 15 mínútum áður en orkunotkun er mæld.

IV. VIÐAUKI

Sannprófunaraðferð vegna markaðseftirlits

Vikmörk sannprófana, sem skilgreind eru í þessum viðauka, eiga aðeins við um sannprófun yfirvalda aðildarríkis á uppgefnum mæliþáttum og skal framleiðandi, innflytjandi eða viðurkenndur fulltrúi ekki nota þau sem leyfileg vikmörk til að ákvarða gildin, sem gefin eru upp í tæknigögnunum, eða við túlkun þessara gilda, með það fyrir augum að ná fram samræmi eða til að sýna fram á betri frammistöðu með einhverjum hætti.

Ef tegund hefur verið hönnuð til að geta greint að verið sé að prófa hana (t.d. með því að þekkja aftur prófunarskilyrðin eða prófunarlotuna) og sem bregst sérstaklega við með því að breyta sjálfkrafa frammistöðu sinni meðan á prófun stendur í þeim tilgangi að ná betri gildum fyrir einhvern þeirra mæliþátta sem tilgreindir eru í þessari reglugerð eða í tæknigögnunum eða í einhverjum þeim gögnum sem fylgja með, telst tegundin og allar jafngildar tegundir ekki uppfylla kröfurnar.

Við sannprófun á því hvort tegund vöru uppfylli kröfurnar, sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð skv. 2. mgr. 3. gr. tilskipunar 2009/125/EB, skulu yfirvöld aðildarríkjanna, að því er varðar kröfurnar sem um getur í þessum viðauka, beita eftirfarandi aðferð:

1) yfirvöld aðildarríkja skulu sannprófa staka einingu af tegundinni,

2) tegundin skal teljast uppfylla viðeigandi kröfur, að því tilskildu að:

   a) gildin, sem gefin eru upp í tæknigögnum skv. 2. lið IV. viðauka við tilskipun 2009/125/EB (yfirlýst gildi), og, eftir atvikum, gildin, sem notuð eru til að reikna út þessi gildi, séu ekki hagstæðari fyrir framleiðandann, innflytjandann eða viðurkenndan fulltrúa en niðurstöður samsvarandi mælinga, sem gerðar eru samkvæmt g-lið og

   b) yfirlýstu gildin uppfylli allar kröfurnar, sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð, og allar tilskildar vöruupplýsingar, sem framleiðandinn, innflytjandinn eða viðurkenndi fulltrúinn birtir, innihaldi ekki gildi, sem eru hagstæðari fyrir framleiðandann, innflytjandann eða viðurkennda fulltrúann en yfirlýstu gildin og

   c) þegar yfirvöld aðildarríkja prófa einingu af tegundinni og komast að því að framleiðandinn, innflytjandinn eða viðurkenndi fulltrúinn hafi komið á fót kerfi sem uppfyllir kröfurnar í annarri málsgrein 6. greinar og

   d) þegar yfirvöld aðildarríkis prófa einingu af tegundinni uppfylli hún kröfurnar um kerfi í 1. og 2. lið, kröfurnar um auðlindanýtni í 8. lið og kröfurnar um upplýsingar í 9. lið II. viðauka og

   e) þegar yfirvöld aðildarríkis prófa einingu af tegundinni, uppfylli ákvörðuð gildi (gildi viðeigandi mæliþátta, eins og þau mælast við prófanir, og gildin sem eru reiknuð út frá þessum mælingum) viðkomandi vikmörk sannprófana sem eru tilgreind í töflu 1,

3) ef niðurstöðurnar, sem um getur í a-, b-, c- eða d-lið 2. liðar, fást ekki telst tegundin og allar sambærilegar tegundir ekki uppfylla ákvæði þessarar reglugerðar,

4) ef niðurstöðurnar, sem um getur í e-lið 2. liðar, fást ekki skulu yfirvöld aðildarríkis velja þrjár viðbótareiningar af sömu tegund til prófunar. Að öðrum kosti mega þessar þrjár viðbótareiningar vera af einni eða fleiri sambærilegum tegundum,

5) tegundin skal teljast uppfylla viðeigandi kröfur ef meðaltal þessara ákvörðuðu gilda fyrir einingarnar þrjár uppfyllir viðkomandi vikmörk sannprófana sem eru tilgreind í töflu 1,

6) ef niðurstaðan sem um getur í 5. lið fæst ekki telst tegundin og allar sambærilegar tegundir ekki uppfylla ákvæði þessarar reglugerðar,

7) yfirvöld aðildarríkis skulu gefa yfirvöldum annarra aðildarríkja og framkvæmdastjórninni allar viðeigandi upplýsingar, án tafar, eftir að ákvörðun um að tegundin uppfylli ekki ákvæði 3. eða 6. liðar liggur fyrir.

Yfirvöld aðildarríkis skulu nota mæli- og reikningsaðferðirnar sem settar eru fram í III. viðauka.

Yfirvöld aðildarríkis skulu eingöngu beita vikmörkum sannprófana, sem sett eru fram í töflu 1, og eingöngu beita aðferðinni, sem lýst er í 1.–7. lið, að því er varðar kröfurnar sem um getur í þessum viðauka. Öðrum vikmörkum við sannprófun, á borð við þau sem eru sett fram í samhæfðum stöðlum eða einhverri annarri mæliaðferð, skal ekki beitt að því er varðar breyturnar í töflu 1.

Tafla 1

Vikmörk við sannprófun

Mæliþáttur	Vikmörk við sannprófun
$E_{W,full}$, $E_{W,½}$, $E_{W,1/4}$, $E_{WD,full}$, $E_{WD,½}$	Ákvarðað gildi (*) skal ekki vera hærra en yfirlýsta gildið fyrir $E_{W,full}$, $E_{W,½}$, $E_{W,1/4}$, $E_{WD,full}$ og $E_{WD,½}$, eftir því sem við á, en sem nemur 10%.
Vegin orkunotkun (E_W og E_{WD})	Ákvarðað gildi (*) skal ekki vera hærra en yfirlýsta gildið E_W eða E_{WD}, eftir því sem við á, en sem nemur 10%.
$W_{W,full}$, $W_{W,½}$ $W_{W,1/4}$, $W_{WD,full}$, $W_{WD,½}$	Ákvarðað gildi (*) skal ekki vera hærra en yfirlýsta gildið fyrir $W_{W,full}$, $W_{W,½}$, $W_{W,1/4}$, $W_{WD,full}$ og $W_{WD,½}$, eftir því sem við á, en sem nemur 10%.
Vegin vatnsnotkun (W_W og W_{WD})	Ákvarðað gildi (*) skal ekki vera hærra en yfirlýsta gildið W_W eða W_{WD}, eftir því sem við á, en sem nemur 10%.
Þvottavirknistuðull (I_W og J_W)	Ákvarðað gildi (*) skal ekki vera lægra en yfirlýsta gildið I_W eða J_w, eftir því sem við á, en sem nemur 8%.
Skilvirkni skolunar (I_R og J_R)	Ákvarðað gildi (*) skal ekki vera hærra en yfirlýsta gildið I_R eða J_R, eftir því sem við á, en sem nemur 1,0 g/kg.
Lengd eco 40-60-kerfisins (t_W)	Ákvarðað gildi (*) fyrir lengd kerfisins skal ekki vera hærra en yfirlýsta gildið t_w en því sem nemur 5% eða en því sem nemur meira en 10 mínútum, eftir því hvort er smærra.
Tímalengd þvotta- og þurrklotu (t_{WD})	Ákvarðað gildi fyrir tímalengd lotu skal ekki vera hærra en yfirlýsta gildið t_{WD} en því sem nemur 5% eða en því sem nemur meira en 10 mínútum, eftir því hvort er smærra.
Hámarkshitastig innan í þvotti (T)	Ákvarðað gildi skal ekki vera lægra en yfirlýsta gildið T en því sem nemur 5 K og hærra en yfirlýsta gildið T en því sem nemur 5 K.
D_{full}, $D_{½}$ $D_{1/4}$	Ákvarðað gildi (*) skal ekki vera hærra en yfirlýsta gildið D_{full}, $D_{½}$ og $D_{1/4}$, eftir því sem við á, en sem nemur 10%.
Rakainnihald sem eftir er að loknum þvotti (D)	Ákvarðað gildi (*) skal ekki vera hærra en yfirlýsta gildið D en sem nemur 10%.
Endanlegt rakainnihald eftir þurrkun	Ákvarðað gildi (*) skal ekki vera hærra en 3%.
Aflnotkun þegar slökkt er á búnaði (P_o)	Ákvarðað gildi (*) aflnotkunar P_o skal ekki vera hærra en yfirlýsta gildið en sem nemur 0,10 W.
Aflnotkun í reiðuham (P_{sm})	Ákvarðað gildi (*) aflnotkunar P_{sm} skal ekki vera hærra en yfirlýsta gildið en sem nemur 10% ef yfirlýsta gildið er hærra en 1,00 W, eða hærra en 0,10 W ef yfirlýsta gildið er lægra eða jafnt og 1,00 W.
Aflnotkun við frestun á upphafi kerfis (P_{ds})	Ákvarðað gildi (*) aflnotkunar P_{ds} skal ekki vera hærra en yfirlýsta gildið en sem nemur 10% ef yfirlýsta gildið er hærra en 1,00 W, eða hærra en 0,10 W ef yfirlýsta gildið er lægra eða jafnt og 1,00 W.

(*) Ef þrjár viðbótareiningar eru prófaðar, eins og mælt er fyrir um í 4. lið, er ákvarðað gildi meðaltal gildanna sem ákvörðuð eru fyrir þessar þrjár viðbótareiningar.

V. VIÐAUKI

Viðmiðanir

1. LEIÐBEINANDI VIÐMIÐANIR FYRIR ÞVOTTAVÉLAR TIL HEIMILISNOTA AÐ ÞVÍ ER VARÐAR VATNS- OG ORKUNOTKUN, ÞVOTTAVIRKNI OG HÁVAÐAMENGUN SEM BERST Í LOFTI

Þegar þessi reglugerð öðlast gildi er besta fáanlega tækni á markaði fyrir þvottavélar til heimilisnota hvað varðar vatns- og orkunotkun og hávaðamengun sem berst í lofti við þvott/þeytivindingu miðað við 60 °C staðalbaðmullarlotu við nafnafköst og helming nafnafkasta og miðað við 40 °C staðalbaðmullarlotu við helming nafnafkasta tilgreind á eftirfarandi hátt ([1]):

1) þvottavél til heimilisnota með 5 kg nafnafköst:

   a) orkunotkun: 0,56 kWh/lotu (eða 0,11 kWh/kg) sem samsvarar samanlagðri árlegri orkunotkun sem nemur 82 kWh/ári,

   b) vatnsnotkun: 40 lítrar/lotu, sem samsvarar 8800 lítrum/ári miðað við 220 lotur,

   c) hávaðamengun sem berst í lofti við þvott/ þeytivindingu: 58/82 dB(A),

2) þvottavél til heimilisnota með 6 kg nafnafköst:

   a) orkunotkun: 0,55 kWh/lotu (eða 0,092 kWh/kg) sem samsvarar samanlagðri árlegri orkunotkun sem nemur 122 kWh/ári,

   b) vatnsnotkun: 40,45 lítrar/lotu, sem samsvarar 8900 lítrum/ári miðað við 220 lotur,

   c) hávaðamengun sem berst í lofti við þvott/ þeytivindingu: 47/77 dB(A),

3) þvottavél til heimilisnota með 7 kg nafnafköst:

   a) orkunotkun: 0,6 kWh/lotu (eða 0,15 kWh/kg) sem samsvarar samanlagðri árlegri orkunotkun sem nemur 124 kWh/ári,

   b) vatnsnotkun: 39 lítrar/lotu, sem samsvarar 8500 lítrum/ári miðað við 220 lotur,

   c) hávaðamengun sem berst í lofti við þvott/ þeytivindingu: 52/73 dB(A),

4) þvottavél til heimilisnota með 8 kg nafnafköst (þegar hún er útbúin varmadælu):

   a) orkunotkun: 0,52 kWh/lotu (eða 0,065 kWh/kg) sem samsvarar samanlagðri árlegri orkunotkun sem nemur 98 kWh/ári,

   b) vatnsnotkun: 44,55 lítrar/lotu, sem samsvarar 9800 lítrum/ári miðað við 220 lotur,

5) þvottavél til heimilisnota með 8 kg nafnafköst (þegar hún ekki er útbúin varmadælutækni):

   a) orkunotkun: 0,54 kWh/lotu (eða 0,067 kWh/kg) sem samsvarar samanlagðri árlegri orkunotkun sem nemur 116 kWh/ári,

   b) vatnsnotkun: 36,82 lítrar/lotu, sem samsvarar 8100 lítrum/ári miðað við 220 lotur,

([1]) Við mat á vatns- og orkunotkun og þvottavirkni voru notaðar reikniaðferðirnar sem settar eru fram í II. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 1015/2010 að því er varðar kröfur um visthönnun þvottavéla til heimilisnota. Að því er varðar hávaðamengun sem berst í lofti við þvott/þeytivindingu voru notaðar staðlaðar mælingar samkvæmt EN 60704.

6) þvottavél til heimilisnota með 9 kg nafnafköst:

a) orkunotkun: 0,35 kWh/lotu (eða 0,038 kWh/kg) sem samsvarar samanlagðri árlegri orkunotkun sem nemur 76 kWh/ári,

b) vatnsnotkun: 47,72 lítrar/lotu, sem samsvarar 10499 lítrum/ári miðað við 220 lotur.

2. LEIÐBEINANDI VIÐMIÐANIR FYRIR ÞVOTTAVÉLAR MEÐ ÞURRKARA TIL HEIMILISNOTA AÐ ÞVÍ ER VARÐAR VATNS- OG ORKUNOTKUN, ÞVOTTAVIRKNI OG HÁVAÐAMENGUN SEM BERST Í LOFTI

Þegar þessi reglugerð öðlast gildi er besta fáanlega tækni á markaði fyrir þvottavélar með þurrkara til heimilisnota hvað varðar vatns- og orkunotkun, þvottavirkni og hávaðamengun sem berst í lofti við þvott/þeytivindingu miðað við 60 °C staðalbaðmullarlotu við nafnafköst og þurrkulotuna „þurr baðmull“ tilgreind á eftirfarandi hátt ([2]):

1) þvottavél með þurrkara til heimilisnota með 6 kg nafnafköst:

a) orkunotkun í heilli lotu (þvottur, þeytivinding og þurrkun) við nafnafköst og við 60 °C staðalbaðmullarlotu: 3,64 kWh/lotu sem samsvarar samanlagðri árlegri orkunotkun sem nemur 800,8 kWh/ári,

b) orkunotkun í heilli þvottalotu (þvottur og þeytivinding eingöngu) við nafnafköst og við 60 °C staðalbaðmullarlotu: 0,77 kWh/lotu sem samsvarar samanlagðri árlegri orkunotkun sem nemur 169,4 kWh/ári,

c) vatnsnotkun í heilli lotu (þvottur, þeytivinding og þurrkun) við nafnafköst og við 60 °C staðalbaðmullarlotu: 78 lítrar/lotu, sem samsvarar 17160 lítrum/ári miðað við 220 lotur,

d) hávaðamengun sem berst í lofti við þvott/ þeytivindingu/þurrkun: 51/77/66 dB(A);

2) þvottavél með þurrkara til heimilisnota með 7 kg nafnafköst:

a) orkunotkun í heilli lotu (þvottur, þeytivinding og þurrkun) við nafnafköst og við 60 °C staðalbaðmullarlotu: 4,76 kWh/lotu sem samsvarar samanlagðri árlegri orkunotkun sem nemur 1047 kWh/ári,

b) orkunotkun í heilli þvottalotu (þvottur og þeytivinding eingöngu) við nafnafköst og við 60 °C staðalbaðmullarlotu: 0,8 kWh/lotu sem samsvarar samanlagðri árlegri orkunotkun sem nemur 176 kWh/ári,

c) vatnsnotkun í heilli lotu (þvottur, þeytivinding og þurrkun) við nafnafköst og við 60 °C staðalbaðmullarlotu: 72 lítrar/lotu, sem samsvarar 15840 lítrum/ári miðað við 220 lotur,

d) hávaðamengun sem berst í lofti við þvott/ þeytivindingu/þurrkun: 47/73/58 dB(A);

3) þvottavél með þurrkara til heimilisnota með 8 kg nafnafköst:

a) orkunotkun í heilli lotu (þvottur, þeytivinding og þurrkun) við nafnafköst og við 60 °C staðalbaðmullarlotu: 3,8 kWh/lotu sem samsvarar samanlagðri árlegri orkunotkun sem nemur 836 kWh/ári,

b) orkunotkun í heilli þvottalotu (þvottur og þeytivinding eingöngu) við nafnafköst og við 60 °C staðalbaðmullarlotu: 1,04 kWh/lotu sem samsvarar samanlagðri árlegri orkunotkun sem nemur 229 kWh/ári,

c) vatnsnotkun í heilli lotu (þvottur, þeytivinding og þurrkun) við nafnafköst og við 60 °C staðalbaðmullarlotu: 70 lítrar/lotu, sem samsvarar 15400 lítrum/ári miðað við 220 lotur,

d) hávaðamengun sem berst í lofti við þvott/ þeytivindingu/þurrkun: 49/73/66 dB(A);

([2]) Við mat á vatns- og orkunotkun og þvottahæfni voru notaðar reikniaðferðirnar sem settar eru fram í tilskipun 96/60/EB að því er varðar orkumerkingar þvottavéla með þurrkara. Að því er varðar hávaðamengun sem berst í lofti við þvott/þeytivindingu/þurrkun voru notaðar staðlaðar mælingar samkvæmt EN 60704.

4) þvottavél með þurrkara til heimilisnota með 9 kg nafnafköst:

   a) orkunotkun í heilli lotu (þvottur, þeytivinding og þurrkun) við nafnafköst og við 60 °C staðalbaðmullarlotu: 3,67 kWh/lotu sem samsvarar samanlagðri árlegri orkunotkun sem nemur 807 kWh/ári,

   b) orkunotkun í heilli þvottalotu (þvottur og þeytivinding eingöngu) við nafnafköst og við 60 °C staðalbaðmullarlotu: 1,09 kWh/lotu sem samsvarar samanlagðri árlegri orkunotkun sem nemur 240 kWh/ári,

   c) vatnsnotkun í heilli lotu (þvottur, þeytivinding og þurrkun) við nafnafköst og við 60 °C staðalbaðmullarlotu: 69 lítrar/lotu, sem samsvarar 15180 lítrum/ári miðað við 220 lotur,

   d) hávaðamengun sem berst í lofti við þvott/ þeytivindingu/þurrkun: 49/75/66 dB(A).

VI. VIÐAUKI

Þvottavélar til heimilisnota með fleiri en eina tromlu og þvottavélar með þurrkara til heimilisnota með fleiri en eina tromlu

Að því er varðar þvottavélar til heimilisnota með fleiri en eina tromlu og þvottavélar með þurrkara til heimilisnota með fleiri en eina tromlu skulu ákvæði 1. til 6. liðar og 2. mgr. 9. liðar í II. viðauka, þar sem stuðst er við mæli- og reikningsaðferðirnar sem settar eru fram í III. viðauka, gilda um allar tromlur. Ákvæði 7., 8. og 9. liðar (1. og 3. mgr.) í II. viðauka gilda um allar þvottavélar til heimilisnota með fleiri en eina tromlu og allar þvottavélar með þurrkara til heimilisnota með fleiri en eina tromlu.

Ákvæði 1. til 6. liðar og 2. mgr. 9. liðar í II. viðauka gilda um hverja tromlu óháð hvor annarri, nema ef tromlurnar eru innbyggðar í sama vélarhúsi og geta, í eco 40-60-kerfinu eða í þvotta- og þurrklotu, eingöngu starfað samstímis. Í síðara tilvikinu gilda þessi ákvæði um þvottavél til heimilisnota með fleiri en eina tromlu og þvottavél með þurrkara til heimilisnota með fleiri en eina tromlu sem heild, með eftirfarandi hætti:

a) nafnþvottaafköstin eru summa nafnþvottaafkasta hverrar tromlu. Að því er varðar þvottavélar með þurrkara til heimilisnota með fleiri en eina tromlu eru nafnafköstin summa nafnafkasta hverrar tromlu,

b) orku- og vatnsnotkun þvottavélar til heimilisnota með fleiri en eina tromlu og þvottalotu þvottavélar með þurrkara til heimilisnota með fleiri en eina tromlu er summa orku- eða vatnsnotkunar hverrar tromlu,

c) orku- og vatnsnotkun heillar þvottalotu þvottavélar með þurrkara til heimilisnota með fleiri en eina tromlu er summa orku- eða vatnsnotkunar hverrar tromlu,

d) orkunýtnistuðull (EEI_W) er reiknaður með því að nota nafnþvottaafköst og orkunotkun. Að því er varðar þvottavél með þurrkara til heimilisnota með fleiri en eina tromlu er orkunýtnistuðullinn (EEI_{WD}) reiknaður út með því að nota nafnafköst og orkunotkun,

e) hver tromla skal hver fyrir sig uppfylla lágmarkskröfur um þvottavirkni og skilvirkni skolunar,

f) hver tromla skal hver fyrir sig uppfylla kröfur um tímalengd sem gilda um tromluna með mestu nafnafköstin,

g) kröfur um lágaflsham gilda í heild um þvottavél til heimilisnota eða þvottavél með þurrkara til heimilisnota,

h) afgangsraki að loknum þvotti er reiknaður út sem vegið meðaltal samkvæmt nafnafköstum hverrar tromlu,

i) að því er varðar þvottavélar með þurrkara til heimilisnota með fleiri en eina tromlu gilda kröfur um endanlegt rakainnihald eftir þurrkun fyrir hverja tromlu.

Sannprófunaraðferðin sem sett er fram í IV. viðauka gildir í heild um þvottavél til heimilisnota með fleiri en eina tromlu og þvottavél með þurrkara til heimilisnota með fleiri en eina tromlu, þar sem vikmörk sannprófana gilda um hvern mæliþátt sem er ákvarðaður við beitingu þessa viðauka.

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2019/2024 **2023/EES/63/46**

frá 1. október 2019

um kröfur varðandi visthönnun kælitækja sem eru notuð við beina sölu samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/125/EB (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af 114. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/125/EB frá 21. október 2009 um ramma til að setja fram kröfur varðandi visthönnun að því er varðar orkutengdar vörur ([1]), einkum 1. lið 15. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Samkvæmt tilskipun 2009/125/EB ætti framkvæmdastjórnin að setja kröfur varðandi visthönnun að því er varðar orkutengdar vörur sem eru umtalsverður hluti sölu og viðskipta í Sambandinu, sem hafa veruleg umhverfisáhrif og búa yfir miklum möguleikum á að draga úr umhverfisáhrifum með vali á hönnun, án þess að það hafi í för með sér óhóflegan kostnað.

2) Í orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar COM(2016) 773 ([2]) (vinnuáætlun um visthönnun), sem framkvæmdastjórnin tók saman við beitingu 1. mgr. 16. gr. tilskipunar 2009/125/EB, eru tilgreind forgangsverkefni samkvæmt rammanum um visthönnun og orkumerkingar fyrir tímabilið 2016-2019. Kælitæki sem notuð eru við beina sölu teljast til orkutengdra vöruflokka sem setja skal í forgang í tengslum við framkvæmd undirbúningsrannsókna og endanlega samþykkt ráðstafana.

3) Áætlað er að aðgerðir vinnuáætlunarinnar um visthönnun gætu skilað samtals meira en 260 TWh í árlegum orkusparnaði árið 2030, sem jafngildir því að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda árið 2030 um u.þ.b. 100 milljón tonn á ári. Kælitæki sem eru notuð við beina sölu eru einn af vöruflokkunum sem tilgreindir eru í vinnáætluninni um visthönnun með áætlaðan 48 TWh árlegan orkusparnað árið 2030.

4) Framkvæmdastjórnin lét fara fram tvær undirbúningsrannsóknir á tækni-, umhverfis- og efnahagslegum þáttum kælitækja sem notuð eru við beina sölu, sem eru venjulega notuð í Sambandinu. Rannsóknirnar fóru fram í nánu samstarfi við hagsmunaaðila og hlutaðeigandi aðila frá Sambandinu og þriðju löndum. Niðurstöður þessara rannsókna voru gerðar opinberar og kynntar á samráðsvettvanginum, sem komið var á fót með 18. gr. tilskipunar 2009/125/EB.

5) Þessi reglugerð ætti að gilda um eftirfarandi kælitæki sem notuð eru við beina sölu: stórmarkaðsskæliskápa (frysti- eða kæliskápa), drykkjarkæla, frysta fyrir rjómaís, frystiborð fyrir kúluís og kælda sjálfsala.

6) Sá umhverfisþáttur kælitækja sem notuð eru við beina sölu sem talinn er mikilvægastur hvað varðar þessa reglugerð er orkunotkun á notkunartíma. Mögulegt er að draga úr þessari orkunotkun án þess að hækka samanlagðan kostnað við að kaupa og nota þessar vörur, með því að beita fyrirliggjandi kostnaðarhagkvæmri tækni sem ekki er háð einkaleyfi. Bein losun á kælimiðlum og tiltækileiki varahluta teljast einnig skipta máli.

7) Þar sem kælimiðlar falla undir reglugerð (ESB) Evrópuþingsins og ráðsins nr. 517/2014 ([3]) eru því engar sérstakar kröfur settar fram um kælimiðla í þessari reglugerð. Enn fremur bendir aukin notkun á kælimiðlum með lítinn hnatthlýnunarmátt á markaði í Sambandinu undanfarinn áratug til þess að framleiðendur vinni nú þegar að því í áföngum að skipta yfir í kælimiðla sem hafa minni áhrif á umhverfið, án þess að þörf sé á frekari opinberri íhlutun með visthönnun.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 315, 5.12.2019, bls. 313. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 154/2023 frá 13. Júní 2023 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) og IV. viðauka (Orka) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 285, 31.10.2009, bls. 10.

([2]) Orðsending framkvæmdastjórnarinnar. Vinnuáætlun um visthönnun 2016-2019 COM(2016) 773, lokagerð, 30.11.2016.

([3]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 517/2014 frá 16. apríl 2014 um flúoraðar gróðurhúsalofttegundir og um niðurfellingu reglugerðar (EB) nr. 842/2006 (Stjtíð. ESB L 150, 20.5.2014, bls. 195).

8) Árleg orkunotkun vara sem falla undir þessa reglugerð í Sambandinu var áætluð 65 TWh á árinu 2015, sem samsvarar losun á 26 milljónum tonna af koltvísýringsígildum. Búist er við að áætluð orkunotkun kælitækja sem notuð eru við beina sölu verði orðin minni, miðað við óbreyttar aðstæður, árið 2030. Hins vegar er þess vænst að hægar dragi úr henni nema að kröfur varðandi visthönnun verði settar fram.

9) Míníbarir og vínkælar sem eru notaðir við sölu ættu ekki að teljast til kælitækja sem notuð eru við beina sölu og ættu því að falla utan þessarar reglugerðar þar sem þeir falla undir gildissvið reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/2019 ([4]).

10) Lóðréttir kæli- eða frystiskápar sem kæla eða frysta með kyrrstöðulofti eru kælitæki sem eru notuð í atvinnuskyni og eru skilgreindir í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1095 ([5]) og ættu því að falla utan þessarar reglugerðar.

11) Þessi reglugerð gildir um vörur sem hafa mismunandi tæknilega eiginleika og virkni. Af þessum sökum eru kröfur um orkunýtni ákvarðaðar samkvæmt virkni tækjanna. Með þessari nálgun sem byggir á virkni er lögð til lágmarkssundurliðun á flokkum kælitækja sem notuð eru við beina sölu, sem mun senda skýr skilaboð til markaða um meiri eða minni orkunýtni þeirra gerða kælitækja sem notuð eru við beina sölu sem hafa sömu virkni. Erfiðara verður fyrir óskilvirkar gerðir kælitækja sem notaðar eru við beina sölu að ná tilteknum flokki orkumerkingar eða þær munu jafnvel ekki uppfylla lágmarkskröfur varðandi orkunýtni.

12) Orðsendingin frá framkvæmdastjórninni til Evrópuþingsins, ráðsins, Efnahags- og félagsmálanefndar Evrópusambandsins og svæðanefndarinnar COM(2015) 614, lokagerð ([6]) (aðgerðaáætlun um hringrásarhagkerfi) og vinnuáætlunin um visthönnun undirstrika mikilvægi þess að nota ramma fyrir visthönnun til að styðja hreyfingu í átt að auðlindanýtnara hringrásarhagkerfi. Í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2012/19/ESB ([7]) er vísað til tilskipunar 2009/125/EB og bent á að kröfur um visthönnun ættu að auðvelda endurnotkun, sundurhlutun og endurnýtingu raf- og rafeindabúnaðarúrgangs með því að bregðast við vandamálum á fyrri stigum. Þessi reglugerð ætti því að mæla fyrir um viðeigandi kröfur fyrir þetta.

13) Mæla ætti viðeigandi mæliþætti vara með áreiðanlegum, nákvæmum og samanburðarnákvæmum mæliaðferðum. Þessar mæliaðferðir ættu að taka tillit til viðurkenndra mæliaðferða sem byggja á nýjustu og fullkomnustu tækni og, þar sem þeir liggja fyrir, samhæfðra staðla sem samþykktir hafa verið af evrópskum staðlastofnunum, sem taldar eru upp í I. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1025/2012 ([8]).

14) Í samræmi við 8. gr. tilskipunar 2009/125/EB ætti í þessari reglugerð að tilgreina gildandi aðferðir við samræmismat.

15) Til að auðvelda eftirlit með því að kröfur séu uppfylltar ættu framleiðendur, innflytjendur eða viðurkenndir fulltrúar að veita upplýsingarnar, sem tilgreindar eru í tækniskjölunum, sem um getur í IV. og V. viðauka við tilskipun 2009/125/EB, að því marki sem þær tengjast kröfunum sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð.

16) Í tengslum við markaðseftirlit ætti framleiðendum að vera heimilt að vísa til vörugagnagrunnsins ef tæknigögnin samkvæmt framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/2018 ([9]) innihalda sömu upplýsingar.

([4]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/2019 frá 1. október 2019 um kröfur varðandi visthönnun á kælitækjum samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/125/EB og um niðurfellingu á reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 643/2009 (Stjtíð. ESB L 315, 5.12.2019, bls. 187).

([5]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1095 frá 5. maí 2015 um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/125/EB að því er varðar kröfur varðandi visthönnun kæli- eða frystiskápa, sem notaðir eru í atvinnuskyni, blásturskæli- og blásturs-frystiskápa, þjöppusamstæðna með eimsvala og vökvakæla fyrir vinnslukerfi (Stjtíð. ESB L 177, 8.7.2005, bls. 19).

([6]) Orðsending framkvæmdastjórnarinnar til Evrópuþingsins, ráðsins, efnahags- og félagsmálanefndar Evrópusambandsins og svæðanefndarinnar. Hringnum lokað – aðgerðaráætlun ESB fyrir hringrásarhagkerfi (COM(2015) 614, lokagerð, 2.12.2015).

([7]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2012/19/ESB frá 4. júlí 2012 um raf- og rafeindabúnaðarúrgang (Stjtíð. ESB L 197, 24.7.2012, bls. 38).

([8]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1025/2012 frá 25. október 2012 um evrópska stöðlun og breytingu á tilskipunum ráðsins 89/686/EBE og 93/15/EBE og tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 94/9/EB, 94/25/EB, 95/16/EB, 97/23/EB, 98/34/EB, 2004/22/EB, 2007/23/EB, 2009/23/EB og 2009/105/EB og niðurfellingu á ákvörðun ráðsins 87/95/EBE og ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1673/2006/EB (Stjtíð. ESB L 316, 14.11.2012, bls. 12).

([9]) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/2018 frá 11. mars 2019 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/1369 að því er varðar orkumerkingar kælitækja sem eru notuð við beina sölu (ESB) nr. 1060/2010 (Stjtíð. ESB L 315, 5.12.2019, bls. 155).

17) Til að auka skilvirkni þessarar reglugerðar og til að vernda neytendur ætti að banna vörur sem breyta frammistöðu sinni sjálfkrafa við prófunarskilyrði til að bæta tilgreinda mæliþætti.

18) Til viðbótar við þær lagalega bindandi kröfur sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð ætti, í samræmi við 2. lið 3. hluta I. viðauka tilskipunar 2009/125/EB, að tilgreina viðmiðanir fyrir bestu, fáanlegu tækni til að tryggja mikið framboð og greiðan aðgang að upplýsingum um vistvænleika á vistferli vara sem falla undir þessa reglugerð.

19) Við endurskoðun á þessari reglugerð ætti að meta hversu viðeigandi og skilvirk ákvæði hennar eru til þess að ná tilskildum markmiðum. Tímasetning endurskoðunarinnar ætti að heimila innleiðingu allra ákvæðanna.

20) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót með 1. lið 19. gr. tilskipunar 2009/125/EB.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Efni og gildissvið

1. Með þessari reglugerð eru settar fram kröfur varðandi visthönnun að því er varðar að setja á markað kælitæki eða taka í þjónustu kælitæki sem nota rafmagn sem notuð eru við beina sölu, þ.m.t. tæki sem seld eru til að kæla aðra hluti en matvæli.

2. Þessi reglugerð gildir ekki um:

a) kælitæki sem notuð eru við beina sölu sem eru eingöngu knúin með öðrum orkugjöfum en rafmagni,

b) einingar sem eru ekki staðsettar á sama stað, eins og þjöppusamstæður með eimsvala, þjöppur eða vatnskælda eimsvala, sem aðskilinn kæli- eða frystiskápur þarf að tengjast til að virka,

c) kælitæki fyrir matvælavinnslu sem notuð eru við beina sölu,

d) kælitæki sem notuð eru við beina sölu sem hafa verið sérstaklega prófuð og fengið samþykki fyrir geymslu lyfja eða vísindasýna,

e) kælitæki sem notuð eru við beina sölu sem eru ekki með innbyggð kælikerfi sem framleiða og leiða kælt loft frá ytri kælieiningu. Undir þetta falla ekki aðskildir kæli- eða frystiskápar né kældir sjálfsalar í flokki 6 eins og skilgreint er í töflu 5 í III. viðauka,

f) kæli- eða frystiskápa sem notaðir eru í atvinnuskyni, hraðkæli- og hraðfrystiskápa, þjöppusamstæður með eimsvala og vökvakæla fyrir vinnslukerfi eins og skilgreint er í reglugerð (ESB) 2015/1095,

g) vínkæla og míníbari.

3. Kröfurnar í 1. lið og k-lið 3. liðar í II. viðauka gilda ekki um:

a) kælitæki sem notuð eru við beina sölu sem nota ekki gufuþjöppunarhringrás til kælingar,

b) kælitæki sem notuð eru við beina sölu sem eru ætluð til að selja og stilla út lifandi matvælum, s.s. kælitæki til að selja og sýna lifandi fisk og skelfisk, kæld fiskabúr og vatnstankar,

c) salatkæliborð,

d) lárétta þjónustuborðkæla með innbyggðri geymslu sem er hönnuð til að starfa við ganghitastig kælingar,

e) hornkæli- eða frystiskápa,

f) sjálfsala sem eru hannaðir til að starfa við ganghitastig frystingar,

g) þjónustuborðkæla með ísflögum fyrir fisk.

2. gr.

Skilgreiningar

Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1. „kælitæki sem notuð eru við beina sölu“: einangraður kæli- eða frystiskápur með einu eða fleiri hólfum með tiltekna hitastýringu, kældur með náttúrulegum eða þvinguðum varmaburði og þar sem kæling næst með einu eða fleiri ferlum sem nota orku og er ætlað til að stilla út og selja, með eða án beinnar afgreiðslu, matvæli og aðra vöru við tiltekin hitastig undir umhverfishita til viðskiptavina, aðgengileg beint með opnum hliðum eða með einni eða fleiri hurðum eða skúffum eða bæði, þ.m.t. einnig kælitæki sem notuð eru við beina sölu með svæði sem notuð eru fyrir geymslu matvæla eða annarrar vöru sem er ekki aðgengileg viðskiptavinum, og að undanskildum míníbörum og vínkælum,

2. „matvæli“: matur, innihaldsefni, drykkjarvörur, þ.m.t. vín, og aðrir hlutir sem einkum eru notaðar til neyslu og þarfnast kælingar við tiltekið hitastig,

3. „þjöppusamstæða með eimsvala“: vara, sem hefur a.m.k. eina rafknúna þjöppu og einn eimsvala og getur kælt og viðhaldið lágu hitastigi eða miðlungshitastigi í kæliskáp eða frysti eða kælikerfi með því að nota gufuþjöppunarhringrás þegar hún hefur verið tengd við eimi og þenslubúnað, eins og skilgreint er í reglugerð (ESB) 2015/1095,

4. „aðskilinn kæliskápur“: kælitæki sem notað er við beina sölu sem er sett saman úr verksmiðjuframleiddum íhlutum sem, til þess að virka sem kælitæki sem notuð eru við beina sölu, þarf enn fremur að tengjast einingum sem eru ekki staðsettar á sama stað (þjöppusamstæðu með eimsvala og/eða þjöppu og/eða vatnskældum eimsvala) og eru ekki innbyggður hluti kæliskápsins,

5. „kælitæki fyrir matvælavinnslu sem notað er við beina sölu“: kælitæki sem notað er við beina sölu sem hefur verið sérstaklega prófað og fengið samþykki fyrir matvælavinnslu s.s. rjómaísvélar eða kældir sjálfsalar með örbylgjubúnaði eða ísvélar. Undanskilin eru kælitæki sem notuð eru við beina sölu sem eru útbúin með einu hólfi sem er sérstaklega hannað fyrir matvælavinnslu sem er minna en því sem nemur 20% af samanlögðu nettórúmmáli tækisins,

6. „nettórúmmál“: sá hluti af brúttórúmmáli hólfs sem eftir verður að frádregnu rúmmáli hólfa og rýma sem eru ónothæf til að geyma eða stilla út matvælum og annarri vöru, í rúmdesímetrum (dm^3) eða lítrum (L),

7. „brúttórúmmál“: rúmmál innan innri klæðningar án innréttinga og með hurð eða hlera lokuðum, í rúmdesímetrum (dm^3) eða lítrum (L),

8. „sérstaklega prófað og samþykkt“: vara sem uppfyllir allar eftirfarandi kröfur:

   a) hún er sérstaklega hönnuð og hefur verið prófuð fyrir umrædd notkunarskilyrði eða notkun, samkvæmt umræddri löggjöf Sambandsins eða tengdri löggjöf, viðeigandi löggjöf aðildarríkis og/eða viðeigandi evrópskum eða alþjóðlegum stöðlum,

   b) henni fylgja gögn, sem skulu fylgja tækniskjölum í formi vottorðs, gerðarviðurkenningarmerkis eða prófunarskýrslu, þess efnis að varan hafi verið sérstaklega samþykkt fyrir umrædd notkunarskilyrði eða notkun,

   c) hún er sett á markað sérstaklega fyrir umrædd notkunarskilyrði eða notkun, eins og fram kemur a.m.k. í tækniskjölum, framlögðum upplýsingum um vöruna og öllu auglýsinga-, upplýsinga- eða markaðssetningarefni,

9. „vínkælir“: kælitæki með aðeins eina tegund hólfs til að geyma vín, með nákvæmri hitastýringu fyrir geymsluskilyrði og markhitastig víngeymsluhólfs og útbúinn með titringarvörn, eins og skilgreint er í reglugerð (ESB) 2019/2019,

10. „hólf“: lokað rými innan kælitækis sem notað er við beina sölu, aðskilið frá öðrum hólfum með millivegg, geymi eða álíka smíði sem auðvelt er að komast að í gegnum eina eða fleiri ytri hurðir og hægt er að deila því upp í smærri hólf. Að því er varðar þessa reglugerð, ef annað er ekki tekið fram, vísar hólf til bæði hólfa og smærri hólfa,

11. „ytri hurð“: sá hluti kælitækis sem notað er við beina sölu sem hægt er að færa eða fjarlægja svo hægt sé a.m.k. að færa farminn að utan og inn í kælitækið eða að innan og út fyrir kælitækið,

12. „smærra hólf“: lokað rými í hólfi sem hefur annað bil ganghita en hólfið sem það er staðsett í,

13. „míníbar“: kælitæki með heildarrúmmál sem er að hámarki 60 lítrar, og er fyrst og fremst ætlað fyrir geymslu og sölu matvæla á hótelherbergjum og viðlíka húsnæði, eins og skilgreint er í reglugerð (ESB) 2019/2019,

14. „kældur tromlusjálfsali“: kældur sjálfsali með tromlum sem snúast og er hverri þeirra skipt niður í skilrúm þar sem matvælum og öðrum vörum er komið fyrir á láréttum fleti þaðan sem þær eru sóttar í gegnum sérafgreiðslulúgur,

15. „kældur sjálfsali“: kælitæki sem notað er við beina sölu sem er hannað til að taka við greiðslu eða sjálfsalamynt frá neytanda í skiptum fyrir kæld matvæli eða aðra vöru án afskipta vinnuafls á staðnum,

16. „salatkæliborð“: kælitæki sem notuð eru við beina sölu með einni eða fleiri hurðum eða skúffuframhliðum á lóðrétta hluta kæliborðsins og opum að ofan þar sem hægt er að koma fyrir geymsluílátum til skamms tíma til að auðvelda aðgengi að matvælum, t.d., flatbökuáleggi eða hráefni í salat,

17. „láréttur þjónustuborðkælir með innbyggðri geymslu“: láréttur skápur fyrir beina afgreiðslu, með kæligeymslu sem nemur a.m.k. 100 lítrum (L) á hvern lengdarmetra sem vanalega situr ofan á undirstöðu þjónustuborðkælisins,

18. „láréttur kæli- eða frystiskápur“: kælitæki sem notað er við beina sölu með láréttu útstillingarrými sem opnast og er aðgengilegt að ofan,

19. „ganghitastig kælingar“: hitastig á bilinu -3,5 til 15 gráður á selsíus (°C) fyrir tæki sem eru útbúin með orkustjórnunarkerfum vegna orkusparnaðar og á bilinu -3,5 til 10 gráður á selsíus (°C) fyrir tæki sem eru ekki útbúin með orkustjórnunarkerfum vegna orkusparnaðar,

20. „ganghiti“: viðmiðunarhitastig inni í hólfi á meðan prófun stendur,

21. „hornkæli- eða frystiskápur“: kælitæki sem notað er við beina sölu sem er notað til þess að halda rúmfræðilegri samfellu milli tveggja kæliskápa sem eru hornréttir hvor á annan og/eða sem mynda beygju. Hornkæli- eða frystiskápur er ekki með greinanlegan lengdarás eða lengd þar sem lögun hans gegnir eingöngu því hlutverki að fylla út í rými (fleygur eða álíka) og hann er ekki hannaður til að starfa sem sjálfstæð kælieining. Hornið milli tveggja enda hornkæli- eða frystiskápsins nemur á bilinu 30 ° og 90 °,

22. „ganghitastig frystingar“: hitastig sem er lægra en -12 á selsíus (°C),

23. „þjónustuborðkælar með ísflögum fyrir fisk“: lágréttur kæliskápur fyrir beina afgreiðslu, hannaður og markaðssettur sérstaklega fyrir útstillingu á ferskum fiski. Hann einkennist af því að á yfirborði hans er lag af ísflögum til að viðhalda hitastigi á ferska fiskinum sem er til sýnis, þar að auki er hann með innbyggðu frárennslisopi,

24. „sambærileg tegund“: tegund með sömu tæknilegu eiginleika sem máli skipta hvað varðar tækniupplýsingar sem veita skal, en er sett á markað eða tekin í notkun af sama framleiðanda, innflytjanda eða viðurkennda fulltrúa sem önnur tegund með annað tegundarauðkenni,

25. „tegundarauðkenni“: kóði, venjulega alstafa, sem greinir tiltekna vörutegund frá öðrum tegundum með sama vörumerki eða nafni framleiðanda, innflytjanda eða viðurkennds fulltrúa,

26. „vörugagnagrunnur“: safn gagna um vörur sem er sett saman á kerfisbundinn hátt og samanstendur af opnum hluta sem miðast við þarfir neytanda þar sem upplýsingar varðandi einstaka mæliþætti vöru eru aðgengilegar með rafrænum hætti, og vefgátt fyrir aðgengi og hluta er varðar reglufylgni þar sem kröfur um aðgengi og öryggi eru tilgreindar með skýrum hætti, eins og um getur í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/1369 ([10]),

27. „drykkjarkælir“: kælitæki sem notað er við beina sölu sem er hannað til að kæla, á tilteknum hraða, pakkaðar drykkjarvörur sem eru ekki viðkvæmar fyrir skemmdum, að undanskildu víni, áfyllt við umhverfishita, til sölu við tiltekin hitastig undir umhverfishita. Í drykkjarkæli eru drykkjarvörurnar aðgengilegar með beinum hætti gegnum opnar hliðar eða eina eða fleiri hurðir, skúffur eða bæði. Hækka má hitastigið inni í kælinum þegar eftirspurn er engin í því skyni að spara orku, í ljósi þess að drykkjarvaran er ekki viðkvæm fyrir skemmdum,

28. „orkunýtnistuðull“ (EEI): stuðull sem tilgreinir hlutfallslega orkunýtni kælitækis sem notað er við beina sölu, gefinn upp í hundraðshlutum, reiknaður út í samræmi við 2. lið í III. viðauka.

Að því varðar viðaukana eru viðbótarskilgreiningar settar fram í I. viðauka.

3. gr.

Kröfur varðandi visthönnun

Kröfurnar varðandi visthönnun sem settar eru fram í II. viðauka skulu gilda frá þeim dagsetningum sem þar eru tilgreindar.

4. gr.

Samræmismat

1. Aðferðin við samræmismat sem um getur í 8. gr. tilskipunar 2009/125/EB skal vera innra hönnunareftirlitskerfið, sem sett er fram í IV. viðauka við þá tilskipun, eða stjórnunarkerfið, sem sett er fram í V. viðauka við þá tilskipun.

2. Að því er varðar samræmismat skv. 8. gr. tilskipunar 2009/125/EB skulu tækniskjölin innihalda afrit af vöruupplýsingunum sem veittar eru í samræmi við 3. lið í II. viðauka og upplýsingar og niðurstöður útreikninganna sem settir eru fram í III. viðauka við þessa reglugerð.

3. Þegar upplýsinganna í tæknigögnum tiltekinnar tegundar hefur verið aflað:

a) á grundvelli tegundar með sömu tæknilegu eiginleika sem máli skipta hvað varðar tækniupplýsingarnar sem veita skal, en er framleidd af öðrum framleiðanda eða

b) með útreikningi á grundvelli hönnunar eða með framreikningi á grundvelli annarrar tegundar frá sama eða öðrum framleiðanda, eða með báðum þessum aðferðum,

skulu tæknigögnin innihalda upplýsingar og niðurstöður sem varða slíka útreikninga, hvaða mat framleiðendur hafa gert til að staðfesta nákvæmni útreikninganna sem gerðir hafa verið og þar sem við á, yfirlýsingu sem staðfestir að tegundir frá mismunandi framleiðendum eru eins.

Tæknigögnin skulu innihalda skrá yfir jafngildar tegundir, þ.m.t. tegundarauðkenni.

4. Tæknigögnin skulu innihalda upplýsingar í þeirri röð eins og sett er fram í VI. viðauka framseldrar reglugerðar (ESB) 2019/2018. Að undanskildum þeim vörum sem um getur í 3. lið 1. gr., er framleiðendum, innflytjendum eða viðurkenndum fulltrúum heimilt vegna markaðseftirlits, án þess að hafa áhrif á g-lið 2. liðar IV. viðauka tilskipunar 2009/125/EB, að vísa til tæknigagnanna sem halað hefur verið upp í vörugagnagrunninn sem inniheldur sömu upplýsingar og mælt er fyrir um í framseldri reglugerð (ESB) 2019/2018.

5. gr.

Sannprófunaraðferð vegna markaðseftirlits

Aðildarríkin skulu beita sannprófunaraðferðinni sem sett er fram í IV. viðauka við markaðseftirlit það sem um getur í 2. lið 3. gr. tilskipunar 2009/125/EB.

([10]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/1369 frá 4. júlí 2017 um setningu ramma fyrir orkumerkingar og um niðurfellingu tilskipunar 2010/30/ESB (Stjtíð. ESB L 198, 28.7.2001, bls. 1).

6. gr.

Sniðganga og uppfærsla hugbúnaðar

Framleiðandinn, innflytjandinn eða viðurkenndi fulltrúinn skal ekki setja á markað vörur sem eru þannig hannaðar að þær geti greint að verið sé að prófa þær (t.d. með því að þekkja aftur prófunarskilyrðin eða prófunarlotuna) og sem bregðast sérstaklega við með því að breyta sjálfkrafa frammistöðu sinni meðan á prófun stendur í þeim tilgangi að ná betri gildum fyrir einhvern þeirra mæliþátta sem framleiðandinn, innflytjandinn eða viðurkenndi fulltrúinn gefur upp í tæknigögnum eða í einhverjum þeim gögnum sem fylgja með vörunni.

Orkunotkun vörunnar og annarra yfirlýstra mæliþátta skal ekki rýrna eftir uppfærslu hugbúnaðar og fastbúnaðar þegar hún er mæld með sama prófunarstaðli sem upphaflega var notaður fyrir samræmisyfirlýsinguna, nema með skýlausu samþykki endanotandans áður en uppfærslan á sér stað. Ef uppfærslu er hafnað skal það ekki hafa í för með sér breytingar á frammistöðu.

Hugbúnaðaruppfærsla skal aldrei hafa þau áhrif að hún breyti frammistöðu vörunnar á þann hátt að varan uppfylli ekki kröfurnar varðandi visthönnun sem gilda fyrir samræmisyfirlýsinguna.

7. gr.

Viðmiðanir

Viðmiðanir fyrir vistvænustu vörurnar og tæknina á markaði við gildistöku þessarar reglugerðar eru settar fram í V. viðauka.

8. gr.

Endurskoðun

Framkvæmdastjórnin skal endurskoða þessa reglugerð í ljósi tækniframfara og kynna niðurstöður þessa mats, þ.m.t. ef við á, drög að tillögu um endurskoðun, á samráðsvettvanginum eigi síðar en 25. desember 2023.

Við endurskoðunina skal m.a. meta eftirfarandi:

a) umfang krafa um orkunýtnistuðul,

b) hvort viðeigandi sé að breyta orkunýtnistuðulsformúlunni, þ.m.t. mæliþáttum reiknilíkana og leiðréttingarstuðlum,

c) hvort frekari sundurliðun vöruflokka sé viðeigandi,

d) hvort viðeigandi sé að fastsetja viðbótarkröfur um auðlindanýtni í samræmi við markmið hringrásarhagkerfisins, þ.m.t. hvort fleiri varahlutir ættu að vera innifaldir,

e) hvort viðeigandi sé að fastsetja kröfur um orkunýtni og viðbótarupplýsingakröfur í tengslum við salatkæliborð, lárétta þjónustuborðkæla með innbyggðri geymslu sem starfa við ganghitastig kælingar, hornkæli- eða frystiskápa, sjálfsala sem eru hannaðir til að starfa við ganghitastig frystingar, og þjónustuborðkæla með ísflögum fyrir fisk,

f) hvort viðeigandi sé að byggja [jafngilt rúmmál] drykkjarkælis á nettórúmmáli í stað brúttórúmmáls,

g) hvort viðeigandi sé að innleiða orkunýtnistuðulsformúlu fyrir stórmarkaðskæli- og frystiskápa á grundvelli nettórúmmáls frekar en heildarútstillingarsvæðis,

h) hámarksgildi vikmarka.

9. gr.

Gildistaka og framkvæmd

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 1. mars 2021.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 1. október 2019.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

I. VIÐAUKI

Skilgreiningar sem gilda um viðaukana

Eftirfarandi skilgreiningar gilda:

1) „varahlutur“: aðskilinn hlutur sem getur komið stað hlutar með sömu eða álíka virkni í vöru,

2) „faglærður viðgerðaraðili“: rekstraraðili eða fyrirtæki sem veitir viðgerðarþjónustu og faglegt viðhald á kælitækjum sem notuð eru við beina sölu,

3) „hurðaþétting“: kraftrænn þéttir sem fyllir plássið milli hurðar og skáps í kælitækinu sem notað er við beina sölu, til að koma í veg fyrir leka frá skápnum í loftið utandyra,

4) „lofttæmd einangrunarklæðning“: einangrunarklæðning sem samanstendur af þéttu, mjög gropnu efni umlukið þunnri, loftþéttri ytri himnu sem leiðir lofttegundirnar í burt og er þéttlokuð til að koma í veg fyrir að utanaðkomandi loftegundir komist í gegnum klæðninguna,

5) „frystir fyrir rjómaís“: láréttur frystiskápur ætlaður til að geyma og/eða stilla út og selja pakkaðan rjómaís, þar sem aðgengi notanda að pakkaða rjómaísnum næst með því að opna ógagnsætt eða gagnsætt lok ofan á frystinum, með nettórúmmál sem er ≤ 600 lítrar (L) og, eingöngu ef um er að ræða frysti fyrir rjómaís með gagnsæju loki, nettórúmmál deilt með heildarútstillingarsvæði ≥ 0,35 metrar (m),

6) „gagnsætt lok“: hurð úr gagnsæju efni sem þekur a.m.k. 75% af yfirborði hurðarinnar sem gerir endanotanda kleift að sjá hluti í gegnum það,

7) „heildarútstillingarsvæði“: heildarsvæði þar sem matvæli og önnur vara er sýnileg, þ.m.t. rými sem eru sýnileg gegnum gler, skilgreint sem summa af áætluðu láréttu og lóðréttu yfirborðsflatarmáli nettórúmmálsins, gefið upp í fermetrum (m^2),

8) „ábyrgð“: allar skuldbindingar smásala eða framleiðanda, innflytjanda eða viðurkennds fulltrúa gagnvart neytandanum varðandi:

   a) að endurgreiða það verð sem greitt er eða

   b) að skipta út, gera við eða meðhöndla kælitæki sem notuð eru við beina sölu, á einn eða annan hátt ef þau uppfylla ekki þær forskriftir sem settar eru fram í ábyrgðaryfirlýsingu eða í viðeigandi auglýsingu,

9) „frystiborð fyrir kúluís“: kælitæki sem notað er við beina sölu þar sem rjómaís er geymdur, til sýnis og úr honum skafnar kúlur, innan tilgreindra hitamarka sem eru sett fram í töflu 5 í III. viðauka,

10) „árleg orkunotkun“ (*AE*): dagleg orkunotkun margfölduð með 365 (dögum á ári), gefin upp í kílóvattstundum á ári (kWh/á ári), eins og reiknað er út í samræmi við b-lið 2. liðar í III. viðauka,

11) „dagleg orkunotkun“ (E_{daily}): sú orka sem kælitæki sem notað er við beina sölu, notar á 24 klukkustundum við viðmiðunarskilyrði, gefin upp í kílóvattstundum á dag (kWh/24 klst.),

12) „stöðluð, árleg orkunotkun“ (S*AE*): árleg viðmiðunarorkunotkun kælitækis sem notað er við beina sölu, gefin upp í kílóvattstundum á ári (kWh/á ári), eins og reiknað er út í samræmi við c-lið 2. liðar í III. viðauka,

13) „M“ og „N“: mæliþættir reiknilíkans þar sem tekið er tilliti til að hvaða marki orkunotkun er háð heildarútstillingarsvæði eða -rúmmáli, með gildum sem eru sett fram í töflu 4 í III. viðauka,

14) „hitastigsstuðull“ (*C*): leiðréttingarstuðull þar sem tekið er tilliti til mismunar á ganghita,

15) „loftslagsflokksstuðull“ (*CC*): leiðréttingarstuðull þar sem tekið er tillit til mismunarins á umhverfisskilyrðunum sem kælitækið er hannað fyrir,

16) „P“: leiðréttingarstuðull þar sem tekið er tilliti til mismunarins á sambyggðum og aðskildum kæli- eða frystiskápum,

17) „sambyggður kæli- eða frystiskápur“: kælitæki sem notað er við beina sölu með innbyggðu kælikerfi sem í er þjappa og þjöppusamstæða með eimsvala,

18) „kæliskápur“: kælitæki sem notað er við beina sölu sem stöðugt viðheldur hitastiginu á þeim vörum sem geymdar eru í kæliskápnum við ganghitastig kælingar,

19) „frystir“: kælitæki sem notað er við beina sölu sem viðheldur hitastiginu á þeim vörum sem geymdar eru í skápnum við ganghitastig frystingar,

20) „uppréttur kæli- eða frystiskápur“: kælitæki sem notað er við beina sölu, með opnanlegu lóðréttu eða hallandi útstillingarrými að framan,

21) „sambyggður kæli- eða frystiskápur“: kælitæki sem notað er við beina sölu sem sameinar stefnu útstillingarrýmis og opnanlegra hurða á uppréttum og láréttum kæliskáp,

22) „stórmarkaðsskæli- eða frystiskápur“: kælitæki sem notað er við beina sölu ætlað til að selja og stilla út matvælum og annarri vöru til smásölu, s.s. í stórmörkuðum. Drykkjarkælar, kældir sjálfsalar, frystiborð fyrir kúluís og frystar fyrir rjómaís teljast ekki stórmarkaðsskæli- eða frystiskápar,

23) „kæli- eða frystiskápur fyrir hilluvagna“: stórmarkaðsskæli- eða frystiskápur sem gerir það kleift að stilla út vörum beint af vörubrettum eða vögnum sem koma má inn í skápinn með því að lyfta, sveifla eða fjarlægja neðri framhlutann, ef hann er til staðar,

24) „M-pakki“: prófunareining með hitamælibúnaði,

25) „fjölhita sjálfsali“ kældur sjálfsali með a.m.k. tvö hólf með mismunandi ganghitastig.

II. VIÐAUKI

Kröfur varðandi visthönnun

1. Orkunýtnikröfur:

a) Frá 1. mars 2021 skal orkunýtnistuðull kælitækja sem notuð eru við beina sölu ekki vera yfir þeim gildum sem sett eru fram í töflu 1.

Tafla 1

Hámarksorkunýtnistuðull (EEI) fyrir kælitæki sem notuð eru við beina sölu, gefinn upp í hundraðshlutum

	EEI
Frystar fyrir rjómaís	80
Öll önnur kælitæki sem notuð eru við beina sölu	100

b) Frá 1. september 2023 skal orkunýtnistuðull kælitækja sem notuð eru við beina sölu, að undanskildum kældum tromlusjálfsölum, ekki vera yfir þeim gildum sem sett eru fram í töflu 2.

Tafla 2

Hámarksorkunýtnistuðull (EEI) fyrir kælitæki sem notuð eru við beina sölu, gefinn upp í hundraðshlutum

	EEI
Frystar fyrir rjómaís	50
Öll önnur kælitæki sem notuð eru við beina sölu, að undanskildum kældum tromlusjálfsölum	80

2. Kröfur um auðlindanýtni:

Frá 1. mars 2021 skulu kælitæki sem notuð eru við beina sölu uppfylla eftirfarandi kröfur:

a) Tiltækileiki varahluta

1) framleiðendur, innflytjendur eða viðurkenndir fulltrúar kælitækja sem notuð eru við beina sölu, skulu gera a.m.k. eftirfarandi varahluti tiltæka fyrir faglærða viðgerðaraðila:

— hitastilla,

— ræsiliða (e. *starting relay*),

— frostlaus hitaviðnám,

— hitaskynjara,

— hugbúnað og fastbúnað, þ.m.t. endurstillingarhugbúnað,

— prentplötur og

— ljósgjafa,

í a.m.k. átta ár eftir að síðasta eining tegundarinnar er sett á markað.

2) Framleiðendur, innflytjendur eða viðurkenndir fulltrúar kælitækja sem notuð eru við beina sölu, skulu gera a.m.k. eftirfarandi varahluti tiltæka fyrir faglærða viðgerðaraðila og endanlega notendur:

— hurðarhúna og hurðarlamir,

— hnúða, mæliskífur og hnappa,

— hurðaþéttingar og

— geymslubakka, -körfur og -grindur,

í a.m.k. átta ár eftir að síðasta eining tegundarinnar er sett á markað.

3) Framleiðendur, innflytjendur eða viðurkenndir fulltrúar kælitækja sem notuð eru við beina sölu skulu tryggja að hægt sé að skipta út varahlutunum sem um getur í 1. og 2. lið með því að nota algeng verkfæri og án þess að valda varanlegum skemmdum á tækinu.

4) Skrá yfir viðkomandi varahluti í 1. lið sem og aðferðin við að panta þá skulu vera aðgengileg öllum á opnu vefsetri framleiðandans, innflytjandans eða viðurkennds fulltrúa eigi síðar en tveimur árum eftir að fyrsta eining tegundarinnar er sett á markað og þar til tímabilinu, sem þessir varahlutir eru tiltækir, lýkur.

5) Skrá yfir viðkomandi varahluti í 2. lið sem og aðferðin við að panta þá og leiðbeiningar um viðgerðir skulu vera aðgengilegar öllum á opnu vefsetri framleiðandans, innflytjandans eða viðurkennds fulltrúa um leið og fyrsta eining tegundarinnar er sett á markað og þar til tímabilinu, sem þessir varahlutir eru tiltækir, lýkur.

b) Hámarkstími fyrir afhendingu varahluta

Á tímabilinu, sem um getur í a-lið, skal framleiðandinn, innflytjandinn eða viðurkenndi fulltrúinn tryggja afhendingu varahluta fyrir kælitækin sem notuð eru við beina sölu, innan 15 virkra daga eftir að pöntunin hefur verið móttekin.

Ef um er að ræða varahluti sem um getur í 1. lið a-liðar getur þessi tiltækileiki takmarkast við faglærða viðgerðaraðila sem skráðir eru í samræmi við 1. og 2. lið c-liðar.

c) Aðgangur að upplýsingum um viðgerðir og viðhald

Að loknu tveggja ára tímabili eftir að fyrsta eining tegundarinnar eða eining sem jafngildir þeirri tegund hefur verið sett á markað og að loknu tímabilinu, sem um getur í 1-lið, skal framleiðandinn, innflytjandinn eða viðurkenndi fulltrúinn veita faglærðum viðgerðaraðilum aðgang að upplýsingum um viðgerðir og viðhald tækisins með eftirfarandi skilyrðum:

1) á vefsetri framleiðandans, innflytjandans eða viðurkennda fulltrúans skal lýsa því hvernig faglærðir viðgerðaraðilar eigi að skrá sig til að fá aðgang að upplýsingum, en til þess að samþykkja slíka beiðni er framleiðendum, innflytjendum og viðurkenndum fulltrúum heimilt fara fram á það að faglærði viðgerðaraðilinn sýni fram á að:

   i. faglærði viðgerðaraðilinn búi yfir tæknilegri færni til að gera við kælitækin sem notuð eru við beina sölu, og uppfylli gildandi reglur um viðgerðaraðila rafbúnaðar í aðildarríkinu þar sem hann starfar. Skráning faglærðs viðgerðaraðila í opinbert skráningarkerfi, ef slíkt kerfi er fyrir hendi í hlutaðeigandi aðildarríki, skal vera fullnægjandi sönnun þess að farið sé að þessum lið,

   ii. hann hafi tryggingu sem tekur til bótaábyrgðar í tengslum við starfsemi hans, án tillits til hvort þess sé krafist af aðildarríkinu.

2) framleiðendur, innflytjendur eða viðurkenndir fulltrúar skulu samþykkja eða hafna skráningunni innan 5 virkra daga frá því að beiðnin er lögð fram,

3) framleiðendur, innflytjendur og viðurkenndir fulltrúar mega innheimta sanngjarnt og hóflegt gjald fyrir aðgang að upplýsingum um viðgerðir og viðhald ökutækja eða til að fá reglulegar uppfærslur. Gjald telst sanngjarnt ef það hindrar ekki faglærðan viðgerðaraðila í að nýta sér aðgang að upplýsingum og að það miðist ekki við umfang upplýsinganna sem eru notaðar.

Þegar faglærður viðgerðaraðili hefur verið skráður skal hann hafa aðgang að umbeðnum upplýsingum um viðgerðir og viðhald innan eins virks dags frá því óskað var eftir þeim. Heimilt er að leggja fram upplýsingar fyrir sambærilega tegund eða tegund sem tilheyrir sama hópi, ef við á.

Tiltækar upplýsingar um viðgerðir og viðhald skulu innihalda:

— ótvírætt auðkenni tækisins,

— mynd af sundurhlutun tækis eða sundurgreindar teikningar,

— tæknihandbók með viðgerðarleiðbeiningum,

— skrá yfir nauðsynlegan viðgerðar- og prófunarbúnað,

— upplýsingar um íhluti og greiningar (t.d. lægstu og hæstu fræðileg gildi mælinga),

— skýringarmyndir fyrir raflagnir og tengi,

— bilana- og villugreiningarkóða (þ.m.t. sérkóðar framleiðenda, eftir atvikum),

— leiðbeiningar um uppsetningu á viðeigandi hugbúnaði og fastbúnaði, þ.m.t. endurstillingarhugbúnaði og

— upplýsingar um hvernig nálgast megi gagnafærslur um tilkynnt bilunaratvik sem geymdar eru í kælitækinu sem notað er við beina sölu (eftir atvikum).

d) Kröfur um sundurhlutun fyrir endurnýtingu og endurvinnslu efnis en forðast jafnframt mengun

1) Framleiðendur, innflytjendur og viðurkenndir fulltrúar skulu tryggja að kælitæki sem notuð eru við beina sölu séu hönnuð á þann hátt að hægt sé að fjarlægja efni og íhluti sem um getur í VII. viðauka við tilskipun 2012/19/ESB með því að nota algeng verkfæri.

2) Framleiðendur, innflytjendur og viðurkenndir fulltrúar skulu uppfylla skuldbindingarnar sem mælt er fyrir um í 1. lið 15. gr. tilskipunar 2012/19/ESB.

3) Ef kælitækið sem notað er við beina sölu er með lofttæmda einangrunarklæðningu skal kælitækið merkt með stöfunum „VIP“.

3. Kröfur um upplýsingar:

Frá 1. mars 2021 skulu eftirfarandi upplýsingar koma fram í notendahandbókum fyrir þá sem sjá um uppsetningu og endanlega notendur og á opnum vefsetrum framleiðenda, viðurkenndra fulltrúa og innflytjenda:

a) hitastilling sem mælt er með í hverju hólfi fyrir bestu mögulegu matvælageymslu,

b) mat á áhrifum hitastillinga á matarsóun,

c) fyrir drykkjarkæla: „Þetta tæki er ætlað til að starfa í loftslagi þar sem hámarkshita- og rakastig nemur [fyllið út viðeigandi hæsta hitastig drykkjarkælisins og viðeigandi rakastig drykkjarkælisins úr töflu 7] eftir því sem við á.“,

d) fyrir frysta fyrir rjómaís: Þetta tæki er ætlað til að starfa í loftslagi þar sem hitastig og rakastig er á bilinu frá [fyllið út viðeigandi lágmarkshitastig úr töflu 9] til [fyllið út viðeigandi hámarkshitastig úr töflu 9] og frá [fyllið út viðeigandi lágmarksrakastig úr töflu 9] til [fyllið út viðeigandi hámarksrakastig úr töflu 9] eftir því sem við á.“,

e) leiðbeiningar um rétta uppsetningu og viðhald endanlegs notanda, þ.m.t. þrif, á kælitækinu sem notað er við beina sölu,

f) fyrir sambyggða kæli- og frystiskápa: „Ef eimsvalavafningur (e. *condenser coil*) er ekki hreinsaður [ráðlögð tíðni fyrir hreinsun eimsvalavafnings, gefin upp hve oft á ári] mun skilvirkni tækisins minnka verulega.“,

g) aðgangur að faglegri viðgerð, svo sem vefsíður, netföng, samskiptaupplýsingar,

h) viðeigandi upplýsingar til að panta varahluti, beint eða með öðrum leiðum sem veittar eru af framleiðanda, innflytjanda eða viðurkenndum fulltrúa, svo sem vefsíður, netföng, samskiptaupplýsingar,

i) lágmarkstímabilið sem varahlutir, sem nauðsynlegir eru fyrir viðgerð á kælitækjum sem notuð eru við beina sölu, eru tiltækir,

j) lágmarkstímalengd ábyrgðar á kælitækinu sem notað er við beina sölu, sem framleiðandi, innflytjandi eða viðurkenndur fulltrúi veitir,

k) leiðbeiningar um hvernig eigi að finna upplýsingar um tegundina í vörugagnagrunni eins og sett er fram í reglugerð (ESB) 2019/2018 með veftengli sem tengir á upplýsingar um tegundina í vörugagnagrunni eða með tengli að vörugagnagrunninum og upplýsingum um hvernig eigi að finna tegundarauðkenni vörunnar.

III. VIÐAUKI

Mæliaðferðir og útreikningar

Í þeim tilgangi að uppfylla kröfur þessarar reglugerðar og til sannprófunar á því að kröfur þessarar reglugerðar séu uppfylltar skal, við mælingar og útreikninga, nota samhæfða staðla, eða aðrar áreiðanlegar, nákvæmar og samanburðarnákvæmar aðferðir þar sem tillit er tekið til almennt viðurkenndra aðferða sem byggjast á nýjustu tækni. Þær skulu vera í samræmi við ákvæðin sem sett eru fram hér á eftir. Tilvísunarnúmer þessara samhæfðu staðla hafa verið birt í þessum tilgangi í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

1. Almenn prófunarskilyrði:

a) umhverfisskilyrðin skulu samsvara setti 1, að undanskildum frystum fyrir rjómaís og frystiborðum fyrir kúluís sem skulu prófuð við umhverfisskilyrði sem samsvara setti 2, eins og sett er fram í töflu 3,

b) ef hægt er að stilla hólf á annað hitastig, skal það prófað á lægsta ganghita,

c) kældir sjálfsalar með hólfum með breytilegt rúmmal skulu prófaðir í samræmi við nettórúmmál hólfsins sem er með hæsta ganghitann þegar það er stillt á minnsta nettórúmmálið,

d) fyrir drykkjarkæla skal tilgreindur hraði kælingar vera í samræmi við þann tíma sem það tekur kælinn að ná upphaflegum ganghita eftir að fyllt er á kælinn til hálfs.

Tafla 3

Umhverfisskilyrði

	Þurrhiti, °C	Rakastig, %	Daggarmark, °C	Massi vatnsgufu í þurru lofti, g/kg
Sett 1	25	60	16,7	12,0
Sett 2	30	55	20,0	14,8

2. Ákvörðun orkunýtnistuðuls:

a) Að því er varðar öll kælitæki sem notuð eru við beina sölu, er orkunýtnistuðullinn (EEI), gefinn upp í hundraðshlutum og námundaður með einum aukastaf, hlutfall árlegrar orkunotkunar (AE) (í kWh/á ári) og staðlaðrar árlegrar viðmiðunar-orkunotkunar (SAE) (í kWh/á ári) og reiknaður út sem:

$$EEI = AE/SAE.$$

b) Árleg orkunotkun, gefin upp í kWh/á ári og námunduð með tveimur aukastöfum, er reiknuð út á eftirfarandi hátt:

$$AE = 365 \times E_{daily},$$

þar sem:

— E_{daily} er orkunotkun kælitækisins sem notað er við beina sölu á 24 klst., gefin upp í kWh/24 klst. og námunduð með þremur aukastöfum.

c) Stöðluð, árleg orkunotkun, gefin upp í kWh/á ári og námunduð með tveimur aukastöfum. Að því er varðar kælitæki sem notuð eru við beina sölu, þar sem öll hólf eru í sama hitaflokki og að því er varðar kælda sjálfsala er stöðluð, árleg orkunotkun reiknuð út á eftirfarandi hátt:

$$SAE = 365 \times P \times (M + N \times Y) \times C.$$

Að því er varðar kælitæki sem notuð eru við beina sölu, þar sem fleiri en eitt hólf eru í mismunandi hitaflokki og að því er varðar kælda sjálfsala er stöðluð, árleg orkunotkun reiknuð út á eftirfarandi hátt:

$$SAE = 365 \times P \times \sum_{c=1}^{n}(S + N \times Y_c) \times C_c;$$

þar sem:

1) c er skrárnúmer fyrir gerð hólfs á bilinu 1 til n þar sem n er heildarfjöldi tegunda af hólfum.

2) Gildin fyrir M og N eru gefin upp í töflu 4.

Tafla 4

M- og N-gildi

Flokkur	Gildi fyrir M	Gildi fyrir N
Drykkjarkælar	2,1	0,006
Frystar fyrir rjómaís	2,0	0,009
Kældir sjálfsalar	4,1	0,004
Frystiborð fyrir kúluís	25,0	30,400
Uppréttir og sambyggðir stórmarkaðsskæliskápar	9,1	9,100
Láréttir stórmarkaðskæli- og frystiskápar	3,7	3,500
Uppréttir og sambyggðir stórmarkaðsfrystiskápar	7,5	19,300
Láréttir stórmarkaðskæliskápar	4,0	10.300
Kæli- eða frystiskápar fyrir hilluvagna (frá 1. mars 2021)	9,2	11,600
Kæli- eða frystiskápar fyrir hilluvagna (frá 1. september 2023)	9,1	9,100

3) Gildin fyrir hitastigsstuðulinn C eru gefin upp í töflu 5.

Tafla 5

Hitaskilyrði og samsvarandi hitastuðlar, C

a) **Stórmarkaðskæli- og frystiskápar**

Flokkur	Hitaflokkur	Hæsta hitastig heitasta M-pakka (°C)	Lægsta hitastig kaldasta M-pakka (°C)	Hæsta hitastig allra M-pakka (°C)	Gildi fyrir C
Uppréttir og sambyggðir stórmarkaðsskæli- og frystiskápar	M2	≤ +7	≥ -1	á.e.v.	1,00
	H1 og H2	≤ +10	≥ -1	á.e.v.	0,82
	M1	≤ +5	≥ -1	á.e.v.	1,15
Láréttir stórmarkaðskæli- og frystiskápar	M2	≤ +7	≥ -1	á.e.v.	1,00
	H1 og H2	≤ +10	≥ -1	á.e.v.	0,92
	M1	≤ +5	≥ -1	á.e.v.	1,08
Uppréttir og sambyggðir stórmarkaðsfrystiskápar	L1	≤ -15	á.e.v.	≤ -18	1,00
	L2	≤ -12	á.e.v.	≤ -18	0,90
	L3	≤ -12	á.e.v.	≤ -15	0,90
Láréttir stórmarkaðsfrystiskápar	L1	≤ -15	á.e.v.	≤ -18	1,00
	L2	≤ -12	á.e.v.	≤ -18	0,92
	L3	≤ -12	á.e.v.	≤ -15	0,92

b) **Frystiborð fyrir kúluís**

Hitaflokkur	Hæsta hitastig heitasta M-pakka (°C)	Lægsta hitastig kaldasta M-pakka (°C)	Hæsta hitastig allra M-pakka (°C)	Gildi fyrir C
G1	-10	-14	á.e.v.	1,00
G2	-10	-16	á.e.v.	1,00
G3	-10	-18	á.e.v.	1,00
L1	-15	á.e.v.	-18	1,00
L2	-12	á.e.v.	-18	1,00
L3	-12	á.e.v.	-15	1,00
S	Sérstök flokkun			1,00

c) **Kældir sjálfsalar**

Hitaflokkur (**)	Hæsta mælda hitastig vöru (T_v) (°C)	Gildi fyrir C
Flokkur 1	7	1+(12-T_V)/25
Flokkur 2	12	
Flokkur 3	3	
Flokkur 4	(T_{V1}+T_{V2})/2 (*)	
Flokkur 6	(T_{V1}+T_{V2})/2 (*)	

d) **önnur kælitæki sem notuð eru við beina sölu**

Flokkur	Gildi fyrir C
Önnur tæki	1,00

Athugasemdir:

(*) Fyrir fjölhita sjálfsala er T_v meðaltalið af T_{V1} (hæsta mælda hitastig vöru í hlýjasta hólfinu) og T_{V2} (hæsta mælda hitastig vöru í kaldasta hólfinu)

(**) flokkur 1 = dósa- og flöskukælar með lokaða framhlið þar sem vörurnar eru geymdar í stöflum, flokkur 2 = dósa- og flöskukælar með glerframhlið, kælar fyrir sælgæti og léttar máltíðir, flokkur 3 = kælar með glerframhlið eingöngu fyrir matvæli sem eru viðkvæm fyrir skemmdum, flokkur 4 = fjölhita kælar með glerframhlið, flokkur 6 = samsettir kælar með mismunandi flokka kæla í sama vélarhúsi sem eru knúnir með einum vökvakæli.

á.e.v. = á ekki við

4) Stuðull Y er reiknaður út með eftirfarandi hætti:

a) fyrir drykkjarkæla:

Y_c er jafngilt rúmmál hólfa drykkjarkælis með markhitastigið *Tc,* (Veq_c), reiknað út með eftirfarandi hætti:

$$Y_c = Veq_c = \text{brúttórúmmál}_c \times ((25 - Tc)/20) \times CC;$$

þar sem *Tc* er meðalhiti hólfs og *CC* er loftslagsflokksstuðullinn. Gildi fyrir *Tc* eru tilgreind í töflu 6. Gildi fyrir *CC* eru tilgreind í töflu 7.

Tafla 6

Hitaflokkar og samsvarandi meðalhiti hólfs (*Tc)* fyrir drykkjarkæla

Hitaflokkur (*)	*Tc* (°C)
K1	+3,5
K2	+2,5
K3	-1,0
K4	+5,0

Tafla 7

Notkunarskilyrði og samsvarandi *CC*-gildi fyrir drykkjarkæla

Hæsti umhverfishiti (°C)	Rakastig í andrúmslofti (%)	*CC*
+25	60	1,00
+32	65	1,05
+40	75	1,10

b) fyrir frysta fyrir rjómaís:

Y_c er jafngilt rúmmál hólfa frystis fyrir rjómaís með markhitastigið *Tc,* (Veq_c), reiknað út með eftirfarandi hætti:

$$Y_c = Veq_c = \text{NetVolume}_c \times ((12 - Tc)/30) \times CC,$$

þar sem *Tc* er meðalhiti hitaflokks hólfs og *CC* er loftslagsflokksstuðullinn. Gildi fyrir *Tc* eru tilgreind í töflu 8. Gildi fyrir *CC* eru tilgreind í töflu 9.

Tafla 8

Hitaflokkar og samsvarandi meðalhiti hólfs (*Tc)* fyrir frysta fyrir rjómaís

Hitaflokkur		*Tc* (°C)
Hæsta hitastig M-pakka sem er kaldara eða jafnt neðangreindu hitastigi í öllum prófunum (nema við prófun þar sem lok er opnað) (°C)	Hæsta hámarkshitastig M-pakka sem er leyfilegt við prófun þar sem lok er opnað (°C)	
-18	2	-18,0
-7	2	-7,0

Tafla 9

Notkunarskilyrði og samsvarandi *CC*-gildi fyrir frysta fyrir rjómaís

	Lágmark		Hámark		*CC*
	Umhverfishiti (°C)	Rakastig í andrúmslofti (%)	Umhverfishiti (°C)	Rakastig í andrúmslofti (%)	
Frystir fyrir rjómaís með gagnsæju loki	16	80	30	55	1,00
			35	75	1,10
			40	40	1,20

	Lágmark		Hámark		*CC*
	Umhverfishiti (°C)	Rakastig í andrúmslofti (%)	Umhverfishiti (°C)	Rakastig í andrúmslofti (%)	
Frystir fyrir rjómaís með ógagnsæju loki	16	80	30	55	1,00
			35	75	1,04
			40	40	1,10

c) að því er varðar kælda sjálfsala:

er Y nettórúmmál kælda sjálfsalans, sem er summa rúmmáls allra hólfa þar sem þær vörur sem eru aðgengilegar til sölu eru geymdar og rýmisins þar sem vörurnar fara um í söluferlinu, gefið upp í lítrum (L) og námundað að næstu heilu tölu.

d) að því er varðar öll önnur kælitæki sem notuð eru við beina sölu:

er Y_c er summa heildarútstillingarsvæðis allra hólfa í sama hitaflokki kælitækisins sem notað er við beina sölu, gefin upp í fermetrum (m^2) og námunduð með tveimur aukastöfum.

5) Gildi fyrir P eru tilgreind í töflu 10.

Tafla 10

P-gildi

Gerð kæli- eða frystiskáps	P
Sambyggðir stórmarkaðskæli- og frystiskápar	1,10
Önnur kælitæki sem notuð eru við beina sölu	1,00

IV. VIÐAUKI

Sannprófunaraðferð vegna markaðseftirlits

Vikmörk sannprófana, sem skilgreind eru fram í þessum viðauka, eiga aðeins við um sannprófun yfirvalda aðildarríkis á yfirlýstum mæliþáttum og skal framleiðandi, innflytjandi eða viðurkenndur fulltrúi ekki nota þau sem leyfileg vikmörk til að ákvarða gildin, sem gefin eru upp í tæknigögnunum, eða við túlkun þessara gilda, með það fyrir augum að ná fram samræmi eða til að sýna fram á betri frammistöðu með einhverjum hætti.

Ef tegund hefur verið hönnuð til að geta greint að verið sé að prófa hana (t.d. með því að bera kennsl á prófunarskilyrðin eða prófunarlotuna) og að bregðast sérstaklega við með því að breyta sjálfkrafa frammistöðu sinni á meðan prófun stendur með það markmið að ná hagstæðri gildum fyrir einhvern þeirra mæliþátta sem eru í þessari reglugerð, í tæknigögnunum eða í einhverjum af gögnunum sem látin eru í té, er tegundin og allar jafngildar tegundir ekki taldar uppfylla kröfurnar.

Við sannprófun á því hvort tegund vöru uppfylli kröfurnar, sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð skv. 2. lið. 3. gr. tilskipunar 2009/125/EB, skulu yfirvöld aðildarríkjanna, að því er varðar kröfurnar sem um getur í þessum viðauka, beita eftirfarandi aðferð:

1. Yfirvöld aðildarríkis skulu sannprófa staka einingu af tegundinni.

2. Tegundin skal teljast uppfylla viðeigandi kröfur, að því tilskildu að:

   a) gildin, sem gefin eru upp í tæknigögnunum skv. 2. lið IV. viðauka við tilskipun 2009/125/EB (yfirlýst gildi), og, eftir atvikum, gildin, sem notuð eru til að reikna út þessi gildi, séu ekki hagstæðari fyrir framleiðandann, innflytjandann eða viðurkenndan fulltrúa en niðurstöður samsvarandi mælinga, sem gerðar eru samkvæmt g-lið og

   b) yfirlýstu gildin uppfylli allar kröfurnar, sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð, og allar tilskildar vöruupplýsingar, sem framleiðandinn, innflytjandinn eða viðurkenndi fulltrúinn birtir, innihaldi ekki gildi, sem eru hagstæðari fyrir framleiðandann, innflytjandann eða viðurkennda fulltrúann en yfirlýstu gildin og

   c) þegar yfirvöld aðildarríkis prófa einingu af tegundinni komist þau að því að framleiðandinn, innflytjandinn eða viðurkenndi fulltrúinn hafi komið á fót kerfi sem uppfyllir kröfurnar í annarri málsgrein 6. greinar og

   d) þegar yfirvöld aðildarríkis prófa einingu af tegundinni uppfylli hún kröfurnar í 3. mgr. 6. gr. og kröfurnar um auðlindanýtni í 2. lið II. viðauka og

   e) þegar yfirvöld aðildarríkis prófa einingu af tegundinni, uppfylli ákvörðuð gildi (gildi viðeigandi mæliþátta, eins og þau mælast við prófanir, og gildin sem eru reiknuð út frá þessum mælingum) viðkomandi vikmörk sannprófana sem eru tilgreind í töflu 11.

3. Ef niðurstöðurnar, sem um getur í a-, b-, c- eða d-lið 2. liðar, fást ekki telst tegundin og allar sambærilegar tegundir ekki uppfylla ákvæði þessarar reglugerðar.

4. Ef niðurstöðurnar, sem um getur í e-lið 2. liðar, fást ekki skulu yfirvöld aðildarríkis velja þrjár viðbótareiningar af sömu tegund til prófunar. Að öðrum kosti mega þessar þrjár viðbótareiningar vera af einni eða fleiri sambærilegum tegundum.

5. Tegundin skal teljast uppfylla viðeigandi kröfur ef meðaltal þessara ákvörðuðu gilda fyrir einingarnar þrjár uppfyllir viðkomandi vikmörk sannprófana sem eru tilgreind í töflu 11.

6. Ef niðurstaðan sem um getur í 5. lið fæst ekki telst tegundin og allar sambærilegar tegundir ekki uppfylla ákvæði þessarar reglugerðar.

7. Yfirvöld aðildarríkis skulu gefa yfirvöldum annarra aðildarríkja og framkvæmdastjórninni allar viðeigandi upplýsingar, án tafar, eftir að ákvörðun um að tegundin uppfylli ekki ákvæði 3. eða 6. liðar liggur fyrir.

Yfirvöld aðildarríkis skulu nota mæli- og reikningsaðferðirnar sem settar eru fram í III. viðauka.

Yfirvöld aðildarríkis skulu eingöngu beita vikmörkum sannprófana, sem sett eru fram í töflu 11, og eingöngu beita aðferðinni, sem lýst er í 1.–7. lið, að því er varðar kröfurnar sem um getur í þessum viðauka. Öðrum vikmörkum, á borð við þau sem eru sett fram í samhæfðum stöðlum eða einhverri annarri mæliaðferð, skal ekki beitt að því er varðar mæliþættina í töflu 11.

Tafla 11

Vikmörk við sannprófun

Mæliþættir	Vikmörk við sannprófun
Nettórúmmál, og nettórúmmál hólfs eftir atvikum	Ákvarðað gildi ([a]) skal ekki vera meira en 3% eða 1 lítra lægra — hvort heldur er hærra gildið — en yfirlýst gildi.
Brúttórúmmál, og brúttórúmmál hólfs eftir atvikum	Ákvarðað gildi ([a]) skal ekki vera meira en 3% eða 1 lítra lægra — hvort heldur er hærra gildið — en yfirlýst gildi.
Heildarútstillingarsvæði og heildarútstillingarsvæði hólfs eftir atvikum	Ákvarðað gildi ([a]) skal ekki vera meira en 3% hærra en yfirlýst gildi.
E_{daily}	Ákvarðað gildi ([a]) skal ekki vera meira en 10% hærra en yfirlýst gildi.
AE	Ákvarðað gildi ([a]) skal ekki vera meira en 10% hærra en yfirlýst gildi.

([a]) ef um er að ræða þrjár viðbótareiningar sem prófaðar eru, eins og mælt er fyrir um í 4. lið, er ákvarðað gildi meðaltal gildanna sem ákvörðuð eru fyrir þessar þrjár viðbótareiningar.

V. VIÐAUKI

Viðmiðanir

Við gildistöku þessarar reglugerðar var besta, fáanlega tækni á markaðinum að því er varðar kælitæki sem notuð eru við beina sölu með tilliti til orkunýtnistuðuls þeirra eins og lýst er hér á eftir.

	Heildarútstillingarsvæði (m^2), nettórúmmál (L) eða bruttórúmmál (L) eftir því sem við á.	T_I eða T_V	*Árleg orkunotkun* (kWh/á ári)
Stórmarkaðskæli- og frystiskápar (Uppréttur stórmarkaðskælir)	3,3		4526 (= 12,4 kWh/24 klst.)
Stórmarkaðskæli- og frystiskápar (Láréttur stórmarkaðskælir)	2,2		2044 (= 5,6 kWh/24 klst.)
Stórmarkaðskæli- og frystiskápar (Uppréttur stórmarkaðsfrystir)	3		9709 (= 26,6 kWh/24 klst.)
Stórmarkaðskæli- og frystiskápar (Láréttur stórmarkaðsfrystir)	1,4		1621 (= 4,4 kWh/24 klst.)
	2,76		6424 (= 17,6 kWh/24 klst.)
Kældur sjálfsali fyrir dósir og flöskur	548	7 °C	1547 (= 4,24 kWh/24 klst.)
Kældur sjálfsali með gormum	472	3 °C	2070 (= 5,67 kWh/24 klst.)
Drykkjarkælir	506		475 (= 1,3 kWh/24 klst.)
Frystir fyrir rjómaís	302		329 (= 0,9 kWh/24 klst.)
Frystiborð fyrir kúluís	1,43		10862 (= 29,76 kWh/24 klst.)

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2021/341 **2023/EES/63/47**

frá 23. febrúar 2021

um breytingu á reglugerðum (ESB) 2019/424, (ESB) 2019/1781, (ESB) 2019/2019, (ESB) 2019/2020, (ESB) 2019/2021, (ESB) 2019/2022, (ESB) 2019/2023 og (ESB) 2019/2024 að því er varðar kröfur varðandi visthönnun netþjóna og gagnageymsluvara, rafmagnshreyfla og snúningshraðastýringa, kælitækja, ljósgjafa og aðskilins stýribúnaðar, rafeindaskjáa, uppþvottavéla til heimilisnota, þvottavéla til heimilisnota og þvottavéla með þurrkara til heimilisnota og kælitækja sem eru notuð við beina sölu (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/125/EB frá 21. október 2009 um ramma til að setja fram kröfur varðandi visthönnun að því er varðar orkutengdar vörur ([1]), einkum 15. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Með tilskipun 2009/125/EB er framkvæmdastjórninni falið vald til að setja fram kröfur varðandi visthönnun, að því er varðar orkutengdar vörur.

2) Ákvæði um visthönnun netþjóna og gagnageymsluvara, rafmagnshreyfla og snúningshraðastýringa, kælitækja, ljósgjafa og aðskilins stýribúnaðar, rafeindaskjáa, uppþvottavéla til heimilisnota, þvottavéla til heimilisnota og þvottavéla með þurrkara til heimilisnota og kælitækja sem eru notuð við beina sölu voru ákvörðuð með reglugerðum framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/424 ([2]), (ESB) 2019/1781 ([3]), (ESB) 2019/2019 ([4]), (ESB) 2019/2020 ([5]), (ESB) 2019/2021 ([6]), (ESB) 2019/2022 ([7]), (ESB) 2019/2023 ([8]) og (ESB) 2019/2024 ([9]) (hér á eftir „breyttu reglugerðirnar“).

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 68, 26.2.2021, bls. 108. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 154/2023 frá 13. Júní 2023 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) og IV. viðauka (Orka) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 285, 31.10.2009, bls. 10.

([2]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/424 frá 15. mars 2019 um kröfur varðandi visthönnun netþjóna og gagnageymsluvara samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/125/EB og um breytingu á reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 617/2013 (Stjtíð. ESB L 74, 18.3.2019, bls. 46).

([3]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1781 frá 1. október 2019 um kröfur varðandi visthönnun á rafmagnshreyflum og snúningshraðastýringum samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/125/EB, um breytingu á reglugerð (EB) nr. 641/2009 að því er varðar kröfur varðandi visthönnun á sjálfstæðum hringrásardælum án ásþéttis og hringrásardælum án ásþéttis sem eru felldar inn í vörur og um niðurfellingu á reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 640/2009 (Stjtíð. ESB L 272, 25.10.2019, bls. 74).

([4]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/2019 frá 1. október 2019 um kröfur varðandi visthönnun á kælitækjum samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/125/EB og um niðurfellingu á reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 643/2009 (Stjtíð. ESB L 315, 5.12.2019, bls. 187).

([5]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/2020 frá 1. október 2019 um kröfur varðandi visthönnun ljósgjafa og aðskilins stýribúnaðar samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/125/EB og um niðurfellingu á reglugerðum framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 244/2009, (EB) nr. 245/2009 og (ESB) nr. 1194/2012 (Stjtíð. ESB L 315, 5.12.2019, bls. 209).

([6]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/2021 frá 1. október 2019 um kröfur varðandi visthönnun rafeindaskjáa samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/125/EB, um breytingu á reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1275/2008 og um niðurfellingu á reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 642/2009 (Stjtíð. ESB L 315, 5.12.2019, bls. 241).

([7]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/2022 frá 1. október 2019 um kröfur varðandi visthönnun á uppþvottavélum til heimilisnota samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/125/EB, um breytingu á reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1275/2008 og um niðurfellingu á reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1016/2010 (Stjtíð. ESB L 315, 5.12.2019, bls. 267).

([8]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/2023 frá 1. október 2019 um kröfur varðandi visthönnun þvottavéla til heimilisnota og þvottavéla með þurrkara til heimilisnota samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/125/EB, um breytingu á reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1275/2008 og um niðurfellingu á reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1015/2010 (Stjtíð. ESB L 316, 5.12.2019, bls. 285).

([9]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/2024 frá 1. október 2019 um kröfur varðandi visthönnun kælitækja sem eru notuð við beina sölu samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/125/EB (Stjtíð. ESB L 315, 5.12.2019, bls. 313).

3) Til að forðast óvissu af hálfu framleiðenda og landsbundinna markaðseftirlitsyfirvalda að því er varðar gildin sem fylgja skulu í tæknigögnum og í tengslum við vikmörk sannprófana, ætti að bæta við skilgreiningu á yfirlýstum gildum í breyttu reglugerðirnar.

4) Til að bæta skilvirkni og trúverðugleika vörusértækra reglugerða og til að vernda neytendur ætti að banna að vörur séu settar á markað sem geta greint að verið sé að prófa þær og sjálfkrafa breytt frammistöðu sinni við prófunarskilyrði í þeim tilgangi að ná betri gildum fyrir einhvern þeirra mæliþátta sem tilgreindir eru í þessum reglugerðum eða í tæknigögnunum eða í einhverjum þeim gögnum sem fylgja með.

5) Mæla eða reikna ætti viðeigandi mæliþætti vara með áreiðanlegum, nákvæmum og samanburðarnákvæmum aðferðum. Þessar aðferðir ættu að taka tillit til viðurkenndra mæliaðferða sem byggja á nýjustu og fullkomnustu tækni og, þar sem þeir liggja fyrir, samhæfðra staðla sem samþykktir hafa verið af evrópsku staðlastofnununum, sem taldar eru upp í I. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1025/2012 ([10]).

6) Vörur sem innihalda ljósgjafa sem ekki er hægt að fjarlægja til sannprófunar án þess að valda skemmdum á einum eða fleiri þeirra, ætti að prófa sem ljósgjafa við mat á samræmi og við sannprófun.

7) Samhæfðir staðlar hafa enn ekki verið þróaðir fyrir rafræna skjái, netþjóna og gagnageymsluvörur, og viðeigandi fyrirliggjandi staðlar ná ekki til allra nauðsynlegra breyta sem reglur hafa verið settar um, einkum að því er varðar útvíkkað styrksvið (e. *High Dynamic Range*) og sjálfvirka birtustillingu (e. *Auto Brightness Control*) fyrir rafræna skjái og flokk notkunarskilyrða fyrir netþjóna og gagnageymsluvörur. Í því skyni að tryggja samanburðarnákvæmni mælinga og útreikninga ætti að nota umbreytingaraðferðirnar sem settar eru fram í þessari reglugerð eða aðrar nákvæmar og samanburðarnákvæmar aðferðir þar sem tillit er tekið til almennt viðurkenndra aðferða sem byggjast á nýjustu tækni, þar til að evrópsku staðlastofnanirnar hafa samþykkt samhæfða staðla fyrir þennan vöruflokk.

8) Rafeindaskjáir til nota í atvinnuskyni, s.s. fyrir myndvinnslu, tölvustudda hönnun, myndræna útfærslu eða fyrir útsendingargeirann, búa yfir háþróuðum eiginleikum og mjög sértækri virkni og ættu ekki að falla undir kröfur um orkunýtni, sem settar eru um almennari vörur þegar kveikt er á þeim, jafnvel þótt notkun rafeindaskjáanna feli í sér almennt meiri orkunotkun. Skjáir sem eru notaðir í iðnaði og eru hannaðir til notkunar við erfið notkunarskilyrði til mælinga, prófana eða við eftirlit og stjórn á vinnslu eru háðir sérstökum og ströngum kröfum á borð við þær sem gilda um lágmarksvernd í verndarflokki IP 65 eins og skilgreint er í EN 60529 og ættu þeir ekki að falla undir kröfur um visthönnun sem eru settar um vörur sem eru hannaðar til notkunar í atvinnurekstri eða á heimilum.

9) Lóðréttir kæli- eða frystiskápar með ógagnsæjar hurðir sem kæla eða frysta með kyrrstöðulofti eru kælitæki sem eru notuð í atvinnuskyni og eru skilgreindir í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1095 ([11]) og ættu því að falla utan framseldrar reglugerðar (ESB) 2019/2024.

10) Gera ætti frekari breytingar til að auka skýrleika og samkvæmni reglugerðanna.

11) Ráðstafanirnar sem kveðið er á um í þessari reglugerð, voru ræddar á samráðsvettvanginum um visthönnun í samræmi við 18. gr. tilskipunar 2009/125/EB.

12) Því ætti að breyta reglugerðum (ESB) 2019/424, (ESB) 2019/1781, (ESB) 2019/2019, (ESB) 2019/2020, (ESB) 2019/2021, (ESB) 2019/2022, (ESB) 2019/2023 og (ESB) 2019/2024 til samræmis við það.

13) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót með 19. gr. tilskipunar 2009/125/EB.

([10]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1025/2012 frá 25. október 2012 um evrópska stöðlun og breytingu á tilskipunum ráðsins 89/686/EBE og 93/15/EBE og tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 94/9/EB, 94/25/EB, 95/16/EB, 97/23/EB, 98/34/EB, 2004/22/EB, 2007/23/EB, 2009/23/EB og 2009/105/EB og niðurfellingu á ákvörðun ráðsins 87/95/EBE og ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1673/2006/EB (Stjtíð. ESB L 316, 14.11.2012, bls. 12).

([11]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1095 frá 5. maí 2015 um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/125/EB að því er varðar kröfur varðandi visthönnun kæli- eða frystiskápa, sem notaðir eru í atvinnuskyni, blásturskæliskápa og blástursfrystiskápa, þjöppusamstæðna með eimsvala og vökvakæla fyrir vinnslukerfi (Stjtíð. ESB L 177, 8.7.2005, bls. 19).

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Breytingar á reglugerð (ESB) 2019/424

Reglugerð (ESB) 2019/424 er breytt sem hér segir:

1) Í stað 2. mgr. 4. gr. kemur eftirfarandi:

„2 Að því er varðar samræmismat skv. 8. gr. tilskipunar 2009/125/EB skulu tæknigögnin innihalda afrit af vöruupplýsingunum sem veittar eru í samræmi við lið 3.4 í II. viðauka og upplýsingarnar og niðurstöður útreikninganna sem settar eru fram í III. viðauka og, eftir atvikum, í 2. hluta II. viðauka við þessa reglugerð.“

2) Í stað 6. gr. kemur eftirfarandi:

„6. gr.

Sniðganga

Framleiðandinn, innflytjandinn eða viðurkenndi fulltrúinn skal ekki setja á markað vörur sem eru þannig hannaðar að þær geti greint að verið sé að prófa þær (t.d. með því að þekkja aftur prófunarskilyrðin eða prófunarlotuna) og sem bregðast sérstaklega við með því að breyta sjálfkrafa frammistöðu sinni meðan á prófun stendur í þeim tilgangi að ná betri gildum fyrir einhvern þeirra mæliþátta í tæknigögnunum eða í einhverjum þeim gögnum sem fylgja með vörunni.“

3) Ákvæðum I., III. og IV. viðauka er breytt og III. viðauka a er bætt við í samræmi við I. viðauka við þessa reglugerð.

2. gr.

Breytingar á reglugerð (ESB) 2019/1781

Reglugerð (ESB) 2019/1781 er breytt sem hér segir:

1) Ákvæðum 2. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað m-liðar í 2. lið kemur eftirfarandi:

„m) hreyfla, sem settir eru á markað fyrir 1. júlí 2029, sem staðgenglar fyrir eins hreyfla sem eru innbyggðir í vörum, sem settar eru á markað fyrir 1. júlí 2021 hvað varðar hreyfla sem um getur í a-lið 1. hluta I. viðauka og fyrir 1. júlí 2023 hvað varðar hreyfla sem um getur í b-lið 1. hluta I. viðauka og eru sérstaklega markaðssettir sem slíkir,“.

b) Í 3. lið bætist við e-liður:

„e) snúningshraðastýringar í einu hlífðarhúsi sem eru allar í samræmi við þessa reglugerð.“

2) Ákvæðum 3. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað 2. liðar kemur eftirfarandi:

„2) „snúningshraðastýring“: rafrænn aflbreytir sem breytir samfellt rafaflinu til staks hreyfils til að stjórna vélrænu útafli hreyfilsins í samræmi við samhengi snúningsvægis og hraða sem fylgir álaginu sem hreyfillinn verður fyrir, með því að breyta straumi úr aflgjafanum í breytilega tíðni og spennu sem veitt er í hreyfilinn. Þetta tekur til alls varnarbúnaðar og aukabúnaðar sem er felldur inn í snúningshraðastýringuna.“

b) Eftirfarandi 23. liður bætist við:

„23) „yfirlýst gildi“: gildi sem framleiðandi, innflytjandi eða viðurkenndur fulltrúi leggur fram fyrir uppgefna, reiknaða eða mælda tæknilega mæliþætti í samræmi við 5. gr., vegna sannprófunar yfirvalda aðildarríkis á samræmi.“

3) Ákvæðum 5. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað 2. mgr. kemur eftirfarandi:

„Að því er varðar samræmismat skv. 8. gr. tilskipunar 2009/125/EB skulu tæknigögn hreyfla innihalda afrit af vöruupplýsingunum sem veittar eru í samræmi við 2. lið í I. viðauka við þessa reglugerð og upplýsingar og niðurstöður útreikninganna sem settir eru fram í II. viðauka við þessa reglugerð og eftir atvikum 1. lið I. viðauka.“

b) Í stað 3. mgr. kemur eftirfarandi:

„Að því er varðar samræmismat skv. 8. gr. tilskipunar 2009/125/EB skulu tæknigögn snúningshraðastýringa innihalda afrit af vöruupplýsingunum sem veittar eru í samræmi við 4. lið í I. viðauka við þessa reglugerð og upplýsingar og niðurstöður útreikninganna sem settir eru fram í II. viðauka við þessa reglugerð og, eftir atvikum, í 3. lið I. viðauka.“

4) Ákvæðum I., II. og III. viðauka er breytt í samræmi við II. viðauka við þessa reglugerð.

3. gr.

Breytingar á reglugerð (ESB) 2019/2019

Reglugerð (ESB) 2019/2019 er breytt sem hér segir:

1) Í stað 28. liðar 2. gr. kemur eftirfarandi:

„28 „færanlegt kælitæki“: kælitæki sem hægt að nota þar sem ekki er aðgengi að rafveitukerfi og sem notar mjög lága spennu (< 120V DC) eða eldsneyti eða bæði sem orkugjafa fyrir kælivirknina, þ.m.t. kælitæki sem, til viðbótar við rafmagn við mjög lága spennu eða eldsneyti eða bæði, getur notað rafmagn frá rafveitu í gegnum ytri jafn- og riðstraumbreyti sem keyptur er sérstaklega. Tæki sem sett er á markað með jafn- og riðstraumbreyti er ekki færanlegt kælitæki,“.

2) Í stað 6. gr. kemur eftirfarandi:

„6. gr.

Sniðganga og uppfærsla hugbúnaðar

Framleiðandinn, innflytjandinn eða viðurkenndi fulltrúinn skal ekki setja á markað vörur sem eru þannig hannaðar að þær geti greint að verið sé að prófa þær (t.d. með því að þekkja aftur prófunarskilyrðin eða prófunarlotuna) og sem bregðast sérstaklega við með því að breyta sjálfkrafa frammistöðu sinni meðan á prófun stendur í þeim tilgangi að ná betri gildum fyrir einhvern þeirra mæliþátta í tæknigögnum eða í einhverjum þeim gögnum sem fylgja með vörunni.

Í kjölfar uppfærslu á hugbúnaði eða fastbúnaði skal hvorki orkunotkun vörunnar né aðrir tilgreindir mæliþættir rýrna þegar þeir eru mældir með sama prófunarstaðli og upprunalega var notaður fyrir samræmisyfirlýsinguna, nema þegar endanotandinn gefur afdráttarlaust samþykki sitt áður en uppfærslan á sér stað. Ef uppfærslu er hafnað skal það ekki hafa í för með sér breytingar á frammistöðu.

Hugbúnaðaruppfærsla skal aldrei hafa þau áhrif að hún breyti frammistöðu vörunnar á þann hátt að varan uppfylli ekki kröfurnar varðandi visthönnun sem gilda fyrir samræmisyfirlýsinguna.“

3) Eftirfarandi 11. gr. bætist við:

„11. gr.

Ígildi uppfyllingar á kröfum á umbreytingartímabili

Ef engin eining sömu tegundar eða sambærilegrar tegundar var sett á markað fyrir 1. nóvember 2020 skulu einingar tegunda sem settar voru á markað frá 1. nóvember 2020 til 28. febrúar 2021 og uppfylla ákvæði þessarar reglugerðar teljast uppfylla kröfur reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 643/2009.“

4) Ákvæðum I. til VI. viðauka er breytt eins og fram kemur í III. viðauka við þessa reglugerð.

4. gr.

Breytingar á reglugerð (ESB) 2019/2020

Reglugerð (ESB) 2019/2020 er breytt sem hér segir:

1) Í stað 4. liðar 2. gr. kemur eftirfarandi:

„4) „umlykjandi vara“: vara sem inniheldur einn eða fleiri ljósgjafa eða aðskilinn stýribúnað eða bæði, þ.m.t. en ekki takmarkað við, lampa sem hægt er að taka í sundur svo hægt sé að framkvæma aðskilda sannprófun á umlukta ljósgjafanum (ljósgjöfunum), heimilistæki sem innihalda ljósgjafa, húsgögn (hillur, speglar, útstillingarskápar) sem innihalda ljósgjafa.“

2) Í stað annarrar undirgreinar 1. mgr. 4. gr. kemur eftirfarandi:

„Framleiðendur, innflytjendur og viðurkenndir fulltrúar umlykjandi vara skulu tryggja að hægt sé að fjarlægja ljósgjafa og aðskilinn stjórnbúnað án þess að valda á þeim varanlegum skemmdum vegna sannprófunar markaðseftirlitsyfirvalda. Tæknigögnin skulu innihalda leiðbeiningar um hvernig eigi að gera þetta.“

3) Í stað 7. gr. kemur eftirfarandi:

„7. gr.

Sniðganga og uppfærsla hugbúnaðar

Framleiðandinn, innflytjandinn eða viðurkenndi fulltrúinn skal ekki setja á markað vörur sem eru þannig hannaðar að þær geti greint að verið sé að prófa þær (t.d. með því að þekkja aftur prófunarskilyrðin eða prófunarlotuna) og sem bregðast sérstaklega við með því að breyta sjálfkrafa frammistöðu sinni meðan á prófun stendur í þeim tilgangi að ná betri gildum fyrir einhvern þeirra mæliþátta í tæknigögnum eða í einhverjum þeim gögnum sem fylgja með vörunni.

Í kjölfar uppfærslu á hugbúnaði eða fastbúnaði skal hvorki orkunotkun vörunnar né aðrir tilgreindir mæliþættir rýrna þegar þeir eru mældir með sama prófunarstaðli og upprunalega var notaður fyrir samræmisyfirlýsinguna, nema þegar endanotandinn gefur afdráttarlaust samþykki sitt áður en uppfærslan á sér stað. Ef uppfærslu er hafnað skal það ekki hafa í för með sér breytingar á frammistöðu.

Hugbúnaðaruppfærsla skal aldrei hafa þau áhrif að hún breyti frammistöðu vörunnar á þann hátt að varan uppfylli ekki kröfurnar varðandi visthönnun sem gilda fyrir samræmisyfirlýsinguna.“

4) Eftirfarandi 12. gr. bætist við:

„12. gr.

Ígildi uppfyllingar á kröfum á umbreytingartímabili

Ef engin eining sömu tegundar eða sambærilegrar tegundar var sett á markað fyrir 1. júlí 2021 skulu einingar tegunda sem settar voru á markað frá 1. júlí 2021 til 31. ágúst 2021, og uppfylla ákvæði þessarar reglugerðar, teljast uppfylla kröfur reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 244/2009, (EB) nr. 245/2009 og (ESB) nr. 1194/2012.“

5) Ákvæðum I. til IV. viðauka er breytt eins og fram kemur í IV. viðauka við þessa reglugerð.

5. gr.

Breytingar á reglugerð (ESB) 2019/2021

Reglugerð (ESB) 2019/2021 er breytt sem hér segir:

1) Ákvæðum 2. mgr. 1. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað g-liðar kemur eftirfarandi:

„g) rafeindaskjái sem eru íhlutir eða undireiningar eins og þær eru skilgreindar í 2. lið 2. gr. tilskipunar 2009/125/EB,“.

b) Eftirfarandi h-liður bætist við:

„h) skjái sem eru notaðir í iðnaði.“

2) Ákvæðum 2. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað 15. liðar kemur eftirfarandi:

„15) „skjár sem er notaður í atvinnuskyni“: rafeindaskjár sem er hannaður og markaðssettur til nota í atvinnuskyni til myndbands- og myndvinnslu. Nákvæm lýsing á honum skal fela í sér alla eftirfarandi þætti:

— birtuskilahlutfall er a.m.k. 1000:1, mælt hornrétt á lóðréttan flöt skjásins, og a.m.k. 60:1, mælt við lárétt sjónarhorn sem er a.m.k. 85° miðað við það rétta horn og a.m.k. 83° frá rétta horninu á bogadregnum skjá með eða án skjáhlífar úr gleri,

— föst skjáupplausn er a.m.k. 2,3 milljónir myndeinda,

— litaskali er 38,4% af CIE LUV-litrúminu eða þar yfir,

— einsleitni litar og ljóma eins og tilgreint er fyrir myndskjái í 1., 2. og 3. flokki í EBU Tech. 3320, eftir því sem við á við notkun skjásins í atvinnuskyni.“

b) Eftirfarandi 21. liður bætist við:

„21) „skjár sem er notaður í iðnaði“: rafeindaskjár sem er hannaður, prófaður og markaðssettur til nota í iðnaðarumhverfi við mælingu, prófun, vöktun eða eftirlit. Hönnun hans verður a.m.k. að bjóða upp á eftirfarandi:

a) starfræksluhitastig á bilinu 0 °C og +50 °C,

b) rakaskilyrði við starfrækslu á bilinu 20% og 90% án rakaþéttingar,

c) lágmarksvernd í verndarflokki IP 65 sem tryggir að ryk komist ekki inn í skjáinn, fulla vörn gegn snertingu (rykþétt) og að vatn sem sprautað er á umbúnaðinn gegnum stút (6,3 mm) hafi engin áhrif,

d) rafsegulþol sem hentar fyrir iðnaðarumhverfi.“

3) Í stað 2. mgr. 4. gr. kemur eftirfarandi:

„2. Að því er varðar samræmismat, skv. 8. gr. tilskipunar 2009/125/EB, skulu tækniskjölin innihalda skýringu á því hví tilteknir plasthlutar, ef einhverjir eru, eru ekki merktir í samræmi við undanþáguna, sem sett er fram í 2. lið D-hluta II. viðauka, og upplýsingarnar og niðurstöður útreikninganna sem settir eru fram í II. og III. viðauka við þessa reglugerð.“

4) Í stað annarrar og þriðju málsgreinar 6. gr. kemur eftirfarandi:

„Í kjölfar uppfærslu á hugbúnaði eða fastbúnaði skal hvorki orkunotkun vörunnar né aðrir tilgreindir mæliþættir rýrna þegar þeir eru mældir með sama prófunarstaðli og upprunalega var notaður fyrir samræmisyfirlýsinguna, nema þegar endanotandinn gefur afdráttarlaust samþykki sitt áður en uppfærslan á sér stað. Ef uppfærslu er hafnað skal það ekki hafa í för með sér breytingar á frammistöðu.

Hugbúnaðaruppfærsla skal aldrei hafa þau áhrif að hún breyti frammistöðu vörunnar á þann hátt að varan uppfylli ekki kröfurnar varðandi visthönnun sem gilda fyrir samræmisyfirlýsinguna.“

5) Eftirfarandi 12. gr. bætist við:

„12. gr.

Ígildi uppfyllingar á kröfum á umbreytingartímabili

Ef engin eining sömu tegundar eða sambærilegrar tegundar var sett á markað fyrir 1. nóvember 2020 skulu einingar tegunda sem settar voru á markað frá 1. nóvember 2020 til 28. febrúar 2021, og uppfylla ákvæði þessarar reglugerðar, teljast uppfylla kröfur reglugerðar (EB) nr. 642/2009.“

6) Ákvæðum I. til IV. viðauka er breytt og III. viðauka a er bætt við í samræmi við V. viðauka við þessa reglugerð.

6. gr.

Breytingar á reglugerð (ESB) 2019/2022

Reglugerð (ESB) 2019/2022 er breytt sem hér segir:

1) Í stað 6. gr. kemur eftirfarandi:

„6. gr.

Sniðganga og uppfærsla hugbúnaðar

Framleiðandinn, innflytjandinn eða viðurkenndi fulltrúinn skal ekki setja á markað vörur sem eru þannig hannaðar að þær geti greint að verið sé að prófa þær (t.d. með því að þekkja aftur prófunarskilyrðin eða prófunarlotuna) og sem bregðast sérstaklega við með því að breyta sjálfkrafa frammistöðu sinni meðan á prófun stendur í þeim tilgangi að ná betri gildum fyrir einhvern þeirra mæliþátta í tæknigögnum eða í einhverjum þeim gögnum sem fylgja með vörunni.

Í kjölfar uppfærslu á hugbúnaði eða fastbúnaði skal hvorki orkunotkun vörunnar né aðrir tilgreindir mæliþættir rýrna þegar þeir eru mældir með sama prófunarstaðli og upprunalega var notaður fyrir samræmisyfirlýsinguna, nema þegar endanotandinn gefur afdráttarlaust samþykki sitt áður en uppfærslan á sér stað. Ef uppfærslu er hafnað skal það ekki hafa í för með sér breytingar á frammistöðu.

Hugbúnaðaruppfærsla skal aldrei hafa þau áhrif að hún breyti frammistöðu vörunnar á þann hátt að varan uppfylli ekki kröfurnar varðandi visthönnun sem gilda fyrir samræmisyfirlýsinguna.“

2) Eftirfarandi 13. gr. bætist við:

„13. gr.

Ígildi uppfyllingar á kröfum á umbreytingartímabili

Ef engin eining sömu tegundar eða sambærilegrar tegundar var sett á markað fyrir 1. nóvember 2020 skulu einingar tegunda sem settar voru á markað frá 1. nóvember 2020 til 28. febrúar 2021, og uppfylla ákvæði þessarar reglugerðar, teljast uppfylla kröfur reglugerðar (ESB) nr. 1016/2010.“

3) Ákvæðum I., III. og IV. viðauka er breytt í samræmi við VI. viðauka við þessa reglugerð.

7. gr.

Breytingar á reglugerð (ESB) 2019/2023

Reglugerð (ESB) 2019/2023 er breytt sem hér segir:

1) Í stað 12. liðar 2. gr. kemur eftirfarandi:

„12) „eco 40-60“: heiti kerfis sem samkvæmt yfirlýsingu framleiðanda, innflytjanda eða viðurkennds fulltrúa getur þrifið eðlilega óhreinan baðmullarþvott, sem lýst er yfir að þoli þvott við 40 °C eða 60 °C, saman í sömu þvottalotu, og sem kröfurnar varðandi visthönnun um orkunýtni, þvottavirkni, skilvirkni skolunar, lengd kerfis, hámarkshitastig innan í þvotti og vatnsnotkun tengjast.“

2) Í stað 6. gr. kemur eftirfarandi:

„6. gr.

Sniðganga og uppfærsla hugbúnaðar

Framleiðandinn, innflytjandinn eða viðurkenndi fulltrúinn skal ekki setja á markað vörur sem eru þannig hannaðar að þær geti greint að verið sé að prófa þær (t.d. með því að þekkja aftur prófunarskilyrðin eða prófunarlotuna) og sem bregðast sérstaklega við með því að breyta sjálfkrafa frammistöðu sinni meðan á prófun stendur í þeim tilgangi að ná betri gildum fyrir einhvern þeirra mæliþátta í tæknigögnum eða í einhverjum þeim gögnum sem fylgja með vörunni.

Í kjölfar uppfærslu á hugbúnaði eða fastbúnaði skal hvorki orkunotkun vörunnar né aðrir tilgreindir mæliþættir rýrna þegar þeir eru mældir með sama prófunarstaðli og upprunalega var notaður fyrir samræmisyfirlýsinguna, nema þegar endanotandinn gefur afdráttarlaust samþykki sitt áður en uppfærslan á sér stað. Ef uppfærslu er hafnað skal það ekki hafa í för með sér breytingar á frammistöðu.

Hugbúnaðaruppfærsla skal aldrei hafa þau áhrif að hún breyti frammistöðu vörunnar á þann hátt að varan uppfylli ekki kröfurnar varðandi visthönnun sem gilda fyrir samræmisyfirlýsinguna.“

3) Eftirfarandi 13. gr. bætist við:

„13. gr.

Ígildi uppfyllingar á kröfum á umbreytingartímabili

Ef engin eining sömu tegundar eða sambærilegrar tegundar var sett á markað fyrir 1. nóvember 2020 skulu einingar tegunda sem settar voru á markað frá 1. nóvember 2020 til 28. febrúar 2021, og uppfylla ákvæði þessarar reglugerðar, teljast uppfylla kröfur reglugerðar (ESB) nr. 1015/2010.“

4) Ákvæðum I., III., V. og VI. viðauka er breytt í samræmi við VII. viðauka við þessa reglugerð.

8. gr.

Breytingar á reglugerð (ESB) 2019/2024

Reglugerð (ESB) 2019/2024 er breytt sem hér segir:

1) Í stað e-liðar 3. mgr. 1. gr. kemur eftirfarandi:

„e) hornskápar/bogalaga skápar og hringekjuskápar,“.

2) Ákvæðum 2. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað 21. liðar kemur eftirfarandi:

„21. „hornskápur/bogalaga skápur“: kælitæki sem notað er við beina sölu sem er notað til þess að halda rúmfræðilegri samfellu milli tveggja kæliskápa sem eru hornréttir hvor á annan og/eða sem mynda beygju. Hornskápur/bogalaga skápur er ekki með greinanlegan lengdarás eða lengd þar sem lögun hans gegnir eingöngu því hlutverki að fylla út í rými (fleygur eða álíka) og er ekki hannaður til að starfa sem sjálfstæð kælieining. Hornið/boginn milli tveggja enda hornkæli- eða frystiskápsins nemur á bilinu 30° til 90°,“.

b) Eftirfarandi 29. liður bætist við:

„29 „hringekjuskápur“: hringlaga stórmarkaðskæli- og frystiskápur sem setja má upp sem sjálfstæða einingu eða sem einingu sem tengir saman tvo kæliskápa. Hringekjuskápa má einnig útbúa með snúningskerfi sem gerir 360 ° útstillingu matvæla mögulega,“.

c) Eftirfarandi 30. liður bætist við:

„30 „stórmarkaðskæli- eða frystiskápur“: kælitæki sem notað er við beina sölu ætlað til að selja og stilla út matvælum og annarri vöru til smásölu, s.s. í stórmörkuðum. Drykkjarkælar, kældir sjálfsalar, frystiborð fyrir kúluís og frystar fyrir rjómaís teljast ekki stórmarkaðskæli- eða frystiskápar.“

3) Ákvæðum I., III. og IV. viðauka er breytt í samræmi við VIII. viðauka við þessa reglugerð.

9. gr.

Gildistaka og framkvæmd

Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Ákvæði 1. gr. (3. mgr.), 3. gr. (4. mgr.), 5. gr. (6. mgr.), 6. gr. (3. mgr.), 7. gr. (4. mgr.) og 8. gr. (3. mgr.) koma til framkvæmda frá og með 1. maí 2021. Ákvæði 2. gr. og 4. mgr. 4. gr. koma til framkvæmda frá og með 1. júlí 2021. Ákvæði 1., 2. og 5. mgr. 4. gr. koma til framkvæmda frá og með 1. september 2021.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 23. febrúar 2021.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

I. VIÐAUKI

Ákvæðum I., III. og IV. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 2019/424 er breytt og III. viðauka a er bætt við sem hér segir:

1) Ákvæðum I. viðauka er breytt sem hér segir:

a) Í stað 3. liðar kemur eftirfarandi:

„3) „móðurborð“: aðalprentplata netþjóns eða gagnageymsluvöru. Að því er varðar þessa reglugerð er móðurborð með tengi fyrir viðbótarprentplötur og inniheldur að jafnaði eftirfarandi íhluti: gjörva, minni, ræsikjarna og stækkunarraufar,“.

b) Í stað 4. liðar kemur eftirfarandi:

„4) „Gjörvi“: rökrásir sem svara og vinna úr grunnleiðbeiningum sem keyra netþjón eða gagnageymsluvöru. Að því er varðar þessa reglugerð er gjörvinn miðverk netþjónsins. Dæmigert miðverk er efnisleg eining sem er uppsett í móðurborð netþjóns gegnum tengil eða lóðuð beint í móðurborðið. Miðverkseiningin getur innihaldið gjörva með einn eða fleiri kjarna,“.

c) Í stað 5. liðar kemur eftirfarandi:

„5) „Minni“: hluti netþjóns eða gagnageymsluvöru utan við gjörvann þar sem geymdar eru upplýsingar fyrir gjörvann til tafarlausrar notkunar og gefið er upp í gígabætum (GB).“

d) Eftirfarandi 36. liður bætist við:

„36) „yfirlýst gildi“: gildi sem framleiðandi, innflytjandi eða viðurkenndur fulltrúi leggur fram fyrir uppgefna, reiknaða eða mælda tæknilega mæliþætti í samræmi við 4. gr., vegna sannprófunar yfirvalda aðildarríkis á samræmi.“

2) Í III. viðauka bætist eftirfarandi önnur málsgrein við:

„Þegar fyrirliggjandi viðeigandi staðla skortir og þar til búið er að birta tilvísanirnar í viðeigandi samhæfða staðla í Stjórnartíðindunum skal notast við umbreytingarprófunaraðferðirnar sem settar eru fram í a-lið III. viðauka eða aðrar áreiðanlegar, nákvæmar og samanburðarnákvæmar aðferðir þar sem tillit er tekið til almennt viðurkenndra aðferða sem byggjast á nýjustu tækni.“

3) Eftirfarandi III. viðauki a bætist við:

„III. VIÐAUKI a

Umbreytingaraðferðir

Tafla 1

Viðmiðanir og athugasemdir fyrir netþjóna

Mæliþáttur	Uppruni	Viðmiðunarprófunaraðferðir/heiti	Athugasemdir	
Orkunýtni og afköst netþjóns í virku ástandi	ETSI	ETSI EN 303470:2019		Almennar athugasemdir um prófun með EN 303470:2019: a. Prófun skal framkvæmd með þeirri spennu sem við á í Evrópusambandinu (t.d. 230 v, 50 Hz). b. Svipað og í ákvæðinu um stækkunarkort með hraðli fyrir viðbótarvinnslu í 2. lið II. viðauka, skal einingin sem verið er að prófa prófuð með aðrar gerðir íaukakorta (sem hafa engar aflheimildir og eru ekki notuð við SERT-prófun) fjarlægðar þegar mæling er gerð á aflþörf í aðgerðalausu ástandi, orkunýtni netþjóns í virku ástandi og afköstum netþjóns í virku ástandi (1).
Afl í aðgerðalausu ástandi (P_{idle})	ETSI	ETSI EN 303470:2019		
Hámarksafl	ETSI	ETSI EN 303470:2019	Hámarksafl er hæsta mælda aflþörfin sem er skráð við SERT-prófun við sérhvert stakt vinnuálag og álagsstig.	

Mæliþáttur	Uppruni	Viðmiðunarprófunaraðferðir/heiti	Athugasemdir	
				c. Ef um er að ræða netþjóna sem i. ekki er tilgreint að tilheyri vöruhópi netþjóns ii. koma frá verksmiðju í samskipan þar sem minnisrásir eru ekki allar fylltar með eins biðvæddum minniskeðjum (DIMM), skal samskipan prófuð þar sem allar minnisrásir eru fylltar með eins biðvæddum minniskeðjum (2).
Aflþörf í aðgerðalausu ástandi við hærri hitastigsmörk yfirlýsts flokks notkunarskilyrða	The Green Grid	Einfölduð skýrslugjöf um hæsta hitastig í aðgerðalausu ástandi við SERT-prófun fyrir (ESB) 2019/424	Prófunin skal gerð við hitastig sem samsvarar hæsta leyfilega hitastiginu fyrir tiltekinn flokk notkunarskilyrða (A1, A2, A3 eða A4).	
Orkunýtni aflgjafa	EPRI og Ecova	Almenn aðferðarlýsing prófunar vegna útreiknings á orkunýtni innri aflgjafa með riðstraumi-jafnstraumi og jafnstraumi-jafnstraumi, endurskoðun 6.7	Prófun skal framkvæmd með þeirri spennu sem við á í Evrópusambandinu (t.d. 230 v, 50 Hz).	
Aflstuðull aflgjafa	EPRI og Ecova	Almenn aðferðarlýsing prófunar vegna útreiknings á orkunýtni innri aflgjafa með riðstraumi-jafnstraumi og jafnstraumi-riðstraumi, endurskoðun 6.7		
Flokkur notkunarskilyrða		Framleiðandi þarf að gefa yfirlýsingu um flokk notkunarskilyrða vöru: A1, A2, A3 eða A4. Einingunni sem er verið að prófa er komið fyrir við hitastig sem samsvarar hæsta leyfilega hitastiginu fyrir tiltekinn flokk notkunarskilyrða (A1, A2, A3 eða A4), sem lýst hefur verið yfir að tegundin samræmist. Einingin skal prófuð með SERT-prófun (e. *Server Efficiency Rating Tool*) og keyrð í prófunarlotu eða prófunarlotum sem vara í 16 klukkustundir. Einingin telst uppfylla yfirlýst notkunarskilyrði ef SERT-prófun gefur gildar niðurstöður (þ.e. ef einingin sem verið er að prófa er í starfhæfu ástandi allar 16 klukkustundirnar).	Einingunni sem verið er að prófa skal komið fyrir í hitaklefa sem þar sem hitastigið er hækkað að hæsta leyfilega hitastiginu fyrir tiltekinn flokk notkunarskilyrða (A1, A2, A3 eða A4) þar sem hámarkstíðni breytinga nemur 0,5 °C á mínútu. Einingin sem verið er að prófa skal látin vera í aðgerðalausu ástandi í eina klukkustund þannig að hún nái stöðugu hitastigi áður en prófun hefst.	
Tiltækileiki fastabúnaðar		Ekki fyrir hendi		

Mæliþáttur	Uppruni	Viðmiðunarprófunaraðferðir/heiti	Athugasemdir
Örugg gagnaeyðing	NIST	Guidelines for Media Sanitization, NIST Special Publication 800-88 - Revision 1	
Möguleiki á sundurtekningu netþjóns		Ekki fyrir hendi	
Innihald mikilvægra hráefna		EN 45558:2019	

([1]) Þetta er nauðsynlegt vegna þess að kort með hraðli fyrir viðbótarvinnslu á markaðnum eru mjög fjölbreytileg og vegna þeirrar staðreyndar að SERT-tólið felur ekki í sér vinnukorn þar sem notast er við hraðla fyrir viðbótarvinnslu. Niðurstöður úr SERT-prófun á orkunýtni netþjóna með stækkunarkortum með hraðli fyrir viðbótarvinnslu eða öðrum íaukakortum myndu því ekki vera dæmigerðar fyrir getu netþjónsins að því er varðar frammistöðu/afl.

([2]) Í tilviki netþjóna sem lýst hefur verið yfir að séu hluti af vöruhópi netþjóns, gera ákvæði 1. liðar IV. viðauka við reglugerð (ESB) 2019/424 ráð fyrir því að yfirvöld aðildarríkis geti prófað afkastalitla samskipan eða afkastamikla samskipan og, í samræmi við skilgreiningar 21 og 22 í I. viðauka, skulu þessar samskipanir vera með allar minnisrásir fylltar með biðvæddum minniskeðjum með sömu hönnun og getu.

Tafla 2

Viðmiðanir og athugasemdir fyrir gagnavinnsluvörur

Mæliþáttur	Uppruni	Viðmiðunarprófunaraðferðir/heiti	Athugasemdir:
Skilvirkni aflgjafa	EPRI og Ecova	Almenn aðferðarlýsing prófunar vegna útreiknings á orkunýtni innri aflgjafa með riðstraumi-jafnstraumi og jafnstraumi-jafnstraumi, endurskoðun 6.7	Prófun skal framkvæmd með þeirri spennu sem við á í Evrópusambandinu (t.d. 230 v, 50 Hz).
Aflstuðull aflgjafa	EPRI og Ecova	Almenn aðferðarlýsing prófunar vegna útreiknings á orkunýtni innri aflgjafa með riðstraumi-jafnstraumi og jafnstraumi-riðstraumi, endurskoðun 6.7	
Flokkur notkunarskilyrða	The Green Grid	„Flokkur notkunarskilyrða fyrir gagna-geymsluvörur“	Framleiðandi, innflytjandi eða viður-kenndur fulltrúi þarf að gefa yfirlýsingu um flokk notkunarskilyrða vöru: A1, A2, A3 eða A4. Einingunni sem er verið að prófa er komið fyrir við hitastig sem samsvarar hæsta leyfilega hitastiginu fyrir tiltekinn flokk notkunarskilyrða (A1, A2, A3 eða A4), sem lýst hefur verið yfir að tegundin samræmist.
Tiltækileiki fastabúnaðar		Ekki fyrir hendi	
Örugg gagnaeyðing	NIST	Guidelines for Media Sanitization, NIST Special Publication 800-88 - Revision 1	
Möguleiki á sundurtekningu gagnageymsluvöru		Ekki fyrir hendi	
Innihald mikilvægra hráefna		EN 45558:2019“.	

4) Ákvæðum IV. viðauka er breytt sem hér segir:

a) Í stað fyrstu málsgreinar kemur eftirfarandi:

„Vikmörk sannprófana, sem skilgreind eru í þessum viðauka, eiga aðeins við um sannprófun yfirvalda aðildarríkis á yfirlýstum gildum og skal framleiðandi, innflytjandi eða viðurkenndur fulltrúi hvorki nota þau sem leyfileg vikmörk til að ákvarða gildin sem gefin eru upp í tæknigögnunum, eða við túlkun þessara gilda, með það fyrir augum að ná fram samræmi eða til að sýna fram á betri frammistöðu með einhverjum hætti.“

b) Í stað „Við sannprófun“ í þriðju málsgrein kemur „Sem hluta af sannprófun“.

c) Eftirfarandi d-liður 2. liðar bætist við:

„d) þegar yfirvöld aðildarríkisins prófa einingu af tegundinni uppfylli hún kröfurnar um auðlindanýtni í lið 3.3 í II. viðauka og kröfurnar um upplýsingar í lið 3.1 eða 3.2 í II. viðauka,“.

d) Í stað 3. liðar kemur eftirfarandi:

„Ef niðurstöðurnar, sem um getur í 2. lið (a-, b- eða d-lið), fást ekki skal tegundin og allar tegundarsamskipanir, sem falla undir sömu vöruupplýsingar (samkvæmt p-lið liðar 3.1 í II. viðauka), ekki teljast uppfylla ákvæði þessarar reglugerðar.“

e) Í stað b-liðar 4. liðar kemur eftirfarandi:

„hvað varðar tegundir, sem eru framleiddar í fimm eða fleiri eintökum á ári, skulu yfirvöld aðildarríkis velja þrjár viðbótareiningar af sömu tegund til prófunar eða að öðrum kosti, ef framleiðandi, innflytjandi eða viðurkenndur fulltrúi lýsir því yfir að vöruhópur netþjóns eigi að jafngilda netþjóni, velja einingu með bæði afkastalitla samskipan og afkastamikla samskipan til prófunar.“

f) Í stað 5. liðar kemur eftirfarandi:

„5) Tegundin eða tegundarsamskipanin skal teljast uppfylla viðeigandi kröfur ef, að því er varðar einingarnar sem um getur í b-lið 4. liðar, meðaltal þessara ákvörðuðu gilda uppfyllir viðkomandi vikmörk sannprófana sem eru tilgreind í töflu 7.“

g) Í stað 6. liðar kemur eftirfarandi:

„6) Ef niðurstaðan, sem um getur í 5. lið, fæst ekki skal tegundin og allar tegundarsamskipanir, sem falla undir sömu vöruupplýsingar (samkvæmt p-lið liðar 3.1 í II. viðauka), ekki teljast uppfylla ákvæði þessarar reglugerðar.“

h) Í stað 7. liðar kemur eftirfarandi:

„7) Yfirvöld aðildarríkisins skulu gefa yfirvöldum annarra aðildarríkja og framkvæmdastjórninni allar viðeigandi upplýsingar, án tafar, eftir að ákvörðun liggur fyrir um að tegundin uppfylli ekki kröfurnar í 3. lið, 4. lið a, 6. lið eða annarri málsgrein þessa viðauka.“

———

II. VIÐAUKI

Ákvæðum I., II. og III. viðauka við reglugerð (ESB) 2019/1781 er breytt sem hér segir:

1) Ákvæðum I. viðauka er breytt sem hér segir:

a) Ákvæðum 1. hluta er breytt sem hér segir:

1) Í stað i. og ii. liðar í a-lið kemur eftirfarandi:

„i. skal orkunýtni þrífasa hreyfla með málútafl sem er a.m.k. 0,75 kW og í mesta lagi 1000 kW, sem hafa 2, 4, 6 eða 8 póla og eru ekki Ex eb-vottaðir hreyflar með aukið öryggi, samsvara a.m.k. orkunýtni samkvæmt flokki IE3, sem sett er fram í töflu 2 eða töflu 3b eins og við á,

ii. skal orkunýtni þrífasa hreyfla með málútafl sem er a.m.k. 0,12 kW og minna en 0,75 kW, sem hafa 2, 4, 6 eða 8 póla og eru ekki Ex eb-vottaðir hreyflar með aukið öryggi, samsvara a.m.k. orkunýtni samkvæmt flokki IE2, sem sett er fram í töflu 1 eða töflu 3a eins og við á,“.

2) Eftirfarandi komi í stað i. og ii. liðar í b-lið:

„i. skal orkunýtni Ex eb-vottaðra hreyfla með aukið öryggi með málútafl sem er a.m.k. 0,12 kW og í mesta lagi 1000 kW, sem hafa 2, 4, 6 eða 8 póla, og einfasa hreyfla með málútafl sem er a.m.k. 0,12 kW, samsvara a.m.k. orkunýtni samkvæmt flokki IE2, sem sett er fram í töflu 1 eða töflu 3a eins og við á,

ii. skal orkunýtni þrífasa hreyfla, sem eru ekki hemlunarhreyflar, Ex eb-vottaðir hreyflar með aukið öryggi eða aðrir hreyflar með sprengivörn með málútafl sem er a.m.k. 75 kW og í mesta lagi 200 kW, sem hafa 2, 4 eða 6 póla, samsvara a.m.k. orkunýtni samkvæmt flokki IE4, sem sett er fram í töflu 3 eða töflu 3c eins og við á.“

3) Í stað annarrar málsgreinar kemur eftirfarandi:

„Orkunýtni hreyfla, sem er gefin upp í alþjóðlegum orkunýtniflokkum (IE), er sett fram í töflum 1 til 3c með mismunandi gildi fyrir málútafl hreyfilsins P_n, við 50 Hz eða 60 Hz. IE-flokkar eru ákvarðaðir með málútafli (P_N), málspennu (U_N) samkvæmt notkun við 25 °C viðmiðunarumhverfishita.

Að því er varðar 50/60 Hz hreyfla skulu ofangreindar kröfur uppfylltar bæði við 50 Hz og 60 Hz á málútaflinu sem er tilgreint fyrir 50 Hz.

Að því er varðar 50 Hz eða 60 Hz hreyfla skulu ofangreindar kröfur uppfylltar við 50 Hz og málútaflið sem tilgreint er fyrir 50 Hz eða við 60 Hz og málútaflið sem tilgreint er fyrir 60 Hz.“

4) Eftirfarandi töflur 3a, 3b og 3c bætast við:

„Tafla 3a

Lágmarksorkunýtni η_n fyrir orkunýtniflokk IE2 við 60 Hz (%)

Málútafl P_N [kW]	Fjöldi póla			
	2	4	6	8
0,12	59,5	64,0	50,5	40,0
0,18	64,0	68,0	55,0	46,0
0,25	68,0	70,0	59,5	52,0
0,37	72,0	72,0	64,0	58,0
0,55	74,0	75,5	68,0	62,0
0,75	75,5	78,0	73,0	66,0
1,1	82,5	84,0	85,5	75,5
1,5	84,0	84,0	86,5	82,5
2,2	85,5	87,5	87,5	84,0

Málútafl P_N [kW]	Fjöldi póla			
	2	4	6	8
3,7	87,5	87,5	87,5	85,5
5,5	88,5	89,5	89,5	85,5
7,5	89,5	89,5	89,5	88,5
11	90,2	91,0	90,2	88,5
15	90,2	91,0	90,2	89,5
18,5	91,0	92,4	91,7	89,5
22	91,0	92,4	91,7	91,0
30	91,7	93,0	93,0	91,0
37	92,4	93,0	93,0	91,7
45	93,0	93,6	93,6	91,7
55	93,0	94,1	93,6	93,0
75	93,6	94,5	94,1	93,0
90	94,5	94,5	94,1	93,6
110	94,5	95,0	95,0	93,6
150	95,0	95,0	95,0	93,6
185	95,4	95,0	95,0	93,6
220	95,4	95,4	95,0	93,6
250	95,4	95,4	95,0	93,6
300	95,4	95,4	95,0	93,6
335	95,4	95,4	95,0	93,6
375 til 1000	95,4	95,8	95,0	94,1

Tafla 3b

Lágmarksorkunýtni η_n fyrir orkunýtniflokk IE3 við 60 Hz (%)

Málútafl P_N [kW]	Fjöldi póla			
	2	4	6	8
0,12	62,0	66,0	64,0	59,5
0,18	65,6	69,5	67,5	64,0
0,25	69,5	73,4	71,4	68,0
0,37	73,4	78,2	75,3	72,0
0,55	76,8	81,1	81,7	74,0
0,75	77,0	83,5	82,5	75,5
1,1	84,0	86,5	87,5	78,5
1,5	85,5	86,5	88,5	84,0
2,2	86,5	89,5	89,5	85,5
3,7	88,5	89,5	89,5	86,5

Málútafl P_N [kW]	Fjöldi póla			
	2	4	6	8
5,5	89,5	91,7	91,0	86,5
7,5	90,2	91,7	91,0	89,5
11	91,0	92,4	91,7	89,5
15	91,0	93,0	91,7	90,2
18,5	91,7	93,6	93,0	90,2
22	91,7	93,6	93,0	91,7
30	92,4	94,1	94,1	91,7
37	93,0	94,5	94,1	92,4
45	93,6	95,0	94,5	92,4
55	93,6	95,4	94,5	93,6
75	94,1	95,4	95,0	93,6
90	95,0	95,4	95,0	94,1
110	95,0	95,8	95,8	94,1
150	95,4	96,2	95,8	94,5
185	95,8	96,2	95,8	95,0
220	95,8	96,2	95,8	95,0
250	95,8	96,2	95,8	95,0
300	95,8	96,2	95,8	95,0
335	95,8	96,2	95,8	95,0
375 til 1000	95,8	96,2	95,8	95,0

Tafla 3c

Lágmarksorkunýtni η_n fyrir orkunýtniflokk IE4 við 60 Hz (%)

Málútafl P_N [kW]	Fjöldi póla			
	2	4	6	8
0,12	66,0	70,0	68,0	64,0
0,18	70,0	74,0	72,0	68,0
0,25	74,0	77,0	75,5	72,0
0,37	77,0	81,5	78,5	75,5
0,55	80,0	84,0	82,5	77,0
0,75	82,5	85,5	84,0	78,5
1,1	85,5	87,5	88,5	81,5
1,5	86,5	88,5	89,5	85,5
2,2	88,5	91,0	90,2	87,5
3,7	89,5	91,0	90,2	88,5
5,5	90,2	92,4	91,7	88,5

Málútafl P_N [kW]	Fjöldi póla			
	2	4	6	8
7,5	91,7	92,4	92,4	91,0
11	92,4	93,6	93,0	91,0
15	92,4	94,1	93,0	91,7
18,5	93,0	94,5	94,1	91,7
22	93,0	94,5	94,1	93,0
30	93,6	95,0	95,0	93,0
37	94,1	95,4	95,0	93,6
45	94,5	95,4	95,4	93,6
55	94,5	95,8	95,4	94,5
75	95,0	96,2	95,8	94,5
90	95,4	96,2	95,8	95,0
110	95,4	96,2	96,2	95,0
150	95,8	96,5	96,2	95,4
185	96,2	96,5	96,2	95,4
220	96,2	96,8	96,5	95,4
250	96,2	96,8	96,5	95,8
300	96,2	96,8	96,5	95,8
335	96,2	96,8	96,5	95,8
375 til 1000	96,2	96,8	96,5	95,8“.

5) Eftirfarandi bætist við á undan síðustu setningunni:

„Til að ákvarða lágmarksorkunýtni 60 Hz hreyfla við málafl, sem er ekki tilgreint í töflum 3a, 3b og 3c, skal nota eftirfarandi reglu:

Orkunýtni við málafl sem er við eða yfir miðpunkti milli tveggja samliggjandi gilda úr töflunum skal teljast vera hærra gildið af orkunýtnigildunum tveimur.

Orkunýtni við málafl sem er undir miðpunkti milli tveggja samliggjandi gilda úr töflunum skal teljast vera lægra gildið af orkunýtnigildunum tveimur.“

b) Ákvæðum 2. liðar er breytt sem hér segir:

1) í stað a-liðar fyrstu málsgreinar kemur eftirfarandi:

„a) á tækniblaðinu eða í notendahandbókinni sem fylgir hreyflinum, nema ef tengill á upplýsingarnar á netinu fylgi með vörunni. Einnig má QR-kóði fylgja með tengli á upplýsingarnar.“

2) Í stað inngangsorða og 1. liðar í 3. mgr. kemur eftirfarandi:

„Frá 1. júlí 2021 fyrir hreyfla sem um getur í a-lið 1. liðar I. viðauka og frá 1. júlí 2023 fyrir hreyfla sem um getur í i. lið b-liðar 1. liðar I. viðauka:

1) málnýtni (η_N) við 100%, 75% og 50% málálag og -spennu (U_N) sem er ákvörðuð samkvæmt notkun við 25 °C viðmiðunarumhverfishita, námundað með einum aukastaf,“.

3) Í stað áttundu og níundu málsgreinar kemur eftirfarandi:

„Að því er varðar hreyfla sem eru undanþegnir orkunýtnikröfunum í samræmi við m-lið 2. liðar 2. gr. þessarar reglugerðar verður textinn „Einungis skal nota hreyfilinn sem varahlut fyrir“ að koma skýrt fram á hreyflinum eða umbúðum hans og í gögnum um hann, sem og sérstakt tegundarauðkenni fyrir þá vöru eða vörur sem hann er ætlaður fyrir.

Í tengslum við 50 Hz og 60 Hz hreyfla eru gögnin sem sett eru fram að hér að ofan veitt fyrir viðeigandi tíðni, en í tengslum við 50/60 Hz hreyfla nægir að setja fram gögnin við 50 Hz, að undanskilinni málnýtni við fullt álag, sem skal tilgreind bæði við 50 Hz og 60 Hz.“

c) Ákvæðum 4. hluta er breytt sem hér segir:

1) Í stað a-liðar fyrstu málsgreinar kemur eftirfarandi:

„a) á tækniblaðinu eða í notendahandbókinni sem fylgir snúningshraðastýringunni, nema ef tengill á upplýsingarnar á netinu fylgi með vörunni. Einnig má QR-kóði fylgja með tengli á upplýsingarnar.“

2) Í stað fjórðu málsgreinar kemur eftirfarandi:

„Á merkiplötu snúningshraðastýringarinnar eða nálægt henni skal merkja með varanlegum hætti þær upplýsingar sem um getur í 1. og 2. lið sem og framleiðsluárið. Ef ómögulegt er vegna stærðar merkiplötunnar að merkja allar upplýsingarnar sem um getur í 1. lið skal einungis merkja á hana afltap sem hundraðshluta (%) af málsýndarútafli við (90;100) námundað með einum aukastaf.“

2) Í 1. hluta II. viðauka kemur eftirfarandi í stað annarrar málsgreinar:

„Að því er varðar vinnupunktana sjö skv. 13. lið 2. liðar I. viðauka, skal tapið annað hvort ákvarðað með beinni mælingu á innafli-útafli eða með útreikningi.“

3) Ákvæðum III. viðauka er breytt sem hér segir:

a) Í stað fyrstu málsgreinar kemur eftirfarandi:

„Vikmörk sannprófana, sem skilgreind eru í þessum viðauka, eiga aðeins við um sannprófun yfirvalda aðildarríkis á yfirlýstum gildum og skal framleiðandi, innflytjandi eða viðurkenndur fulltrúi hvorki nota þau sem leyfileg vikmörk til að ákvarða gildin sem gefin eru upp í tæknigögnunum, eða við túlkun þessara gilda, með það fyrir augum að ná fram samræmi eða til að sýna fram á betri frammistöðu með einhverjum hætti.“

b) Í stað 3. mgr. kemur eftirfarandi:

„Þegar yfirvöld aðildarríkjanna sannreyna að vörutegund uppfylli kröfurnar, sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð skv. 2. mgr. 3. gr. tilskipunar 2009/125/EB, skulu þau beita eftirfarandi málsmeðferð með tilliti til þeirra krafna sem um getur í I. viðauka.“

c) Í stað 7. liðar kemur eftirfarandi:

„7) Yfirvöld aðildarríkisins skulu gefa yfirvöldum annarra aðildarríkja og framkvæmdastjórninni allar viðeigandi upplýsingar, án tafar, eftir að ákvörðun liggur fyrir um að tegundin uppfylli ekki kröfurnar í 3. eða 6. lið eða annarri málsgrein þessa viðauka.“

———

III. VIÐAUKI

Ákvæðum I. til IV. viðauka við reglugerð (ESB) 2019/2019 er breytt sem hér segir:

1) Í I. viðauka bætist eftirfarandi 38. liður við:

„38) „yfirlýst gildi“: gildi sem framleiðandi, innflytjandi eða viðurkenndur fulltrúi leggur fram fyrir uppgefna, reiknaða eða mælda tæknilega mæliþætti í samræmi við 4. gr., vegna sannprófunar yfirvalda aðildarríkis á samræmi.“

2) Í stað f-liðar 2. hluta í II. viðauka kemur eftirfarandi:

„f) Fyrir 4-stjörnu hólf skal frystitíminn, sem þarf til að lækka hitastigið á léttum farmi frá +25 til -18 °C við umhverfishita sem er 25 °C, vera þannig að frystigetan sem af því leiðir uppfylli kröfurnar í 22. lið 2. gr.“

3) Ákvæðum III. viðauka er breytt sem hér segir:

a) Eftirfarandi málsgrein bætist við á eftir fyrstu málsgrein:

„Ef mæliþáttur er tilgreindur skv. 4. gr. skal framleiðandi, innflytjandi eða viðurkenndur fulltrúi nota yfirlýst gildi hans við útreikningana í þessum viðauka.“

b) Í stað h-liðar 1. hluta kemur eftirfarandi:

„h) frystigeta hólfs er reiknuð sem 24 sinnum þyngdin á léttum farmi deilt með frystitímanum sem þarf til að færa hitastig létta farmsins frá +25 til -18 °C við umhverfishita upp á 25 °C, gefin upp í kg/24 klst. og námunduð með einum aukastaf,“.

c) Eftirfarandi j-liður bætist við 1. hluta:

„j) léttur farmur fyrir hvert 4-stjörnu hólf skal vera:

— 3,5 kg á hverja 100 lítra rúmmáls 4-stjörnu hólfsins sem er verið að meta, námundað upp í næstu 0,5 kg og

— 2 kg fyrir 4-stjörnu hólf með rúmmál þar sem 3,5 kg á hverja 100 lítra gefa gildi sem er lægra en 2 kg,

ef um er að ræða kælitæki sem eru með samsetningu af 3- og 4-stjörnu hólfum, skal summa þyngdarinnar eða þyngdanna á léttum farmi aukin þannig að summa þyngdarinnar á léttum farmi fyrir öll 4-stjörnu hólfi verði:

— 3,5 kg á hverja 100 lítra rúmmáls allra 4- og 3-stjörnu hólfa, námundað upp í næstu 0,5 kg og

— 2 kg fyrir heildarrúmmál allra 4- og 3-stjörnu hólfa með rúmmál þar sem 3,5 kg á hverja 100 lítra gefa gildi sem er lægra en 2 kg.“

4) Ákvæðum IV. viðauka er breytt sem hér segir:

a) Í stað fyrstu málsgreinar kemur eftirfarandi:

„Vikmörk sannprófana, sem skilgreind eru í þessum viðauka, eiga aðeins við um sannprófun yfirvalda aðildarríkis á yfirlýstum gildum og skal framleiðandi, innflytjandi eða viðurkenndur fulltrúi hvorki nota þau sem leyfileg vikmörk til að ákvarða gildin sem gefin eru upp í tæknigögnunum, eða við túlkun þessara gilda, með það fyrir augum að ná fram samræmi eða til að sýna fram á betri frammistöðu með einhverjum hætti.“

b) Í stað „Við sannprófun“ í þriðju málsgrein kemur „Sem hluta af sannprófun“.

c) Í stað d-liðar 2. liðar kemur eftirfarandi:

„d) þegar yfirvöld aðildarríkis prófa einingu af tegundinni uppfylli hún kröfurnar í þriðju málsgrein 6. gr., virknikröfurnar í 2. lið II. viðauka, kröfurnar um auðlindanýtni í 3. lið II. viðauka og kröfurnar um upplýsingar í 4. lið II. viðauka og“.

d) Í stað 7. liðar kemur eftirfarandi:

„7) Yfirvöld aðildarríkisins skulu gefa yfirvöldum annarra aðildarríkja og framkvæmdastjórninni allar viðeigandi upplýsingar, án tafar, eftir að ákvörðun liggur fyrir um að tegundin uppfylli ekki kröfurnar í 3. eða 6. lið eða annarri málsgrein þessa viðauka.“

e) Í stað töflu 6 kemur eftirfarandi:

„Tafla 6

Vikmörk sannprófana

Mæliþættir	Vikmörk sannprófana
Heildarrúmmál og rúmmál hólfs	Ákvarðað gildi (a) skal ekki vera meira en 3% eða 1 lítra lægra — hvort heldur gildið er hærra — en yfirlýst gildi.
Frystigeta	Ákvarðað gildi (a) skal ekki vera meira en 10% lægra en yfirlýst gildi.
E_{32}	Ákvarðað gildi (a) skal ekki vera meira en 10% hærra en yfirlýst gildi.
Árleg orkunotkun	Ákvarðað gildi (a) skal ekki vera meira en 10% hærra en yfirlýst gildi.
Innra rakastig í vínkælum (%)	Ákvarðað gildi (a) skal ekki víkja frá yfirlýsta sviðinu um meira en 10%.
Hávaðamengun sem berst í lofti	Ákvarðað gildi (a) skal ekki vera meira en 2 dB(A) við 1 pW meira en yfirlýst gildi.
Tími hitahækkunar	Ákvarðað gildi (a) skal ekki vera meira en 15% lægra en yfirlýst gildi.

(a) Ef þrjár viðbótareiningar eru prófaðar, eins og mælt er fyrir um í 4. lið, er ákvarðað gildi meðaltal gildanna sem ákvörðuð eru fyrir þessar þrjár viðbótareiningar.“

IV. VIÐAUKI

Ákvæðum I. til IV. viðauka við reglugerð (ESB) 2019/2020 er breytt sem hér segir:

1) Í stað 52. liðar í I. viðauka kemur eftirfarandi:

„52) „yfirlýst gildi“: gildi sem framleiðandi, innflytjandi eða viðurkenndur fulltrúi leggur fram fyrir uppgefna, reiknaða eða mælda tæknilega mæliþætti í samræmi við 5. gr., vegna sannprófunar yfirvalda aðildarríkis á samræmi.“

2) Ákvæðum II. viðauka er breytt sem hér segir:

a) Í stað hólfanna í 2. lið í töflu 4:

Blikhrif fyrir LED- og OLED-rafveituljósgjafa	Mælieining fyrir blikhrif (SVM) ≤ 0,4 við fullt álag (að undanskilinni háþrýstri úrhleðslu (HID) með Φuse > 4 klm og fyrir ljósgjafa sem ætlaðir eru til notkunar utandyra, notkunar í iðnaði eða annarrar notkunar þar sem lýsingarstaðlar heimila litendurgjafarstuðul (CRI) < 80)

kemur eftirfarandi:

„Blikhrif fyrir LED- og OLED-rafveituljósgjafa	Mælieining fyrir blikhrif (SVM) ≤ 0,9 við fullt álag (að undanskildum ljósgjöfum sem ætlaðir eru til notkunar utandyra, til notkunar í iðnaði eða annarrar notkunar þar sem lýsingarstaðlar heimila litendurgjafarstuðul (CRI) < 80) Frá 1. september 2024: Mælieining fyrir blikhrif (SVM) ≤ 0,4 við fullt álag (að undanskildum ljósgjöfum sem ætlaðir eru til notkunar utandyra, til notkunar í iðnaði eða annarrar notkunar þar sem lýsingarstaðlar heimila litendurgjafarstuðul (CRI) < 80)“.

b) Í stað 1. liðar í d-lið 3. liðar kemur eftirfarandi:

„1) Upplýsingarnar sem eru tilgreindar í 1. lið c-liðar 3. liðar í þessum viðauka skulu einnig vera í tækniskjölunum sem búin eru til vegna samræmismats skv. 8. gr. tilskipunar 2009/125/EB.“

3) Ákvæðum III. viðauka er breytt sem hér segir:

a) Í stað c-liðar 1. liðar kemur eftirfarandi:

„c) í búnaði í tengslum við geislalækningar og geislalæknisfræði sem fellur undir geislunaröryggisstaðla eins og sett er fram í tilskipun ráðsins 2013/59/KBE (*),

(*) Tilskipun ráðsins 2013/59/KBE frá 5. desember 2013 um grundvallaröryggisstaðla um verndun gegn hættu af völdum váhrifa frá jónandi geislun (Stjtíð. ESB L 13, 17.1.2014, bls. 1).“

b) Ákvæðum 3. liðar er breytt sem hér segir:

1) Í stað s-liðar kemur eftirfarandi:

„s) í glóperuljósgjöfum með blaðsnertu, málmstrengskó, rafstreng, Litz-vír, metraskrúfgengju, tindsökkli eða öðrum óstöðluðum rafrænum skilfleti, með hjúp úr kvarsglerpípum, sem eru sérstaklega hannaðir og markaðssettir fyrir rafknúinn hitunarbúnað í iðnaði eða til faglegra nota (t.d. í strekkingar- og blástursmótunarferli í PET-iðnaði, við þrívíddarprentun, í framleiðsluferlum fyrir sólarrafhlöður og rafeindabúnað, við þurrkun eða herslu límefna, bleks, málningar eða húðunarefna),“

2) Í stað w-liðar kemur eftirfarandi:

„w) ljósgjafar sem

1) eru hannaðir og markaðssettir sérstaklega til notkunar við sviðslýsingu í kvikmyndaverum, sjónvarpsverum og -tökustöðum og ljósmyndaverum og -tökustöðum eða til notkunar við sviðslýsingu í leikhúsum, á meðan á tónleikum eða öðrum skemmtanaviðburðum stendur,

og sem

2) samræmast a.m.k. einni af eftirfarandi forskriftum:
   a) ljósdíóða með aflnotkun sem er ≥ 100 W og litendurgjafastuðul > 90,
   b) GES/E40, K39d-tengill með breytanlegu litarhitastigi niður í 1800 K (ódeyft), notað með lágspennu-aflgjafa,
   c) ljósdíóða með aflnotkun sem er ≥ 180 W og staðsett þannig að ljósið beinist að svæði sem er minna en ljósvarpsflöturinn,
   d) glóperuljósgjafi af DWE-gerð og með 650 W aflnotkun, 120 V spennu og þrýstiróartengil,
   e) ljósdíóða með aflnotkun sem er ≥ 100 W sem gerir notanda kleift að stilla þannig að hún gefi frá sér ljós með mismunandi litarhitastigi,
   f) LFL T5 með G5-sökkul með CRI ≥ 85 og CCT 2900, 3000, 3200, 5600 eða 6500 K.“

3) Eftirfarandi x-liður bætist við:

„x) stefnuvirkir glóperuljósgjafar, sem uppfylla eftirfarandi skilyrði: E27-sökkull, glær hjúpur, aflnotkun sem er ≥ 100 W og ≤ 400 W, CCT > 2500 K, sérstaklega hannaður og markaðssettur fyrir innrauða hitun.“

c) Eftirfarandi 5. liður bætist við:

„5 Ljósgjafar sem eru sérstaklega hannaðir og settir á markað fyrir vörur innan gildissviðs reglugerða framkvæmdastjórnarinnar 2019/2023, 2019/2022, 932/2012 og 2019/2019, skulu undanþegnir frá kröfunum um ljósstreymisheldni og lifunarhlutfall sem eru settar fram í 2. lið í töflu 4 í II. viðauka, og frá kröfunum um upplýsingar um endingartíma sem eru settar fram í e-lið 1. liðar b-liðar 3. liðar II. viðauka.“

4) Ákvæðum IV. viðauka er breytt sem hér segir:

a) Í stað fyrstu málsgreinar kemur eftirfarandi:

„Vikmörk sannprófana, sem skilgreind eru í þessum viðauka, eiga aðeins við um sannprófun yfirvalda aðildarríkis á yfirlýstum gildum og skal framleiðandi, innflytjandi eða viðurkenndur fulltrúi hvorki nota þau sem leyfileg vikmörk til að ákvarða gildin sem gefin eru upp í tæknigögnunum, eða við túlkun þessara gilda, með það fyrir augum að ná fram samræmi eða til að sýna fram á betri frammistöðu með einhverjum hætti.“

b) Í stað „Við sannprófun“ í þriðju málsgrein kemur „Sem hluta af sannprófun“.

c) Í stað 1. liðar kemur eftirfarandi:

„1 Yfirvöld aðildarríkis skulu sannprófa staka einingu af tegundinni að því er varðar 2. lið (a-, b-, d- og e-lið) í þessum viðauka.

Yfirvöld aðildarríkisins skulu framkvæma sannprófun á 10 einingum af tegund ljósgjafans eða 3 einingum af tegund aðskilda stýribúnaðarins. Mælt er fyrir um vikmörk sannprófana í töflu 6 í þessum viðauka.“

d) Í stað c-liðar 2. liðar kemur:

„c) þegar yfirvöld aðildarríkis prófa einingar af tegundinni, uppfylli ákvörðuð gildi viðkomandi vikmörk sannprófana sem eru tilgreind í töflu 6 í þessum viðauka, þar sem „ákvarðað gildi“ er meðaltal tiltekins mæligildis fyrir prófaðar einingar eða meðaltal gilda mæliþátta sem er reiknað út frá mæligildum og“.

e) Ákvæði d- og e-liðar 2. liðar bætast við:

„d) yfirvöld aðildarríkjanna slá því föstu, þegar þau prófa einingu af tegundinni, að framleiðandinn, innflytjandinn eða viðurkenndi fulltrúinn hafi komið á fót kerfi sem uppfyllir kröfurnar í annarri málsgrein 7. gr. og

e) þegar yfirvöld aðildarríkis prófa einingu af tegundinni uppfylli hún kröfurnar í 3. mgr. 7. gr. og kröfurnar um upplýsingar í 3. lið II. viðauka.“

f) Í stað 3. liðar kemur eftirfarandi:

„3. Ef niðurstöðurnar, sem um getur í 2. lið (a-, b-, c-, d- eða e-lið) fást ekki telst tegundin og allar sambærilegar tegundir ekki uppfylla ákvæði þessarar reglugerðar.“

g) Í stað 4. liðar kemur eftirfarandi:

„4) Yfirvöld aðildarríkisins skulu gefa yfirvöldum annarra aðildarríkja og framkvæmdastjórninni allar viðeigandi upplýsingar, án tafar, eftir að ákvörðun liggur fyrir um að tegundin uppfylli ekki kröfurnar í 3. lið eða annarri málsgrein þessa viðauka.“

h) Í stað vikmarka sannprófunar fyrir „Flökt [Pst LM] og blikhrif [SVM]“ í töflu 6 kemur eftirfarandi:

„Ákvarðað gildi skal ekki vera hærra en yfirlýsta gildið en sem nemur 0,1.“

———

V. VIÐAUKI

Ákvæðum I. til IV. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 2019/2021 er breytt og III. viðauka a er bætt við sem hér segir:

1) Ákvæðum I. viðauka er breytt sem hér segir:

a) Í stað 5. liðar kemur eftirfarandi:

„5) „örljósdíóðuskjár“: rafeindaskjár þar sem stakar myndeindir eru lýstar með smásærri ljósdíóðutækni,“.

b) Eftirfarandi 38., 39. og 40. liður bætast við:

„38) „yfirlýst gildi“: gildi sem framleiðandi, innflytjandi eða viðurkenndur fulltrúi leggur fram fyrir uppgefna, reiknaða eða mælda tæknilega mæliþætti í samræmi við 4. gr., vegna sannprófunar yfirvalda aðildarríkis á samræmi.

39) „Háskerpuupplausn“: 1920 x 1080 myndeindir eða 2 073 600 myndeindir.

40) „Ofurháskerpuupplausn“: 3840 x 2160 myndeindir eða 8 294 400 myndeindir.“

2) Ákvæðum 1. liðar A-þáttar í II. viðauka er breytt sem hér segir:

a) Á eftir síðustu setningu á undan töflu 1 bætist við eftirfarandi málsgrein:

„Við útreikning á orkunýtnistuðli skal nota yfirlýst gildi fyrir aflþörf þegar kveikt er á tæki ($P_{measured}$) og skjáflöt (A) eins og skráð er í töflu 5 í VI. viðauka við framselda reglugerð 2019/2013.“

b) Í stað töflu 1 kemur eftirfarandi:

„Tafla 1

Viðmiðunarmörk fyrir orkunýtnistuðul þegar kveikt er á búnaði

	***EEI**max* fyrir rafeindaskjái með upplausn að háskerpuupplausn	***EEI**max* fyrir rafeindaskjái með upplausn yfir háskerpuupplausn og að ofurháskerpuupplausn	***EEI**max* fyrir rafeindaskjái með upplausn yfir ofurháskerpuupplausn og fyrir örljósdíóðuskjái
1. mars 2021	0,90	1,10	á.e.v.
1. mars 2023	0,75	0,90	0,90“.

c) Ákvæðum C-þáttar er breytt sem hér segir:

Í stað síðustu málsgreinar 2. liðar kemur eftirfarandi:

„Nettengdir rafeindaskjáir skulu uppfylla kröfurnar um nettengdan reiðuham með endurvirkjunarbúnað tengdan netinu og reiðubúinn að virkja ræsifyrirmæli þegar þess er þörf.

Nettengdir rafeindaskjáir skulu uppfylla kröfurnar um reiðuham þegar slökkt er á nettengdum reiðuham.“

d) Ákvæðum D-þáttar er breytt sem hér segir:

1) Í stað 1. liðar kemur eftirfarandi:

„1 Hönnun varðandi sundurhlutun, endurvinnslu og endurheimt

a) Framleiðendur, innflytjendur eða viðurkenndir fulltrúar þeirra skulu tryggja að tækni við samsetningu, festingu eða innsiglun komi ekki í veg fyrir að hægt sé að fjarlægja, með því að nota algeng verkfæri, íhluti, sem tilgreindir eru í 1. lið VII. viðauka við tilskipun 2012/19/ESB um raf- og rafeindabúnaðarúrgang eða í 11. gr. tilskipunar 2006/66/EB um rafhlöður og rafgeyma og notaðar rafhlöður og rafgeyma, ef þeir eru fyrir hendi í vörunum.

b) Undanþágurnar sem eru tilgreindar í 11. gr. tilskipunar 2006/66/EB um órofna tengingu milli rafeindaskjásins og rafhlöðunnar eða rafgeymisins gilda.

c) Framleiðendur, innflytjendur eða viðurkenndir fulltrúar þeirra skulu, með fyrirvara um 1. lið 15. gr. tilskipunar 2012/19/ESB, gera tiltækar á opnum vefsetrum upplýsingar um sundurhlutun sem eru nauðsynlegar til að fá aðgang að vöruíhlutunum sem um getur í 1. lið VII. viðauka við tilskipun 2012/19/ESB.

d) Upplýsingar um sundurhlutun skulu fela í sér röð sundurhlutunarþrepa, verkfæra eða tækniaðgerða sem eru nauðsynlegar til að fá aðgang að markíhlutunum.

e) Þessar upplýsingar um úr sér gengnar vörur skulu vera tiltækar í a.m.k. 15 ár eftir að síðasta eining vörutegundarinnar hefur verið sett á markað.“

2) Í stað 1. liðar a-liðar í 5. lið kemur eftirfarandi:

„1) framleiðendur, innflytjendur eða viðurkenndir fulltrúar rafeindaskjáa skulu að lágmarki gera eftirfarandi varahluti tiltæka fyrir faglærða viðgerðarmenn: innri aflgjafa, búnað til tengingar við ytri búnað (kapal, loftnet, USB-tengi, DVD-tengi og Blu-Ray-tengi), þétta yfir 400 míkrófaröd, rafhlöður og rafgeyma, DVD/Blu-Ray-einingu, ef við á, og HD/SSD-einingu, ef við á, í sjö ár hið minnsta eftir að síðasta eining tegundarinnar er sett á markað,“.

3) Ákvæðum III. viðauka er breytt sem hér segir:

a) Eftirfarandi málsgrein bætist við á eftir fyrstu málsgrein:

„Ef mæliþáttur er tilgreindur skv. 4. gr. skal framleiðandi, innflytjandi eða viðurkenndur fulltrúi nota yfirlýst gildi hans við útreikningana í þessum viðauka.

Þegar fyrirliggjandi viðeigandi staðla skortir og þar til búið er að birta tilvísanirnar í viðeigandi samhæfða staðla í Stjórnartíðindum skal notast við umbreytingarprófunaraðferðirnar sem settar eru fram í a-lið III. viðauka eða aðrar áreiðanlegar, nákvæmar og samanburðarnákvæmar aðferðir þar sem tillit er tekið til almennt viðurkenndra aðferða sem byggjast á nýjustu tækni.“

b) Eftirfarandi bætist við í lok viðaukans:

„Mælingar á staðalstyrksviði, útvíkkuðu styrksviði, ljóma skjás fyrir sjálfvirka birtustillingu, hlutfalli hvíts hámarksljóma og aðrar mælingar á ljóma skulu gerðar eins og tilgreint er í töflu 3a.

Tafla 3a

Viðmiðanir og athugasemdir

	Athugasemdir:
P*measured* Staðalstyrksvið (SDR) þegar kveikt er á búnaði, „venjulegt“	***Athugasemdir um aflmælingu*** *(Sjá athugasemdir til upplýsingar í III. viðauka a varðandi prófun á skjám með stöðluðu jafnstraumsinntaki eða rafhlöðu sem ekki er hægt að fjarlægja sem aðalaflgjafa. Að því er varðar þessar umbreytingarmæliaðferðir er staðlað jafnstraumsinntak það eina sem er samrýmanlegt hinum ýmsu afbrigðum af USB-aflgjöfum).* ***Athugasemdir um myndmerki*** Í stað 10 mínútna myndskeiðs með virku útsendingarefni sem er lýst í fyrirliggjandi viðeigandi stöðlum kemur uppfært 10 mínútna myndskeið með virku útsendingarefni. Þetta er aðgengilegt til niðurhals á: https://circabc.europa.eu/ui/group/1582d77c-d930-4c0d-b163-4f67e1d42f5b/library/23ab249b-6ebc-4f45-9b0e-df07bc61a596?p=1&n=10&sort=modified_DESC. Tvær skrár eru tiltækar, í hefðbundinni upplausn og háskerpuupplausn. Þær bera annars vegar titilinn „SD Dynamic Video Power.mp4“ og hins vegar „HD Dynamic Video Power.mp4“. Hefðbundin upplausn er í boði fyrir tilteknar gerðir skjáa sem ekki geta tekið á móti eða spilað myndskeið í hærri upplausn. Skráin með háskerpuupplausninni er notuð fyrir alla aðra skjáupplausn þar sem hún passar hvað best við meðalmyndgildi (APL) núverandi prófunarraðar í virkri háskerpuútsendingu Alþjóðaraftækninefndarinnar sem lýst er í fyrirliggjandi viðeigandi stöðlum. Uppskölun frá háskerpuupplausn í hærri fasta skjáupplausn skal framkvæmd af einingunni sem verið er að prófa en ekki ytri búnaði. Ef það verður að framkvæma uppskölun með ytri búnaði skal skrá nákvæmar upplýsingar um búnaðinn og merkjaskilflötinn við einingunа sem verið er að prófa.

	Athugasemdir:
	Staðfesta skal að gagnamerkið sem halað er niður úr skráageymslukerfinu í stafrænan merkjaskilflöt einingarinnar sem verið er að prófa gefi frá sér myndmerki með hámarksljóma og sem er algerlega svart. Ef skráarafspilunarkerfið býr yfir sérstakri virkni til að finstilla myndina (t.d. vinnslu djúpra svartra tóna eða finstillingu lita) skal slík virkni gerð óvirk. Að því er varðar endurtekningarnákvæmni mælinga skal skrá upplýsingar skráargeymlu- og afspilunarkerfisins sem og gerð stafræns skilflatar við eininguna sem verið er að prófa (t.d. HDMI, DVI o.s.frv.). Aflmælingin $P_{measured}$ er meðalgildi sem fæst úr heilli 10 mínútna virkri prófunarröð, þar sem sjálfvirk birtustilling hefur verið gerð óvirk.
P*measured* Útvíkkað styrksvið (HDR) þegar kveikt er á búnaði, „venjulegt“ *(skiptir sjálfkrafa yfir í útvíkkað styrksvið)*	Engir viðeigandi staðlar hafa verið birtir hingað til. Í kjölfar **P***measured* (SDR) mælingar á virkri prófunarröð skal keyra tvær virkar prófunarraðir með útvíkkað styrksvið. Þessar 5 mínútna prófunarraðir eru eingöngu myndsettar í háskerpuupplausn, í sameiginlegu stöðlunum HLG og HDR10 fyrir útvíkkað styrksvið. Uppskölun frá háskerpuupplausn í hærri fasta skjáupplausn skal framkvæmd af einingunni sem verið er að prófa og ekki með ytri búnaði. Ef það verður að framkvæma uppskölun með ytri búnaði skal skrá nákvæmar upplýsingar um búnaðinn og merkjaskilflötinn við eininguna sem verið er að prófa. Þessi gögn eru aðgengileg til niðurhals á: https://circabc.europa.eu/ui/group/1582d77c-d930-4c0d-b163-4f67e1d42f5b/library/38df374d-f367-4b72-93d6-3f48143ad661?p=1&n=10&sort=modified_DESC og hafa að geyma saman dagskrárefnið. Skrárnar bera annars vegar titilinn „HDR-HLG Power.mp4“ og hins vegar „HDR_HDR10 Power.mp4“. Áður en aflgögn eru skráð er mikilvægt að staðfesta í myndstillingarvalmynd að einingin sem verið er að prófa sé stillt á birtingarham fyrir útvíkkað styrksvið. Samþætt aflmæling fyrir hverja prófunarröð (**P***av*) skal lögð saman og helminguð til að reikna út merkta orkunýtniflokkinn fyrir útvíkkað styrksvið og merkta orkuyfirlýsingu fyrir útvíkkað styrksvið. Ef ekki er hægt að prófa eininguna sem verið er að prófa á einu af þessum sniðum fyrir útvíkkað styrksvið, skal þess getið og yfirýst afl vera mælda gildið fyrir **P***av* fyrir það snið útvíkkaðs styrksviðs sem er stutt. ABC-frávik gilda ekki í birtingarham fyrir útvíkkað styrksvið. **P***measured* HDR = 0.5 * **(P***av HLG* + **P***av HDR10*) Ef einn af þessum birtingarhömum fyrir útvíkkað styrksvið er ekki studdur, skulu mældu tölugildin fyrir (Pav HLG) eða (Pav HDR10) eins og við á, notuð á yfirlýsingar á merkingu VII og VIII.
Mæling á ljóma skjás til að meta stýrieiginleika sjálfvirkrar birtustillingar og aðrar kröfur um mælingu á hvítum hámarksljóma.	Ekki er hægt að nota fyrirliggjandi viðeigandi staðla. Við allar mælingar á hvítum hámarksljóma skjás skal notast við nýtt afbrigði af virku „box and outline“-prófunarmynstri sem er í lit en ekki svarthvíta þriggja randa mynstrið. Eins og lýst er í lið 1.2.4 í III. viðauka a skal nota sett af þessum afbrigðum af virkum prófunar-mynstrum sem sameina „box and outline“-sniðið og VESA L10 til L80 sniðið sem notast við hvítan kassa og er aðgengilegt til niðurhals á: https://circabc.europa.eu/ui/group/1582d77c-d930-4c0d-b163-4f67e1d42f5b/library/4f4b47a4-c078-49c4-a859-84421fc3cf5e?p=1&n=10&sort=modified_DESC. Þau er að finna í undirmöppum sem eru merktar SD, HD og UHD. Hver undirmappa inniheldur átta virk prófunarmynstur fyrir hámarksljóma frá L10 til L80. Upplausn má velja í samræmi við fasta skjáupplausn og merkjasamhæfni einingarinnar sem verið er að prófa. Val á mynstri með viðeigandi upplausn skal byggt á a) lágmarksstærð hvíta kassans sem þörf er á til að tæki sem mæla ljóma með því að snerta skjá starfi rétt og b) því að einingin sem verið er að prófa búi ekki yfir afltakmörkun (stór hvít svæði geta leitt til lækkunar á hvítum hámarksljóma). Sérhver uppskölun skal framkvæmd af einingunni sem verið er að prófa en ekki með ytri búnaði. Staðfesta skal að gagnamerkið sem halað er niður úr skráageymslukerfinu í stafrænan merkjaskilflöt einingarinnar sem verið er að prófa gefi frá sér myndmerki með hámarksljóma og sem er algerlega svart án annarrar vinnslu sem felur í sér endurbætur á myndmerki (t.d. vinnslu djúpra svartra tóna/finstillingu lita). Tilgreina skal bæði geymslukerfi og gerð merkjaskilflatar. Að því er varðar skjái sem eru prófaðir með því að nota USB-tengi, eða skilflöt fyrir gögn sem eru samrýmanleg USB-tengjum sem bjóða upp á raforkuflutning, skal einingin sem verið er að prófa og merkisgjafi sem er tengdur í USB-tengi vinna á eigin aflgjafa með eingöngu gagnaleiðsluna tengda.

	Athugasemdir:
Mælingar í tengslum við sjálfvirka birtustillingu að því er varðar „Frávik og aðlaganir að því er varðar útreikninga á orkunýtnistuðli og virknikröfum“	Aðferðin við uppsetningu umhverfisljósgjafa með sjálfvirka birtustillingu og við stýringu á ljóma eins og tilgreint er í fyrirliggjandi stöðlum skal ekki notuð að því er varðar mælingar tengdar sjálfvirkri birtustillingu fyrir þessa reglugerð. Aðferðinni sem á að nota er lýst ítarlega í lið 1.2.5 í III. viðauka a.
Hlutfall hvíts hámarksljóma	Ekki er hægt að nota fyrirliggjandi viðeigandi staðla. Virka „box and outline“-prófunarmynstrið sem er valið til mælingar á hvítum hámarksljóma við sjálfvirka birtustillingu (III. viðauki a, liður 1.2.4) skal nota til að mæla hvítan hámarksljóma „í venjulegri skipan“ með sjálfvirka birtustillingu virka. Ef þetta nemur innan við 150 cd/m^2 fyrir tölvuskjái eða 220 cd/m^2 fyrir aðrar skjávörur, skal gera frekari mælingar á hámarksljóma björtustu fyrir fram stilltu skipanar í notendavalmyndinni (ekki skipanar fyrir verslun). Ekki er þörf á að kveikt sé á sjálfvirkri birtustillingu við mælingu á ljómahlutfallinu en staða sjálfvirku birtustillingarinnar (af eða á) skal eiga við báðar mælingar. Ef kveikt er á sjálfvirku birtustillingunni skal ljóminn nema 100 lúxum í báðum mælingunum. Þess skal gæta að virka prófunarmynstrið sem er valið til mælingar á hvítum hámarksljóma „í venjulegri skipan“ leiði ekki til þess að ljómi björtustu fyrir fram stilltu skipanarinnar verði óstöðugur. Ef vart verður við óstöðugleika skal velja minna kassamynstur með hvítum hámarksljóma fyrir báðar mælingarnar.
Almennar athugasemdir	Eftirfarandi prófunarstaðlar veita mikilvægar stuðningsupplýsingar um forskriftir prófunarbúnaðar og nauðsynlegar prófunaraðstæður sem skipta máli varðandi leiðbeiningar um mælingar og prófanir sem eru gefnar í þessum viðauka. EN 50564:2011 EN 50643:2018 EN 62087-1:2016 EN 62087:2016 EN 62087-3:2016 EN IEC 62680 staðlaröð frá 2013 til 2020 IEC TR 63274 ED1:2020 (Ráðgefandi tæknileg skýrsla um prófunarkröfur varðandi útvíkkað styrksvið)“.

4) Eftirfarandi III. viðauka a er bætt við:

„III. VIÐAUKI a

Umbreytingaraðferðir

1. **VIÐBÓTARÞÆTTIR SEM VARÐA MÆLINGAR OG ÚTREIKNINGA**

Tafla 3b

Kröfur um prófunarbúnað og skipan einingar sem verið er að prófa (*)

Lýsing á búnaði	Geta	Viðbótargeta og -eiginleikar
Aflmæling	Skilgreind í viðeigandi staðli	Gagnaskráningarvirkni
Ljómamælir	Skilgreind í viðeigandi staðli	Snertinemi með gagnaskráningarvirkni
Birtumælir (IMD)	Skilgreind í viðeigandi staðli	Gagnaskráningarvirkni

Lýsing á búnaði	Geta	Viðbótargeta og -eiginleikar
Merkjagjafi	Skilgreind í viðeigandi staðli	Sbr. viðeigandi athugasemdir í töflu 3a í III. viðauka. Viðmiðanir og athugasemdir
Ljósgjafi (skjávarpi)	Skal gefa frá sér birtu við ABC-skynjara sem nemur að lágmarki 12 lúxum og upp að 150 lúxum fyrir sjónvörp og tölvuskjái og upp að 20 000 lúxum fyrir stafræna upplýsingaskjái í 1,5 metra lágmarksfjarlægð frá ABC-skynjara	Hálfleiðaraljósgjafi (ljósdíóða, leysir eða samsetning ljósdíóðu og leysis). Litaskali skjávarpans skal vera samsvarandi eða betri en sem er að finna í staðlinum REC 709. Hallanleg skjávarpafesting sem gerir það mögulegt að stilla geisla skjávarpa með nákvæmum hætti. Að auki festingarinnar eða í stað hennar er hægt að notast við innbyggða virkni til að stilla ljósgeislann.
Ljósgjafi (deyfanleg díóðupera)	Eins og tilgreint er í lið 1.2.1.	
Tölva fyrir samtímagagnaskráningu á sameiginlegum tímakvarða	A.m.k. 3 viðeigandi tengi sem gera það kleift að koma á tengingu við búnað til mælingar á afli, ljóma og birtu.	USB- og Thunderbolt-tengi teljast til viðeigandi tengja.
Tölva, tengd við skjávarpa, með hugbúnaði til að keyra skyggnusýningar og til að vinna myndir.	Hugbúnaður sem gerir það kleift að varpa hvítum skyggnum sem fylla út í skjáinn samtímis því að stýra litarhitastigi og ljómastigi (gráu).	

(*) *Eining sem verið er að prófa*

1.1. **Samantekt um röð prófunar**

1. Einingu sem verið er að prófa er komið fyrir á standi, og staðsetning skynjara fyrir sjálfvirka birtustillingu (ABC-skynjara) tilgreind eftir atvikum, og tækjum sem mæla ljóma og umhverfislýsingu komið fyrir.

2. Framkvæmið grunnuppsetningu til að staðfesta rétta framkvæmd á þvinguðum valmyndaviðvörunum og sjálfgefnum stillingum í „venjulegri skipan“.

3. Slökkvið á hljóði eftir atvikum.

4. Haldið áfram upphitun á sýnishorni meðan uppsetning á prófunarbúnaði fer fram og auðkenning á hámarksljóma virks prófunarmynsturs sem tryggir stöðuga mælingu á ljóma og aflnotkun skjás.

5. Ef gerð er krafa um frávik fyrir sjálfvirka birtustillingu, ákvarðið svið lýsingar og biðtíma sjálfvirkrar birtustillingar sem þörf er á fyrir sýnishornið. Ákvarðið forstillingu fyrir sjálfvirka birtustillingu á ljóma skjás milli 100 lúxa og 12 lúxa umhverfislýsingarstigs og mælið lækkun á aflþörf milli þessara marka þegar kveikt er á tækinu. Til að ákvarða megi með ítarlegum hætti áhrif sjálfvirkrar birtustillingar á aflnotkun og ljóma skjás, má skipta sviði umhverfislýsingar niður í nokkur þrep frá því rétt yfir 100 lúxa viðmiðunarpunktinum (t.d. 120 lúx) og þá 60 lúx, 35 lúx og 12 lúx allt að lægsta birtustiginu sem er heimilað í prófunarumhverfinu. Að því er varðar stafræna upplýsingaskjái er heimilt að skrá viðbótarforstillingu fyrir dagsbirtulýsingu sem nemur allt að 20 000 lúxum til að safna gögnum vegna síðari endurskoðunar reglugerðarinnar.


6. Mælið hvítan hámarksljóma í venjulegri skipan. Ef þetta nemur innan við 150 cd/m^2 fyrir skjá eða 220 cd/m^2 fyrir aðrar skjágerðir, skal einnig mæla hámarksljóma björtustu fyrir fram stilltu skipanarinnar í notendavalmyndinni (ekki skipan fyrir verslun).

7. Mælið aflþörf þegar kveikt er á skjánum með því að nota virkt myndskeið á staðalstyrksviði (SDR), þar sem sjálfvirk birtustilling hefur verið gerð óvirk. Mælið aflþörf þegar kveikt er á skjánum með því að nota virkt myndskeið á útvíkkuðu styrksviði (HDR) og staðfestið að hamur fyrir útvíkkað styrksvið hafi verið virkjaður (staðfest með tilkynningu á skjánum við upphaf afspilunar á útvíkkuðu styrksviði og/eða við breytingu á venjulegri skipan myndstillingar).

8. Mælið aflþörf í lágaflsham og þegar slökkt er á tæki og tímann þar til sjálfvirk skipting í aflminni ham á sér stað.

1.2. **Upplýsingar um prófun**

1.2.1. *Uppsetning einingar sem verið er að prófa (skjás) og mælitækja*



Mynd 1 Efnisleg uppsetning skjás og umhverfisljósgjafa

Ef sjálfvirk birtustilling er fyrir hendi, og ef standur fylgir einingunni sem verið er að prófa, skal hann festur við skjáinn og einingunni komið fyrir á láréttu borði eða á a.m.k. 0,7 metra háum palli sem er hulinn með svörtu efni með lága endurvarpshæfni (dæmigerð efni eru filtefni, flísefni eða flókaefni eins og notað er í leikhúsbaktjöldum). Allir hlutar standsins skulu vera sýnilegir. Til að auðvelda aðgengi skal skjám, sem eru fyrst og fremst ætlaðir til að festa á vegg, komið fyrir á grind þar sem neðri brún skjásins er a.m.k. 0,75 metra frá gólfi. Gólfflöturinn undir skjánum og allt að 0,5 metrar fyrir framan skjáinn skulu ekki hafa mikið endurvarp og helst hulinn með svörtu efni með litla endurvarpshæfni.

Ákvarða skal staðsetningu ABC-skynjara á einingunni sem verið er að prófa og mæld hnit þeirrar staðsetningar, miðað við fastan punkt utan við einingunа, skulu skráð. Skrásetja skal fjarlægðirnar H og D og einnig geislahorn skjávarpans (sjá mynd 1) til að greiða fyrir endurtekningarnákvæmni mælinganna. Með hliðsjón af kröfum um magn birtu frá ljósgjafa skulu fjarlægðirnar H og D vanalega vera jafnar ± 5mm og mælast á bilinu 1,5 til 3 metrar. Við stillingu á geislahorni skjávarpans er hægt að nota svarta skyggnu með hvítum kassa í miðjunni til að miða á ABC-skynjara og fá þannig fram mjóan ljósgeisla til að mæla hornið. Ef ABC-skynjari er hannaður til að starfa best við geislahorn birtu sem er utan þeirra 45º sem ráðlagðar eru, er leyfilegt að notast við það horn sem ákjósanlegt er og skrá viðeigandi upplýsingar. Ef notast er við ljómamæli án snertingar, sem er staðsettur í einhverri fjarlægð, þar sem geislahorn ljósgjafa er með litlum halla, skal gæta þess að ljósgjafinn speglist ekki í því svæði skjásins sem er notaður í mælingar á ljóma.

Birtumæli skal komið fyrir eins nálægt ABC-skynjara og mögulegt er og gera skal ráðstafanir til að koma í veg fyrir að umhverfislýsing speglist í hlífðarhúsi mælisins og berist þannig inn í skynjarann. Þessu er hægt að ná fram með ýmsum aðferðum í samsetningum, þ.m.t. að hylja birtumælinn með svörtu flókaefni og nota stillanlega festingu sem kemur í veg fyrir að hlífðarhús mælis skagi út fyrir framan ABC-skynjarann.

Mælt er með eftirfarandi sannreyndri aðferð til að ná fram nákvæmri og endurtakanlegri skráningu á birtustigum ABC-skynjara með sem minnstum erfiðleikum við uppsetningu. Þessi aðferð gerir það kleift að leiðrétta skekkjur í mælingu lýsingar vegna þess að nánast ómögulegt er í framkvæmd að setja upp birtumæli á nákvæmlega sama stað og ABC-skynjara til að lýsa samtímis. Aðferðin gerir kleift að beina ljósi samtímis á ABC-skynjara og ljósmæli án þess að röskun verði á einingunni sem verið er að prófa eða mæli að lokinni uppsetningu. Með viðeigandi skráningarhugbúnaði er hægt að stilla nauðsynlegar þrepabreytingar á lýsingu saman við mælingu á aflþörf þegar kveikt er á tæki og mælingu á birtu skjás til að skrá gögnin sjálfvirkt og forstilla sjálfvirku birtustillinguna.

Birtumælirinn skal staðsettur nokkrum sentimetrum frá ABC-skynjaranum til að tryggja að bein speglun á geisla skjávarpans frá hlífðarhúsi mælisins lendi ekki á ABC-skynjaranum. Láréttur ás nema birtumælisins skal vera á sama lárétta ási og ABC-skynjarinn þar sem lóðréttur ás nemans er algerlega samhliða lóðréttum fleti skjásins. Raunveruleg hnit festingarstaðs mælis skulu mæld og skráð miðað við fastan ytri punkt sem er notaður til að skrá raunverulega staðsetningu ABC-skynjarans.

Skjávarpinn skal festur þannig að áslína varpaðs geisla hans gengur í gegnum lóðrétt plan sem er hornrétt á yfirborð skjásins og einnig lóðréttan ás ABC-skynjarans (sjá mynd 1). Hæð, halla og fjarlægð skjávarpapallsins frá einingunni sem verið er að prófa skal þannig háttað að varpa megi mynd með hvítum hámarksljóma sem fyllir út í skjáinn að svæði sem þekur ABC-skynjarann og birtumælinn jafnframt því að skila hámarksgildi umhverfislýsingar (lúxum) sem krafist er við skynjarann til prófunar. Í þessu samhengi skal það tekið fram að sumir stafrænir upplýsingaskjár eru útbúnir með sjálfvirkri birtustillingu sem er starfhæf í umhverfislýsingu sem nemur upp að 20 000 lúxum og niður undir 100 lúx.

Ljómamælinum sem snertir skjáinn við ljómamælingu skal komið fyrir á miðjum skjá einingarinnar sem verið er að prófa.

Varpaðri lýsandi mynd sem skagar yfir lárétta flötin undir skjá einingarinnar sem verið er að prófa skal ekki ná lengra yfir lóðrétt plan skjásins nema ef standur, sem endurkastar ljósi, skagar lengra fram á við en sem þessu nemur, en þá skal brún myndarinnar nema við ystu brún standsins (sjá mynd 1). Efri lárétta brún vörpuðu myndarinnar skal ekki vera minna en 1 cm undir neðri brún yfirbreiðslu ljómamælisins sem snertir skjáinn. Þessu er hægt að ná fram með ljóstæknilegri aðlögun eða eiginlegri uppsetningu skjávarpans, innan þeirra skorða sem 45º geislahornið krefst og hámarksbirtunnar sem krafist er við ABC-skynjarann.

Þegar búið er að skrá staðsetningu birtumælisins og einingarinnar sem verið er að prófa og þegar skjávarpinn gefur frá sér stöðuga lýsingu innan sviðsins sem á að mæla (í hálfleiðaraljósgjöfum næst stöðuleiki yfirleitt nokkrum mínútum eftir að kveikt er á þeim) skal einingin sem verið er að prófa færð nægilega til að gera það kleift að laga framhlið birtumælisins og miðju nema að raunverulegum staðsetningarhnitum sem eru skráð fyrir ABC-skynjarann í einingunni sem verið er að prófa. Birtan sem mælist á þessum punkti skal skráð og mælinum og einingunni sem verið er að prófa skal komið aftur fyrir á upphaflegum stað. Birtan skal mæld aftur í upphaflegri uppsetningu. Beita má hundraðshluta mismunarins á mældri birtu á prófunarstöðunum tveimur (ef þeir eru til staðar) sem leiðréttingarstuðli við allar frekari mælingar á birtu (þessi leiðréttingarstuðull breytist ekki með magni lýsingar). Þannig fæst nákvæmt gagnamengi fyrir birtu við skynjara fyrir sjálfvirka birtustillingu þó að lúxmælitæki séu ekki staðsett á þeim punkti og gerir þannig kleift að kortleggja samtímis ljóma, aflnotkun og lýsingu skjás til að ákvarða á nákvæman hátt forstillingu fyrir sjálfvirku birtustillinguna.

Engar frekari efnislegar breytingar skulu gerðar á uppsetningu prófunarinnar.

Ólíkt sjónvörpum geta stafrænir upplýsingaskjáir verið með fleiri en einn umhverfisljósnema. Við prófun skal tæknimaður ákveða stakan skynjara til notkunar við prófunina og útiloka aðra ljósnema með því að hylja þá með ógagnsæju límbandi. Skynjara sem ekki er þörf fyrir má einnig gera óvirka ef þar til gerð stjórntæki eru fyrir hendi. Í flestum tilvikum er hentugasti skynjarinn sá sem vísar fram. Rannsaka mætti frekar mæliaðferðir fyrir stafræna upplýsingaskjái með mörgum ljósnemum til að betrumbæta prófunaraðferðina til að hún teljast hæf í samhæfðan staðal.

Að því er varðar prófunarstofur sem kjósa að nota deyfanlegan ljósgjafa við uppstillingu prófunar, í stað ljósgefandi skjávarpa, gildir eftirfarandi forskrift fyrir lampa og mældir eiginleikar lampans skulu skráðir.

Í ljósgjafa sem notaður er til að lýsa ABC-skynjara að tilteknu birtumagni skal nota deyfanlega díóðuspegilperu sem er 90 mm ± 5 mm að þvermáli. Málgildi geislahorns lampans skal vera 40° ± 5°. Samsvarandi mállitarhitastig skal vera 2700 K ± 300 K á öllu birtusviðinu, frá 12 lúxum að hámarkslýsingunni sem krafist er við prófunina. Mállitendurgjafarstuðull skal vera 80 ± 3. Yfirborð lampans að framan skal vera gagnsætt (þ.e. ekki litað eða húðað með efni sem breytir litrófi ljóssins) en það má vera slétt eða kornótt. Þegar ljósi lampans er beint að samfelldu hvítu yfirborði skal dreifimynstrið virðast slétt með berum augum. Samsetning lampans skal ekki breyta ljósrófi ljósdíóðuljósgjafans, þ.m.t. innrauða og útfjólubláa tíðnirófinu. Eiginleikar ljóssins skulu ekki breytast yfir allt sviðið þegar það er deyft eins og krafist er við prófun á sjálfvirku birtustillingunni.

1.2.2. *Athugun á réttri notkun á „venjulegri skipan“ og viðvörunum um orkuáhrif.*

Aflmælir skal tengdur við einingunа sem verið er að prófa til athugunar og a.m.k. einn myndmerkisgjafi ætti að vera til staðar. Meðan á þessari prófun stendur skal staðfesta stöðugleika sjálfvirkrar birtustillingar í öllum öðrum fyrir fram stilltum skipunum, að undanskilinni „skipan fyrir verslun“.

1.2.3. *Hljóðstillingar*

Ílagsmerki skal gefið sem inniheldur hljóð- og myndmerki (tilvalið er að nota 1 kHz-tóninn úr myndmerkinu á staðalstyrksviði til prófunar á aflnotkun). Hljóðstyrkurinn skal dreginn niður í núll á skjánum eða hljóðlaus stilling virkjuð. Staðfesta skal að virkjun hljóðlausrar stillingar hafi engin áhrif á myndbreytur í „venjulegri skipan“.

1.2.4. *Auðkenning á hvítu hámarksljómamynstri fyrir mælingar á hvítum hámarksljóma*

Þegar hvítur hámarksljómi er sýndur á einingu sem verið er að prófa, getur ljómi skjásins dofnað hratt á fyrstu sekúndunum og svo dofnað jafnt og þétt þar til hann verður stöðugur. Þetta gerir það að verkum að ómögulegt er að mæla afl- og ljómagildi, á samræmdan endurtakanlegan hátt, strax eftir að mynd er sýnd á skjánum. Til að geta framkvæmt endurtakanlegar mælingar er nauðsynlegt að vissum stöðugleika sé náð. Prófun skjáa með núverandi tækni gefur til kynna að 30 sekúndur nægi til að ná fram stöðugri mynd með hvítum hámarksljóma. Það er einnig hentugt að þessi tímarammi gerir það að verkum að allir stöðuvísar á skjá hverfa.

Skjáir sem eru nú í umferð eru alloft með innbyggða rafeindatækni og rekil fyrir skjá til að vernda aflgjafa skjásins gegn yfirálagi og til að vernda skjáinn fyrir varanlegum skemmdum (íbrennu) með því að takmarka heildaraflnotkun skjásins. Þetta getur leitt til takmörkunar á ljóma og takmarkaðrar aflnotkunar, t.d. þegar á skjánum eru birt stór svæði með hvítu virku prófunarmynstri.

Í þessari prófunaraðferð eru mælingar á hámarksljóma gerðar á meðan 100% hvítt virkt prófunarmynstur er birt á skjánum en hvíta svæðið er takmarkað með prófunum til að koma í veg fyrir virkjun verndunarráðstafana. Viðeigandi virkt prófunarmynstur er ákvarðað með því að birta röð átta virkra „box and outline“-prófunarmynstra sem byggja á virkum VESA „L“-prófunarmynstrum frá því minnsta (L 10) að því stærsta (L 80) meðan aflnotkun og ljómi skjás er skráður. Nota skal graf sem sýnir aflnotkun og ljóma skjás á móti L-mynstri til að ákvarða hvort og hvenær takmörkun rekils fyrir skjá á sér stað. Til dæmis ef aflnotkun eykst frá L 10 til L 60 á sama tíma og ljómi annað hvort eykst eða helst í stað (eykst ekki) virðast þessi mynstur ekki vera orsök afltakmörkunar. Ef virka prófunarmynstrið L 70 gefur til kynna að ekki hafi átt sér stað aukning á aflnotkun eða ljóma (aukning átti sér stað í fyrri L-mynstrum), myndi það gefa til kynna að afltakmörkun eigi sér stað við L 70 eða milli L 60 og L 70. Einnig gæti verið að afltakmörkun hafi átt sér stað milli L 50 og L 60 og að punktar á grafi við L 60 hafi í raun legið niðurávið. Þess vegna er L 50 stærsta mynstrið þar sem víst er að engin afltakmörkun eigi sér stað og það er rétta mynstrið til að nota við mælingu á hámarksljóma. Þar sem þörf er á að gefa upp ljómahlutfall skal ljómamynstrið sem verður fyrir valinu vera í björtustu fyrir fram stillingunni. Ef eiginleikar ljómastýrikerfis skjás einingarinnar sem verið er að prófa bjóða ekki upp á val á ákjósanlegasta, virka prófunarmynstri hvíts hámarksljóma með ofangreindu valferli er hægt að nota eftirfarandi einfaldaða valaðferð. Að því er varðar skjái með hornalínu sem er 15,24 cm (6 tommur) eða lengri og innan við 30,48 (12 tommur), skal nota merkið L 40 PeakLumMotion. Að því er varðar skjái með hornalínu sem er 30,48 (12 tommur) eða lengri, skal nota merkið L 20 PeakLumMotion. Tilgreina skal hvaða virka prófunarmynstur hvíts hámarksljóma verður fyrir valinu með annarri hvorri aðferðinni og það notað við allar prófanir á ljóma.

1.2.5. *Ákvörðun á stjórnsviði sjálfvirkrar birtustillingar fyrir umhverfislýsingu og biðtími á virkjun sjálfvirkrar birtustillingar.*

Að því er varðar reglugerð (ESB) 2019/2021 eru aflfrávik fyrir sjálfvirka birtustillingu gefin upp í yfirlýstum orkunýtnistuðli ef stýrieiginleikar sjálfvirku birtustillingarinnar uppfylla sértækar kröfur um stýringu á ljóma skjás milli 100 og 12 lúxa umhverfislýsingar með 60 lúxa og 35 lúxa viðmiðunarpunkta. Breytingar á ljóma skjás á milli 100 lúxa og 12 lúxa umhverfislýsingar verða að veita a.m.k. 20% lækkun á aflþörf skjás til að gæta samræmis við ákvæði reglugerðarinnar um aflheimild sjálfvirkrar birtustillingar. Virka prófunarmynstrið „L“ sem er notað til að meta samræmi stýringar á ljóma sjálfvirkrar birtustillingar má samtímis einnig nota til að meta samræmi í lækkun á aflþörf.

Að því er varðar stafræna upplýsingaskjái má nota mun breiðara stjórnsvið fyrir sjálfvirka birtustillingu með breytingu á ljóma og útvíkka má prófunaraðferðina sem lýst er þannig að í henni felist söfnun gagna vegna framtíðarendurskoðunar á reglugerðinni.

1.2.5.1. Forstilling á biðtíma sjálfvirkrar birtustillingar

Biðtími stýringar sjálfvirku birtustillingarinnar er sú seinkun sem á sér stað frá því að breyting verður á umhverfislýsingu sem skynjari fyrir sjálfvirka birtustillingu nemur að þeim breytingum sem verða á ljóma skjás einingarinnar sem verið er að prófa. Gögn úr prófunum hafa sýnt að þessi seinkun getur numið allt að 60 sekúndum og skal tekið mið af því við forstillingu á stýringu sjálfvirkrar birtustillingar. Við mat á biðtíma er skipt úr 100 lúxa skyggnu (sjá 1.2.5.2), þegar ljómi skjásins er stöðugur, yfir í 60 lúxa skyggnu og tíminn sem það tekur að ná stöðugum lægri ljóma er skráður. Úr þessum lægri stöðuga ljóma er skipt úr 60 lúxa skyggnunni yfir í 100 lúxa skyggnuna og tíminn sem það tekur að ná stöðugum hærri ljóma er skráður. Hærra tímagildið er notað sem biðtími auk 10 sekúndna sem bæta má við að vild. Þessi tími er vistaður sem vörpunartími fyrir hverja skyggnu.

1.2.5.2. Stýring á ljóma ljósgjafa

Við forstillingu sjálfvirkrar birtustillingar er virkt prófunarmynstur fyrir hámarksljóma, eins og tilgreint er í lið 1.2.4, sýnt á einingunni sem verið er að prófa á meðan birtustigi ljósgjafans er breytt frá hvítu yfir í röð grárra skyggna til að líkja eftir breytingum á umhverfislýsingu. Að því er varðar stjórn á ljóma er fyrstu gráu skyggnunni breytt til að ná upphafspunkti forstillingarinnar (t.d. 120 lúx) með því að mæla ljósmagnið við birtumælinn. Skyggnan er vistuð og afrituð. Nýtt gildi fyrir gráa skyggnu er ákvarðað fyrir afritið til að samsvara 100 lúxa viðmiðunarpunktinum sem krafist er og skyggnan er vistuð og afrituð. Ferlið er endurtekið fyrir 60 lúxa, 35 lúxa og 12 lúxa viðmiðunarpunktana. Í því skyni að ná fram samhverfu við kortlagningu gagnanna má hér bæta við svartri skyggnu (0% gagnsæi), þá eru skyggnur viðmiðunarpunktanna afritaðar og settar inn í hækkandi röð ljóma aftur að 120 lúxum.

1.2.5.3. Stjórn á litarhitastigi ljósgjafa

Þá er gerð sú viðbótarkrafa að ákvarða litarhitastig fyrir hvíta punkt varpaða ljóssins til að tryggja endurtekningarnákvæmni prófunargagna ef annar skjávarpi er notaður við sannprófun. Fyrir þessa prófunaraðferð er gefinn upp hvítur punktur með litarhitastigið 2700K ± 300K til að gæta samræmis við prófunaraðferð fyrir sjálfvirkar birtustillingar í fyrri prófunarstöðlum.

Hvíta punktinn má hæglega gera með algengum tölvuhugbúnaði sem er notaður við gerð skyggna með því að fylla umrætt svæði með hentugum lit (t.d. rauðum/appelsínugulum) og breytingu á gagnsæi. Með þessum tólum má aðlaga kaldari hvítan punkt skjávarpa að ráðlögðum 2700 K, með því að breyta gagnsæi valda litarins á meðan litarhitastigið er mælt í gegnum aðgerð á birtumælinum. Þegar áskildu litarhitastigi er náð er það notað á allar skyggnurnar.

1.2.5.4. Gagnaskráning

Aflnotkun, ljómi og birta skjás við ABC-skynjara eru mæld og skráð meðan á skyggnusýningunni stendur. Þessi gögn skulu vera tengd tíma. Gagnapunktar fyrir breyturnar þrjár skulu skráðir til að setja aflnotkun í samhengi við ljóma og birtu skjás við ABC-skynjarann. Í því skyni að ná fram miklum sundurgreinanleika gagna má búa til fleiri skyggnur en þó innan marka tiltækilegs prófunartíma.

Að því er varðar stafræna upplýsingaskjái sem eru hannaðir til notkunar við ýmiss konar birtuskilyrði má ákvarða handvirkt vinnusvið stýringar sjálfvirku birtustillingarinnar á lýsingu skjás með svörtu skyggnunni sem er sett inn á staka skyggnu með hvítum hámarksljóma sem er fyrir fram stillt á litarhitastigið sem krafist er. Í notendavalmynd skal velja ráðlagða fyrir fram stillta skipan stafræna upplýsingaskjásins fyrir notkun við ýmis konar umhverfislýsingu. Þegar ljómi skjásins er stöðugur skal skipta varpaðri skyggnu úr 0% í 100% svarta skyggnu í því skyni að ákvarða biðtíma. Sömu aðferð er síðan fylgt með gráar skyggnur frá svörtu að punkti þar sem frekari breytingar eiga sér ekki stað á ljóma skjásins til þess að ákvarða vinnusvið sjálfvirku birtustillingarinnar. Þá er hægt að búa til skyggnusýningu með þeim sundurgreinanleika sem krafist er til að ákvarða forstillingu fyrir þetta vinnusvið.

1.2.6. *Mælingar á ljóma skjás*

Með sjálfvirku birtustillinguna virka og 100 lúxa umhverfislýsingu mælda við birtumælinn, skal sýna valið mynstur hvíts hámarksljóma (sjá 1.2.4) á einingunni sem verið er að prófa við stöðugan ljóma. Til að gæta samræmis við ákvæði reglugerðarinnar skal mæling á ljóma staðfesta að ljómi skjásins sé 220 cd/m^2 eða meiri fyrir allar gerðir skjáa annarra en tölvuskjáa. Að því er varðar tölvuskjái þarf ljóminn að vera 150 cd/m^2 eða meiri. Að því er varðar skjái sem eru ekki með sjálfvirka birtustillingu eða tæki þar sem ekki er gerð krafa um frávik fyrir sjálfvirka birtustillingu, er heimilt að framkvæma mælingar án þess að umhverfislýsing sé hluti af uppsetningu prófunarinnar.

Að því er varðar skjái sem eru hannaðir þannig að yfirlýstur hvítur hámarksljómi þeirra, í venjulegri skipan, er minni en samræmiskröfurnar upp á 220 cd/m^2 eða 150 cd/m^2 kveða á um, eftir því sem við á, skal gera frekari mælingar á hvítum hámarksljóma í fyrir fram stilltri skoðunarskipan sem gefur hæsta mælda hvíta hámarksljóma. Til að gæta samræmis við ákvæði reglugerðarinnar skal reiknað hlutfall mælingar á hvítum hámarksljóma í venjulegri skoðunarskipan og hæstu mælingar hvíts hámarksljóma vera 65% eða hærra. Þetta er yfirlýst „hlutfall ljóma“.

Frekari samræmisprófun í venjulegri skipan skal gerð á einingum sem verið er að prófa sem eru með sjálfvirka birtustillingu sem hægt er að slökkva á. Stöðgað mynstur hvíts hámarksljóma skal sýnt við umhverfisbirtuskilyrði sem mælast 100 lúx. Staðfesta skal að aflþörf einingarinnar sem verið er að prófa, mæld með kveikt á sjálfvirku birtustillingunni, sé sú sama eða lægri en aflþörfin sem er mæld við stöðgaðan ljóma og með slökkt á sjálfvirku birtustillingunni. Ef mæld aflþörf er ekki sú saman skal nota þá skipan sem gefur hæstu mældu aflþörfina þegar kveikt er á skjá.

1.2.7. *Mæling á aflþörf þegar kveikt er á skjá*

Fyrir hvert aflgjafarkerfi einingar sem verið er að prófa og fjallað er um hér á eftir skal mæla aflþörf á staðalstyrksviði í venjulegri skipan með því að nota 10 mínútna háskerpu útgáfu af skránni „SDR dynamic video power test“, nema ef samhæfi ílagsmerkis sé takmarkað við hefðbundna upplausn. Staðfesta skal að skráin og ílagsskilflötur einingarinnar sem verið er að prófa geti sent myndmerki sem er algerlega svart og myndmerki með hvítum hámarksljóma. Sérhver uppskölun háskerpumyndmerkis í fasta skjáupplausn einingarinnar sem verið er að prófa skal framkvæmd af einingunni sem verið er að prófa, ef hún býður upp á það, en ekki með ytri búnaði. Ef nauðsynlegt er að nota ytri búnað við uppskölun í fasta upplausn einingarinnar sem verið er að prófa skal skrá upplýsingar búnaðarins og skilflatar hans við einingunа sem verið er að prófa. Uppgefin aflnotkun er meðaltal aflnotkunarinnar sem ákvörðuð er á meðan afspilun 10 mínútna skrárinnar fer fram í heild sinni.

Aflnotkun á útvíkkuðu styrksviði, þar sem sú virkni er til staðar, er mæld með því að nota tvær 5 mínútna langar skrár á útvíkkuðu styrksviði; „HDR-HLG power“ og „HDR- HDR10 power“. Ef annar af þessum hömum útvíkkaðs styrksviðs er ekki studdur skal aflnotkun á útvíkkuðu styrksviði gefin upp í þeim ham sem er studdur.

Einkenni prófunarbúnaðar og prófunarskilyrði eins og þeim er lýst í viðeigandi stöðlum gilda um allar prófanir á aflnotkun.

Ekki er þörf á langvarandi upphitun einingarinnar sem verið er að prófa með núverandi skjátækni en ákjósanlegast er að nota virka prófunarmynstur hvíts hámarksljóma sem tilgreint er í lið 1.2.4. hér að ofan. Ef aflestur afltala er stöðugur þegar þetta mynstur er sýnt á einingunni sem verið er að prófa má hefja mælingar á aflnotkun með skránni með virku myndmerki á staðalstyrksviði og á útvíkkuðu styrksviði.

Ef varan er útbúin með sjálfvirkri birtustillingu skal slökkt á henni. Ef ekki er mögulegt að slökkva á henni skal varan prófuð í 100 lúxa umhverfislýsingu sem lýst er í lið 1.2.5 hér að ofan.

Að því er varðar einingar sem eru ætlaðar til að nota riðstraum frá rafkerfi, þ.m.t. þær sem nota staðlað jafnstraumsinntak en eru með ytri aflgjafa (EPS) sem fylgir einingunni sem verið er prófa, skal aflþörf þegar kveikt er á skjánum mæld við riðstraumsinntakið.

a) Að því er varðar einingar sem verið er að prófa með staðlað jafnstraumsinntak (aðeins staðlar um afhendingu raforku sem er samrýmanleg USB-tengjum gilda) skal aflmæling gerð við jafnstraumsinntakið. Þetta er hægt fyrir tilstilli USB-tengieiningar (e. *USB break out unit*, BOU) sem heldur opinni gagnaslóð tengisins og jafnstraumsinntaki einingarinnar sem verið er að prófa, en ryfur raforkumötunina til að gera það kleift að tengja aflmæli við spennu- og strauminntök. Samsetning USB-tengingar og aflmælis skal prófuð að fullu til að tryggja að hönnun og viðhaldsástand trufli ekki skynjunarvirkni fyrir viðnám strengs sem er í sumum stöðlum um afhendingu raforku með USB-tengjum. Aflþörfin sem er skráð gegnum USB-tengieininguna skal vera aflið $P_{measured}$ sem er tilgreint í yfirlýsingu um aflmælingu þegar kveikt er á skjá (visthönnun og orkumerkingar í ham fyrir staðalstyrksvið og ham fyrir útvíkkað styrksvið).

b) Að því er varðar óvanalegar einingar sem verið er að prófa sem falla undir skilgreiningar reglugerðarinnar en eru hannaðar til að ganga fyrir innbyggðri rafhlöðu sem ekki er hægt að tengja framhjá eða fjarlægja við þá prófun á aflnotkun sem krafist er, er lagt til að eftirfarandi aðferð sé notuð. Ofangreind varnaðarorð að því er varðar ytri aflgjafa og stöðluð jafnstraumsinntök gilda fyrir val á yfirlýsingu um aflinntak með riðstraumi eða jafnstraumi.

   Að því er varðar aðferðina gilda eftirfarandi forsendur:

   Fullhlaðin rafhlaða: Sá punktur í hleðslu þegar leiðbeiningar framleiðanda segja að varan þurfi ekki á frekari hleðslu að halda samkvæmt upplýsingum frá vísi eða að liðnum ákveðnum tíma. Þessi punktur skal settur fram sjónrænt til að hægt sé að vísa til hans síðar með myndrænni útfærslu á hleðsluskrá aflmælisins sem var gerð með aflmælingum á 1 sekúndu fresti í 30 mínútur áður og eftir að rafhlaðan er fullhlaðin.

   Fulltæmd rafhlaða: Tímapunktur, þegar kveikt er á einingunni sem verið er að prófa, og hún aftengd ytri orkugjafa, þegar það slokknar sjálfkrafa á skjánum (ekki vegna sjálfvirkra skipta yfir í reiðuham) eða að hann hættir að virka meðan á birtingu myndar stendur.

   Ef ekki er til staðar vísir eða tilgreindur hleðslutími skal rafhlaðan tæmd að fullu. Rafhlaðan skal þá endurhlaðin með slökkt á allri notendastýrðri skjávirkni. Tímamæling á inngangsafli skal skráð sjálfvirkt með sundurgreinanleika gagna sem nemur a.m.k. einum aflestri á sekúndu. Ef skráin sýnir upphaf viðhaldshams með afar lága og stöðuga hleðslu rafhlöðu eða upphaf tímabils með afar litla aflnotkun þar sem aflpúlsar verða öðru hverju, skal sá tími sem er skráður frá upphafi hleðslulotu rafhlöðunnar að þessum punkti teljast sem grunnhleðslutími.

   Undirbúningur rafhlöðu: Allar ónotaðar litíumjónaðar rafhlöður skulu hlaðnar og tæmdar að fullu einu sinni áður en fyrsta prófun fer fram á einingu. Allar rafhlöður sem styðjast við annars konar efnafræði/tækni skulu hlaðnar og tæmdar að fullu þrisvar sinnum áður en fyrsta prófun fer fram á einingu.

   Aðferð

   Setið upp eininguna fyrir allar viðeigandi prófanir eins og lýst er í þessu prófunaraðferðarskjali. Að því er varðar val á yfirlýsingu um riðstraums- eða jafnstraumsaflmælingu, notið ofangreind varnaðarorð um aflgjafa.

   Allar virkar prófunarraðir sem fela í sér aflmælingu, vegna samræmis við ákvæði reglugerðarinnar eða vegna yfirlýsingar, skulu framkvæmdar með fullhlaðna rafhlöðu og hún aftengd ytri aflgjafa. Full hleðsla rafhlöðu skal staðfest með hleðslulínuriti sem fengið er úr gögnunum sem aflmælirinn skráir. Varan skal stillt á tilskildan mælingarham og virka prófunarröðin hafin tafarlaust. Þegar virku prófunarröðinni er lokið skal slökkt á vörunni og skrásett hleðslulotu hefjast. Þegar hleðsluskrá gefur til kynna fulla hleðslu, skal meðalaflnotkunin frá skráðu upphafi hleðslu að skráðri fullri hleðslu notuð til að reikna aflnotkunina með tilliti til þeirra krafna sem mælt er fyrir um í reglugerðinni.

   Í reiðuham, nettengdum reiðuham og með slökkt er á búnaði (ef við á) er þörf á löngum hleðslutíma rafhlöðu til að fá góð gögn með mikla endurtekningarnákvæmni að því er varðar meðalaflnotkun við endurhleðslu (t.d. 48 klst. þegar slökkt er á búnaði eða hann er í reiðuham og 24 klst. þegar hann er í nettengdum reiðuham).

   Að því er varðar mælingu á ljóma og forstillingu ljóma sjálfvirkrar birtustillingar má halda tengingu við ytri orkugjafa.

Að því er varðar prófun á lækkun á aflþörf sjálfvirkrar birtustillingar skal spila viðeigandi prófunarröð með virkum hámarksljóma samfellt í 30 mínútur við 12 lúxa umhverfislýsingu. Rafhlaðan skal tafarlaust endurhlaðin og meðalaflþörfin skráð. Það sama skal endurtekið við 100 lúxa umhverfislýsingu og staðfesta skal að mismunurinn milli meðalaflnotkunar við endurhleðslu nemi 20% eða meira.

Að því er varðar orkuyfirlýsingu fyrir staðalstyrksvið skal 10 mínútna virk prófunarröð aflmælingar endurtekin þrisvar sinnum í röð og meðalaflnotkun við endurhleðslu rafhlöðu skráð ($P_{measured}$ (staðalstyrksvið) = endurhleðsluorka/ heildartími afspilunar).Að því er varðar orkuyfirlýsingu fyrir útvíkkað styrksvið skulu báðar 5 mínútna virku aflmælingarskrárnar endurteknar þrisvar sinnum í röð og meðalaflnotkun við endurhleðslu rafhlöðu skráð ($P_{measured}$ (útvíkkað styrksvið) = endurhleðsluorka/heildartími afspilunar).

1.2.8. *Mæling á aflþörf í lágaflsham og þegar slökkt er á búnaði*

Prófunarbúnaður og prófunarskilyrði, eins og tilgreint er í viðeigandi stöðlum, gilda um allar prófanir á aflnotkun í lágaflsham og þegar slökkt er á búnaði. Ofangreind varnaðarorð í lið 1.2.7 um riðstraums- eða jafnstraumsaflmælingu gilda og sérstaka prófunaraðferðin fyrir skjái sem ganga fyrir rafhlöðum sem falla undir lið 1.2.7 skal notuð eftir atvikum.“

5) Ákvæðum IV. viðauka er breytt sem hér segir:

a) Í stað fyrstu málsgreinar kemur eftirfarandi:

„Vikmörk sannprófana, sem skilgreind eru í þessum viðauka, eiga aðeins við um sannprófun yfirvalda aðildarríkis á yfirlýstum gildum og skal framleiðandi, innflytjandi eða viðurkenndur fulltrúi hvorki nota þau sem leyfileg vikmörk til að ákvarða gildin sem gefin eru upp í tæknigögnunum, eða við túlkun þessara gilda, með það fyrir augum að ná fram samræmi eða til að sýna fram á betri frammistöðu með einhverjum hætti.“

b) Í stað 3. mgr. kemur eftirfarandi:

„Þegar yfirvöld aðildarríkjanna sannreyna að vörutegund uppfylli kröfurnar, sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð skv. 2. mgr. 3. gr. tilskipunar 2009/125/EB, skulu þau beita eftirfarandi málsmeðferð með tilliti til þeirra krafna sem um getur í I. viðauka.“

c) Í lið 1.8 bætist eftirfarandi málsgrein við:

„Kröfurnar í lið D.4 í II. viðauka teljast uppfylltar ef:

— ákvarðað gildi fyrir halógenuð logavarnarefni sem tilgreind eru í tilskipun 2011/65/ESB fer ekki yfir viðeigandi gildi fyrir hámarksstyrk sem skilgreind eru í II. viðauka við tilskipun 2011/65/ESB og

— að því er varðar önnur halógenuð logavarnarefni, skulu ákvörðuð gildi fyrir öll ósamsett efni ekki fara yfir 0,1% af þyngd halógeninnihalds. Ef ákvarðað gildi af ósamsettu efni fer yfir 0,1% af þyngd halógeninnihalds, getur tegundin engu að síður talist uppfylla kröfur ef sannprófun skjala eða aðrar viðeigandi, samanburðarnákvæmar aðferðir sýna fram á að halógeninnihaldið sé ekki að rekja til logavarnarefna.“

d) Í stað þriðju málsgreinar í lið 2 kemur eftirfarandi:

„Yfirvöld aðildarríkis skulu gefa yfirvöldum annarra aðildarríkja og framkvæmdastjórninni allar viðeigandi upplýsingar, án tafar, eftir að ákvörðun liggur fyrir um að tegundin uppfylli ekki kröfurnar.“

e) Í stað fimmtu raðar í töflu 3 kemur eftirfarandi:

„Hornalína sýnilegs skjás í cm	Ákvarðað gildi (*) skal ekki vera lægra en yfirlýsta gildið en sem nemur 1 cm“.

VI. VIÐAUKI

Ákvæðum I., III. og IV. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 2019/2022 er breytt sem hér segir:

1) Í I. viðauka bætist eftirfarandi 19. liður við:

„19) „yfirlýst gildi“: gildi sem framleiðandi, innflytjandi eða viðurkenndur fulltrúi leggur fram fyrir uppgefna, reiknaða eða mælda tæknilega mæliþætti í samræmi við 4. gr., vegna sannprófunar yfirvalda aðildarríkis á samræmi.“

2) Ákvæðum III. viðauka er breytt sem hér segir:

a) Eftirfarandi málsgrein bætist við á eftir fyrstu málsgrein:

„Ef mæliþáttur er tilgreindur skv. 4. gr. skal framleiðandi, innflytjandi eða viðurkenndur fulltrúi nota yfirlýst gildi hans við útreikningana í þessum viðauka.“

b) Í stað 2., 3. og 4. liðar kemur eftirfarandi:

„2. UPPÞVOTTAHÆFNISTUÐULL

Við útreikning á uppþvottahæfnistuðli (I_C) uppþvottavélar til heimilisnota er uppþvottahæfni eco-kerfisins borin saman við uppþvottahæfni viðmiðunaruppþvottavélar.

I_C er reiknaður út á eftirfarandi hátt og námundaður með þremur aukastöfum:

$$I_C = \exp (\ln I_C)$$

og

$$\ln IC = (1/n) \times \Sigma^{n}_{i=1} \ln (C_{T,i}/C_{R,i})$$

þar sem:

$C_{T,i}$ er uppþvottahæfni eco-kerfis uppþvottavélar til heimilisnota við prófun í eina prófunarlotu (i), námunduð með þremur aukastöfum,

$C_{R,i}$ er uppþvottahæfni viðmiðunaruppþvottavélar í einni prófunarlotu (i) námunduð með þremur aukastöfum,

n er fjöldi prófunarlota.

3. ÞURRKUNARHÆFNISTUÐULL

Við útreikning á þurrkunarhæfnistuðli (I_D) uppþvottavélar til heimilisnota er þurrkunarhæfni eco-kerfisins borin saman við þurrkunarhæfni viðmiðunaruppþvottavélar.

I_D er reiknaður út á eftirfarandi hátt og námundaður með þremur aukastöfum:

$$I_D = \exp (\ln I_D)$$

og

$$\ln ID = (1/n) \times \Sigma^{n}_{i=1} \ln(I_{D,i})$$

þar sem:

$I_{D,i}$ er þurrkunarhæfnistuðull eco-kerfis uppþvottavélar til heimilisnota við prófun í eina prófunarlotu (i),

n er fjöldi sameinaðra prófunarlota fyrir þvott og þurrkun.

$I_{D,i}$ er reiknaður út á eftirfarandi hátt og námundaður með þremur aukastöfum:

$\ln I_{D,i} = \ln (D_{T,i} / D_{R,t})$

þar sem:

$D_{T,i}$ er meðalþurrkunarhæfni eco-kerfis uppþvottavélar til heimilisnota við prófun í eina prófunarlotu (i), námunduð með þremur aukastöfum,

$D_{R,t}$ er markþurrkunarhæfni viðmiðunaruppþvottavélarinnar, námunduð með þremur aukastöfum.

4. LÁGAFLSHAMUR

Aflnotkun er eftir atvikum mæld í ham þegar slökkt er á búnaði (P_o), þegar hann er í reiðuham (P_{sm}) og við frestun á upphafi kerfis (P_{ds}), gefin upp í W og námunduð með tveimur aukastöfum.

Við mælingar á aflnotkun í lágaflsham skal athuga og skrásetja eftirfarandi:

hvort upplýsingaskjár sé virkur eða ekki,

hvort nettenging sé virk eða ekki.“

3) Ákvæðum IV. viðauka er breytt sem hér segir:

a) Í stað fyrstu málsgreinar kemur eftirfarandi:

„Vikmörk sannprófana, sem skilgreind eru í þessum viðauka, eiga aðeins við um sannprófun yfirvalda aðildarríkis á yfirlýstum gildum og skal framleiðandi, innflytjandi eða viðurkenndur fulltrúi hvorki nota þau sem leyfileg vikmörk til að ákvarða gildin sem gefin eru upp í tæknigögnunum, eða við túlkun þessara gilda, með það fyrir augum að ná fram samræmi eða til að sýna fram á betri frammistöðu með einhverjum hætti.“

b) Í stað „Við sannprófun“ í þriðju málsgrein kemur „Sem hluta af sannprófun“.

c) Eftirfarandi komi í stað d-liðar 2. liðar:

„d) þegar yfirvöld aðildarríkis prófa einingu af tegundinni uppfylli hún kröfurnar í þriðju málsgrein 6. gr., kröfurnar um kerfi í 1. lið, kröfurnar um auðlindanýtni í 5. lið og kröfurnar um upplýsingar í 6. lið II. viðauka og“.

d) Í stað 7. liðar kemur eftirfarandi:

„7) Yfirvöld aðildarríkisins skulu gefa yfirvöldum annarra aðildarríkja og framkvæmdastjórninni allar viðeigandi upplýsingar, án tafar, eftir að ákvörðun liggur fyrir um að tegundin uppfylli ekki kröfurnar í 3. eða 6. lið eða annarri málsgrein þessa viðauka.“

———

VII. VIÐAUKI

Ákvæðum I., III., IV. og VI. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 2019/2023 er breytt sem hér segir:

1) Í I. viðauka bætist eftirfarandi 29. liður við:

„29) „yfirlýst gildi“: gildi sem framleiðandi, innflytjandi eða viðurkenndur fulltrúi leggur fram fyrir uppgefna, reiknaða eða mælda tæknilega mæliþætti í samræmi við 4. gr., vegna sannprófunar yfirvalda aðildarríkis á samræmi.“

2) Ákvæðum III. viðauka er breytt sem hér segir:

a) Eftirfarandi málsgrein bætist við á eftir fyrstu málsgrein:

„Ef mæliþáttur er tilgreindur skv. 4. gr. skal framleiðandi, innflytjandi eða viðurkenndur fulltrúi nota yfirlýst gildi hans við útreikningana í þessum viðauka.“

b) Í stað 2. liðar kemur eftirfarandi:

„2. ÞVOTTAVIRKNISTUÐULL

Þvottavirknistuðull þvottavéla til heimilisnota og þvottalotu þvottavélar með þurrkara til heimilisnota (I_W) og þvottavirknistuðull heillar lotu þvottavélar með þurrkara til heimilisnota (J_W) skal reiknaður út með því að nota samhæfða staðla sem tilvísunarnúmer hafa verið birt fyrir í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins, eða aðrar áreiðanlegar, nákvæmar og samanburðarnákvæmar aðferðir sem taka tillit til nýjustu tækni, og námundaður með þremur aukastöfum.“

c) Í stað fyrstu málsgreinar í 2. lið 5. liðar kemur eftirfarandi:

„Að því er varðar þvottavélar með þurrkara til heimilisnota með nafnafköst 3 kg eða minna, er vegin vatnsnotkun þvotta- og þurrklotu vatnsnotkunin við nafnafköst og námunduð að næstu heilu tölu.“

d) Í stað 6. liðar kemur eftirfarandi:

„6. RAKAINNIHALD SEM EFTIR ER

Vegið rakainnihald sem eftir er að loknum þvotti (D) í þvottavél til heimilisnota og þvottalotu þvottavélar með þurrkara til heimilisnota er reiknað út sem hundraðshluti og námundað með einum aukastaf sem hér segir:

$$D = \left[A \times D_{full} + B \times D_{\frac{1}{2}} + C \times D_{\frac{1}{4}}\right]$$

þar sem:

D_{full} er rakainnihald sem eftir er miðað við eco 40-60-kerfið við nafnþvottaafköst, í hundraðshlutum og námundað með tveimur aukastöfum,

$D_{1/2}$ er rakainnihald sem eftir er miðað við eco 40-60-kerfið við helming nafnþvottaafkasta, í hundraðshlutum og námundað með tveimur aukastöfum,

$D_{1/4}$ er rakainnihald sem eftir er miðað við eco 40-60-kerfið við fjórðung nafnþvottaafkasta, í hundraðshlutum og námundað með tveimur aukastöfum,

A, B og C eru vægisstuðlar eins og lýst er í c-lið liðar 1.1.“

e) Í stað 8. liðar kemur eftirfarandi:

„8. LÁGAFLSHAMUR

Aflnotkun er eftir atvikum mæld í ham þegar slökkt er á vél (P_o), þegar hún er í reiðuham (P_{sm}) og við frestun á upphafi kerfis (P_{ds}), gefin upp í W og námunduð með tveimur aukastöfum.

Við mælingar á aflnotkun í lágaflsham skal athuga og skrásetja eftirfarandi:

— hvort upplýsingaskjár sé virkur eða ekki,

— hvort nettenging sé virk eða ekki.

Ef þvottavél til heimilisnota eða þvottavél með þurrkara til heimilisnota býður upp á krumpuvörn skal gert hlé á þeirri aðgerð með því að opna hurð þvottavélarinnar eða með annarri viðeigandi íhlutun 15 mínútum áður en aflnotkun er mæld.“

3) Ákvæðum IV. viðauka er breytt sem hér segir:

a) Í stað fyrstu málsgreinar kemur eftirfarandi:

„Vikmörk sannprófana, sem skilgreind eru í þessum viðauka, eiga aðeins við um sannprófun yfirvalda aðildarríkis á yfirlýstum gildum og skal framleiðandi, innflytjandi eða viðurkenndur fulltrúi hvorki nota þau sem leyfileg vikmörk til að ákvarða gildin sem gefin eru upp í tæknigögnunum, eða við túlkun þessara gilda, með það fyrir augum að ná fram samræmi eða til að sýna fram á betri frammistöðu með einhverjum hætti.“

b) Í stað „Við sannprófun“ í þriðju málsgrein kemur „Sem hluta af sannprófun“.

c) Í stað d-liðar 2. liðar kemur eftirfarandi:

„d) þegar yfirvöld aðildarríkis prófa einingu af tegundinni uppfylli hún kröfurnar í þriðju málsgrein 6. gr., kröfurnar um kerfi í 1. og 2. lið, kröfurnar um auðlindanýtni í 8. lið og kröfurnar um upplýsingar í 9. lið II. viðauka og“.

d) Í stað 7. liðar kemur eftirfarandi:

„7) Yfirvöld aðildarríkisins skulu gefa yfirvöldum annarra aðildarríkja og framkvæmdastjórninni allar viðeigandi upplýsingar, án tafar, eftir að ákvörðun liggur fyrir um að tegundin uppfylli ekki kröfurnar í 3. eða 6. lið eða annarri málsgrein þessa viðauka.“

e) Í stað töflu 1 kemur eftirfarandi:

„Tafla 1

Vikmörk við sannprófun

Mæliþáttur	Vikmörk við sannprófun
$E_{W,full}$, $E_{W,½}$, $E_{W,1/4}$, $E_{WD,full}$, $E_{WD,½}$	Ákvarðað gildi (*) skal ekki vera hærra en yfirlýsta gildið fyrir $E_{W,full}$, $E_{W,½}$, $E_{W,1/4}$, $E_{WD,full}$ og $E_{WD,½}$, eftir því sem við á, en sem nemur 10%.
Vegin orkunotkun (E_W og E_{WD})	Ákvarðað gildi (*) skal ekki vera hærra en yfirlýsta gildið fyrir E_W og E_{WD}, eftir því sem við á, en sem nemur 10%.
$W_{W,full}$, $W_{W,½}$ $W_{W,1/4,}$ $W_{WD,full}$, $W_{WD,½}$	Ákvarðað gildi (*) skal ekki vera hærra en yfirlýsta gildið fyrir $W_{W,full}$, $W_{W,½}$, $W_{W,1/4}$, $W_{WD,full}$ og $W_{WD,½}$, eftir því sem við á, en sem nemur 10%.
Vegin orkunotkun (W_W og W_{WD})	Ákvarðað gildi (*) skal ekki vera hærra en yfirlýsta gildið fyrir W_W og W_{WD}, eftir því sem við á, en sem nemur 10%.
Þvottavirknistuðull (I_W og J_W) við allar viðeigandi hleðslur	Ákvarðað gildi (*) skal ekki vera lægra en yfirlýsta gildið fyrir I_W eða J_W, eftir því sem við á, en sem nemur 8%.
Skilvirkni skolunar (I_R og J_R) við allar viðeigandi hleðslur	Ákvarðað gildi (*) skal ekki vera hærra en yfirlýsta gildið fyrir I_R eða J_R, eftir því sem við á, en sem nemur 1,0 g/kg.
Lengd eco 40-60-kerfisins (t_W) við allar viðeigandi hleðslur	Ákvarðað gildi (*) fyrir lengd kerfisins skal ekki vera hærra en yfirlýsta gildið t_W en því sem nemur 5% eða en því sem nemur meira en 10 mínútum, eftir því hvort er smærra.

Lengd þvotta- og þurrklotu (t_{WD}) við allar viðeigandi hleðslur	Ákvarðað gildi (*) fyrir lengd lotu skal ekki vera hærra en yfirlýsta gildið t_{WD} en því sem nemur 5% eða en því sem nemur meira en 10 mínútum, eftir því hvort er smærra.
Hámarkshitastig innan í þvotti (T) meðan á þvottalotunni stendur og við allar viðeigandi hleðslur	Ákvarðað gildi (*) skal ekki vera lægra en yfirlýsta gildið fyrir T en því sem nemur 5 K og hærra en yfirlýsta gildið T en því sem nemur 5 K.
Vegið rakainnihald sem eftir er að loknum þvotti (D)	Ákvarðað gildi skal (*) ekki vera hærra en yfirlýsta gildið D en sem nemur 10%.
Endanlegt rakainnihald eftir þurrkun við allar viðeigandi hleðslur	Ákvarðað gildi (*) skal ekki vera hærra en 3%.
Snúningshraði þeytivindu (S) við allar viðeigandi hleðslur	Ákvarðað gildi (*) skal ekki vera lægra en yfirlýsta gildið fyrir S en sem nemur 10%.
Aflnotkun þegar slökkt er á búnaði (P_o)	Ákvarðað gildi (*) aflnotkunar P_o skal ekki vera hærra en yfirlýsta gildið en sem nemur 0,10 W.
Aflnotkun í reiðuham (P_{sm})	Ákvarðað gildi (*) aflnotkunar P_{sm} skal ekki vera hærra en yfirlýsta gildið en sem nemur 10% ef yfirlýsta gildið er hærra en 1,00 W, eða hærra en 0,10 W ef yfirlýsta gildið er lægra eða jafnt og 1,00 W.
Aflnotkun við frestun á upphafi kerfis (P_{ds})	Ákvarðað gildi (*) aflnotkunar P_{ds} skal ekki vera hærra en yfirlýsta gildið en sem nemur 10% ef yfirlýsta gildið er hærra en 1,00 W, eða hærra en 0,10 W ef yfirlýsta gildið er lægra eða jafnt og 1,00 W.

(*) Ef þrjár viðbótareiningar eru prófaðar, eins og mælt er fyrir um í 4. lið, er ákvarðað gildi meðaltal gildanna sem ákvörðuð eru fyrir þessar þrjár viðbótareiningar.“

4) Í stað h-liðar í VI. viðauka kemur eftirfarandi:

„h) rakainnihald sem eftir er að loknum þvotti er reiknað út sem vegið meðaltal samkvæmt nafnafköstum hverrar tromlu,“.

———

VIII. VIÐAUKI

Ákvæðum I., III. og IV. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 2019/2024 er breytt sem hér segir:

1) Í stað liðar 22 í I. viðauka kemur eftirfarandi:

„22) „yfirlýst gildi“: gildi sem framleiðandi, innflytjandi eða viðurkenndur fulltrúi leggur fram fyrir uppgefna, reiknaða eða mælda tæknilega mæliþætti í samræmi við 4. gr. vegna sannprófunar yfirvalda aðildarríkis á samræmi.“

2) Ákvæðum III. viðauka er breytt sem hér segir:

a) Eftirfarandi texti bætist við á eftir fyrstu málsgrein:

„Ef mæliþáttur er tilgreindur skv. 4. gr. skal framleiðandi, innflytjandi eða viðurkenndur fulltrúi nota yfirlýst gildi hans við útreikningana í þessum viðauka.“

b) Eftirfarandi línur bætast við í a-hluta töflu 5:

„Uppréttir og sambyggðir stór-markaðskæli- og frystiskápar	M0	≤ + 4	≥ - 1	á.e.v.	1,30
Láréttir stórmarkaðskæli- og frysti-skápar	M0	≤ + 4	≥ - 1	á.e.v.	1,13“.

c) Í stað fyrstu athugasemdar aftast í töflu 5 kemur eftirfarandi:

„(*) Fyrir fjölhita sjálfsala er T_v meðaltalið af T_{V1} (hæsta mælda hitastig vöru í hlýjasta hólfinu) og T_{V2} (hæsta mælda hitastig vöru í kaldasta hólfinu), námundað með einum aukastaf.“

3) Ákvæðum IV. viðauka er breytt sem hér segir:

a) Í stað fyrstu málsgreinar kemur eftirfarandi:

„Vikmörk sannprófana, sem skilgreind eru í þessum viðauka, eiga aðeins við um sannprófun yfirvalda aðildarríkis á yfirlýstum gildum og skal framleiðandi, innflytjandi eða viðurkenndur fulltrúi hvorki nota þau sem leyfileg vikmörk til að ákvarða gildin sem gefin eru upp í tæknigögnunum, eða við túlkun þessara gilda, með það fyrir augum að ná fram samræmi eða til að sýna fram á betri frammistöðu með einhverjum hætti.“

b) Í stað „Við sannprófun“ í þriðju málsgrein kemur „Sem hluta af sannprófun“.

c) Í stað d-liðar 2. liðar kemur eftirfarandi:

„d) þegar yfirvöld aðildarríkjanna prófa einingu af tegundinni uppfylli hún kröfurnar í þriðju málsgrein 6. gr., kröfurnar um auðlindanýtni í 2. lið II. viðauka og kröfurnar um upplýsingar í 3. lið II. viðauka og“.

d) Í stað 7. liðar kemur eftirfarandi:

„7) Yfirvöld aðildarríkisins skulu gefa yfirvöldum annarra aðildarríkja og framkvæmdastjórninni allar viðeigandi upplýsingar, án tafar, eftir að ákvörðun liggur fyrir um að tegundin uppfylli ekki kröfurnar í 3. eða 6. lið eða annarri málsgrein þessa viðauka.“

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2019/1784 **2023/EES/63/48**

frá 1. október 2019

um kröfur varðandi visthönnun suðubúnaðar samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/125/EB (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af 114. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/125/EB frá 21. október 2009 um ramma til að setja fram kröfur varðandi visthönnun að því er varðar orkutengdar vörur ([1]), einkum 1. mgr. 15. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Samkvæmt tilskipun 2009/125/EB ætti framkvæmdastjórnin að setja fram kröfur varðandi visthönnun að því er varðar orkutengdar vörur sem eru umtalsverður hluti sölu og viðskipta í Sambandinu, sem hafa veruleg umhverfisáhrif og búa yfir miklum möguleikum á að draga úr umhverfisáhrifum með vali á hönnun, án þess að það hafi í för með sér óhóflegan kostnað.

2) Í orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar sem ber yfirskriftina „Vinnuáætlun um visthönnun“ (COM(2016) 773 final) ([2]), sem framkvæmdastjórnin tók saman við beitingu 1. mgr. 16. gr. tilskipunar 2009/125/EB, eru tilgreind forgangsverkefni samkvæmt rammanum um visthönnun og orkumerkingar fyrir tímabilið 2016-2019. Í vinnuáætluninni um visthönnun eru tilgreindir orkutengdir vöruflokkar, sem teljast forgangsmál í tengslum við framkvæmd undirbúningsrannsókna og endanlega samþykkt framkvæmdarráðstafana, sem og endurskoðun á núverandi reglugerðum.

3) Áætlað er að aðgerðir vinnuáætlunarinnar um visthönnun gætu samtals skilað endanlegum árlegum orkusparnaði sem nemur meira en 260 TWh árið 2030, sem jafngildir því að dregið sé úr losun gróðurhúsalofttegunda sem nemur u.þ.b. 100 milljónum tonna á ári árið 2030.

4) Framkvæmdastjórnin hefur látið fara fram undirbúningsrannsókn þar sem tækni-, umhverfis- og efnahagsgreining var gerð á suðubúnaði og vélaverkfærum sem eru notuð í iðnaði ([3]). Suðubúnaðurinn sem rannsóknin náði til er ljósboga-suðu- og rafgassuðubúnaður fyrir málma, sem er hannaður og venjulega notaður í iðnaðar- og atvinnuskyni ([4]). Það hefur verið metið svo að ekki ætti að setja reglur um suðubúnað, sem eingöngu er knúinn með hreyflum eða rafhlöðum.

5) Undirbúningsrannsóknin fór fram í nánu samstarfi við hagsmunaaðila og hlutaðeigandi aðila innan og utan ESB. Niðurstöður hennar voru gerðar opinberar og kynntar á samráðsvettvanginum um visthönnun, sem komið var á fót skv. 18. gr. tilskipunar 2009/125/EB.

6) Þeir umhverfisþættir suðubúnaðar sem taldir eru mikilvægir hvað varðar þessa reglugerð eru:

   a) orkunotkun á notkunarstiginu, þ.m.t. þegar búnaðurinn er í „tómgangi“,

   b) þættir sem tengjast auðlindanýtni.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 272, 25.10.2019, bls. 121. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 155/2023 frá 13. Júní 2023 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) og IV. viðauka (Orka) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 285, 31.10.2009, bls. 10.

([2]) Orðsending framkvæmdastjórnarinnar. Vinnuáætlun um visthönnun 2016-2019 (COM(2016) 773 final), Brussel, 30.11.2016).

([3]) Í upphafi voru vélaverkfæri hluti af undirbúningsvinnunni en þau hafa verið undanskilin gildissviði þessarar reglugerðar vegna þess hversu erfitt er að ákvarða kröfur varðandi lágmarksorkunýtni á grundvelli fyrirliggjandi upplýsinga. Frekari gagnaöflun, einkum um tæknilega valkosti til að draga úr orkunotkun í ástandi þar sem engin vinnsla á sér stað, svo sem í reiðuham og öðrum lágaflsham, gæti leitt til þess að ráðstafanir í tengslum við visthönnun verði lagðar til fyrir vélaverkfæri í framtíðinni.

([4]) Samkvæmt skilgreiningu í IEC 60974-1: Rafsuðubúnaður — Hluti 1: Aflgjafar fyrir málmsuðu (Arc welding equipment — Part 1: Welding power sources). Sérstaklega undanskilinn gildissviði þessarar reglugerðar er ljósbogasuðubúnaður og -skurðarbúnaður, sem er hannaður fyrir leikmenn til takmarkaða nota í samræmi við IEC 60974-6: Rafsuðubúnaður — Hluti 6: Aflgjafar fyrir handrafsuðubúnað til takmarkaðra nota (Arc welding equipment — Part 6: Limited duty equipment).

7) Gert er ráð fyrir að árleg endanleg orkunotkun, sem tengist suðubúnaði beint, verði meiri en 6 TWh árið 2030, sem samsvarar 2,4 milljónum tonna af koltvísýringsígildum, að undanskilinni þeirri orku sem notuð er til að búa til tilheyrandi hjálparefni (svo sem hlífðargastegundir, suðuvír). Í undirbúningsrannsókninni kom fram að hægt er að draga verulega úr orkunotkun á notkunarstigi og í tómgangi eða reiðuham.

8) Áætlað er að kröfur þessarar reglugerðar varðandi visthönnun muni leiða til árlegs orkusparnaðar sem nemur 1,09 TWh fyrir árið 2030, sem samsvarar árlegum sparnaði sem nemur u.þ.b. 0,27 milljón tonnum af koltvísýringsígildum.

9) Í orðsendingu frá framkvæmdastjórninni til Evrópuþingsins, ráðsins, Efnahags- og félagsmálanefndar Evrópusambandsins og svæðanefndarinnar sem ber yfirskriftina „Aðgerðaáætlun um hringrásarhagkerfið“ (COM(2015) 614 final) ([5]) og í vinnuáætluninni um visthönnun er lögð áhersla á mikilvægi þess að nota rammann um visthönnun til að styðja skipti yfir í auðlindanýtnara hringrásarhagkerfi. Í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2012/19/ESB ([6]) er vísað til tilskipunar 2009/125/EB og bent á að kröfur varðandi visthönnun ættu að auðvelda endurnotkun, sundurhlutun og endurheimt raf- og rafeindabúnaðarúrgangs með því að bregðast við vandamálum á fyrri stigum. Til samræmis við það er í þessari reglugerð mælt fyrir um kröfur varðandi þætti sem eru ekki orkutengdir, þ.m.t.:

a) sundurhlutun,

b) möguleiki á viðgerðum,

c) mikilvæg hráefni.

10) Að auki er gerð krafa um að suðubúnaði fylgi upplýsingar um notkun hlífðargass við suðu og um magn suðuvíra eða fyllingarefna sem notuð eru.

11) Mögulegt er að draga úr orku- og auðlindanýtingu suðubúnaðar með því að beita fyrirliggjandi tækni, sem er ekki er háð einkaleyfi, án þess að hækka samanlagðan kostnað við kaup og notkun.

12) Undirbúningsrannsóknin leiddi í ljós að tillagðar kröfur um visthönnun hafa ekki áhrif á virkni eða verð suðubúnaðar frá sjónarhóli endanlegs notanda og hafa ekki neikvæð áhrif á heilbrigði, öryggi eða umhverfið.

13) Tímaáætlunin fyrir innleiðingu krafna varðandi visthönnun gefur framleiðendum færi á að endurhanna þær vörur sem falla undir þessa reglugerð. Í tímaáætluninni er tekið tillit til kostnaðaráhrifa á framleiðendur, einkum á stóran hluta lítilla og meðalstórra fyrirtækja í suðbúnaðarframleiðslugeiranum í ESB, en tryggir jafnframt að markmið þessarar reglugerðar náist tímanlega.

14) Mæliþætti vöru ætti að mæla og reikna út með því að nota áreiðanlegar, nákvæmar og samanburðarnákvæmar aðferðir þar sem tekið er tillit til viðurkenndra mæli- og reikningsaðferða, sem byggjast á nýjustu tækni og, ef þeir eru fyrir hendi, samhæfðra staðla, sem evrópskar staðlastofnanir hafa samþykkt í kjölfar beiðni framkvæmdastjórnarinnar í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1025/2012 ([7]).

15) Í samræmi við 8. gr. tilskipunar 2009/125/EB ætti í þessari reglugerð að tilgreina gildandi aðferðir við samræmismat.

16) Til að auðvelda eftirlit með því að farið sé að kröfum ættu framleiðendur að veita upplýsingarnar, sem tilgreindar eru í tækniskjölunum, sem um getur í IV. og V. viðauka við tilskipun 2009/125/EB, að því marki sem þær tengjast kröfunum sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð.

([5]) Orðsending framkvæmdastjórnarinnar til Evrópuþingsins, ráðsins, efnahags- og félagsmálanefndar Evrópusambandsins og svæðanefndarinnar. Hringrásinni lokað — aðgerðaáætlun ESB um hringrásarhagkerfið (COM(2015) 614 final, Brussel, 2.12.2015).

([6]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2012/19/ESB frá 4. júlí 2012 um raf- og rafeindabúnaðarúrgang (Stjtíð. ESB L 197, 24.7.2012, bls. 38).

([7]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1025/2012 frá 25. október 2012 um evrópska stöðlun (Stjtíð. ESB L 316, 14.11.2012, bls. 12).

17) Til viðbótar við þær lagalega bindandi kröfur sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð ætti, í samræmi við 2. mgr. 3. gr. I. viðauka við tilskipun 2009/125/EB, að veita viðmiðanir um bestu, fáanlegu tækni til að tryggja mikið framboð og greiðan aðgang að upplýsingum um vistvænleika á vistferli þeirra vara sem falla undir þessa reglugerð.

18) Til að auka skilvirkni og trúverðugleika þessarar reglugerðar og til að vernda neytendur ætti að banna vörur sem breyta frammistöðu sinni sjálfkrafa við prófunarskilyrði til að bæta tilgreinda mæliþætti.

19) Við endurskoðun á þessari reglugerð ætti að meta hversu viðeigandi og skilvirk ákvæði hennar eru til þess að ná tilskildum markmiðum. Endurskoðunin ætti að fara fram þegar öllum ákvæðum hefur verið hrint í framkvæmd og þau hafa haft merkjanleg áhrif á markaðinn.

20) Til að bæta starfsemi innri markaðarins og auka vistvænleika suðubúnaðar í Sambandinu ættu kröfur varðandi visthönnun að samræma viðeigandi kröfur um orkunotkun og auðlindanýtni. Endurskoða ætti kröfurnar eigi síðar en árið 2024 með hliðsjón af tækniþróun til að nýta til fulls frekari möguleika á að bæta frammistöðu búnaðarins og starfsemi innri markaðarins.

21) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, voru ræddar á samráðsvettvanginum um visthönnun sem um getur í 18. gr. tilskipunar 2009/125/EB.

22) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót með 1. mgr. 19. gr. tilskipunar 2009/125/EB.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Efni og gildissvið

1. Með þessari reglugerð eru settar fram kröfur varðandi visthönnun að því er varðar að setja á markað eða taka í notkun suðubúnað sem gengur fyrir rafmagni.

2. Þessi reglugerð gildir um suðubúnað sem notaður er í tengslum við eina eða fleiri eftirfarandi suðuaðferðir og tengdar aðferðir:

a) handvirka málmbogasuðu (MMAW),

b) ljósbogasuðu með húðuðum vír (SMAW),

c) ljósbogasuðu með sjálfhlífandi vír (FCAW-S),

d) ljósbogasuðu með duftfylltum vír (FCAW),

e) suðu með virku hlífðargasi (MAG-suðu) og suðu með óvirku hlífðargasi (MIG-suðu),

f) suðu með óvirku hlífðargasi og volframrafskauti (TIG-suða),

g) rafgasskurð (plasmaskurð).

3. Þessi reglugerð gildir ekki um suðubúnað sem notaður er í tengslum við eina eða fleiri eftirfarandi suðuaðferðir og tengdar aðferðir:

a) duftsuðu (SAW),

b) ljósbogasuðu til takmarkaðra nota (e. *limited-duty arc welding*),

c) viðnámssuðu,

d) stoðsuðu (e. *stud welding*).

2. gr.

Skilgreiningar

Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1. „suðubúnaður“ (e. *welding equipment*): vörur, sem eru notaðar fyrir handvirka, sjálfvirka eða hálfsjálfvirka suðu, harðlóðun, lóðun eða skurð (eða allt ofangreint) með ljósbogasuðu og tengdum aðferðum, sem eru fastar eða færanlegar og samanstanda af innbyrðis tengdum hlutum eða íhlutum, þar af a.m.k. einum hreyfanlegum, sem eru tengdir saman fyrir sambræðslu málma með því að hita þá að suðuhitastigi (með eða án þess að beita þrýstingi) eða með því að beita aðeins þrýstingi, með eða án notkunar fyllingarmálms og með eða án notkunar hlífðargass, með því að nota viðeigandi verkfæri og tækni, sem leiðir af sér vöru með tiltekið útlit,

2. „handvirk málmbogasuða“ (e. *manual metal arc welding*): ljósbogasuða með húðuðum vír þar sem hönd stjórnandans stýrir hraða suðunnar og hraðanum sem suðuvírinn er færður inn í ljósbogann,

3. „ljósbogasuða með húðuðum vír“ (e. *shielded metal arc welding*): ljósbogasuða þar sem sambræðsla næst með hitanum frá ljósboga sem myndast milli húðaðs málmsuðuvírs og vinnslustykkis og vinnusvæðis. Gashlíf myndast þegar kápa suðuvírsins brotnar niður; þrýstingur er ekki notaður og fyllingarmálmur kemur úr suðuvírnum,

4. „ljósbogasuða með sjálfhlífandi vír“ (e. *self-shielded flux cored welding*): suðuaðferð þar sem samfelldur rörþráður er mataður sjálfvirkt í gegnum suðubyssuna inn í suðuraufina án þess að þörf sé fyrir notkun utanaðkomandi hlífðargass til að menga ekki suðupollinn; í stað utanaðkomandi hlífðargass hvarfast suðuduftið í holum þræðinum við ljósbogann og myndar gashlíf sem verndar suðupollinn,

5. "ljósbogasuða með duftfylltum vír“ (e. *flux cored arc welding*): suðuaðferð þar sem notaðir eru rörþræðir með málmkápu og kjarna úr ýmsum duftefnum sem mynda þykkt lag af gjalli yfir suðustrenginn; það kann að vera nauðsynlegt að nota utanaðkomandi hlífðargas,

6. „suða með óvirku hlífðargasi“ (MIG-suða): ljósbogasuða þar sem sambræðsla næst með hita frá ljósboga milli samfellds suðuvírs með fyllingarmálmi (bráðnandi) og vinnslustykkis; til að mynda gashlíf er alfarið notað utanaðkomandi óhvarfgjarnt gas eða óhvarfgjarna gasblöndu,

7. „suða með virku hlífðargasi“ (MAG-suða): ljósbogasuða þar sem sambræðsla næst með hita frá ljósboga milli samfellds suðuvírs úr fyllingarmálmi (bráðnandi) og vinnslustykkis; til að mynda gashlíf er alfarið notað utanaðkomandi hvarfgjarnt gas eða hvarfgjarna gasblöndu,

8. „suða með óvirku hlífðargasi og volframrafskauti“ (TIG-suða): ljósbogasuða þar sem sambræðsla næst með hita frá ljósboga milli volframskauts (óbráðnandi) og vinnslustykkis. Til að mynda gashlíf er notað gas eða gasblanda; framkvæma má suðuna með eða án þrýstings og með eða án fyllingarmálms,

9. „rafgasskurður“ (e. *plasma arc cutting*): skurðaðferð þar sem notaður er mjög stuttur ljósbogi og þar sem bráðna málmefninu er blásið burt með miklum útstreymishraða af jónuðu gasi (rafgasi), sem flæðir út um þröngan spíssinn; við rafgasskurð er notast við jafnstraum og neikvætt rafskaut,

10. „rafgas“ (einnig þekkt sem „skurðargas“): gas sem beint er inn í brennarann til að umlykja rafskautið, sem jónast með ljósboganum og myndar rafgas sem streymir út úr brennarastútnum í formi rafgasgeisla,

11. „hlífðargas“: gas sem fer ekki í gegnum op stútsins en streymir þess í stað í kringum stútinn og myndar gashlíf í kringum ljósbogann,

12. „duftsuða“ (e. *submerged arc welding*): ljósbogasuðuaðferð þar sem notaður er ljósbogi, einn eða fleiri, með hærri straum en 600 amper á milli eins eða fleiri óvarinna málmsuðuvíra og suðupollsins. Lag af kornóttu dufti ofan á vinnslustykkinu ver ljósbogann og bráðna málmefnið; engum þrýstingi er beitt og notast er við fyllingarmálm frá suðuvírnum og stundum frá viðbótarefnivið, svo sem suðupinna, suðudufti eða málmkornum,

13. „ljósbogasuða til takmarkaðra nota“ (e. *limited-duty arc welding*): ljósbogasuða og tengdar aðferðir sem eru ekki ætlaðar til notkunar í iðnaði eða í atvinnuskyni og þar sem:

    a) notað er einfasa, almennt lágspennurafmagn,

    b) útafl fer ekki yfir 7,5 kVA, ef búnaður er hreyfilknúinn,

    c) ekki er þörf á búnaði til að kveikja og halda stöðugleika í ljósboga, vökvakælikerfi eða gasstjórnborði fyrir notkun,

14. „viðnámssuða“ (e. *resistance welding*): varmarafmagnsaðferð þar sem hiti er myndaður við skilflöt þeirra hluta sem festa skal saman með því að leiða rafstraum í gegnum hlutana við nákvæmlega stýrða tímalengd og stýrðan þrýsting; ekki er þörf á hjálparefnum á borð við suðupinna eða hlífðargas,

15. "stoðsuða“ (e. *stud welding*): suðuaðferð þar sem málmstoð eða álíka hlutur er festur (með handvirkum, sjálfvirkum eða hálfsjálfvirkum hætti) við vinnslustykki með því að nota ljósboga til að hita báða hluta,

16. „sambærileg tegund“: tegund með sömu tæknilegu eiginleika sem máli skipta hvað varðar tækniupplýsingar sem veita skal, en er sett á markað eða tekin í notkun af sama framleiðanda, viðurkennda fulltrúa eða innflytjanda sem önnur tegund með annað tegundarauðkenni,

17. „tegundarauðkenni“: kóði, venjulega alstafa, sem greinir tiltekna vörutegund frá öðrum tegundum með sama vörumerki eða nafni framleiðanda, viðurkennds fulltrúa eða innflytjanda.

3. gr.

Kröfur varðandi visthönnun

Kröfurnar varðandi visthönnun, sem settar eru fram í II. viðauka, skulu gilda frá þeim dagsetningum sem þar eru tilgreindar.

4. gr.

Samræmismat

1. Aðferðin við samræmismat, sem um getur í 8. gr. tilskipunar 2009/125/EB, skal vera innra hönnunareftirlitskerfið, sem sett er fram í IV. viðauka, eða stjórnunarkerfið, sem sett er fram í V. viðauka við þá tilskipun.

2. Að því er varðar samræmismat skv. 8. gr. tilskipunar 2009/125/EB skulu tækniskjölin innihalda afrit af vöruupplýsingunum sem veittar eru í samræmi við 2. og 3. lið í II. viðauka og upplýsingar og niðurstöður útreikninganna sem settir eru fram í III. viðauka við þessa reglugerð.

3. Þegar upplýsinganna í tækniskjölum tiltekinnar tegundar hefur verið aflað:

a) á grundvelli tegundar með sömu tæknilegu eiginleika sem máli skipta hvað varðar tækniupplýsingarnar, sem veita skal, en er framleidd af öðrum framleiðanda eða

b) með útreikningi á grundvelli hönnunar eða framreikningi á grundvelli annarrar tegundar frá sama framleiðanda eða öðrum framleiðanda, eða með báðum þessum aðferðum,

skulu tækniskjölin innihalda upplýsingar um þessa útreikninga, hvaða mat framleiðandinn hefur gert til að staðfesta nákvæmni útreikninganna og, þar sem við á, yfirlýsingu sem staðfestir að tegundir frá mismunandi framleiðendum eru eins.

Tækniskjölin skulu innihalda skrá yfir sambærilegar tegundir, þ.m.t. tegundarauðkenni.

5. gr.

Sannprófunaraðferð vegna markaðseftirlits

Aðildarríkin skulu beita sannprófunaraðferðinni, sem sett er fram í IV. viðauka, við markaðseftirlit það sem um getur í 2. lið 3. gr. tilskipunar 2009/125/EB.

6. gr.

Sniðganga og uppfærsla hugbúnaðar

Framleiðandinn, viðurkenndi fulltrúinn eða innflytjandinn skal ekki setja á markað vörur sem eru þannig hannaðar að þær geti greint að verið sé að prófa þær (t.d. með því að þekkja aftur prófunarskilyrðin eða prófunarlotuna) og sem bregðast sérstaklega við með því að breyta sjálfkrafa frammistöðu sinni meðan á prófun stendur í þeim tilgangi að ná betri gildum fyrir einhvern þeirra mæliþátta sem framleiðandinn, innflytjandinn eða viðurkenndi fulltrúinn gefur upp í tækniskjölum eða í einhverjum þeim gögnum sem fylgja með vörunni.

Í kjölfar uppfærslu á hugbúnaði eða fastbúnaði skal hvorki orkunotkun vörunnar né aðrir tilgreindir mæliþættir rýrna þegar þeir eru mældir með sama prófunarstaðli og upprunalega var notaður fyrir samræmisyfirlýsinguna, nema þegar endanotandinn gefur afdráttarlaust samþykki sitt áður en uppfærslan á sér stað. Ef uppfærslu er hafnað skal það ekki hafa í för með sér breytingar á frammistöðu.

Hugbúnaðaruppfærsla skal aldrei hafa þau áhrif að hún breyti frammistöðu vörunnar á þann hátt að varan uppfylli ekki kröfurnar varðandi visthönnun sem gilda fyrir samræmisyfirlýsinguna.

7. gr.

Viðmiðanir

Viðmiðanir fyrir vistvænustu vörurnar og tæknina á markaði við gildistöku þessarar reglugerðar eru settar fram í V. viðauka.

8. gr.

Endurskoðun

Framkvæmdastjórnin skal endurskoða þessa reglugerð í ljósi tækniframfara og kynna niðurstöður þessa mats, þ.m.t., ef við á, drög að tillögu um endurskoðun, á samráðsvettvanginum eigi síðar en 14. nóvember 2024.

Við endurskoðunina skal einkum meta hvort rétt sé að setja sértækar kröfur varðandi visthönnun að því er varðar eftirfarandi:

a) strangari takmarkanir að því er varðar nýtni aflgjafa og aflnotkun í tómgangi,

b) losun í andrúmsloft sem tengist notkun suðubúnaðar,

c) viðbótarkröfur um auðlindanýtni fyrir vörurnar í samræmi við markmiðin um hringrásarhagkerfi,

d) vörur sem notaðar eru fyrir eftirfarandi aðferðir: duftsuðu, ljósbogasuðu til takmarkaðra nota, viðnámssuðu og stoðsuðu.

Við endurskoðunina skal að auki meta hvort rétt sé að rýmka gildissvið þessarar reglugerðar svo hún nái til vélaverkfæra til faglegra nota og einkum hvort rétt sé að setja sértækar kröfur varðandi visthönnun fyrir vélaverkfæri að því er varðar lágmarksnýtnigildi í ástandi þar sem engin vinnsla á sér stað, í reiðuham og öðrum lágaflsham.

9. gr.

Gildistaka og beiting

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 1. janúar 2021.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 1. október 2019.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

I. VIÐAUKI

Skilgreiningar sem gilda um viðaukana

Eftirfarandi skilgreiningar gilda:

1) „nýtni aflgjafa“: hlutfallið milli útafls við stöðluð suðuskilyrði og staðlaða suðuspennu og mestu aflnotkun aflgjafa, gefið upp sem hundraðshluti,

2) „tómgangur“: vinnslustilling þar sem aflgjafinn er spennusettur en suðurásin er ekki virk,

3) „aflnotkun í tómgangi“: aflþörf í tómgangi, gefin upp í vöttum,

4) „aflgjafi“: tæki sem notar riðstraum (AC) til að annaðhvort spennusetja eitt eða fleiri riðstraumsúttök eða sem umbreytir riðstraumi í eitt eða fleiri jafnstraumsúttök í þeim tilgangi að spennusetja suðubúnað,

5) „stjórnborð“: skilflötur milli notanda og suðubúnaðarins sem inniheldur öll helstu stjórntæki og mælitæki,

6) „umlykja“ hlíf sem ætlað er að vernda vöruna frá umhverfinu, þ.m.t. umhverfisraka og mögulegum áhrifum frá höggi,

7) „rafhlaða“: eining, eins og skilgreint er í 3. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2006/66/EB ([1]), einnig í skilningnum „rafhlöðupakki“ eða „iðnaðarrafhlaða eða -rafgeymir“ í sömu grein,

8) „suðubyssa“: tæki sem flytur suðustrauminn að rafskautinu, sem getur þannig falið í sér flutning á straumi í bráðnandi rafskaut, þar sem það er notað, og sem veitir einnig hlífðargas, þar sem það er notað, að ljósbogasvæðinu,

9) „gasslanga“ (e. *gas supply hose*): slanga, sem er sérstaklega hönnuð til að veita brennigas (svo sem asetýlen), þrýstiloft og hlífðargas sem notuð eru í suðu og sem samanstendur venjulega af slöngu og kápu, sem oft er sértæk fyrir þá tegund gass sem notuð er og stundum fyrir rekstrarskilyrðin,

10) „gasjafnari“ (e. *gas supply regulator*): tæki, sem lækkar hærri þrýsting þjappaða gassins að lægri þrýstingnum sem má nota á öruggan hátt í suðubúnaðinum, oft útbúinn skömmtunarloka eða rennslismæli til að mæla og/eða stjórna gasflæði,

11) „mötunarbúnaður fyrir suðuvír“: tæki, sem notað er til að mata suðuvírinn eða fyllingarefnið, sem getur ýmist ýtt, dregið eða ýtt og dregið,

12) „vifta“: vél með þyrilblöðum sem er notuð til að viðhalda stöðugu gasflæði, yfirleitt loftflæði, og virkar t.d. sem innra kælikerfi fyrir aflgjafann,

13) „rafstrengur“: strengur fyrir raforkudreifingu, sem uppfyllir kröfur um afköst og öryggi í alþjóðlega viðurkenndum stöðlum um suðustrengi,

14) „faglærður viðgerðaraðili“: rekstraraðili eða fyrirtæki sem veitir viðgerðarþjónustu og annast faglegt viðhald á suðubúnaði,

15) „varahlutur“: aðskilinn hlutur sem getur komið stað hlutar með sömu eða álíka virkni í suðubúnaði.

([1]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/66/EB frá 6. september 2006 um rafhlöður og rafgeyma og notaðar rafhlöður og rafgeyma og um niðurfellingu tilskipunar 91/157/EBE (Stjtíð. ESB L 266, 26.9.2006, bls. 1).

II. VIÐAUKI

Kröfur varðandi visthönnun

1. **Orkunýtnikröfur**

Frá 1. janúar 2023 skal nýtni aflgjafa suðubúnaðar ekki vera lægri en þau gildi sem sett eru fram í töflu 1 og aflnotkun í tómgangi skal ekki fara yfir þau gildi sem sett eru fram í töflu 1.

Tafla 1

Nýtni aflgjafa og aflnotkun í tómgangi

	Lágmarksnýtni aflgjafa	Hámarksaflnotkun í tómgangi
Suðubúnaður sem knúinn er með þrífasa aflgjöfum með jafnstraumsúttaki (DC)	85%	50 W
Suðubúnaður sem knúinn er með einfasa aflgjafa með jafnstraumsúttaki (DC)	80%	50 W
Suðubúnaður sem knúinn er með einfasa eða þrífasa aflgjöfum með riðstraumsúttaki (AC)	80%	50 W

Til að meta, mæla og reikna út hvort kröfur varðandi visthönnun um nýtni aflgjafa og aflnotkun í tómgangi séu uppfylltar skal nota aðferðirnar sem settar eru fram í III. viðauka.

2. **Kröfur um auðlindanýtni**

Frá 1. janúar 2021 skal suðubúnaður uppfylla eftirfarandi kröfur:

a) Tiltækileiki varahluta

1) Framleiðendur, viðurkenndir fulltrúar eða innflytjendur suðubúnaðar skulu gera a.m.k. eftirfarandi varahluti tiltæka fyrir faglærða viðgerðaraðila í minnst 10 ár eftir að síðasta eintak suðubúnaðarins hefur verið framleitt:

a) stjórnborð,

b) aflgjafa,

c) umlykju,

d) rafhlöður,

e) suðubyssur,

f) gasslöngur,

g) gasstilla,

h) mötunarbúnað fyrir suðuvír eða fyllingarefni,

i) viftur,

j) rafstrengi,

k) hugbúnað og fastbúnað, þ.m.t. núllstillingarhugbúnað.

2) Framleiðendur skulu tryggja að hægt sé að skipta þessum varahlutum út með notkun algengra verkfæra og án varanlegra skemmda á búnaðinum og hlutanum.

3) Skrá yfir þessa varahluti og aðferðin við að panta þá skulu vera aðgengileg öllum á opnu vefsetri framleiðandans, viðurkennds fulltrúa eða innflytjandans eigi síðar en tveimur árum eftir að fyrsta eining tegundarinnar er sett á markað og þar til þessir varahlutir eru ekki lengur tiltækir.

b) Aðgangur að upplýsingum um viðgerðir og viðhald

Eigi síðar en tveimur árum eftir að fyrsta eining tegundarinnar eða eining sem jafngildir þeirri tegund hefur verið sett á markað og að loknu tímabilinu, sem um getur í lið a.1, skal framleiðandinn, innflytjandinn eða viðurkenndi fulltrúinn veita faglærðum viðgerðaraðilum aðgang að upplýsingum um viðgerðir og viðhald suðubúnaðarins með eftirfarandi skilyrðum:

1. á vefsetri framleiðandans, viðurkennda fulltrúans eða innflytjandans skal lýsa því hvernig faglærðir viðgerðaraðilar eigi að skrá sig til að fá aðgang að upplýsingum en til þess að samþykkja slíka beiðni er framleiðendum, viðurkenndum fulltrúum eða innflytjendum heimilt fara fram á það að faglærði viðgerðaraðilinn sýni fram á að:

   i. viðkomandi aðili hafi tæknilega færni til að gera við og annast viðhald á suðubúnaði og uppfylli gildandi reglur um viðgerðaraðila rafbúnaðar í aðildarríkinu þar sem viðkomandi starfar; skráning faglærðs viðgerðaraðila í opinbert skráningarkerfi, ef slíkt kerfi er fyrir hendi í hlutaðeigandi aðildarríki, skal vera fullnægjandi sönnun þess að farið sé að þessum lið,

   ii. viðkomandi hafi tryggingu, sem tekur til bótaábyrgðar í tengslum við starfsemi hans, án tillits til þess hvort þess sé krafist af aðildarríkinu,

2. framleiðandi, viðurkenndur fulltrúi eða innflytjandi skal samþykkja eða hafna skráningunni innan fimm virkra daga frá því að faglærður viðgerðaraðili leggur fram beiðnina.

Þegar faglærður viðgerðaraðili hefur verið skráður skal hann hafa aðgang að umbeðnum upplýsingum um viðgerðir og viðhald innan eins virks dags frá því óskað var eftir þeim. Heimilt er að leggja fram upplýsingar fyrir sambærilega tegund eða tegund sem tilheyrir sama hópi, ef við á. Tiltækar upplýsingar um viðgerðir og viðhald ættu að innihalda:

— ótvíræðar upplýsingar um auðkenni suðubúnaðarins,

— mynd af sundurhlutun búnaðar eða sundurgreindar teikningar,

— skrá yfir nauðsynlegan viðgerðar- og prófunarbúnað,

— upplýsingar um íhluti og greiningar (t.d. lægstu og hæstu fræðileg gildi mælinga),

— skýringarmyndir fyrir raflagnir og tengi,

— bilana- og villugreiningarkóða (þ.m.t. sérkóða framleiðanda, eftir atvikum),

— gagnaskrár yfir tilkynntar villur sem eru geymdar í suðubúnaðinum (eftir atvikum) og

— leiðbeiningar um uppsetningu á viðeigandi hugbúnaði og fastbúnaði, þ.m.t. núllstillingarhugbúnaði.

Framleiðendur, viðurkenndir fulltrúar eða innflytjendur mega innheimta sanngjarnt og hóflegt gjald fyrir aðgang að upplýsingum um viðgerðir og viðhald eða til að fá reglulegar uppfærslur. Gjald telst sanngjarnt ef það hindrar ekki faglærðan viðgerðaraðila að nýta sér aðgang að upplýsingum og að það miðist ekki við umfang upplýsinganna sem eru notaðar.

c) Hámarkstími fyrir afhendingu varahluta

Á tímabilinu, sem um getur í lið a.1, skal framleiðandinn, innflytjandinn eða viðurkenndi fulltrúinn tryggja afhendingu varahluta fyrir suðubúnað til faglærðra viðgerðaraðila innan 15 virkra daga eftir að pöntunin hefur verið móttekin.

Þessi tiltækileiki getur takmarkast við faglærða viðgerðaraðila sem skráðir eru í samræmi við b-lið.

d) Upplýsingar á skjá suðubúnaðar

Ef það er skjár á suðubúnaðinum skal hann sýna notkun suðuvírs eða fyllingarefnis í grömmum á mínútu eða með jafngildum, stöðluðum mælieiningum.

e) Kröfur um sundurhlutun fyrir endurnýtingu og endurvinnslu efnis en forðast jafnframt umhverfismengun

Framleiðendur skulu tryggja að suðubúnaður sé hannaður þannig að fjarlægja megi þann efnivið og þá íhluti sem um getur í VII. viðauka við tilskipun 2012/19/ESB með því að nota algeng verkfæri.

Framleiðendur skulu uppfylla skuldbindingarnar sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 15. gr. tilskipunar 2012/19/ESB.

3. **Kröfur um upplýsingar**

Frá og með 1. janúar 2021 skulu framleiðendur, viðurkenndir fulltrúar þeirra eða innflytjendur tryggja að eftirfarandi upplýsingar séu veittar í notendahandbókum fyrir uppsetningaraðila og endanlega notendur og á opnum vefsetrum framleiðenda, viðurkenndra fulltrúa þeirra eða innflytjenda í a.m.k. 10 ár eftir að fyrsta eining tegundar suðubúnaðar er sett á markað:

a) vörutegund,

b) nafn framleiðanda, skráð viðskiptaheiti og skráð heimilisfang þar sem hægt er að hafa samband við hann,

c) tegundarauðkenni vöru,

d) nýtni aflgjafa (í %),

e) aflnotkun í tómgangi (í vöttum),

f) skrá yfir sambærilegar tegundir,

g) upplýsingar um endurvinnslu og förgun þegar varan er úr sér gengin,

h) skrá yfir mikilvæg hráefni, sem eru hugsanlega fyrir hendi í leiðbeinandi magni yfir einu grammi á hvern íhlut, og upplýsingar um þann eða þá íhluti sem innihalda þessi mikilvægu hráefni,

i) leiðbeinandi notkun hlífðargass fyrir dæmigerðar suðuáætlanir og -forrit,

j) leiðbeinandi notkun suðuvírs eða fyllingarefnis fyrir dæmigerðar suðuáætlanir og -forrit,

Eftirfarandi upplýsingar skulu koma fram á merkiplötu suðubúnaðar:

a) framleiðsluár.

III. VIÐAUKI

Mæliaðferðir og útreikningar

Í þeim tilgangi að uppfylla kröfur þessarar reglugerðar og til sannprófunar á því að kröfur þessarar reglugerðar séu uppfylltar skal, við mælingar og útreikninga, nota samhæfða staðla, sem tilvísunarnúmer hafa verið birt fyrir í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*, eða aðrar áreiðanlegar, nákvæmar og samanburðarnákvæmar aðferðir þar sem tillit er tekið til almennt viðurkenndra aðferða sem byggjast á nýjustu tækni og gefa niðurstöður með lítilli óvissu.

IV. VIÐAUKI

Sannprófunaraðferð vegna markaðseftirlits

Vikmörk sannprófana, sem skilgreind eru í þessum viðauka, eiga aðeins við um sannprófun yfirvalda aðildarríkis á mældum mæliþáttum og skal framleiðandi, innflytjandi eða viðurkenndur fulltrúi ekki nota þau sem leyfileg vikmörk til að ákvarða gildin, sem gefin eru upp í tæknigögnunum, eða við túlkun þessara gilda, með það fyrir augum að ná fram samræmi eða til að sýna fram á betri frammistöðu með einhverjum hætti.

Ef tegund hefur verið hönnuð til að geta greint að verið sé að prófa hana (t.d. með því að þekkja aftur prófunarskilyrðin eða prófunarlotuna) og sem bregst sérstaklega við með því að breyta sjálfkrafa frammistöðu sinni meðan á prófun stendur í þeim tilgangi að ná betri gildum fyrir einhvern þeirra mæliþátta sem tilgreindir eru í þessari reglugerð eða í tæknigögnunum eða í einhverjum þeim gögnum sem fylgja með, telst tegundin og allar sambærilegar tegundir ekki uppfylla kröfurnar.

Við sannprófun á því hvort tegund vöru uppfylli kröfurnar, sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð skv. 2. mgr. 3. gr. tilskipunar 2009/125/EB, skulu yfirvöld aðildarríkjanna, að því er varðar kröfurnar sem um getur í þessum viðauka, beita eftirfarandi aðferð:

1. Yfirvöld aðildarríkjanna skulu framkvæma sannprófun á einni einingu af tegundinni.

2. Tegundin skal teljast uppfylla viðeigandi kröfur ef eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:

   a) gildin, sem gefin eru upp í tæknigögnum skv. 2. lið IV. viðauka við tilskipun 2009/125/EB (yfirlýst gildi), og, eftir atvikum, gildin, sem notuð eru til að reikna út þessi gildi, eru ekki hagstæðari fyrir framleiðandann, innflytjandann eða viðurkenndan fulltrúa en niðurstöður samsvarandi mælinga sem gerðar eru samkvæmt g-lið og

   b) yfirlýstu gildin uppfylli allar kröfurnar, sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð, og allar tilskildar vöruupplýsingar, sem framleiðandinn, innflytjandinn eða viðurkenndi fulltrúinn birtir, innihalda ekki gildi, sem eru hagstæðari fyrir framleiðandann, innflytjandann eða viðurkennda fulltrúann en yfirlýstu gildin og

   c) yfirvöld aðildarríkjanna slá því föstu, þegar þau prófa einingu af tegundinni, að framleiðandinn, innflytjandinn eða viðurkenndi fulltrúinn hafi komið á fót kerfi sem uppfyllir kröfurnar í annarri málsgrein 6. gr. og

   d) tegundin uppfyllir kröfurnar í þriðju málsgrein 6. gr., kröfurnar um auðlindanýtni í 2. lið II. viðauka og kröfurnar um upplýsingar í 3. lið II. viðauka þegar yfirvöld aðildarríkjanna prófa einingu af tegundinni og

   e) ákvörðuð gildi (gildi viðeigandi mæliþátta, eins og þau mælast við prófanir, og gildin sem eru reiknuð út frá þessum mælingum) uppfylla viðkomandi vikmörk sannprófana, sem eru tilgreind í töflu 2, þegar yfirvöld aðildarríkjanna prófa einingu af tegundinni.

3. Ef niðurstöðurnar, sem um getur í a-, b-, c- eða d-lið 2. liðar, fást ekki telst tegundin og allar sambærilegar tegundir ekki uppfylla ákvæði reglugerðarinnar.

4. Ef niðurstöðurnar, sem um getur í e-lið 2. liðar, fást ekki skulu yfirvöld aðildarríkjanna velja þrjár viðbótareiningar af sömu tegund til prófunar. Að öðrum kosti mega þessar þrjár viðbótareiningar vera af einni eða fleiri sambærilegum tegundum.

5. Tegundin skal teljast uppfylla viðeigandi kröfur ef meðaltal þessara ákvörðuðu gilda fyrir einingarnar þrjár uppfyllir viðkomandi vikmörk sannprófana sem eru tilgreind í töflu 2.

6. Ef niðurstöðurnar, sem um getur í 5. lið, fást ekki telst tegundin og allar sambærilegar tegundir ekki uppfylla ákvæði reglugerðarinnar.

7. Yfirvöld aðildarríkjanna skulu gefa yfirvöldum annarra aðildarríkja og framkvæmdastjórninni allar viðeigandi upplýsingar, án tafar, eftir að ákvörðun liggur fyrir um að tegundin uppfylli ekki ákvæði 3. eða 6. liðar.

Yfirvöld aðildarríkjanna skulu nota mæli- og reikningsaðferðirnar sem settar eru fram í III. viðauka.

Yfirvöld aðildarríkjanna skulu aðeins beita þeim vikmörkum sannprófana sem sett eru fram í töflu 2 og aðeins beita aðferðinni, sem lýst er í 1.–7. lið, að því er varðar kröfurnar sem um getur í þessum viðauka. Að því er varðar mæliþættina í töflu 2 skal ekki beita öðrum vikmörkum á borð við þau sem eru sett fram í samhæfðum stöðlum eða í einhverri annarri mæliaðferð.

Tafla 2

Vikmörk við sannprófun

Mæliþættir	*Vikmörk við sannprófun*
Nýtni aflgjafa (%)	Ákvarðað gildi (*) skal ekki vera lægra en yfirlýsta gildið en sem nemur 2%.
Aflnotkun í tómgangi (vött)	Ákvarðað gildi (*) skal ekki vera hærra en yfirlýsta gildið en sem nemur 10%.

(*) Ef þrjár viðbótareiningar eru prófaðar, eins og mælt er fyrir um í 4. lið, er ákvarðað gildi meðaltal gildanna sem ákvörðuð eru fyrir þessar þrjár viðbótareiningar.

V. VIÐAUKI

Viðmiðanir

Eftirfarandi viðmiðanir eru tilgreindar skv. 2. lið 3. hluta I. viðauka við tilskipun 2009/125/EB.

Við gildistöku þessarar reglugerðar var besta, aðgengilega tækni á markaðnum fyrir umhverfisþætti, sem voru taldir mikilvægir og mælanlegir, eins og segir hér á eftir.

Tafla 3

Viðmiðunargildi fyrir nýtni aflgjafa og aflnotkun í tómgangi

Vörutegund	Nýtni aflgjafa	Hámarksaflnotkun í tómgangi
Suðubúnaður sem knúinn er með þrífasa aflgjöfum með jafnstraumsúttaki (DC)	92%	10 W
Suðubúnaður sem knúinn er með einfasa aflgjafa með jafnstraumsúttaki (DC)	90%	10 W
Suðubúnaður sem knúinn er með einfasa eða þrífasa aflgjöfum með riðstraumsúttaki (AC)	83%	10 W

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2022/2502 **2023/EES/63/49**

frá 19. desember 2022

um leiðréttingu á frönsku tungumálaútgáfunni af reglugerð (ESB) nr. 965/2012 um tæknilegar kröfur og stjórnsýslumeðferðir er varða flugrekstur samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1139 frá 4. júlí 2018 um sameiginlegar reglur um almenningsflug og um stofnun Flugöryggisstofnunar Evrópusambandsins og um breytingu á reglugerðum (EB) nr. 2111/2005, (EB) nr. 1008/2008, (ESB) nr. 996/2010, (ESB) nr. 376/2014 og tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 2014/30/ESB og 2014/53/ESB og um niðurfellingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 552/2004 og (EB) nr. 216/2008 og reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3922/91 ([1]), einkum 31. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í frönsku tungumálaútgáfunni af reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 965/2012 ([2]) eru villur í IV. viðauka (CAT-hluta) í inngangsorðunum í b-lið CAT.IDE.H.320 í 2. þætti D-kafla; í V. viðauka (SPA-hluta) í 9. lið b-liðar SPA.HOFO.110 í K-kafla; í VI. viðauka (NCC-hluta) í NCC.IDE.H.235 í 2. þætti D-kafla; í VII. viðauka (NCO-hluta) í c-lið NCO.IDE.H.185 í D-kafla; í VIII. viðauka (SPO-hluta) í c-lið SPO.IDE.H.203 í 2. þætti D-kafla, sem breyta merkingu ákvæðanna.

2) Því ætti að leiðrétta frönsku tungumálaútgáfuna af reglugerð (ESB) nr. 965/2012 til samræmis við það. Þetta hefur ekki áhrif á aðrar tungumálaútgáfur.

3) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari framkvæmdarreglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar um beitingu sameiginlegra öryggisreglna um almenningsflug.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

(Á ekki við um íslensku útgáfuna).

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 325, 20.12.2022, bls. 56. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 163/2023 frá 13. Júní 2023 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn (síður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 212, 22.8.2018, bls. 1.

([2]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 965/2012 frá 5. október 2012 um tæknilegar kröfur og stjórnsýslumeðferðir er varða flugrekstur samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008 (Stjtíð. ESB L 296, 25.10.2012, bls. 1).

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 19. desember 2022.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2021/452 **2023/EES/63/50**

frá 15. mars 2021

um leiðréttingu á rúmensku tungumálaútgáfunni af reglugerð (ESB) nr. 651/2014 þar sem tilgreindir eru tilteknir flokkar aðstoðar sem samrýmast innri markaðnum til beitingar á 107. og 108. gr. sáttmálans (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 4. mgr. 108. gr.,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (ESB) 2015/1588 frá 13. júlí 2015 um beitingu 107. og 108. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins gagnvart tilteknum flokkum þverlægrar ríkisaðstoðar ([1]), einkum 1. mgr. 1. gr.,

að höfðu samráði við ráðgjafarnefndina um ríkisaðstoð,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í rúmensku tungumálaútgáfunni af reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 651/2014 ([2]) eru villur í fyrsta málslið a-liðar 18. mgr. 2. gr. og fyrsta málslið b-liðar 18. mgr. 2. gr. sem breyta merkingu ákvæðanna.

2) Því ætti að leiðrétta rúmensku tungumálaútgáfuna af reglugerð (ESB) nr. 651/2014 til samræmis við það. Þetta hefur ekki áhrif á útgáfur á öðrum tungumálum.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

(Á ekki við um íslensku útgáfuna).

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 89, 16.3.2021, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 164/2023 frá 13. Júní 2023 um breytingu á XV. viðauka (Ríkisaðstoð) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 248, 24.9.2015, bls. 1.

([2]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 651/2014 frá 17. júní 2014 þar sem tilgreindir eru tilteknir flokkar aðstoðar sem samrýmast innri markaðnum til beitingar á 107. og 108. gr. sáttmálans (Stjtíð. ESB L 187, 26.6.2014, bls. 1).

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 15. mars 2021.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

FRAMSELD TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2023/544 2023/EES/63/51

frá 16. desember 2022

um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/53/EB að því er varðar undanþágur fyrir notkun blýs í álblendi sem notað er til vinnslu, í koparblendi og í tiltekna rafgeyma (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/53/EB frá 18. september 2000 um úr sér gengin ökutæki ([1]), einkum b-lið 2. mgr. 4. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Samkvæmt a-lið 2. mgr. 4. gr. tilskipunar 2000/53/EB skulu aðildarríki tryggja að smíðaefni og íhlutir ökutækja sem sett eru á markað eftir 1. júlí 2003 innihaldi ekki blý, kvikasilfur, kadmíum eða sexgilt króm.

2) Í II. viðauka við tilskipun 2000/53/EB eru tilgreind smíðaefni og íhlutir ökutækja sem eru undanþegin banninu skv. a-lið 2. mgr. 4. gr. tilskipunarinnar.

3) Framkvæmdastjórnin lagði mat á undanþáguna sem sett er fram í færslu 2c i. í II. viðauka við tilskipun 2000/53/EB að því er varðar álblendi sem notað er til vinnslu í ljósi tæknilegra og vísindalegra framfara. Matið leiddi til þeirrar niðurstöðu að heppilegir staðgöngukostir standi til boða en að þörf sé á umbreytingartímabili til að leysa notkun blýs af hólmi í öllum smíðaefnum og íhlutum sem falla undir þá undanþágu. Það ætti að vera unnt að hverfa frá notkun blýs í smíðaefni og íhluti sem um er að ræða, þ.m.t. blý í hamrað ál, í áföngum fyrir árslok 2027. Því er viðeigandi að kveða á um dag þegar undanþágan fellur úr gildi.

4) Framkvæmdastjórnin lagði mat á undanþáguna sem sett er fram í færslu 3 í II. viðauka við tilskipun 2000/53/EB að því er varðar koparblendi í ljósi tæknilegra og vísindalegra framfara. Matið leiddi til þeirrar niðurstöðu að enn séu engir heppilegir staðgöngukostir fyrir hendi fyrir notkun blýs í smíðaefni og íhluti sem falla undir þá undanþágu. Með tilliti til framfara á sviði þróunar staðgönguefna fyrir blý í smíðaefnum og íhlutum sem um er að ræða þykir rétt að kveða á um nýja endurskoðunardagsetningu fyrir þá undanþágu.

5) Framkvæmdastjórnin lagði mat á undanþáguna sem sett er fram í færslu 5b í II. viðauka við tilskipun 2000/53/EB að því er varðar blý í rafgeymum þar sem notkunin fellur ekki undir færslu 5a í þeim viðauka, sem varðar rafgeyma í háspennukerfum, í ljósi tæknilegra og vísindalegra framfara. Matið leiddi til þeirrar niðurstöðu að hægt sé að komast hjá notkun blýs í rafgeyma þar sem notkunin fellur ekki undir færslu 5a í II. viðauka við tilskipun 2000/53/EB í sumum búnaði en ekki í rafgeyma sem eru notaðir í 12 volta búnað. Til að beita samræmdum regluramma varðandi rafgeyma, þ.m.t. þá sem falla ekki undir undanþáguna sem sett er fram í færslu 5a í II. viðauka við tilskipun 2000/53/EB og eru ekki notaðir í 12 volta búnað, þykir rétt að kveða á um tvær sérstakar færslur, 5b i. og 5b ii., í stað stakrar færslu 5b.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 73, 10.3.2023, bls. 5. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 169/2023 frá 13. Júní 2023 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. EB L 269, 21.10.2000, bls. 34.

6) Í færslu 5b i. ætti að veita undanþágu fyrir notkun blýs í rafgeyma sem eru notaðir í 12 volta búnað og fyrir notkun blýs í rafgeyma sem eru notaðir í 24 volta búnað í ökutækjum til sérstakra nota, eins og þau eru skilgreind í 3. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/858 ([2]). Með tilliti til framfara á sviði þróunar staðgönguefna fyrir notkun blýs í þá rafgeyma sem um er að ræða þykir rétt að kveða á um nýja endurskoðunardagsetningu fyrir þessar undanþágur.

7) Í færslu 5b ii. ætti að veita undanþágu fyrir notkun blýs í rafgeyma til annarrar notkunar sem fellur ekki undir færslu 5a og færslu 5b i. í II. viðauka við tilskipun 2000/53/EB. Matið leiddi til þeirrar niðurstöðu að hægt sé að komast hjá notkun rafgeyma sem eru að stofni til úr blýi fyrir þessa notkun með tilliti til framfara á sviði þróunar staðgönguefna fyrir notkun blýs í rafgeyma til þessarar notkunar. Því er viðeigandi að kveða á um lokadagsetningu gildistíma fyrir þessa undanþágu sem gerir það kleift að hætta notkun blýs í áföngum í þá rafgeyma sem um er að ræða.

8) Því ætti að breyta tilskipun 2000/53/EB til samræmis við það.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Í stað II. viðauka við tilskipun 2000/53/EB kemur texti viðaukans við þessa tilskipun.

2. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 1. júní 2023. Þau skulu þegar í stað senda framkvæmdastjórninni texta þessara ákvæða.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau eru birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

3. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.*

4. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 16. desember 2022.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

———

([2]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/858 frá 30. maí 2018 um viðurkenningu á og markaðseftirlit með vélknúnum ökutækjum og eftirvögnum þeirra og á kerfum, íhlutum og aðskildum tæknieiningum sem ætlaðar eru í slík ökutæki, um breytingu á reglugerðum (EB) nr. 715/2007 og (EB) nr. 595/2009 og niðurfellingu tilskipunar 2007/46/EB (Stjtíð. ESB L 151, 14.6.2018, bls. 1).

VIÐAUKI

„II. VIÐAUKI

Smíðaefni og íhlutir sem eru undanþegin a-lið 2. mgr. 4. gr.

Viðunandi hámarksstyrkur efna skal vera allt að 0,1% miðað við þyngd fyrir blý, sexgilt króm og kvikasilfur þegar um einsleitt efni er að ræða, og allt að 0,01% miðað við þyngd fyrir kadmíum þegar um einsleitt efni er að ræða.

Varahlutir sem settir eru á markað eftir 1. júlí 2003 og notaðir eru í ökutæki sem sett eru á markað fyrir 1. júlí 2003, að undanskildum jafnvægisstillingarlóðum fyrir hjól, kolburstum fyrir rafhreyfla og hemlaborðum, eru undanþegnir a-lið 2. mgr. 4. gr. í tilskipun 2000/53/EB.

Smíðaefni og íhlutir	Gildissvið og hvaða dag undanþágan fellur úr gildi	Skulu merkt eða auðkennd í samræmi við iv. lið b-liðar 2. mgr. 4. gr.
Blý sem málmblendisþáttur		
1a. Stál, sem notað er til vinnslu, og lotuunnir, heitgalvanhúðaðir stálíhlutir sem innihalda allt að 0,35% af blýi miðað við þyngd		
1b. Stálplötur, galvanhúðaðar í samfelluhúðun, sem innihalda allt að 0,35% af blýi miðað við þyngd	Ökutæki, gerðarviðurkennd fyrir 1. janúar 2016, og varahlutir í þessi ökutæki	
2a. Ál, sem notað er til vinnslu, með blýinnihald sem er allt að 2% miðað við þyngd	Sem varahlutir í ökutæki sem eru sett á markað fyrir 1. júlí 2005	
2b. Ál með blýinnihald sem er allt að 1,5% miðað við þyngd	Sem varahlutir í ökutæki sem eru sett á markað fyrir 1. júlí 2008	
2c i. Álblendi, sem notað er til vinnslu, með blýinnihald sem er allt að 0,4% miðað við þyngd	Ökutæki, gerðarviðurkennd fyrir 1. janúar 2028, og varahlutir í þessi ökutæki	
2c ii. Álblendi, sem fellur ekki undir færslu 2c i, með blýinnihald sem er allt að 0,4% miðað við þyngd (2)	(1)	
3. Koparblendi sem inniheldur allt að 4% af blýi miðað við þyngd	(3)	
4a. Legubakkar og -fóðringar	Sem varahlutir í ökutæki sem eru sett á markað fyrir 1. júlí 2008	
4b. Legubakkar og -fóðringar í hreyflum, gírskiptingum og loftræstiþjöppum	Sem varahlutir í ökutæki sem eru sett á markað fyrir 1. júlí 2011	
Blý og blýsambönd í íhlutum		
5a. Blý í rafgeymum sem eru notaðir í háspennukerfi (4) sem einungis eru notuð sem knúningsafl í ökutækjum í flokkum M1 og N1	Ökutæki, gerðarviðurkennd fyrir 1. janúar 2019, og varahlutir í þessi ökutæki	X

5b i. Blý í rafgeymum: 1) notaðir í 12 volta búnað 2) notaðir í 24 volta búnað í ökutækjum til sérstakra nota eins og þau eru skilgreind í 3. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/858 [1]	[3]	X
5b ii. Blý í rafgeymum sem eru notaðir í búnað sem fellur ekki undir færslu 5a eða færslu 5b i	Ökutæki, gerðarviðurkennd fyrir 1. janúar 2024, og varahlutir í þessi ökutæki	X
6. Titringsdeyfar	Ökutæki, gerðarviðurkennd fyrir 1. janúar 2016, og varahlutir í þessi ökutæki	X
7a. Súlfunarefni og stöðgarar fyrir teygjuefni sem notuð eru í hemlaslöngum, eldsneytisslöngum, loftræstislöngum, teygjuefnis-/málmhlutum í undirvögnum og hreyfilfestingum	Sem varahlutir í ökutæki sem eru sett á markað fyrir 1. júlí 2005	
7b. Súlfunarefni og stöðgarar fyrir teygjuefni, sem notuð eru í hemlaslöngum, eldsneytisslöngum, loftræstislöngum, teygjuefnis-/málmhlutum í undirvögnum og hreyfilfestingum, sem innihalda allt að 0,5% af blýi miðað við þyngd	Sem varahlutir í ökutæki sem eru sett á markað fyrir 1. júlí 2006	
7c. Viðloðunarefni fyrir teygjuefni í aflrásarbúnaði sem inniheldur allt að 0,5% af blýi miðað við þyngd	Sem varahlutir í ökutæki sem eru sett á markað fyrir 1. júlí 2009	
8a. Blý í lóðningarefni til að festa rafmagns- og rafeindaíhluti við prentplötur og blý í húðun á tengjum íhluta, að undanskildum rafkleyfum álþéttum, á pinnum íhluta og á prentplötum	Ökutæki, gerðarviðurkennd fyrir 1. janúar 2016, og varahlutir í þessi ökutæki	X [5]
8b. Blý í lóðningarefni í rafbúnaði, annað en til lóðunar á prentplötur eða gler	Ökutæki, gerðarviðurkennd fyrir 1. janúar 2011, og varahlutir í þessi ökutæki	X [5]
8c. Blý í húðun tengiklemma á rafvökvaþéttum úr áli	Ökutæki, gerðarviðurkennd fyrir 1. janúar 2013, og varahlutir í þessi ökutæki	X [5]
8d. Blý sem er notað til lóðunar á gler í loftmassaskynjurum	Ökutæki, gerðarviðurkennd fyrir 1. janúar 2015, og varahlutir í þessi ökutæki	X [5]
8e. Blý í lóðningarefni með háu bræðslumarki (þ.e. málmblendi sem eru að stofni til úr blýi og styrkur blýs í þeim er 85% eða meiri)	[1]	X [5]

[1] Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/858 frá 30. maí 2018 um viðurkenningu á og markaðseftirlit með vélknúnum ökutækjum og eftirvögnum þeirra og á kerfum, íhlutum og aðskildum tæknieiningum sem ætlaðar eru í slík ökutæki, um breytingu á reglugerðum (EB) nr. 715/2007 og (EB) nr. 595/2009 og niðurfellingu tilskipunar 2007/46/EB (Stjtíð. ESB L 151, 14.6.2018, bls. 1).

8f i. Blý í tengikerfi með sveigjanlegum pinnum	Ökutæki, gerðarviðurkennd fyrir 1. janúar 2017, og varahlutir í þessi ökutæki	X (5)
8f ii. Blý í tengikerfi með sveigjanlegum pinnum, þó ekki í ístungusvæði tengibúnaðar fyrir leiðslur í ökutækjum	Ökutæki, gerðarviðurkennd fyrir 1. janúar 2024, og varahlutir í þessi ökutæki	X (5)
8g i. Blý í lóðningarefni til að koma á stöðugri raftengingu milli hálfleiðaraflögu og burðarefnis í samrásastöflum af viðsnúnum flögum	Ökutæki, gerðarviðurkennd fyrir 1. október 2022, og varahlutir í þessi ökutæki	X (5)
8g ii. Blý í lóðningarefni til að koma á stöðugri raftengingu á milli hálfleiðaraflögu og burðarefnis í samrásastöflum af viðsnúnum flögum þar sem raftengingin samanstendur af einhverju af eftirfarandi: 1) hálfleiðaratæknihnútur sem er 90 nm eða stærri, 2) stök flaga sem er 300 mm_2 eða stærri á öllum hálfleiðaratæknihnútum, 3) flögustaflar með flögum sem eru 300 mm_2 eða stærri, eða kísilmillilag sem er 300 mm_2 eða þykkara.	(1) Ökutæki, gerðarviðurkennd frá 1. október 2022, og varahlutir í þessi ökutæki	X (5)
8h. Blý í lóðningarefni til að festa varmadreifara við varmasvelg í hálfleiðarasamsetningum með flögustærð sem er með a.m.k. 1 cm^2 ofanvarpsflöt og nafnþéttleika straums sem er a.m.k. 1 A/mm^2 af fleti kísilflögunnar	Ökutæki, gerðarviðurkennd fyrir 1. janúar 2016, og varahlutir í þessi ökutæki	X (5)
8i. Blý í lóðningarefni í rafbúnað á rúðum, að frátöldu til lóðunar á lagskiptum rúðum	Ökutæki, gerðarviðurkennd fyrir 1. janúar 2016, og varahlutir í þessi ökutæki	X (5)
8j. Blý í lóðningarefni til lóðunar í lagskiptar rúður	Ökutæki, gerðarviðurkennd fyrir 1. janúar 2020, og varahlutir í þessi ökutæki	X (5)
8k. Lóðun á hitakerfum þar sem hitaflæðið nemur 0,5 A eða meira fyrir hverja viðkomandi lóðaða tengingu við stakar rúður í lagskiptum rúðum sem eru ekki þykkari en 2,1 mm. Þessi undanþága nær ekki yfir lóðun á tengjum sem eru innbyggð í milliliggjandi fjölliðum.	Ökutæki, gerðarviðurkennd fyrir 1. janúar 2024, og varahlutir í þessi ökutæki	X (5)
9. Ventilsæti	Sem varahlutir fyrir hreyflagerðir sem þróaðar voru fyrir 1. júlí 2003	

10a.	Rafmagns- og rafeindaíhlutir, sem innihalda blý, í gleri eða keramíki, í gleri eða uppistöðuefnasambandi úr keramíki, í efni úr glerkeramísku efni eða í uppistöðuefnasambandi glerkeramíks Þessi undanþága tekur ekki til notkunar á blýi í: i. gler í perum og glerung í kertum, ii. rafefnakeramíkefni í íhlutum sem eru taldir upp í færslum 10b, 10c og 10d.		X (6) (í íhluti aðra en þrýstirafíhluti í hreyflum)
10b.	Blý í rafefnakeramíkefnum sem innihalda keramík-þrýstirafefni í þéttum sem eru hluti af samrásum eða stökum hálfleiðurum		
10c.	Blý í rafefnakeramíkefnum í þéttum með málspennu sem er lægri en 125 V riðstraumur eða 250 V jafnstraumur	Ökutæki, gerðarviðurkennd fyrir 1. janúar 2016, og varahlutir í þessi ökutæki	
10d.	Blý í rafefnakeramíkefnum í þéttum sem jafna út hitatengd frávik í skynjurum í úthljóðshljóðsjárkerfum	Ökutæki, gerðarviðurkennd fyrir 1. janúar 2017, og varahlutir í þessi ökutæki	
11.	Sprengihleðslur	Ökutæki, gerðarviðurkennd fyrir 1. júlí 2006, og varahlutir í þessi ökutæki	
12.	Hitarafefni, sem innihalda blý, í rafbúnaði í vélknúnum ökutækjum til að draga úr losun koltvísýrings með því að endurnýta útblástursvarma	Ökutæki, gerðarviðurkennd fyrir 1. janúar 2019, og varahlutir í þessi ökutæki	X

Sexgilt króm

13a.	Tæringarvarnarhúð	Sem varahlutir í ökutæki sem eru sett á markað fyrir 1. júlí 2007	
13b.	Tæringarvarnarhúð fyrir bolta og rær til festingar á hlutum í undirvögnum	Sem varahlutir í ökutæki sem eru sett á markað fyrir 1. júlí 2008	
14.	Sexgilt króm sem tæringarvarnarefni í kolstálskælikerfi ísogskæla, upp að 0,75%, miðað við þyngd, í kælilausninni: a) sem eru hannaðir til að starfa að fullu eða að hluta til með rafknúnum hitara, sem nýtir rafaflsinntak sem nemur að meðaltali < 75W við stöðug notkunarskilyrði, b) sem eru hannaðir til að starfa að fullu eða að hluta til með rafknúnum hitara, sem nýtir rafaflsinntak sem nemur að meðaltali ≥ 75W við stöðug notkunarskilyrði, c) sem eru hannaðir til að starfa að fullu með hitara sem er ekki rafknúinn.	Að því er varðar a-lið: Ökutæki, gerðarviðurkennd fyrir 1. janúar 2020, og varahlutir í þessi ökutæki Að því er varðar b-lið: Ökutæki, gerðarviðurkennd fyrir 1. janúar 2026, og varahlutir í þessi ökutæki	X

Kvikasilfur		
15a. Úrhleðslulampar í aðalljósker	Ökutæki, gerðarviðurkennd fyrir 1. júlí 2012, og varahlutir í þessi ökutæki	X
15b. Flúrperur sem eru notaðar í álestrarbúnað í mælaborð	Ökutæki, gerðarviðurkennd fyrir 1. júlí 2012, og varahlutir í þessi ökutæki	X
Kadmíum		
16. Rafgeymar fyrir rafknúin ökutæki	Sem varahlutir í ökutæki sem eru sett á markað fyrir 31. desember 2008	

Athugasemdir við töflu:

([1]) Endurskoða skal þessa undanþágu árið 2024.

([2]) Gildir um álblendi þegar blý er ekki blandað í það af ásetningi en er fyrir hendi vegna notkunar á endurunnu áli.

([3]) Endurskoða skal þessa undanþágu árið 2025.

([4]) Kerfi sem hafa spennu > 75 V DC, eins og kveðið er á um í 1. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2014/35/ESB frá 26. febrúar 2014 um samræmingu laga aðildarríkjanna um að bjóða rafföng fram á markaði sem notuð eru innan ákveðinna spennumarka (Stjtíð. ESB L 96, 29.3.2014, bls. 357).

([5]) Sundurhlutun ef farið er yfir meðalviðmiðunarmörkin 60 grömm á ökutæki í tengslum við færslu 10a. Að því er varðar þessa athugasemd skal aðeins taka tillit til rafeindabúnaðar í framleiðslulínunni sem er uppsettur af framleiðanda.

([6]) Sundurhlutun ef farið er yfir meðalviðmiðunarmörkin 60 grömm á ökutæki í tengslum við færslur 8a-8k. Að því er varðar þessa athugasemd skal aðeins taka tillit til rafeindabúnaðar í framleiðslulínunni sem er uppsettur af framleiðanda.“

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2022/317 **2023/EES/63/52**

frá 21. febrúar 2022

um að veita heitinu „Dehesa Peñalba“ (VUT) vernd skv. 99. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1308/2013 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1308/2013 frá 17. desember 2013 um sameiginlegt markaðskerfi fyrir landbúnaðarafurðir og um niðurfellingu á reglugerðum ráðsins (EBE) nr. 922/72, (EBE) nr. 234/79, (EB) nr. 1037/2001 og (EB) nr. 1234/2007 ([1]), einkum 99. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í samræmi við 2. og 3. mgr. 97. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013 hefur framkvæmdastjórnin tekið til meðferðar umsókn sem Spánn sendi um skráningu heitisins „Dehesa Peñalba“ og birt hana í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* ([2]).

2) Framkvæmdastjórninni hefur ekki borist nein yfirlýsing um andmæli skv. 98. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013.

3) Í samræmi við 99. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013 ætti að veita heitinu „Dehesa Peñalba“ vernd og færa það inn í skrána sem um getur í 104. gr. sömu reglugerðar.

4) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar um sameiginlegt markaðskerfi fyrir landbúnaðarafurðir.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Heitinu „Dehesa Peñalba“ (VUT) er hér með veitt vernd.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 21. febrúar 2022.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Fyrir hönd forsetans,

Janusz WOJCIECHOWSKI

framkvæmdastjóri.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 55, 28.2.2022, bls. 38. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 175/2023 frá 13. Júní 2023 um breytingu á bókun 47 við EES-samninginn um afnám tæknilegra hindrana í viðskiptum með vín (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 347, 20.12.2013, bls. 671.

([2]) Stjtíð. ESB C 398, 1.10.2021, bls. 28.

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2022/2484 **2023/EES/63/53**

frá 12. desember 2022

um að veita heitinu „Rivierenland“ (VUT) vernd skv. 99. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1308/2013 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1308/2013 frá 17. desember 2013 um sameiginlegt markaðskerfi fyrir landbúnaðarafurðir og um niðurfellingu á reglugerðum ráðsins (EBE) nr. 922/72, (EBE) nr. 234/79, (EB) nr. 1037/2001 og (EB) nr. 1234/2007 ([1]), einkum 99. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í samræmi við 2. og 3. mgr. 97. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013 hefur framkvæmdastjórnin tekið til meðferðar umsókn sem Holland sendi um skráningu heitisins „Rivierenland“ og birt hana í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* ([2]).

2) Framkvæmdastjórninni hefur ekki borist nein yfirlýsing um andmæli skv. 98. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013.

3) Í samræmi við 99. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013 ætti að veita heitinu „Rivierenland“ vernd og færa það inn í skrána sem um getur í 104. gr. sömu reglugerðar.

4) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar um sameiginlegt markaðskerfi fyrir landbúnaðarafurðir.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Heitinu „Rivierenland“ (VUT) er hér með veitt vernd.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 323, 19.12.2022, bls. 30. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 176/2023 frá 13. Júní 2023 um breytingu á bókun 47 við EES-samninginn um afnám tæknilegra hindrana í viðskiptum með vín (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 347, 20.12.2013, bls. 671.

([2]) Stjtíð. ESB C 315, 19.8.2022, bls. 7.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 12. desember 2022.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Fyrir hönd forsetans,

Janusz WOJCIECHOWSKI

framkvæmdastjóri.

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2022/2485 **2023/EES/63/54**

frá 12. desember 2022

um að veita heitinu „Rosalia“ (VUT) vernd skv. 99. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1308/2013 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1308/2013 frá 17. desember 2013 um sameiginlegt markaðskerfi fyrir landbúnaðarafurðir og um niðurfellingu á reglugerðum ráðsins (EBE) nr. 922/72, (EBE) nr. 234/79, (EB) nr. 1037/2001 og (EB) nr. 1234/2007 ([1]), einkum 99. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í samræmi við 2. og 3. mgr. 97. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013 hefur framkvæmdastjórnin tekið til meðferðar umsókn sem Austurríki sendi um skráningu heitisins „Rosalia“ og birt hana í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* ([2]).

2) Framkvæmdastjórninni hefur ekki borist nein yfirlýsing um andmæli skv. 98. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013.

3) Í samræmi við 99. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013 ætti að veita heitinu „Rosalia“ vernd og færa það inn í skrána sem um getur í 104. gr. sömu reglugerðar.

4) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar um sameiginlegt markaðskerfi fyrir landbúnaðarafurðir.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Heitinu „Rosalia“ (VUT) er hér með veitt vernd.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 12. desember 2022.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Fyrir hönd forsetans,

Janusz WOJCIECHOWSKI

framkvæmdastjóri.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 323, 19.12.2022, bls. 32. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 176/2023 frá 13. Júní 2023 um breytingu á bókun 47 við EES-samninginn um afnám tæknilegra hindrana í viðskiptum með vín (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 347, 20.12.2013, bls. 671.

([2]) Stjtíð. ESB C 305, 10.8.2022, bls. 18.